

# SKÝRSLA ÓBYGGÐANEFNDAR

FYRIR ÁRIÐ 2008



**SKÝRSLA**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**  
fyrir árið 2008



**SKÝRSLA**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**  
fyrir árið 2008



## **Skipan óbyggðanefndar árið 2008:**

Kristján Torfason fyrrverandi dómstjóri, formaður  
Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður  
Allan Vagn Magnússon héraðsdómari

### **Varamenn:**

Benedikt Bogason héraðsdómari  
Sif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri  
Hulda Árnadóttir héraðsdómslögmaður

### **Ritarar:**

Kristín María Gunnarsdóttir lögfræðingur  
Þorsteinn Magnússon lögfræðingur

Umbrot og prentun: Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja

Forsíðumyndir © Mats Wibe Lund – [www.mats.is](http://www.mats.is)  
Herðubreið, Þeistareykir, Askja og Ódáðahraun

1. prentun, janúar 2010

Útgefandi: Óbyggðanefnd

## Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	7
<b>Yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu</b> .....	10

### Úrskurður í máli nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódádahraun

Niðurstaða óbyggðanefndar var að sá hluti Vatnajökuls sem til umfjöllunar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda. Landsvæði í Ódádahrauni sem liggur sunnan Bræðraklifs og norðan Dyngjujökuls, innan kröfusvæðis eigenda Reykjahlíðar, auk Ódádahrauns vestan Öskju og á Trölladyngjusvæðinu, innan kröfusvæðis Skútustaðahrepps, var úrskurðað þjóðlenda. Krepputunga var úrskurðuð þjóðlenda. Landsvæðin Framdalaafréttur, Selland og afréttarland Skútustaða og Grafarlönd austari og Herðubreiðalindir voru úrskurðuð þjóðlendur í afréttareign tiltekinna jarða. Öðrum þjóðlendukröfum íslenska ríkisins í málinu var hafnað þar sem ágreiningssvæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða. .... 13

### Úrskurður í máli nr. 2/2007, Tjörnnes og Þeistareykir

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að öllum þjóðlendukröfum fjármálaráðherra í málinu var hafnað. .... 281

### Úrskurður í máli nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfandaflióts og sunnan Ljósvatnsskarðs

Niðurstaða óbyggðanefndar var sú að sá hluti Vatnajökuls sem til umfjöllunar var í málinu var úrskurðaður þjóðlenda. Afréttarland í Þingeyjarsveit var úrskurðað þjóðlenda allt suður að Vatnajökli. Sama landsvæði er afréttur að undanskildum Tungnafellsjökli. Öðrum þjóðlendukröfum íslenska ríkisins í málinu var hafnað þar sem ágreiningssvæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða. .... 473

### Úrskurður í máli nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár

Hálsmannatungur, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði og Finnsstaðadalur voru úrskurðuð þjóðlendur í afréttareign tiltekinna jarða. Öðrum þjóðlendukröfum íslenska ríkisins í málinu var hafnað þar sem ágreiningssvæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða. .... 655

### Úrskurður í máli nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár

Almenningur á Flateyjardalsheiði var úrskurðaður þjóðlenda og afréttur. Upprekstrarland milli Höfðagilja var úrskurðað þjóðlenda í afréttareign jarðarinnar Laufáss. Öðrum þjóðlendukröfum íslenska ríkisins í málinu var hafnað þar sem ágreiningssvæðin voru talin eignarlönd, innan marka jarða. .... 977

### Kort af þjóðlendlínu á austanverðu Norðurlandi sbr. úrskurði óbyggðanefndar í málum nr. 1–5/2007 .....

1183

### Ítarlegt efnisyfirlit .....

1185



## FORMÁLI

Skýrsla óbyggðanefndar kemur nú út í sjötta sinn og tekur til ársins 2008. Birtast þá á prenti úrskurðir í málum nr. 1-5/2007, á austanverðu Norðurlandi (svæði 6 hjá óbyggðanefnd), sem kveðnir voru upp 6. júní 2008. Nánar tiltekið er um að ræða niðurstöður óbyggðanefndar í ágreiningi annars vegar íslenska ríkisins og hins vegar gagnaðila þess um eignarréttarlega stöðu tiltekinna landsvæða í Grýtubakkahreppi, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi, Tjörneshreppi og þeim hluta hins nýja sveitarfélags Norðurbings, sem áður tilheyrði sveitarfélagunum Húsavíkurkaupstað og Kelduneshreppi. Þess skal getið að úrskurðir þessir hafa verið aðgengilegir á heimasíðu óbyggðanefndar frá uppkvaðningardegi.

Auk umræddra fimm úrskurða voru helstu verkefni ársins umfjöllun um mál nr. 1-5/2008 á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta (svæði 7A) og undirbúningur mála á vestanverðu Norðurlandi, nyrðri hluta (svæði 7B). Að því er varðar skipan óbyggðanefndar var hún óbreytt frá fyrra ári. Á skrifstofu óbyggðanefndar störfuðu Sif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri, Kristín María Gunnarsdóttir lögfræðingur, Þorsteinn Magnússon lögfræðingur og Ingibjörg Marta Bjarnadóttir landfræðingur.

Að því er varðar framvindu verkefna á svæðum 7A og 7B ber þess fyrst að geta að kröfur fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta (svæði 7A) bárust í mars 2008 og kröfur gagnaðila íslenska ríkisins í júní sama ár. Kynningu á heildarkröfum lauk í ágúst 2008. Ákveðið var að skipta svæðinu í fimm mál og fóru fyrstu fyrirtökur fram í lok sumars. Málin taka til tiltekinna landsvæða í Húnavatnshreppi, Sveitarfélaginu Skagafirði, Akrahreppi, Hörgárbyggð og Þingeyjarsveit.

Í október 2008 tók óbyggðanefnd til umfjöllunar vestanvert Norðurland, nyrðri hluta (svæði 7B), nánar tiltekið landsvæði í Sveitarfélaginu Skagafjörður, Akrahreppi, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Arnarneshreppi, Hörgárbyggð, Blönduósbae, Skagabyggð og Sveitarfélaginu Skagaströnd. Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, var veittur frestur til vormánaða næsta árs til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu.

Enginn Hæstaréttardómur sem varðaði þjóðlendumál var kveðinn upp á árinu. en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Örafum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kæranda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt réttmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stöð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn



að kændur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu réttmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kæranda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

Niðurstaða Mannréttindadómstólsins er mikilvæg staðfesting á þeim sjónarmiðum sem íslenskir dómstólar og óbyggðanefnd hafa lagt til grundvallar að þessu leyti.

Umsjón með útgáfu þessa rits hefur verið í höndum Kristínar Maríu Gunnarsdóttur, lögfræðings hjá óbyggðanefnd. Færi ég henni bestu þakkir fyrir framlagið.

Reykjavík, 12. janúar 2010

*Kristján Torfason*



# YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓÐ



## ÞJÓÐLENDUMÁL

Grunnkort: Birt með leyfi Landmælinga Íslands (L02030013)

# ÞÖLENDUMÁLA Á LANDINU ÖLLU



- Málsmeðferð lokið og úrskurðir kveðnir upp
- Málsmeðferð á lokastigi og úrskurða að vænta
- Málsmeðferð hafin
- Málsmeðferð ekki hafin

Dags. 22. janúar 2009 Mælikvarði 1:250.000 í A2 Verknr. 203-054

  
**LANDFORM ehf**

LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFÖSS, sí/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is



**ÚRSKURÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**

mál nr. 1/2007

Mývatnsöræfi og Ódáðahraun



6. júní 2008



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>17</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>17</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	17
2.2	Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar.....	18
2.3	Lýstar kröfur og kynning.....	19
2.4	Mál nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun.....	19
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>20</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins.....	20
3.1.1	Þjóðlenda.....	21
3.1.2	Stóratunga.....	22
3.2	Kröfur Elínar Steingrímisdóttur o.fl. vegna Grímsstaða.....	22
3.3	Kröfur Guðrúnar M. Valgeirsdóttur o.fl. vegna Reykjahlíðar.....	22
3.4	Kröfur Stefáns Halldórssonar og Sigvarðar Halldórssonar vegna Krepputungu.....	23
3.5	Kröfur Leifs Hallgrímssonar o.fl. vegna Voga.....	24
3.6	Kröfur Jóns Haralds Helgasonar o.fl. vegna Grænavatns.....	24
3.7	Kröfur Olgu Mörtu Einarsdóttur o.fl. vegna „Framdalaafréttar“.....	25
3.8	Kröfur Arnar Friðrikssonar o.fl. vegna Skútustaða.....	26
3.9	Kröfur Skútustaðahrepps vegna „afréttar Skútustaðahrepps“.....	27
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>28</b>
4.1	Inngangur.....	28
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	28
4.3	Vettvangsferð.....	29
4.4	Skýrslutökur.....	30
<b>5</b>	<b>SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA</b> .....	<b>31</b>
5.1	Landnám.....	31
5.2	Grímsstaðir.....	32
5.3	Reykjahlíð.....	33
5.3.1	Möðrudalur.....	52
5.4	Krepputunga.....	54
5.5	Vogar.....	58
5.6	Grænavatn.....	63
5.7	Stóratunga og Svartárkot.....	71
5.7.1	Stóratunga.....	71
5.7.2	Svartárkot.....	74
5.8	Afréttir og afréttarnot.....	78
5.8.1	Almennt.....	78
5.8.2	Fjallskilareglugerðir.....	79
5.8.3	Afréttarsvæði suður og austur af Mývatnssveit.....	81
5.8.4	Afréttarsvæði inn af Bárðardal (upp af austanverðum Bárðardal).....	94
<b>6</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>121</b>
6.1	Sameiginleg atriði á svæði 6.....	121
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar.....	121
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	121
6.1.3	Afréttir einstakra jarða og stofnana.....	122
6.2	Landnám.....	126
6.3	Grímsstaðir.....	126
6.3.1	Inngangur.....	126



6.3.2	Sjónarmið aðila .....	126
6.3.3	Niðurstaða .....	127
6.4	Reykjahlíð .....	130
6.4.1	Inngangur .....	130
6.4.2	Sjónarmið aðila .....	131
6.4.3	Niðurstaða .....	134
6.5	Krepputunga .....	143
6.5.1	Inngangur .....	143
6.5.2	Sjónarmið aðila .....	143
6.5.3	Niðurstaða .....	145
6.6	Vogar .....	147
6.6.1	Inngangur .....	147
6.6.2	Sjónarmið aðila .....	147
6.6.3	Niðurstaða .....	149
6.7	Grænavatn .....	151
6.7.1	Inngangur .....	151
6.7.2	Sjónarmið aðila .....	152
6.7.3	Niðurstaða .....	153
6.8	Landsvæði í Suðurárhrauni (Stóratunga) .....	157
6.8.1	Inngangur .....	157
6.8.2	Sjónarmið aðila .....	157
6.8.3	Niðurstaða .....	158
6.9	„Framdalaafréttur“ (Einarsstaðir) .....	161
6.9.1	Inngangur .....	161
6.9.2	Sjónarmið aðila .....	161
6.9.3	Niðurstaða .....	162
6.10	„Selland og afréttarland Skútustaða“ .....	166
6.10.1	Inngangur .....	166
6.10.2	Sjónarmið aðila .....	166
6.10.3	Niðurstaða .....	167
6.11	„Kröfusvæði Skútustaðahrepps“ .....	172
6.11.1	Inngangur .....	172
6.11.2	Sjónarmið aðila .....	172
6.11.3	Niðurstaða .....	173
6.12	Hluti Vatnajökuls .....	175
6.13	Um málskostnað .....	176
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ .....</b>	<b>177</b>

## VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

## FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 6. júní 2008 er tekið fyrir mál nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna og Stórutungu.

(Andri Árnason hrl.)

Elín Steingrímisdóttir og fleiri vegna Grímsstaða.

Guðrún M. Valgeirsdóttir og fleiri vegna Reykjahlíðar.

Leifur Hallgrímsson og fleiri vegna Voga.

Olga Marta Einarsdóttir og fleiri vegna „Framdalaafréttar.“

Skútustaðahreppur vegna „afréttar Skútustaða.“

Örn Friðriksson og fleiri vegna Skútustaða.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Stefán Halldórsson og Halldór Stefánsson vegna Brúar/Krepputungu.

(Friðbjörn Garðarsson hdl.)

Jón Haraldur Helgason og fleiri vegna Grænavatns.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

## 2.2 Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 15. júní 2006, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á austanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjötta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar. Hér skal þess getið að vesturmörkum svæðisins var breytt, að ósk fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins. Í stað þess að fylgja suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar er Fnjóská fylgt frá ósum þar til hún sker vesturmörk Þingeyjarsveitar. Er þeim mörkum fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl.

Að austan afmarkast svæðið af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að ármótum við Kreppu. Þaðan er Kreppu fylgt þar til komið er að ármótum við Kverká og hinni síðarnefndu fylgt að upptökum í Brúarjökli.<sup>2</sup> Þaðan er dregin lína til suðvesturs, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs. Þar er hornmark.

Framangreind afmörkun til vesturs endar í Fjórðungakvísl. Að sunnan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvíslar til austurs í punkt við Nýjadal/Jökuldal. Þaðan eftir dalnum, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvíslar. Þaðan úr austasta punkti í hæðarpunkt 1115 m. Þaðan í Deili, hæð 1125 m, og áfram, inn á Vatnajökul, í Bárðarbungu, hæð 2009 m, þaðan í Svíahnjúk eystri og loks í stefnu á miðja Breiðubungu, þar til kemur að hornmarki við austurmörk. Hornmark þetta kemur fram á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands, sem staðfest var 10. maí 1999, og er þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker línu þá sem liggur á milli miðrar Breiðubungu og Svíahnjúka eystri. Suðurmerki svæðis 6 hjá óbyggðanefnd byggja á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína. Þetta á m.a. við um framangreint hornmark suður- og austurmerkja, en tekið skal fram að austurmerki eru hér að öðru leyti dregin nokkru austar en lína sú á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands sem áður var nefnd.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 15. september 2006 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Grýtubakkahrepps, Svalbarðsstrandarhrepps, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps, Tjörneshrepps og þeim hluta hins nýja sveitarfélags Norðurþings, sem áður tilheyrdi sveitarfélögunum Húsavíkurkaupstað og Kelduneshreppi, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

<sup>2</sup> Svokölluð Krepputunga, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Kreppuár, er þannig innan svæðis 6 en hún var á sínum tíma skilin undan svæði 5 hjá óbyggðanefnd, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2006 og síðar til 1. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á norðanverðu Austurlandi bárust 1. nóvember 2006. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 10. nóvember 2006, og síðan í fleiri blöðum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 12. febrúar 2007. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var fyrst framlengdur til 12. mars og síðan lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í júlí 2007.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík og á Akureyri, frá 20. júní til og með 20. júlí 2007, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 27. júlí 2007. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 5 hlutum og 6 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 162 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

### 2.4 Mál nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun; mál nr. 2/2007, Tjörnes og Þeistareykir; mál nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs; mál nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár, og mál nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár.

Mál nr. 1/2007 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 26. apríl 2007. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu

þeir Kristján Torfason formaður, Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga.

Við aðra fyrirtöku málsins, 11. júní 2007, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til 9. ágúst 2007 til skila á greinargerðum.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. ágúst 2007, voru lagðar fram greinargerðir vegna fjölda jarða. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 29. ágúst 2007, var farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferð. Þá voru einnig lögð fram frekari gögn.

Aðalmeðferð fór fram dagana 3.-5. september 2007 og fólst í vettvangsferð, skýrslutökum og munnlegum málflutningi, sjá nánar í köflum 4.3. og 4.4. um fyrstnefndu tvö atriðin. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 29. maí 2008 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### 3 KRÖFUGERÐ<sup>3</sup>

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfu vegna ríkisjarðarinnar Stóru-Tungu. Hin síðarnefnda miðar við að eignarland umræddrar jarðar nái ekki lengra en að þjóðlendukröfulínu.

<sup>3</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna jarðanna Kasthvamms, Árhvamms og Garðs. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar. Þá var skilað tilkynningu til óbyggðanefndar vegna jarðanna Hóla og Árhóla en tekið fram að ekki væri um kröfulýsingu að ræða, enda utan við kröfusvæði íslenska ríkisins.

### 3.1.1 Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. meðfylgjandi kröfukort: „Byrjað er á punkti í Jökulsá á Fjöllum, við Dettifoss (1), þaðan er haldið í fjallið Eilíf (2), en þaðan bein lína til vesturs í punkt sem er hornmark merkjalýsingar Grímsstaða II, annars vegar og Kasthvamms og Árhvamms hins vegar á móts við Þeistareyki (3). Þaðan er bein lína í punkt sem er suðaustur í svokallaðri Tófuöxl, í um 420 metra hæðarpunkti (4). Frá þeim punkti er síðan haldið í austur í sunnanvert Hlíðarfjall (5), en þaðan í vestanvert Námafjall (6). Frá Námafjalli er farið í vestanverðan Lúdent (7), þaðan suður um Þrengsli í Ytri Þrengslabotnum í norðvestanvert Bláfjall (8), en þaðan í Sellandafjall (9). Úr fjallinu er haldið í Suðurárbotna (10). Þaðan ræður Suðurá á milli suðurodda Svartárvatns og Hrafnabjarga (11), þaðan bein lína í vestur að Hrafnabjörgum við Skjálfandafljót sem verður lokapunktur (12).“

Af hálfu íslenska ríkisins er gerð varakrafa sem er svo: „Byrjað er á punkti í Jökulsá á Fjöllum, við Dettifoss (1), þaðan er haldið í fjallið Eilíf (2), en þaðan bein lína til vesturs í punkt þar sem er hornmark merkjalýsingar Grímsstaða og Reykjahlíðar norðan við Gæsafjöll (3). Þaðan er haldið í Múla sunnan til í Gæsafjöllum (592 metrar) (4). Þaðan er haldið í punkt í norðanverðri Kröflu í u.þ.b. 600 metra hæð (5). Þaðan er haldið í Jörund (651 metrar) (6), en frá þeim punkti í punkt í um 600 hæð vestan til í Vestara Skógarmannafjalli (7). Frá þeim punkti er haldið í vesturbrúnir Búrfells (600 metra hæð) (8). Þaðan í beinni línu í suður í austanvert Heilagsdalsfjall í 700 metra hæð (9). Síðan er haldið norðanvert í Bláfjall í 600 metra hæð (10). Frá þeim punkti er haldið í norðvestanvert Sellandafjall í sama hæðarpunkti (11). Frá þeim punkti er haldið beint til suðurs í Suðurárbotna (12). Þaðan ræður Suðurá á milli suðurodda Svartárvatns og Hrafnabjarga (14), þaðan bein lína í vestur að Hrafnabjörgum við Skjálfandafljót sem verður lokapunktur (15).“

Loks gerir íslenska ríkið eftirfarandi þrautavarakröfu: „Byrjað er á punkti við Jökulsá á Fjöllum (við Miðfell við Lambafjallaeyrar) (1) og í beina stefnu vestur í Bræðraklif norðan til í Herðubreiðarfjöllum (2). Næsti punktur er frá Bræðraklifi áfram beint í vestur í punkt fyrir sunnan Ketildyngju (norðan til við Kerlingadyngju) (3). Úr þeim punkti er haldið í suðurodda Bláfjalls í u.þ.b. 600 metra hæð (4), en þaðan beint til suðurs í Útbruna þar sem Suðurárbotnar eru beint í vestri (5) og þaðan í Suðurárbotna (6). Þaðan ræður Suðurá á milli suðurodda Svartárvatns og Hrafnabjarga (7), þaðan bein lína í vestur að Hrafnabjörgum við Skjálfandafljót sem verður lokapunktur (8).“

### 3.1.2 Stóratunga

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til lands jarðarinnar Stórutungu, samkvæmt landamerkjabréfi, sem nái að kröfulínu íslenska ríkisins.

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu fælist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð væru til grundvallar um annað eignarland.

### 3.2 Kröfur Elínar Steingrimsdóttur o.fl. vegna Grímsstaða

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Grímsstaða og að heildarlandamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 12. nóvember 1889: „Frá Sandvatni að norðan ræður Hamarskíl (1) merkjum það er hann nær og svo frá botni hans beint norður Mývatnssand stefnu í svonefnda Skeið austan í Lambatindafjöllum og að því takmarki norður, er Eilífsfjall á Grjóthálsi sézt norðurundan Gæsafjöllum (2). Þá er bein stefna til austurs í nefnt fjallmerki milli Grímsstaða og Þeistareykjalands (3) þar til Bóndhóll (4) er stefnur vestur af Gæsafjöllum sunnanverðum er beina stefnu þaðan í Hrafnabjörg. Sú lína er merkilína milli Grímsstaða og Reykjahlíðarlands. Síðan beint af Bóndhól (4) í Þverdalsbryggju (5). Þaðan yfir há Skjólbrekku (6), síðan Flataskalla austast (7) og yfir hið nýja hraun að Kvæk (8), sem er grashvammur er gengur norður frá Mývatni inn í hraunið vestarlega milli bæjanna Grímsstaða og Reykjahlíðar.“

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.3 Kröfur Guðrúnar M. Valgeirsdóttur o.fl. vegna Reykjahlíðar

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Reykjahlíðar og að heildarlandamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 8. apríl 1891: „Að sunnan móti Vogum ræður fyrst Svínavogur og Kálfstjörn (1), þá Smáralág (2) er Reykjahlíð á hálfu. Þaðan bein lína austur í Námakollu hina syðri (3), þaðan beint í þreingsli við Skessuhala (4), þrýtur þar Vogaland að austan. Fyrir sunnan Vogaland ráða fjallgarðar þeir til suðurs, er næstir liggja Mývatnssveit (5) og frá þeim bein stefna suður í Bræðraklif (6) vestur af Herðubreið. Frá Bræðraklifi ræður bein stefna austur í Jökulsá (7), sunnan við Herðubreiðartungu. Að austan ræður Jökulsá, allaleið norður að Dettifossi (8). Að norðan móti Svínadals- og Áslandi í Kelduhverfi, ræður bein stefna frá Dettifossi í

Eilífshnjúk (9), þaðan bein stefna yfir Hrutafjöll (10) og Gjástykki (11) móti Þeystarreykjalandi, vestur í mó (12), þar til Bóndhóll er genginn í hásuður og Eilífshnjúkur ber rétt norðan undir Gæsafjöllum. Frá merki þessu ræður bein stefna í Bóndhól (13) sem er beint vestur af Gæsadalsfjöllum og þaðan móti Grímsstaðalandi bein lína í Þverdalsbyrgi (14), þaðan yfir há Skjólbrekku (15) í merkivörðu austast á Flatskalla (16), þaðan beina stefnu í Kvæk (17), sem er grashvammur við vatnið, er gengur inní hraunið vestarlega, milli Grímsstaða og Reykjahlíðar. Þá ræður Mývatn suður að Svínavog (1). Fyrir vestan vatn á Reykjahlíð, Hrauneyrarland innan þessara ummerkja: Að norðan og vestan móti Grímsstöðum og Ytri-Neslöndum, ræður fyrst Fretvogur, frá botni hans bein stefna yfir Merkitjörn í Miðkíl er hálfur fylgir Reykjahlíð, þaðan í Tóukíl og eftir honum miðjum suður að Tóukílsgarði, ræður garður sá merkjum móti Syðri-Neslöndum, austur í Mývatn. Ennfremur fylgja Reykjahlíð eyjar, hólmar og sker í Mývatni sem hér segir: Geitey, Kiðey, og sker þrjú er henni fylgja: Síreyjar báðar og hólmar þrír vestan við Háey, Kálfshólmi, Klettur og Vöttur. Ennfremur Ölvershólmi austan við Slútnes, hálfur grashólmi móti Vogum, sex tappir kringum Prestmýri, hálfur Tónhólmi móti Syðri-Neslöndum.“

Þá er einnig gerð krafa um að land sunnan framangreinds landsvæðis, úr punkti 5, Fjallgördum næstum Mývatnssveit (18), vatnaskil til vesturs á Vatnajökli (19), vatnaskil til austurs á Vatnajökli (20), teljist eignarland Reykjahlíðar með vísan til dóms frá árinu 1506.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar með talinn einkaréttur til nýtingar auðlinda í jörðu.

Einnig er vísað sérstaklega til kröfulýsingar f.h. aðila vegna Krepputungu ásamt gögnum, er send voru óbyggðanefnd 30. mars 2005.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.4 Kröfur Stefáns Halldórssonar og Sigvarðar Halldórssonar vegna Krepputungu**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarétt aðila á landi Krepputungu, sbr. framlögð landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Frá upptökum Jökulsár á Fjöllum í Dyngjujökli (1) og með Jökulsá þar til Kreppa rennur í hana (2) þaðan fylgja merki Kreppu þangað til Kverká rennur í hana (3) og þaðan fylgja merkin Kverká að upptökum (4).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir



afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.5 Kröfur Leifs Hallgrímssonar o.fl. vegna Voga

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur aðila að öllu landi Voga og að heildarlandamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 26. maí 1890: „Að sunnan móti Geiteyjarströnd ræður garður sá, er liggur til austurs frá sunnanverðum Hraunvogi, þaðan austur beina stefnu í norður enda Strandarholts, uppí lág þá, er liggur suður holtið og úr láginni austur í vegaborg (merkt með vörðu) sem liggur í Lúdentaborgum, en borgir þær ráða svo merkjum til suðurs móti Kálfastrandar og Garðslandi, þaðan réttýnis til austurs gegnt sunnan verðu Búrfelli móts við Grænavatns land, og ræður svo Búrfell til norðurs og Skessubali að Þrengslum þeim sem eru norðan undir honum, þaðan réttýnis til vesturs í Námukollu hina syðri (á Námufjalli) þaðan til vesturs eftir vörðunum, niður eftir hrauninu í Smáralág hina nyrðri, ræður svo láginn í Kálfstjörn, úr tjörninni í Mývatn ræður Svínavogur merkjum. Að norðan og austan liggur land jarðarinnar Reykjahlíðar. Vogar eiga alla hólma og sker, er liggja fyrir landi jarðarinnar í Mývatni. Flathólmi og Grashólmi (hálfur) móti Reykjahlíð – liggja þeir hólmar í Svínavog – Byrgistangi, Byrgissker, Eystriflúð, Vestriflúð, Varpteigur og Langhólmi, Þórólfssteigur og 4 sker, er liggja kringum Hellisklett.“

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.6 Kröfur Jóns Haralds Helgasonar o.fl. vegna Grænavatns

Gerð er sú krafa að hafnað verði kröfu ríkisins þess efnis að hluti lands Grænavatns teljist til þjóðlendu og jafnframt er krafist viðurkenningar á eignarrétti aðila að öllu landi innan merkja eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi dags. 20. maí 1921: „Að norðan eru merkin: úr vörðu syðst í Tóftatanga við Grænalæk, þar sem hann fellur úr Grænavatni bein lína austur í Brunnaklett, og þaðan beint í gilskoru norðan í ytri Þrengslaborg, og þá móti Vogalandi beint austur í háfjallagarðinn um Stórahjúk. Að austan ræður fjallgarðurinn merkjum suður og svo Bláfjall. Úr suðausturhorni Bláfjalls liggur merkjalínan í hásuður þar til Suðurárbotnar efri eru í vestri. Að sunnan eru merkin frá nefndum punkti beint vestur í austustu upptök Suðurár. Ræður þá Suðurá merkjum vestur gegnt Skinnhúfutjörn. Að vestan eru merkin úr Suðurá bein lína um miðja Skinnhúfutjörn í upptök lækjar þess, er rennur eftir Svartagili norður

um Sandana vestur af Austurlækjum og fellur í þá að vestan mjög nærri því, er Norðurlækur sameinast þeim að austan, ráða þá lækirnir merkjum í Kráká, en Kráká skilur land Grænavatns frá löndum Skútustaða, Krákárbakka og Baldursheims alla leið norður þar til suðaustur ræturnar á fjallinu Jörundi bera yfir miðjan bæinn á Grænavatni. Ræður þá sú lína merkjum norðaustur frá ánni í línu, dregna beint úr austasta gili norðan í Sellandafjalli í austur hyrnuna á há Lambafjöllum (liggur sú lína um strýtumyndaðan klett í Skútustaðaborgum) Ræður sú lína þá merkjum norður í vörðu á Garðsengisgarði þar sem hæsta nibba á Norður-Skógamannafjalli ber yfir norðanverðan Grænavatnsbæ. Úr þeirri vörðu ræður bein lína yfir norðaustur hornið á Garðsengi í vörðu í Viðigarði rétt norðan við engið. Ræður þá sá garður merkjum norðvestur í Strandakíl og þá Strandakíll norður og síðan austur alla leið gegnum Krákuvatn og Einslæk í Grænavatn, en síðan Grænavatn norður hjá fyrst nefndri vörðu í Tóftartanga.“

Þá er krafist alls málskostnaðar að mati óbyggðanefndar.

### 3.7 Kröfur Olgu Mörtu Einarsdóttur o.fl. vegna „Framdalafréttar“

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Einarsstaða og að heildarlandamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjaskrá fyrir Framdalafrétt nr. 165, dags. 3. júní 1890: „[...] og liggur suður af Bárðardal að austan en tilheyrir Einarsstöðum í Reykjadal. Að norðan ræður Krossárgil frá upptökum til Skjálfandafljóts, að austan og sunnan ráða grjót og sandar sem umkringja þetta land á þá 2 vegu að vestan ræður Skjálfandafljót. Hagar og beitolönd innan þessara takmarka eru þessi: Krossártorfa sunnan Krossár, Krókdalur, Bálabrekka, Yxnadalur, Stapamosar, Íllagil, og Íllagilsmosar, Hraunárdalur, Flæður, Drög og Teigjur. Fyrir norðan Krossá eru þessi ítök í Skútustaðalandi hálf Nafursstaðahlíð, allur Sandmúli.“

Þá er vísað í landamerkjabréf jarðarinnar Skútustaða en þar segir: „Að austan móts við Grænavatn bein stefna frá Suðurá, gegnum Skinnhúfutjörn út Miklamó út í einkennilega, mosavaxna kvos þá er megin lækur Krákár hefir upptök sín í og ræður síðan lækur þessi, sem nú er kallaður Fossalækur. Í læk þessum er einkennilegur foss og fyrir ofan fossinn sveltuhólmi sem heitir Harðangur en nokkru fyrir neðan fossinn rennur lækur þessi saman við hinn svokallaða Smalaskálalæk. Frá hinni áður nefndri kvos ræður Fossalækur landamerkjum allt í Álptakýl og úr því Kráká allt út að grófinni, sem áður er nefnd gegnt Grasaskarði. Innan þessara um merkja telst Einarsstaðakirkja að eiga hálfu Hafursstaðahlíð og Sandmúla.“

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.8 Kröfur Arnar Friðrikssonar o.fl. vegna Skútustaða

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Skútustaða og að heildarlandamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 13. apríl 1891: „Landamerki sellands og afréttarlands Skútustaða eru þessi: Að norðan móts-við Baldursheim. Úr grófinni sem liggur vestan við Kráká utanvert á móts við svo kallað Grasaskarð [...] ræður bein stefna vestur upp í svo kallað Svartholt og bein lína sömu stefnu upp í Leiðarhól og þaðan réttisýnis um grenið á Grenisás vestur um vörðu í Hólavatsnáss norðurenda beint í holt það er liggur í Grænupolla mýri suðvestur af Selásnum og þaðan beint þar til sker línu þá er liggur úr Bjarnapollu í Bræður og skal þar hlaðin merkjavarða. Að vestan móts við Lundabrekku, Bjarnarstaði, Víðirker, Svartáarkot og Stórutungu: Bein stefna frá áður nefndri hornvörðu eptir línu þeirri er liggur beint frá Bjarnapollu í Bræður. Síðan (samkv. landamerkjagjöfningi frá 28. júní 1853) bein stefna í hásuður frá Bræðrum um vörðu er stendur á Rananum fyrir ofan Svartáarkot yfir Suður-á og Mikley á milli vörðukletts og Grenisháls á Stóraklett sem stendur sunnarlega í Suðurráhrauni og er í nefndri stefnu (í hásuður) frá Bræðrum hæðstur að sjá allra kletta í hrauninu. Klettur þessi er flatur og þunnur sléttur að norðan en ósléttur að sunnan og er vestara horn hans nokkru hærra en hið austara á honum ofanverðum liggja lausir steinar. Heldur þó enn sömu stefnu suður í Sandá og ræður síðan Sandá merkjum allt þar til hún fellur í Skjálfandafljót ræður síðan Fljótið allt fram að því, að Krossá fellur í það. Eiga Skútustaðir allt land austan Skjálfandafljóts milli Sandár og Krossár svo langt sem gras grær í byggðir upp. Liggja þar til Austurdalur allir svo sem Kolmúladalur, Hylludalur, Breiðdalur, Langidalur, Grafarlönd, Hafursstaðahlíð og allar flæður og eyrar með Fljóti fram Sandmúladalur og allt fram í Krossárgil að Krossá. Einnig eiga Skútustaðir allt Suðurráhraun fyrir sunnan Suðurá upp að Botna vatni og ofan áður nefndri merkjalínu. Að sunnan, suðaustan og austan takmarkast land þetta af óbyggðum. Ódáðahrauni og Dyngjufljóllum. Að austan móts við Grænavatn bein stefna frá Suðurá, gegnum Skinnhúfutjörn út Miklamó út í einkennilega, mosavaxna kvos þá er megin lækur Krákár hefir upptök sín í og ræður síðan lækur þessi, sem nú er kallaður Fosslækur. Í læk þessum er einkennilegur foss og fyrir ofan fossinn sveltuhólmi sem heitir Harðangur en nokkru fyrir neðan fossinn rennur lækur þessi saman við hinn svokallaða Smalaskálalæk. Frá hinni áður nefndri kvos ræður Fosslækur landamerkjum allt í Álptakýl og úr því Kráká allt út að grófinni, sem áður er nefnd gegnt Grasaskarði. Innan þessara um merkja telst Einarsstaðakirkja að eiga hálfu Hafursstaðahlíð og Sandmúla.“

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

---

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.9 Kröfur Skútustaðahrepps vegna „afréttar Skútustaðahrepps“**

Gerð er sú krafa að viðurkennt verði að það land innan sveitarmarka Skútustaðahrepps sem tilheyrir engri jörð, samkvæmt þinglýstum landamerkjabréfum, verði viðurkennt sem „eignarafréttarland“ Skútustaðahrepps. Landið liggur að Reykjahlíð í austri, vatnaskilum á Vatnajökli í suðri, landi Skútustaða og sveitarmörkum í vestri og landi Grænavatns í norðri.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda.

Þá er krafist alls málskostnaðar að mati óbyggðanefndar.

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-21 ásamt undirskjölum eða samtals 599 skjöl, auk 60 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. Þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins í góðu skyggni 3. september 2007, í fylgd með lögmonnum, tilteknum málsaðilum og Hjörleifi Guttormssyni náttúrufræðingi, sem annaðist leiðsögn ásamt heimamönnum. Haldið var af stað frá Hótel Reynihlíð að morgni og ekið til austurs eftir Þjóðvegi nr. 1 yfir Námaskarð. Frá veginum mátti sjá suður að Herðubreið, Herðubreiðarfjöll og Veggjarbungu. Beygt var til suðurs eftir vegi nr. F88, Öskjuleið. Stöðvað var á leitarsvæði er kallast Veggir en þar fór Jón Illugason yfir legu og tilhögun smölunar á svæðinu.

Ekið var áfram til suðurs og farið yfir Grafarlandaá í Grafarlöndum og að Lindaá. Til vesturs sást í Grafarlandabotna þar sem Grafarlandaá á upptök sín. Einnig sást til Bræðrafells, klettadranga sem gagnaðilar íslenska ríkisins telja réttnefndan Bræðraklif og er punktur nr. 6 í varakröfulínu þeirra. Til suðurs sást frá austri til vesturs í Upptypinga, Kverkfjöll, Herðubreiðartögl, Herðubreið, Dyngjuvfjöll (Stóra- og Litla-Kista), Bræðrafell, Kollóttudyngju, Eggert og Hríthálsa.

Staðnæmst var við ósa Lindaár þar sem Sigfús Illugason fjallaði um þær breytingar sem orðið hafa á rennsli Jökulsár á Fjöllum. Meðfram Lindaá er land flatt og töluvert gróið. Gróðurlendið nær frá Lindaá og norður að Horni og upp í Herðubreiðarlindir. Frá Lindaárósum var ekið inn í Herðubreiðarlindir og staldrað við áður en för var haldið áfram í átt að Upptypingum. Þegar ekið var frá Herðubreiðarlindum vakti Ólafur Björnsson hrl. athygli manna á Herðubreiðarvötnum sem sjá má frá veginum. Vötnin eru nokkur og það stærsta stundum kallað Álftavatn. Á nokkrum kortum eru þessi vötn skráð undir heitinu Álftavötn. Friðbjörn Garðarsson hdl. gerði grein fyrir vörðu sem staðsett er á tunguenda Krepputungu og er gamalt hornmark milli Möðrudals og Brúar á Jökuldal. Varðan sást ekki úr bílnum.

Ekið var áfram til suðurs frá Herðubreiðarlindum og beygt inn á slóða sem liggur norður með Herðubreiðartöglum og norður undir suðurhlíðar Herðubreiðar. Gert var stutt stopp þar sem hægt var að sjá þau kennileiti sem miðað er við í hluta af varakröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Farið var til baka sama slóða og ekið yfir í Krepputungu hjá Upptypingum eftir vegi nr. F910, Austurleið. Ekið var inn að Sigurðarskála í Kverkfjöllum og áð. Síðan var ekið frá Sigurðarskála norður eftir Kverkártungu, um Kverkhjúkaskarð og um Hvannalindir eftir vegi nr. F903, Hvannalindarvegur. Ekið var inn á veg nr. F910, Kverkfjallaslóð og Möðrudalsleið ekin til baka. Þegar komið var vestur yfir Jökulsá á Fjöllum á Þjóðvegi nr. 1 var farið eftir stuttum slóða og komið að sæluhúsi sem þar er. Eftir það var ekið sem leið liggur til baka í Mývatnssveit.

Málinu var fram haldið að morgni þriðjudagsins 4. september þegar haldið var af stað í annan hluta vettvangsferðar. Skyggni var mjög gott. Auk nefndarmanna, lögmanna og tiltekinna málsaðila var með í för Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur sem annaðist leiðsögn ásamt heimamönnum.

Lagt var af stað frá Hótel Reynihlíð og ekið var að Skútustöðum. Þaðan var farið að Grænavatni. Ekið var um Sellönd og inn með vesturhlíðum Sellandafjalls. Farinn var slóði um hraunið í Botna í Suðurárhrauni og áð þar í sæluhúsi Ferðafélags Akureyrar. Þaðan var haldið áfram og ekið meðfram Suðurá í norðurátt. Gylfi Yngvason tók fram að gróðurspildan meðfram Suðurá kallist Hrauntunga en norðurhluti hennar sé Mótunga. Þegar fé hafði orðið eftir á afrétti sækti það í Hrauntungu.

Ekið var um Stóru-Flesjar þar sem er aðstaða fyrir gangnamenn. Síðdegis var áð í skála Akureyrardeildar 4x4 klúbbsins. Ekið var yfir Grafarlandagróf eftir slóða og til suðurs meðfram Skjálfandafljóti og yfir Sandmúlalá og yfir Krossá, sem er í norðurmörkum kröfuvæðis Einarstaða. Ekið var upp í u.þ.b. 450 m hæð upp á hálsinn. Snúið var til baka og ekið niður með Skjálfandafljóti og niður í Bárðardal hjá Stórutungu, farin var Mývatnsheiði og komið niður hjá Stöng í Mývatnssveit.

Málinu var fram haldið að morgni miðvikudagsins 5. september þegar haldið var af stað í þriðja hluta vettvangsferðar. Skyggni var mjög gott. Auk nefndarmanna, lögmanna og tiltekinna málsaðila var með í för Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur sem annaðist leiðsögn ásamt heimamönnum.

Ekið var eftir þjóðvegi nr. 1 til austurs yfir Námafjall og beygt til norðurs eftir vegi 863, Kröfluvirkjun, upp á útsýnispall undir Kröflufjalli. Þaðan var farið inn á vegslóða sem merktur er sem einkavegur og liggur norður fyrir Hreindýrahól. Gengið var upp á Sandmúla, en þaðan sást vel yfir svæðið. Meðal annars mátti þar sjá Gæsafjöll, Kröfluhraun frá árunum 1980 og 1984, Gjástykki, Þórunnarfjöll, Hrutafjöll, Eilíf og Hágöng. Einnig er farið upp á Múlastapa og horft yfir. Farin var sama leið til baka. Á heimleiðinni lýsti Ólafur H. Jónsson málefnum Reykjahlíðar og samskiptum Landeigendafélags Reykjahlíðar við Landsvirkjun. Jón Illugason lýsti staðhättum.

#### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Hjörleifur Sigurðsson, Grænavatni; Björn G. Yngvason, Skútustöðum; Gylfi H. Yngvason, Skútustöðum II; Jón Illugason, Reykjahlíð; Sigfús Illugason, Reykjahlíð; Kristín Þ. Sverrisdóttir, Reykjahlíð; Ólafur H. Jónsson, Reykjahlíð; Guðrún M. Valgeirsdóttir, Reykjahlíð; Leifur Hallgrímsson, Vogum; Birgir Hauksson, Grímsstöðum III; Kári Þorgrímsson, Garði; Jón Einar Haraldsson, Einarstöðum og Páll Pálsson, Aðalbóli.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt efnisþáttum og síðan tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.<sup>4</sup>

### 5.1 Landnám

Bárðardal nam fyrstur Bárður, sonur Heyangurs-Bjarnar, sem eftir flutning í Fljótshverfi nefndist Gnúpa-Bárður. Eða eins og segir í Landnámu:

Bárðr son Heyangrs-Bjarnar kom skipi sínu í Skjálfafljótsós ok nam Bárðardal allan upp frá Kálfborgará ok Eyjardalsá ok bjó at Lundarbreykku um hrið.<sup>5</sup>

Sonarsonur Gnúpa-Bárðar, Þorsteinn Sigmundsson, er sagður fyrst hafa búið að Mývatni. Landnáma segir:

Þorsteinn son Sigmundar Gnúpa-Bárðarsonar bjó fyrst at Mývatni. Hans son var Þorgrímr, faðir Arnórs í Reykjahlíð, ...<sup>6</sup>

Jakob Benediktsson segir í Landnámuútgáfu sinni, að óvíst sé, hvar bær Þorsteins hafi verið, en helst sé að sjá af Reykdælu, að hann hafi verið norðan vatns.<sup>7</sup>

Annar afkomandi Gnúpa-Bárðar bjó einnig að Mývatni, Herjólfur Þórisson leðurháls, Þorsteinssonar, Gnúpa-Bárðarsonar, en ekki getið hvar.<sup>8</sup>

Um landnám sunnan Mývatns hefur Landnáma:

Þorkell enn hávi kom ungr til Íslands ok bjó fyrst at Grænavatni, er gengr af Mývatni.<sup>9</sup>

Geiri hét maðr norrænn, er fyrstr bjó fyrir sunnan Mývatn á Geirastöðum; hans son var Glúmr ok Þorkell. Þeir feðgar börðusk við Þorberg höggvinkinna ok felldu Þorstein son hans. Fyrir þau víg váru þeir görvir norðan ór sveitum.<sup>10</sup>

Einarsstaðir í Reykjadal voru landnámsjörð Ketils hörzka Þorsteinssonar, bróður Eyvindar, sem nam Reykjadal upp frá Vestmannsvatni.<sup>11</sup> Einarsstaðir munu kenndir við Einar Konálsson, sonarson Ketils.

<sup>4</sup> Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 16. Þó hefur verið felld út eða stytta umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

<sup>5</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 273.

<sup>6</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 282.

<sup>7</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 283 nm.

<sup>8</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 274.

<sup>9</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 282.

<sup>10</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 284.

<sup>11</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 276-279.



## 5.2 Grímsstaðir

Grímsstaða sést fyrst getið í kaupmálabréfi Nikulásar Þorsteinssonar (sonar Þorsteins Finnbogasonar) og Sigríðar Einarsdóttur 30. september 1548. Þar kemur fram, að Þorsteinn hefur selt Nikulási Grímsstaði, 20 hndr.<sup>12</sup>

Í vísitasíum Reykjahlíðarkirkju á árunum 1735 og 1828 er sagt, að Hrauney, sem er í eigu Reykjahlíðar, eigi tveggja mánaða selför í Grímsstaðaland.<sup>13</sup>

Deila þeirra séra Jóns Þorsteinssonar á Mývatni, eiganda Reykjahlíðar að svo miklu leyti sem hún var bóndaeign, og mágs hans Sigurðar Jónssonar á Grímsstöðum, um landamerki Grímsstaða og Reykjahlíðar og sér í lagi varðandi eyðijörðina Fagranes sem prestur taldi tilheyra sér, var tekin fyrir á héraðsþingi að Reykjahlíð 26. september 1832. Dæmt var í málinu ári síðar. Nánar um þetta í kaflanum um Reykjahlíð.<sup>14</sup>

Grímsstaðir fá þessa umsögn í lýsingu Skútustaðapinga, óársettri en væntanlega frá því um 1840:

Grímsstaðir, 20 hundruð. Liggur utan til við vatnsendan. Hagajörð góð, og víðlend og landgóð, heyskapur mikill en blautur.<sup>15</sup>

Lögfesta Grímsstaða var lesin upp á manntalsþingi á Skútustöðum 8. maí 1797. Inntaks hennar er hins vegar ekki getið.<sup>16</sup>

Þann 8. maí 1891 var útbúið landamerkjabréf fyrir Grímsstaði við Mývatn. Það var þinglesið 12. júlí 1892:

... Frá Sandvatni að norðan ræður Hamarskill merkjum það er hann nær og svo frá botni hans beint norður Mývatnssand stefnu í svonefnda Skeið austan í Lambatindafjöllum og að því takmarki norður, er Eilífsfjall á Grjóthálsi sézt norðurundan Gæsafjöllum. Þá er bein stefna til austurs í nefnt fjallmerki milli Grímsstaða og Þeistareykjalands þar til Bóndhóll er stendur vestur af Gæsafjöllum sunnanverðum er beina stefnu þaðan í Hrafnabjörg. Sú lína er merkilína milli Grímsstaða og Reykjahlíðar-lands. Síðan beint af Bóndhól í Þverdalsbryggju, þaðan yfir há Skjólbrekku, síðan Flatskalla austast og yfir hið nýa hraun að Kvæk, sem er grashvammur er geingur norður frá Mývatni inn í hraunið vestarlega milli bæjanna Grímsstaða og Reykjahlíðar. ...<sup>17</sup>

Eigandi Grímsstaða, Sigurjón Kristófersson, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Sigurði Eyjólfssyni, eiganda og ábúanda Hólajarðar, B[enedikt] Kristjánssyni [presti á Grenjaðarstað], en hann var umráðamaður Kasthvamms og Þeistareykjalands<sup>18</sup>, Snorra Oddssyni, en hann skrifaði undir fyrir hönd hreppsnefndar

<sup>12</sup> Skjal nr. 2 (106).

<sup>13</sup> Skjöl nr. 2 (130) a-b og nr. 2 (38) a-b

<sup>14</sup> Skjöl nr. 2 (147) a-b, nr. 2 (148) a-b, nr. 2 (150) a-b, nr. 2 (151) a-b, dómsskjöl D, E og N.

<sup>15</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, bls. 122

<sup>16</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.13).

<sup>17</sup> Skjal nr. 2 (4) a-b.

<sup>18</sup> Það var þá komið í umsýsningu Grenjaðarstaðar.

Helgastaðahrepps, Kristjáni Sigurðssyni, eiganda og ábúanda Hamars, Sigtryggi Kristjánssyni, ábúanda Kasthvamms, Sigurgeir Péturssyni, eiganda Reykjahlíðar, Árna Jónssyni, umráðamanni kirkjujarðarinnar Vindbelgjar og Jóni Jónssyni, en hann handsalaði sem eigandi Ytri-Neslanda. Auk þess skrifuðu eigendur Geirastaða þeir M. Magnússon og Sigurjón Jónsson auk S. Kristóferssonar undir bréfið. Sá síðastnefndi skrifaði undir sem umboðsmaður.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir úthaga á Grímsstöðum bjarglega og víðlenda.<sup>19</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 eru Grímsstaðir, sem sagðir eru 20 hundruð, sjálfseignarjörð. Árstekjur af grasatekju annarra eru 48 skildingar.<sup>20</sup>

Fjallað er um Grímsstaði í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur fram:

Grímsstaðir Bóndaeign hingað til talin 20 hndr. ... Landrymi er þar mikið og landkostir góðir fyrir fænað bæði til málnytu og þrifa. Utbeit er í betra lagi, grasatekja fyrir heimilið og dálitlar skógleifar. ...<sup>21</sup>

Fasteignamatið 1916-1918 staðfestir að landamerki Grímsstaða hafi verið þinglesin 1892. Í kaflanum um Grímsstaði í matinu er einnig fjallað um búfjárhaga. Þar stendur:

Land afar víðlent, kjarngott og all skjólasamt. Sumarhagar góðir fyrir allan búfænað. ... Fjargeymsla mjög erfið sökum víðlendis. ... Jörðinni fylgir afréttarland, norður vestan Gæsafjalla, meiri en jörðin þarfnast fyrir sjálfa sig. ... Ágangur allmikill af afréttarfé.<sup>22</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Grímsstöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.3 Reykjahlíð

Í Landnámaabók er nefndur Arnór Þorgrímsson í Reykjahlíð, sonarsonur Þorsteins Sigmundssonar, er fyrst bjó að Mývatni.<sup>23</sup> E.t.v. var Reykjahlíð landnámsjörð Þorsteins, en það kemur hvergi skýrt fram, sbr. ummæli Jakobs Benediktssonar í Landnámuútgáfu hans.<sup>24</sup>

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar kemur fram að Reykjahlíðakirkja:

ä halft heima land. med ollum gognum oc giædum.<sup>25</sup>

<sup>19</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 239.

<sup>20</sup> Skjal nr. 2 (22).

<sup>21</sup> Skjal nr. 2 (29) a-b.

<sup>22</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>23</sup> Íslendingabók. Landnámaabók, bls. 282.

<sup>24</sup> Íslendingabók. Landnámaabók, bls. 283 nm.

<sup>25</sup> Skjal nr. 2 (82).

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394.<sup>26</sup>

Um 1500 er Reykjahlíð með vissu komin í eigu Ásverja. Þorsteinn Finnbogason frá Ási í Kelduhverfi varð forfaðir svonefndrar Reykjahlíðarættar og settist að í Reykjahlíð. Er þá farið að safna vitnisburðum um rétt Reykjahlíðar til Mývatnsöræfa og dæma um það dóma.

Fyrstur er vitnisburður um landeign Reykjahlíðar. Jón Magnússon, sem hafði verið heimilisfastur í Reykjadal, við Mývatn og í öðrum hreppum í Þingeyjarþingi í 60 ár, bar 26. september 1505:

ad þeir dandimenn sem att hafa jordina reikiahlijd er liggur vid myvatnn hafa haft og halldid og sier eignad med jordunni og kirkiunni i reykiahlijd auræfi oll atolulaust fyrir austann fiallgarda þa sem næsta liggia vid myvatn fyrir austann vatnid ad jokulsä og omerkinga alla millum Jlifsvatna og brædraklifs fyrir vtann herddibreid. hefi eg og heyrnt mier marga skilvijsa elldre menn so seigia. ad þessi landareignn hafi fylgt jordunni reykiahlijd langt fyrir mijna daga. so sagdi mier minn fader ad hann hefði hier skilrikji thil lesid vmm fyrr sagda landareign. og þeir hefði þessa landareign haft og halldit sem reikiahlijd hefði att vmm hans daga. ... sagdi hann þetta jtolulaust verid hafa vtann þær kaplagongur sem bref og mäldagar thil seigia er aa melana hefur haftt verid.<sup>27</sup>

Þórólfur Hranason bar vitni um landeign Reykjahlíðar við Mývatn 6. maí 1506: Hann kvaðst hafa verið heimilisfastur í Þingeyjarþingi meir en 50 vetur og vita full sannindi, að þeir, sem átt hafa jörðina Reykjahlíð:

hafa haft og halldid og sier eignnad j allann þennann tijma auræfi þau oll er liggia fyrir austann myuatn ad Jokulsaa og alla omerkinga a milli Jlifsvatna og brædrakliffs er liggur sudur a auræffumm.

Þessi landamerki og jarðareign hafi hann heyrnt skilríka menn sér eldri segja að hafi verið eignuð Reykjahlíð langt fyrir sinn aldur átölulaust fyrir utan beitarítölur á melana, sem skilríki séu fyrir.<sup>28</sup>

Vitnisburður Finnboga Jónssonar, Magnúsar Þorkelssonar og Gamla Þorsteinssonar, 8. maí 1506, um landareign Reykjahlíðar er efnislega samhljóða þeim næsta á undan, en þessir menn höfðu verið heimilisfastir í Þingeyjarþingi meir en 40 vetur.<sup>29</sup>

Finnbogi Jónsson lögmaður útnefndi sex manna dóm til að skoða, rannsaka og leggja á dóm um bréf, prófa vitni og skilríki, sem Þorsteinn Finnbogason lagði fram:

<sup>26</sup> Skjal nr. 2 (87).

<sup>27</sup> Skjal nr. 2 (97).

<sup>28</sup> Skjal nr. 2 (98).

<sup>29</sup> Skjal nr. 2 (99).

huort hann skyldi at laugum hallda mega med jordinni Reykiahlid oll auræfi þau er liggia fyrir austann myvatnn og hann reiknade greindre jordu hefði at fornu fyllt.

Lagður var fram fimm góðra manna vitnisburður, sem lengi höfðu verið heimilisfastir í héraðinu, um að þeir vissu fyrir full sannindi, að þeir, sem átt hefðu Reykjahlíð, hefðu haft og haldið og sér eignað meir en 40 vetur, átölulaust allan þann tíma, öræfi fyrir austan Mývatn að Jökulsá og alla ómerkinga í milli Eilífsvatna og Bræðraklifs suður á öræfum. Þetta hefðu skilríkir menn þeim eldri sagt. Tveir skilríkir menn sóru með fullum bókareidi, að þessi öræfi og landamerki hefðu verið haldin átölulaus eign Reykjahlíðar meir en 60 vetur

so onguann vissu þeir sier kalla annann nie akiæru veita j millum Jokulsáa og fiallgardz þess er geingur næst fyrir austan myuatnn og ei nemur bufiar haga med omerkingum fra Jlifsvottnum og thil brædraklijfs fyrir vtann herdbreid. soru þeir og ad þeir hefði heyrnt marga skilrijka menn so seigia sier ellre ad þessi landareign hefði fylgt jordunni reikiahlijd langt fyrir þeirra daga jtölulaust. vtann þær kaplagaungur sem breff og maaldagar thil seigia er a melana hefur haft verid.

Dæmdu sexmenningarnir Reykjahlíð til fullrar eignar öræfi öll fyrir austan Mývatn:

med þeirra ollumm Endimaurkum sem þær hafa vitni vmm borit og eidar vmm geingid og hier i dominum standa ...<sup>30</sup>

Finnbogi Jónsson lögmaður samþykkti og staðfesti dóminn um Reykjahlíð, næsta á undan, 23. maí 1506. Sagði hann Þorstein Finnbogason:

eiga og att hafa og logliga hallda meiga med jordunni reikiahlijd alla fyrskrifada jardar eignn og hier fyrir greinir ad ollum öræfum thil greindumm þeim er liggia j millum Jokulsar og bufiarhaga þeim er liggia austur fra þeim jordum er vid myuatn standa. og sionhending fyrir austann alla bufiarhaga fyrrnefnda sudur i öræfi so langt sem vatzfoll deilast og votn ad draga. eptir þui sem logbok utuijssar vtann það synist med mældogum og loglegum vitnum sem i dominum greinir ad nauckrer eigi hier vti þær jtolor eda itok sem logbok skipar j mot riettumm hefðarvitnum eiga ad koma epter logumm.<sup>31</sup>

Ólafur Jónsson fjallar um eignarhald á Fremrinámum og deilum um þær í ritinu *Ódádahraun* og telur ekki ósennilegt, jafnvel fullvíst, að réttur Þorsteins Finnbogasonar til þeirra hafí af sumum verið dreginn mjög í efa.<sup>32</sup>

Annar sex manna dómur, útnefndur af Finnboga Jónssonar vegna ákæru Þorsteins Finnbogasonar til Magnúsar Pálssonar vegna óheimils graftar á landi og jörð

<sup>30</sup> Skjal nr. 2 (100).

<sup>31</sup> Skjal nr. 2 (101).

<sup>32</sup> Ólafur Jónsson: *Ódádahraun* II, bls. 330-335.

í Reykjahlíð og brottnáms brennisteins, dæmdi 26. maí 1506 Magnús skyldugan að vinna eið að því, að hann hefði hvorki grafið jörð Þorsteins eða flutt burt brennistein. Ella skyldi Magnús greiða sekt og afhenda aftur jafn mikinn brennistein og hann hefði burt flutt, nema hann særi bókareid að því, að hann hygði tókuna sér heimila að lögum.<sup>33</sup>

Reykjahlíð, 30 hundruð, var lögð með öðrum jörðum til kvonarmundar 30. september 1548.<sup>34</sup>

Nikulás Þorsteinsson, Finnbogasonar, fékk Vigfúsi bróður sínum brennistein í Fremrinámum og heima í Hlíðarnámum og Kröflu alla til ævinlegrar eignar 6. júní 1553.<sup>35</sup> Einnig lýsti Þorsteinn Finnbogason, að hann hafi gefið séra Birni Gíslasyni brennistein í Fremrinámum í sína lífsdaga, 23. ágúst 1553.<sup>36</sup>

Ólafur Hjaltason biskup fékk Nikulási Þorsteinssyni kirkjuhlutann í Reykjahlíð, 30 hundruð, árið 1555. Var það vottað af biskupi 6. september 1557.<sup>37</sup>

Konungur skrifaði bræðrunum Nikulási og Fúsa (Vigfúsi) Þorsteinssonum 20. mars 1563 og óskaði eftir að fá í makaskiptum brennisteinsfjöll (svovlbjærge) þeirra fyrir norðan. Hafði konungur skipað Pouel Stiissen lénsmanni að semja við þá og láta fá í staðinn annað hvort nokkrar jarðir eða lén endurgjaldslaust.<sup>38</sup> Fengu þeir bræður lífstíðarumboð Munkaþverárklosturs og Norðursýslu, afgjaldslaust í 6 ár, fyrir allar námur og brennisteinsfjöll í löndum þeirra, sem þeir höfðu afsalað krúnunni, en svo segir bréf dagsett 15. ágúst 1563.<sup>39</sup>

Á þessum árum var mikill ágreiningur um land austan fjallgarða og Fremrinámur milli Reykjahlíðarmanna og Grænavatnseiganda. Sjá Grænavatn. Hést sá ágreiningur áfram, sbr. vitnisburð frá árinu 1675 um landamerki Grænavatns og lögfestur 1766 og 1830.<sup>40</sup>

Í svokallaðri Skinnastaðaártíðaskrá, AM. 249 d, folio, er máldagi Hlíðarkirkju (þ.e. Reykjahlíðarkirkju) frá 1573. Magnús Már Lárusson gaf máldagann út í V. árgangi tímaritsins Sögu, og þar eru einnig skýringarviðbætur Björns Sigfússonar. Þau atriði máldagans, sem tengja má þjóðlendumáli, eru eftirfarandi:

Mäl Dagi Hlijdar kirkiv

J gudz Nafni Amenn Kirkiann J Reykiahlijd er helgud med gudi oc hinum heilaga Lorentia (!) hun a halft heima lannd/ ... manaDar Sel for J grimstaDa Ländi/ ... / hundrad tymbur J asskogi Nordur arlega semm komit er fyri Brennistein J kroflu/ enn fusi Þorsteinsson selldi kroflu nama eptir það/ ... / Lanndar(!)merki J austan verdan SeliaDal og suo langt vt J mo sem Ilijfs fiall

<sup>33</sup> Skjal nr. 2 (102).

<sup>34</sup> Skjal nr. 2 (106).

<sup>35</sup> Skjal nr. 2 (110).

<sup>36</sup> Skjal nr. 2 (111).

<sup>37</sup> Skjal nr. 2 (112).

<sup>38</sup> Skjal nr. 2 (171). Sjá ennfremur, Bogi Benediktsson: *Sýslumannaæfir* I, bls. 70-71.

<sup>39</sup> Skjal nr. 2 (171).

<sup>40</sup> Skjöl nr. 2 (16) a-b, 2 (17) a-b og 2 (18) a-b.

kemur fram vndan gasa Dals fiollum oc suo þadann j Llijfs fiall/ og harfra(!)gil sem er Austur vid Jokuls a/ Enn hid fremra J þa fiall garda Sem næstir eru fyri austan Myvatn og eckj snertir bufiar h [h: útstrikað]-ágaungu/ oc suo Lanngt fram J oræfi sem vatnzfoll Deilast Og alla Omerkinga Milli Llijfs vatna og Brædra Klijs/ Gelldfiar og Lamba Rekstur främm ä fioll J Einarstadakirkriu Jtok/ milli voga oc hlijdar Landamerki vr ytre Smara lag oc suijna vogur/ vogar eiga lútent wt vndir þreyngsl skilur þar landa merki hlijdar og voga:

Skrifat A eidum 17 dag februarij 1573.

Magnús Már segir máldagan merkan, þar sem hann sé fyrsta heimild um merki milli Voga og Reykjahlíðar, auk þess sem fjöldi örnefna komi hér fyrir í fyrsta sinn, þar á meðal Lúdent.

Björn Sigfússon álitur að feril bókarinnar alla 17. öld ætti að mega marka af dánardægnum sem skráð hafi verið í hana. Í máldaganum sé sýnilega stuðst við fornrit sem komi í ljós í öðrum handritum, en sumt eflaust fært í stíl, þegar skrifað var, t.d. athugasemd um sölu námuréttinda til konungs fyrir 10 árum. Hafi bókinn fylgt afkomendum Nikulásar Þorsteinssonar, klausturhaldara, sem seldi Kröflunámur. Bóndi á Eiðum árið 1573 hafi verið Magnús Vigfússon, sonur Vigfúsar Þorsteinssonar í Ási, sem seldi námurnar með bróður sínum. Með því að nefna aðeins Vigfús Þorsteinsson í máldaganum sé máldagaritarinn að sanna, að timburhöggsítak í Ásskógi sé enn eign Reykjahlíðarkirkju.<sup>41</sup>

Guðbrandur Þorláksson biskup tók aftur gjöf Ólafs Hjaltasonar á Reykjahlíð til Nikulásar Þorsteinssonar, en máldagabók Guðbrands 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

Kýrkian I Hlýd vid Myuatn

Atti og aa enn haalft heimaland, og med þui ad þad er so i sannleika þa a hun og hefur aatt, allann haalfan Brennestein, Bædi I fremre namum, sem þeirra hallda hlýdar kirkia eigi, og so I kröflu, sem er heimaland hlýdar, Þa þessi Näm selldi Nicholäs heitinn kongi, enn kirkian hefur eckj þar I stadinn feingied, sie slýkt Riett veit eg eckj, Nu hefi eg giört giorning vid Einar Nicholasson, so laatandi ad eg hefi aptur tekid, sölu herra O. og kirkian skal eiga aptur sitt hallft heimaland, so sem hun hefur aatt meir enn I 2 hndr. aar, og bývysat verdur, og er þesse giorningur Ockar Einars, ad kirkian I hlýd skal eiga 10 malnytukugildi ... hier med þa skylldi þad kaup vera onýtt og ganga aptur, sem herra Olafur hafdi giort, vid Nicholas heitinn, þa hann selldi honum halft heima land, ecki nema fyrer skruda og skrædur, so kirkian I hlýd skylldi samt eiga sitt haalft heimaland, þad er 30 hndr., so sem hölakirkriu maaldagar vtvýsa, ad hun hefur att meir enn I 2 hndr. aar, og göder og Gudhrædder menn hafa forðum þeirre kirkiu giefid, þviat þad bývysast

<sup>41</sup> Skjal nr. 1 (8). Magnús Már Lárusson: „Reykjahlíðarmáldagi í AM. 249 d, folio“, *Saga V* (1965), bls. 352-355.

alldrei, ad biskupar hafi med öðru moti haalt heima land haft fraa bændum, og lagdi Einar Nichulasson, það biskups Olafs bref herra Gudbrandi I hönd, enn það sem fallid hefur I kirkiu týundar hluta Sýdann Anno 1555, það er I 49 aar, það stendur enn nu Olukt hia Einari og hanz samörfum. Þesse giorningur a ad vera hia sýra Þorsteine Illugasyni<sup>42</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723-febrúar 1724 er minnst á eignir Reykjahlíðarkirkju:

III<sup>o</sup> Kyrkiann ad Reikiahliid

Gardurenn tilheirir ad Hálfu Kyrkiunne, enn ad halfu leite Bondanum Monsre. Brinjulfe Þordar Syne, Sosem gamler Maldagar á Pappyr Sýna, utvegader frá þvj j firra, firer Prest Sens Ervide, Enn Presturenn er Sr. Jon Sæmundsson, Nu til stadar hier j Reikia hliid.

...

Landeign Kyrkiunnar og Gardsens Reikia hlydar kann vel siást af Documentis þeim er Nu sieu af Sier utvegud (seiger Presturenn) og Profastenum j hendur feingenn, Hvör Profasturenn allareidu befalad hefur, ad Vid Kyrkiuna Vera skylldu effter lögum.

...

á þvj áre galst eckert fyrer Sel stödu. ...<sup>43</sup>

Einnig eru til upplýsingar um eignir Reykjahlíðarkirkju 1725. Þar kemur fram:

ÞýngEýar Sýslu Kyrkna Reveneur Beneficiatorum og Proprietariorum Epter Befalningu Ifervalldsens Samannskrifadur Anno 1726.<sup>44</sup>

„Num. 13<sup>o</sup>. Anno 1725. Reikiahlýdar Proprietarý Kyrkiu. Vid Mývatn 11 rdlr. 1 mk. 8 s.

Kýrkia þesse (epter Prestsens Skrife) á einga Jörd, hönumm Vitannlega: Enn hun á Austurfiöll, fyrer austann Mývatn, og Nochrar Eýar j Mývatne. heirt þykest og Presturenn hafa ad hun ætte hálfitt heimaland, hvad allt hann skrifar ad byggt sie under einu Skilirde fyrer sýna landskulld, ...<sup>44</sup>

Í prófastsvísitasíu Reykjahlíðarkirkju frá 29. júlí 1727 stendur:

... ad kyrkiann Accordere med Synumm Ornamentis ute og inne, Vid uppskrift þa er tekenn hefur vered af hanns formanne Sal. profastenumm Sr. Skula Þorlakssyne i hanns Visitatiu til kyrkiunnar af dato 1692. d. 16. Juni, hvor visitatia nu er producerud af heidur legum prestenum þessara Myvatns Sokna Sr. Jone Sæmundssyne, hvörn profasturenn umm bidur og á minner effter mindugleika Embættisins, hann vilie til Siá vid kyrkiuna verde, ásamt öðrumm documentis er hann hefur med nockru ervide útvegad kyrkiunne til

<sup>42</sup> Skjal nr. 2 (59) a-b.

<sup>43</sup> Skjal nr. 2 (128) a-b.

<sup>44</sup> Skjal nr. 2 (125) a-b.

þíónustu (hvar hier firre ecke hafa feingest) Enn presturenn þó framfært nu fyrer profastenn So semm umm gieted brief, lögfestur Sal. Þorgryms Jonssonar uppa landeign hier, kyrkiu virding af profastenumm Sal. Sr. Skula giörda og Maldaga á pappyr Reykia hlidar kyrkiu. hvad allt profasturenn Seiger lög skipe vid kyrkiuna blýfe.<sup>45</sup>

Fram kemur í vísitasíubók Steins Jónssonar:

Anno 1729, d 20 Julii, kom Profasturenn Sr Geyr Marcusson, i ummferd sinne um heraded, til kyrkiunnar ad Reikahlyd, og med honumm kiennemennerner Sr Olafur Jonsson frá Helgastodumm og soknarpresturenn Sr Jón Sæmundsson, þa allareidu burtfluttur med fólke og fie frá þeirre Jordu fyrer hálfumm mánuðe vegna þess hrædelega Elldzvoda, sem og náde utann frá, og uppbrent hafde mest allt Grafarnes, hvert ed var Einasta Land Reykahljdar, fyrer Storfienad til beitar, Item enn frammar landenu Skada giört bæde upp efter og ut efter enn hier kunne seigast edur siast þetta sinn, fyrer þeim þickva Reik, sem ásamt med Elldenumm uppgaus i lopted ...<sup>46</sup>

Í prófastsvísitasíu Reykjahlíðarkirkju frá 1735 kemur fram:

Kyrkiann ad Reikiahlyd.

I°

Var Sochnarfolkied ifirheirt og fannst allt Vel a sig komied j Sýnum Catechismo.

II°

Adspýr Profasturenn, Prestenn heidurlegann Sra Olaf Thorarensso, Kyrkiu bondann Einar Jonsson og effter það Monsr. Sæmund Jonsson sem er Sonur þess firra Sal. Prestz Sem hier var, nu mindugur ad alldursárum enn samt Scholabarn, 1° Hvort hier sie ad finna nochurn Kyrkiustól effter ordinantiu Christiani 4ti? 2° hvort hier sieu nochur Skiöl eda document j þeirra Hondum firirleggjande firir Kyrkiunne og hennar reveneur? 3° hvort hier sieu nochrar Biskuplegar eda Profastlegar Visitatiur til stadar, Sem hann kunne efftir ad ganga j þessarj sinne visitatione? og seigia þ(ei)r aller ad echie sie það j sinum Hondum, nema [yfirstrikað: það] Monsr. Sæmundur, hvor ad frammydsade eitt blad in qvarta roted, þo læselegt af dato 1706 d. 23 Majj þeirrar meiningar og Innehaldz, ad Kyrkiann j Reikiahlyd eigie hálf heimaland, Hrauney firir vestann vatn j midiann tókúyl, halfann tou Holma, Halfann Fretvog, og halfann midkyl motz vid Neslond, allt land med ummerkium hier j millum, Hrauney a tveggja mánada Selför j Grýmstada lande, Ölvers Holma sem er austann undir slútnese, Geiteý, Kideý, Syreyar tvær, Kalfsholma, Vött og Hott, audnadratt j tölulaust f(irir) Sunnann Voga. 1 hndr. timburj Asskógie nordur árlega S<em> komed er firir Brennestein j Kroflu, enn Fúse Thorsteinsson Selde Kroflunáma efftir það; fiordung j langareka firir

<sup>45</sup> Skjal nr. 2 (124) a-b.

<sup>46</sup> Skjal nr. 2 (69) a-b.



nordann Máná til Hvals og Vida landamerkie j austann verdann Seliadal og so langt uti mó sem Ýlýfs fiall kiemur framm undann Gásadals fiollum og so þaðann j Ýlýfsfiall og Hafragil, sem er austur vid Jökulsá Enn hid fremra j þa fiallgarda sem næstir eru firir austann Mývatn og echie snerter búfiar gaungu, og so langt frammi Öraefe sem vatnzföll deilast og alla omerkingia j millum Ýlýfsvatna og Brædraklifs geldfiár og lamba rekstur framm a fioll, j Einarstada Kyrkiu Jtök. Mille Voga og Hlydar landamerkie er itre smáralág og Svýnavogur. Vogar eiga Lútent, ut undeir þreingls, skilur þar landa merkie Hlydar og Voga

Þessa alla Eign Kyrkiunnar j Reikiahlýd Seigia þeir óuppatalda, þuj tilseigier Profasturenn Sra Thorleifur (sökum þess ad þetta document sie gamallt og rotid; enn þo allvel læselegt enn þa) ad Kyrkiu bondenn á Reikiahlýd late það uppskrifa, hellst a pergament, so það kunne vitne umm ad bera j frammtýdenne hier tiedum Eignum og Itokum Kyrkiunnar, og seigir firir sitt ómak mune hann e(ck)e? sakna Proprietarii resonable vidurlags.<sup>47</sup>

Fram kemur í vísitasíu Reykjahlíðar frá 1748:

Anno 1748, þann 27 Julij in ordinaria Visitatione VelEdla Biskupsins herra Halldors Brinjolfssonar fann hann kyrkiuna ad Reikiahlijd vid Mivatn, med Hennar Ornamentis Instrumentis Eignum og Itokumm sem fylger: ...

Kyrkiann Helldur enn nu Eignum sinumm og itokumm, ad kirkiu Vaktara og bonda sogn, efter þingbornum Maldaga Copiumm, fyrer utann það Jördinn hefur af sier gengid af ogurligum Eldgangi. ...

Legkaup ef nockur þetta ar eru tilfallinn Eiga hier tilsetiast auk adur anfærðra 2ia lióstolla hefur Presturinn Hingad til ei goldid nockurn liosstoll til ReikiaHlydar kyrkiu, og sialf Heima Jordinn sem half er kyrkiunnar Eign (ad eg meina) er a mote vidtekinne Veniu a odru Geistligu Gottse tiundud Oll bædi til kongsins og kyrkiunnar, ...<sup>48</sup>

Í prófastsvísitasíu Reykjahlíðar frá 1750 stendur:

3° Um Eigner Kyrkiunnar eru hier eingenn skiöl nie Máldagar frammvísadur, nema eitt transcript á Pappír utskrifad af brefabók Profastsens Sr. Skúla Þorlakssonar, á hveriu upptaldar eru eigner þessarar Kyrkiu, hverier ad tíast ej enn med lögum frá komnar eda undann geingnar, og eingenn mótmæle i gegn komed ad slikt Sie Kyrkiunnar eigenndómur. Enn hvad hier er af falled So vel af Kyrkiunnar sem Jardarennar gögnum & jtökum, i þeim stóra Jardelldskada sem hier yfergiekk áred 1729 mun ad finna i þeim fyrerfarande Visitatium. Eingar Visitatiur eru hier vid Kyrkiuna nema Áduraminnst Hr. Biskups Halldórs Visitatia 1748. ...<sup>49</sup>

<sup>47</sup> Skjal nr. 2 (130) a-b.

<sup>48</sup> Skjal nr. 2 (72) a-b.

<sup>49</sup> Skjal nr. 2 (78) a-b.

Í vísitasíu Reykjahlíðarkirkju frá 1760 kemur fram að kirkjan eigi hálf heimaland.<sup>50</sup> Hið sama segir í vísitasíu kirkjunnar frá 1828. Sú vísitasía telur síðan upp ýmsar aðrar eignir kirkjunnar, t.a.m. Hrauney, en síðan segir:

... Hrauney á tveggja mánada Selför í Grímsstada lande, Ölvers hólma, sem er austan under Slútnesi Geijteij Kideij, Sijreijar tvær, Kalfsholma, Vött og Hött. Audnadrátt ítölulausann fyrir sunnan Voga, hundrad timburs í Ásskógi nordur árlega; sem komid er fyrir brennistein í Kröblumm enn Fúsi Þorsteinsson seldi Kröblunáma eptir það. Fjordung í Langareka fyrir nordan Máná til hvals og vida. Landa merke í Austannverdan Seljadal ogso Lángt úti mó, sem Ilífsfiall kemur fram undan Gásardals fiöllum ogso þaðan í Ilífsfiall og Hafragil sem er austur vid Jokuls á enn hid fremra í þá fjallgarda sem næstir eru fyrer austann Mjvatn og ecke snertir búfiárgaungu, ogso lángt fram Örafi sem Vatnsföll deilast, og alla ómerkínga á millum Ilífsfialla [leiðrétt úr, Islífsfialla] og brædraklifs, Géldfiár og Lambarekstur fram á Fjöll í Einarstada Itök. Í milli Voga og Hlídar eru landamerki: ytri Smára Lá og Svínavogur. Vogar eiga Lútent út under Þreingsl, skylur þar landamerke Hlídar og Voga. ...<sup>51</sup>

Á manntalsþingi að Haganesi við Mývatn 26. júní 1738 var lesin upp lögfesta ábúandans í Reykjahlíð Einars Jónssonar að tilteknum landamerkjum, nefndum ítökum og öðrum eignum sem jörðin á auk heimalands en inntaks hennar ekki getið.<sup>52</sup> E.t.v. hefur hún verið samhljóða lögfestu 1758, sem síðar verður vikið að, sem og lögfesta Einars sem lesin var á manntalsþingi á Skútustöðum við Mývatn 22. júní 1740 en inntaks ekki getið.<sup>53</sup>

Ólafur Þorláksson á Skútustöðum mótmælti árið 1745 lögfestu Einars Jónssonar að Reykjahlíð fyrir jörðu sinni að því leyti sem hann sagði hana eiga til Framfjalla sem Ólafur sagði vera sína fullkomna eign. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum um Skútustaði.

Meðal þess, sem séra Jón Þorsteinsson lagði fram í deilu um eignarhald á Fagraneslandi fyrir aukarétti á Skútustöðum 18. maí 1833, sem vikið verður að síðar, voru tvær lögfestur fyrir Reykjahlíð. Sú fyrri var lögfesta Einars Jónssonar frá 5. júní 1758 en þar lögfesti hann leigujörð sína:

... med allre hennar Landeign og Itökum til itstu ummerkia sem adrar jardir ega á móti. Reykjahlídar Landamerki lögfesti eg í austanverdann Seljadal, og solángt úti mó, sem Ilýfs fiall kémur fram undan Gásadalsfjöllum, þaðan í Ilýfs fiall og Hafragil sem er austr vid Jökulsá; en hid fremra Lögfesti eg Reykjahlídar Landeign í þá fiallgarda sem næstir eru fyrir austan Mývötn, en ecki snerta búfiárgaungu, og solángt frammi Örafi sem vatnsföll deilast. Milli

<sup>50</sup> Skjal nr. 2 (73) a-b.

<sup>51</sup> Skjal nr. 2 (76).

<sup>52</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.5).

<sup>53</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.7).

Voga og Hlíðar Lögfesti eg í ytri Smáralag og Svínvog; og þarsem Vogar eiga Lutent út undir Þreingsl, so skilr þar Landamerki Hlíðar og Voga. Eirninn Lögfesti eg Hrauney fyrir vestan Vatn í miðjann Tókúl, halfann Tóuhólma, halfann Fretvog og hálfann Midkil móts við Neslönd, og allt Land með ummerkium hér í millum. Sömuleidis Lögfesti eg Ölvershólma austannundir Slútnesi; jeg Logfesti Geytey, Kidey, Síreyar 2r, Kálfshólma, Vott og Hött. Þessi ítök logfesti eg til Reykjahlíðar: Skóg til 1 hndr. timburs árlega í Ass skógé norðr, gielfjár og Lambarekstur framá fiöll í Einarstada kirkju ítök, Audnadrátt fyrir sunnan Voga ítölulausann. Ad sídustu lögfesti eg alt það land til ítstu ummerkja sem Fagraness jörðu tilheyrði og eptir varð óbrunnid.

Þesse mín leigulönd og ítök fyrirbíd eg hvörium manne í Laganna leifi, héreptir sér í nokkru nýta, án hussbóndans eða míns leifis, undir tiltal og vidlagdar lagasektir. Hér hiá lísi eg því að Reykjahlíðar kyrkja epter hennar máldögum á alla Omerkínga sem hittast kunna milli Ilýfs vatna og Brædraklifs.<sup>54</sup>

Lögfestan var lesin upp samdægurs á manntalsþingi á Skútustöðum og svo aftur á sama stað 16. apríl 1762, 16. maí 1764, 7. maí 1766, 15. júní 1767, 19. júní 1769, en þar er sérstaklega tekið fram að enginn hafi mótmælt, og 30. apríl 1774. Tveir menn votta að afritið sé samhljóða frumritinu á manntalsþingi á Skútustöðum 18. maí 1833.

Hin lögfestan er í raun aðeins ein setning úr lögfestu Þorsteins Jónssonar fyrir Reykjahlíð frá 15. apríl 1796 en þar segir:

Alt það Land til ýtstu umm merkja, sem Fagranessjörðu tilheirdi ...<sup>55</sup>

Umrædd lögfesta var lesin upp á manntalsþingi á Skútustöðum 16. apríl 1796, aftur á sama stað 10. maí 1800, loks 18. júní 1804 og aldrei átalín. Tveir menn votta að afritið sé samhljóða frumritinu á manntalsþingi á Skútustöðum 18. maí 1833 og það sama gerir Þórður Björnsson sýslumaður.

Deila þeirra séra Jóns Þorsteinssonar á Mývatni, eiganda Reykjahlíðar að svo miklu leyti sem hún var bóndaeign, og mágs hans Sigurðar Jónssonar á Grímsstöðum, um landamerki Grímsstaða og Reykjahlíðar og sér í lagi varðandi eyðijörðina Fagranes sem prestur taldi tilheyra sér, var tekin fyrir á héraðsþingi að Reykjahlíð 26. september 1832.<sup>56</sup>

Málið hafði fyrst farið fyrir sáttanefnd en ekki tekist að koma á sáttum. Málsaðilar voru spurðir hvort þeir hygðust ríða á þrætuplássið sem var milli Reykjahlíðar og Grímsstaða en þeir svöruðu því til að það ylti á framburði vitna sem yfirheyra átti.<sup>57</sup>

<sup>54</sup> Skjal nr. 2 (191) a-b.

<sup>55</sup> Skjal nr. 2 (191) a-b.

<sup>56</sup> Skjal nr. 2 (147) a-b.

<sup>57</sup> Skjal nr. 2 (147) a-b.

Presturinn krafðist þess að sýslumaður yfirheyrði nokkur vitni, sem mætt voru óstefnd, og hafði sett saman nokkrar spurningar, sem hann vildi að yrðu lagðar fyrir þau. Spurningarnar sem lagðar voru fyrir vitnin hljóðuðu þannig:

- 1, Veistu Landamerki milli [milli, ofan línu] Fagraness og Grímstada? og hvör eru þaug?
- 2, Hefur Fagranes land verid brúkad leigulaust í þinni tíð og Bjarna sál það þú til veist?
- 3, Hvörri Jördu hefur þú heyrt að Fagranesland tilheyrði?
- 4, Hefur þú nokkurtíma heyrt Grímsstada mann eigna sér Fagranes land.
- 5, Veitstu ecki til að Reijkahlíðar bóndi hafi upptekid kol í fagranes landi sem Grímsstada bóndi hafði gért þar til í óleifi.<sup>58</sup>

Fyrsta vitnið, Páll Jónsson hreppstjóri í Mývatnssveit, svaraði því til að eftir frásögn forvera sinna væru landamerkin milli Fagraness og Grímsstaða Flatskalli að sunnanverðu, þaðan í Skjólbrekku, síðan í Þverdalsbryggju og þaðan beinlínis í Bóndhól sem liggur sunnarlega vestur frá Gæsadalsfjöllum. Annarri spurningu svaraði hann neitandi og sagði Reykjahlíðar ábúanda hafa goldið fyrir not af Fagranesi en hversu mikið vissi hann ekki. Næstu tveimur spurningum svaraði hann þannig að hann hafði aldrei heyrt annað en Fagranes tilheyrði Reykjahlíð og að sama skapi hafði hann aldrei heyrt Grímsstaðamenn eigna sér Fagranesland fyrr enn nú. Síðustu spurningunni svaraði hann játandi en sagði að það hafði ekki verið átalíð af þáverandi ábúanda Grímsstaða. Sigurður Jónsson óskaði þess að vitnið yrði spurt hvort Þorsteinn heitinn Jónsson, eigandi Reykjahlíðar, hafi heimtað og fengið hjá vitninu árlega greiðslu fyrir notkun Fagraneslands. Páll svaraði því til að hann hafi heimtað greiðslu af sér meðan hann bjó á Grímsstöðum þegar hann var farið að lengja eftir henni en hann hafi greitt hana oftast nær í einhvers konar vinnu eða með silungi.

Næst var Einar Jónsson á Auðnum, bróðir Páls, spurður sömu spurninga. Hann sagðist þekkja til landamerkjanna eftir sögn forfeðra sinna og sagði þau vera Flatskalla, þaðan beina stefnu í Þverdalsbryggju og síðan í Bóndhól. Annarri spurningu gat hann ekki svarað með vissu en taldi að það hafi farið milli föður síns sáluga sem bjó í Reykjahlíð og þáverandi ábúanda Grímsstaða en eftir að Þorsteinn Jónsson settist á Reykjahlíð hafi hann verið í fjögur ár á Grímsstöðum sem vinnumaður en ekki vissi hann til að þau ár hafi verið goldinn eiginlegur tollur fyrir lítilsháttar vetrarbeit frá Grímsstöðum í Fagranesland. Þriðju og fjórðu spurningu svaraði hann þannig að hann hafi aldrei heyrt annað en Fagranesland tilheyrði Reykjahlíð, engar efasemdir heyrt þar að lútandi fyrr enn nú og aldrei vitað til þess að Grímsstaðamenn eignuðu sér land Fagraness. Síðustu spurningunni svaraði hann játandi og sagðist hafa verið þar viðstaddur en vissi ekki til að því hefði verið áfrýjað.

<sup>58</sup> Skjal nr. 2 (191) a-b.

Þriðja vitnið, Gamaliel Halldórsson bóndi í Haganesi, sagðist þekkja landamerki Fagranes og Grímsstaða eftir lögfestu séra Jóns Þorsteinssonar fyrir Reykjahlíð. Samkvæmt henni væru þau nefnd Flatskalli, Skjólbrekka og Þverdalsbryggja. Hann vissi ekki hvort þessi landamerki væru rétt og hann hafði aðeins séð þau tvö fyrstnefndu. Önnur spurning féll burtu því að vitnið hafði hvorki verið til heimilis í Reykjahlíð né Grímsstöðum og gat því ekki svarað henni. Næstu tveimur spurningum svaraði hann þannig að hann hafi aldrei heyrt annað en Fagranes tilheyrði Reykjahlíð og hvorki heyrt Grímsstaðamenn eigna sér jörðina fyrr enn nú né nein misklið hafi áður verið þar um. Síðustu spurningunni gat hann ekki svarað.

Fjórða vitnið var Halldóra Jónsdóttir, sjötíu ára að aldri, sem búíð hafði í sveitinni í mörg ár. Halldóra gat aðeins svarað þriðju spurningunni en hún sagðist hafa heyrt af sér eldri mönnum að Fagranesland hafi tilheyrð Reykjahlíð en hvort það hafi verið kirkju- eða bóndaeign vissi hún ekki. Hún sagðist hafa heyrt gamla konu að nafni Guðrúnu Jónsdóttur segja frá því að hún hafi verið hjá foreldrum sínum í Gröf, skammt frá Reykjahlíð, þegar jarðeldurinn eyðilagði Fagranes og Gröf á árunum 1728-1729. Þá hafi báðar jarðirnar tilheyrð Reykjahlíð eða a.m.k. legið undir sama umboð og sú jörð.<sup>59</sup>

Því næst lagði Sigurður á Grímsstöðum fram spurningar sem hann vildi að yrðu lagðar fyrir Eyjólf Sæmundsson bónda á Þverá í Laxárdal en þær voru svohljóðandi:

1. vissud þér til að það so kallada FagraNesland væri brúkad af Grímsstada ábúanda þá Tyd sem þar vórud?
2. var það brúkad ákjærulaust af Hlydar bonda?
3. vissud þér til [til, ofan línu] að goldid væri nockud eptir það?
4. vórud þér leingi <á> Grímsstöðum hjá húsbónda ydar Bjarna Sál.?
5. haldid þér [þér, tvítekið og yfirstrikað í seinna skiptið] hann hafi bedid leifis nockurn Tyma um það land?<sup>60</sup>

Eyjólfur sem var 75 ára gamall og hafði verið frá átta ára aldri til um þrítugt á Grímsstöðum sagðist hafa vitað til þess að Fagranesland hafi verið brúkað af ábúendum Grímsstaða. Annarri spurningu svaraði hann þannig að hann hafi aldrei heyrt af neinni ákæru Hlíðarbónda vegna umræddrar notkunar. Hann vissi ekki til þess að nokkuð hafi verið goldið fyrir notin þó það hafi vel getað gerst án þess að hann vissi um það. Svárið við fjórðu spurningu var þegar fram komið en síðustu spurningunni svaraði hann þannig til að hann viti ekkert um það en hann hafi aldrei heyrt það orðað.

Báðir málsaðilar höfnuðu áreið og skoðun á landamerkjum milli Grímsstaða og Fagraness. Því næst voru vitnin látin sverja eið að vitnisburðum sínum, séra Jón

<sup>59</sup> Skjal nr. 2 (147) a-b.

<sup>60</sup> Skjal nr. 2 (191) a-b.

Þorsteinsson lagði fram sóknarskjal sitt og sökum þess að degi var tekið að halla var málinu frestað til morguns.<sup>61</sup>

Að morgni næsta dags mættu málsaðilar fyrir réttinn og lögðu fram skriflegan samning sem var dagsettur samdægurs. Í honum kom fram að þeir höfðu sammælt um að fresta málinu til næsta vors og ætluðu á meðan að afla skjala og skírteina sem gætu varpað frekara ljósi á deiluefni þeirra. Þann kostnað, sem þegar hafði risið af málinu, skyldu þeir báðir greiða til helminga.<sup>62</sup>

Fagranesmálið var aftur tekið fyrir í aukarétti á Skútustöðum 18. maí 1833 sem blásið var til að frumkvæði séra Jóns Þorsteinssonar. Páll Jónsson hreppstjóri og Jón Þórðarson á Grænavatni voru spurðir út í virðingu þeirra á dánarbúi Þorsteins heitins Jónssonar forpaptara í Reykjahlíð frá 1828. Þeir svöruðu því til að innifalið í mati þeirra, sem hljóðaði upp á 700 ríkisbankadali silfurs, væri allt land, auk hlunninda og ítaka, sem Þorsteinn hafði haft í eignarhaldi og umráðum án þess að þeir hafi tiltekið einhverja ákveðna upphæð fyrir Fagranesland sem þeir sögðust ekki hafa vitað að væri aðskilið land. Páll hreppstjóri var ennfremur spurður hvaða not hann hefði haft af Fagraneslandi meðan hann bjó á Grímsstöðum. Hann svaraði því til að hann hafi á stundum haft vetrararbeit fyrir sauðfé sitt í Stekkjardalshólum og út með Skjólbrekku og einnig vorbeit á sama stað ef grastoppar spruttu fyrr þar en í Grímsstaðalandi. Aðspurður um hvort hann gæti slegið tölu á hversu mikið hann hafi árlega galdið Þorsteini fyrir beitina sagði hann u.þ.b. 1 ríkisbankadal á ári en annars hefði hann aldrei sett upp neina ákveðna upphæð. Næst spurði dómariinn Sigurð hvaða not hann hefði haft af Fagraneslandi síðan hann hóf búskap á Grímsstöðum. Hann svaraði því til að hann hafi haft þar sumar- og vetrararbeit fyrir sauðfé sitt þegar hann þurfti þess við og virtist séra Jón ekki þurfa. En einnig hafi hann látið höggva þar nokkuð af sprekuðum skógviði.<sup>63</sup>

Aftur var málið tekið fyrir í héraðsrétti á Skútustöðum 14. júní 1833. Byrjað var á því, að ósk séra Jóns, að yfirheyra Einar Jónsson á Ferjubakka og voru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir hann:

- 1 Hvörri Jördu hafid þér vitad, ad Land Eidijardarennar Fagraness tilheirdi?
- 2 Brúkadi ecki Fadir ydar sál. Jón Einarsson það Land til beitar og kolagjördar, þegar hönum sýndist?
- 3 Ljedi hann ecki Utansveitarmanni Heyskap i Fagranesslandi og Gæsadal? og hvörjum? og tók hann ecki betaling þar fyrir?
- 4 Vissud þér nockurntjma til, ad þávarandi Grímstada ábúandi Bjarni sál. eignadi sier Fagranessland, edur brúkadi það sem eiginn Eygn, án leigu og leyfis?

<sup>61</sup> Skjal nr. 2 (147) a-b.

<sup>62</sup> Skjal nr. 2 (148) a-b.

<sup>63</sup> Skjal nr. 2 (150) a-b.

5 Vissud þér ekki til að nefndur sál. Bjarni, léti yduglega margt gott af hendi rakna til Föður ydar sál. og yckar barna hans, og í hvöriu?

6 og vissud þér að þessi mörgu góðu útlát Grímsstada ábúanda til födr ydar sál. væru í öðru skini, enn fyrir beit í Fagranesslandi, og gátu þaug af Föður ydar verid í öðru betölud? edur munu munu þaug hafa verid borgud med hestagaungu á Austurfjöllum?

7 Vitid þier Landamerki millum GrimstadaLands að austann, og Fagranesslands að sunnannog vestanverdu? og hvör eru þaug?<sup>64</sup>

Einar sagðist ekki vita betur en að land Fagraness hafi tilheyrt Reykjahlíð. Annarri spurningu svaraði hann á þá leið að faðir hans hefði notað landið bæði til beitar og kolagjörðar en einnig til heyskapar í svokölluðum Botnum. Þriðju spurningu svaraði hann þannig að faðir sinn hefði lánað Jóni Jónssyni, þá verandi á Hamri í Laxárdal, í tvo ár heyskap í Botnum til móts við sig og að Jón hafi goldið það með hálfmánaðar vinnukonuláni sitt árið hvort. Ávallt hafi verið borgað fyrir notkunina, oftast í heyi og matvælum. Sjöttu spurningu svaraði hann þannig að útlát Bjarna sáluga á Grímsstöðum til föðurs síns hafi tæpast getað verið fyrir annað en beit í Fagraneslandi einkum fyrir sauðfé á vetrardag. Hann segir að einstaka sinnum hafi sauðfé á Grímsstöðum af sjálfsdáðum farið í Fagranesland á sumardag, líka kýr ef svo stóð á en hestagöngu á svokölluðum Austurfjöllum hafi Bjarni aldrei þurft að kaupa af föður hans því hana hafi hann leigt af Jóni Jónssyni í Ási. Hann bætir því við að öll viðskipti Bjarna og föður hans hafi farið fram í vinsemd og hann viti ekki til þess að nokkurn tíma hafi verið settur upp fastur tollur fyrir notkun Fagranesslands. Einnig minni hann að faðir sinn hafi einhvern tíma látið taka upp kol í Fagraneslandi sem ábúandi Grímsstada hafði látið gera. Lokaspurningunni svarar hann á þá leið að landamerki milli Fagranesslands að vestanverðu og Grímsstaðalands að austanverðu sé Flatskalli, Skjólbrekkugarða, Þverðalsbryggja og bein stefna þaðan til norðurs í Bóndhól. Aðspurður um hvort hann byggi yfir frekari upplýsingum varðandi málið svaraði hann því neitandi enda væri engin skjöl að finna um Fagranesland eftir að kotið eyðilagðist af jarðeldinum að undanskilinni lögfestu Einars afa síns. Hann hafi hins vegar séð hjá föður sínum nokkur bréf sem varpað gætu ljósi á málið væru þau nú fánleg. Að endingu segist hann ekki vita betur en að allt það sem eftir var óbrunnið af landi Fagraness hafi verið lagt til Reykjahlíðar af þáverandi eiganda beggja jarðanna, Sigurði Sigurðssyni landþingskrifara.

Við vitnisburð Einars hafði Sigurður á Grímsstöðum það að athuga að framburður hans um þann hluta Fagranesslands, sem jarðeldurinn leifði, væri byggður á því sem vitnið hafi orðið áskynja af föður sínum eftir gamalli lögfestu Reykjahlíðar og í samræmi við yfiringang hans og notkun á landinu.

<sup>64</sup> Skjal nr. 2(191) a-b.

Síðar sama dag féll dómur í málinu. Þar sem engin misklið var um takmörk Fagraneslands og sannað þótti að Fagranes hafði legið undir Reykjahlíð í meira en hálfu öld og líkast til síðan jarðeldur lagði jörðina í eyði 1729 þá var aðeins eftir að úrskurða um rétt til notkunar á því beitilandi sem tilheyrði kotinu. Erfitt var að álykta nokkuð um það af upprætti því að landið virtist hafa legið álika nærri Reykjahlíð og Grímsstöðum þó svo að hagbeitin lægi nú nær Grímsstöðum. Af jarðabókum Árna Magnússonar og Skúla Magnússonar megi ráða að Fagranes hafi verið lögbýli áður en það brann og eftir brunann hafi það líkast til fallið undir Reykjahlíð enda sami eigandi að báðum jörðunum. Dómsmenn töldu engar líkur, hvað þá sannanir, benda til þess að Fagranes né nokkuð af landeign þess hafi nokkurn tíma tilheyrð Grímsstöðum eða legið undir þá. Fullsannað teldist hins vegar að Þorsteinn heitinn Jónsson, fyrrum eigandi Reykjahlíðar, hafi haft Fagranes í átölulausu eignarhaldi í 36 ár og þurfi því hvorki eftir Norsku lögum né Jónsbók aðra heimild til jarðarinnar. Krafa Sigurðar á Grímsstöðum um að Fagranesland hafi ekki verið verðlagt til skipta eftir Þorstein Jónsson 1828 ásamt Reykjahlíð og ætti því að skipta því nú milli barna hans var ekki tekin til greina. Ástæðan var sú að erfingjarnir hefðu ekki látið virða það til skipta sérstaklega sem aðskilda eign dánarbúsins og því hlaut það að verðleggjast ásamt Reykjahlíð enda hefði það lengi fylgt þeirri jörð sem heimaland. Skiptamenn vissu heldur ekki betur en að Fagranesland væri sameinað Reykjahlíð og Sigurður, sem setti bú á Grímsstöðum vorið 1829, átaldi heldur ekki skiptin. Dómsmenn voru því ekki í vafa að Fagranesland ætti að dæmast eign séra Jóns enda hafi hann erfð Reykjahlíð eftir föður sinn. Hvað notkunarréttinn á landinu varðaði töldu dómsmenn engar líkur til þess að landið hafi verið notað án þess að greiða sérstaklega fyrir þá notkun og í varnarskjali Sigurðar komi fram að hann hafi sjálfur greitt fyrir það. Dómsmenn dæmdu því land það, sem að fornu hafði tilheyrð eyðijörðinni Fagranesi, eign séra Jóns Þorsteinssonar sem eiganda og erfingja Reykjahlíðar og hvorki núverandi eigandi Grímsstaða né nokkur annar mættu nýta sér umrætt land án leyfis.<sup>65</sup>

Í dómi í Fagranesdeilunni, sem kveðinn var upp fyrir héraðsrétti á Skútustöðum 14. júní 1833, er eyðijörðin Stöng sögð liggja við sömu takmörk og Fagranesland og hafa í áráraðir fylgt heimajörðinni Reykjahlíð.<sup>66</sup>

Reykjahlíð fær þessa umsögn í óársettri lýsingu Skútustaðapínga, en væntanlega frá því um 1840:

Reykjahlíð, 40 hundruð, norðaustan við vatnið, geysi landvið jörð, en sára heyskaparlítil og einkum örðug.<sup>67</sup>

Dómsmálaráðuneytið danska skrifaði amtmanni, í norður- og austuramti, 6. júlí 1872 og greindi honum frá samningi sem gerður hafði verið við Alfred G. Lock um leigu á brennisteinsnámum í Þingeyjarsýslu. Í samningnum, frá 13. apríl 1872,

<sup>65</sup> Skjal nr. 2 (151) a-b.

<sup>66</sup> Skjal nr. 2 (151) a-b.

<sup>67</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 122.



kemur fram að umræddar brennisteinsnámur samanstandi af Reykjahlíðar-, Kröflu- og Fremrinámum. Ennfremur segir þar að leigutakinn hafi engan rétt til að nota landið umhverfis námurnar því að það sé ekki eign hins opinbera.<sup>68</sup>

Fyrir fúgetarétti að Húsavík 18. janúar 1877 kröfðust þeir séra Benedikt Kristjánsson í Múla og Þ. Guðjohnsen verslunarfulltrúi á Húsavík þess að eignir brennisteinsfélagsins „The North of Iceland Sulphur Company (Limited)“ í Englandi yrðu kyrrsettar vegna vanskila. Getið var samnings A.G. Locks við dómsmálastjórnina 13. apríl 1872 til brennisteinsnáms í námum þeim í Þingeyjarsýslu, þ.e. Reykjahlíðar- og Fremrinámum sem voru í eigu hins opinbera.<sup>69</sup>

Á manntalsþingi á Skútustöðum 11. júní 1895 var lesið upp bann frá Einari Friðrikssyni í Reykjahlíð gegn hreindýraveiði í Reykjahlíðarlandi.<sup>70</sup>

Jón Einarsson í Reykjahlíð leigði alla fossa í landareign jarðar sinnar Reykjahlíðar 14. ágúst 1899.<sup>71</sup> Þessi leiguréttindi voru afsöluð Einari Benediktssyni 22. nóvember 1907 og síðan hlutafélaginu „Gigant“ 11. febrúar 1909.<sup>72</sup>

Landamerkjabréf fyrir Reykjahlíð var útbúið 8. apríl 1891. Það var þinglesið 29. maí sama ár:

Að sunnan móti Vogum ræður fyrst Svínavogur og Kálfstjörn, þá Smáralág er Reykjahlíð á hálf. Þaðan bein lína austur í Námakollu hina syðri; þaðan beint í þrengsli við Skessuhala, þrýtur þar Vogaland að austan. Fyrir sunnan Vogaland ráða fjallgarðar þeir til suðurs, er næstir liggja Mývatnssveit og frá þeim bein stefna suður í Bræðraklyf vestur af Herðibreið. Frá Bræðraklyfi ræður bein stefna austur í Jökulsá, sunnan við Herðibreiðartungu.

Að austan ræður Jökulsá alla leið norður að Dettifossi.

Að norðan móti Svínadals- og Áslandi í Kelduhverfi, ræður bein stefna frá Dettifossi í Eilífshnjúk; þaðan bein stefna yfir Hrótafjöll og Gjástykki móti Þeystarreykjalandi, vestur í mó, þar til Bóndhóll er genginn í hásuður og Eilífshnjúkur ber rjett norður undan Gæsafjöllum. Frá merki þessu ræður bein stefna í Bóndhól, sem er beint vestur af Gæsadalsfjöllum og þaðan móti Grímsstaðalandi bein lína í Þverdalsbyrgi, þaðan yfir há Skjólbrekku í merkivörðu austast á Flatskalla, þaðan beina stefnu í Kvæk, sem er grashvammur við vatnið, er gengur inni hraunið vestarlega, milli Grímsstaða og Reykjahlíðar. Þá ræður Mývatn suður að Svínavog. Fyrir vestan vatn á Reykjahlíð, Hrauneyrarland innan þessara ummerkja: Að norðan og vestan móti Grímsstöðum og Ytri - Neslöndum, ræður fyrst Fretvogur, frá botni hans bein stefna yfir Merkitjörn í Miðkíl er hálfur fylgir Reykjahlíð, þaðan í Tóukíl og eptir honum miðjum suður að Tóukílsgarði; ræður garður sá merkjum móti Syðri-Neslöndum, austur í Mývatn. Ennfremur fylgja Reykjahlíð eyjar,

<sup>68</sup> Skjal nr. 2(167).

<sup>69</sup> Skjal nr. 2 (152) a-b.

<sup>70</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. 93).

<sup>71</sup> Skjal nr. 8 (16).

<sup>72</sup> Skjal nr. 8 (17).

hólmar og sker í Mývatni sem hjer segir ... ~~(Reykjahlíð á ítök í annara manna lönd þau [þau, ofan línu] er hjer segir ... geldfjár og lambarekstur í Einarstaðakirkjuland á framfjöllum. Ennfremur á Reykjahlíð alla ómerkinga er koma fyrir í afrijettarlandi jarðarinnar.)~~<sup>73</sup>

Sigurgeir Pétursson, eigandi og ábúandi Reykjahlíðar, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Erlendi Gottskáلكssyni, fyrir Ás og Svínadal; B[enedikt] Kristjánssyni [presti á Grenjaðarstað], umráðamanni Þeistareykjalands,<sup>74</sup> Jóni Jónassyni, eiganda Ytri- og Syðri-Neslanda; Sigurjóni Kristóferssyni, eiganda Grímsstaða, og Guðna Ásmundssyni en hann skrifaði undir fyrir Voga.

Á spássíunni við yfirstríkaða textann kemur fram að ítakinu hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953 og sé því niður fallið. J. Skaptason skrifar undir þetta.

Árið 1982 sömdu eigendur og ábúendur í Vogum og Reykjahlíð um landamerki jarðanna:<sup>75</sup>

Úr Námukollu hinni syðri á Námufjalli í vestur í vörðu á Geitakofabjargi, þaðan í Smáralág hina nyðri.

Að öðru leyti ræður merkjalýsing Voga frá 26. maí 1890.

Erum samþykkir ofangreindum merkjum

Vogum, 15. júlí 1982

Sigurgeir Jónasson, Vogar 2, Hinrik Sigfússon Vogar 3, Þorlákur Jónasson Vogar 4, Stefán Sigfússon Vogum III, Hallgrímur Þórhallsson Vogum I, Pétur Jónasson Vogum II, Kristín Jónasdóttir Vogar 2, Hallgrímur Jónasson Hólum. Fyrir hönd Valgerðar Sigfúsdóttur og Jóns Árna Sigfússonar, Víkurnesi Hinrik Sigfússon, Vogum 3

Reykjahlíð, 15. júlí 1982

Illugi Jónsson, Jón P. Þorsteinsson, Hólmsfríður Pétursdóttir, Sverrir Tryggvason, Óskar Illugason, Valgeir Illugason, Jón B. Sigurðsson, Baldur Sigurðsson.

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að hálf Reykjahlíð tilheyri Reykjahlíðarkirkju en hinn helmingurinn ábúandanum. Jörðin er sögð 40 hundruð. Árstekjur af fjallagrasatínslu eru 2 ríkisdalir og 48 skildingar en 2 ríkisdalir fyrir hestagöngu. Jörðin fær líka 90 skilinga fyrir leigu á selstöðu. Henni fylgir kjarrskógur til eigin nota.<sup>76</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur eftirfarandi um Reykjahlíð:

<sup>73</sup> Skjal nr. 2 (7) a-b.

<sup>74</sup> Það var þá komið í umsjón Grenjaðarstaðar.

<sup>75</sup> Skjal nr. 4 (66).

<sup>76</sup> Skjal nr. 2 (22).

Reykjahlið ½ Kyrkjueign og ½ Bondaeign, hingað til talin 40 hndr. ... Kostir jarðarinnar eru: mikið fjallaland til hestagaungu sumar og vetur, hagarymi, landkostir til málnytu fyrir fé og kyr í betra lagi, mörland í besta lagi hér í hreppi og góð og áreiðanleg vetrarheit fyrir fjenað í heimahögum og hross í selhögum og á áðurnefndum fjöllum; ...hjer er og dálítill grasatekja ...<sup>77</sup>

Minnst er á í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Reykjahlíðar hafi verið þinglesin 1891 en að ágreiningur sé talinn gagnvart Ytri-Neslöndum. Eftirfarandi upplýsingar um Reykjahlíð eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landið er geysimikið að víðáttu og mjög kjarngott. Sauðfjárbætt hrossa mjög góð sumar og vetur, ... Fjárgeymsla erfíð vetur og sumar. ... Jörðin á víðlenda afrétt á Mývatnsfjöllum, vestan Jökulsár. Í hana tekið margt sauðfé á sumrum og hross til göngu á vetrum. Ganga hross þar marga vetur af án gjafar. ... ¼ hluti Dettifoss tilheyrir jörðinni, er sá hluti leigður fyrir 212 kr. árgjald. ... Andavarp í eyjum og hölmum í Mývatni og gæsavarp í Grafarlöndum, skammt frá Herðibreið. Eggjatekjan talin gefa 50 kr. árstekjur. ... Jörðin á upprekstur fyrir geldfé og lömb í Einarstaðakirkjulandi í Framdölum, en Einarstaðir 8 hrossa göngu í Mývatnsfjöllum.<sup>78</sup>

Í fasteignamatinu stendur einnig:

Undirmatsnefndin virðist eigi hafa tekið nándar nærri nægilegt tillit til tekna þeirra sem jörðin [Reykjahlið] hefir af Dettifossi og afrétti, enda mun hin síðarnefnda tekjugrein hafa hækkað síðan matið var gert. Samþykkt: Jörðin sjálf færast upp um 1500 Krónur.<sup>79</sup>

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir m.a. um býli í Reykjahlíðarlandi:

Fagranes. Það var sjálfstæð jörð með allgóðri áhöfn. Árið 1712 er talið talsvert engi þar og skógur og nokkur veiði. Enginn veit nú, hversu landi hefur verið háttáð þarna á milli Reykjahlíðar og Grímsstaða, áður en hraunið rann, en víst er, að nokkuð af vatninu hefur hraunið tekið af 1729 og mest allt nytjaland frá Fagranesi. Sú jörð fór þá í auðn, og féll landið til Reykjahlíðar.

...

Hlíðarhagi. Pétur [„gamli“ í Reykjahlíð] setti einnig bú undir mann langt norður í afrétti, á leið milli Reykjahlíðar og Svínadals. Þar hafði verið fornt sel, en býlið var skýrt Hlíðarhagi. Guðni hét sá, er fyrstur byggði, fyrir 1860. En Gottskálf Þorkelsson bjó þar síðastur til 1878. ...

Austarasel. Það stóð nærri þjóðvegi, þeim sem nú er, beint suður af Jörundi. Þar var sel Reykjahlíðar 1729 og lengi síðan. Þar setti Pétur gamli upp býli 1861, og stóð sú byggð til 1874. ...<sup>80</sup>

<sup>77</sup> Skjal nr. 2 (29) a-b.

<sup>78</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>79</sup> Skjal nr. 2 (35).

<sup>80</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 267.

Á öðrum stað er Austarasel sagt hafa verið byggt til ársins 1877.<sup>81</sup>

Ólafur Jónsson rekur byggðarsögu Austarasels í ritinu „Ódáðahraun“. Telur hann býlið hafa verið í eyði 1872-1873.<sup>82</sup> Ólafur fjallar þar einnig um byggðarsögu Hlíðarhaga.<sup>83</sup> Er sagt, að þar muni áður hafa staðið sel, Vatnasel. Ætlað er, að býlið hafi verið stofnað árið 1861, en ekki verið samfellt í byggð til 1878, t.d. sennilega í eyði 1872-1876. Þar eru greind landamerki Hlíðarhaga og vitnað í afréttarskrá frá 13. mars 1878:

Að vestan ráða Hágangnafjöll út í Áfanga og þaðan í Eilíf. Úr Eilífi ræður bein stefna til austurs gegnt Austari-Brekku, og ræður hún merkjum suður á móts við frem<ri> Hágangnahorn.

Í Gæsadal, sunnan Gæsafjalla, voru fyrrum geymd naut á sumrin. Sjást enn leifar garða, sem hlaðnir voru til varnar.<sup>84</sup>

Samkvæmt lýsingu Ólafs Jónssonar á Búrfellshraunum er dálítill grastorfa austan við Námaskarð. Þar hafi eitt sinn verið beitarhús frá Reykjahlíð, en þeirra sáust engin teljandi merki, þegar Ólafur ritaði lýsingu sína (líklega um 1944).<sup>85</sup> Jón Gauti Jónsson segir grænan bala fast við rætur Dalfjalls. Þar séu tættur beitarhúsa frá Reykjahlíð, en við þær sé Dalsrétt, sem var skilarétt fyrir Austurfjöll til ársins 1880.<sup>86</sup>

Árið 1899 voru allir fossar í landareign Reykjahlíðar „seldir á leigu“<sup>87</sup>. Áratug síðar var svo öllum vatnsréttindum afsalað til Einars Benediktssonar sýslumanns.<sup>88</sup>

Herðubreið og Herðubreiðarlindir voru friðlýstar árið 1974, sbr. auglýsingu nr. 272/1974.<sup>89</sup> Í yfirlýsingu vegna friðlýsingar er því lýst yfir af hálfu eigenda Reykjahlíðar að þeir geri ekki athugasemdir vegna hennar.<sup>90</sup> Skálar hafa svo verið byggðir í Herðubreiðarlindum, bæði fyrir ferðamenn og landverði. Í tilefni af friðlýsingu Öskju sem náttúruvættis árið 1977 voru tillögur að friðlýsingu barnar undir eigendur Reykjahlíðar, sem „hugsanlegra réttthafa“, sbr. 30. gr. náttúruverndarlaga.<sup>91</sup>

Gerður var rammSAMNINGUR milli Landsvirkjunar og landeigenda Reykjahlíðar ehf. um nýtingu jarðhita, kaup á fasteignum o.fl. í nóvember 2005.<sup>92</sup> Landsvirkjun keypti Kröfluvirkjun og Jarðvarmaveitur ríkisins af íslenska ríkinu á árunum 1985 og 1986 en síðan þá hefur fyrirtækið stundað og kostað rannsóknir á

<sup>81</sup> *Byggðir og bú Suður-Dingeyinga 1985*, bls. 356.

<sup>82</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun III*, bls. 148-153.

<sup>83</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun III*, bls. 153-157.

<sup>84</sup> Jón Gauti Jónsson: *Mývatnssveit með kostum og kynjum*, Árbók Ferðafélags Íslands 2006, bls. 164.

<sup>85</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun I*, bls. 58.

<sup>86</sup> Jón Gauti Jónsson: *Mývatnssveit með kostum og kynjum*, bls. 172.

<sup>87</sup> Skjal nr. 8 (16).

<sup>88</sup> Skjal nr. 8 (17).

<sup>89</sup> Skjal nr. 8 (166).

<sup>90</sup> Skjal nr. 8 (40).

<sup>91</sup> Skjal nr. 8 (55).

<sup>92</sup> Skjal nr. 8 (155).

jarðhita á svonefndu jarðhitaréttindasvæði við Kröflu og í Bjarnarflagi (Námafjalli), sbr. samning íslenska ríkisins við landeigendur Reykjahlíðar frá 18. mars 1971.<sup>93</sup>

Nokkrum lóðum hefur verið skipt út úr því landsvæði sem liggur á kröfusvæði íslenska ríkisins, einkum á því svæði sem er umhverfis Kröfluvirkjun.<sup>94</sup> Einnig hefur verið gerður samningur milli eigenda Reykjahlíðar og Starfsmannafélags Kísiliðjunnar hf. árið 1972 um lóðarafnot í Gæsadal við Gæsafjöll.<sup>95</sup>

Auk skálabygginga í Herðubreiðarlindum hafa verið gerðir skálar í Dreka austan í Dyngjufjöllum, í Bræðrafelli sunnan í Kollóttudyngju, í Heilagsdal og í Dyngjufelli í Dyngjufjalladal. Flestir skálarnir eru í eigu Ferðafélags Akureyrar.<sup>96</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið í Reykjahlíð frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.3.1 Möðrudalur

Hér verður fjallað um heimildir um Möðrudal að því leyti sem þær varða kröfusvæði vegna Reykjahlíðar.

Gjörningur er til um máldaga og landamerki Möðrudals frá 1. september 1408. (Talinn falsbréf). Þar kemur fram að:

(Enn) fremur a kirkian vij hrossa gaungu yfir um Jökulsa og taka Eij folöld undann. Omerkinga alla i Herdubreidstungum.<sup>97</sup>

Máldagi Möðrudalskirkju er frá 1493. Þar kemur fram að kirkjan eigi: vij kapla gongv: oc taka eigi vndan folollid. yfver vm jokvlsáá.<sup>98</sup>

Vitnisburður um landamerki Möðrudals er frá 6. desember 1532. Þrír menn vitnuðu, að sonur fyrrum prests í Möðrudal lýsti því:

að faðir sinn hefði haldið m.a. „atta hrossa göngu beit i Vegge ok Krokmeil. ok taka ecke undan folollid. a Myvats auræfe fyrer nordan Jokulsä. ok halfar Herdebreidstungur.“<sup>99</sup>

Máldagi Möðrudals frá því um 1570 nefnir ekki hrossagönguna eða Herðubreiðartungur.<sup>100</sup>

Í máldaga Stefáns Jónssonar biskups fyrir Möðrudalskirkju stendur:

<sup>93</sup> Skjal nr. 1(12).

<sup>94</sup> Sjá t.d. skjal nr. 8 (160).

<sup>95</sup> Skjal nr. 8 (36).

<sup>96</sup> Skjal nr. 8 (167).

<sup>97</sup> Skjal nr. 2 (108).

<sup>98</sup> Skjal nr. 2 (96).

<sup>99</sup> Skjal nr. 2 (105).

<sup>100</sup> Sbr. skjal nr. 2 (B.1. Ísl. fbrs. XV, 674-675).

... Kyrkjan á allann Gestreidarhals austur ad Þrijvördu. Vij Kapla gaungu (og taka ei undan fölolld) yfer umm Jökulsá.<sup>101</sup>

Árið 1645, í tíð Brynjólfs Sveinssonar biskups í Skálholti, var Möðrudalur vísiteraður en ekki er minnst á kaplagöngurnar.<sup>102</sup>

Eftirfarandi kemur fram í vísitasíu Mag. Brynjólfs í Möðrudal frá 1648:<sup>103</sup>

... Framkom nu Utskrifadur Maldagi handskrifadur af Sera Olafi Einarssyni Profasti Anno 1624 30 Augusti, huar suo stendur medal annra orda, ad Mariu Kyrkia og hinz H. Peturs Apostula i modrudal á ... Kyrkian á allan Gestreidarhálz vestur ad Þrijvördu. Siö Kapla göngu (og taka ei undann fölölld) ijfir umm Jökulzá. ... Var þetta j fjirstu Visitatione er Biskup Stefan rejd um Austfjirdinga fiördung. Medkiennir profasturinn Sr. Olafur Einarsson á Kyrkiubæ ad hann hafi latid skrifa þennan Mældaga Mödrudalz Kyrkiu ordriett efter þuj sem hann hafdi adur skrifad ur maldagaBokum Skalholltz dómkyrkiu fyrir tuttugu og Sex árum.<sup>104</sup>

Í vísitasíu Möðrudalskirkju frá árinu 1677 stendur eftirfarandi:

Þann 17 Augustj var visiterud Beatæ Mariæ et Sanctj Petri Apostolj Kyrkia ad Modrudal a Fiallj. Hun á efter Mældögum ... Kyrkiann á allann gestreidarhálz austur ad Þrijvördu, 7 kapla göngu (og taka ei undann fölölld) yfer um Jökulzá, Hactenus Biskups Stephanz máldagi.<sup>105</sup>

Vísitasía Möðrudals árið 1706 er byggð á vísitasíunni frá 1677:

Anno 1706. Þann 14 Augusti visiteradi Biskupen Magst. Jon Thorkelsson Widalin Kirkiuna ad Mödrudal a Fialle, ... J Visitatu Mag. Brinjólfs Anni 1648 Stendur so, ad frammvisadur hafe vered utskrifadur Maldæge, handskriftadur af Sr. Olafe Einarssyne profaste Anno 1624, 30 Augusti, hvar so Stande, ad Mariu Kirkia og Hins H. Peturs Apostula i Mödrudal eige ... Item ad Kirkian eige allan Gestreidarhálz vestur ad þrivörðum Siö Kapla gaungu (og taka ej undan fölöld) yferum Jökulsá. Af þessari Visitatu er ad Siá ad Mældagin hafe vered Stephans Biskups, enn ej liggur Hann nu á Kirkiunne, og ej seigest Presturin Hann medteked hafa, er og óglögt ad siá af Visitatu M. Þordar Anni 1677, hvert hann hafe þá til vered eda ej, seiger Presturin, ad nu sie bygt Kot i Peturs tungu sem kallest Sturluflötur, og nu sie eignad Skridu Klaustre; ej helldur er Hrossabeiten brukud fyrer vestan Jökulsá.<sup>106</sup>

Á manntalsþingi á Skútustöðum 10. maí 1800 óskaði Jón Þorsteinsson, fyrir hönd föður síns, Þorsteins Jónssonar forpagtara, vitnisburðar nálægna þingmanna um hvort þeir vissu til þess að umráðendur eða ábúendur Möðrudals á Fjalli hafi notað sér

<sup>101</sup> Skjal nr. 2 (183).

<sup>102</sup> Skjal nr. 2 (182).

<sup>103</sup> Skjal nr. 2 (187) a-b.

<sup>104</sup> Skjal nr. 2 (184) a-b.

<sup>105</sup> Skjal nr. 2 (185) a-b.

<sup>106</sup> Skjal nr. 2 (187) a-b.

vetrar- eða sumargöngu á Mývatnsfjöllum, eða svokölluðum Austurfjöllum. Þingmenn, einkum Jón Einarsson í Reykjahlíð, Jón Þorgrímsson á Gautlöndum, Sigmundur Árnason í Vindbelg og Marteinn Þorgrímsson í Garði, svöruðu því til að þeir hefðu aldrei á ævi sinni heyrt eða vitað til þess og það sama staðfesti Halldór Magnússon á Ytri-Neslöndum sem bjó á Möðrudal í fjórtán ár fyrir um tuttugu árum.<sup>107</sup>

Samin var lögfesta fyrir jörðina Möðrudal þann 9. maí 1844:

Það giörum vid undirskrifadir hérmed vitanlegt ad vid eptir Laganna Fyrimælum lögfestum hér i dag okkar Födrleifd og rétta Eign Jörðina Modrudal á Fjalli innan Jökuldals og Hlidar Hrepps i Nordurmúla Sýslu; Lögfestum vid allt sem tédri Jördu Mödrudal fylgt hefr og fylgia á ad réttu og fornu lagi, bædi Tödr og Eingiar, grítt og ógrítt, Vötn og Veidistödr og öll þau Herlegheit sem nefndri Jördu á ad fylgia til þeirra ummerkia sem til er vísad i Máldaga Herra Stepháns Biskups af 1493 og fleyri Biskupanna Visitatiu<r> sanna og samhlióda eru, ad Mödrudalsstad tilheyri ... Hesta gaungu á Mivatsnfjöllum og hálfar Herdabreidstungur.<sup>108</sup>

Undir lögfestuna skrifuðu Sigurður og Methúsalem Jónssynir. Hún var þinglesin þann 11. maí 1844.

Þann 20. mars 1884 var lagt fram landamerkjabréf fyrir Möðrudal með hjáleigunum Lóni [Rangárlóni], Gestreiðarstöðum og Fögrukinn. Það var undirritað af Stefáni Einarssyni í Möðrudal. Þar segir m.a.:

Einnig á Möðrudalur átta hrossa göngu á „Austurfjöllum” vestan Jökulsár og hálfar „Herðabreiðar-tungur”.<sup>109</sup>

Ódagsett landamerkjabréf fyrir Möðrudal var þinglesið 25. júlí 1923: Þar segir m.a.:

Ítök í annarra löndum: Á Mývatnsöræfum [fyrir ofan línu] 4 hrossa ganga á vetrum og vori og egg og viðartekja í Grafarlöndum og Herðubreiðarlöndum.<sup>110</sup>

Jón A. Stefánsson í Möðrudal skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af bændum þar í nágrenni og Einari Friðrikssyni og Jóni Einarssyni fyrir Reykjahlíð.

#### 5.4 Krepputunga

Krepputunga milli Jökulsár og Kreppu. Hér að framan hafa verið raktar heimildir um Reykjahlíð og skal þá tekið til við Brú. Loks verða raktar heimildir sem lúta sérstaklega að Krepputungu.

<sup>107</sup> Skjal nr. 2 (140) a-b.

<sup>108</sup> Skjal nr. 2 (188).

<sup>109</sup> Skjal nr. 2 (189).

<sup>110</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b.

Brúar sést fyrst getið í máldaga Möðrudalskirkju frá árinu 1493. Þar segir að Brú eigi kirkjusókn að Möðrudal.<sup>111</sup>

Brú er nefnd í sölubréfi frá 16. nóvember 1500. Þar er dýrleikinn sagður 20 hundruð með öllum gögnum og gæðum jarðarinnar.<sup>112</sup>

Í vitnisburði um landamerki Möðrudals 1532 er talað um Brúarveg, sem landamerki, en ekki er afgerandi, hvort um merki móti Brú sé að ræða.<sup>113</sup>

Ágreiningur um Brú kom fyrir dóm árið 1544 en þar er ekkert minnst á mörk eða landstærð.<sup>114</sup>

Páll Melsteð sýslumaður mætti að Brú á Jökuldal 24. ágúst 1824 að beiðni eigandans Guðmundar Einarssonar til þess að framkvæma skoðunar- og virðingargerð í þeim tilgangi að lækka jarðardýrleikann vegna mikils skaða sem jörðin hefði beðið af sandfoki og öðrum áföllum. Viðstaddir voru, auk fjögurra skoðunarmanna, Gunnlaugur Þorkelsson á Eiríksstöðum fyrir hönd Eiríks Eiríkssonar hreppstjóra vegna fátækra sjóðs. Viðkomandi sóknarprestur gat ekki mætt en sýslumaður kvaðst sjá um að afla samþykkis hans. Guðmundur eigandi Brúar samþykkti að sýslumaður stýrði gerðinni þó svo að hann væri ekki hlutlaus sökum konungstíunda. Því næst var riðið á landið og þá kom í ljós:

... Loksins er af Afrettum þeim, er Brú tilheyrir, og Brúardalir nefnast, aftekin fullur þridiungur, vegna þess, að Vatnsfall nokkurt, að nafni Saudá [Upphaflega hefur verið skrifað, Kringilsá], er, vegna Jökulhlaupa, aldeilis ófært ordid bæde Mönnum og Sképnum, og öll Öraefe þau, sem þar eru fyrir framan, eru því Jörðunni töpud og ad eingu Gagni.<sup>115</sup>

Brú var metin á 20 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Jörðin hafði „afrétt“ sem metinn var á 88 álnir. Þar var álftafjaðratekja, metin á 66 álnir. Hægt var að taka fimm hesta á útigang.<sup>116</sup>

Í jarðamatinu 1849 stendur eftirfarandi um jörðina Brú:

.... útheyskapur talsverdur enn lángsóktur ... afrétt á jörðinn fyrir sjálfa sig, og má ljá hann öðrum 2ur eda 3ur mönnum. - Hestaganga á vetrum í Arnardal er betri enn á öðrum jörðum í þessu bigdarlagi; ...<sup>117</sup>

Landamerkjaskrá Brúarlands var undirrituð þann 4. júlí 1890. Hún var þinglesin þann 6. júní 1894:

Landamerki milli Brúar og Eiríksstaða, Hákonarstaða og Möðrudals.

Eptir garði þeim, er liggur úr Jökulsá utan við svokallaða „Orustustaði“, sjónhending í fremstu Hnefilöxl; þaðan í svokallaðann Stóralæk, er fellur í

<sup>111</sup> Skjal nr. 2 (96).

<sup>112</sup> Skjal nr. 4 (68).

<sup>113</sup> Skjal nr. 4 (70).

<sup>114</sup> Skjal nr. 4 (71). Bréfið er skrifað 9. nóvember 1544.

<sup>115</sup> Skjal nr. 2 (179) a-b.

<sup>116</sup> Skjal nr. 2 (175) a-b.

<sup>117</sup> Skjal nr. 2 (176) a-b.



Þverárvatn, og allt land vestan vatna, út í sel sem stendur í svo kölluðum Skalladal; þaðan beina leið í Rúnastein á Urðarhlíð, sjónhending í hestleið á Þríhyrningsfjallgarði. Allan Arnardal átölulaust, allt land Jökulsár á milli.<sup>118</sup>

Eiríkur Guðmundsson (Brú) skrifaði undir skrána. Einnig skrifuðu undir: Einar Eiríksson (Eiríksstöðum), S. Magnússon (sennilega frá Hákonarstöðum), Eiríkur Einarsson (líklega á Eiríksstöðum) og St. Einarsson (Möðrudal).<sup>119</sup>

Þann 14. október 1921 var útbúið landamerkjabréf fyrir jörðina Brú. Því var þinglýst 27. júlí 1922:

Eftir grafning þeim, er fellur í Jökulsá utan við Orustustaði, sjónhending í fremstu Hnefilsöxl, þaðan í Merkilæk, sem fellur í mitt Þverárvatn sunnanvert, alt land vestan vatns út í Svinabúðalæk, sem ræður þaðan neðan frá Kílum upp á ölduna neðan við Gyltuteig, þaðan í lágan mel utan við Fiskidalshálsinn, þaðan beina línu í ysta þríhyrnunginn. Þaðan beina línu í Arnardalsárós við Jökulsá á Fjöllum og alt land Jökulsáa á milli.<sup>120</sup>

Undir landamerkjabréfið skrifaði Eyjólfur Marteinson. Það var samþykkt af Einari Eiríkssyni á Eiríksstöðum, Guðjóni Gíslasyni í Heiðarseli og Jóni A. Stefánssyni í Möðrudal.

Í fasteignamati N.-Múlasýslu 1916-1918 stendur að Brú fylgi stórt og víðlent afréttarland en það gefi ekki af sér neinar sérstakar tekjur og silungsveiði geti verið nokkur í heiðarvötnum en hafi ekki verið stunduð um langan tíma vegna fjarlægðar og annarra erfiðleika. Þá segir að í Arnardal gangi hross oft úti mikinn hluta vetrar og meðal jarðargæða er talin óbrigðul hrossaganga í Arnardal framan af vetri. Meðal ókosta er nefnt að heiðarbýlin Laugarvellir, Grunnvatn og Heiðarsel eigi hrossagöngu í Arnardal fyrir 4 hesta hvert.<sup>121</sup>

Fram kemur í fasteignarmati Brúar frá 1930-1932 að „afréttarland“ sé mjög víðlent og ágætlega kjarngott en fjallgöngur, erfíðar. Hvorki er keyptur né seldur upprekstur. Uppkast að fasteignamati Brúar frá 1930-1932 sem gert var af ábúandanum er í stórum dráttum samhljóða. Þó kemur þar fram í 11. tölulið um byggingarefni að meltekja sé í Arnardal langt í burtu. Einnig er spurning um hvort aðrar jarðir eigi ítök í landið svarað þannig að Laugarvalladalur hafi verið seldur úr landi jarðarinnar og að þrjár jarðir eigi tólf hesta göngu á Arnardal.<sup>122</sup>

Sveitir og jarðir í Múlaþingi lýsa jörðinni Brú svo:

B er efsti bær á Jökuldal og jörðin talin önnur hin stærsta á landinu. Hún nær suður til Brúarjökuls, vestur að Jökulsá á Fjöllum, norður að ósi Arnardalsár og þaðan sjónhending að mestu sa. í Þverárvatn. Í Jökulsá á Brú koma mörk við læk gegnt Arnarbæli og fylgja þaðan Jökulsá suður til jökla. ... Áður náði

<sup>118</sup> Skjal nr. 2 (172) a-b.

<sup>119</sup> Heimilisföng Jökuldæla sett eftir sóknarmannatali Hofteigs.

<sup>120</sup> Skjal nr. 2 (173) a-b.

<sup>121</sup> Skjal nr. 2 (177) a-b.

<sup>122</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

Brúarland mun lengra norður: Frá Skollavík við Ánavatn nokkurn veginn beina stefnu á mitt Ferjufjall vestan Jökulsár á Fjöllum. Heiðarbylin Heiðarsel við Poll sunnan Ánavatns og Grunnvatn nokkru norðar voru seld undan jörðinni snemma á þessari öld, og stórt svæði vestan fjallgarða hvarf til Möðrudals, en ókunnugt hvenær og hvers vegna.<sup>123</sup>

Helstu hlunnindi í landi B eru: Silungsveiði í Þverár-, Þríhyrnings- og Gæsavatni og Kreppulóni, ... vikurtaka var mikil um skeið (um 1940-60) aðallega í Arnardal ... hreindýr eru um allar trissur, og lengi voru aðalstöðvar þeirra í Kringilsárrana, gæsa- og álfstavarp víða.<sup>124</sup>

Árbók Þingeyinga 1965 birti grein eftir Jóhann Skaptason sýslumann, sem nefnist „Sýslumörk Þingeyjarsýslu“ og tekin var saman að tilmælum Landmælinga Íslands. Þar heldur hann því fram, að mörk Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu eigi að vera um Kreppu. Verður hér á eftir tekin upp umfjöllun Jóhanns um Krepputungu, þótt heimildir hans fyrir því, sem hann heldur fram um sýslumörk, séu mjög takmarkaðar:

Mörkin milli Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu eru að mínu áliti ekki rétt tilfærð á kortinu [„Herföngjaráðskortinu“], eftir að kemur suður að Kreppu. Ég álít, að Krepputunga öll tilheyri Suður-Þingeyjarsýslu. Merkin eiga því, að mínu áliti, að vera með *Kreppu*.

Þessi misskilningur, sem fram kemur á kortinu, er til orðinn eftir að Kreppa hlaut sérstakt nafn, en það er tiltölulega nýskeð, eða líklega snemma á 19. öld. Þó er mér ekki fullkunnugt um það.

Kreppa er aðeins ein af upptakavíslum Jökulsár, en þó önnur aðalkvíslin. Eftir að hún hlaut sérstakt nafn, var fremur farið að kalla hina aðalkvíslina Jökulsá.

Austurmörk sýslunnar hafa að jafnaði verið talin við Jökulsá ofan við Dettifoss. En þá var átt við ána, þar sem hún rann í einum fjarvegi, en auðvitið [svo] engin afstaða tekin til merkjanna inni á lítt kunnum öræfum, þar sem meginfljótið myndaðist af mörgum kvíslum.

Hinsvegjar mun mér óhætt að fullyrða, að Kverkfjöll og Krepputunga hafa frá fornu fari verið talin hér um slóðir með þingeyiskum öræfum, bæði af almenningi og fræðimönnum, þótt punktalínan á landabréfinu hafi á seinni árum ruglað suma í ríminu.

Þorvaldur Thoroddsen telur Kverkfjöll, Kreppuhrygg og Hvannalindir með þingeyiskum stöðum í 4. bindi ferðabókar sinnar, bls. 149. Í 1. bindi ferðabókarinnar lýsir hann ferð sinni um sömu staði með þingeyiskum öræfum, Ódáðahrauni. Sama gerir Ólafur Jónsson í hinu mikla riti sínu Ódáðahrauni. Og „landaleitarmennirnir“ þingeysku, sem ferðuðust um

<sup>123</sup> *Sveitir og jarðir í Múlaþingi I*, bls. 278.

<sup>124</sup> *Sveitir og jarðir í Múlaþingi I*, bls. 279.

Þingeysku öræfin í hagaleit árið 1880, fóru alla leið austur að Kreppu. Hinsvegar mun ekki hafa hvarflað að þeim að fara austur fyrir Kreppu, því austan hennar var vafalaust land Norðmýlinga.

Ferðir í Krepputungu munu yfirleitt fremur hafa verið farnar vestan yfir Jökulsá heldur en austan yfir Kreppu, því að vesturkvíslarnar þóttu að jafnaði árennilegri en Kreppa.

Þegar hinn kunnvi kvikmyndatökumaður Edvarð Sigurgeirsson bauð Suður-Þingeyjarsýslu til kaups kvikmyndir frá Þingeyskum öræfum, var þar á meðal kvikmynd frá Hvannalindum og Kverkfjöllum.

Það mun fremur sjaldgæft, að fé fari í Krepputungu, en þó eru þess nokkur dæmi. Sjálfsagt hefir það oftast orðið þar úti, en þegar við það hefir orðið vart, hefir þótt nauðsynlegt að bjarga því, en enginn talið sér skylt að senda í göngur þangað. Stundum mun því hafa verið bjargað frá Möðrudal en stundum vestanyfir, og svo var það á s.l. hausti [skrifað 21. nóvember 1965] að menn frá Akureyri og úr Mývatnssveit björguðu því á báti vesturyfir, þótt Mývetningar telji sér það óskylt. Krepputunga mun aldrei hafa verið talin með afréttum, sem skylt væri að ganga.

Ég held, að það sé óumdeilt, að Suður-Þingeyjarsýsla nái austur til Hákerkfjalla. Ef ekki þykir rétt að setja mörkin alla leið austur í Kreppu við jökul, kynni að mega leggja þau um Kverkfjallarana, Lindaá og Kreppu. Mætti þá ætla, að framvegis hvíldi á báðum sýslum skylda til að bjarga fé úr Krepputungu, en líklega vilja báðar sýslur vera lausar við þá skyldu.<sup>125</sup>

Í bréfi sýslumanns Norður-Múlasýslu, 23. janúar 1970, f.h. náttúruverndarnefndar sýslunnar til Náttúruverndarráðs er lagt til að Hvannalindir í Krepputungu verði friðlýstar, eða allt gróið land í grennd við lindirnar, fyrir bifreiðaumferð og mannvirkjagerð. Landsvæðið er þar sagt tilheyra Brúaröræfum og að ekki virðist standa á samþykki Brúarbónda til verndunar svæðisins.<sup>126</sup> Var friðlýsingin samþykkt af Náttúruverndarráði 3. febrúar s.á.<sup>127</sup> Brúarbóndi lýsti því yfir, 24. júlí 1972, að hann teldi Hvannalindir innan merkja jarðar sinnar, en hann væri samþykkur friðlýsingu þeirra.<sup>128</sup>

## 5.5 Vogar

Voga er nokkrum sinnum getið í Íslensku fornbréfasafni, en hvergi minnst á mörk. Er þar fyrst að nefna máldaga Reykjahlíðar í máldögum Auðunar rauða árið 1318, en þar er getið bónda í Vogum, Voga-Bjarnar.<sup>129</sup>

<sup>125</sup> Jóhann Skaptason: „Sýslumörk Þingeyjarsýslu“, *Árbók Þingeyinga 1965*, bls. 69-71.

<sup>126</sup> Skjal nr. 5 (9).

<sup>127</sup> Skjal nr. 5 (2).

<sup>128</sup> Skjal nr. 5 (3).

<sup>129</sup> Skjal nr. 2 (82).

Makaskipti voru gerð á hálfum Leyningi í Eyjafirði og jörðinni í Vogum við Mývötn, 13. september 1437 og voru Vogar seldir:

med ollum þeim gaugnum oc gæðum er greindri yordu fylger oc fylgth hefer ath fornu oc nyiu.<sup>130</sup>

Vogar með öllum gögnum og gæðum, er fylgt höfðu að fornu og nýju voru látnir í makaskiptum fyrir Ystuvík í Laufásþingum og 30 hndr. í fljótgildum peningum, 15. júní 1477 (27. mars 1478).<sup>131</sup>

Hálfir Vogar ásamt ýmsum öðrum jarðahelmingum í Þingeyjarsýslu voru látnir í makaskiptum fyrir jarðir í Eyjafirði 18. apríl 1504.<sup>132</sup>

Þorsteinn Finnbogason seldi jarðir í Eyjafirði en fékk á móti jarðir í Þingeyjarsýslu með öllum þeim gögnum og gæðum er greindum jörðum fylgdu og fylgt höfðu að fornu og nýju, þar á meðal Voga, 23. maí 1514.<sup>133</sup>

Þorsteinn Finnbogason gaf Nikulási syni sínum til kvonarmundar ýmsar jarðir í Þingeyjarsýslu, þar á meðal Reykjahlíð, 30 hndr., og Voga, 30 hndr., 30. september 1548.<sup>134</sup>

Í máldaga Reykjahlíðarkirkju árið 1573 segir um landamerki Reykjahlíðar og Voga:

milli voga oc hlijdar Landamerki vr ytre Smara lag oc suijna vogur/ vogar eiga lútent wt vndir þreyngsl skilur þar landa merki hlijdar og voga:<sup>135</sup>

Þessi merkjalýsing eða sambærileg er endurtekin í prófastsvísitasíu í Reykjahlíð árið 1735 og biskupsvísitasíum 1760 og 1828.<sup>136</sup>

Jón Þórarinnsson lögfesti ábýlisjörð sína Voga 7. júní 1755 til eftirfarandi takmarka:

Ad Sunnannverdu J gard þann, er geingur uppeffter, frá Sunnannverdum Hraunvoqe, austur til Merkekletta, þaðann J Hverfellsnibbu ena Sidre, þaðann riettsýnis J ofannverdt Tóuhollt, þaðann J Jarfallid fyrir Vestann Flataskógarönd, þaðann og framm J þreingsle, móts vid Grænavatnzland. þaðann riettsýnis til austurs, giegnt Sunnannverdu Burfelle, og so riettsýnis, frá Nordannverdu Búrfelle, til Nordurs, giegnt Sidre Námakollu, og þaðann til Vesturs, effter sem Vördurnar hallda, Sem Standa J Hrauninu, ofanneffter, J gard þann sem geingur Vestur ad [yfírstrikað: J; ad, ofan línu] Smáralæg hinne Nirdre, og framm ad Kálfstiörn, og þaðann Vestur J Mývatn.<sup>137</sup>

<sup>130</sup> Skjal nr. 2 (88).

<sup>131</sup> Skjal nr. 2 (95).

<sup>132</sup> Skjal nr. 2 (122).

<sup>133</sup> Skjal nr. 2 (123).

<sup>134</sup> Skjal nr. 2 (106).

<sup>135</sup> Skjal nr. 1 (8).

<sup>136</sup> Skjal nr. 2 (130) a-b, 2 (73) a-b og 2 (76) a-b.

<sup>137</sup> Skjal nr. 2 (19) a-b.

Hann bannaði öllum að nota ofangreint land án síns leyfis. Lögfestan skyldi gilda venjulegt lagatermin, eða ákveðin tíma samkvæmt lögum (12 mánuði), og var hún lesin upp og uppáskrifuð á manntalsþingi á Skútustöðum 5. júní 1755 af Jóni Benediktssyni sýslumanni.

Í lögfestu Einars Jónssonar fyrir Reykjahlíð frá 5. júní 1758 er komið inn á landamerki við Voga, en þar er lögfestan samhljóða áðurnefndum máldaga 1573 og vísitasíunum 1735, 1760 og 1828.<sup>138</sup>

Lögfesta þessi var lesin upp samdægurs á manntalsþingi á Skútustöðum og svo aftur á sama stað 16. apríl 1762, 16. maí 1764, 7. maí 1766, 15. júní 1767, 19. júní 1769 en þar er sérstaklega tekið fram að enginn hafi mótmælt og 30. apríl 1774. Tveir menn votta að afritið sé samhljóða frumritinu á manntalsþingi á Skútustöðum 18. maí 1833.

Lögfesta Voga var lesin upp á manntalsþingi á Skútustöðum 6. maí 1799. Inntaks hennar er ekki getið en fram kemur að enginn hafi mótmælt henni.<sup>139</sup> Sama gildir um lögfestu árið 1809.<sup>140</sup>

Vogar fá þessa umsögn í lýsingu Skútustaðapinga, óársettri en væntanlega frá því um 1840:

Vogar, 30 hundruð, landlítil heima um sig en hefur það æði mikið í fjarlægð.<sup>141</sup>

Vogabændur létu þinglýsa svonefndu „Ludentarlandi“ (Ludentarlandi) á manntalsþingi á Skútustöðum 12. júní 1857. Pétur Jónsson bóndi í Reykjahlíð mótmælti lögfestunni að því leyti sem hún helgaði Vogum landið milli Hvannfells og Búrfells.<sup>142</sup>

Landamerkjabréf fyrir Voga var útbúið 26. maí 1890 og þinglesið 13. júní sama ár:

Að sunnan móti Geiteyarströnd ræður garður sá, er liggur til austurs frá sunnanverðum Hraunvogi, þaðan austur beina stefnu í norður enda Strandarholts, uppí lág þá, er liggur suður holtið og úr láginni austur í vegaborg (merkt með vörðu) sem liggur í Ludentarborgum; en borgir þær ráða svo merkjum til suðurs móti Kalfastrandar- og Garðslandi, þaðan réttýnis til austurs gegnt sunnan verðu Búrfelli móts við Grænavatns land, og ræður svo Búrfell til norðurs og Skessubali að Þrengslum þeim sem eru norðan undir honum, þaðan réttýnis til vesturs í Námukollu hina syðri (á Námufjalli) þaðan til vesturs eftir vörðunum, niður eftir hrauninu í Smáralág hina nyrðri, ræður svo láginn í Kálfstjörn, ur tjörninni í Mývatn ræður

<sup>138</sup> Skjal nr. 2 (191) a-b.

<sup>139</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.15).

<sup>140</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.32).

<sup>141</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 122.

<sup>142</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A 6. 68). Um nafnið Ludent, sjá Þórhallur Vilmundarson: „Ludent“ *Afmælisrit Björns Sigfússonar*, bls. 288-301.

Svínavogur merkjum. Að norðan og austan liggur land jarðarinnar Reykjahlíðar. ...<sup>143</sup>

Guðni Ásmundsson eigandi Voga skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Sigurði Tómassyni, eiganda Kálfastrandar; Árna Jónssyni, eiganda Garðs; Sigurgeiri Péturssyni, eiganda Reykjahlíðar, og Jóhannesi Sigurðssyni og Þorsteini Þorsteinssyni, en þeir tveir áttu Geiteyjarströnd.

Landamerkjaskrá milli Voga og Geiteyjarstrandar var útbúin í nóvember 1964 og þinglesin 1965. Þar kemur eftirfarandi fram:

Upp frá sunnanverðum Hraunvogi lá áður grjótgarður og var merkisgarður, en er nú lagður niður sem slíkur. Í hans stað hafa landeigendur sett þar vírnetsgirðingu, og er hún viðurkennd að vera markalína á milli þessara jarða. Girðingin liggur til austurs eftir hraunbrunanum og nær nærfellt að þjóðveginum en þar myndast girðingarhorn og liggur þaðan girðing til norðurs og er óviðkomandi landamerkjum.

Frá nýnefndu girðingarhorni framlengist línan til austurs og er bein allt til Yztu-Nibbu í Strandarholti. Þar skal setja glögg merki, helst galvæniseraða járnþípu, og ganga vel frá.

Frá Yztu-Nibbu liggur línan beint í Vegaborg, norðan vegarins upp í Lúdent. Ofan í topp Vegaborgar skal reka samskonar merki og í Yztu-Nibbu og ganga vel frá.<sup>144</sup>

Eigendur Voga; þau Sigfús Hallgrímsson, Guðfinna Stefánsdóttir, Hinrik Sigfússon, Stefán Sigfússon, Þorlákur Jónasson og Kristján Þórhallsson, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það gerðu einnig eigendur Strandar; þau Sigurður Jóhannesson, Jón Jóhannesson, Jóhannes Jóhannsson, Helgi Þorsteinsson, Ágúst Sigurgeirsson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Athugasemd var gerð við landamerkjaskrána milli Voga og Geiteyjarstrandar þann 30. júlí 1965. Hún var móttokin af yfirvöldum þann 24. september sama ár svo hægt væri að þinglýsa henni á manntalsþingi Skútustaðahrepps 1965. Þar kemur m.a. fram:

Undirritaðir eigendur Voga telja þinglesnar Landamerkjaskrár frá 1885 og 1890 milli Voga og Geiteyjarstrandar í fullu gildi.

Sigfús Hallgrímsson bjó til Landamerkjaskrá milli áðurgreindra jarða 1964 [ártal ofan línu]og fékk hana innritaða í Landamerkjabók Þingeyjarsýslu árið 1965 og þinglesna án okkar samþykkis.

Úr þessari Landamerkjaskrá fellir hann niður „Lágina“ sem afmarkar Strandarholt að austan, og trúlega að norðan líka, þetta er glögg og að því er

<sup>143</sup> Skjal nr. 2 (10) a-b.

<sup>144</sup> Skjal nr. 2 (11) a-b.

virðist þíðingarmikið örnefni í gildandi Landamerkjaskrár jarðanna, og því útilokað að fella það niður nema samþykki allra aðila komi til.<sup>145</sup>

Undir bréfið skrifa Hallgrímur og Einar Þórhallssynir.

Eigendur og ábúendur í Vogum og Reykjahlíð sömdu um landamerki jarðanna árið 1982, sjá Reykjahlíð, en þar segir:

Úr Námukollu hinni syðri á Námufjalli í vestur í vörðu á Geitakofabjargi, þaðan í Smáralág hina nyðri.

Að öðru leyti ræður merkjalýsing Voga frá 26. maí 1890.<sup>146</sup>

Væntanlega á eftirfarandi umsögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns við Vogajörðina sjálfa, en ekki Mývatnsöræfi:

Hestaganga í meðallagi á fjallinu.<sup>147</sup>

Sjálfseignarjörðin Vogar er sögð á 30 hundruð í jarðamatinu 1804. Henni fylgir kjarrskógur til eigin nota. Í matinu kemur einnig fram að fóður og beit geti oft verið skaðleg húsdýrum, sér í lagi fé.<sup>148</sup>

Voga er getið í jarðamatinu 1849-1850:

Vogar Bóndaeign talin nú 30 hndr. ... helstu kostir eru: ... vetrarbeit fyrir fátt fé og fá hross; litlar skógleifar til heimilis brúkunar; land í fjarlægð er nota má haust og vor fyrir géldfé; ... Ókostir eru ... vond fjenaðargeymsla, sótt á fje, örðug og laung selför sem kaupa þarf af Reykjahlíðar manni, ...<sup>149</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Voga hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Voga eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landrými mikið og kjarnaland. Gripahagar mjög góðir á sumrin. Sauðfjárbeit góð sumar og vetur og mjög skjólsamt. Fjárgeymsla erfið. Er féð opt látið ganga í afrétt framan af vetri. ... Jörðin á afrétt, sem tekið er í fé auk heimafjár.<sup>150</sup>

Um Voga segir Jón Sigurðsson í Yztafelli:

Vogar eiga land austur til fjalla. Þar er kjarr og mellönd og landgæði, og geyma Vogamenn þar oft fé og haust. .<sup>151</sup>

Af hálfu Vogamanna hafa verið lögð fram nokkur gögn um landsnytjar, einkanlega heyskap (lauftekju) og melskurð á Flataskógarrönd (Laufrönd) og í Lúdent um aldamótin 1900 og fram undir miðja 20. öld.<sup>152</sup> Sömuleiðis hafa verið lögð fram skjöl, þar sem Landgræðsla ríkisins semur við eigendur Voga, og stundum fleiri aðila,

<sup>145</sup> Skjal nr. 2 (12) a-b.

<sup>146</sup> Skjal nr. 4 (66).

<sup>147</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 236.

<sup>148</sup> Skjal nr. 2 (22).

<sup>149</sup> Skjal nr. 2 (29) a-b.

<sup>150</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>151</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 261.

<sup>152</sup> Skjöl nr. 10 (12, 14-16).

varðandi friðun lands til uppgræðslu, og einnig afhendingu lands aftur, þar sem Landgræðslan taldi verki sínu lokið.<sup>153</sup>

Árið 1971, 25. mars og 4. maí, var gerður samningur milli eigenda Voga og íslenska ríkisins um jarðhitaréttindi á tilteknu svæði í landi Voga. Er hér um að ræða landsvæði umhverfis Námalfjall, sbr. uppdrátt sem fylgdi.<sup>154</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið að Vogum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.6 Grænavatn

Landnáma segir Grænavatn jörð landnámsmannsins Þorkels háva.<sup>155</sup>

Næst sést Grænavatns getið þegar jörðin Hrakströnd (Sveinsströnd) var keypt með því þriggja kúa fóðri, sem keypt var í Grænavatnslandi yfir um Kráká, 11. maí 1447.<sup>156</sup>

Grænavatnseigendur töldu sig eiga land austur að Hafragjá og austur undir Herðubreið og þar með Heilagsdal og Fremrináma. Lýstu Reykjahlíðarmenn rétti sínum þar og fengu dæmda dóma upp úr 1500. Sjá Reykjahlíð. Síðan urðu um það miklar deilur á síðari hluta 16. aldar. Var gefinn vitnisburður um lýsingu Grænavatnseiganda á framgangi Þorsteins Finnbogasonar í Reykjahlíð og Vigfúsar og Nikulásar sona hans, m.a. varðandi Fremrinámur og ómerkinga fyrir austan fjallgarða, milli Eilífsvatna og Bræðraklifs, 2. maí 1562:

Yferlysti hann fyrir oss at hann hefði Grænavatn optsinis logfest meðan Þorsteirn lifði og þar með fremre nama. og hefði hann og hans syner haft samt vjjsvitandi. Opt sagdist hann laga bedist hafa a fremre namum og annari landareign Grænavatz af Ara Jonssyni logmanni og eigi feingid hafa. Sagdi hann Þorsteirn Fimbogason hefði stefnt Magnusi Palssyni omaga fiar sins fyrir Brennisteininn j fremre namum. hier með sagdi hann ad lyst hefði fyrer sier Jon liotur Magnusson og Halldor Sigmundsson þeir sem vm oræfin soru. at þeir hefdo alldre annat suarit. enn það Hlijdar kyrkiu hefði verid eignader aller omerkingar fyrer austan fiallengarda j mille Jlijfsvatna og Brædraklifs. þeir sem mædur helgudu sier eij. enn eij vissu þeir huort kirkian ætti edur eij.<sup>157</sup>

Samþykkt voru kaup á Grænavatni 2. maí 1562 og landamerkjum milli þess og annarra jarða lýst þannig:

fyrir utan riede Grænavatzos. og vestur í þa tiorn sem þar geingur a milli. og i gard þann er vestur ur tiornini geingur. og þadan rettsynis vr gards endanum og vestur í Kraká: En landamerki rada austur vr Grænalækjarosi. og i grof þa

<sup>153</sup> Skjöl nr. 10 (24-28).

<sup>154</sup> Skjal nr. 1 (13).

<sup>155</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 282.

<sup>156</sup> Skjal nr. 2 (91).

<sup>157</sup> Skjal nr. 2 (113).



sem geingur áustur epter hraúnum þeim er liggja fyrir sunnan jördina Gard. þaðan rett vr grofinni j Gard þann sem geingur fyrer ofan gard sudur í vogshotn: þann er liggur vid Grænalækiarnaust: þaðan austur i gard þann er skilur lond i milli Briamsnes og Grænavatz: og ur þeir gardi austur í sýdri Burfellskord. þaðan og austur í Hafragia. rædur þa giain og fram at Brædraklife og þaðan sudaustur únder Herdibreid og allan Heilagsdal. Rett vr Herdibreid og vestur i Sudurarbotna. Rædur Sudurá í Liosbleiksbýttu. þar með alla Kieralæki ofan ad Storafossi. og allt land jtölulaust fyrir austan Kraka og vt i motz vid fyr greind landamerki. er fyrer vtan og áustan ofan ganga í Kraka. fra skildú eingiataki við Langholtt. og Balldursheimi hefur til heýrt. og þriggja kúa fodri fra Hrakstrond i Grænauatz eing. Sagði hann Grænauatn eiga gielldfiarrekstur a Hlidar auræfi. ...<sup>158</sup>

Dómur fell um kaupbréf fyrir Grænavatni 6. maí 1562 og landamerkjum lýst með líkum hætti og í kaupsamningnum 2. maí:

sem Kolbeirn (Arngrímsson) tilskilde. einkade og ánafnade Magnuse Jonssyne i þeirra kaupbrefe ...: fyrer utann framm i Grenavatnsös. og vestur i þá tiörn. sem þar geingur i mille. og i gard þann vestur ür tiörnenne geingur. og þaðann riettsynis ür gards Endanum. og vestur i Kräkä. enn landamerke ræda austur ur Grenalækiaröse. og i gröf þä. sem geingur austur effter hraunum þeim. sem liggja fyrir sunnann Gard. og þaðann i gard þann sem geingur riettsynis ut i vogshotninn hiä Grenavatnsnauste. þaðann og austur i gard þann. sem skilur land mille Briamsness og Grenavatns. þaðann riettsynis ür þeim garde og ustur i Burfellsskord hin sidre. þaðann og austur i Hafragiä. rædur þä. giäinn og framm ad Brædraklife. og þaðann og austur under Herdebreid. og allann Heilagsdal. riett ur Herdebreid til vesturs. og so üt i Sudurärbotna. rædur þä Sudurä. i Liosbleiksbittu. þar med alla Kieralæke ofann ad Storafosse. og allt land jtölulaust. fyrir austann Kräkälæke. og ütj möts vid fyrgreind landamerke. Enn fyrer utann og austann. ofann i Kräkaa. ... þar med Grenavatn ætte gielldfiarrekstur ä Hlijar öræfe. (Töldu dómsmenn landamerkin rétt).<sup>159</sup>

Síðan var gefinn vitnisburður, 30. ágúst 1562, um að Kolbeinn Arngrímsson kvittaði Magnús Jónsson fyrir andvirði Grænavatns og handfesti honum þann eið að sverja nær Magnús vildi, að hann vissi ei betur en Grænavatn ætti alla þá landareign, ummerki og ítölur sem Kolbeinn hefði til greint, einkað og ánafnað Magnúsi og stóð í þeirra kaupbréfi. Einnig að Kolbeinn hefði lýst, að Þorsteinn Finnbogason hefði með engum lögum sótt af sér Fremrináma. Ungum og nær ómaga hefðu gamlir menn sagt honum, að Kolbeinn Þorgrímsson, afi hans, hefði haft, haldið og sér eignað og jörðinni Grænavatni alla Fremrináma og enginn talað upp á nema Þorsteinn Finnbogason. Kolbeinn Þorgrímsson hefði flutt brennistein úr Fremrinámum til

<sup>158</sup> Skjal nr. 2 (114).

<sup>159</sup> Skjal nr. 2 (115).

Straums og Flateyjar. Nefndir tveir menn sem hefðu boðið Finnboga lögmanni að sverja þess eidd en eigi fengið.<sup>160</sup>

Enn voru gefnir vitnisburðir í þessu máli: Fyrst að Kolbeinn Arngrímsson hefði svarið bókareid um lýsingu sína á landareign og ítölum Grænavatns, 18. september 1562.<sup>161</sup> Síðan um varnaðarorð Magnúsar Jónssonar við Kolbein Arngrímsson og að Kolbeinn hafi staðið fast við fyrri orð sín, þ.e. eidd og lýsingu, 14. júlí 1563.<sup>162</sup>

Dómur féll um Grænavatn 7. ágúst 1565. Nichil skrifari hafði ákært kóngsdómsins vegna um jörðina Grænavatn, sem Kolbeinn Arngrímsson hefði átt. Lesinn var upp dómur Páls Stígssonar þar sem peningar Kolbeins voru dæmdir á konungs náð og einnig meðkenningarskjal Kolbeins þar sem hann játaði að vera flæktur í sífjaspellamál áður en hann seldi Magnúsi Jónssyni Grænavatn. Var Magnús Jónsson dæmdur til þess að koma til næsta Öxarárþings til svara við höfuðsmann um Grænavatn og beggja lögmannna og lögréttunnar dóm.<sup>163</sup>

Um sama leyti, 22. september 1565, var Grænavatn reiknað 30 hundruð í fjórðungsgjöf í kaupmála.<sup>164</sup>

Á alþingi 1596 var tekið fyrir mál sem höfuðsmaðurinn Brosterup Gedde beiddist dóms á varðandi jörðina Grænavatn. Nikulás Björnsson, umboðsmaður höfuðsmanns, bar fram vitnisburðarbréf þar sem greint var frá því að Kolbeinn Arngrímsson hefði játað á sig að hann væri brotlegur og að hann hefði beðið sér náðar. Aðrir dómur, eiddar og úrskurðir komu fram á móti því sem þóttu hrinda þessum vitnisburði fullkomlega og var hann því dæmt að hann skyldi ekkert afl hafa.<sup>165</sup>

Að beiðni Björns Gíslasonar var bréfaður að Skarði á Skarðsströnd vitnisburður Jóns Þórðarsonar, 28. febrúar 1675, um landamerki Grænavatns. Að hans sögn voru landamerkin svohljóðandi:

Fyrst fyrir vtann fram J Grænavatnz ós, og vestur J þá Tiörn, Sem þar geingur á millj, og J gard þann vestur vr tiörnne geingur, þadann riettSýniss vr enda þess gardz og vestur J Kráká. Enn fyrir Austann fram, Rada Landamerke vr Sama Grænavatnz edur Grænalækjarós, og J Gróf þá, sem geingur Austur og Vt effter Hraununumm fyrir Sunnann Jördena Gard skamt fra Túneni, og þadann i gard þann Sem riettSýniss geingur vt j Vogzendann, edur (Sem kallad er) Vogklettenn Hia Grænavatnz Nauste, þadann Austur J þann gard, sem skilur Land millumm Grænavatnz og Briánzness, þadann riettsýniss vr þeim garde Austur j Búrfellz Skörd, þadann Austur J Hafragiá, Rædur So hin Sama giá fram ad Brædrakliffe, og allt Austur vnder Herdebreyð. á mótz vid KyrkiunnarLand J Reikiahlyd Sem þar mæter

<sup>160</sup> Skjal nr. 2 (116).

<sup>161</sup> Skjal nr. 2 (117).

<sup>162</sup> Skjal nr. 2 (118).

<sup>163</sup> Skjal nr. 2 (119).

<sup>164</sup> Skjal nr. 2 (120).

<sup>165</sup> Skjal nr. 2 (169).

Grænavatnz Lande ad vtanverdu, ur Herdebreid og Austur J Jökulzá á Öreffumm. Jtem á Grænavatn [a]llan Heilax dal og Fremre Náma (Grænavatnz Náma) alla. Sem Innefelas[t] [J] greyndu takmarke. Vr Herdebreid riett Sióhending til [ólæsilegt vegna skemmdar: vesturs?], og So J Sudurárbotna, Ráda þadann L[an]damerke Sudur J Liósbleykz B[y]ttu, Sem eg higg nu neffnest Skinnhúfutiörn þar med alla Kieralæke og offan ad Stórafosse á mótz vid Stórutúngu Land J Bárdardal ad vestann, og allt Land Jtölulaust fyrir Austann Kráká, vt a mótz vid firstgreind Landamerke Sem fyrir Vtann og Austan framm gánga offan j Kráká, Sem Halldenn er ad vera mune Valakýll, millumm Adurnefndz gardz (Sem Stendst á vid tiörnena og Grænalæk) og Krákár (og þesse Vmmerke á mótz vid Skútustadaland sem liggur ad vtann verdu, Enn Kráká Heffe eg ætyd Heirt Halldna ad vera Liós, Skýr og ómótmællanleg Landamerke millumm Grænavatnz Landz ad Austann, og Jardanna Balldurzheimz og HrakStrandar (er nú aff Sumumm Neffnest Sveinzströnd,) Landa ad vestann ...<sup>166</sup>

Jón sagðist ennfremur hafa heyrt að ábúendur Skútustaða, Baldursheims, Garðs og að nokkru leyti Brjámsness hafi á talið ofangreind mörk Grænavatnslands og eignað sér það með ákveðnum takmörkum sem hann gæti ekki tilfært nú. Einnig yrkt og notað sama Grænavatnsland eftir að Magnús Jónsson, sem keypt hafði landið af Grími Andrésyni og svo af Kolbeini Grímssyni, fluttist á Vestfirði. Þrátt fyrir það hafi Jón ætíð heyrt þar á móti borið og því mótmælt af frómum mönnum sem voru barnfæddir og uppaldir við Mývatn og jafnframt búfastir þar alla sína tíð. Hann sagði að enn mætti finna nokkra trúverðuga menn við Mývatn sem væru sammála honum um að Grænavatn ætti fortakslaust allt ofangreint land til ystu ummerkja. Því næst taldi hann upp framliðna menn sem voru á sama máli og byrjar á föður sínum, Þórði Beinissyni sem var barnfæddur og uppalinn á Grænavatni en bjó svo á Skútustöðum, Baldursheimi og Haganesi í um 60 ár eða allt til dauðadags á 82. aldursári, næst Þorsteini Erlendssyni sem var uppalinn á Skútustöðum hjá Vigfúsi bónda Þorsteinssyni en bjó alla sína búskapartíð í Garði við Mývatn og varð rúmlega níræður að aldri og loks Beini Jónssyni afa sínum sem bjó allan sinn búskap á Grænavatni og hafði oft látið í ljós að umrætt land til ystu umhverfis liggjandi takmarka væri eiginleg Grænavatnseign og sinn réttur leigumáli.

Jón sagðist hafa heyrt og orðið þess áskynja er hann var kominn til vits og ára að ábúendur Grænavatns hefðu kvartað yfir því að það land og engjar, sem því tilheyrðu með réttu, væru haldin og notuð af öðrum. Úr ungdæmi sínu minntist hann þess að á Grænavatni hefði búið Jón Kolbeinsson og eftir hann Sveinn Nikulásson í um 30 ár og svo ýmsir eftir það. Hann sagði að allan sinn aldur, þ.e. 68 ár, hafi umrætt land aldrei verið átölulaust brúkað af ábúendum Skútustaða, Baldursheims, Garðs og Brjámsness heldur hafi Grænavatnsábúendur og stundum eigendur iðulega á talið og kvartað yfir því. Jón sagðist hafa heyrt Jón sáluga Magnússon yngra lýsa því yfir á

<sup>166</sup> Skjal nr. 2 (16) a-b.

Vaði árið 1628 að Grænavatn ætti umrætt land til ystu endimarka og örnefna, sem um ræddi, móti löndum annarra. Hann sagðist hafa skjöl því til stuðnings, þ.e. innsiglaða dóma, lögmansúrskurði, auk annarra bréfa og skilríkja en hafi hins vegar aldrei beitt þeim vegna Þórunnar Jónsdóttur eiginkonu Magnúsar sáluga Arasonar sem var bróðursonur hans.<sup>167</sup>

Jón Þórarinsson lögfesti ábýlisjörð sína Voga 7. júní 1755 og minnst m.a. á mörk við Grænavatnsland:

Ad Sunnannverdu J gard þann, er geingur uppeffter, frá Sunnannverdum Hraunvoge, austur til Merkekletta, þaðann J Hverfellsnibbu ena Sidre, þaðann riettsýnis J ofannverdt Tóuhollt, þaðann J Jarfallid fyrir Vestann Flataskógarönd, þaðann og framm J þreingsle, móts vid Grænavatnzland. Þaðann riettsýnis til austurs, giegnt Sunnannverdu Burfelle, og so riettsýnis, frá Nordannverdu Búrfelle, til Nordurs, ...<sup>168</sup>

Lögfestan í heild sinni er í kaflanum um Voga.

Brynjólfur Sigurðsson sýslumaður í Árnessýslu lögfesti Grænavatn 21. júlí 1766 til eftirfarandi takmarka:

Fyrer utann fram J Grænavatns os, vestur J þa Tiörn, sem þar geingur á mille og Gard þann vestur ur Tiörnenne geingur, þaðann rettsýnes ur Gards Endanum, vestur J Krakaa, Enn Landamerke ráða austur ur Grænalækjar óse, og J Gröf þá sem geingur austur effter Hraunum [fyrst skrifað: Hraununum] þeim er liggja fyrer sunnann Gard, þaðann riettsýnes J Gard þann sem geingur uti VogsBotnen hiá Grænavatns Nauste, þaðann og austur J Gard þann sem skilur Land mille Briams-ness og Grænavatns, riettsýnes, ur þeim Garde austur J Burfells Skörd hin Sydre, þaðann og austur J Hafra-gia, sem Merkium rædur framm ad Brædraklife, þaðann austur under Herdebreid, og allann Heilagsdal riettur Herdebreid til Vesturs, og so uti Sudurár-botna, rædur þá Sudurá J LiosBleiks-bittu, þar med alla Kiera-læke ofann ad Stora-Fosse, og allt Land Jtölulaust fyrer austann Krákaá-læke, og uti móts vid firrgreind Landamerke, Enn fyrer utan og austann ofani Krákaaa, ad fráskildu Eingia Take vid Lánghollt og Baldursheime hefur til heirt, og Eingia Take, sem svare þriggia Kua Fódre frá Jörðunne Hrakströnd J Grænavatns Lande mót Gield-fjar rekstre á Hlydar Öraefe frá Grænavatne ...<sup>169</sup>

Hann bannaði öllum að nýta sér ofangreint land án leyfi ábúanda og sinnar vitundar. Ennfremur bauð hann þeim sem kynnu að vera ósáttir við innihald

<sup>167</sup> Um kaup Magnúsar Jónssonar prúða á Grænavatni, sjá Jón Þorkelsson: *Saga Magnúsar prúða*, bls. 20-23. Jón Magnússon yngri er eflaust sonur Magnúsar prúða oftast kallaður Jón dan og Magnús Arason sonur Ara Magnússonar í Ögri, Ari var bróðir Jóns dan og Magnús því bróðursonur hans. Magnús Arason hélt Barðastrandarsýslu og bjó á Reykhólum en eftir dauða hans 1655 hefur Þórunn Jónsdóttir kona hans flutt aftur á æskuslóðir í Þingeyjarsýslu en hún dó á Skútustöðum 1674, sbr. Bogi Benediktsson: *Sýslumannaefir* I, bls. 82; Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* III, bls. 404 og 431.

<sup>168</sup> Skjal nr. 2 (19) a-b.

<sup>169</sup> Skjal nr. 2 (17) a-b.

lögfestunnar að sýna þeim skjöl þau er hún væri byggð á. Ef enginn gæti hinsvegar framvísað löglegum skjölum á móti þá skyldi lögfestan vera ábúendum Grænavatns til eftirréttingar og landinu til friðhelgis.

Fram kemur að lögfestan hafi verið lesin upp á samfundi hreppstjóra á Skútustöðum 11. október 1766, við Reykjahlíðarkirkju 28. maí 1767 og á manntalsþingi á Skútustöðum 15. júní 1767. Á síðastnefnda staðnum mótmæltu þeir Ari Ólafsson og Jón Jónsson vegna jarða þeirra Garðs, Skútustaða, Brjámsness og Baldursheims. Þeir sögðust tilbúnir til að leiða fram vitni og skjöl gegn þeim landamerkjum sem sneru að sínum jörðum í lögfestunni þegar Brynjólfur vær tilbúinn að leggja fram skjöl sín varðandi umrætt landsvæði sem þeir segja að ekki hafi verið deilt um áður í manna minnum.

Jón Þórðarson lögfesti ábúdarjörð sína Grænavatn 17. maí 1830 með eftirfarandi hætti:

1° Fyrir utannfram í Grænavatnsós, eða sokalladann Einslæk, þaðann vestur í Tiörn, þá sem nú kallast Krákuvatn – so vestur beint það sem Kyll sá rædur, er vestanad rennur í Tiörnina uns hann beigist til sudurs þaðann beina stefnu ofani Kráká. – 2° Lögfesti eg að austanverdu við vatnid uti gröf þá, sem liggur í Hrauninu fyrir sunnann Gard, og nú er grasivaxinn laut: þaðann réttisýnis austur í sokallad Sidrajarðfall á Flataskógarrönd þaðann beint í Burfells-skördinn sidre, þaðann austur í Hafragia, rædur þá gíainn fram að Brædraklifi, þaðann austurunder Herdabreid, þaðann til vesturs og í Sudurárbotna rædur þá Sudurá alt [alt: tvítekið] í móts við sokallada Skinnhufu-tiörn, þaðann beina stefnu til nordurs í sokalladann Alptakíl hvar Vatnsrennur og lækir allir af hvörjum Kráká er tilordinn, eru mestanpart samankomnir: úr því skilur áinn: nl. Kráká land að vestann verdu, einlægt að því áður nefnda takmarki við hana fyrir utannfram, hvar Skutustada-land tekur við: að fráskyldu Eingiataki Jarðanna Baldursheims og Sveinstrandar sem þeim Jörðum innann þessarra hérnefndu Takmarka fylgir, og fylgt hefir.

Her með lögfeste eg með Ábúdarjörd minni Grænavatni géldfiárrekstur á Hlydar-Öræfi ...<sup>170</sup>

Jón bannaði öllum að nota ofangreint land og landsnytjar án síns leyfis. Hann bætti því við að ef einhver teldi sér óréttur gjörður með lögfestunni, sem byggð væri á Grænavatnsmáldagadómi frá 1562 sem var gerður trúverðugur 1. maí 1733, þá skyldi sá hinn sami leggja fimmtarstefnu gegn henni ella stæði hún landinu framvegis til friðhelgis eftir lögum. Eigendur Grænavatns, þeir Jón Þorsteinsson og Sigurður Jónsson, skrifuðu nöfn sín undir lögfestuna og sögðust samþykkir henni. Þegar lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Skútustöðum 25. maí 1830<sup>171</sup> mótmælti Th. Björnson, eigandi Garðs, henni að því leyti sem hún lögfesti syðsta part svokallaðrar Garðsmýrar.

<sup>170</sup> Skjal nr. 2 (18) a-b.

<sup>171</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.44).

Grænavatn fær þessa umsögn í óársettri lýsingu Skútustaðáþinga, en væntanlega frá því um 1840:

Jörðin Grænavatn, 30 hundruð, landlítill heima um sig en hefur það æði mikið í fjarlægð.<sup>172</sup>

Á manntalsþingi að Skútustöðum 10. maí 1841 var lesið upp gamalt sölu- og staðfestingarbréf fyrir Grænavatni. Sömmuleiðis var lesin upp lögfesta Jóns í Garði fyrir landi hans frá 2. maí 1766 sem ábúendur Grænavatns mótmæltu. Einnig mótmæltu bændurnir á Sveinsströnd og Baldursheimi sölu- og staðfestingarbréfi Grænavatns. Hvorki kemur fram inntak umræddra skjala né hvers vegna þeim var mótmælt.<sup>173</sup>

Dómur var kveðin upp í landaþrætumáli milli Grænavatns og Garðs í merkjadómi á Baldursheimi 27. júní 1893. Þar var ákveðið að landamerki milli jarðanna skyldu vera svohljóðandi:

... Þaðan bein lína í skoru þá er liggur rjett utan undir Háþrengslaborg.<sup>174</sup>

Landamerkjabréf fyrir Grænavatn var útbúið 20. maí 1921 og þinglesið sama ár:

Að norðan eru merkin: úr vörðu syðst í Tóftatanga við Grænalæk, þar sem hann fellur úr Grænavatni, bein lína austur í Brunnaklett, og þaðan beint í gilskoru norðan í ytri Þrengslaborg, og þá móti Vogalandi beint austur í háfjallgarðinn um Stórahjúk. Að austan ræður fjallgarðurinn merkjum suður og svo Bláfjall. Ur suðaustur horni Bláfjalls liggur merkjalínan í hásuður þar til Suðurárbotnar efri eru í vestri. Að sunnan eru merkin frá nefndum punkti beint vestur í austustu upptök Suðurár. Ræður þá Suðurá merkjum vestur gegnt Skinnhúfutjörn. Að vestan eru merkin úr Suðurá bein lína um miðja Skinnhúfutjörn í upptök lækjar þess, er rennur eftir Svartagili norður um Sandana vestur af Austurlækjum og fellur í þá að vestan mjög nærri því, er Norðurlækur sameinast þeim að austan; ráða þá lækirnir merkjum í Kráká, en Kráká skilur land Grænavatns frá löndum Skútustaða, Krákárbakka og Baldursheims alla leið norður þar til suðaustur ræturnar á fjallinu Jörundi bera yfir miðjan bæinn á Grænavatni. Ræður þá sú lína merkjum norðaustur frá ánni í línu, dregna beint úr austasta gili norðan í Sellandafjalli í austur hyrnuna á há Lambafjöllum (liggur sú lína um strýtumyndaðan klett í Skútustaðaborgum). Ræður sú lína þá merkjum norður í vörðu á Garðsengisgarði þar sem hæsta nibba á Norður-Skógamannafjalli ber yfir norðanverðan Grænavatnsbæ. Úr þeirri vörðu ræður bein lína yfir norðaustur hornið á Garðsengi í vörðu í Viðigarði rétt norðan við engið. Ræður þá sá garður merkjum norðvestur í Strandakíl og þá Strandakíll norður og síðan austur alla leið gegnum Krákuvatn og Einslæk í Grænavatn, en síðan Grænavatn norður hjá fyrst nefndri vörðu í Tóftatanga.

<sup>172</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 122.

<sup>173</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6 61).

<sup>174</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6 89).

Lönd þessara jarða liggja að Grænavatnslandi:

Að norðan: Skútustaða, Garðs og Voga.

Að austan: Reykjahlíðar (öræfi)

Að sunnan: Skútustaða (afréttur)

Að vestan: Skútustaða, Krákárbakka, Baldursheims og Sveinstrandar (Garðsengi).<sup>175</sup>

Eigendur og ábúendur Grænavatns, þeir Helgi Jónsson og Guðni Ásmundsson, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Árna Jónssyni, eiganda og ábúanda Garðs; Einari Friðrikssyni og Jóni Einarssyni, en þeir tveir voru eigendur og umráðamenn Reykjahlíðar; Hallgrími Péturssyni, eiganda Voga; Sólveigu Pétursdóttur, eiganda og ábúanda Baldursheims, og Guðfinnu Guðnadóttur og Þorsteini Þorsteinssyni, en þau tvö áttu Garðsengi. Hermann Hjartarson, fyrir hönd Skútustaðakirkju, skrifaði einnig undir bréfið. Hann gerði það með þeim viðauka að kirkjan ætti allan skóg í Arahvammi. Jón Þorsteinsson eigandi fjórðungs Skútustaða, sem hafði sama fyrirvara og Hermann, skrifaði líka upp á landamerkjabréfið.

Fyrir neðan undirskriftirnar stendur að ítakinu (skógur Skútustaðakirkju í Arahvammi) hafi verið lýst við innköllun skógarítaka samkvæmt lögum nr. 100-1940 og sé því í gildi. J. Skaptason skrifar undir þetta.

Grænavatn er samkvæmt jarðamatinu 1804 sagt 30 hundruð, sjálfseignarjörð sem fylgi kjarrskógur til eigin nota. Árstekjur af leigu á selstöðu eru 90 skildingar. Landbrot og flóð á úthaga.<sup>176</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 kemur fram um Grænavatn:

Bóndaeign, talin nú 30 hndr. ... Kostir eru helstir: hey- og landgjæði til málnytu í svokölluðum Sellöndum, en því spillir ágangur af afrjettarfé, þar eru og hestahagar góðir á sumrum og sæmileg hestaganga í góðum vetrum. Afrjett er hjerumbil handa heimilinu; skógleifar sem enn hafa nægt til húsatróðs og ljáadeyngslis. ... Vegna umgétins landleysis heima þarf að vera í seli með ær og kúr þartil í 16 eður 17 viku sumars. Beitarhús þurfa tvenn, önnur í Sellöndum, hin uppá svokölluðum Grænavatns-melum, sem árlega ganga af sér af veðursliti. Lángur vegur er á hvörtutveggiu húsin; ...<sup>177</sup>

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 hafa landamerki Grænavatns hvorki verið þinglesin né lýst. Eftirfarandi upplýsingar um jörðina eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landrými geysimikið, og kjarnaland, en beitlandið liggur allfjarri, þar eð gróðurlaus hraun liggja næst bæ á 2 hliðar. ... en sumarhagar hrossa í 10. km. fjarlægð. Sauðland er mjög gott í fjarlægð, en erfitt til nota. ... Féð er látið ganga í afréttinni framan af vetri, eptir því sem fellur. Líka haft

<sup>175</sup> Skjal nr. 2 (5) a-b.

<sup>176</sup> Skjal nr. 2 (22).

<sup>177</sup> Skjal nr. 2 (29) a-b.

við beitarhús, er líður á vetur. Fjárgeymsla mjög erfð. ... Jörðin á afrétt meiri en fyrir sjálfa sig. ... Ágangur er af afréttarfænaði....

Jörðin er talin framfleyta: ... 18 hrossum ... að því tilskyldu, að helmingur tilgreindra hrossa gangi á Mývatnsfjöllum fram yfir miðjan vetur.<sup>178</sup>

Grænavatni lýsir Jón Sigurðsson í Yztafelli m.a. svo í bókinni *Suður-Pingeyjarsýsla*:

Í suður á jörðin land til öræfa, svo sem grös gróa til fjalla og hrauna, austan Krákár og vestan Mývatnsfjalla. Suður með Kráká og vestan Sellandafjalls er mikið haglendi, þar var síðast selför hér um sveitir, allt til 1904, og heitir þar í Sellöndum. Þar er fé oft látið liggja úti fram á vetur og sleppt þangað snemma á vorin, því land er gott og veðursælt, en snögg og snautt um til beitar heima. Austur frá bænum eru víðáttumikil gróðurlítill hraun og nefnast Grænavatnsbruni allt austur að Bláfjalli. Undir því og í rótum fjallsins eru gróðurlönd og skógur nokkur. Skútustaðakirkja átti skógaritak í Arahvammi, þar sem vænstur var skógurinn. Austur þar voru lengi beitarhús og löng og torsótt leiðin að heiman um hraunin.<sup>179</sup>

Jón Gauti Jónsson segir í Árbók Ferðafélags Íslands árið 2006:

Grænavatn er önnur stærsta jörð í Mývatnssveit. ... Til vesturs á Grænavatn mikið land í Framengjum og í suður allt til öræfa austan Krákár, þar á meðal Sellönd, mikið haglendi. ... Á 16. öld er landamerkjum jarðarinnar lýst og kemur fram að Grænavatn eigi Heilagsdal allan handan Bláfjallsfjallgarðs og mikið landflæmi á öræfunum þar sunnan við. Var það þá verðmætt land vegna brennisteinsins í Fremrinámum. Það er nú talið eignarland Reykjahlíðar.<sup>180</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið að Grænavatni frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.7 Stóratunga og Svartárcot

### 5.7.1 Stóratunga

Tunga öll í Bárðardal ásamt Öxará var látin í makaskiptum fyrir Siglúvík, 4. janúar 1403.<sup>181</sup>

Ytritunga í Bárðardal var lögð út í arfaskiptum 4. maí 1446.<sup>182</sup>

<sup>178</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>179</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Pingeyjarsýslu. Suður-Pingeyjarsýsla*, bls. 252.

<sup>180</sup> Jón Gauti Jónsson: *Mývatnssveit með kostum og kynjum*, bls. 72.

<sup>181</sup> Skjal nr. 2(193).

<sup>182</sup> Skjal nr. 2 (89).



Að beiðni Björns Gíslasonar var bréfaður að Skarði á Skarðsströnd vitnisburður Jóns Þórðarsonar, 28. febrúar 1675, um landamerki Grænavatns. Þar er minnst á Stórutunguland. Fjallað er um þetta mál í kaflanum um Grænavatn og vikið að því við Skútustaði.

Lesin var upp lögfesta Hallgríms Jónssonar í Ási fyrir Stórutungu á manntalsþingi á Skútustöðum 16. maí 1831. Eigandi Skútustaða mótmælti landamerkjunum í lögfestunni en hvorki er getið inntaks lögfestunnar né mótmælanna.<sup>183</sup>

Í áreið á Stórutungu, með hjáleigunni Svartárkoti, og Víðiker, sem fram fór 4. október 1815, kemur fram að fornbylíð Tungusel, sem einnig var kallað Baugsárgerði, hafi eftir munnmælum verið notað fyrir selstöðu frá Stórutungu.<sup>184</sup> Um nánari staðsetningu þess vísast á kaflann um Svartárkot.

Sigríður Grímsdóttir niðursetningur í Stórutungu varð úti og var rannsókn gerð vegna dauða hennar á Ljósavatni 24. ágúst, 4.-5. september og í Garði 16. september 1818. Þar kemur m.a. fram að Sigríður hafi farið með vinnukonum í grasamó og að þær hafi verið við grasatekju í svokölluðum Nauthólum sem liggja gilda bæjarleið framan við Stórutungu.<sup>185</sup>

Þann 11. september 1837 seldi Þorkell Vernharðsson í Víðikeri eignarjörð sína Stórutungu, er metin var á 13 og 1/3 hundrað, með öllum landsnytjum. Kaupandinn var Jón Jónsson sem bjó í Stórutungu. Landamerkja jarðarinnar er getið í sölubréfinu:

Skjálfafljót að vestan, soköllud Sudurá, er sprettur upp langt fram og austur úr Byggdium, að austan og nordann, og Sandá að sunnann – austur að Stórakletti.<sup>186</sup>

Friðrik Þorgrímsson og Guðni Hallgrímsson vottuðu söluna.

Lesin var upp lögfesta Stórutungu á manntalsþingi á Ljósavatni 10. maí 1793. Inntaks hennar er ekki getið.<sup>187</sup>

Lesin var upp lögfesta Hallgríms Jónssonar í Ási fyrir Stórutungu á manntalsþingi á Skútustöðum 16. maí 1831. Eigandi Skútustaða mótmælti landamerkjunum í lögfestunni en hvorki er getið inntaks lögfestunnar né mótmælanna.<sup>188</sup>

Landamerkjabréf fyrir Stórutungu var útbúið 3. mars 1884. Það var þinglesið 28. maí 1885:

1. Merki landsins að vestan er Skjálfafljót

<sup>183</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.46).

<sup>184</sup> Skjal nr. 2 (142) a-b.

<sup>185</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.37).

<sup>186</sup> Skjal nr. 2 (21) a-b.

<sup>187</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.11).

<sup>188</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.46).

2. Merkjum að norðan og austan ræður Suðurá sunnan frá línu þeirri, sem getið er um í 3. gr. hér á eftir til Svartár, en hún ræður þaðan til Skjálfandafljóts.

3. Merkin að austan milli Stórutungulands og afréttarlands Skútustaða, er lína sú sem er framhald línu þeirrar sem dregin er á milli Svartárkotslands og Skútustaðalands fyrir norðan Suðurá, og er það hásuður stefnan frá Bræðrum, (þremur hólum fyrir norðan Svartárvatn) í vörðuna á rananum fyrir austan Svartárkot (gamla bænum) og réttlínis þaðan yfir Suðurá og Mikléy milli kletts þess, sem stendur utarlega á Suðurráhrauni og varða er hlaðin á og nefndur er vörðuklettur og hóls nokkurs, sem nú er kallaður Grenishóll, sem stendur lítið vestar, beint sömu stefnu í Stóraklett og þaðan enn, sömu stefnu suður í Sandá og ræður sú á landamerkjum að sunnan allt til Skjálfandafljóts.

Lönd þau, er liggja að Stórutungu landi eru:

a. Yzt að vestan er land jarðarinnar Halldórsstaða (sem er lénsjörð) Þar næst Mýrar. Þetta land eiga Jón Ingjaldsson bóndi á Mýri 1/3 Kristján Ingjaldsson bóndi á Hallgilsstöðum 1/3 og Kristbjörg Ingjaldsd. á Hallgilsstöðum 1/3. Þar næst er land jarðarinnar Litlutungu, það land á Jón Ingjaldsson bóndi á Mýri.

b. Syðst að vestan er Almennigur eður eign Ljósavatnshrepps.

c. Að sunnan og austan er afréttarland Skútustaðakirkju.

d. Syðst að austan er land jarðarinnar Svartárkots, sem er eign Einars bónda Friðrikssonar þar. Þarnæst er land jarðarinnar Víðirkers sem er eign Jóns Jónssonar bónda þar.

e. Að norðan og austan er land jarðarinnar Bjarnastaða sem er umboðsjörð, umboðsmaður er Sigurður Guðnason á Ljósavatni.

Hólmar eru í Svartá fyrir neðan svokallað Svartárgil sem tilheyrir Stórutungu, að undanteknum hinum nyrðsta, sem kallaður er Bjarnastaðahólmi og tilheyrir jörðinni Bjarnastöðum. Í Suðurá er hólmi, sem kallaður er Suðurrárhólmi og tilheyrir Stórutungu.<sup>189</sup>

Eigandi Stórutungu, Jónas Guðmundsson, skrifaði undir landamerkjabréfið. Þar er einnig að finna undirskriftir eftirfarandi aðila: Sigurðar Guðnasonar, umboðsmanns; K. E. Friðrikssonar, hreppstjóra; Jóns Þorsteinssonar, prests; Stefáns Sigfússonar, prests; Jóns Jónssonar bónda, Einars Friðrikssonar, Jóns Ingjaldssonar, Kristjáns Ingjaldssonar, Kristbjargar Ingjaldsdóttur og Helga Jónssonar.

Umfjöllun um Stórutungu er að finna í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

Stóratunga talin hingað til 14 hndr. ... landið sem jörðinni er eignað er ummálmikið, en mestalt strálausir sandar og hraun. Bithagi er þar so að kalla einginn fyrir gripi, en fyrir afstöðu ófáanlegur, vetrarheit er þar að meiraleiti

<sup>189</sup> Skjal nr. 2 (9).

af, því gjeldfjárgangur á þessum litla landbletti, er búin að gjöra afnot öll í aumasta lagi....<sup>190</sup>

Fasteignamat 1916-1918 segir um Stórutungu:

Beitland mjög víðáttumikið og kjarngott. ... Fjárgeymsla heldur erfið ... Jörðin hefur nægilegt land til uppreksturs fyrir sig ...<sup>191</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið í Stórutungu frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.7.2 Svartárbót

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir árið 1712:

Svartár kot, partur af Túngu [Stórutungu]. Bygt fyrir hjer um 40 árum í úthögum, þar sem ekki hafði áður bygd verið, afdeilt einasta að túni, og lá fyrst undir heimajörðina, en umboðsmaður hefur nú bygt það undir 20 ár, og reiknast fjórðungur allrar jarðarinnar, eftir því að hjáleigumaðurinn svarar einnri jarðartíund af fjórum.<sup>192</sup>

Á manntalsþingi að Ljósavatni 4. maí 1786 var eyðihjáleigan Svartárbót byggð Marteini Sölvasyni með sex ríkisdala styrk úr konungssjóði.<sup>193</sup>

Til er afrit lögfestu B. Thorlaciusar fyrir eignarjörðum hans Stórutungu og Svartárbóti, 12. apríl 1793, lesin á manntalsþingum á Helgastöðum, Skútustöðum og Ljósavatni. Þar er landamerkjum lýst svo:

Eg undirskrifaður, lögfesti hjermeð í dag eignarjarðir mínar, Stórutungu og Svartárbót í Barðardal ... til eftir skrifaðrar takmörkunar, eftir fram komnu allra manna vitni og fyrir sögn, einnig öðrum skilríkjum.

Fyrir Stórutungu. Hennar landamerki ræður Skjálfafljót að vestan verðu, en að norðan og eystra, ræður á sú er sprettur upp fram austur langt ur byggð og kallast Suðurá, og þar til hún í Skjálfafljót fellur en að sunnan ræður Sandá austur að Stórakletti

En Svartárbóts landamerki eru að norðan í svokölluðu Svartagröf, sem gengur ofa[n] löngubrekku í aður nefnda Suðurá, að austan en úr gröfinni þar brekkuhallin vinst ei lengur þá ræður sjónarstefna til Skútustaðakirkju landamerkja, og þaðan gengt tjeðu kyrkjulandi, allt að þúfu þeirri er stendur á rananum fyrir austan Svartárbót og þaðan[n] beint í Suðurá.<sup>194</sup>

<sup>190</sup> Skjal nr. 2 (30) a-b.

<sup>191</sup> Skjal nr. 2 (34).

<sup>192</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 145.

<sup>193</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.9).

<sup>194</sup> Skjal nr. 1 (11).

Í lögfestu Þuríðar Árnadóttur fyrir Skútustöðum frá 14. apríl 1798 er m.a. getið landamerkja seljalandsins og er þar miðað við merkjaþúfu á rananum fyrir ofan Svartárkot.<sup>195</sup>

Þórður Björnsson sýslumaður setti áreiðarþingsrétt að Víðikeri í Bárðardal 4. október 1815 að beiðni Kristjáns Jónssonar, eiganda Stórutungu ásamt hjáleigunni Svartárkoti, og Hallgríms Jónssonar, eiganda Víðikers. Fóru þeir fram á að takmörk jarðanna yrðu fastsett og til þess voru útnefndir sex áreiðarmenn sem búsettir voru í Bárðdæla- og Helgastaðahreppum. Helsta deiluefni þeirra Kristjáns og Hallgríms var:

... eim Partur, töluverdrar Vidáttu, af sokölludu Sellandi, liggjande frammfra Vydirkieri, fyrir nedann Ása, og austann sokallada Svartá, sem Lángs med Landinu, frá Sudri til Nordurs ad vestann fellur [ad-fellur, röð leiðrétt ofan línu með tölustöfum] i Skjálfandafljót, og takmörkudu milli sokalladrar Svörtugrófar og Stóruulágar, hinnar ad utann, enn þessarar ad Sunnann ...<sup>196</sup>

Báðir höfðu þeir lögfest umrætt landsvæði sem þeir töldu sig eiga til móts við hvorn annan og báðir höfðu þeir mótmælt lögfestum hvors annars. Hvorugur hafði máldaga hins aðilans í höndum né önnur áriðandi skjöl fyrir jörðunum. Víðiker tilheyrði Einarstaðakirkju að fornu og það sama eigi við um Háatún sem talið er að sé á þessu landsvæði. Það auki hins vegar á vafann að Háatún hafi verið óbyggt um aldir og mönnum ókunnugt um staðsetningu þess. Því næst var riðið á landið fram eftir til suðurs fyrir neðan svokallaða Ása, eða neðstu mela. Þar sást að landið var gróið með lyngi og víði og líkast til gott til sauðfjarbeitar en án alls slægjulands. Á leið þeirri sem málsaðilar fylgdu áreiðarmönnum var að finna lítilfjörleg tóftarmerki án sjáanlegra girðinga sem voru lyngi og víði vaxin líkt og annað land þar í kring. Tóftirnar sögðu þeir að nefndar hefðu verið Háatún og vissu ekki hvar annars staðar það kot hefði getað staðið. Áreiðarmenn gátu þ.a.l. ekki vitað með vissu hvort þetta væru tóftir Háatúns eða annars fornbylis. Um 120 fœðum sunnar (faðmarnir 120 voru stignir með nákvæmni en ekki mældir með streng) liggur svonefnd Svartagróf sem eigandi Stórutungu telur að séu landamerki Víðikers að sunnan. Svartagróf er jarðfall í neðsta hallinu, ekki mjög breið og fær yfirreiðar. Austan við efri enda hennar er mýri og austan við hana lynggróinn allhár ás, sem er á næsta leiti við efri enda grófarinnar. En þar hefðu verið sett einhver merki til að marka stefnuna austur eftir hafi grófin verið haldin sem landamerki því að annars væri stefnan ókunn því hennar sé ekki getið í skjölum hvorugrar jarðarinnar. Riðið var á fyrrnefndan ás en ekki fannst neitt sem gæti hafa verið sett þar til að marka stefnuna. Að vísu var þar að finna lágarkorn sem lá beint upp á þveran ásinn vestanvert en þar hefði verið létt verk að hlaða garð, eins og víðar þar á ásnun, til landamerkjaskírteinis. Láginn liggja hins vegar nokkru utar en svari sjónhendingu til háausturs úr efri grófarbotninum. Áreiðarmenn fundu a.m.k. ekkert þar sem benti til þess að þar hefðu verið sett landamerki.

<sup>195</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>196</sup> Skjal nr. 2 (142) a-b.

Þeir riðu því talsvert lengra suður þar sem var að finna gamalt bólstaði og túngirðingar sem enn var ekki að öllu leyti viði vaxið og lá neðan við neðstu ása. Þetta fornbyli var þeim sagt að kallað hafi verið Tungusel en af sumum Baugsárgerði. Það hafi eftir munnmælum verið notað fyrir selstöðu frá Stórutungu en þó ekki í núlifandi manna minnum. Nokkru sunnar var að finna svokallaða Stórlág sem eigandi Víðikers hélt landamerki milli jarðar sinnar og Stórutungu og hafði lögfest land sitt í hana suður eftir. Lág þessi er stór og í henni neðanverðri sést glögglega garður sem liggur lítinn spöl vestur á þúfurnar en verður svo ósýnilegur um hríð. Nokkrir áreiðarmannanna gengu úr skugga um að hann gæti tæpast deilst vestur við ána né annars staðar í láginni því hún var mýrlend en sem upp eftir henni dró kom garðurinn aftur í ljós og austur frá henni allt í vestanvert Svartárvatn sem tilheyrir Svartárkoti, eyðihjáleigu Stórutungu. Í vatninu er silungsveiði sem gefur nokkurn arð en eigandi Víðikers gerir enga kröfu til hennar en vill að landamerki jarðar sinnar gangi út með vestari bakka vatnsins frá nefndum garði í svokallaða Silungapolla sem liggja í mýrinni út frá vatnsbotninum. Áreiðarmennirnir skoðuðu þá hins vegar ekki því að Skútustaðakirkja eignar sér land að austan til landamerkja Víðikers og Stórutungu og umráðamaður kirkjunnar var ekki með í för.

Niðurstaða áreiðarmanna um landamerkin var því svohljóðandi:

Af þeim tvennum Landamerkjum, sem Stórutungu og Vydirkiers Egendur hafa skýrskotad til, og Lögfest í, og af hvörjum þesse, þræta rýs, álytum og úrskurdum vier, að þaug sydri, nefnelega Stóralág og úr henni Liggjande gardur til austurs í Svartárvatn, enn til vesturs, sem Stefna horfer nidur ad Svartá, enn ecki leingra, egi ad halldast fyrir Landamerki milli Stórutungu, med Eýdihjáleigu Svartárkoti, og Vidirkiers, og ad vestannverdu Svartá útepter, uns hún rennur i Skiálfandafljót, því oss vyrdist ecki ad sú tilvísada Svartagróf, gėti, epter framannsögdu ásigkomulagi, halldist fyrir nockurra Landa Takmörk. Enn hvörtveggi Málspörtum má vera geimdur þeirra Réttur umm adkomst og brúkun Þrætulandsins, epter því sem þeir kunna, med löglegum vitnum og Skjölum, ad bevísa, og sídar meir, ef það girnast, til laga ad leggja; þar hvörke Hlutadegendur, né Plátsens ásigkomulag, útheimta ad afstöðu kort sje gjört yfir Landid, og Tyminn er nú fyrir öllum oss naumur, er það láted hjá lýða umm Sinn.<sup>197</sup>

Að því búnu sóru áreiðarmennirnir eið þess efnis að eftir þeirra bestu samvisku væru þetta rétt landamerki á milli ofangreindra jarða.

Svartárkot er sagt hjáleiga frá Stórutungu í lýsingu Eyjardalsár- og Lundarbrenkusókna árið 1840, með góða landkosti, en votsaman og örðugan heyskap. Jörðin metin 6 hundruð.<sup>198</sup>

<sup>197</sup> Skjal nr. 2 (142) a-b.

<sup>198</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 101.

Á manntalsþingi á Skútustöðum 22. maí 1845 sagðist Guðmundur bóndi á Litluströnd hafa rekið fé sitt í land Svartáarkots síðastliðið sumar. Um þetta sjá nánar í kafla um afrétt Bárðdæla.<sup>199</sup>

Árið 1853 gerðu eigendur Skútustaða, Stórutungu og Svartáarkots samning sín á milli um landamerki á Framfjöllum.<sup>200</sup> Um þennan samning verður fjallað í afréttarkafla. Var samningurinn lesinn á manntalsþingi á Ljósavatni í Bárðardal 23. maí 1856 og óskað að hann yrði innfærður í afsalsbréfabók sýslunnar.<sup>201</sup>

Lögregluréttur var settur á Ljósavatni 4. febrúar 1898 vegna kæru hreppsnefndar Ljósavatnshrepps, frá 17. desember 1896, vegna meints gangnarofs bændanna Jónasar Jónassonar á Lundarbrekku og Sölva Magnússonar á Svartáarkoti. Sætt var komið á í málinu og greiddu þeir Jónas og Sölvi Ljósavatnshreppi skaðabætur.<sup>202</sup>

Ekkert þinglýst landamerkjabréf er til fyrir Svartáarkot en í fasteignamati 1916-1918 segir:

Landamerki: að sunnan Suðurá, að vestan Suðurá, að norðan miðjar hæðir, að austan stefna úr Bræðrum að Stórakletti í Suðurárhrauni.<sup>203</sup>

Fjallað er um Svartáarkot í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur fram:

Svartáarkot talið 6 hndr. að dýrleika ... Uttheyskap þrætulaust er ekki að telja ... Land sem þrætulaust tilheyrir kotinu, er mjög lítið, en búfjárhagar, sem gjefa sæmilega málntyu liggja í þrætulandi því, sem Skútustaðir við Mývatn vilja eigna sjer. ...<sup>204</sup>

Fasteignamat 1916-1918 segir um Svartáarkot:

Búfjárhagar: Landrymi mjög mikið og landkostir. ... Beitland fyrir sauðfé mjög kjarngott. ... Heimaland notað til uppreksturs. ... Ágangur af afréttarfé.<sup>205</sup>

Í virðingargjörð sinni fyrir Þeistareykjalandi, frá 30. júní 1914, bera virðingarmennirnir matið á landinu í jarðabókinni frá 1860 (hér er væntanlega átt við jarðabókina 1861) saman við önnur „afréttar-“ og öræfalönd í sýslunni. Þau lönd sem þeir telja upp eru eftirfarandi; Svínadalssand, Svartáarkotsland, Bleiksmýrardalur og Framfjöll.<sup>206</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið í Svartáarkoti frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir

<sup>199</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6 82).

<sup>200</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

<sup>201</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.66).

<sup>202</sup> Skjal nr. 2 (159). Dómsskjöl finnast ekki við leit á ÞÍ.

<sup>203</sup> Skjal nr. 2 (34).

<sup>204</sup> Skjal nr. 2 (30) a-b.

<sup>205</sup> Skjal nr. 2 (34).

<sup>206</sup> Skjal nr. 2 (163).

gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.8 Afréttir og afréttarnot

Hér verður fjallað um afrétti og afréttarnot í máli 1/2007. Svæðið verður tekið fyrir í tveimur hlutum, fyrst austur og suður af Mývatnssveit og síðan inn af Bárðardal. Samhengisins vegna verður einnig fjallað um jarðirnar Skútustaði og Einarstaði í kaflanum um afréttarsvæði inn af Bárðardal.

### 5.8.1 Almennt

Dóma- og þingbók Þingeyjarsýslu 1708-1712 er skert á jöðrum þar sem fært er til bókar hvað fram fór á manntalsþingi í Haganesi 29. júní 1712. Því er vitnisburður hennar tilfærður þannig hér að hver lína í uppskrift samsvarar hverri línu í handriti en það sem er innan hornklofa er annað hvort tilgáta eða fyllt með jafnmörgum 0 og líklegt þótti að hafi tapast af stöfum:

10° Kvantade Heidurlegur kiennemann Sr Biarne Vor-  
msson ad Nockrer þessarar sveitar innbuendur  
villdu ej reka lömb sýn ij afriett sem veniulegt verid  
[h]efur, helldur láte þeir þ[au] ganga ij Eingiar [00000000]  
tel Sinna leigu iarda sem annara huad stor skada ord[000000]  
bæde sier og ödrum Sueitar m[önn]um Sýslumad[urenn]  
seiger ad bændur eige ad Varda fie Sýnu Vid[000000000]  
ödrum skada giöre og reke gielld fie Sitt ij af[riett]  
á tilhlidelegum tijma hier umm tilskilldast hreppsti[orumm]  
rad firir giora, efter þui sem þessu bigdar læge hæfer, ef[ter]  
Landsleigubalks 46 og R.B.E.K. <sup>207</sup>

Í virðingargjörd sinni fyrir Þeistareykjalandi, frá 30. júní 1914, bera virðingarmennirnir matið á landinu í jarðabókinni frá 1860 [hér er væntanlega átt við jarðabókina 1861] saman við önnur „afréttar-“ og öræfalönd í sýslunni. Þau lönd sem þeir telja upp eru eftirfarandi; Svínadalshland, Svartárkotsland, Bleiksmýrardalur og Framfjöll. <sup>208</sup>

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenninum“ frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um

<sup>207</sup> Skjal nr. 2 (137) a-b. Bjarni Ormsson var prestur í Mývatnþingum 1674-1715, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 301.

<sup>208</sup> Skjal nr. 2 (163).

svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.<sup>209</sup> Steingrímur Jónsson sýslumaður Þingeyjarsýslu svaraði bréfinu 6. apríl 1920. Hann segir að eftir því sem hann hafi heyrt séu „almenningar“ á öræfum í sýslunni m.a. að finna:

2. Austanmegin fljótsins [Skjálfandafljóts] Framdalir allir fyrir sunnan Hrauná.

3. Ódáðahraun.

4. Grafarlönd og öræfin þar suður með Jökulsá til jökla.<sup>210</sup>

Svarið virðist byggt á eigin þekkingu sýslumanns því ekkert kemur fram um að það sé byggt á svörum hreppstjóra eða oddvita.

Rétt er að benda á, að í fasteignamati 1916-1918 segir um Grímsstaði:

Jörðinni fylgir afréttarland, norður vestan Gæsafjalla, meiri en jörðin þarfnast fyrir sjálfa sig.<sup>211</sup>

Í afréttarskrá Skútustaðahrepps árið 1878 segir um Voga:

Innan takmarka afréttarins á jörðin Vogar afréttarland það er Ludent nefnist;<sup>212</sup>

Síðan segir fasteignamatið 1916-1918 um sömu jörð:

Er féð opt látið ganga í afrétt framan af vetri. Jörðin á afrétt, sem tekið er í fé auk heimafjár.<sup>213</sup>

Jarðamat 1849-1850 segir um Grænavatn:

Afrjett er hjerumbil handa heimilinu; ...<sup>214</sup>

En fasteignamatið 1916-1918 segir um sömu jörð:

Féð er látið ganga í afréttinni framan af vetri, eptir því sem fellur. Líka haft við beitarhús, er líður á vetur. Fjárgeymsla mjög erfið. Jörðin á afrétt meiri en fyrir sjálfa sig.<sup>215</sup>

### 5.8.2 Fjallskilareglugerðir

Elsta fjallskilareglugerð fyrir vesturhluta Þingeyjarsýslu, þ.e. Suður-Þingeyjarsýslu og Kelduneshrepp í Norður-Þingeyjarsýslu, er frá árinu 1893 og tók gildi 1. janúar 1894.<sup>216</sup>

<sup>209</sup> Skjal nr. 2 (133).

<sup>210</sup> Skjal nr. 2 (134).

<sup>211</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>212</sup> Skjal nr. 4 (6) og 8 (14).

<sup>213</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>214</sup> Skjal nr. 2 (29) a-b.

<sup>215</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>216</sup> Skjal nr. 4 (14).



Var þá svæðinu öllu skipt í þrjú fjallskilafélög: 1. Svæðið milli Jökulsár og Skjálfandafljóts. 2. Svæðið vestan Skjálfandafljóts og norðan Ljósavatnsskarðs, vestur í Fnjóskadal hjá Skógum og þaðan yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd. 3. Svæðið vestan Skjálfandafljóts ofan við Ljósavatnsskarð. Hvert fjallskilafélag gat skipst í deildir eftir því sem hagar, fjöll og vatnsföll deildu. (1. gr.).

Allt land skiptist í afréttir og heimalönd. Hreppsnefndir í hverjum hreppi ákváðu, hvað skyldu vera afréttir og takmörk milli afréttar og heimalanda. (3 gr.).

Hreppsnefndir skyldu gangast fyrir sveitarsamþykktum um, hvort nota skyldi heimalönd til upprekstrar fyrir geldfé eða lömb. Skyldi tekið skýrt fram, hver þau lönd væru og tala fjár, er í þau mætti reka. Heimalönd, sem heimild væri til fyrir að nota til upprekstra, skyldi skoða sem afrétti, enda væru þau notuð á þann hátt af fleiri en landeigendum sjálfum (4. gr.).

Ef tveir eða fleiri menn ættu afrétti saman, skiptust afréttartollar milli þeirra eftir tiltölu hvers og eins í afrétti, þótt einn leyfði frekar en aðrir. (9. gr.).

Fjárleitir á öræfi, sem ekki gætu talist til nokkurra afrétta, skyldu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir. (29. gr.).

Ný fjallskilareglugerð var sett árið 1904.<sup>217</sup> Mikilvægasta breytingin var á 3. grein, en fyrri málsgrein hennar var svohljóðandi:

Allt land skiptist í öræfi, afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrjetti, ef nauðsyn ber til, eptir tillögum hreppsnefnda og með samþykkt landeiganda.

Næstu fjallskilareglugerðir voru settar árin 1913 og 1920 (dálítill breyting gerð 1924).<sup>218</sup> Engar breytingar voru þá gerðar, sem tekur að nefna, en árið 1929 var svæðið gert að einu fjallskilafélagi eða eins og segir í 1. grein:

Suðr-Þingeyjarsýsla, ásamt Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag, sem skiftist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum sveitarfélaga.

Stjórn og umsjón fjallskilamála breyttist samkvæmt 3. grein:

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri úr sínum flokki til að hafa á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála hreppsins og nefnast þeir fjallskilastjórnar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði hreppsnefnda.<sup>219</sup>

<sup>217</sup> Skjal nr. 4 (15).

<sup>218</sup> Skjöl nr. 4 (16, 17, 18).

<sup>219</sup> Skjal nr. 4 (19).

Næsta fjallskilareglugerð, árið 1937, var fyrir Suður-Þingeyjarsýslu eina, sem og frá árunum 1952, 1959 og 1974, en árið 1952 var Húsavík orðin að kaupstað og því nefnd sérstaklega eftir það.<sup>220</sup> Breytingar, sem ástæða þykir til að nefna eru eftirtaldar:

Árið 1959 varð 4. grein svohljóðandi:

Allt land skiptist í öræfi, afréttir og heimalönd. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki hreppsnefndar komi til, enda hafi það aldrei áður í byggð verið.

Sýslunefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum hreppsnefndar, enda liggi samþykki landeigenda fyrir.<sup>221</sup>

Nýrri málsgrein var aukið í 4. grein í fjallskilareglugerðinni árið 1974:

Enn fremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir.<sup>222</sup>

Núgildandi fjallskilasamþykkt er frá árinu 1996 og er fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar, þ.e. Tjörnes-, Reykja-, Aðaldæla-, Reykdæla-, Skútustaða-, Bárðdæla-, Ljósavatns- og Hálshreppa og Húsavík. Hljóðar 4. grein svo:

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í almenninga, afrétti og heimalönd. Héraðsnefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum sveitarstjórna og með samþykki landeigenda. Ennfremur geta sveitarstjórnir með samþykki héraðsnefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki héraðsnefndar komi til. Héraðsnefnd ákveður mörk á afréttum og almenningum.<sup>223</sup>

### 5.8.3 Afréttarsvæði suður og austur af Mývatnssveit

Samkvæmt skjölum urðu hatrammar deilur um land austur að Hafragjá og austur undir Herðubreið, Heilagsdal og Fremrináma á 16. öld og eimir eftir af þeim fram eftir öldum. Eru þau skjöl tekin upp í köflum varðandi Reykjahlíð og Grænavatn og vísast til þeirra þar. Þar er vikið að öræfum austan fjallgarða m.m. auk hestagöngu. Í vitnisburði frá haustinu 1505 um eignarhald Reykjahlíðar á þessu landi segir:

... sagði hann þetta jtolulaust verid hafa vtann þær kaplagongur sem bref og mældagar thil seigia er aa melana hefur haft verid.<sup>224</sup>

Sama kemur fram í vitnisburði fimm manna árið eftir.<sup>225</sup>

Í samþykkt um kaup á Grænavatni 2. maí 1562 og landamerkjalyðingu segir:

<sup>220</sup> Skjöl nr. 4 (20) - nr. 4 (23).

<sup>221</sup> Skjal nr. 4 (22).

<sup>222</sup> Skjal nr. 4 (23).

<sup>223</sup> Skjal nr. 2 (24).

<sup>224</sup> Skjal nr. 2 (97).

<sup>225</sup> Skjal nr. 2 (100).

Sagði hann Grænauatn eiga gieldfjarrekstur a Hlidar auræfi. ...<sup>226</sup>

Þessi réttindi Grænavatns eru einnig nefnd í dómi um kaupbréf fyrir Grænavatni 6. maí s.á.<sup>227</sup> Sjá umfjöllun um Grænavatn hér að framan.

Að þessu er vikið í lögfestu Brynjólfs Sigurðssonar sýslumanns í Árnassýslu 21. júlí 1766:

... og allt Land Jtölulaust fyrer austann Krákaá-læke, og uti móts vid firrgreind Landamerke, Enn fyrer utan og austann ofani Krákaaa, ad fráskildu Eingia Take vid Lánghollt og Baldursheime hefur til heirt, og Eingia Take, sem svare þriggia Kua Fódre frá Jördunne Hrakströnd J Grænavatns Lande mót Geld-fjar rekstre á Hlydar Öræfe frá Grænavatne ...<sup>228</sup>

Geldfjarreksturinn á Hlíðaröræfi lögfesti ábúandi Grænavatns einnig árið 1830.<sup>229</sup>

Grenjaðarstaðakirkja taldist eiga 10 hrossa göngu á Austurfjöllum sbr. máldaga Auðunar rauða Þorbergssonar árið 1318, en þar er meðal eigna kirkjunnar:

hrossum. vj. hagi ä efri mela. enn iiii a nedre mela.<sup>230</sup>

Guðmundur Bjarnason prestur á Grenjaðarstað tók saman eignaskrá fyrir kirkju sína árið 1644. Þar kemur m.a. fram að kirkjan eigi haga fyrir sex hross á efri mela og fjögur hross á neðri mela.<sup>231</sup>

Væntanlega er þetta meðal þess, sem þeir Jón Gissurarson prófastur í Múla og séra Guðmundur Bjarnason á Grenjaðarstað höfðu m.a. í huga, þegar þeir á Helgastaðþingi árið 1639 báðu um að skorið yrði úr fyrir dómi hvort þeir mættu ekki halda þeim rekum, afréttum og ítökum sem væru eign kirkna þeirra samkvæmt máldögum. Dómur var ekki kveðinn strax upp í málinu, því að talið var að fleiri þyrftu að vera viðstaddir, en stuttu eftir að beiðni Jóns og Guðmundar kom fram sendu Þorbergur Hrólffsson og Hrólffur Sigurðarson sýslumenn frá sér tilkynningu þar sem fram kom að þeim þætti þetta réttlát krafa.<sup>232</sup>

Með samningi dagsettum 27. september 1830 leigði séra Jón Jónsson á Grenjaðarstöðum Sigurði Jónssyni á Grímsstöðum við Mývatn svokallað Grenjaðarstaðakirkju ítak eða ítölu á Austurfjöllum frá Mývatni, þ.e. göngu fyrir 10 hross á efri og neðri melum samkvæmt máldögum kirkjunnar. Ársleiga var ákveðin ein dönsk spesía sem skyldi gjaldast á vori að nýafstaðinni vetrarbrúkun ítaksins. Rúmum tólf árum síðar hefur verið skrifað á umræddan leigusamning að séra Jón á

<sup>226</sup> Skjal nr. 2 (114).

<sup>227</sup> Skjal nr. 2 (115).

<sup>228</sup> Skjal nr. 2 (17) a-b.

<sup>229</sup> Skjal nr. 2 (18) a-b.

<sup>230</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>231</sup> Skjal nr. 2 (42) a-b.

<sup>232</sup> Skjal nr. 2 (131) a-b.

Grenjaðarstað hafi móttakið eina spesíu sem gjaldast átti í fardögum 1841 og er sú viðurkenning dagsett 29. mars 1842.<sup>233</sup>

Sami prestur leigði sama ítak Jóhannesi Þorsteinssyni á Geiteyjarströnd við Mývatn þann 18. september 1845. Einungis hálfra gönguna fyrsta árið en svo alla eftir það. Ársleiga var nú 60 fiskar og skyldi borgast að vori að aflokinni vetrarnotkun á ítaki. Á þessum sama leigusamningi er að finna kvittanir prests fyrir leigu á umræddu ítaki fyrir árin 1847-1854.<sup>234</sup>

Á manntalsþingi á Skútustöðum 16. maí 1855 var lesin lögfesta fyrir Reykjahlíð með öllum ítökum kirkjunnar þar. Grenjaðarstaðarpresti geymdist réttur til að mótmæla ef þurfa þætti með tilliti til neitunar hestagöngu þess brauðs á Austurfjöllum en að öðru leyti ekki mótmælt á þinginu.<sup>235</sup>

En árið 1899 var á manntalsþingi á Skútustöðum:

4. Lesin samningur milli ábúenda Reykjahlíðar og Grenjaðarstaðaprests dags 5 Apríl 1870 [dags-1870, ofan línu] þar sem Magnús prestur Jónsson viðurkennir að hafa fengið vissu fyrir, að ítak Grenjaðarstaðakirkju - 10 hrossa ganga á Austurfjöllum – geti eigi til verið í Reykjahlíðarlandi og afsalar sér nefndu ítaki.<sup>236</sup>

Eftirfarandi upplýsingar um Kasthvamm, sem var Grenjaðarstaðakirkjujörð, eru í fasteignamatinu 1916-1918:

Talið að jörðinni fylgi þessi ítök: þriggja hrossa ganga á Austurfjöllum<sup>237</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns nefnir á þremur stöðum hrossagöngu á Mývatnsöræfum beinlínis. Í lýsingu Einarstaða í Reykjadal er eftirfarandi:

Ítök staðarins eru þessi eftir máldaganum: ... 8a hrossa göngu á Borgarmela, og allir melar aðrir jafn heimilir, það er á Mývatnsöræfum í Reykjahlíðaraftrjett.<sup>238</sup>

Um Reykjahlíð segir:

Hestaganga á öræfunum sémileg og bregst sjaldan í meðalárum, en þess á milli falla þeir þegar harðindi koma uppá. ... Umboðsmaður hefur og leyft oftlega nokkrum sveitarmönnum hjer og líka úr Kelduhverfi hestagöngu á öræfunum á vetur í Reykjahlíðar landi, og hefur tekið 5 álnir undir hvörn, so sem gömul venja er til. Nú hefur umboðsmaður tilsagt bóndanum þennan toll ef nokkuð fengist.<sup>239</sup>

<sup>233</sup> Skjal nr. 2 (40) a-b.

<sup>234</sup> Skjal nr. 2 (41) a-b.

<sup>235</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.65).

<sup>236</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.95).

<sup>237</sup> Skjal nr. 2 (33).

<sup>238</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 181.

<sup>239</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 237.

Sama gildir um útigang í Fagranesi,<sup>240</sup> og ekki er ólíklegt, að það, sem sagt er um hestagöngur á Sveinsströnd, Grænavatn og Grímsstaði eigi við Reykjahlíðarhluta Mývatnsöræfa:

[Sveinsströnd] Hestagánga engin í heimalandi, og eru þeir á haustin látnir á fjöll og gánga þar uppá líf og dauða, bæði frá þessari jörðu og öðrum í þessari sveit.<sup>241</sup>

[Grænavatn] Hestagánga engin, og eru þeir á fjöll látnir og gánga þar uppá líf og dauða.<sup>242</sup>

[Grímsstaðir] Hestagánga engin, og eru þeir á öræfi látnir á haustin uppá líf og dauða.<sup>243</sup>

Á Hofsstöðum er tekið fram að hestar séu látnir fram á Mývatnsöræfi:

Hestagánga engin, og eru þeir strax á haustin látnir fram á Mývatnsöræfi, og gánga þar uppá líf og dauða.<sup>244</sup>

Á manntalsþingi í Keldunesi 25. júní 1711 var lesin upp skrifleg lýsing Jóns Ketilssonar á rauðu hrossi sem rekið var til hans í fyrra vor af Mývatnsfjöllum. Umrætt hross hafi síðar sloppið burt frá honum en annað hross, eins að lit og auðkennum, komið af fjöllum. Hann bauðst því til að endurgreiða eiganda fyrra hrossins andvirði þess sökum þessa misfanga.<sup>245</sup>

Eitthvað virðast Mývetningar hafa einnig leitað til Ásbónða í Kelduhverfi um hestagöngu, því að í yfirheyrslu, sem fram fór yfir Einari Jónssyni á Ferjubakka, í héraðsrétti á Skútustöðum 14. júní 1833 vegna deilu um eignarhald Fagraness, var hann spurður hvort Bjarni heitinn á Grímsstöðum hefði nokkurn tíma greitt Jóni, föður Einars, fyrir hestagöngu á Austurfjöllum. Einar svaraði því neitandi og sagði að Bjarni hefði leigt hestagöngu á Austurfjöllum af Jóni Jónssyni í Ási.<sup>246</sup>

Hins vegar telur fasteignamatið 1916-1918 meðal ítaka Áss:

Ennfremur 8 hesta göngu á Mývatnsfjöllum.<sup>247</sup>

Árið 1725 er haft eftir presti að kirkjan í Reykjahlíð eigi Austurfjöll fyrir austan Mývatn.<sup>248</sup>

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að í Reykjahlíð séu árstekjur af fjallgrasatínslu 2 ríkisdalir og 48 skildingar en 2 ríkisdalir fyrir hestagöngu.<sup>249</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur eftirfarandi um Reykjahlíð:

<sup>240</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 238

<sup>241</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 226.

<sup>242</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 231.

<sup>243</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 239.

<sup>244</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 243.

<sup>245</sup> Skjal nr. 2 (136) a-b. Maður að nafni Jón Ketilsson er til heimilis á Garði í Kelduneshreppi árið 1703, sbr. *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 369.

<sup>246</sup> Skjal nr. 2 (151) a-b.

<sup>247</sup> Skjal nr. 2 (31).

<sup>248</sup> Skjal nr. 2 (125) a-b.

<sup>249</sup> Skjal nr. 2 (22).

Kostir jarðarinnar eru: mikið fjallaland til hestagaungu sumar og vetur, ... og góð og áreiðanleg vetrararbeit fyrir fjenað i heimahögum og hross i selhögum og á áðurnefndum fjöllum; ...hjer er og dálítill grasatekja ...<sup>250</sup>

Og fasteignamatið 1916-1918 segir:

Jörðin á víðlenda afrétt á Mývatnsfjöllum, vestan Jökulsár. Í hana tekið margt sauðfé á sumrum og hross til göngu á veturnum. Ganga hross þar marga vetur án gjafar. ¼ hluti Dettifoss tilheyrir jörðinni, er sá hluti leigður fyrir 212 kr. árgjald. Andavarp í eyjum og hölmum í Mývatni og gæsavarp í Grafarlöndum, skammt frá Herðibreið. Eggjatekjan talin gefa 50. kr. árstekjur. Jörðin á upprekstur fyrir geldfé og lömb í Einarstaðakirkjulandi í Framdöllum, en Einarstaðir 8 hrossa göngu í Mývatnsfjöllum.<sup>251</sup>

Í fasteignamatinu stendur einnig:

Undirmatsnefndin virðist ekki hafa tekið nándar nærri nægilegt tillit til tekna þeirra sem jörðin [Reykjahlíð] hefir af Dettifossi og afrétti, enda mun hin síðarnefnda tekjugrein hafa hækkað síðan matið var gert. Samþykkt: Jörðin sjálf færir upp um 1500 kr.<sup>252</sup>

Varðandi áðurnefnda hrossagöngu Einarstaða kemur eftirfarandi fram í jarðamatinu 1849-1850:

Einarstaðir 55 hndr. ..., 8 hrossa gaungu á austur fjöllum. ...<sup>253</sup>

Þessi réttindi Einarstaða eru einnig nefnd í fasteignamati Reykjahlíðar 1916-1918.<sup>254</sup>

Aðspurðir af sýslumanni um samgöngubætur, á manntalsþingi á Skútustöðum 23. maí 1808, lofuðu hreppsmenn að:

... byggja Sæluhús á Austurfjöllum handa 4m a 5imm Mönnum, hvar mikil ummferd er opt á vetrardag; skal þetta Hús setjast við sokallada Smalaskála lág.<sup>255</sup>

Á manntalsþingi á Skútustöðum 6. júní 1832 samdist um með sýslumanni og hreppstjóra að á yfirstandandi sumri skyldi byggja, ef mögulegt væri, sæluhús eða kofa á svokölluðum Austurfjöllum. Sæluhúsið eða kofann skyldi reisa á hentugasta stað á Múlasýslupóstvegi.<sup>256</sup> Ári síðar á manntalsþingi 17. maí 1833 á sama stað svaraði hreppstjóri því til, aðspurður að sýslumanni, að á döfinni væri að byggja það sæluhús sem fyrirhugað var að byggja í fyrra sumar en ekkert varð af vegna ýmiss konar hindrana.<sup>257</sup> Aðspurðir af sýslumanni um vegabætur, á manntalsþingi á

<sup>250</sup> Skjal nr. 2 (29) a-b.

<sup>251</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>252</sup> Skjal nr. 2 (35).

<sup>253</sup> Skjal nr. 2 (28) a-b.

<sup>254</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>255</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.31).

<sup>256</sup> Skjal nr. 2 (146) a-b.

<sup>257</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.52).

Skútustöðum 25. maí 1836, samþykkja hreppsmenn að viðhalda vörðum og sæluhúsum á Austurfjöllum.<sup>258</sup>

Ólafur Jónsson nefnir í ritinu *Ódáðahraun* leit Mývetninga að útilegumönnum árið 1830, þegar þeir fóru til Dyngjufjalla,<sup>259</sup> og ályktar m.a.:

3. Ferðin sýnir ennfremur, að þrátt fyrir góðan vilja, er það furðu skammt inn í auðnina og út fyrir kunnar fjárleitir, sem leiðangursmennirnir komast, og Dyngjufjöll, hið grunaða land, eru ókönnuð eftir sem áður.

Árið 1855, rétt fyrir haustleitir, fóru fjórir Mývetningar að leita óþekktra fjárstöðva suður í Ódáðahrauni, því að eftir 1850 bar mjög á því, að heimtur væru slæmar í Mývatnssveit. Hugðu menn féð finna ókunn beitolönd suður á öræfunum og verða þar úti. Fóru þeir suður að Dyngjufjöllum, suður með Dyngjufjalladal og með suðurhlíð fjallanna að suðausturhorni þeirra. Hittu þeir þar hagadrög og flæður. Riðu næsta dag suður að Svartá, síðan norður yfir Vaðöldu í Upptýppinga og fundu þar mellönd töluverð. Fóru um kvöldið í Herðubreiðarlindir, gengu síðan Lindirnar og Grafarlönd.<sup>260</sup>

Til er afréttarskrá Skútustaðahrepps frá árinu 1878. Hér er sleppt því sem segir um Framdali:

2. Austurdalir og Grafarlönd. Hafurstaðahlíð, Sandmúladalur að Sandmúladalssá, allt Suðurárhraun að Suðurá og Stórutungu-landi, allur Dyngjufjallabruni hinn fremri. Meginhluti þessara afrjettarlanda er eign Skútustaðakyrkju.

3. Miklimór, ásamt Dyngjufjallabruna hinum ytri og Lækjum, allt út að Sandætu, er skilur þessi afrjettarlönd og Grænavatnssellönd. - Afrjettur þessi takmarkast að sunnanverðu af Suðurá, að vestanverðu af heimalöndum jarðanna Svartárkots og Árbakka, að norðan verðu af Grænavatnssellöndum, svo sem áður segir. Allur þessi afrjettur liggur undir jarðirnar Skútustaði og Grænavatn.

Austan við alla þessa 3 afrjetti, sem nú hafa verið taldir, liggur Ódáðahraun, og er gengið í það á hverju ári, svo sem við verður komist. - Öll hjer talin afrjettarlönd hafa frá ómunatíð verið gengin að einni lögrjett, sem liggur í Grænavatns heimalandi og nefnist Grænavatnsrjett. Hreppstjórar í Skútustaðahreppi hafa og jafnan haft á hendi alla fjallskilastjórn í nefndum afrjettum. Hreppsnefndin athugaði, að byggja þurfi Grænavatnsrjett að nýju og flytja hana úr stað, þar sem hún nálega er komin í eyði af sandfoki. - Munu ráðstafanir til þess gjörðar, svo fljótt sem kringumstæður leifa.

4. Austurfjöll, sem öll eru eign Reykjahlíðarkyrkju. Þau ná til suðurs allt fram undir jökla. Að austan takmarkast þau af Jökulsá á fjöllum. Að norðanverðu eru takmörkin á milli þessa afrjettar og Kelduhverfis afrjettarlanda þessi: Ur

<sup>258</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.56).

<sup>259</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun* I, bls. 271-219.

<sup>260</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun* I, bls. 239.

Hafragili beint til vesturs í Eilífsfjall og þaðan í Hrútafjöll. Að vestanverðu takmarkast afrjetturinn af Kröfluhrauni allt suður á Þríhyrninga, og þaðan suður á Halaskógafjall gegnt Námufjalli. Þaðan ræður fjallgarðurinn til suðurs í Þrengslaborgir. Lögrjett fyrir þennan afrjett er Dalsrjett, og liggur hún í Reykjahlíðar heimalandi.

Innan takmarka afrjettarins á jörðin Vogar afrjettarland það er Ludent nefnist; þar stendur og nýbýlið Hlíðarhagi með þeim landamerkjum, er hjer segir Að vestan ráða Hágangnafjöll úti Afanga og þaðan í Eilífsfjall. Ur Eilíf ræður bein stefna til austurs gegnt Austaribrekku, og ræður hún merkjum suður á móts við fremra Hágangnahorn. Ennfremur áskilur afrjettareigandi, að mega hafa selstöðu á Austar<a> seli, sem er innan takmarka afrjettarins.

5. Reykjahlíðar- og Grímsstaðaheiðar með Gæsadalsfjöllum. Þetta afrjettarland takmarkast að vestanverðu af Hólasandi, að norðan af Þeystareykjalandi, að austan af Kröfluhrauni, að sunnanverðu af Grímsstaða- og Reykjahlíðar heimalöndum eptir þeirri stefnu, er hjer segir. Frá Hlíðarfjalli að austan vestur í Víðidalskrók, þaðan í Sjónarhól og svo í Tóuöxl, er liggur við Hólasand.

Afrjettarlönd þessi tilheyra jörðunum Reykjahlíð og Grímsstöðum, en eru gengin til Hraunrjettar í Helgastaðahreppi, einsog líka sveitar stjórnin í Helgastaðahreppi skipar fyrir um fjallskil á nefndum afrjetti. En haganlegra væri, að annað hvort væri hann genginn til Dalsrjettar, eða byggð væri fyrir hann ný aukarjett í Grímsstaða eða Reykjahlíðarlandi.

Í Skútustaðahreppsnefnd, 13. marts 1878.<sup>261</sup>

Útgefandi *Gangna og rétta*, Bragi Sigurjónsson, segir afréttarskrána ritaða með hendi Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, að því er best yrði séð, en undirskrift engin.<sup>262</sup>

Annað afrit afréttarskrárinnar hefur verið lagt fram af hálfu Reykjahlíðar og þar eru undir nöfn Jóns Sigurðssonar, Jakobs Hálfðanarsonar, M. Magnússonar og Jóns Jónssonar.

Í síðustu Ódáðahraunsbók Ólafs Jónssonar er frásögn Sigurðar Jónssonar á Arnarvatni um eftirleitir í Mývatnssveit og aðeins vikið að hefðbundnum fjárleitum:

Lengstu leitir Mývetninga eru suður með Jökulsá að vestan í Grafarlönd og inn fyrir Herðubreiðarlindarbotna. Eru það fimm daga göngur, en taka eftirleitarmenn oft mun lengri tíma.<sup>263</sup>

Ólafur Jónsson segir tvo Mývetninga hafa reynt skömmu eftir aldamótin 1900 að koma á samtökum um að hafa fé austur á öræfunum framan af vetri og fá Reykhlíðinga til þess að hætta að leyfa þar hrossagöngu, en ekki tekist. Annar þeirra,

<sup>261</sup> Skjal 4 (6) og 8 (14).

<sup>262</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 31.

<sup>263</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun* III, bls. 29.



Sigurgeir Jónsson á Helluvaði, muni fyrstur manna hafa sett fé sitt austur á fjöllin, um 1920, og fenginn maður til þess að gæta fjárins. Síðan hafi féð verið haft þar austur frá, fleira og færra, á hverju hausti og oft fram að jólum, oftast vöktunarlaust.<sup>264</sup>

Enn síðar í sömu bók vikur Ólafur Jónsson að eftirleitum sauðfjár og hrossaleitum á Mývatnsöræfum. Segir hann það hafa tíðkast frá ómunatíð að láta hross ganga þar í mellöndunum. Vitnar hann til máldaga Möðrudalskirkju 1408 og 1493 og landamerkjavitnisburðar 1532 og ítaks Grenjaðarstaðakirkju, sem getið sé í Jarðatali Johnsens. Öðru hverju hafi verið gengið austur og litið eftir hestunum, og þeir reknir saman og niður í sveit, þegar ástæður þóttu til.<sup>265</sup> Um beitolandið segir Ólafur:

Hrossin gengu aðallega í melöldunum austan við Nýjahraun, þar sem féð hefur líka verið haft haust og vor, þarna er mikið af sandhólum stærrí og smærrí, þöktum melgrasi, oft stórvöxnu, og getur verið þar gott slægjuland. Þarna tekur tæplega fyrir jörð fyrir en land er allt upp urið, og þótt allt sé nagað, sem upp úr stendur, er kólfurinn grænn og kjarnmikill niðri í sandinum, og krafsa skepnur eftir honum, þegar ekki er freðið, einkum á vorin í gróandanum. Stundum gekk líka nokkuð af hrossum á Norðurfjöllum, í Norðmelsstykki og þar í kring, en þar er landslag og gróður líkt og sunnar á fjöllumunum.

Jón Sigurðsson í Yztafelli drepur nokkuð á nytjar afréttarins í landi Reykjahlíðar:

Þótt sauðhagar séu langt suður um land Reykjahlíðar, allt til Herðubreiðarlinda, er meginafrétturinn þó norðan Búrfells og suður með Jökulsá frá Þjóðvegi. Austur undir ánni eru eigi aðeins góðir sumarhagar, þar er einnig óvenjulega snjólétt og kjarnaland til vetrarþeitar og veðursæld mikil. Síðan 1922 hefur sauðfé frá mörgum bæjum verið rekið austur þangað og látið liggja úti fyrri hluta vetrar. Sjaldan hefur af þessu tjón orðið, svo miklu nemi, en oft hafa menn og fænaður lent í hrakningum á heimleið. Flest vor hefur fé verið rekið austur fyrir rúning og ær stundum fyrir burð, en teknar aftur heim um burðinn. Fram til skamms tíma var hestaganga mikil á Austurfjöllum. Vetrarferðir voru þá tíðar austur þangað, bæði til eftirleita, fjárgeymslu og hestagangna, og urðu þær ferðir oft harðsóttar.<sup>266</sup>

Önnur heimild segir, að árið 1925 hafi Mývetningar í fyrsta sinn haft óbornar ær austan við Nýjahraun.<sup>267</sup>

Í bókinni *Göngur og réttir* er sérstakur kafli um göngur og réttir í Mývatnssveit. Verður hér að nokkru tekinn upp kafliinn um „afréttir“.

<sup>264</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun III*, bls. 76.

<sup>265</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun III*, bls. 87-88.

<sup>266</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 262.

<sup>267</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir V*, bls. 48.

Afrétt Skútustaðahrepps liggur norðan og norðvestan undir Ódáðahrauni og í útjöðrum þess, en það heiti er notað meðal kunnugra sem heildarnafn á hraunfláka þeim hinum mikla, er þekur hálendið milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts, allt sunnan frá Vatnajökli norður til byggða. Einstök svæði þessa hrauns hafa hins vegar sín sérstöku nöfn, svo sem Frambruni, Útbruni, Taglabruni o.s.frv.

Afréttarlönd þessi eru víðáttumikil. Takmarkast þau að vestan af leitarsvæðum Bárðdæla, að austan af Jökulsá á Fjöllum, en að norðan af leitarsvæðum Keldhverfinga og Aðaldæla- og Reykdælahreppa.

Um Bláfjallsfjallgarð skiptist afrétt þessi í Austur- og Suðurafrétt, sem svo eru nefndar.

... nú skipta Mývetningar sér ekki af göngum á sum þau svæði, er þeir áður höfðu fjallskilastjórn á. [Síðan kemur afréttarskráin frá 1878.] ....

Um miðja 19. öld virðist, eftir því sem nú er vitað, að Suðurafrétt hafi verið notuð meira til upprekstrar en Austurafrétt. Var almenn venja að reka fráfærnalömb í Miklamó og Framdali. Haglendi var um þessar mundir stórum meira á Suðurafrétt en nú er, því síðastliðin 100 ár hafa stór og góð landsvæði eyðilagst þar af uppblæstri, svo sem Mótunga, Skafamýrar og hluti af Miklamó.<sup>268</sup>

Jóhann Skaptason sýslumaður á Húsavík tók saman „Upplýsingar um afriettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959.“<sup>269</sup> Þar er eftirfarandi afréttarlýsing Skútustaðahrepps, höfð eftir oddvita:

1. Austurfjöll vestan Jökulsár á Fjöllum, norðan frá Dettifossi til öræfa upp. Mörk að vestan eru heimalönd bújarða við Mývatn og Bláfellsfjallgarður.
2. Suðurafriett. Frá heimalöndum Mývetninga að norðan suður til öræfa í Ódáðahrauni. Nokkur spilda þess afriettar nær vestur að Skjálfandafljóti.

Um eignarhald var sagt, að Austurfjöll hafi verið eign Reykjahlíðarkirkju, en muni nú talin eign eigenda Reykjahlíðar. Suðurafrétt verið eign Skútustaðakirkju, en nú talin jörðinni Skútustöðum, sem væri að  $\frac{3}{4}$  opinber eign, en bændaeign að  $\frac{1}{4}$ . Þó telji allir hreppsbúar sig hafa upprekstrarrétt til sumarnota og álíti venju og langa hefð ráða þar um, svo ekki þurfi sérstakt leyfi. Stöku jarðir hafi eingöngu, eða nær því, notað heimalönd sín til sumargöngu, síðan fráfærur féllu niður, og kynnu því að hafa rofið hefðarrétt. Öræfi liggja sunnan við bæði Austurfjöll og Suðurafrétt og milli þeirra (Bláfellsfjallgarður). Öræfi þessi oftast leituð tvisvar á hausti, þar sem nokkurt haglendi væri eða kinda von. (Leitað í flugvélum).

Samkvæmt *Göngum og réttum* voru á síðari tímum þessi leitarsvæði á „afréttum“ Mývetninga: Norðurfjöll, Veggir, Eystri-Miðfjöll, Neðri-Miðfjöll og Gæsafjöll eða Gæsafjallastykki á Austurafrétt, Útbruni og Frambruni á Suðurafrétt og

<sup>268</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 26-31.

<sup>269</sup> Skjal nr. 4 (65).

loks Grafarlönd.<sup>270</sup> Áður fyrr hafi fé af Austurafrétt verið réttað á Réttargrund við Hlíðarhaga, og þangað muni hafa verið smalaður mikill hluti Austurafréttar eða sunnan frá svonefndri Vallhumalslág og norður að landamerkjum Keldhverfinga, sennilega suðurhluti „afréttar“ Keldhverfinga og einhver hluti af „afrétt“ Helgastaðahrepps. Einnig er vitnað til gamalla sagna um, að Keldhverfingar hafi smalað Austurafrétt að nokkru áður fyrr, því að Mývetningar hafi þá ekki notað hana mikið til fjárgöngu.<sup>271</sup> Samkvæmt bréfi sveitarstjóra Skútustaðahrepps 12. mars 2007 með fylgiskjölum eru „afréttir“ í hreppnum í einkaeign ákveðinna jarða og skiptast í Austurafrétt og Suðurafrétt. Síðari ár hafi Bárðdælir annast smölun sunnan Suðurar, enda eingöngu fé úr Bárðardal á því svæði.<sup>272</sup>

Úrskurðað var í máli Skútustaðahrepps gegn hreppssjóðum Aðaldæla- og Kelduneshrepps 1. ágúst 1973 á Húsavík. Dómkröfur stefnanda voru m.a. að hreppssjóðum Aðaldæla- og Kelduneshreppa yrði gert að greiða Skútustaðahreppi fjórðung af útlögðum kostnaði vegna landamerkjagirðingar frá Dettifossi að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll. Til vara var þess krafist að sömu aðilum yrði gert að greiða kostnað í hlutfalli við skiptingu „afréttarlands“ milli þeirra. Einnig var þess krafist að hreppssjóður Reykdælahrepps<sup>273</sup> yrði gerður að meðaðila í aðalsökinni og meðabyrgur gagnvart þeim kröfum sem gerðar væru til hreppssjóða Aðaldæla- og Kelduneshreppa

Helstu málavextir voru þeir að á árunum 1970-1972 var að frumkvæði Skútustaðahrepps gerð „afréttargirðing“ frá Dettifossi að austan að sandgræðslugirðingu vestan Gæsafjalla að vestan. Stefnandi hélt því fram að hinir stefndu væru skyldugir að taka þátt í þeim kostnaði sem af þessu reis samkvæmt girðingarlögum. Fram kom að um landamerkjagirðingu væri að ræða og að landið sunnan hennar væri „afréttur“ Skútustaðahrepps en norðan hennar sameiginlegur „afréttur“ stefndu. Ósamkomulag hafi svo orðið um skiptingu kostnaðarins.

Hinir stefndu sögðu að engin ákvæði væru í girðingarlagunum sem skylduðu til aðildar að girðingu milli „afrétta“ og að slík skylda hefði aðeins getað myndast með samþykkt sýslunefndar. Ástæða stefnanda til þess að reisa þessa miklu „afréttargirðingu“ hlyti að vera ágangur búfjár eða önnur skyld ástæða. Einnig bentu þeir á að með nýjum lögum hefði verið bætt nýjum greinum inn í girðingarlögin sem beinlínis segðu að sýslunefnd skyldi úrskurða undir hvaða grein girðingarlaganna fyrirhugað „afréttargirðing“ skyldi falla. Sá úrskurður skuli fyrst og fremst byggjast á því hvort ágangur búfjár réttlætti einhliða ákvörðun um lagningu girðingar og hvort fyrirhugað stæði hennar væri nothæft, miðað við hæð lands, landslag og snjóalög.

Rifjaður var upp aðdragandi þessa girðingarmáls og greint frá því að árið 1967 hafi það verið lagt fyrir sýslufund Suður-Þingeyjarsýslu. Í fundargerð sýslunefndar

<sup>270</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 35.

<sup>271</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 41-42.

<sup>272</sup> Skjal nr. 4 (6).

<sup>273</sup> Mál Skútustaðahrepps gegn Reykdælahrepp var tekið fyrir sérstaklega, sbr. skjal nr. 2 (158).

megi sjá að oddviti Skútustaðahrepps hafi lagt fyrir erindi um setningu samþykktar um endurnýjun girðingar milli Mývatnssveitar annars vegar og Kelduhverfis, Aðaldælahrepps og Reykdælahrepps hins vegar. Eftir að hafa rætt málið komst sýslunefndin að þeirri ályktun að ekki væri ástæða að efna til sérstakrar samþykktar í þessu skyni en samþykktu að veita oddvita sínum heimild til þess að veita Mývetningum undanþágu með tilfærslu á smölun á þessu ári.

Árið 1970 var málið tekið upp á sýslufundi Norður-Þingeyjarsýslu sem kaus tvo menn til þess að kom á sáttum fyrir hönd Kelduneshrepps en þær tilraunir báru engan árangur. Fundur var haldinn 16. september 1969 í Hótel Reynihlíð að frumkvæði oddvita Skútustaðahrepps. Þangað mættu fulltrúar frá sveitarstjórnunum Reykdæla-, Aðaldæla-, Kelduness- og Skútustaðahreppa auk sýslumanns og fulltrúa hans. Tilfnið var að freista þess að ná samkomulagi um lagningu afréttargirðingar frá Dettifossi vestur í sandgræðslugirðingu vestan Gæsafjalla. Á fundinum var þess óskað að sýslumaður leitaði umsagnar félagsmálaráðherra um málið. Í bréfi, sem sýslumaður ritaði ráðherra 13. október 1969 segir að Skútustaðahreppur hafi ákveðið að girt skuli á „afréttarmörkum“ milli „afréttarlands“ Skútustaðahrepps og „afréttarlanda“ lágsveitanna Reykdæla-, Aðaldæla- og Kelduneshreppa. Sýslumaður var sammála skilningi Skútustaðahrepps á girðingarlögnum hvað framkvæmd verksins varðaði. Lágsveitahrepparnir töldu hins vegar að þeim væri enginn hagur í því að greind „afréttargirðing“ yrði reist og kostnaðurinn við það sér ofviða. Þeir héldu því fram að Skútustaðahreppur gæti ekki krafist þá um þátttöku í kostnaði við girðinguna nema ákveðið væri að reisa hana með sýslunefndarsamþykkt.

Umboðsmaður hinna stefndu krafðist þess að dómari, þ.e. Jóhann Skaptason sýslumaður, viki sæti í þessu máli og úrskurðaðist þannig.<sup>274</sup>

Samdægurs var tekið fyrir mál Skútustaðahrepps gegn hreppssjóði Reykdælahrepps. Dómkröfur stefnanda voru m.a. að hreppssjóði Reykdælahrepps yrði með dómi gert að greiða Skútustaðahreppi fjórðung af útlögðum kostnaði vegna landamerkjagirðingar frá Sandvatni að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll. Málavextir voru þeir að sumarið 1968 hafi, að frumkvæði Skútustaðahrepps, verið gerð landamerkjagirðing frá Sandvatni norðan Mývatns að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll og þannig skilið milli landa Mývetninga annars vegar og Reykdæla hins vegar. Girðingin hafi verið lögð í samráði við oddvita Reykdælahrepps en síðar hafi komið upp ósamkomulag um skiptingu á greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

Í sýknukröfu hins stefnda kemur m.a. fram að umrædd girðing liggja nálægt merkjum milli jarðanna Hamars og Hóla í Laxárdal annars vegar og Grímsstaða í Mývatnssveit hins vegar sem allar séu í einkaeign. Jafnframt bendir hinn stefndi á að ef til þess kæmi að litið yrði á girðinguna sem girðingu milli „afrétta“ þá hefði

<sup>274</sup> Skjal nr. 2 (157).

stefnandi ekki haft rétt til að reisa hana með einhliða aðgerðum samkvæmt girðingalögum.

Aðdragandi þessa er að öllu leyti eins og aðdragandi hins málsins sem rakið er hér að framan og úrskurðurinn var á sömu leið, þ.e. að héraðsdómari Jónhann Skaptason sýslumaður skyldi víkja sæti í þessu máli.<sup>275</sup>

Ekki hefur fundist dómur í þessu máli. Væntanlega hefur hann verið færður í embættisbók setudómara, en ekki verður séð frá hvaða embætti hann var.

Lögð hefur verið fram af hálfu umboðsmanna Skútustaða álitserð nefndar, sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps skipaði árið 1983 til þess að fjalla um afréttarmálefni í Mývatnssveit. Nefnd þessi skilaði af sér 15. janúar 1985.<sup>276</sup> Ekki verður séð, að tillögur nefndarinnar hafi verið samþykktar. Verða þær því ekki teknar upp hér, en vikið að nokkrum atriðum um mörk heimalanda og „afrétta“, sem afréttarnefndin tók upp í álitserðina. Þar er vísað til afréttarskrár Skútustaðahrepps frá árinu 1878, einnig til 3. greinar fjallskilareglugerðarinnar frá 1893 um skiptingu lands í „afrétti“ og heimalönd. Síðan er getið um bókun í fundargerð almenns sveitarfundar 12. febrúar 1895, þar sem samþykkt var að kjósa fimm menn í nefnd til þess að athuga notkun heimalanda og „afrétta“ sveitarinnar, sem og upprekstur geldfjár. Nefnd þessi lagði breytingar á afréttarskránni frá 1878 varðandi heimalönd Reykjahlíðar og Grænavatns samkvæmt fundargerð frá 8. desember 1896. Á almennum sveitarfundi 28. mars 1898 var tillögum nefndarinnar breytt nokkuð og eftirfarandi samþykkt um mörk heimalanda og „afrétta“.

1. Heimaland Reykjahlíðar takmarkar bein lína úr Dumbahnútu í Hlíðarfjall (eða um hraunið) að öðru leyti ráða hin eldri takmörk.
2. Frá Námafjalli ræður fjallgarðurinn til suðurs í Þrengslaborgir – eins og áður – ofan við lönd Strandar, Kálfastrandar og Garðs.
3. Heimaland Grænavatns takmarkast þannig: Að sunnanverðu ræður Silungalækur úr honum bein lína í suðurhorn Sellandafjalls, og að austan bein lína úr austanverðu Sellandafjalli í Seljahjalla.

Þá er í álitserðinni vísað í fundargerð sýslunefndar árið 1898, þar sem segir:

14. liður. Voru ákveðin takmörk fjallskiladeildarinnar í Mývatnssveit eftir tillögum sveitarstjórnarinnar í Skútustaðahreppi.

Er því ályktað, að hér sé um að ræða samþykktina frá 28. mars, og kemst afréttarnefndin að þeirri niðurstöðu:

Afréttarskrá fyrir Skútustaðahrepp dags. 13. marz 1878 er í fullu gildi með þeim breytingum sem almennur sveitarfundur 28. marz 1898 samþykkti og staðfest er á aðalfundi sýslunefndar s.á.

<sup>275</sup> Skjal nr. 2 (158).

<sup>276</sup> Skjal nr. 9 (8).

Síðan segir, að á undanförunum árum hafi komið fram óskir afréttareigenda í Vogum og Reykjahlíð um að nokkur hluti „afréttar“ í eigu þessara jarða yrði gerður að heimalandi. Telji nefndin rétt að hreppsnefnd semji tillögur að nýrri afréttarskrá, kynni hana og leiti samþykkis landeigenda og staðfestingar sýslunefndar. Koma þá tillögur afréttarnefndarinnar, sem eins og áður segir sést ekki að hafi verið samþykktar. Loks segir afréttarnefndin:

Þó ekki væri til afréttarskrá fyrir 1878 er ljóst að bæði Hlíðarhagi og Krákárbakki eru byggð í afrétti, og því eðlilegt að heimalönd jarðanna hafi sjálfkrafa orðið að afrétti aftur þegar byggðin lagðist af.

Samin var lögfesta fyrir jörðina Möðrudal þann 9. maí 1844:

Það giörum vid undirskrifadir hérmed vitanlegt ad vid eptir Laganna Fyrirmælum lögfestum hér i dag okkar Födrleifd og rétta Eign Jördina Modrudal á Fjalli innan Jökuldals og Hlidar Hrepps i Nordurmúla Sýslu; Lögfestum vid allt sem tédri Jördu Mödrudal fylgt hefr og fylgia á ad réttu og fornu lagi, bædi Tödr og Eingiar, grítt og ógrítt, Vötn og Veidistödr og öll þau Herlegheit sem nefndri Jördu á ad fylgia til þeirra ummerkia sem til er vísad i Máldaga Herra Stepháns Biskups af 1493 og fleyri Biskupanna Visitatiu<r> sanna og samhlióda eru, ad Mödrudalsstad tilheyri ... Hesta gaungu á Mivatnsfiöllum og hálfar Herdabreidstungur.<sup>277</sup>

Undir lögfestuna skrifuðu Sigurður og Methúsalem Jónssynir. Hún var þinglesin þann 11. maí 1844.

Þann 20. mars 1884 var lagt fram landamerkjabréf fyrir Möðrudal með hjáleigunum Lóni [Rangárlóni], Gestreiðarstöðum og Fögrukinn. Það var undirritað af Stefáni Einarssyni í Möðrudal. Þar segir m.a.:

Einnig á Möðrudalur átta hrossa göngu á „Austurfjöllum“ vestan Jökulsár og hálfar „Herðabreiðar-tungur“.<sup>278</sup>

Ódagsett landamerkjabréf fyrir Möðrudal var þinglesið 25. júlí 1923: Þar segir m.a.:

Ítök í annarra löndum: Á Mývatnsöræfum [fyrir ofan línu] 4 hrossa ganga á vetrum og vori og egg og viðartekja í Grafarlöndum og Herðubreiðarlindum.<sup>279</sup>

Jón A. Stefánsson í Möðrudal skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af bændum þar í nágrenni og Einari Friðrikssyni og Jóni Einarssyni fyrir Reykjahlíð.

<sup>277</sup> Skjal nr. 2 (188).

<sup>278</sup> Skjal nr. 2 (189).

<sup>279</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b.

## 5.8.4 Afréttarsvæði inn af Bárðardal (upp af austanverðum Bárðardal)

### 5.8.4.1 Einarstaðir/Framdalaafréttur

Einarstaðir í Reykjadal voru landnámsjörð Ketils hörzka Þorsteinssonar, bróður Eyvindar, sem nam Reykjadal upp frá Vestmannsvatni.<sup>280</sup> Einarstaðir munu kenndir við Einar Konálsson, sonarson Ketils.

Í máldögum Auðunar rauða 1318 er Einarstaðakirkju getið. Ekki er minnst á afrétt.<sup>281</sup> Sömuleiðis í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til ársins 1394.<sup>282</sup>

Til er úrskurður um kaup þar sem Einarstaðir höfðu verið seldir fyrir 100 hundraða, 18. desember 1472.<sup>283</sup> Þá voru Einarstaðir reiknaðir 10 tugir hundraða í kaupmála 8. nóvember 1523,<sup>284</sup> en sagðir 90 hundruð í jarðakaupum 6. maí 1536.<sup>285</sup>

Gísli Þorláksson, Hólabiskup, vísiteraði á Einarstöðum árið 1672 og getur ekki um afrétt.<sup>286</sup> Aðrir Hólabiskupar vísiteruðu Einarstaðakirkju á árunum 1687, 1694, 1702, 1715, 1748 og 1760 og nefna ekki afrétt.<sup>287</sup> Steingrímur Jónsson biskup gerir það ekki heldur árið 1828.<sup>288</sup>

Engin skjöl voru til staðar við prófastsvísitasíu á Einarstöðum árið 1735.<sup>289</sup> Afréttur Einarstaðakirkju er ekki nefndur við prófastsvísitasíur á árunum 1751 og 1777.<sup>290</sup>

„Þögnin er fróðleg, þó að henni megi ekki treysta um hvert einstakt atriði“ segir Björn Sigfússon háskólabókavörður í formála sínum að Ljósvetninga sögu í *Íslenskum fornritum*.<sup>291</sup> Aðrar heimildir eru til um „afrétt“ Einarstaða í öðrum heimildum, og eru þær eftirfarandi:

Jarðabók Árna og Páls segir um Einarstaði:

Staðurinn á og hálfu Hafurstaðahlíð móts við Arnvetninga og Öxnadal allan, afjett allan fyrir ofan Krossá og Sandmúla allan og Hátún. Þessi ítök liggja framm af Fljótshéiði fyrir austan Skjálfandafljót.<sup>292</sup>

Ekki er minnst á, að Arnarvatn eigi hluta Hafurstaðahlíðar í lýsingu jarðarinnar í Jarðabók Árna og Páls. En í sömu Jarðabók er sagt um Víðiker í Bárðardal:

<sup>280</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 276-279.

<sup>281</sup> Skjal nr. 2 (84).

<sup>282</sup> Skjal nr. 2 (85).

<sup>283</sup> Sbr. skjal nr. 2 (B.1. Ísl. fbrs. V, 686-688).

<sup>284</sup> Sbr. skjal nr. 2 (B.1. Ísl. fbrs. IX, 179).

<sup>285</sup> Sbr. skjal nr. 2 (B.1. Ísl. fbrs. IX, 766-767).

<sup>286</sup> Skjöl nr. 2 (61) a-b.

<sup>287</sup> Skjöl nr. 2 (62) a-b, nr. 2 (64) a-b, nr. 2 (65) a-b, nr. 2 (67) a-b, 2 (70) a-b og nr. 2 (74) a-b.

<sup>288</sup> Skjal nr. 2 (75) a-b.

<sup>289</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.9. án nr.).

<sup>290</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.9. án nr.).

<sup>291</sup> *Ljósvetninga saga með þáttum, Reykdæla saga ok Víga-Skútu, Hreiðars þáttur*, Íslenzk fornrit X, bls.

V.  
<sup>292</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 181.

Eigandi sýslumaðurinn Bjarni Petursson að Skarði, og er þetta býli kallað heimaland Einarstaða í Reykjadal en fylgir þó Bárðardalshrepp.<sup>293</sup>

Og í prófastsvisitasíu Einarstaðakirkju árið 1777 stendur:

Alyktast nú að tyund frá Einarstada afbjle Vídirkere liggjande i Lundarbrecku k(ir)kiu Sókn hnige til Bardar dals Prests, Enn gialldest ej hínad i Reikjadal.<sup>294</sup>

Benedikt Þorsteinsson var sýslumaður í Þingeyjarsýslu og varalögmaður og síðar lögmaður og bjó um skeið á Einarstøðum í Reykjadal og átti þá jörð.<sup>295</sup> Í sýslumannsdómabók hans koma Einarstaðir og land þeirra á Króksdal við sögu á árunum 1719 og 1721:

Á manntalsþingi að Haganesi við Mývatn 16. júní 1719:

4° tilbaud vicelögmadurenn þessa Hrepps innbuendum Einarstada kyrkiu land a Kroksdal yxnadal, og Hafurstada hlíjd fyrer sinn afrjettar pening i móte billegre forliþkan annars fyrerbíjdur hann alla oleifða [upphaflega skrifað, oleifelega] brukun þar a og leggur vid sekter.<sup>296</sup>

Upplesnar voru og uppáskrifaðar lögfestur m.a. fyrir Einarstøðum á manntalsþingi að Helgastøðum 16. júní 1721. Inntaks er ekki getið.<sup>297</sup>

Á manntalsþingi að Helgastøðum 16. júní 1721:

6° til sagði Vicelögmadurinn Einarstada og Helgastada kyrkiusóknar Mönnum að Rietta sig efter Einarstada Kyrkiu Máldaga og gömlum fyrrverandi yfirVallda her i Sysslu domum og skickunum, sem á lögum GrundValladar Vmm [Vmm, ógreinilegt] gielldfiár rekstur I Eynarstada kyrkiu afriett kroksdal yxnadal etc. Hveria afriett Vicelögmadurinn tilseigir bændum þessarar Sveitar að rækia eftir lögum og skilldum.<sup>298</sup>

Og á manntalsþingi að Haganesi við Mývatn 18. júní 1721:

5° Framkom Alvarlegt prótest buenda i Reikiadal á móti gielldfiár Rekstre búenda i þessum Repp I Eynarstada kyrkiuland, Króksdal, yxnadal og Hraunárdal sem er Almenningur þeirrar og er MyVatnsbuendum til sagt sig Her eptir að Retta og ecki moti lögum sitt fe i adurnefndt land Reka.<sup>299</sup>

Er þá komið að Reykjahlíðarþætti í sögu Einarstaðaafréttar.

Í svokallaðri Skinnastaðaártíðaskrá, AM. 249 d, folio, er máldagi Reykjahlíðarkirkju frá árinu 1573. Þar er nefnt ítak kirkjunnar:

Geilldfiar og Lamba Rekstur främm ä fioll J Einarstadakirkju Jtok/ ...

<sup>293</sup> Skjal nr. 2 (177) a-b.

<sup>294</sup> Skjal nr. 2 (177) a-b.

<sup>295</sup> Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* I, 142-143.

<sup>296</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.).

<sup>297</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.).

<sup>298</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.).

<sup>299</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.).



Skrifat A eidum 17 dag februaríj 1573.<sup>300</sup>

Hið sama kemur fram í prófastavísitasíu Reykjahlíðarkirkju frá árinu 1735 og biskupsvísitasíu sömu kirkju árið 1828.<sup>301</sup> Sömuleiðis í lögfestu Einars Jónssonar fyrir Reykjahlíð 5. júní 1758.<sup>302</sup> Ólafur Þorláksson á Skútustöðum hafði mótmælt lögfestu Einars Jónssonar fyrir Reykjahlíð árið 1745 að því leyti sem hann sagði hana eiga til Framfjalla sem Ólafur sagði vera sína fullkomna eign og byggði á yngstu og elstu máldögum og vísitasíum Hólabiskupa. Mótmæli Ólafs eru dagsett 2. júní 1745 og voru lesin upp samdægurs á manntalsþingi að Skútustöðum af Jóni Benediktssyni sýslumanni.<sup>303</sup> Væntanlega eru Framfjöll landið austan Skjálfandafljóts.

Einarsstaðakirkja er sögð eiga afréttarítak á Krókdal í óársettri lýsingu Skútustaðaðinga sem sennilega er frá því um 1840.<sup>304</sup>

Fyrir manntalsþingi á Ljósavatni 21. maí 1849 var lesið upp bann, dagsett 21. maí 1849, gegn því að Bárðdælingar notuðu Einarsstaðakirkju land fram á fjöllum austanvert við Skjálfandafljót.<sup>305</sup>

Framar í umfjöllun um Skútustaðaafrétt eru teknar upp vitnaleiðslur árið 1849 um „Hraunárdalsafrétt“, sem eigandi Einarsstaðakirkju gerði kröfu til.<sup>306</sup> Vísast til þess og verður ekki endurtekið hér. Sömuleiðis er þar vikið að þinglestri árið 1860 á lögfestu fyrir öllum Einarsstaðakirkjulöndum á Framfjöllum frá 21. maí 1759.<sup>307</sup>

Lögfesta Einarsstaða var lesin upp á manntalsþingi á Skútustöðum 27. maí 1804. Inntaks hennar er hins vegar ekki getið.<sup>308</sup>

Á manntalsþingi Reykdæla á Breiðumýri, 20. maí 1905, var birt Stjórnarráðsbréf frá 27. desember 1904 þar sem spurst er fyrir um gömul heimildarskjöl fyrir fasteignum. Þingmenn upplýstu um að fátt væri að finna í hreppnum af sliikum skjölum nema helst fyrir Einarsstaðaeigninni.<sup>309</sup>

Þann 3. júní 1890 var útbúið landamerkjabréf fyrir Framdalafrétt. Því var þinglýst 26. júní 1897:

Landamerkjaskrá fyrir afrétt þann sem kallaður er „Framdalir“ og liggur suður af Bárðardal að austan en tilheyrir Einarsstöðum í Reykjadal.

Að norðan ræður Krossárgil frá upptökum til Skjálfandafljóts, að austan og sunnan ráða grjót og sandar sem umkringja þetta land á þá 2 vegu að vestan ræður Skjálfandafljót. Hagar og beitiöld innan þessara takmarka eru þessi. Krossártorfa sunnan Krossár, Krókdalur, Bálabrekka, Yxna dalur, Stapa-

<sup>300</sup> Skjal 1 (8). Magnús Már Lárússon: „Reykjahlíðarmáldagi í AM. 249 d, folio“, *Saga V* (1965), bls. 352-355.

<sup>301</sup> Skjöl nr. 2 (130) a-b og nr. 2 (76) a-b.

<sup>302</sup> Skjal nr. 2(191) a-b.

<sup>303</sup> Skjal nr. 2 (20) a-b.

<sup>304</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 124.

<sup>305</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.86).

<sup>306</sup> Skjal nr. 2 (156) a-b.

<sup>307</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.70).

<sup>308</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.27).

<sup>309</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.99).

mosar, Íllagil og Íllagilsmosar, Hraunárdalur, Flæður, Drög og Teigjur. Fyrir norðan Krossá eru þessi ítök í Skútustaðalandi hálf Hafursstaðahlíð, allur Sandmúli.<sup>310</sup>

Eigandi Einarstaða, Haraldur Sigurjónsson, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af eftirfarandi aðilum: Árna Jónssyni, sem skrifaði undir fyrir hönd Skútustaðakirkju, og Guðbjörgu Aradóttur, sem var eigandi ¼ úr Skútustöðum. Á spássíunni við hliðina á landamerkjabréfinu stendur að ítökum hafi verið lýst þann 28.12.1953 samkvæmt áskorun 20.5.1953. Undir þetta skrifar J. Skaptason.

Ítaki Reykjahlíðar í Einarstaðaafrétt er lýst í landamerkjabréfi Reykjahlíðar 8. apríl 1891, en í athugasemd sýslumanns segir að því hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20. 5. '53 og sé því niður fallið.<sup>311</sup>

Í landamerkjabréfi Skútustaða frá 13. apríl 1891 segir (sjá að öðru leyti Skútustaði):

Innan þessara um merkja telst Einarstaðakirkja að eiga „halfa Hafursstaðahlíð og Sandmúla.“<sup>312</sup>

Umboðsmaður og eigandi Einarstaða skrifar undir þetta Skútustaðabréf. Í jarðamatinu 1849-1850 kemur eftirfarandi fram um Einarstaði:

Einarstaðir 55 hndr. ... Afrjettarland töluverðt fyrir austan fljót á framfjöllum, 8 hrossa gaungu á austur fjöllum. ...<sup>313</sup>

Og fasteignamatið 1916-1918 segir um Einarstaði:

Búfjárhagar: ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. Ennfremur á jörðin sérstaka afrétt á Framdölum austan Skjálfandafljóts og átta hesta göngu í Borgarmelum á Mývatnsfjöllum.<sup>314</sup>

Í sama mati er Reykjahlíð talin eiga upprekstur fyrir geldfé og lömb í Einarstaðakirkjulandi á Framdölum.<sup>315</sup>

Einnig er vikið að þessum réttindum Reykjahlíðar- og Einarstaðakirkna í afréttarskrá Skútustaðahrepps árið 1878, sem fjallað verður um síðar.

Árið 1972 sömdu hreppsnefnd Bárðdælahrepps og eigendur Einarstaða um það til fimm ára, að hreppurinn tæki land Einarstaða á Framdölum á leigu til upprekstrar að öðru leyti en því, að Einarstaðabændur hefðu upprekstrarrétt fyrir 120 kindur. Bárðdælir sæju um smölun á landinu, og væri smölunarkostnaður á fé, sem Einarstaðabændur rækju, leigugjaldið, sem Bárðdælingar greiddu. Væri samningnum ekki sagt upp, framlengdist hann að sjálfu sér til eins árs í senn.<sup>316</sup>

<sup>310</sup> Skjal nr. 2 (2).

<sup>311</sup> Skjal nr. 2 (7) a-b.

<sup>312</sup> Skjal nr. 2 (8) a-b.

<sup>313</sup> Skjal nr. 2 (28) a-b.

<sup>314</sup> Skjal nr. 2 (33).

<sup>315</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>316</sup> Skjal nr. 14 (9).

Einarsstaðakirkja var afhent söfnuði árið 1941.<sup>317</sup> Ekki hafa komið fram skjöl varðandi þá afhendingu, en ætla má að þar hafi gilt sömu venjur og um aðrar sóknarkirkjur að engar fasteignir eða ítök hafi verið afhent, heldur aðeins kirkjan sjálf, gripir hennar og sjóður.

Byggð mun hafa verið á dölunum fram með Skjálfandafljóti. Hafa þar fundist ýmsar fornleifar og leit gerð að slíku. Fylgir hér á eftir það, sem fundist hefur í prentuðum heimildum um þær minjar:

Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1898 fylgdi fylgirit eftir Daniel Bruun, sem í íslenskri þýðingu nefnist „Nokkurar eyðibygðir í Árnassýslu, Skagafjarðardölum og Bárðardal rannsakaðar sumarið 1897 af Daniel Bruun.“ Þar fjallar Bruun m.a. um byggðina inn af Svartáarkoti og nefnir Hrauntungu, sem komið hafi í ljós á síðari tímum nyrst í Ódáðahrauni, rétt fyrir sunnan Suðurá og nærri upptökum hennar, og lýsir rústum þar. Telur Daniel Bruun, að Hrauntunga sé sama og forna eyðibólið Skútustaðir í Mikley í Skútustaðaafrétt, sem getið sé í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Síðan segir:

en alt þetta land, sem hér ræðir um hefir legið og liggur enn undir Skútustaði og er því sennilegt, að hér hafi upphaflega staðið sel heimajarðarinnar og því verið kallað Skútustaðasel, en þó hefir þar verið reglulegur bær („vetrhús“) um langan tíma og þá helzt eftir það er hætt var að hafa þar í seli; það sýna tóftirnar og hinn mikli öskuhaugur.<sup>318</sup>

Þá vitnar Daníel Bruun til Jarðabókarinnar um svæðið sunnan Sandár og austan Skjálfandafljóts og segir um Hafursstaði:

Fyrir austan Fljótið sjást enn tóftir þessa bæjar eða sels.<sup>319</sup>

Ólafur Jónsson, könnuður Ódáðahrauns, segir engan hafa getað vísað sér á þessar rústir, sem ættu að vera einhvers staðar milli Sandár og Sandmúladalsár, og sjálfur ekki komið auga á nein merki þeirra, þótt skyggst hafi eftir þeim.<sup>320</sup>

Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, birti í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1909 grein sem nefnist „Merkur fornmenjafundur“ og fjallar um gripi, sem fundust á árunum 1908 og 1909 á Sandmúladal, einkum gangsilfur. Þar segir m.a.

Nokkru fyrir norðan Helgastaði fellur Sandmúladalsá í Skjálfandafljót austanmegin; dregur hún nafn sitt af dal þeim er hún rennur eftir, en dalur sá hefir nafn sitt af múla þeim, sem er á milli fljótsins og árinna; verður þar langt og mjótt nes milli þessara vatnsfalla. Í þessu nesi, norðan í múlanum, er forn bæjarrúst örblásin og vottar lítt fyrir veggjum, enda er þar sandur mikill. D. Bruun hefir ekki orðið áskynja um þessa rúst, og engin munnmæli eru til

<sup>317</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 431.

<sup>318</sup> Daniel Bruun: „Nokkurar eyðibygðir í Árnassýslu og Bárðardal. Rannsakaðar sumarið 1897“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1898*, bls. 71-72.

<sup>319</sup> Daniel Bruun: „Nokkurar eyðibygðir í Árnassýslu og Bárðardal. Rannsakaðar sumarið 1897“, bls. 72.

<sup>320</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun III*, bls. 139.

um það, hvað sá bær hefir heitið, er hér hefir staðið. Eru líkur til að hann hafi heitið í Sandmúla. Hinumegin við Sandmúladalsá blasir við Hafursstaðahlíð og hefir bærinn Hafursstaðir staðið þar (sbr. ritg. Bruuns); fram með fljótinu, undir hlíðinni heita Hafursstaðeyrar.

Um það hefir gangnamönnum o.fl. verið kunnugt lengi, að smágripir ýmsir fyndust í rústunum í Sandmúla.<sup>321</sup>

Síðan er greint frá gripum frá Sandmúla, sem Forngripasafnið fékk hjá Erlendi Þórðarsyni frá Svartáarkoti. Taldi Matthías fundinn bera þess órækan vott, að þar hefði byggt verið á landnámstíð eða söguöld, en ekki haldist við byggð.<sup>322</sup>

Þorvaldur Thoroddsen segir Hafursstaði hafa verið neðst í Hafursstaðahlíð, þar sjáist enn rétt með almenningi og tíu dilkum og segir síðan:

Syðst í Hafursstaðahlíð, rétt fyrir sunnan Sandmúladalsá, hefir blásið upp bær. Jón Þorkelsson [þá á Halldórsstöðum, fylgdarmaður Þorvalds] sagðist oft í ungdæmi sínu hafa komið þangað og fundið þar ýmsar fornmenjar, sem nú, því miður væru allar týndar. Þar voru t.d. brot úr leirilátum úr rauðum brendum leir og einkennilegir hnappar með krossi og fæti niður úr krossinum; þar fanst og brýni um þumlungsdígurt, en 2 kvartil á lengd, og smáir holir steinar (hnetur), líkir lausnarsteinum; heldur J. Þ. að þeir hafi verið brúkaðir á net, því silungur er þar í fljótinu efra og í þveránum.<sup>323</sup>

Í I. bindi *Ódáðahrauns* er þetta:

Rétt áður en en við förum yfir Sandmúladalsá, verða á vegi okkar fornar bæjarrústir norðan undir Sandmúlanum. Allt er þar örfoka, og af bænum ekki annað eftir en steinahrúgur, en talsvert mikið sést þar af beinarusli og dálítið af ösku og gjalli. Ef til vill eru þetta rústirnar af Hafursstöðum, en norðan við Sandmúladalsána eru örnefnin Hafursstaðahlíð, það er austurhlíð dalsins, sem nú er alveg örfoka, og Hafursstaðaheiði þar austur af. Ef Hafursstaðir hefðu verið norðan Sandmúladalsár, er líklegt, að rústir þeirra fyndust þar.<sup>324</sup>

Jón Sigurðsson í Yztafelli taldi fráleitt, að Hafursstaðir væru sami bærinn og fannst við Sandmúla.<sup>325</sup>

Hér á eftir verður tekið upp það, sem skjallegar heimildir segja um „afrétti“ á Framdölum.

Jörðin Þverá í Laxárdal var seld með ítökum, 12. apríl 1477, þ. á m.:

giellfienadar rekstr til afriettar aa *kroksdal* arlega.<sup>326</sup>

<sup>321</sup> Matthías Þórðarson: „Merkur fornmenjafundur. Fundið fornt gangsilfur“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1909*, bls. 25.

<sup>322</sup> Matthías Þórðarson: „Merkur fornmenjafundur. Fundið fornt gangsilfur“, bls. 25-31.

<sup>323</sup> Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898* I, bls. 349.

<sup>324</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun* 1; bls. 179-180.

<sup>325</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 221.

<sup>326</sup> Skjal nr. 2 (94).

Hér mun væntanlega vera átt við Króksdal með Skjálfandafljóti en engar frekari heimildir finnast um þennan rétt þverár.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir um þetta svæði:

Yxnad<a>lur, Króksdalur, Hafurstaðahlíð og Sandárnes heita örnefni fyrir austan Skjálfandafljót fram frá bygðinni, það eru almenníngar til upprekstur<s>, fyrir afrijettarfje úr Bárðardal austan framm, og so hafa Reykdælingar stundum brúkað upprekstur í þennan almenníng.

Hafurstader kallast fornt eyðiból í þessum almenníngi á Hafurstaðahlíð, og sjást þar enn nokkur byggingarmerki rústa og girðinga. Ekki má þetta eyðiból aftur byggja, því það er víði vaxið en heyskapur enginn.<sup>327</sup>

Þetta land hefur verið eignað Skútustöðum í Mývatnssveit og Einarstöðum í Reykjadal.

Í jarðamatinu 1849-1850 er að finna eftirfarandi umfjöllun um Helgastaðahrepp:

... Afrijettarland má telja nokkuð, er ymsum jörðum í sveitinni tilheyrir, þó ei sje henni einhlýtt með öllu. ...<sup>328</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Ljósavatnshrepp:

... Í Bárðardal ... og landkjarni víðasthvar í betralagi, ef hans mætti viðnjóta fyrir ágángssakir af afrijettar fje því, er sækjir þaðan í búfjár haga, einnig er sumar hagi fyrir gjeldfje sveitarmanna þegar mjög eyddur af sandfoki. ...<sup>329</sup>

Ólafur Jónsson fjallar um leit að fornum fjallvegum og útilegumönnum í ritum sínum *Ódáðahraun*. Þar er m.a.:

Um þetta leyti, fyrir og eftir aldamótin átján hundruð, fara einstaka menn í sveitum þeim, sem liggja að Ódáðahrauni, að skyggast lengra inn á öræfin en áður hafði tíðkapt. Það þótti mikið þrekvirki, er Marteinn Þorgrímsson frá Garði við Mývatn fann Marteinsflæðu, en áður var aldrei farið lengra suður í fjárleitir en á Hraunárdal. Þorv. Thoroddsen segir, að þetta hafi verið snemma á 19. öld, en það getur tæplega verið, hefur líklega verið seint á 18. öldinni, því að Marteinn er fæddur um 1737 og dáinn 6. júní 1824.<sup>330</sup>

Ólafur Jónsson rekur einnig ferð „landaleitarmanna“ árið 1880, sem var til þess að leita óþekkra haglenda. Komust þeir m.a. í Rjúpnabrekku, Gæsavötn, Kistufell, Kverkfjallarana og Hvannalindir.<sup>331</sup> Næst síðasta málgreinin í þeirri umfjöllun er svohljóðandi:

Áður en ferð þessi var farin, hafði ekki verið leitað úr Bárðardal sunnar en á Marteinsflæðu, en eftir þetta var oft farið í leitir alveg suður að Gæsavötnum.

<sup>327</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 144.

<sup>328</sup> Skjal nr. 2 (28) a-b.

<sup>329</sup> Skjal nr. 2 (30) a-b.

<sup>330</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun* I, bls. 215.

<sup>331</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun* I, bls. 274-278.

Sérstakur kafli er um „Austurafrétt Bárðdæla - Framdali“ í ritinu *Göngur og réttir*. Þar segir, að fyrir 1884 hafi fjallskil á landi því, sem Bárðdælir leituðu nú austan Fljóts, verið sameiginlega innt af höndum af Mývetningum og Bárðdælum. Um 1880 hafi verið svo komið, að Bárðdælum hafi einum, að heita mátti, verið gerð fjallskil á Framdali. Árið 1884 standi eftirfarandi klausa í fjallskilaskrá Skútustaðahrepps:

„Framdalaleit, eftir samkomulagi við Bárðdælinga taka þeir að sér að hreinsa Framdali forsvaranlega, og jafna þeir göngunum sjálfir á sig, en eru að öðru leyti gangnafríir í framafrétt,“ (þ.e. suðurafrétt).

Eftir þetta er Framdalaleit ekki nefnd í fjallskilaskrá Skútustaðahrepps.

Upp frá þessu sé farið að tala um austurafrétt Bárðdæla, en göngurnar kallaðar Framdalagöngur, þótt mun víðar sé gengið en Framdali eina, því að leitarsvæðið náði frá heimalöndum í Bárðardal og suður á Vonarskarð, meðan mæðiveikivarnargirðingar komu eigi til sögunnar.<sup>332</sup> Fram til ársins 1884 hafi sauðfé af allri Fljótsheiði verið smalað í einu lagi til Strengjaréttar á Krákárbökkum, suðaustur af Hrutavíðiseli, suður frá Baldursheimi í Mývatnssveit. Ágreiningur hafi orðið haustið 1883, sem varð til þess, að næsta vor hófst réttargerð í Víðikeri, og gengist fyrir því að fjallskilafélaginu yrði skipt eftir hreppamörkum Bárðdæla og Mývetninga.<sup>333</sup> Einnig segir í sama riti um „afrétti“ Mývetninga:

Um miðja 19. öld virðist, eftir því sem nú er vitað, að Suðurafrétt hafi verið notuð meira til upprekstrar en Austurafrétt. Var almenn venja að reka fráfermalömb í Miklamó og Framdali. Haglendi var um þessar mundir stórum meira á Suðurafrétt en nú er, því síðastliðin 100 ár hafa stór og góð landsvæði eyðilagst þar af uppblæstri, svo sem Mótunga, Skafamýrar og hluti af Miklamó.<sup>334</sup>

Fram kemur í samþykkt fulltrúa hreppsnefnda Helgastaða-, Ljósavatns- og Skútustaðahreppa í maí 1880 að þá eru orðin vandkvæði á að hreinsa Framafrétt austan Skjálfandafljóts vegna þess hve fáir notuðu hana. Var ákveðið, að menn í Mývatnssveit, sem ættu að gera fjallskil á Austurfjöll, legðu styrk til fjallskila á Framafrétt, móts við styrk frá Helgastaðahreppi til fjallskila á Austurafrétt.<sup>335</sup>

Eftirfarandi hefur Ólafur Jónsson eftir Sigurði Jónssyni á Arnarvatni um hefðbundnar fjárleitir í Mývatnssveit:

Bárðdælingar hafa nú um langt skeið einir notað Framdali, þ.e. afréttinn austan Skjálfandafljóts, sunnan Sandár og Austurdala – mestur hluti hans

<sup>332</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* IV, bls. 307-308.

<sup>333</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* IV, bls. 317-318.

<sup>334</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 31.

<sup>335</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 34.

tilheyrir samt Mývatnssveit. Smala þeir allt suður í Vonarskarð, og eru leitir þeirra langar.<sup>336</sup>

Í samantekt Jóhanns Skaptasonar sýslumanns árið 1959, „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ er skrá yfir „afrjetti í umsjá hreppsnefndar Bárðdælahrepps“, höfð eftir oddvita. Þar segir:

Afrjettarland austan Skjálfandafljóts: Að vestan ræður Skjálfandafljót. Að austan ræður lína frá Suðurá ofanvert við Kerlingarbörð suður í Langadalsárós, þar sem hún fellur í Sandá, síðan ræður Langadalsá og drag það, er að henni liggur austanvert við Álftatjarnarflæðu, er því dragi sleppir, ráða að austan og sunnan hagar með þeim drögum, er flytja vötn til Skjálfandafljóts. Að norðan Suðurá að Suðurárkrók, en þaðan girðing vestur í Skjálfandafljót.

Um eignarhald hafði sýslumaður eftir oddvita, að Stóratunga ætti allt hraunið suður að Sandá; svæðið frá Sandá og suður að Krossá væri talið eign Skútustaða (eða Skútustaðakirkju), en svæðið frá Krossá og suður að öræfum væri talið eign Einarstaða í Reykjadal. Notkun „afréttarins“ byggðist á venju og hefð. Bárðdælingar mundu nær eingöngu hafa notað Austurafrétt frá 1850. Afréttarnotkun hefði verið bönnuð eftir fjárskipti 1945, en nokkur undanfarin ár hefðu Bárðdælingar, Mývetningar og Einarstaðamenn ásamt fleiri Reykdælingum notað „afréttina“. Óskuðu Bárðdælir þess eindregið, að sveitin fengi fullan umráðarétt yfir þeim afréttarlöndum, sem fram af henni lægju. Samkvæmt upplýsingum oddvita Reykdælahrepps ættu Einarstaðabændur afrétt á Framdölum fram af Bárðardal austan Skjálfandafljóts. Hann hefði ekki verið í umsjá sveitarstjórnar í Reykdælahreppi og ekki notaður af bændum þar nema með leyfi Einarstaðabænda.<sup>337</sup>

Í þessari samantekt Jóhann Skaptasonar er eftirfarandi afréttarlýsing Skútustaðahrepps, höfð eftir oddvita:

2. Suðurafrjett. Frá heimalöndum Mývetninga að norðan suður til öræfa í Ódáðahrauni. Nokkur spilda þess afrjettar nær vestur að Skjálfandafljóti.

Um eignarhald var sagt, að Suðurafrétt hafi verið eign Skútustaðakirkju, en nú talin jörðinni Skútustöðum, sem væri að  $\frac{3}{4}$  opinber eign, en bænda eign að  $\frac{1}{4}$ . Þó telji allir hreppsbúar sig hafa upprekstrarétt til sumarnota og álíti venju og langa hefð ráða þar um, svo ekki þurfi sérstakt leyfi. Stöku jarðir hafi eingöngu, eða nær því, notað heimalönd sín til sumargöngu, síðan fráfarur féllu niður, og kynnu því að hafa rofið hefðarrétt. Öræfi liggja sunnan við bæði Austurfjöll og Suðurafrétt og milli þeirra (Bláfellsfjallgarður).

<sup>336</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun III*, bls. 29.

<sup>337</sup> Skjal nr. 4 (65).

Félagsmálaráðuneytið sendi öllum sveitarstjórnum fyrirspurn um upprekstrarrétt í „afrétt“, heiti hans og mörk árið 1989.<sup>338</sup> Í svári oddvita Bárðardals var mörkum Bárðardalsafréttar eystri lýst svo:

Vesturmörk: Skjálfandafljót, meginkvísl. Norðurmörk: Sandá. Austurmörk: Langadalsá og þar fyrir sunnan tilheyra allir hagar er vatn fellur af til Skjálfandafljóts afréttinum Suðurmörk: Sandar og auðnir þar sem haga þrýtur.<sup>339</sup>

Í svarinu kemur fram, að kirkjujarðirnar Skútustaðir og Einarstaðir telji sig eiga Bárðardalsafrétt eystri að miklum hluta. Reykdælir hafi nýtt sér upprekstrarrétt í nokkur ár í kringum 1960, en Mývetningar ekki síðan smölunarsvæðum var skipt um 1880.

Reykdælahreppur svaraði því til, að Framdalafréttur austan Skjálfandafljóts og sunnan Krossár væri eign Einarstaða í Reykdælahreppi. Litið hefði verið svo á, að hann væri í Bárðdælahreppi, en ekkert verið um það samið.<sup>340</sup>

Ágreiningur var milli Skútustaða- og Bárðdælahreppa um réttarstöðu „afréttarinnar“. Töldu Mývetningar land milli Sandár og Krossár vera innan Skútustaðahrepps, en Einarstaðamenn álitu Framdalafrétt vera í Bárðardalshreppi. Var samin álitgerð um málið 1980,<sup>341</sup> og ágreiningi um sveitarfélagamörk vísað til úrskurðar í félagsmálaráðuneyti árið 1991.<sup>342</sup>

Í yfirliti yfir fjallskil í vestari hluta Þingeyjarsveitar gerðu í febrúar 2007 kemur fram, að í fjallskiladeild Austur-Bárðardals er fé frá þeim bændum, sem það kjósa, flutt á vorin í land sunnan Suðurár og girðingar milli Skjálfandafljóts og Suðurár í Stórutungulandi.<sup>343</sup>

#### 5.8.4.2 Skútustaðir

Reykdæla saga, sem Björn Sigfússon taldi ritaða nálægt miðri 13. öld, segir m.a. frá Víga-Skútu Áskelssyni. Eftir því sem sagan segir keypti Skúta sér land að Mývatni

ok bjó þar, sem nú heitir á Skútustöðum, ...<sup>344</sup>

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar kemur fram að Skútustaðakirkja á prestsskyld í heimalandi.<sup>345</sup> Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394.<sup>346</sup>

Jörðin Skútustaðir:

<sup>338</sup> Skjal nr. 4 (7).

<sup>339</sup> Skjal nr. 4 (9).

<sup>340</sup> Skjal nr. 4 (11).

<sup>341</sup> Skjal nr. 4 (10).

<sup>342</sup> Skjöl nr. 4 (12 og 13).

<sup>343</sup> Skjal nr. 4 (4).

<sup>344</sup> *Ljósvetninga saga með þáttum*, bls. LXXXIX, 204.

<sup>345</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>346</sup> Skjal nr. 2 (86).



med ollum þeim hlunnendum sem þeirre jordu fylger og eigi er ádr med laugum fra komit.

var seld af Hólabiskupi fyrir Víða og Helluvað í Þingeyjarsýslu þann 25. október 1504.<sup>347</sup>

Að beiðni Björns Gíslasonar var bréfaður að Skarði á Skarðsströnd vitnisburður Jóns Þórðarsonar, 28. febrúar 1675, um landamerki Grænavatns. Þar er minnst á merki við Skútustaðaland:

Vr Herdebreid riett Siónehdyng til [ólæsilegt vegna skemmdar: vesturs?], og So J Sudurárbotna, Ráda þadann L[an]damerke Sudur J Liósbleýkz B[y]ttu, Sem eg higg nu neffnest Skinnhúfutiörn þar med alla Kieralæke og offan ad Stórafosse á mótz vid Stórutúngu Land J Bárdardal ad vestann, og allt Land Jtölulaust fyrer Austann Kráká, vt a mótz vid firstgreind Landamerke Sem fyrer Vtann og Austan framm gánga offan j Kráká, Sem Halldenn er ad vera mune Valakýll, millumm Adurnefndz gardz (Sem Stendst á vid tiörnena og Grænalæk) og Krákár (og þesse Vmmerke á mótz vid Skútustadalnd sem liggur ad vtann verdu, Enn Kráká Heffè eg ætyd Heirt Halldna ad vera Liós, Skýr og ómótmælannleg Landamerke millumm Grænavatnz Landz ad Austann, og Jardanna Balldurzheimz og HrakStrandar (er nú aff Sumumm Neffnest Sveinzströnd,) Landa ad vestann ...<sup>348</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723- febrúar 1724 er minnst á eignir Skútustaðakirkju:

II<sup>o</sup> Kýrkiann ad Skutustöðum.

Gardurenn til heirde þad ár 1723 Sr. Sæmunde Magnussýne Enn nu heirer hann til Monsr. Thorlake Markussýne.

Kýrkiann effter nockra Manna Sögn, rómast eige halft heimaland, enn eingenn landskulld henne þar af goll denn, so Pre[st]jurenn vite, Hun á og nockur jtök j öræfum, hvar af[f] Presturenn Seiger hana Öngva Inntekt hafa.<sup>349</sup>

Einnig eru til upplýsingar um eignir Skútustaðakirkju 1725. Þar kemur fram:

Eche Veit Presturenn ad Kýrkia þesse eige Nochra Jörd fyrer utann Nochur gagnlýtel ítök j Öræfum, hvar af hun einga Inntekt hafa Skal, eche kvest Presturenn helldur Vita edur fá ad Vita, hvört hun á nochud j heimalande edur ej.<sup>350</sup>

Neffnest Sveinzströnd,) Landa ad vestann ...<sup>351</sup>

Í prófastsvísitasíu Skútustaða frá 1750 stendur:

<sup>347</sup> Sbr. skjal nr. 2 (B.1. Ísl. fbrs. VII, 731-732).

<sup>348</sup> Skjal nr. 2 (16) a-b.

<sup>349</sup> Skjal nr. 2 (127) a-b.

<sup>350</sup> Skjal nr. 2 (126) a-b.

<sup>351</sup> Skjal nr. 2 (16) a-b.

3<sup>o</sup> Fyrer Eignum Kyrkiunnar i lendum eda lausafe frammvísast hier eingenn Máldage nie Skilrýke, hvar fyrer her i þetta sinn verður eckert umskrifad. Enn Profasturenn intimerar Kyrkiuhaldarann að skrifa til Hr. Biskupenum og óska af hönum rigtugar útskrifftar af kyrkiunnar Máldaga epter þeim Authentiserudu Stiffts Kistunnar Máldagabókum, So hann innfærast meige i þann forsiglada Kyrkiustól sem hier er vid Kyrkiuna uppbyriadur under Profastsens authorisation.<sup>352</sup>

Þorgrímur Jónsson lögfesti Skútustaði með kirkjueign og hjáleigum, Garð, Brjámsnes, Kálfaströnd og hálfan Baldursheim. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi í Haganesi 20. október 1708 en inntaks hennar er ekki getið en Þorgrímur bannaði öllum mönnum yrking, beit og brúkun á þessum jörðum án síns leyfis.<sup>353</sup>

Lesin var upp lögfesta Ólafs Þorlákssonar m.a. fyrir Skútustöðum á manntalsþingi á Skútustöðum 22. júní 1740. Inntaks lögfestunnar er ekki getið.<sup>354</sup>

Brynjólfur Sigurðsson sýslumaður í Árnessýslu lögfesti Grænavatn 21. júlí 1766. Á manntalsþingi á Skútustöðum þann 15. júní 1767 mótmæltu þeir Ari Ólafsson og Jón Jónsson lögfestunni vegna jarða þeirra Garðs, Skútustaða, Brjámsness og Baldursheims. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Grænavatn.

Í lögfestu fyrir Stórutungu og Svartáarkoti árið 1793 er vísað til marka gegnt Skútustaðakirkjulandi.

En Svartáarkots landamerki eru að norðan í svokölluðu Svartagröf, sem gengur ofa[n] löngubrekku í aður nefnda Suðurá, að austan en úr gröfinni þar brekkuhallin vinst ei lengur þá ræður sjónarstefna til Skútustaðakirkju landamerkja, og þaðan gengt tjeðu kyrkjulandi, allt að þúfu þeirri er stendur á rananum fyrir austan Svartáarkot og þaðan beint í Suðurá.<sup>355</sup>

Þuríður Árnadóttir lögfesti Skútustaði 14. apríl 1798 til eftirfarandi takmarka:

Fyrst land allt að Utann Sudur i Einslæk þann sem Renur ur Kraakuvatne og i Grænavatn og svo Riettsýnis ur Eins-lækjar Ós Vestara, og Vestur i ärfarveigenn gamla, lögfeste eg allt land & Eingiar Fýrer Innann þesse landamerke. Jtem lögfeste eg Selialönd Skutustada Til þessara Umm-merkia: First ur Arkróknumm Fyrer Framann Bal<d>ursheim, er Máldagenn Ummgetur, og Vestur Beinleidis Fýrer Utann Nollsel og i Gautlanda læk Sydann Rietta stefnu i Grænpolla og þaðann Beinleidis i Brædur og Riettsynis þaðann i Merkeþúfu. (Hvör ed stendur á Rananumm fýrer ofann Svartáarkot.) og Beinleidis þaðann i Suduraa og allt Sudur Ár Hraun. Item alla Austur dale, og alla Sandmúla dale, hálfá Hafursstada hlýd, alla Sudurár Botna, & alla

<sup>352</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>353</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.2).

<sup>354</sup> Skjal nr. 2 (138) a-b.

<sup>355</sup> Skjal nr. 1 (11).

Miklu-Ey i Sudur á, Tólf-fedminga Torfs skurd i Gautlanda lande árlega, alla grasnit i Nautey, Medann Meir bytur Gras enn Vid, Hrýs högg i Olboga ás, allann Skóg i Titlyngs Brecku vid Vindbelgiar Fiall, og allann Skóg i Arahvamme, Alla Miklu ey i Myvatne og Villingafiall. ... Svo og Fyrer byd eg hvöríumm Manne i Nefnd afreitar ýtök, edur land Nefndrar Jardar Skutustada, ad Reka edur reka láta, Fie edur Hross, nema þeir Mitt leife Fyrer sier hafe. Legg eg lög og Dóm fyrer Lögfestu Mýna.<sup>356</sup>

Lögfestan var lesin samdægurs á manntalsþingi að Skútustöðum.<sup>357</sup> Fram kemur að Jón Einarsson eigandi Baldursheims hafi við sama tækifæri lagt fram lögfestu fyrir sinni jörðu sem mótmæli nokkrum þeim takmörkum er lögfesta Skútustaða greinir. Þeirra takmarka er hins vegar ekki getið.

Lesin var upp lögfesta Skútustaða, með þar inni tilteknum landamerkjum, á manntalsþingi á Skútustöðum 10. maí 1800. Inntaks lögfestunnar er ekki getið.<sup>358</sup>

Lögfesta Skútustaða var lesin upp á manntalsþingi á Skútustöðum 27. maí 1804. Inntaks er hinsvegar ekki getið.<sup>359</sup>

Helgi Ásmundsson lögfesti Skútustaði 17. júní 1804 og er merkjalýsing lögfestunnar orðrétt samhljóða þeirri frá 1798. Lögfestunni, sem var lesin á manntalsþingi á Skútustöðum degi síðar, var mótmælt að einhverju leyti af eigendum Garðs og Baldursheims með tilliti til engjataks og selstöðu.<sup>360</sup>

Þann 18. júlí 1804 var gerð áreið á engjamerki á milli Skútustaða og Garðs. Við það tækifæri var lesin upp lögfesta Skútustaða frá 17. júní 1804 sem lesin var á manntalsþingi á Skútustöðum degi síðar og þá áttalin m.a. af Garðsbónda. Komist var að sameiginlegri niðurstöðu um engjamörk og samþykkt að eigandi Skútustaða láni út sína lífstíð það engi sem Garði og Brjámsnesi hafi hingað til léð verið gegn ákveðnu gjaldi.<sup>361</sup>

Þessi sama lögfesta var lesin á manntalsþingi á Skútustöðum 27. maí 1805. Á hana hefur verið ritað síðar að Helgi hafi óskað þess 30. maí 1842 að lögfestan, sem væri samhljóða ómótmælttri lögfestu frá 7. maí 1766 og annari frá 20. maí 1807 sem einungis ábúandi Baldursheims mótmælti, væri þinglesin. Lögfestan var lesin á manntalsþingum 1842 og 1843 og ítrekaði ábúandi Baldursheims mótmæli sín að því leyti sem árkrókinn fyrir framan Baldursheim varðaði.

Ritað er á fyrrnefnda lögfestu af sýslumanni að hún hafi verið lesin upp á manntalsþingi á Skútustöðum 27. maí 1807. Það fær tæpast staðist því manntalsþing var haldið á Skútustöðum 20. maí 1807 eins og sést á dómabók sýslunnar og á sjálfri lögfestu Helga frá árinu 1807 sem hefur varðveist. Umrædd lögfesta er að mestu

<sup>356</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>357</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.14).

<sup>358</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.17).

<sup>359</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.26).

<sup>360</sup> Skjal nr. 2 (37).

<sup>361</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.25). Þess er ekki getið í þingbók sýslunnar að þessari lögfestu hafi verið mótmælt.

samhljóða lögfestu Þuríðar Árnadóttur frá 1798 og Helga Ásmundssonar frá árinu 1804 en þó með nokkrum undantekningum:

Item lögfeste eg Selialönd Skútustada til þessara Umm-merkia: First ur ár króknumm firer framann Baldursheim er Máldagar ummgjeta ... beinleidis þaðann í Sudur aa, og Allt Sudur ar hraun beina Stefnu ljnu i Sandá a móte Stórutúngu lande ... og Alla Mikluei i Sudurá og MiklaMó allann ...<sup>362</sup>

Eigandi Grænavatns mótmælti lögfestunni að því leyti sem hún eignaði Skútustöðum Miklamó sem hann taldi tilheyra Grænavatni. Lögfestan var lesin aftur á manntalsþingum 12. maí 1817 og 25. maí 1830. Í síðara skiptið mótmælti eigandi Baldursheims því hann taldi lögfestuna ganga upp á land jarðar sinnar án þess þó að tilgreina það neitt nánar.

Jón Þórðarson lögfesti ábúðarjörð sína Grænavatn 17. maí 1830. Minnst er á Skútustaðaland í lögfestunni. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Grænavatn.

Lesin var upp lögfesta Hallgríms Jónssonar í Ási fyrir Stórutungu á manntalsþingi á Skútustöðum 16. maí 1831. Eigandi Skútustaða mótmælti landamerkjunum í lögfestunni en hvorki er getið inntaks lögfestunnar né mómælanna.<sup>363</sup>

Illugi Hallgrímsson las upp lögfestu Baldursheims frá 12. maí 1837 á manntalsþingi á Skútustöðum 25. sama mánaðar. Bændurnir á Skútustöðum og Grænavatni mótmæltu henni en ekki kemur fram að hvaða leyti.<sup>364</sup>

Í áreið á Stórutungu, með hjáleigunni Svartárkoti, og Víðikeri, sem fram fór 4. október 1815, kemur fram að Skútustaðakirkja eign sér land að austan til Víðikers- og Stórutungulandamerkja.<sup>365</sup>

Á manntalsþingi á Skútustöðum 22. maí 1845 kom fram að frá Baldursheimi, Skútustöðum, Álftagerði, Haganesi og Árbakka hafi verið rekið fé síðastliðið sumar í land Skútustaða og Baldursheims. Um þetta sjá nánar í kafla um afrétt Bárðdæla.<sup>366</sup>

Árið 1853 gerðu eigendur Skútustaða, Stórutungu og Svartárkots samning sín á milli um landamerki á Framfjöllum.<sup>367</sup> Var hann lesinn á manntalsþingi á Ljósavatni í Bárðardal 23. maí 1856 og óskað að hann yrði innfærður í afsalsbréfabók sýslunnar.<sup>368</sup>

Landshöfðingi skrifaði ráðgjafanum fyrir Ísland 16. september 1875 og sendi honum beiðni Jóns Sigurðssonar alþingismanns á Gautlöndum og umboðsmanns nefndar í Mývatnsþingum auk umsagnar stiftsyfirvalda. Í beiðninni er óskað eftir láni úr opinberum sjóði til að kaupa jörðina Skútustaði eða einhvern hluta hennar fyrir

<sup>362</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>363</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.46).

<sup>364</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.58).

<sup>365</sup> Skjal nr. 2 (142) a-b.

<sup>366</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.2).

<sup>367</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

<sup>368</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.66).

prestssetur handa prestakallinu. Ráðgjafinn svaraði 21. febrúar 1876 og veitti leyfi sitt fyrir því að umgetin jörð eða hluti hennar yrði útveguð sem prestssetur handa Mývatnsþingum og til þess veitt lán úr landssjóði upp á 4800 krónur. Í Landshöfðingjasafni liggja með bréfi ráðgjafans tvo afsalsbréf fyrir Skútustöðum. Þannig er afsalsbréf Þuríðar Helgadóttur fyrir fjórðungi Skútustaða og afsalsbréf Guðrúnar Þorgrímsdóttur fyrir helmingi Skútustaða dagsett 27. maí 1876. Í báðum bréfunum afsala þær sér, í réttu hlutfalli við eignarhlut sinn, öllum þeim „afreittarlöndum“ og ítökum sem kirkjan á eftir fornum bréfum og skilríkjum.<sup>369</sup>

Landamerkjabréf fyrir Skútustaði var útbúið 13. apríl 1891. Því var þinglýst 26. maí 1898. Þar segir m.a.:

Þ Landamerki sellands og afreittarlands Skútustaða eru þessi:

Að norðan móts við Baldursheim: Úr grófinni sem liggur vestan við Kráká utanvert á móts við svo kallað Grasaskarð ræður bein stefna vestur upp í svo kallað Svartholt og bein línis sömu stefnu upp í Leiðarhól og þaðan réttisýnis um grenið á Grenisás vestur um vorðu í Hólavatnsássnorðurenda beint í holt það er liggur í Grænpolla mýri suðvestur af Selásnum og þaðan beint þar til sker línu þá er liggur ur Bjarnapólli í Bræður og skal þar hlaðin merki varða.

Að vestan móts við Lundarbrekku, Bjarnarstaði, Viðirker, Svartárkot og Stórutungu: Bein stefna frá áður nefndri hornvörðu eptir línu þeirri er liggur beint frá Bjarnapólli í Bræður. Síðan (samkv. landa merkja gjörningi frá 28. júní 1853) bein stefna í hásuður frá Bræðrum um vörðu er stendur á Rananum fyrir ofan Svartárkot yfir Suðurá og Mikley á milli vörðukletts og „Grenisháls“ á Stórakletti sem stendur sunnarlega í Suðurrá hrauni og er í nefndri stefnu (í hásuður) frá Bræðrum hæðstur að sjá allra kletta í hrauninu. Klettur þessi er flatur og þunnur sléttur að norðan en ósléttur að sunnan og er vestara horn hans nokkru hærra en hið austara á honum ofanverðum liggja lausir hestar [steinar ?, stendur skrifað með blýanti fyrir ofan orðið hestar]. Heldur þó enn sömu stefnu suður í Sandá og ræður síðan Sandá merkjum allt þar til hún fellur í Skjalfandafljót ræður síðan „Fljóti“ allt fram að því, að Krossá fellur í það. Eiga Skútustaðir allt land austan Skjalfanda fljóts milli Sandár og Krossár svo langt sem gras grær í óbyggðir upp. Liggja þar til Austurdalir allir svo sem Kolmúla dalur, Hyllu dalir, Breiðdalur, Langidalur, Grafarlönd, Hafursstaða hlið og allar flæður og eyrar með „Fljóti“ fram Sandmúla dalur og allt fram í Krossárgil að Krossá. Einnig eiga Skútustaðir allt Suðurráhraun fyrir sunnan Suðurá upp að Botna vatni og ofan að áðurnefndri merkjalínu.

Að sunnan, suðaustan og austan tak markast land þetta af óbyggðum. Ódáðahrauni og Dyngjufljóllum.

Að austan móts við Grænavatn bein stefna frá Suður á, gegnum Skinnhúutjörn út Mikla mó út í einkennilega, mosavaxna kvos þá, er

<sup>369</sup> Skjal nr. 2 (170) a-b. Sbr. *Stjórntíðindi fyrir Ísland árið 1876*, B-30, bls. 40.

meginlækur Krákár hefir upptök sín í og ræður síðan lækur þessi, sem nú er kallaður „Fosslækur“ í læk þessum er einkennilegur foss og fyrir ofan fossinn sveltuhólmi sem heitir „Harðangur“ en nokkru fyrir neðan fossinn rennur lækur þessi saman við hinn svo kallaða „Smala-Skálalæk“. Frá hinni áður nefndu kvos ræður Fosslækur Landa merkjum allt í Álptakýl og úr því Kráká allt út að grófinni, sem áður er nefnd gegnt Grasa skarði.

Innan þessara um merkja telst Einarstaðakirkja að eiga „halfa Hafursstaða hlið og „Sandmúla.“

c. Ítök Skútustaða: Skútustaðir eiga allan skóg í Arahvammi í Grænavatnslandi og Villingafjall í Garðs landi.<sup>370</sup>

Eigandi og ábúandi fjórðungs Skútustaða, Guðbjörg Aradóttir, skrifaði undir bréfið auk Árna Jónssonar sem samþykkti fyrir hönd Skútustaðakirkju. Bréfið var samþykkt af: Sigurði Jónssyni, eiganda 1/5 og ábúanda Baldursheims; Jónasi Jónssyni, eiganda 1/5 úr Baldursheimi; Jónasi Jónssyni, eiganda og ábúanda Lundarbrekku; Pétri Jónssyni, umráðamanni Sveinsstrandar og Litlustrandar; Árna Jónssyni, eiganda fjórðungs úr framengjum Skútustaða og hálf Garðs; Jónasi Jónssyni, eiganda hálf Garðs; Stepháni Stephensen, umboðsmanni Bjarnarstaða, þ.e. að því leyti að bein lína réði landmerkjum úr Bjarnapólli í Bræður er lægi sunnanvert við Bjarnaspildu; Jónasi Guðmundssyni, eiganda Stórutungu; Haraldi Sigurjónssyni, umboðsmanni og eiganda Einarstaða í Reykjadal; Methúsalem Guðmundssyni, Jónatan Gamalielssyni og Halldóru Kristjánsdóttur (fram kemur að J. Kristjánsson hafi haft handsalað umboð Jónatans), eigendum Álftagerðis; Halldóri Sigurðssyni, eiganda Kálfastrandar; Einari Friðrikssyni, eiganda Víðikers; Sölva Magnússyni, eiganda Svartárkots, og Helga Jónssyni og Guðna Ásmundssyni, en þeir skrifuðu undir sem eigendur Grænavatns.

Sjálfs eignarjörðin Skútustaðir er samkvæmt jarðamatinu 1804 sögð 30 hundruð. Árstekjur af leigu á selstöðu eru 90 skildingar. Úthagi liggur undir skemmdum vegna flóða og sandfoks.<sup>371</sup>

Fjallað er um Skútustaði í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur:

Bónðaeign hingað til talin 20 hndr. ... Jörðinni tilheyra ítök til kolgiörðar í annara manna löndum, ... einig tilheyrir henni afrjettar partur til fjáruppreksturs. ...<sup>372</sup>

Þar kemur einnig fram:

Þrætulands má géta á svokölluðum Framfjöllum, en nálægt Bigð ur Bárðardal, hvört eð gamlir Vitnisburðir og Lögfestur eigna Skútustöðum við Myvatn og sem þessvegna hefur ekki metið verið með nefndri jörð, að tvær jarðir ur Bárðardal vilja eigna sér nokkurn hluta af téðu landi. Þetta umþrætta

<sup>370</sup> Skjal nr. 2 (8) a-b.

<sup>371</sup> Skjal nr. 2 (22).

<sup>372</sup> Skjal nr. 2 (29) a-b.

land, takmarkast að vestanverðu með þessum örnefnum: frá Bræðrum norðaustan við Svartárvatn og réttisynis þaðan í merkiþúfu, hvöreð stendur á Rananum fyrir ofan Svartárvot og beinlínis þaðan í Suðurá, og alt Suðurráhraun eptir beinni stefnu móti Stórutúngu landi; en að austan verðu takmarkast það af Grænavatns landi. –

Land þetta sem brúkað hefur verið fyrir afrjett metst til Penínga eptir arði sem álitst að upphæð 3 rbd. árlega.<sup>373</sup>

Í fasteignamatínu 1916-1918 er staðfest að landamerki Skútustaða hafi verið þinglesin 1898. Eftirfarandi upplýsingar um Skútustaði eru einnig fengnar úr matínu:

Búfjárhagar: Landþröngt heima, en afrétt svo fjarri, að eigi verður notuð að heiman. ... Jörðinni fylgir mikið afréttarland: bæði fram af Mývatnssveit og einnig á „Framdölum“ austan Skjálfafljóts. Landamerki afréttanna þinglesin 1898.<sup>374</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Skútustöðum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

Á manntalsþingi í Haganesi 21. maí 1703 auglýsti Halldór Einarsson sýslumaður tilkynningu Magnúsar Sigurðssonar um að í „Skútustaðaafrétt“ mætti reka lömb líkt og að fornu gegn hæfilegum tolli. Þingmenn svöruðu því til að sökum lambfæðar gætu þeir ekki nýtt sér þetta tilboð enn um sinn. En ef „afréttin“ yrði hreinsuð af dýrum og lömbum fjölgaði svo að nauðsyn væri á að reka þau úr heimalöndum þá vildu þeir reka þangað.<sup>375</sup>

Á eftir lýsingu Stórutungu og Svartárvots stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns:

Skutustader kallast fornt eyðiból í Mikley í Skútustaðaafjrjett, sem liggur framm og austur frá Stóru Túngu landi. Þar eru miklar girðingar og tóftarústir, og er sagt að Skútustaðir við Mývatn hafi staðið hjer í fyrndinni, so þykjast og kunnugir menn hafa sjeð hjer kirkjugarðsleifar fyrir nokkrum árum. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er komið í blauta mýri, en úthey engin.<sup>376</sup>

Um Skútustaði í Mývatnssveit segir Jarðabók Árna og Páls:

Afrjettarland á staðurinn, sem Framdalir heita og Suðurráhraun, sá afrjettur liggur hálfá þingmannaleið framm frá Mývatni, og er mestallur kominn í holt

<sup>373</sup> Skjal nr. 2 (29) a-b.

<sup>374</sup> Skjal nr. 2 (32).

<sup>375</sup> Skjal nr. 2 (135) a-b.

<sup>376</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 146.

og sanda, hefur þángað því ei brúkast upprekstur í margt ár, en áður var þángað rekið lömb og geldfje úr þessari sveit fyrir afrjettartoll.<sup>377</sup>

Í sömu Jarðabók er geldfjárrekstur í Hafursstaðahlíð í Skútustaðaafrétt talinn meðal ítaka Reykjahlíðarkirkju árið 1712.<sup>378</sup>

Eftir að lögfesta Ólafs Þorlákssonar fyrir Skútustöðum var lesin upp á manntalsþingi á Skútustöðum 22. júní 1740 lagði hann tvær spurningar fyrir sveitarmenn. Í fyrsta lagi spurði hann hvort þeir, sem reka fleiri en tíu lömb í Skútustaðaland skyldu ekki greiða lambatoll fyrir. Í öðru lagi hvort þeir sem reka hesta í sama land, skyldu ekki gjalda hesttoll fyrir. Sveitarmenn svöruðu því til að þeir hafi hvorki rekið hesta né lömb í umrætt land en geldfé gangi í því mest um tveggja mánaða tíma á sumardag. Annars sé landið svo uppblásið að skepnur haldist þar vart við vegna hagleysis. Fáeinir bændur tóku þó ekki illa í það að borga fimm álnir fyrir geldfé sitt, þ.e. hesta og lömb til samans, í réttu hlutfalli við aðra sem eigi „afréttina“ svo lengi sem að landeigandinn sjái til þess að hún sé vandlega hreinsuð árlega.<sup>379</sup>

Helgi Ásmundsson eigandi Skútustaða bauð sveitarmönnum á manntalsþingi á Helgastöðum 27. maí 1830 Skútustaðakirkju „afrétt“ á Framfjöllum til geldfjárrekstrar gegn ódýrri leigu. Hreppstjórar sveitarinnar samþykktu það fyrir hönd sveitarmanna að leigja afréttina fyrir 4 ríkisbankadali á ári í óákveðinn tíma með því skilyrði þó að Helgi taki ekki fé í þessa sömu „afrétt“ meðan að þeir hafi hana á leigu.<sup>380</sup>

Á manntalsþingi á Skútustöðum 6. júní 1832 var lesin upp kvörtun Jakobs hreppstjóra Péturssonar yfir óreglu sveitarmanna við fjallskil að hausti, einkum og sér í lagi síðastliðið haust. Þá gengu þeir „afréttina“ viku fyrr en venjulega og ráku allt geldfé Reykdælinga, sem þeir fundu, til Grænavatnsréttar. Hreppsmenn Skútustaðahrepps bentu hins vegar á að mestur hluti þeirrar „afréttar“, sem Jakob nefndi, tilheyrði þeirra sveit.<sup>381</sup>

Jakob Pétursson hreppstjóri klagði á manntalsþingi að Helgastöðum 15. maí 1833 yfir óreglu Mývetninga varðandi sauðagöngur í þeim „afréttum“ og fjallöndum sem íbúar Helgastaðahrepps ættu að ganga saman við þá. Hann hafði boðað Pál Jónsson hreppstjóra Skútustaðahrepps til þess að mæta á þingið og hlýða á vitnisburði sem hann hugðist leiða fram um hversu langt eða mikið pláss á heiðum fram af Reykjadal og vestan við „Mývatnsafrétt“ Reykdælir hafi að fornu gengið og rekið fé til lögréttar á Hallbjarnarstöðum. Páll var mættur á staðinn en með þeim samdist að þeir ásamt tveimur greindum og góðum bændum úr hvorum hreppi skyldu gera samning milli Helgastaða- og Skútustaðahreppa um hvernig haga skyldi sauðagöngum.<sup>382</sup>

<sup>377</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 229.

<sup>378</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 237.

<sup>379</sup> Skjal nr. 2 (138) a-b.

<sup>380</sup> Skjal nr. 2 (145) a-b.

<sup>381</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.48).

<sup>382</sup> Skjal nr. 2 (149) a-b.



Á manntalsþingi á Helgastöðum 25. maí 1838 var lesið upp bréf Jónasar Jónssonar hreppstjóra á Grænavatni um afréttarlandið Framfjöll sem hann friðlýsti sem eign Mývetninga.<sup>383</sup>

„Afréttum“ upp af Bárðardal austanverðum er svo lýst í lýsingum Eyjardalsár- og Lundarbrekкусókna árið 1840:

Afréttarlöndin eru fyrir ofan byggðina beggja megin Fljótsins. Mývetningar hafa geldfjárupprekstur fyrir austan það og nokkrir Reykdælingar, ... Krókdal eignar sér Ljósavatnskirkja, en til hinna landanna, sem fyrir afrétt brúkast, eiga tiltölu efstu bæirnir í byggðinni, svo sem Íshóll, Litlatunga og Mjóidalur fyrir vestan Fljótið, en Stórutungu tilheyrir afréttarpartur fyrir austan það.<sup>384</sup>

Í sömu sóknalýsingu er getið um eyðijörðina Hafursstaði í Hafursstaðahlíð austan Fljóts, milli Sandár og Sandmúladalsár, sem prestur segist ekki vita, hvernig eða hvenær hafi lagst í eyði eins og aðrar eyðijarðir í sóknunum.<sup>385</sup>

Spurningu um afréttarlönd er þannig svarað í óársettri lýsingu Skútustaðþinga, en sennilega frá því um 1840:

Afrétt frá Mývatni er siðvanalega á þeim svokölluðu Framfjöllum, fram af Mývatnssveit tvær dagleiðir. Munu þau mestpart vera almennings, nema Einarstaðakirkja á þar ítak í Krókdal.<sup>386</sup>

Á manntalsþingi á Helgastöðum 24. maí 1844 var auglýst samkomulag sem Jakob hreppstjóri hafði komist að við Mývetninga um fjallatolla og niðurfjöfnun þeirra sem menn voru einum rómi um að væri sanngjörn og tilhlýðileg. Inntak umrædds samnings kemur hins vegar ekki fram.<sup>387</sup>

Bárðdælingar austan Skjálfandafljóts kvörtuðu undan ágangi „afréttarfjár“ úr Skútustaðahreppi á manntalsþingi á Skútustöðum 22. maí 1845. Í ljós kom að nokkrir bændur höfðu rekið í lönd Bárðdælinga með leyfi þeirra. Þannig höfðu Jón Eiríksson og Jón Tómasson á Hofsstöðum auk Arnarvatns- og Helluvaðsbænda rekið í Grjótárgerðisland með leyfi Kristjáns bónda þar. Sömuleiðis höfðu ábúendur Vindbelgjar rekið í Víðikersland, Hans í Neslöndum og Andrés Eiríksson í Vogum ásamt ekkjunni Arnfríði á Grímsstöðum höfðu rekið í Engidalsland og Guðmundur á Litluströnd í Svartárkotsland. Sveitarmönnum þótti ósanngjarnt að Bárðdælingar austan Fljóts sem sjálfir tækju fé af Mývetningum í lönd sín kvörtuðu undan átroðningi „afréttarfjár“ þeirra. Ennfremur könnuðust Kristófer í Neslöndum, Jóhannes á Geiteyarstönd og báðir Kálfastrandarbændur við að hafa rekið lömb sín í Hörgsdalsland síðastliðið sumar. Í Baldursheims- og Skútustaðaland hafði verið rekið

<sup>383</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.59).

<sup>384</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 102.

<sup>385</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 103.

<sup>386</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 124.

<sup>387</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.80).

frá Baldursheimi, Skútustöðum, Álftagerði, Haganesi og Árbakka. En í Gautlandaland hafði verið rekið frá Gautlöndum og Sveinsströnd.<sup>388</sup>

Bann hreppstjórans í Mývatnssveit, frá 22. maí 1845, við hrossaupprekstri Friðfinns Illugasonar á Litluvöllum á svokallaðan Hraunárdal var auglýst á manntalsþingi á Ljósavatni 26. maí 1845. Þessu banni mótmælti Friðfinnur á Litluvöllum af þeirri ástæðu að hestaganga á Hraunárdal hafi lengi verið notuð af Bárðdælingum til vetrarbeitar. Hann mótmælti þó ekki hvað vor- og sumargöngu snerti.<sup>389</sup>

Fyrir aukahéraðsrétti á Skútustöðum 15. júní 1849 óskaði hreppstjóri í Mývatnshrepp, auk nokkurra sveitarbænda, þess að leidd yrðu fram vitni um rétt til afnota á svokallaðri „Hraunárdalsafrétt“. Nokkur þræta hafði staðið um hana því að Jón Jónsson eigandi Einarstaðakirkju taldi Hraunárdal og „afréttina“ innifalin í ítökum kirkjunnar á Framfjöllum en Mývatnssveitarmenn töldu þetta vera „almenning“ sveitar sinnar. Ástæða þess að mælst var til fyrrnefndrar vitnaleiðslu á þessum tíma var einungis aldur vitnanna en óttast var að þau kynnu að falla frá áður en þau gætu gefið vitnisburði sína.

Jón Jónsson kirkjueigandi á Einarstöðum var boðaður til að vera viðstaddur en fyrir hans hönd mætti Jóhannes Kristjánsson hreppstjóri á Laxamári. Einnig voru mættir þeir sem krafist höfðu vitnaleiðslunnar, þ.e. séra Þorlákur Jónsson, Jónas Jónsson hreppstjóri og Jón Jónsson á Grænavatni. Jóhannes hreppstjóri mótmælti því að vitnaleiðslan færi fram þar sem málið hefði enn ekki farið fyrir sáttanefnd. Rétturinn tók mótmæli hans hins vegar ekki til greina.

Spurningarnar sem voru lagðar fyrir vitnin voru svohljóðandi:

1. Hvað er yður kunnugt um afstöðu Hraunárdals á framfjöllum, með tilliti til umhverfis liggjandi landsplátsa og örnefna?
2. Hvað vitid þér sjálfir edur hafid heyrð um afréttar, hestagaungu, edur hvör helst önnur afnot þessa Hraunárdals, hvörjum tilheyrð hafi sem eign?
3. Gétid þér framfært nokkra ástæðu edur líkindi til, að þessi Hraunárdalur edur Hraunárdals afrétt, gæti tilheyrð Einarstada kyrkju í Reykjadal, edur upplýst nokkud er tali móti því?

...

4. hvort þeir hafi nokkurntíma borgad, eda vitad borgad Einarstada bonda fyrir Hraunardals afrett.<sup>390</sup>

Fyrsta vitnið var séra Jón Þorsteinsson, 68 ára að aldri, og svaraði hann fyrstu spurningu þannig að Hraunárdalur væri fremstur allra „afrétt“ fyrir austan Fljót, hann afmarkist af Öxnadalsá að austan en Fljótinu að vestan og Öxnadalsá aðskilji hann frá

<sup>388</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6 82).

<sup>389</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6 83).

<sup>390</sup> Skjal nr. 2 (156) a-b.

Krókdal og Öxnadal. Annarri spurningu svaraði hann á þá leið að hann hafi heyrt að Bárðdælingar hafi þegar nauðsyn krefði sleppt hestum á Hraunárdal á vetrardag en frá unga aldri hafi hann heyrt að Mývetningar hafi notað Hraunárdal sem „sveitaralmenning“ fyrir fénað sinn á sumardag, einna helst þó fyrir lömb. Fyrri hluta þriðju spurningar, um hvort hann gæti bent á eitthvað sem sýndi fram á að Hraunárdalur tilheyrði Einarstaðakirkju, svaraði hann neitandi. En seinni hluta sömu spurningar, um hvort hann gæti bent á eitthvað sem sýndi fram á að Hraunárdalur tilheyrði ekki sömu kirkju, sagðist hann ekki geta svarað á annan hátt en sem ráða mætti af svari hans við annarri spurningu. Hér krafðist Jóhannes hreppstjóri þess að skotið yrði inn spurningu um hvort séra Jón hafði ekki heyrt Einarstaðabónda eigna sér alla „afrétt“ fyrir ofan Krossá. Vitnið sagðist hafa heyrt Jón á Einarstöðum segja þetta en aldrei nema miður gáðum. Lokaspurningunni svaraði hann neitandi og sagðist aldrei hafa vitað til þess að nokkur hafi borgað Einarstaðabónda fyrir „Hraunárdalsafrétt“.

Næsta vitni var Jón Marteinsson í Garði, 78 ára að aldri, sem svaraði fyrstu spurningu þannig að „afrétt“ Hraunárdals lægi öll fyrir framan Öxnadalsá suðvestur frá Krókdal. Annarri spurningu svaraði hann á þá leið að hann vissi ekki að aðrir en Mývetningar hafi notað Hraunárdals „afrétt“ og sagðist hann sjálfur hafa rekið þangað lömb í a.m.k. 40 ár án þess að hafa greitt nokkrum manni fyrir og án þess að nokkur maður hafi krafist hann um það. Þriðju og fjórðu spurningu sagðist hann ekki geta svarað á annan hátt en fram kæmi í svari sínu við annarri spurningu. Spurningu Jóhannesar hreppstjóra svaraði hann á þá leið að hann hefði heyrt á lögfestu sem lesin var á Skútustaðáþingi þar sem Einarstaðabóndi eignaði sér alla „afrétt“ ofan Krossá en henni hafi verið mótmælt hvað „Hraunárdalsafrétt“ snerti og aldrei hafi komið til tals að Einarstaðabónda yrði greitt fyrir annað en Krókdal.

Tómas Jónsson á Kálfaströnd, 73 ára að aldri, var næstur til að leggja fram vitnisburð sinn. Fyrstu spurningunni svaraði hann þannig að Öxnadalsá aðskildi „Hraunárdalsafrétt“ og „Krókdalsafrétt“ en Skjálfandafljót takmarkaði báðar þessar „afréttir“ að vestan. Annarri spurningu svaraði hann á þá leið að hann hafi aldrei heyrt né vitað annað en að „Hraunárdalsafrétt“ væri eignuð Mývetningum sem „almenningur“. Hann sagðist ekki vita til þess að aðrir hafi notað hana sem „afrétt“ en þó hafa heyrt að Bárðdælingar hafi einstaka sinnum hleypt hestum þangað á vetrardag. Þriðja spurning féll burt en hann svaraði fjórðu spurningu neitandi því að eiganda Einarstaða hafi aðeins verið greiddur „afréttartollur“ fyrir Krókdal sem kallaður var Krókdalstollur. Aukaspurningu Jóhannesar hreppstjóra svaraði Tómas þannig að faðir hans hafi sagt honum að þegar Jón Sigurðsson heitinn á Breiðumýri, er þá átti Einarstaði, lét lesa lögfestu fyrir kirkjulandi Einarstaða á Skútustöðum þá hafi sveitarmenn spurt hann hvort orðin „fyrir ofan Krossá“ fælu í sér „Hraunárdalsafrétt“. Því hafi hann svarað neitandi og telur Tómas að með

fyrirnefndum orðum úr lögfestunni sé aðeins átt við drögin upp ofan við Krossárgil því þar hafi verið talsverðir hagar þó að nú sé lítið eftir af þeim.

Síðasta vitnið var Illugi Hallgrímsson í Baldursheimi, 72 ára að aldri, en hann svaraði fyrstu, annarri og fjórðu spurningu eins og Tómas á Kálfaströnd. Þriðja spurningin féll burt og spurningu Jóhannesar hreppstjóra svaraði hann þannig að hann hefði heyrt lögfestu lesna sem eignaði Einarssstaðakirkju allt land fyrir ofan Krossá en sagðist aldrei hafa talið að Hraunárdalur væri þar innifalinn.

Jóhannes hreppstjóri bað bókað að séra Jón Þorsteinsson væri faðir tveggja þeirra sem hefðu beðið um að ofangreind vitnaleiðsla færi fram. Einnig benti hann á að öll vitnin hafi notað „Hraunárdalsafrétt“ og sagðist geyma eiganda Einarssstaða óskertan rétt í þessu þrætumáli. Loks sóru öll vitnin eið að vitnisburði sínum.<sup>391</sup>

Eigendur og umboðsmenn Skútustaða, Stórutungu og Svartárkots komu saman 28. júní 1853 og gerðu með sér samning um landamerki á svokölluðum Framfjöllum. Þar kemur fram að talsverður ágreiningur hafi verið í nokkurn tíma um landamerki á umræddu landsvæði, sem lá austan við Skjálfandafljót, milli Skútustaða í Mývatnssveit og Stórutungu og Svartárkots í Bárðardal. Þau skilríki sem þeir höfðu undir höndum voru einna helst lögfestur og einn vitnisburður á kálfskinni um landeign Skútustaða. Vandinn var sá að umrædd skjöl rákust á og héldu ekki eitt. Þar sem það landsvæði sem deilt var um var ekki stórt og að mestum hluta nytjalítið töldu fyrirnefndir landeigendur það ekki svara kostnaði að fara með málið fyrir dómstóla. Þeir ákváðu því að láta óvilhalla gerðarmenn skoða og skipta þrætulandinu milli þeirra. Úrskurðinum, sem átti að gilda fyrir alda og óborna eigendur jarðanna, skyldu þeir hlíta nema ef fram kæmu gamlir máldagar sem sýndu glögglega hvernig landamerkjum hafi verið háttað til forna. Gerðarmenn ákváðu að landamerkin skyldu vera svohljóðandi:

Fyrir nordann Svartárvatn eru einkennilegir hólar þrír, sem Brædur hafa verid nefndir. Þegar maður stendur á Austannverdum hóli þeim er ytstur er, horfir stefnann í hásudur á vörðu þá er stendur á Rananum fyrir, austann Svartárkot, þaðann rettlínis yfir Sudurá og Mikluei, á milli kletts þess, er stendur utarlega í Sudurárhrauni, og nú er hladdinn varda á og kalladur því vörduklettur, og hóls nokkurs, er nú, er kalladur Grenishóll, sem stendur lítid vestar, beint sömu stefnu í klett þann sunnarlega í hrauninu, sem nu er nefndur Stóriklettur, þar hann er á nefndri stefnu (í hasudur) frá brædrum, hærstur ad sjá allra kletta í Hrauninu. Klettur þessi er flatur og þunnur, slettur ad nordann en óstellur [skrifað svo en á væntanlega að vera, óslettur] ad sunnan, og er vestara horn hans nokkru hærra enn hið austara, á honum ofannverdum liggja lausir steinar. Heldur þa en sömu stefnu sudur í Sandá, og takmarkar hún ad

<sup>391</sup> Skjal nr. 2 (156) a-b.

sunnannverdu, Stórutúnguland, allt til Skjálfandafljóts; en fyrir sunnann nefnda á eiga Skútustadir mikid land.<sup>392</sup>

Undir landamerkjasmninginn skrifuðu Stefán Helgason ábúandi Skútustaða og sonur Helga Ásmundssonar eiganda  $\frac{3}{4}$  úr jörðunni og Árni Arason eigandi fjórðungs úr Skútustöðum. Einnig skrifuðu undir Jón Jónsson eigandi Stórutungu og Halldór Þorgrímsson eigandi Svartárkots.

Á manntalsþingi á Skútustöðum 18. maí 1854 var lesið bann bændanna Árna Arasonar og Stefáns Helgasonar vegna Skútustaðar landeignar, við leyfislausri hesta- og tripparekstri í svokölluð Grafarlönd á Framfjöllum er heyri undir Skútustaðakirkju. Þeir fóru einnig fram á að bann þeirra yrði lesið upp á Helgastaða- og Ljósavatnsþingum og var það gert 20. og 22. maí 1854.<sup>393</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 23. maí 1856 létu nokkrir Mývetningar ásamt Jakobi Péturssyni umboðsmanni og hreppstjóra Helgastaðahrepps lesa upp bann þeirra við nýbýlisstofnun Jóns bónda í Stórutungu á Framfjöllum.<sup>394</sup>

Leigusamningur milli eiganda og umráðamanns jarðanna Skútustaða og Grænavatns og bóndans Sigurgeirs Pálssonar í Svartárkoti var lesin upp á manntalsþingi á Skútustöðum 19. maí 1858. Leigusamningurinn var um Miklamó á Framfjöllum og friðlýsingu hans fyrir notkun af öllum óviðkomandi mönnum.<sup>395</sup>

Á manntalsþingi á Skútustöðum 24. maí 1860 var þinglesið eftirrit af lögfestu fyrir öllum Einarstaðakirkjulöndum á Framfjöllum frá 21. maí 1759 auk friðlýsingarskjals núverandi umráðamanns Einarstaðakirkju, Sigurjóns Jónssonar, sem dagsett er 21. maí 1860. Svo viðist sem að þessum skjölum hafi verið mótmælt að því leyti sem Hvannárdals var getið þar en ekki kemur fram af hverjum.<sup>396</sup>

Á manntalsþingi á Helgastöðum 19. júní 1865 var auglýstur samningur um upprekstur á Fljótshéiði, dagsettur 1. maí 1865 og undirskrifaður af ýmsum bændum í Ljósavatns- og Skútustaðahreppum. Inntaks samningsins er ekki getið.<sup>397</sup>

Til er afréttarskrá Skútustaðahrepps frá árinu 1878:

1. Framdalir, og heita þeir Sandmúladalur að Sandmúladalarsá yzt, þá Króksdalur, þá Yxnadalur og Hraunárdalur syðst. Allir þessir dalir með drögum þeim og teygjum, sem að þeim liggja. Syðsti hluti þessa afrjettar, nefnilega Hraunárdalur með drögum þeim er að honum liggja, er talinn Almennigur, en hinn hluti hans er Einarstaðakyrkjueign. Þá á Reykjahlíðarkyrkja upprekstur fyrir geldpening á Króksdal.
2. Austurdalir og Grafarlönd. Hafurstaðahlíð, Sandmúladalur að Sandmúladalarsá, allt Suðurárhraun að Suðará og Stórutungu-landi, allur

<sup>392</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

<sup>393</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.64).

<sup>394</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.67).

<sup>395</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.69).

<sup>396</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.70).

<sup>397</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.72).

Dyngjufjallabruni hinn fremri. Meginhluti þessara afrjettarlanda er eign Skútustaðakyrkju.

3. Miklimór, ásamt Dyngjufjallabruna hinum ytri og Lækjum, allt út að Sandætu, er skilur þessi afrjettarlönd og Grænavatnssellönd. - Afrjettur þessi takmarkast að sunnanverðu af Suðurá, að vestanverðu af heimalöndum jarðanna Svartárkots og Árbakka, að norðan verðu af Grænavatnssellöndum, svo sem áður segir. Allur þessi afrjettur liggur undir jarðirnar Skútustaði og Grænavatn.

Austan við alla þessa 3 afrjetti, sem nú hafa verið taldir, liggur Odáðahraun, og er gengið í það á hverju ári, svo sem við verður komist. - Öll hjer talin afrjettarlönd hafa frá ómunatíð verið gengin að einni lögrjett, sem liggur í Grænavatns heimalandi og nefnist Grænavatnsrjett. Hreppstjórar í Skútustaðahreppi hafa og jafnan haft á hendi alla fjallskilastjórn í nefndum afrjettum. Hreppsnefndin athugaði, að byggja þurfi Grænavatnsrjett að nýju og flytja hana úr stað, þar sem hún nálega er komin í eyði af sandfoki. - Munu ráðstafanir til þess gjörðar, svo fljótt sem kringumstæður leifa.

...

Í Skútustaðahreppsnefnd, 13. marts 1878.<sup>398</sup>

Útgefandi *Gangna og rétta*, Bragi Sigurjónsson, segir afréttarskrána ritaða með hendi Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, að því er best yrði séð, en undirskrift engin.<sup>399</sup>

Annað afrit afréttarskrárinnar hefur verið lagt fram af hálfu Reykjahlíðar og þar eru undir nöfn Jóns Sigurðssonar, Jakobs Hálfðanarsonar, M. Magnússonar og Jóns Jónassonar.

Á manntalsþingi á Skútustöðum 20. maí 1886 var lesið bann séra Stefáns Sigfússonar og Helga Jónssonar á Skútustöðum, sem dagsett var samdægurs, gegn því að ábúendur Arnarvatns reki fé sitt í „afréttarland“ Skútustaða á Framfjöllum. Sigurður Magnússon, annar ábúandi Arnarvatns, svaraði því til að hann líkt og aðrir ábúendur Arnarvatns myndu halda áfram að reka fé sitt, eins og að undanförmu, í Arnarvatnsítak í Hafursstaðahlíð þangað til að úrskurðað yrði með lögum hvort Arnarvatn hefði rétt til þess ítaks eða ekki.

Jarðamat 1849-1850 telur þennan „afrétt“ meðal eigna eða ítaka Skútustaða þó ekki óumdeilt.:

Jörðinni tilheyra ítök til kolgiörðar í annara manna löndum, ... einig tilheyrr henni afrjettar partur til fjáruppreksturs. ...

Þrætulands má géta á svokölluðum Framfjöllum, en nálægt Bigð ur Bárðardal, hvört eð gamlir Vitnisburðir og Lögfestur eigna Skútustöðum við Myvatn og sem þessvegna hefur ekki metið verið með nefndri jörð, að tvær

<sup>398</sup> Sbr. skjal nr. 8 (14).

<sup>399</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 31.

jarðir ur Bárðardal vilja eigna sér nokkurn hluta af téðu landi. Þetta umþrætta land, takmarkast að vestanverðu með þessum örnefnum: frá Bræðrum norðaustan við Svartárvatn og réttisynis þaðan i merkiþúfu, hvöreð stendur á Rananum fyrir ofan Svartárvot og beinlínis þaðan i Suðurá, og alt Suðurárhraun eptir beinni stefnu móti Stórutúngu landi; en að austan verðu takmarkast það af Grænavatns landi. –

Land þetta sem brúkað hefur verið fyrir afrjett metst til Peninga eptir arði sem álitst að upphæð 3 rbd. árlega.<sup>400</sup>

Sömmuleiðis segir fasteignamatið 1916-1918:

Búfjárhagar: Landþröngt heima, en afrétt svo fjarri, að eigi verður notuð að heiman. Jörðinni fylgir mikið afréttarland: bæði fram af Mývatnssveit og einnig á “Framdölum” austan Skjálfandafljóts. Landamerki afréttarinnar þinglesin 1898.<sup>401</sup>

Presturinn á Skútustöðum, séra Hermann Hjartarson, skrifaði Stjórnarráðinu 7. september 1918 og skýrði frá deilumáli er upp hafði komið milli hans og Áftagerðisbónda. Hann upplýsti að Skútustaðir ættu allmikið „afréttarland“ og ýmsir búendur rækju fé sitt þangað á sumrum. Í staðinn fengi ábúandi Skútustaða dálitlar tekjur, þ.e. fáeina aura fyrir hverja kind sem rekin væri að vori í „afréttarlandið“ enda sé presti ætlað að fá þar af hluta af heimatekjum sínum samkvæmt matsgjörð Skútustaða frá 1899. Áftagerði væri næsta jörð við Skútustaði og lönd þeirra sameiginleg og óskipt áður fyrr þó að nú væru glögg landamerki milli þeirra. Á Áftagerði væri fjórbylt og einn af bændunum þar, Steinþór Björnsson sýslunefndarmaður, hafi neitað að greiða ábúanda Skútustaða „afréttargjald“ fyrir fé sitt. Hann beri það fyrir sig að eigendur Áftagerðis hafi átt frjálsa eða sjálfráða hagagöngu fyrir fé sitt í „afréttarlandi“ Skútustaða. En þar sem honum væri ókunnugt um að þessi réttindi væru gengin undan jörðinni neiti hann að greiða „afréttargjald“ eða hagatoll fyrir geldfé sitt fyrr en hann fengi fulla vissu fyrir því að eigendur Áftagerðis ættu ekki meiri rétt til „afréttarlands“ Skútustaða en aðrir íbúar hreppsins. Skútustaðaprestur óttaðist ef Steinþór kæmist upp með þetta mundu aðrir ábúendur eða eigendur Áftagerðis sigla í kjölfarið og það mundi valda Skútustöðum réttinda- og tekjumissi.

Eftir því sem Skútustaðaprestur komst næst átti Áftagerði engin ítök innan landamerkja Skútustaða. Hann hafði skoðað landamerkjaskrár beggja jarðanna en ekki fundið nein ákvæði er gæfu í skyn að Áftagerði ætti nefndan rétt eða ítak. Ennfremur hafði hann aflað yfirlýsinga þriggja valinkunnra manna úr sveitinni og lét þá fylgja með bréfi sínu. Í yfirlýsingu Helga Jónssonar á Grænavatni, sem er dagsett 3. apríl 1917, kemur fram að þegar hann bjó á Skútustöðum í kringum 1880 hafi Kristján heitinn Gamalielsson, sem þá bjó í Áftagerði, borgað honum fjártoll fyrir upprekstur

<sup>400</sup> Skjal nr. 2 (29) a-b.

<sup>401</sup> Skjal nr. 2 (32).

á fé sínu í Miklamó í „Skútustaðaafrétti“. Í yfirlýsingu Guðna Ásmundssonar á Grænavatni, frá 22. júní 1917, greinir hann frá því að þegar hann bjó í Álftagerði, á árunum 1869-1876 hafi Álftagerðisábúendur ekki haft neinn rétt til upprekstrar í „Skútustaðaafrétt“. Að hans sögn hafði Álftagerði áður haft slíkan rétt en Jón Sigurðsson alþingismaður á Gautlöndum hefði skýrt honum frá því að þegar Skútustaðakirkja var byggð árið 1862 hafi eigendur Álftagerðis ekki treyst sér til þess að taka þátt í kostnaðinum og því tapað öllum rétti til „afrehtarlands“ Skútustaðakirkju. Það sama kemur fram í yfirlýsingu Jóns Hinrikssonar á Helluvaði frá því í júní 1917. Hann segir að þar sem að eigendur Álftagerðis hafi ekki treyst sér til þess að taka þátt í kostnaði við endurreisn Skútustaðakirkju, hefðu þeir heldur kosið að afsala sér að fullu og öllu þeim hlunnindum sem þeir höfðu lengi notið hjá eigendum Skútustaða. Hlunnindin segir hann að hafi verið:

... frjáls upprekstur í fram-aftrjett, fyrir fullorðið géldfje og lömb, frjáls hagaganga, fyrir gripi á sumrum, í heimahögum Skútustaða, - frjáls hagbeit, fyrir lömb, á haustum í Mikley, einnig hrís-rif og skógarhögg í ítökum kirkjunnar og máskje eitthvað fleyra.<sup>402</sup>

Jón segist fullviss um að hann fari rétt með þó hann hafi ekki verið sjónarvottur að samningi þessum.

Í áðurgreindu bréfi Skútustaðaprests útskýrir hann nánar nokkur atriði í yfirlýsingunum. Hann getur þess að sá Kristján, sem Helgi getur í sinni yfirlýsingu, hafi átt hluta í Álftagerði og búið þar um 1860 eða um það leyti er samningurinn um afsal réttindanna átti að hafa farið fram eftir því sem segir í hinum yfirlýsingunum. Þar bjó hann enn um og eftir 1880, samkvæmt yfirlýsingu Helga, og galt þá upprekstrargjald fyrir fé sitt í „afrehtarland“ Skútustaða. Ennfremur getur prestur þess að þann rétt sem um er getið í yfirlýsingu Jóns Hinrikssonar um haustbeit í Mikley hafi hvorki eigendur né ábúendur Álftagerðis notað né óskað eftir að fá að nota í marga áratugi.

Skútustaðaprestur segist hafa sýnt eiganda Álftagerðis umræddar yfirlýsingar en hann hafi sagt að það þyrfti meira til að sannfæra sig um að Álftagerði hefði misst eða afsalað sér þessum réttindum. Hann biður því að athugað verði hvort samningur um þetta afsal sé að finna í kirkjubókum eða skjölum Skútustaðakirkju á Þjóðskjalasafninu. Að öðrum kosti óskar hann þess að Stjórnarráðið kveði upp úrskurð sé það hægt en annars skýra honum frá því hvað gera skuli í málinu.

Málið var sent biskupi til umsagnar 23. janúar 1919 og svaraði hann 3. febrúar sama ár. Í bréfi biskups segist hann hafa skoðað skjöl Skútustaðakirkju á Þjóðskjalasafni sem sérstaklega snerta umrædda kirkjubyggingu árið 1863. Þar sé hins vegar hvorki að finna neinn samning máli þessu viðvíkjandi á milli kirkjuráðenda og eiganda Álftagerðis né neitt afsal á fyrrnefndum hlunnindum af hálfu eiganda

<sup>402</sup> Skjal nr. 2 (164).



Álftagerðis. Þó megi sjá á þeim skjölum að búendur Álftagerðis, hafi í réttu hlutfalli við aðra búendur í sveitinni, tekið þátt í viðarflutningi frá Húsavík til kirkjubýggingarinnar. Hins vegar beri yfirlýsingar þriggja valinkunnra Mývetninga það með sér að ábúendur Álftagerðis hafi greitt upprekstrargjald síðastliðin 50 ár en í því felst viðurkenning um að þeir geri ekki tilkall til umræddra hlunninda. Biskup telur enga ástæðu til að véfengja yfirlýsingarnar þar sem tveir af þeim sem gáfu þær hafi búið í Álftagerði. Annað mál sé hvort yfirlýsingarnar vegi nógu þungt í málinu þar sem engin skjöl finnast sem staðfesti umrætt hlunnindaafsal.

Stjórnarráðið skrifaði Skútustaðapresti 12. febrúar 1919 og uppálagði honum að krefja greindan ábúanda Álftagerðis um „afréttartoll“ því ekki væri annað að sjá en að honum bæri að gera það.<sup>403</sup>

---

<sup>403</sup> Skjal nr. 2 (164).

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Sameiginleg atriði á svæði 6

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrir- liggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þessara gagna við það mál sem hér er til umfjöllunar. Í framhaldinu verður einnig sérstaklega hugað að því hvort í nýjum dómum um eignarréttarlega stöðu tiltekinnna afréttarsvæða megi greina áherslumun sem tilefni gefi til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.<sup>404</sup> Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (svæði 1), er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum nr. 1-5/2001 (svæði 2) er í kaflanum *Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1-9/2003 (svæði 3), 1-6/2004 (svæði 4) og 1-5/2005 (svæði 5). Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum nr. 1-5/2007 (svæði 6).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og samræmi við áður nefndar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, og vísar til þeirra, sbr. einnig kafla 6.1.2 - 6.1.3 hér á eftir.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 31. maí 2006, nánar tiltekið kafla 6.1.1 í málum nr. 1-6/2004 (svæði 4), var þannig fjallað sérstaklega um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr.

<sup>404</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 17, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 29. maí 2007, nánar tiltekið kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), tók óbyggðanefnd einnig afstöðu til þess hvort þeir dómur sem þá lágu fyrir gæfu tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki. Þá skal þess getið að í sömu málum, kafla 6.1.2, var gerð almenn grein fyrir stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi.

Frá því óbyggðanefnd kvað upp síðastnefnda úrskurði, í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómur frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænafjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómur frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómur eru fremur til staðfestingar á framangreindri niðurstöðu, þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar sambengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

### 6.1.3 Afréttir einstakra jarða og stofnana

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sbr. kafla 6.1.1 og viðauka. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnánum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4 og 4.5 í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnota-afréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra

jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitafni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendum og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenninga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu

manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenna, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrængri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafretta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að

Þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almennungum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðháttu, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarmot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrjú dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskups-tungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitæfni af þessum toga að

eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>405</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffellslambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum Landnámu sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

## 6.3 Grímsstaðir

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Grímsstaða gera kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.2. Landsvæði þetta liggur í um 300-340 m hæð yfir sjávarmáli. Austan til er gróðurlent en að vestanverðu gróðursnautt en þar liggur hluti Neðra-Bóndhólshrauns.

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi landnám eingöngu tekið til svæðisins umhverfis Mývatn. Landnám hafi hins vegar ekki náð til örafá norðan, austan og sunnan svæðisins, eins og það sé afmarkað í aðalkröfu, en ella svo sem það sé tilgreint í varakröfum. Telja verði að heiðar og örafí norðan, austan og sunnan Mývatns hafi orðið samnotaafréttur. Þetta verði m.a. stutt við lýsingu máldaga Auðunar rauða Hólabiskups frá árinu 1318, sbr. og máldaga Péturs Nikulássonar Hólabiskups frá 1394. Kröfugerðin miði við að afréttarsvæðin Norðurfjöll, ásamt Grímsstaðaheiði, og Reykjahlíðarheiði með Gæsafjöllum, teljist til þjóðlendu. Í því felist að ekki er fallist að öllu leyti á merkjalýsingu jarðarinnar Grímsstaða. Af hálfu ríkisins er ekki viðurkennt að afréttarland norðan Tófuaxlar á Grímsstaðaheiði teljist til eignarlands, og því til stuðnings vísað til afréttarlýsingar Reykjahlíðarheiðar og Grímsstaðaheiðar, sbr. afréttarskrá Skútustaðahrepps frá 1878

<sup>405</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

og greinargerð sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“. Er því haldið fram að sú afréttarlýsing marki skil á milli heimalanda og afrétta. Um sé að ræða samnotaafrétt sem tengist síðan afréttarsvæðum norðan hreppamarka á því svæði sem til úrlausnar er í máli nr. 2/2007.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Auk þess sé fullur hefðartími liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum var þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Ítrekað hafi verið gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísað er einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og eldri heimildir fari ekki í bága við sé beinum eignarrétti háð. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Grímsstaða sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur Grímsstaða hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Ennfremur verði að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til Grímsstaða algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þá er því sérstaklega mótmælt að afréttarskrá frá 1878 hafi einhverja eignarréttarlega þýðingu. Loks er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Grímsstaða er rakin í kafla 5.2. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 16. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>406</sup>

<sup>406</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi Grímsstaða, frá 8. maí 1891 og þingl. 12. júlí 1892, en engar eldri merkjalýsingar liggja fyrir. Athugun þessi tekur til norður- og austurmerkja, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er kröfusvæði Þeistareykja til norðurs, sbr. mál nr. 2/2007 hjá óbyggðanefnd, og kröfusvæði Reykjahlíðar til austurs. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Grímsstaða með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Samkvæmt landamerkjabréfi Grímsstaða eru merki þeirra til norðurs, gagnvart Þeistareykjum, frá þeim punkti í norðri „er Eilífsfjall á Grjóthálsi sézt norðurundan Gæsafjöllum. Þá er bein stefna til austurs í nefnt fjallmerki milli Grímsstaða og Þeistareykjalands þar til Bóndhóll er stendur vestur af Gæsafjöllum sunnanverðum er beina stefnu þaðan í Hrafnabjörg.“ Bréfið er áritað vegna Þeistareykja. Þessi merki eru í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfi fyrir „Þeistareykjaafreitt“, dags. 16. september 1948 og þingl. 31. júlí 1951. Það bréf er jafnframt áritað vegna Grímsstaða. Nánar er fjallað um Þeistareyki í máli nr. 2/2007.

Í landamerkjabréfi Grímsstaða er merkjum til austurs, gagnvart Reykjahlíð, lýst úr „fjallmerki milli Grímsstaða og Þeistareykjalands þar til Bóndhóll er stendur vestur af Gæsafjöllum sunnanverðum er beina stefnu þaðan í Hrafnabjörg. Sú lína er merkilína milli Grímsstaða og Reykjahlíðarlands. Síðan beint af Bóndhól í Þverdalsbryggju, þaðan yfir há skjólbrekku, síðan Flatskalla austast og yfir hið nýa hraun að Kvæk...“ Bréfið er áritað vegna Reykjahlíðar. Þessi merki eru í samræmi við lýsingu í landamerkjabréfi Reykjahlíðar, dags. 8. apríl 1891 og þingl. 29. maí sama ár, og eldri heimildir um merki Reykjahlíðar. Það bréf er jafnframt áritað vegna Grímsstaða. Sjá nánar umfjöllun um Reykjahlíð í kafla 6.4. hér síðar.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar Grímsstaða.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka,

afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf jarðarinnar Grímsstaða var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirbyggjandi gögn til þess að merkjum hennar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréfið var undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Grímsstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til landsins numið var á þessu svæði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé innan þess.

Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til „afréttaskrár Skútustaðahrepps“ frá árinu 1878 og greinargerðar sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ en þar koma fram lýsingar á afréttarlöndum í hreppnum. „Afréttaskráin“ er úr hreppsókum Skútustaðahrepps en greinargerðin frá 1959 er undirritað af Jóhanni Skaptasyni sýslumanni Þingeyjarsýslu. Auk þess liggur fyrir í máli þessu „skrá yfir afrétti í Skútustaðahreppi“ sem er í „álitsgerð nefndar sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps skipaði til að fjalla um afréttarmálefni í Mývatnssveit“ frá árinu 1989. Af þeim lýsingum sem þarna er að finna er ljóst að þær taka til hluta af því landi sem afmarkað er í landamerkjabréfi Grímsstaða.

Grímsstaðir liggja í röð jarða við Mývatn, sbr. kafla 6.4., 6.6. og 6.7. og merki þar á milli eru samþykkt með áritun fyrirsvarsmanna. Heimildir þær um afréttarnot í Skútustaðahreppi sem að framan eru raktar eru almenns eðlis og lýsingar þeirra óljósar. Þannig er ekki fyrir hendi sjálfstæð afmörkun á afrétti sem tekið gæti til lands innan merkjalýsingar Grímsstaða. Slíka afmörkun leiðir ekki heldur af staðháttum. Þá liggja ekki fyrir heimildir um að eigendur Grímsstaða hafi fyrr eða síðar litið svo á að hluti af landsvæði því sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðarinnar væri afréttur hennar. Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki sýnt fram á að land innan landamerkjabréfs Grímsstaða hafi að einhverju leyti stöðu afréttar að lögum og að umræddar heimildir endurspegli fremur beitarnot á hálendari hlutum jarðarinnar. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Verður því lagt til grundvallar að jörðin Grímsstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1891, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um

eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting heiðarlands jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandshlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Grímsstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>407</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Grímsstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.4 Reykjahlíð

### 6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Reykjahlíðar gera kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.3. Undanskilin er þó svokölluð Krepputunga, sem eigendur Brúar á Jökuldal gera einnig eignarlandskröfu til. Um hana er fjallað í kafla 6.5. Þá ber þess að geta að kröfusvæði eigenda Reykjahlíðar skarast að hluta á við kröfusvæði eigenda Grænavatns sem um er fjallað í kafla 6.7. Þá greinir eigendur Reykjahlíðar einnig á við eigendur Þeistareykja um afmörkun umkrafinna eignarlanda sinna, nánar tiltekið sunnan Hrutafjalla, en um Þeistareyki er fjallað í máli nr. 2/2007 hjá óbyggðanefnd. Heimildir þær sem ná til hins umrædda svæðis koma því til athugunar í báðum málum en með hliðsjón af afmörkun íslenska ríkisins á þjóðlendukröfusvæði sínu er tekin afstaða til þess í máli nr. 2/2007.

Landsvæði það sem hér um ræðir er mjög víðfeðmt og hefur leguna norðursuður. Nyrsti hluti þess er fjallendur og liggur í yfir 400 m hæð. Nokkuð er um hóla, hæðir og fjöll og ber helst að nefna Gæsafjöll (882 m) sem eru mikil um sig og liggja norðvestast á svæðinu. Austan þeirra liggja Hágöng (795 m). Krafla (818 m) liggur suðvestan Háganga og Jörundur (811 m) er suðaustan Kröflu. Eilífsvötn (354 m) liggja nyrst á svæðinu. Austan til á norðurhlutanum er land hallalítið.

Sunnan þjóðvegur nr. 1 liggur land í yfir 500 m hæð og er víðfeðmt og hallalítið með fjölda fjalla og stapa sem rísa upp úr Ódáðahrauni. Nyrst ber þar að nefna

<sup>407</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Skógarmannafjöll (681-599 m) og vestan þeirra liggur Búrfell (953 m), rismikill stapi. Þar suðvestan af liggur Heilagsdalsfjall (904 m). Nokkru sunnan þessara fjalla liggja rismiklar dyngjur, fell og fjöll um stórbrotið svæði. Ber þar að nefna Herðubreiðarfjöll (1094), Kollóttudyngju (1180 m), Herðubreið (1682 m), Herðubreiðartögl (1070 m) og Upptypinga (927-1084 m). Vestan Upptypinga liggur eldfjallakerfi Dyngjufjalla (1510 m) með Öskju og Öskjuvatni sem er 11 km<sup>2</sup> að stærð.

Landsvæðið er að mestu gróðursnautt en þar er mikið rof. Helstu gróðursvæðin eru í Grafarlöndum og Herðubreiðarlindum sem liggja á vesturbökkum Jökulsár á Fjöllum. Land mætir jökli í um 800 m hæð upp af Holuhrauni. Frá Gæsa-fjöllum suður í jökul við Holuhraun eru um 106 km, og úr Herðubreiðarlindum til vesturs í Víti, norðan Öskjuvatns, eru tæpir 29 km, mælt í beinni loftlínu.

#### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi landnám við Mývatn eingöngu tekið til landsvæðis umhverfis Mývatn. Landnám hafi ekki náð til öræfa norðan, austan og sunnan svæðisins, eins og það sé afmarkað í aðalkröfu, en ella svo sem það sé tilgreint í varakröfum. Telja verði að heiðar og öræfi norðan, austan og sunnan Mývatns hafi orðið samnotaafréttur og styðjist það m.a. við lýsingu máldaga Auðunar rauða Hólabiskups frá árinu 1318, sbr. einnig máldaga Péturs Nikulásssonar Hólabiskups árið 1394. Sérstaklega er tekið fram að ekki sé fallist á að vitnisburðir Þórólfs Hranasonar og Finnboga lögmanns Jónssonar frá árinu 1506 geti talist grundvöllur beins eignarréttar Reykjahlíðar á öræfum öllum fyrir austan Mývatn. Vitnisburða hafi á þessum tíma verið aflað af tilteknu tilefni án þess að séð verði að þeir hafi átt sér neina stoð í eldri heimildum. Að fengnum dómi hafi téður Finnbogi svo sjálfur staðfest dóminn eins og réttarskipan gerði ráð fyrir á þeim tíma en þess verði að gæta að Þorsteinn Finnbogason, eigandi Reykjahlíðar, var sonur hans. Ekki verði séð að um úrlausn ágreinings hafi verið að ræða milli aðila heldur álitserð. Þá sé dómurinn að öðru leyti í ósamræmi við þágildandi reglur svo ekki verði á honum byggt. Virðist landið hafa um aldur verið nýtt til sumarþeir fyrir búfé og þá einnig af fleirum en eigendum Reykjahlíðar, sbr. beitarrétt frá Möðrudal samkvæmt máldaga frá 1493 og gjörning um máldaga og landamerki Möðrudals frá 1408.

Einnig er byggt á því að sögulegar heimildir greini að jörðin Reykjahlíð hafi verið austasta byggða ból vestan Jökulsár á Fjöllum. Ekki séu til landnámslýsingar sem bendi til eignarhalds Reykjahlíðar austan línu sem miðist við Hlíðarfjall, Námafjall, Lúdent og Bláfjall. Þannig séu ekki til óyggjandi heimildir um nýtingu lands austan umræddra merkja fram undir árið 1500, nema þá að takmörkuðu leyti. Svo virðist t.d. að brennisteinsnámur sem síðar hafi verið taldar tilheyra Reykjahlíð hafi verið nýttar sem almannaeign, án sérstakrar heimildar Reykjahlíðar, allt frá upphafi brennisteinsnáms um 1300 og fram til ársins 1506. Telja megi líklegt að

svæðið austan umræddra fjalla hafi verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé en ljóst sé að á tilteknum svæðum, Norðurfjöllum, Búrfellshrauni, Mývatnsöræfum o.fl., hafi ekki verið rekið fé frá öðrum jörðum. Fjöllin myndi einnig skýr landfræðileg mörk og aðskilji eins konar heimalönd frá afréttum og almenningum.

Því er jafnframt haldið fram að í Reykjahlíðarmáldaga frá 1573 sé annars vegar lýst sömu réttindum og í máldögum frá 1318 og 1394 en einnig lýst takmörkuðum réttindum og merkjum til samræmis við dóm Finnboga Jónssonar frá 1506. Síðari tíma gögn um takmarkaða nýtingu og umsjón Reykjahlíðar á einstökum svæðum utan aðalkröfulínu hafi ekki getað skapað réttmætar væntingar um eignarhald á kröfusvæðinu öllu eða haft þýðingu um beint eignarhald. Slík takmörkuð nýting, eftir setningu hefðalaga nr. 40/1905, geti ekki stutt hefðarhald á umræddu svæði. Þá geti samningur milli eigenda Reykjahlíðar annars vegar og iðnaðarráðherra hins vegar, frá árinu 1971, um afnot íslenska ríkisins af jarðhitaréttindum og aðstöðu til nýtingar þeirra ekki talist fela í sér stofnun eignarréttar á umræddu svæði við Kröflu, enda ekki um viðurkenndan stofnunarhátt eignarréttar að ræða.

Af hálfu íslenska ríkisins er einnig vísað til „afréttarskrár Skútustaðahrepps“ frá árinu 1878 en þar koma fram lýsingar á afréttarlöndum í hreppnum. Undir skjalið er ritað: „Skútustaðahreppsnefnd“ og þar er m.a. lýsing á „afrjettarlandi Reykjahlíðar og Grímsstaðaheidar ásamt Gæsafjöllum“ og á „Austurfjöllum“. Þá er ennfremur vísað til greinargerðarinnar „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ en þar má finna lýsingar á afréttum í Skútustaðahreppi.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi, dags. 8. apríl 1891 og þingl. 29. maí sama ár, og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé og liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Samkvæmt landamerkjalögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að ganga frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi væri hann fyrir hendi. Þau hafi hins vegar ekkert kveðið á um það hvaða land eða hver landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni. Á sama tíma hafi jafnan verið kveðið á um einkarétt jarðeigenda til veiða fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð þeirra. Landamerkjalysingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfarið á lögunum frá 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum máldögum og eldri landamerkjabréfum. Það eigi við um þetta svæði. Þessum lýsingum hafi svo verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem gagnaðilar telji að leiði til þess að þarna hafi orðið til fullkomnar heimildir um landamerkin. Í samræmi við fyrri niðurstöður óbyggðanefndar hvíli því sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar að landsvæðinu á ríkisvaldinu.

Landamerki séu í fullu samræmi við máldaga Reykjahlíðarkirkju frá árinu 1573, sbr. hinn forna lögmannsdóm frá árinu 1506. Árið 1897 hafi „allir fossar“ Reykjahlíðar verið seldir. Bendi það ótvírætt til þess að átt sé við fleiri fossa en Dettifoss og Selfoss og að þriðji fossinn hljóti að vera nokkru fyrir sunnan Herðubreiðarlindir. Sá hafi á síðari árum verið nefndur Gljúfrasmíður og sé um 7 km sunnan við Herðubreiðarlindir en það bendi til þess að landamerki Reykjahlíðar hafi legið þar til suðurs. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er í Almennar niðurstöður óbyggðanefndar og dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004, í máli nr. 48/2004, um að sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem véfengi landamerkjalysingar og elstu heimildir um eignarhald á landsvæði. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Reykjahlíðar hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Því er haldið fram að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum. Ljóst sé að búendur í Mývatnssveit eigi upprekstrarrétt í land Reykjahlíðar samkvæmt fornri venju. Þetta styrki eignarréttartilfall eigenda Reykjahlíðar því ítak sé ævinlega í eignarland. Auk lögmannsdómsins frá 1506 sýni samningar um greiðslu hagatolla líka fram á eignarland. Þá sýni samningar við Landgræðsluna að gagnaðilar hafi fullan eignarrétt á landinu. Við mat á inntaki eignarréttar innan þinglýstra merkja Reykjahlíðar skipti ráðstöfun námaréttinda á liðnum öldum, er bendi til beins eignarréttar, miklu máli og sömuleiðis leiga á vatnsafla sem gerð var í lok 19. aldar og Gigant fékk svo árið 1909. Einnig er sérstaklega byggt á ráðstöfun eignarréttinda jarðarinnar við Herðubreiðarlindir en þar hafi landeigendur leigt lönd undir skála um langan tíma og ráðstafað öllum veiðinytjum. Alla þessa samninga hafi hið opinbera samþykkt. Þá er vísað til samþykkis landeigenda við friðlýsingu Herðubreiðarlinda árið 1974 og samninga við Landgræðsluna frá 1968. Að auki er vísað í samninga við Landsvirkjun, þá sérstaklega samning frá 18. mars 1971 milli eigenda Reykjahlíðar og iðnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs um frjáls umráð og ráðstöfun jarðhitaréttinda á svæði sem afmarkað hafi verið á uppdrætti ásamt aðstöðu til mannvirkja-gerðar til nýtingar jarðhitans o.fl. Kröfulýsing ríkisins um að þetta landsvæði skuli nú teljast þjóðlenda sé með öllu ósamrýmanleg þessum samningi. Loks hafi skattar og önnur lögboðin gjöld ávallt verið greidd af öllu landinu og jörðin verið framseld, veðsett og gengið í erfðir sem ein heild, án athugasemda yfirvalda.

Taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild en röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til lands Reykjahlíðar séu ósannaðar, enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Fullyrðingum íslenska ríkisins um að land-

svæðið innan þjóðlendukröfulínu sé afréttarland er mótmælt. Afréttarlönd í Skútustaðahreppi séu í raun eignarlönd enda sé afréttarhugtakið ekki notað um skilgreiningu á eignarrétti. Það liggja m.a. fyrir að eigendur Reykjahlíðar hafi lengi innheimt afréttartoll fyrir beit annarra aðila á landi sínu þó svo þeir hafi ekki gert það í seinni tíð.

Á því er byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði til þess að allt land innan landamerkja Reykjahlíðar teljist eignarland auk þess sem byggt er á sjónarmiðum um réttmætar væntingar. Er um þetta vísað í dóma Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá er því haldið fram að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Vísað er til ákvæða stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944, og Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, auk dóma Mannréttindadómstóls Evrópu og loks ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með sama hætti er hvorki fallist á varakröfu né þrautavarakröfu íslenska ríkisins.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Reykjahlíðar er rakin í kafla 5.3. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>408</sup>

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun jarðarinnar Reykjahlíðar. Elstu merkjalýsingu Reykjahlíðar er að finna í vitnisburði Jóns Magnússonar frá 26. september 1505 um landeign Reykjahlíðar. Þá liggja fyrir tveir aðrir vitnisburðir um sama efni, sá fyrri frá Þórólfi Hranasyni 6. maí 1506 og sá síðari þeim Finnboga Jónssyni, Magnúsi Þorkelssyni og Gamla Þorsteinssyni frá 8. maí 1506. Einnig er merkjum Reykjahlíðar lýst í dómi sex manna frá 17. maí 1506 og nokkrum dögum síðar í samþykkt og staðfestingu Finnboga Jónssonar lögmanns á fyrrnefndum dómi. Í svokallaðri Skinnastaðaártíðaskrá, AM. 249 d, folio, er máldagi Hlíðarkirkju (þ.e. Reykjahlíðarkirkju) frá 1573 en þar er líka að finna lýsingu á mörkum jarðarinnar. Jafnframt eru merkjalýsingar í prófastsvísitasíu Reykjahlíðarkirkju frá 1735, lögfestu frá 1758, annarri vísitasíu frá 1828 og landamerkjabréfi Reykjahlíðar frá 8. apríl 1891, þingl. 29. maí sama ár. Í þessu sambandi verður einnig litið til heimilda um aðliggjandi landsvæði. Þar liggur til norðurs kröfusvæði Þeistareykja og Ásheiðar, sem um er fjallað í máli nr. 2/2007. Til austurs er landsvæði sem fjallað var um í málum nr. 2 og 5/2005 hjá óbyggðanefnd og Vatnajökull er til suðurs. Loks liggja kröfusvæði Skútustaðahrepps, Grænavatns, Voga og Grímsstaða til vesturs. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Reykjahlíðar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

<sup>408</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Norðurmerki Reykjahlíðar eru gagnvart Þeistareykjum, Ásheiði og Svínadal. Samkvæmt landamerkjabréfi Reykjahlíðar eru mörk að þessu leyti svofelld: „bein stefna frá Dettifossi í Eilífshnjúk; þaðan bein stefna yfir Hrótafjöll og Gjástykki móti Þeystarreykjalandi, vestur í mó, þar til Bóndhóll er genginn í hásuður og Eilífshnjúkur ber rjett norður undan Gæsafjöllum.“ Bréfið er áritað vegna aðliggjandi landsvæða. Eldri heimildir um afmörkun Reykjahlíðar nefna Eilífsvötn, skammt sunnan við fjallið Eilíf, auk Jökulsár á Fjöllum og eru þannig í ágætu samræmi við lýsingu bréfsins. Um landsvæði þau sem liggja norðan við Reykjahlíð, þ.e. Þeistareyki, Ás og Svínadal, er fjallað í máli nr. 2/2007 hjá óbyggðanefnd. Heimildir um merki þeirra benda til þess að þau nái að Reykjahlíðarlandi, enda þótt orðalag sé ekki alltaf hið sama. Gagnaðilar íslenska ríkisins eru sammála um innbyrðis afmörkun eignarlandskröfusvæða sinna að öðru leyti en því að deilt eru um hluta merkja á milli Reykjahlíðar og Þeistareykja. Vísast um það atriði nánar til máls nr. 2/2007.

Samkvæmt landamerkjabréfi Reykjahlíðar eru merki til austurs miðuð við Jökulsá á Fjöllum, frá Dettifossi í norðri og að viðmiðun við Bræðraklif í suðurmerkjum. Eldri heimildir miða austurmerki einnig við Jökulsá á Fjöllum. Austan árinna er m.a. landsvæði sem tekin var afstaða til í máli 2/2005 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda jarðarinnar Brúar. Eignarlandskröfusvæði eigenda Reykjahlíðar í máli því sem hér er til úrlausnar afmarkast með Jökulsá á Fjöllum frá Dettifossi og að ármótum við Kreppu, Kreppu að jökli og síðan inn á Vatnajökul. Á milli Jökulsár og Kreppu er svokölluð Krepputunga en þar hafa eigendur Brúar á Jökuldal og Reykjahlíðar báðir gert kröfu um eignarland. Um það hversu langt suður austurmerki Reykjahlíðar ná vísast til umfjöllunar um suðurmerki hér á eftir.

Vesturmerki Reykjahlíðar eru gagnvart jörðinni Grímsstöðum að norðanverðu en Vogum og Grænavatni þegar sunnar dregur. Á milli Grímsstaða og Voga liggur Reykjahlíð að Ytriflóa í Mývatni. Norðanverðum vesturmerkjum Reykjahlíðar er lýst úr vestasta punkti í norðurmörkum og í Bóndhól „sem er beint vestur af Gæsadal-fjöllum og þaðan móti Grímsstaðalandi bein lína í Þveraldsbyrgi, þaðan yfir há Skjólbrekku í merkivörðu austast á Flatskalla, þaðan beina stefnu í Kvæk, sem er gras-hvammur við vatnið, er gengur inni hraunið vestarlega, milli Grímsstaða og Reykja-hlíðar. Þá ræður Mývatn suður að Svínavog.“ Merkjum gagnvart Vogum er þannig lýst í landamerkjabréfi Reykjahlíðar að þar ráði „fyrst Svínavogur og Kálfstjörn, þá Smáralág er Reykjahlíð á hálfá. Þaðan bein lína austur í Námakollu hina syðri; þaðan beint í þrengsli við Skessuhala, þrýtur þar Vogaland að austan.“ Bréf Reykjahlíðar er áritað vegna Grímsstaða og Voga og framangreint í samræmi við heimildir um merki þeirra jarða, sbr. kafla 6.3. og 6.6. Eigendur framangreindra þriggja jarða draga þessi merki eins á kröfulínukorti í máli því sem hér er til úrlausnar.

Um merki Reykjahlíðar gagnvart Grænavatni segir svo í landamerkjabréfi hinnar fyrrnefndu frá 1891: „fyrir sunnan Vogaland ráða fjallgarðar þeir til suðurs, er



næstir liggja Mývatnssveit og frá þeim bein stefna suður í Bræðraklyf vestur af Herðibreið.“ Bréfið er ekki áritað vegna Grænavatns. Hér skal þess getið að austur og suðaustur af Mývatni, við vesturjaðar Ódáðahrauns, er röð stapa og móbergshryggja. Þar á meðal eru Heilagsdalsfjall (832 m) og Bláfjall (1222 m) en syðsti hluti þessara fjallgarða kallast Bláfjallshalar. Eldri heimildir um Reykjahlíð miða einnig við „fjallgarða þá sem næsta liggja við myvatn fyrir austann vatnid ad jokulsá“, sbr. einkum vitnisburð Jóns Magnússonar frá 1505 og prófastsvísitasíu Reykjahlíðarkirkju frá 1735.

Landamerkjabréf Grænavatns, dags. 20. maí 1921 og þinglesið sama ár, er áritað af hálfu Reykjahlíðar. Þar er miðað við að „fjallgarðurinn“ ráði austurmerkjum „suður og svo Bláfjall“. Síðan segir að úr suðausturhorni Bláfjalls liggi merkjalínan með tilteknum hætti í hásuður. Lýsing þess er þannig ekki fyllilega samhljóða bréfi Reykjahlíðar og svo sem sjá má á kröfúlínukorti í máli þessu deila eigendur Reykjahlíðar og Grænavatns nú um þessi merki. Sá ágreiningur tekur í meginatriðum til vestanverðs Heilagsdalsfjalls og Heilagsdals auk austanverðs Bláfjalls og Bláfjallshala. Til þess atriðis verður því aðeins tekin afstaða hér ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Af eldri merkjalýsingu verður ráðið að á 16. öld hafi fyrirvarsmenn þessara jarða deilt um mun stærra landsvæði, sjá nánar hér á eftir um suðurmerki og kafla 6.7. um Grænavatn.

Samkvæmt landamerkjabréfi Reykjahlíðar eru merki til suðurs, inn til landsins og í átt að jökli dregin frá framangreindum fjallgörðum í vesturmerkjum og „bein stefna suður í Bræðraklyf vestur af Herðibreið. Frá Bræðraklyfi ræður bein stefna austur í Jökulsá, sunnan við Herðibreiðartungu.“ Í vitnisburði Jóns Magnússonar frá 1505 segir að jörðinni tilheyri: „auræfi oll atolulaust fyrir austann fjallgarða þá sem næsta liggja við myvatn fyrir austann vatnid ad jokulsá og omerkinga alla millum Jlifsvatna og brædraklifs fyrir vtann herddibreid.“ Í vitnisburði Þórólfs Hranasonar frá 6. maí 1506 segir um Reykjahlíð: „...auræfi þau oll er liggja fyrir austann myuatn ad Jokulsaa og alla omerkinga a milli Jlifsvatna og brædrakliffs er liggur sudur a auræffumm.“ Vitnisburður Finnboga Jónssonar, Magnúsar Þorkelssonar og Gamla Þorsteinssonar, frá 8. maí 1506, er efnislega samhljóða þeim sem að framan er nefndur. Í dómi sex manna frá 17. maí 1506 er vísað til vitnisburða þess efnis að Reykhlíðingur hefðu „...haft og halldid og sier eignad meir enn xl vetra atolulaust i allan þennan tijma auræfi þau er liggja fyrir austan myuatn ad Jökulsa og alla omerkinga i millum Jleifsvatna og brædrakliffs er liggur sudur a auræfum.“ Niðurstaða dómsmanna er sú að jörðinni Reykjahlíð eru dæmd: „...thil fullrar eignar auræfi oll fyrir austan myvatn med þeirra ollum endimaurkum sem þar hafa vitni vm borit og eidar vm geingid...“ Í samþykkt og staðfestingu Finnboga Jónssonar lögmanns á framangreindum dómi, frá 23. maí 1506, segir m.a. svo um land Reykjahlíðar: „...og sionhending fyrir austann alla bufiarhaga fyrrnefnda sudur i oræfi

so langt sem vatzfoll deilast og votn að draga.“ Slíka lýsingu er svo að finna í prófastsvísitásiu Reykjahlíðarkirkju frá 1735 og vísitásiu Reykjahlíðarkirkju frá 1828 en þar er einnig lýst suður í öræfi svo langt sem vatnsföll deilast en þar segir enn fremur: „...og alla omerkingia j millum Ýlýfsvatna og Bræðraklifs.“ Sama máli gegnir um máldaga Hlíðarkirkju frá 1573 sem báðir málsaðilar hafa vísað til og lögfestu frá 1758.

Framangreindar lýsingar á suðurmerkjum Reykjahlíðar eru ekki samhljóða og tvö atriði þarfnast sérstakrar athugunar. Hið fyrra snýr að því hvort miðað skuli við Bræðraklif eða önnur og syðri merki og hið síðara hvar Bræðraklif sé að finna, hafi staðsetning þess þýðingu.

Landamerkjabréf Reykjahlíðar 1891 miðar suðurmerki þannig við Bræðraklif og sama máli gegnir um vitnisburði frá 1505 og 1506, auk sex manna dómsins 1506. Í staðfestingu sýslumannsins á dómnum 1506, máldaga frá 16. öld, lögfestu frá 18. öld og tveimur vísitásium frá 18. öld og 19. öld, er mörkum hins vegar lýst „...so langt sem vatzfoll deilast og votn að draga“. Óbyggðanefnd telur að elstu merkjalýsingar mæli gegn því að merki Reykjahlíðar hafi miðast við önnur og syðri merki en Bræðraklif, svo sem vatnaskil á jökli. Slíka viðmiðun er ekki heldur að finna í landamerkjabréfi jarðarinnar 1891. Niðurstöðu sex manna dómsins 1506 er áður lýst og í staðfestingu Finnþórs Jónssonar lögmanns segir meðal annars að hann sé „...loglegur og skialegur j allan handa mata...“ Lögmaðurinn bætir því þó við að jörðinni tilheyri land „sudur i öræfi so langt sem vatzfoll deilast og votn að draga.“ Óbyggðanefnd telur ekki efni til að skýra þennan dóm á annan veg en þann sem segir í niðurstöðu dómsmanna, sbr. einnig eldri heimildir sem og landamerkjabréf jarðarinnar 1891. Viðauki lögmannsins breytir þannig ekki efnislegu innihaldi dómsins. Þá verður með engu móti horft framhjá því að Finnþóri Jónsson lögmaður var faðir Þorsteins Finnþórgasonar í Reykjahlíð, aðila málsins.

Krafa eigenda Reykjahlíðar um að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur þeirra nái suður fyrir Bræðraklif og jafnvel inn á Vatnajökul verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um afmörkun Reykjahlíðar en um önnur atriði sem krafa þessi er studd við verður fjallað síðar.

Kemur þá næst til skoðunar hvar Bræðraklif sé að finna en íslenska ríkið og eigendur Reykjahlíðar greinir á um það. Íslenska ríkið telur að þar sé um að ræða einstigi eða klif við vörðubrot í vesturvegg svokallaðrar Hafragjár, ekki fjarri punkti 2 í þrautavarakröfu. Gjáin er mikið jarðfall með háum veggjum, u.þ.b. 5-6 km löng og á annan km á breidd. Eigendur Reykjahlíðar halda því hins vegar fram að Bræðraklif sé hár klettadangi sunnan í Bræðrafelli og skammt sunnan við Kollóttudýngju, sbr. punkt 6 í varakröfu þeirra. Er þá komið u.þ.b. 27 km suður fyrir viðmiðunarpunkt íslenska ríkisins í Hafragjá en þaðan eru u.þ.b. 42 km norður í Eilífsvötn, mælt í beinni loftlínu. Í báðum tilvikum er komið langt inn í Ódáðahraun, illfært og gróðurvana landsvæði sem teygir sig austur frá fjallgörðum þeim í vesturmörkum

Reykjahlíðar sem áður voru nefndir og langleiðina að Jökulsá á Fjöllum, vestur að Skjálfandafljóti og suður undir Vatnajökul.

Í elstu heimildum um merki Reykjahlíðar, vitnisburðum, dómi og máldaga frá 16. öld ásamt tveimur vísitasíum og lögfestu frá 18. og 19. öld, er miðað við títtnefnda fjallgarða við Mývatn og tekið fram að Reykjahlíð eigi „öræfi öll“ fyrir austan þau, að Jökulsá. Afmörkun til norðurs einskorðast við Eilífsvötn og til suðurs við Bræðraklif. Hið síðarnefnda er staðsett nánar með því að það er sagt „fyrir utan Herðubreið“ í tveimur vitnisburðum frá 16. öld og „suður á öræfum“ í öðrum vitnisburði frá sama tíma. Hvort tveggja veitir takmarkaðar vísbendingar, enda hafa málsaðilar sýnt fram á að orðalagið „fyrir utan“ á þessu landsvæði kemur bæði fyrir í merkingunni norður og vestur. Umræddum fjallgörðum var áður lýst en klif það í Hafragjá sem íslenska ríkið hefur vísað til er til austurs frá suðurenda þeirra, þar sem eru Bláfjall og Bláfjallshalar. Frá suðurenda Bláfjallshala um þennan punkt og síðan beint austur í Jökulsá eru u.þ.b. 33 km í beinni loftlínu. Klettadragi sá sunnan við Kollóttudyngju, sem eigendur Reykjahlíðar benda á sem Bræðraklif, liggur hins vegar svo miklu sunnar að hann samræmist illa tilvísun heimildanna til fjallgarðanna og öræfanna austan þeirra.

Hér ber þess að geta að örnefnið Bræðraklif er einnig að finna í heimildum um merki jarðarinnar Grænavatns, sbr. kafla 6.7. Þannig segir í dómi um kaupbréf fyrir Grænavatni frá 1562 að austurmerki Grænavatns liggja úr Syðri-Búrfellsskörðum „þadann og austur i Hafragjá. rædur þá. giäinn og framm ad Bræðraklife. og þadann og austur under Herdebreid. og allann Heilagsdal. riett ur Herdebreid til vesturs.“ Aðrar heimildir um merki Grænavatns lýsa þessum mörkum með sambærilegum hætti, þó að undanskildu landamerkjabréfi Grænavatns líkt og að framan er rakið. Umræddar merkjalýsingar munu eiga rætur að rekja til deilna við fyrirsvarsmenn Reykjahlíðar um svokallaðar Fremri-námur, þ.e. brennisteinsnámur á svæðinu norð-vestur af Hafragjá. Samkvæmt þessum lýsingum er Bræðraklif í Hafragjá. Merking örnefnisins á kort Landmælinga Íslands er í samræmi við það, sbr. einnig rit Ólafs Jónssonar um Ódádahraun frá árinu 1945.

Landamerkjabréf Reykjahlíðar frá 1891 greinir sig frá hinum eldri heimildum með annars vegar orðalaginu við staðsetningu Bræðraklifs og hins vegar samhenginu við fjallgarðana og Jökulsá á Fjöllum. Bræðraklif er þannig sagt suður af fjallgörðunum og stefnan frá Bræðraklifi og austur í Jökulsá nú sérstaklega tekin „sunnan við Herðubreiðartungu“. Í hinum elstu heimildum voru stefnur í og úr Bræðraklifi hins vegar ótilgreindar, væntanlega vegna þess að frekari skýringar hefur ekki verið þörf. Þá segir í landamerkjabréfinu að Bræðraklif sé vestur af Herðubreið en áður var gerð grein fyrir óljósri merkingu orðalagsins „fyrir utan“ í eldri heimildum. Sú staðsetning Bræðraklifs, sunnan Kollóttudyngju, sem eigendur Reykjahlíðar miða við í varakröfu sinni er í ágætu samræmi við lýsingu landamerkjabréfsins.

Niðurstaða óbyggðanefndar af öllu framanröktu er sú að í eldri heimildum séu suðurmerki Reykjahlíðar miðuð við Bræðraklif í Hafragjá. Landamerkjabréf Reykja-

hlíðar 1891 er fyrsta og eina heimildin sem stutt getur að merkin liggi sunnan Kollóttudyngju. Eldri heimildir mæla því þannig í mót að fyrir 1891 hafi landsvæðið sunnan við Bræðraklif í Hafragjá verið talið innan merkja Reykjahlíðar. Lýsingar á merkjum Reykjahlíðar og Grænavatns benda til þess að úr Bræðraklifi liggi suðurmerkin annars vegar í suðurenda Bláfjallshala og hins vegar beint austur í Jökulsá á Fjöllum.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands á ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda jarðarinnar Reykjahlíðar. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í Landnámu hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að svæðið norðaustan og austan Mývatns hafi verið numið, a.m.k. að hluta, en ólíklegt að land á þessu svæði hafi verið numið að Vatnajökli. Vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Að því marki sem landamerkjabréf Reykjahlíðar hefur stuðning af eldri heimildum, þ.e. norðan þeirrar línu sem að framan var lýst og liggur úr suðurenda Bláfjallshala í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beint austur í Jökulsá á Fjöllum, telur óbyggðanefnd að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á annað en að jörðin Reykjahlíð hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þar hafi eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Heimildir þær um afréttarnot sem íslenska ríkið hefur vísað til eru almenns eðlis og lýsingar þeirra óljósar. Engar afdráttarlausar ályktanir verða því dregnar af þeim. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í þessu sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að norðan framangreindrar merkja-

línu sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>409</sup>

Svo sem rakið er hér að framan telur óbyggðanefnd eldri heimildir mæla því í mót að merki jarðarinnar Reykjahlíðar nái suður fyrir línu þá í Ódáðahrauni sem áður var lýst. Þá málsástæðu gagnaðila að þeir hafi haft réttmæta ástæðu til að vænta þess að bríðdur yrðu ekki bornar á beinan eignarrétt þeirra að öllu því landi sem falli innan merkja Reykjahlíðar, eins og því sé lýst í landamerkjabréfi Reykjahlíðar frá árinu 1891, ber að skoða í því ljósi. Að þessu gættu geta gagnaðilar, sem leiða rétt sinn frá þeim eiganda sem gerði landamerkjabréfið, ekki byggt á því að eignarréttur hefði unnist að landi sem ekki átti undir Reykjahlíð áður en bréfið var gert. Þá var landamerkjabréfið ekki samþykkt af hendi þeirra sem kunna að hafa talið til réttinda yfir landi til suðurs. Breytir í þessum efnum engu að landamerkjabréfið var þinglesið 29. maí 1891, sbr. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell).

Landi utan þeirra merkja en innan eignarlandskröfuvæðis eigenda Reykjahlíðar í máli þessu má í megindrátum skipta í þrennt, þ.e. Ódáðahraun, Vatnajökul og svæðið milli austurjaðars Ódáðahrauns og Jökulsár á Fjöllum. Nyrst á hinu síðastnefnda svæði eru Grafarlönd austari og sunnan þeirra Herðubreiðarlindir. Þar er land nokkuð gróið og liggur í 4-500 m hæð. Samkvæmt gögnum þessa máls og skýrslutökum, hafa nytjar af því einskorðast við sumarreit fyrir búfé og eftir atvikum önnur takmörkuð not. Framangreint bendir til þess að í Grafarlöndum austari og Herðubreiðarlöndum sé afréttur í þeim skilningi að jörðin Reykjahlíð eigi þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.<sup>410</sup>

Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Reykjahlíðar eru komnir að rétti sínum til Grafarlanda austari og Herðubreiðarlönda. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að hann hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarreit fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að undanskildum austurjaðri Ódáðahrauns, þar sem hraunið mætir Grafarlöndum og Herðubreiðarlöndum og gróður teygir sig þangað inn, er hins vegar ekkert sem bendir þess að í hrauninu hafi að staðaldri verið höfð beitarnot, enda mæla staðhættir og fjarlægð frá byggð því í mót. Í gögnum málsins liggur fyrir að fyrirhugaðar friðlýsingar á Herðubreið og Öskju, í Ódáðahrauni, hafa verið bornar undir eigendur Reykjahlíðar sem „hugsanlega rétthafa“ á þessum svæðum, líkt og segir í bréfi Náttúruverndarráðs frá 24. nóvember 1974. Þá hefur verið leitað eftir samþykki eigenda Reykjahlíðar vegna uppsetningar Jarðskjálftastöðvar við Öskju, sbr. tölvupóst frá 6. júlí 2007. Nokkrir skálar eru á svæðinu en ekki verður séð að greiðslur hafi verið inntar ef hendi þeirra vegna til eigenda Reykjahlíðar. Þessi not á umræddu land-

<sup>409</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>410</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

svæði verða talin svo takmörkuð og stopul að þau geti ekki stofnað til eignarréttar fyrir hefð á grundvelli laga um hefð, nr. 46/1905. Sama máli gegnir um þann hluta Vatnajökuls sem hér er til umfjöllunar.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að utan merkja jarðarinnar Reykjahlíðar, svo sem þeim er lýst í eldri heimildum og eru nánar skilgreind hér að framan, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>411</sup> Heimildir benda hins vegar til þess að Grafarlönd austari og Herðubreiðarlindir séu í afréttareign Reykjahlíðar.

Eftir er þá að leysa úr því hver séu mörk afréttar Reykjahlíðar í Grafarlöndum austari og Herðubreiðarlindum gagnvart þjóðlendu í Ódáðahrauni. Um mörk gagnvart eignarlandi Reykjahlíðar vísast til umfjöllunar og niðurstöðu um suðurmerki jarðarinnar. Samkvæmt því er áður greindi um skýringu á eldri heimildum um merki Reykjahlíðar, sbr. einnig heimildir um Grafarlönd austari, og staðhætti og nýtingu á hraunjaðrinum telur óbyggðanefnd rétt að miða við að umræddur afréttur Reykjahlíðar afmarkist til suðvesturs af línu sem dregin er frá Bræðraklifi (í Hafragjá) og í Veggjafell, við austurjaðar Herðubreiðarfjalla, og þaðan til suðausturs, í stefnu á Hlaupfell, þar til kemur að skurðpunkti við línu sem liggur frá ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum í Herðubreið. Frá þessum skurðpunkti er síðastnefndu línunni fylgt austur að ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum. Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis, eins og það er afmarkað hér að framan, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Landsvæði þetta verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að sunnan við suðurmerki jarðarinnar Reykjahlíðar, innan kröfusvæðis eigenda Reykjahlíðar í máli þessu, sé þjóðlenda. Með vísan til þess sem að framan greinir, skiptist sú þjóðlenda í þrjú svæði sem afmörkuð verða hér á eftir.

Landsvæði það sem hér að framan er nefnt Grafarlönd austari og Herðubreiðarlindir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, og er þannig fallist á kröfu ríkisins að hluta. Svæðið afmarkast svo:

*Úr Bræðraklifi í Hafragjá (G) er farið í Veggjafell (H), við austurjaðar Herðubreiðarfjalla, og þaðan til suðausturs, í stefnu á Hlaupfell, þar til kemur að skurðpunkti (I) við línu sem liggur frá ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum í Herðubreið. Frá þessum skurðpunkti (I) er síðastnefndu línunni fylgt austur að ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum(J). Þaðan ræður Jökulsá á Fjöllum til norðurs þar til komið er*

<sup>411</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*beint austur af Bræðraklifi í Hafragjá (M) og þeirri línu fylgt í Bræðraklif (G).*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Reykjahlíðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og í afréttareign Reykjahlíðar er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá og auglýsingu nr. 272/1974.

Sá hluti Ódáðahrauns sem liggur sunnan Bræðraklifs og norðan Dyngjujökuls, innan kröfufsvæðis eigenda Reykjahlíðar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Í kafla 6.11. er komist að þeirri niðurstöðu að Ódáðahraun vestan Öskju og á Trölladyngjusvæðinu, innan kröfufsvæðis Skútustaðahrepps, sé þjóðlenda. Þjóðlenda í Ódáðahrauni afmarkast í heild sinni svo og er eins lýst í kafla 6.11:

*Frá upptökum Krossár (A) er dregin lína beina stefnu í austsuðaustur í suðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (B). Síðan er farið í Fjallöllu sem er við norðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (C). Frá þeim punkti er farið norðvestur í upptök Suðurár (D). Þaðan er farið beint í austur þar til Bláfjallshalar eru í norðri (E) en úr þeim punkti er farið beint í norður í suðurenda Bláfjallshala (F). Þá er farið austnorðaustur í Bræðraklif í Hafragjá (G). Þaðan er farið í Veggjafell, við austurjaðar Herðubreiðarfjalla (H), og þaðan til suðausturs, í stefnu á Hlaupfell, þar til kemur að skurðpunkti (I) við línu sem liggur frá ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum í Herðubreið. Frá þessum skurðpunkti (I) er síðastnefndu línunni fylgt austur að ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum (J). Þaðan ræður Jökulsá á Fjöllum að meginupptökum sínum í Dyngjujökli (K). Síðan er jökuljaðrinum fylgt til vesturs þar til komið er suður undir Gæsaahnjúk (L) og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Úr þeim punkti er farið norður aftur í fyrstnefndan punkt í upptökum Krossár (A).*

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá og auglýsingu nr. 194/1978.

Sá hluti Vatnajökuls sem liggur innan kröfufsvæðis eigenda Reykjahlíðar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Heildarafmörkun þjóðlendu á þeim hluta Vatnajökuls sem um er fjallað í máli þessu er að finna í kafla 6.12. og vísast þangað um það atriði.

## 6.5 Krepputunga

### 6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur annars vegar Reykjahlíðar og hins vegar Brúar í Jökuldal gera kröfur til sem eignarland síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1., 3.3. og 3.4. Landsvæði þetta nefnist Krepputunga og var upphaflega innan afmörkunar á svokölluðu svæði 5 hjá óbyggðanefnd en síðar fellt undan því og sameinað svæði 6.

Landsvæðið sem um ræðir er hefur leguna norður-suður og afmarkast af Jökulsá á Fjöllum að vestan og Kreppu að austan. Liggur land í yfir 500 m hæð og nær suður að Vatnajökli. Nyrsti hluti tungunnar kallast Krepputunga og inn af henni tekur við Kverkfjallarani og suður af honum Kverkfjöll. Kverkfjallarani er fjallendur og nær alveg gróðurlaus og ná fjallstopparnir í yfir 800 m hæð. Raninn er að meginhluta byggður upp af fimm samsíða móbergshryggjum og fara fellin í þeim hækkandi eftir því sem nær dregur jökli. Kverkfjöll og Kverkfjallarani liggja hærra en svo að þar þrífist samfelldur gróður enda er sáralítið um hann á umræddu svæði. Stærsta gróðurvinin er norðvestan Kverkfjallarana í Hvannalindum í um 640 m hæð. Hvannalindir liggja norðan undir Lindahrauni í skjóli af Lindafjöllum og Krepputunguhraunum að vestan og Kreppuhrygg að austan. Lindaá fellur úr suðri niður með hraunjaðrinum við Kreppuhrygg. Frá tungusporði Krepputungu í 1800 m hæðarpunkt upp af Kverkjökli eru rúm 52 km og frá sama hæðarpunkti í Hvannalindir eru um 25 km, mælt í beinni loftlínu.

Vestan við Krepputungu eru aðrir hlutar af kröfusvæði eigenda Reykjahlíðar í máli þessu, til norðurs og austurs eru landsvæði sem fjallað var um í máli nr. 2/2005 á svæði 5 hjá óbyggðanefnd og til suðurs er Vatnajökull.

### 6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi landnám við Mývatn eingöngu tekið til landsvæðis umhverfis Mývatn. Landnám hafi ekki náð til öræfa norðan, austan og sunnan svæðisins, eins og það sé afmarkað í aðalkröfu, en ella svo sem það sé tilgreint í varakröfum. Sérstaklega er tekið fram að ekki sé fallist á vitnisburði Þórólfs Hranasonar og Finnboga lögmanns Jónssonar frá árinu 1506 sem talist gæti grundvöllur beins eignarréttar Reykjahlíðar á öræfi öll fyrir austan Mývatn.

Af hálfu þinglýstra eigenda Reykjahlíðar er byggt á úrskurði frá 23. maí 1506, kveðnum upp að Þverá, þar sem Finnbogi Jónsson lögmaður samþykki og staðfesti dóm frá 17. maí 1506 um landeign Reykjahlíðar ásamt vitnisburðum um landeign Reykjahlíðar. Einnig er byggt á öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Samkvæmt fyrrnefndum úrskurði frá 1506 tilheyrir jörðinni Reykjahlíð, eftir fornu hefðarhaldi, allt



land á millum Jökulsár og búfjánhaga þeirra er liggja í austur frá þeim jörðum er við Mývatn standa og sjónhending fyrir austan alla búfjánhaga suður í Öraefi svo langt sem vatnsföll deilast og vötn draga. Er því haldið fram að Krepputunga rúmist innan þeirrar lýsingar. Auk þess sé fullur hefðartími liðinn frá því fyrrnefndur dómur gekk. Þá er einnig vísað til lýsingar á svokölluðum Austurfjöllum sem hafi tilheyrð Reykjahlíðarkirkju samkvæmt skráningu á afreftarlöndum frá 13. mars 1878. Vísað er einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyrir jörðum samkvæmt elstu heimildum og eldri heimildir fari ekki í bága við landamerkjalyýsingar séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldið öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Eigendur Reykjahlíðar hafi, í ljósi eignarheimilda sinna, þ.e. hins ævafora dóms og viðurkenningar ríkisvaldsins á honum, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin Reykjahlíð, og þar með Krepputunga, sé beinum eignarrétti háð. Þá hafi enginn getað nýtt jörðina án samþykkis eigenda hennar. Þegar Sigurðarskáli í Kverkfjöllum hafi verið byggður hafi verið leitað til Reykhlíðinga um leyfi. Ríkið hafi aldrei fyrr véfengt eignarrétt eigenda Reykjahlíðar að umræddu landsvæði.

Af hálfu þinglýstra eigenda Brúar er byggt á landamerkjabréfi Brúar og öðrum heimildum um þá jörð. Þeim rökum ríkisins sé hafnað að óbyggðanefnd hafi þegar komist að niðurstöðu hvað varðar eignarréttarlega stöðu Krepputungu í máli nr. 2/2005 á svæði 5. Augljóst sé að Krepputunga sé innan lýstra merkja jarðarinnar Brúar enda liggi land jarðarinnar Jökulsáa á milli, sbr. landamerkjabréf og komi þar ekki aðrar ár til greina en Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum. Af hálfu ríkisins sé því haldið fram að skilja beri landamerkjabréf Brúar þannig að land jarðarinnar nái aðeins að þeim stað þar sem Kreppa falli í Jökulsá. Þennan skilning styðji íslenska ríkið þeim rökum að landamörk og landnám hafi ekki náð yfir ófær straumvötn en Kreppa sé algjörlega ófært vatnsfall. Gagnaðilar telja að landamerkjabréf jarðarinnar kveði hins vegar skýrlega á um að land Brúar sé allt land Jökulsáa á milli. Forn venja mæli fyrir um að þegar ár séu notaðar til að afmarka land þá sé miðað við upptök þeirra. Landamerki Brúar séu svo skýr frá náttúrunnar hendi að ekki hafi þótt þörf á því að geta þeirra sérstaklega í landamerkjabréfi. Hafi landamerki jarðarinnar aldrei fyrr verið dregin í efa. Óvíst sé að Kreppa hafi alla tíð verið jökulvatn og megi því til stuðnings vísa í sýslulýsingu á norðurhluta Brúarlandi, ferðabók Ólavíusar (1780) og ferðabók Eggerts og Bjarna. Heiti hennar bendi ekki til þess að um jökulvatn hafi verið að ræða. Þá bendi fornar rústir sem taldar séu frá dvöl útilegumanna í Krepputungunni til þess að Kreppa hafi ekki verið ófær. Bent er á að í Hvannalindum í Krepputungu séu friðlýstar fornminjar, kofarústir og fjárrétt, sem taldar séu frá byggð útilegumanna. Friðlýsingarskjali hafi verið þinglýst sem kvöð á síðu Brúar í þinglýsingabók. Þá er bent á að Sigurðarskáli standi á leigulóð og að lóðarleiga sé innt af hendi til eigenda Brúar. Í tilefni af friðlýsingu Hvannalinda hafi menntamálaráðuneytið aðeins viljað heimila friðlýsingu að ekki kæmu til skaðabótakröfur frá eigendum landsins og hafi

slik yfirlýsing verið gefin út þann 24. júlí 1972. Gagnaðilar hafi því í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkjja jarðarinnar sé undirorpið fullkomnum eignarrétti. Þá er kröfúlýsingu eigenda jarðarinnar Reykjahlíðar sérstaklega mótmælt sem órókstuddri með öllu.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Reykjahlíðar og Brúar er rakin í köflum 5.3. og 5.4. í máli þessu og í kafla 5.19. um Brú í máli nr. 2/2005. Svo sem þar kemur fram er um sjálfstæðar jarðir að ræða og má rekja í heimildum allt aftur til 14. og 15. aldar.<sup>412</sup> Hér verður fyrst fjallað um afmörkun Reykjahlíðar og Brúar, sbr. einnig fyrirbyggjandi umfjöllun óbyggðanefndar um það efni, og í því sambandi sérstaklega hugað að því hvort Krepputunga sé innan eða utan merkja þessara jarða.

Af hálfu þinglýstra eigenda Reykjahlíðar er vísað í dóm sex manna frá 1506 um mörk Reykjahlíðar auk vísitasía um sama efni. Í vitnisburðum dómsmanna segir að merkin nái suður í Bræðraklif en í staðfestingu Finnboga lögmanns á dómnum, að merkin nái svo langt sem vatnsföll deilast og vötn að draga. Um mörk Reykjahlíðar til suðurs er fjallað í kafla 6.4. hér að framan. Þar segir eftirfarandi um dóminn: „Óbyggðanefnd telur ekki efni til að skýra þennan dóm á annan veg en þann sem segir í niðurstöðu dómsmanna, sbr. einnig eldri heimildir sem og landamerkjabréf jarðarinnar 1891. Viðauki lögmannsins breytir þannig ekki efnislegu innihaldi dómsins.“ Síðan er komist að þeirri niðurstöðu að mörk jarðarinnar nái suður að Bræðraklifi í Hafragjá og beint til austurs í Jökulsá. Verður því að telja að Krepputunga liggi utan landamerkjja jarðarinnar Reykjahlíðar.

Af hálfu þinglýstra eigenda Brúar er afmörkun svæðisins byggð á landamerkjabréfum Brúar, því eldra frá 4. júlí 1890 og þingl. 6. júní 1894 og því yngra frá 14. október 1921 og þingl. 27. júlí 1922. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2005 segir svo um merki jarðarinnar Brúar til suðurs:

Sá ágreiningur sem hér er til úrlausnar varðar suðurmerki Brúar, inn til landsins og í átt að jökli. Í hinu eldra landamerkjabréfi segir svo um þetta atriði, eftir að norðurmerkjum hefur verið lýst: „Allan Arnardal átölulaust, allt land Jökulsár á milli.“ Í yngra landamerkjabréfi Brúar er norðurmerkjum lýst vestur í Arnardalsárós við Jökulsá á Fjöllum og síðan segir „... alt land Jökulsáa á milli.“

Samkvæmt framangreindu er suðurmerkjum Brúar hvergi lýst sérstaklega í heimildum. Þá er sá munur á eldra og yngra landamerkjabréfi jarðarinnar að í hinu eldra virðist einungis vísað frá Arnardal austur til Jökulsár á Jökuldal en í hinu yngra eru jökulárnar tvær, í vestri og austri. Þess er ekki getið í yngra landamerkjabréfi Brúar að á því svæði, sem krefjendur beins eignarréttar í máli þessu miða við að sé innan merkjalýsingar, sé að finna allstórt landsvæði

<sup>412</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

sem tilheyrir Laugarvöllum, sbr. kafla 6.14. Var þó bréf Laugarvalla gert samdægurs yngra bréfi Brúar og áritað af hálfu Brúar.

Niðurstaða óbyggðanefndar um þetta atriði í máli nr. 2/2005 er svo sem hér segir:

Svo sem hér að framan var rakið eru landamerkjabréf Brúar óljós um merki til suðurs. Þá fær það ekki stoð í eldri heimildum að eignarland Brúar hafi náð allt suður að Vatnajökli. Arnardalur hefur nokkra sérstöðu í heimildum og að teknu tilliti til þess virðist eðlilegt að skýra eldra landamerkjabréf Brúar þannig að merki jarðarinnar nái til þess svæðis í heild sinni og þaðan austur að Jökulsá á Jökuldal.

[...]

Eftir er þá að leysa úr því hver séu mörk eignarlands Brúar til suðurs. Samkvæmt því er áður greindi um skýringu á eldra landamerkjabréfi Brúar, sbr. einnig heimildir um Arnardal, telur óbyggðanefnd rétt að miða hér við að Arnardalssvæðið sé innan merkja eignarlands Brúar, og afmarkist af tindum Álftadalsdyngju sunnan þess. Með vísan til aðildar eiganda Brúar að landamerkjabréfi Laugarvalla og staðháttu á svæðinu telur óbyggðanefnd rétt að miða við að eignarland Brúar afmarkist til suðurs af tindum Álftadalsfjalls og Þríhyrningsfjalla og þaðan að merkjum Laugarvalla.

Í máli því sem hér er til úrlausnar hefur ekki verið sýnt fram á annað að þessu leyti og verður því að telja að Krepputunga liggja sunnan og utan landamerkja jarðarinnar Brúar.

Samkvæmt framangreindu liggur Krepputunga utan merkja Brúar og Reykjahlíðar, svo sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar að þau liggja. Þá verður skoðað hvort önnur atriði liggja til grundvallar rétti gagnaðila til Krepputungu. Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í Landnámu hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja ólíklegt að land á þessu svæði hafi verið numið. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Friðlýsing fornleifa í Hvannalindum árið 1967 og síðar friðlýsing Hvannalinda árið 1972 skiptir hér ekki máli en enga viðurkenningu stjórnvalda um að landið sé háð beinum eignarrétti er að finna vegna þessa. Sérstaklega er vísað til þess að gerður hafi verið leigusamningur vegna byggingar Sigurðarskála í Kverkfjöllum. Við mat á þessari ráðstöfun eigenda Brúar á landsvæðinu undir Sigurðarskála verður að hafa í huga þá almennu og viðurkenndu meginreglu eignarréttar að sá sem afsalar fasteignarréttindum getur ekki afsalað víðtækari réttindum en hann sjálfur á. Að öðru leyti hefur Krepputunga lítið verið nýtt. Þangað hefur fé ekki ratað vegna landfræðilegra aðstæðna, þ.e. þeirra tveggja jökuláa sem afmarka svæðið. Að öllu þessu virtu telur

óbyggðanefnd að á viðkomandi landsvæði hafi ekki stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.<sup>413</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Krepputunga, svo sem hún er afmörkuð hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum(J) er Kreppu fylgt þar til Kverká rennur í hana og síðan Kverká að upptökum sínum í Brúarjökli(T). Síðan er jaðri jökulsins fylgt að meginupptökum Jökulsár á Fjöllum í Dyngjujökli(K) og er þá miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Loks ræður Jökulsá á Fjöllum að ármótum Kreppu (J).*

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá og auglýsingu nr. 32/1973.

## 6.6 Vogar

### 6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Voga gera kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.5. Landsvæði þetta liggur að mestu í um 350 m hæð, hallalítið með nokkrum rismiklum stöpum. Austast er Búrfell (953 m), með hraunkápu ofan við 800 m hæð. Um 5 km vestar liggur Hvannfell (671 m) en suðaustan þess er Sauðahnjúkur (582 m). Hluti Búrfellshrauns liggur innan umrædds svæðis. Hraunið er slétt yfir að líta, að mestu helluhraun með sérkennilegum stömpum sem myndast hafa við endurtekið hraunrennsli. Það er allvel gróið, m.a. vaxið birkikjarri á köflum. Neðan til í hliðum ofangreindra fjalla eru víða gróðurteygingar.

### 6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi landnám við Mývatn eingöngu tekið til landsvæðis umhverfis Mývatn. Landnám hafi ekki náð til öræfa norðan, austan og sunnan svæðisins, eins og það sé afmarkað í aðal-kröfu, en ella svo sem það sé tilgreint í varakröfum. Telja verði að heiðar og öræfi norðan, austan og sunnan Mývatns hafi orðið samnotaafréttur. Þetta verði m.a. stutt við lýsingu máldaga Auðunar rauða Hólabiskups frá árinu 1318, sbr. og máldaga Péturs Nikulássonar Hólabiskups árið 1394. Litið er svo á að afréttarsvæði austan Lúdents og austur fyrir Búrfell, teljist ekki undirorpið beinum eignarrétti heldur hafi eingöngu verið um samnotaafrétt að ræða enda sé landið innan afréttarsvæðisins

<sup>413</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Austurfjalla. Af hálfu ríkisins er því hafnað að lögfesta frá árinu 1755 staðfesti beinan eignarrétt enda eigi hún sér ekki stoð í eldri heimildum. Þá er bent á að kröfulínan úr Námafjalli/Lúdent til suðurs í suðvesturhluta Bláfjalls taki mið af afréttarafmörkun gagnvart svonefndum Bláfjallsfjallgarði en heimildir geti um að sá fjallgarður skipti afréttarsvæðinu í Austur- og Suður-afrétt, sbr. afréttarskrá Skútustaðahrepps frá 1878 og greinargerð sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959.“

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Auk þess sé fullur hefðartími liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum var þinglýst. Þá sé landamerkjabréf Voga í fullu samræmi við eldri heimildir, m.a. lögfestu frá árinu 1755. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til Þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísað er einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og eldri heimildir fari ekki í bága við landamerkjalyfingar séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram beri sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Voga sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur Voga hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Ennfremur verði að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til Voga algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum og í þessu tilliti verði að taka Landnámu með fyrirvara sem heimild. Þá er því sérstaklega mótmælt að afréttarskrá frá 1878 hafi einhverja eignarréttarlega þýðingu.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Voga er rakin í kafla 5.5. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>414</sup>

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Voga er lýst í landamerkjabréfi frá 26. maí 1890 og þingl. 13. júní sama ár, og í lögfestu frá 7. júní 1755. Aðrar eldri heimildir finnast ekki um afmörkun á jörðinni. Athugun þessi tekur til norður-, austur- og suðurmerkja Voga, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er kröfusvæði Reykjahlíðar til norðurs, austurs og suðurs og kröfusvæði Grænavatns til suðurs. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Voga með tilliti til ágreiningssvæði aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Samkvæmt landamerkjabréfi Voga eru merki til austurs og norðurs, gagnvart Reykjahlíð, frá þeim stað þar sem Lúdentaborgir ná syðst og „þaðan réttisýnis til austurs gegnt sunnan verðu Búrfelli móts við Grænavatns land, og ræður svo Búrfell til norðurs og Skessubali að þrengslum þeim sem eru norðan undir honum, þaðan réttisýnis til vesturs í Námakollu hina syðri (á Námufjalli) þaðan til vesturs eftir vörðunum.“ Bréfið er áritað vegna Reykjahlíðar. Í lögfestu fyrir Voga frá 7. júní 1755 er merkjum til norðurs og austurs lýst „framm J þreingsle, móts við Grænavatnzland. Þaðann riettsýnis til austurs, giegnt Sunnanverdu Burfelle, og so riettsýnis, frá Nordannverdu Búrfelle, til Nordurs, giegnt Sidre Námakollu, og þaðann til Vesturs, effter sem Vörðurnar hallda, Sem Standa J Hrauninu, ofanneffter, J gard þann sem geingur Vestur ad Smáralág hinne Nirdre.“ Þessar lýsingar virðast í samræmi. Samkvæmt landamerkjabréfi Reykjahlíðar, dags. 8. apríl 1891 og þingl. 29. maí sama ár, er merkjum gagnvart Vogum lýst svo: „Að sunnan móti Vogum ræður fyrst Svínárvogur og Kálfstjörn, þá Smáralág [...]. Þaðan bein lína austur í Námakollu hina syðri; þaðan beint í þrengsli við Skessuhala, þrýtur þar Vogaland að austan. Fyrir sunnan Vogaland ráða fjallgarðar þeir til suðurs, er næstir liggja Mývatnssveit og frá þeim bein stefna suður í Bræðraklyf vestur af Herðibreið.“ Bréfið er áritað vegna Voga. Lýsingar á merkjum Voga annars vegar og Reykjahlíðar eru þannig í ágætu samræmi enda þótt þær séu ekki fyllilega samhljóða. Geta þær einnig fengið samrýmst eldri heimildum um Reykjahlíð. Nánar er fjallað um merki Reykjahlíðar í kafla 6.4.

Samkvæmt landamerkjabréfi Voga eru merki til suðurs, gagnvart Grænavatni, fyrst frá „Lúdentaborgum“ sem ráða merkjum til suðurs móti Kálfastrandar- og Garðslandi, og „þaðan réttisýnis til austurs gegnt sunnan verðu Búrfelli móts við Grænavatns land, og ræður svo Búrfell...“ Lögfesta fyrir Voga frá 7. júní 1755 er í

<sup>414</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

ágætu samræmi við þessa lýsingu og sama máli gegnir um landamerkjabréf Grænavatns, dags. 20. maí 1921 og þingl. sama ár, að því marki sem þær jarðir liggja saman.

Niðurstaða óbyggðanefndar af framanröktu er að sá hluti þjóðlendukröfuvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar Voga.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf jarðarinnar Voga var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirbyggjandi gögn til þess að merkjum hennar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréfið er undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki jarðarinnar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Voga hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámabók hversu langt inn til landsins numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er um ræðir sé innan þess.

Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til „afréttaskrár Skútustaðahrepps“ frá árinu 1878 og greinargerðar sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ en þar koma fram lýsingar á afréttarlöndum í hreppnum. „Afréttaskráin“ er úr hreppsþóttum Skútustaðahrepps en greinargerðin frá 1959 er undirritað af Jóhanni Skaptasyni sýslumanni Þingeyjarsýslu. Auk þess liggur fyrir í máli þessu „skrá yfir afrétti í Skútustaðahreppi“ sem er í „álitsgerð nefndar sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps skipaði til að fjalla um afréttarmálefni í Mývatnssveit“ frá árinu 1989. Af þeim lýsingum sem þarna er að finna er ljóst að þær taka til hluta af því landi sem afmarkað er í landamerkjabréfi Voga.

Landamerkjabréf Voga styðst við eldri heimild, þ.e. lögfestu frá 1755. Vogar liggja í röð jarða við Mývatn, sbr. kafla 6.3., 6.4. og 6.7., og merki þar á milli eru samþykkt með áritun fyrirsvarsmanna. Heimildir þær um afréttarnot í Skútustaða-hreppi sem að framan eru raktar eru almenns eðlis og lýsingar þeirra óljósar. Þannig er ekki fyrir hendi sjálfstæð afmörkun á afrétti sem tekið gæti til lands innan merkja-lýsingar Voga. Slíka afmörkun leiðir ekki heldur af staðháttum. Þá liggja ekki fyrir heimildir um að eigendur Voga hafi fyrr eða síðar litið svo á að hluti af landsvæði því sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðarinnar væri afréttur hennar. Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki sýnt fram á að land innan landamerkjabréfs Voga hafi að einhverju leyti stöðu afréttar að lögum og að umræddar heimildir endurspegli fremur beitarnot á hálendari hlutum jarðarinnar. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Verður því lagt til grundvallar að jörðin Vogar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting heiðarlands jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandshlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Voga sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>415</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Voga, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.7 Grænavatn

### 6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Grænavatns gera kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.6. Þá ber þess að geta að kröfusvæði eigenda Græna-

<sup>415</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



vatns skarast að hluta á við kröfuvæði eigenda Reykjahlíðar sem um er fjallað í kafla 6.4.

Landsvæði þetta er í um og yfir 400 m hæð og hefur leguna norður-suður. Að sunnanverðu er land hallalítið, ógróið, úfið og torfært hraun en fjallent að norðanverðu. Norðan til liggur Bláfjall (1222 m) sem er stórt um sig og mikilúðlegt með hamraðxlum frá 900 m hæð. Móbergshryggurinn Bláfjallsfjallgarður liggur þar norðan við og Bláfjallshalar suður af Bláfjalli. Norðaustan Bláfjalls liggur Heilagsdalsfjall (832 m), stapi með þunnri grágrýtiskápu og aflangri gígskál. Á milli Heilagsdalsfjalls og Bláfjalls liggur Heilagsdalur með nokkru gróðurlendi. Frá Heilagsdalsfjalli gengur móbergshryggur til norðurs og er á honum Stórhnjúkur (781 m). Um 9 km vestan Bláfjalls liggur Sellandafjall (988 m), kollhúfulegur móbergsstapi.

### 6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi landnám við Mývatn eingöngu tekið til landsvæðis umhverfis Mývatn. Landnám hafi ekki náð til öræfa norðan, austan og sunnan svæðisins, eins og það sé afmarkað í aðalkröfu, en ella svo sem það sé tilgreint í varakröfum. Telja verði að heiðar og öræfi að norðan, austan og sunnan Mývatns hafi orðið samnotaafréttur. Verði þetta m.a. stutt við lýsingu máldaga Auðunar rauða Hólabiskups frá árinu 1318, sbr. og máldaga Péturs Nikulássonar Hólabiskups árið 1394. Telja verði að Grænavatn sé landnámsjörð en ekki njóti við heimilda um að námið hafi náð til öræfa. Í þessu sambandi beri að hafa í huga að ljóst sé að tengsl séu á milli lýsinga landamerkja Reykjahlíðar og Grænavatns á 16. öld, m.a. vegna deilna eigenda jarðanna um tiltekin réttindi yfir brennisteinsnámum. Fyrirnefnd gögn frá 16. öld virðist ekki eiga sér eldri eignarréttarlega stoð. Ennfremur virðist sem land sunnan og austan kröfulínu sé og hafi verið samnotaafréttur um ómunatíð, sbr. afréttarskrá Skútustaðahrepps frá 1878 og greinargerð sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“. Er einnig vísað til staðháttá en um sé að ræða land fjarri byggð. Loks er bent á að fyrirliggjandi landamerkjalyking fyrir Grænavatn frá árinu 1921 nái lengra til suðurs en merkjalýsingar frá 16. öld.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á þinglýstum landamerkjum sem gerð hafi verið fyrir þremur kynslóðum og öðrum eldri gögnum um jörðina. Landamerkin hafi verið skráð og þinglesin og þar með staðfest af þar til bærum valdsmanni og hafi síðan verið virt af hinu opinbera valdi og einkaaðilum. Gögn þessi hafi síðan verið fullkomin sönnun um eignarrétt að jörðinni og um merki hennar. Þá hafi lánastofnanir hins opinbera og einkaaðila byggt traust á þessum gögnum og eigendur jarða verið skattlagðir samkvæmt þeim. Eigendur jarðarinnar hafi mátt treysta því að ríkið breytti ekki afstöðu sinni til landamerkjanna eftir allan þennan tíma. Á það er bent að núverandi eigendur séu í góðri trú um eignarheimildir sínar og landamerki. Þeir hafi ekki staðið að gerð þeirra og þeim sé ekki nákvæmlega kunnugt um hvaða

gögn hafi verið fyrir hendi þegar landamerkin hafi verið gerð. Góð trú gagnaðila njóti lagaverndar en því til stuðnings er vísað til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Því er haldið fram að séu umræddar eignarheimildir ekki fullnægjandi sönnun um beinan eignarrétt þá verði hann talinn sannaður með eignarhefð enda hafi verið í gildi ákvæði um eignarhefð í íslenskum lögum allt frá árinu 1281. Merki jarðarinnar séu skýrt afmörkuð í landamerkjabréfum og hafi landið einungis verið notað af eigendum nema því aðeins að aðrir hafi fengið tímabundin afnot með samningi gegn endurgjaldi. Ekki sé umdeilt að eigendur hafi nýtt land jarðarinnar með þeim hætti sem aðstæður hafi leyft á hverjum tíma. Hafnað er því viðhorfi ríkisins að ekki hafi verið unnt að stofna til eignarréttar með „occupatio“ yfir landi í einskis manns eign eftir lögtöku Jónsbókar 1281. Það sé fyrst með lögtöku Þjóðlendlaga sem það sé óheimilt.

Því er mótmælt að ríkið geti byggt kröfulínu sína á óljósum lýsingum Landnámu en þar sé aðallega getið hverjir námu hvað en ekki nákvæmlega fjallað um landamerki numinna jarða. Mótmælt er þeim skilningi ríkisins að þögn Landnámu um nákvæma stærð landnáms Grænavatns inn til landsins sé túlkuð með þeim hætti sem ríkið geri. Þá er tekið fram að örafí á 9. og 10. öld hafi ekki verið hið sama og örafí á 21. öld. Orðið hafi stórfelld gróðureyðing, uppblástur og landfok. Land innan þinglýstra merkja Grænavatns hafi þannig verið mun gróðursælla en nú. Einnig er mótmælt að hægt sé að vefengja dóma sem féllu á 16. öld.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Grænavatns er rakin í kafla 5.6. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til Landnámabókar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>416</sup>

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Grænavatns er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, dags. 20. maí 1921 og þingl. sama ár, og hvað ráðið verður af eldri heimildum. Þar liggur fyrir vitnisburður frá 2. maí 1562, um lýsingu Grænavatnseigenda m.a. varðandi Fremrinámur og ómerkinga fyrir austan fjallgarða, og samþykkt um kaup á Grænavatni frá sama degi. Landamerkjum Grænavatns er einnig lýst í dómi um kaupbréf fyrir Grænavatni frá 6. maí 1562, vitnisburði Jóns Þórðarsonar um landamerki Grænavatns frá 28. febrúar 1675 og í tveimur lögfestum, annarri frá 21. júlí 1766 en hinn frá 17. maí 1830. Athugun þessi tekur til norður-, austur- og suðurmerkja Grænavatns, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er til suðurs kröfusvæði Skútustaða og Skútustaðahrepps, kröfusvæði Reykjahlíðar til austurs og að norðan liggur kröfusvæði Voga. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Grænavatns með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

<sup>416</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Verður þá fyrst litið til norðurmerkja Grænavatns gagnvart Vogum. Samkvæmt landamerkjabréfi Grænavatns eru merki til norðurs miðuð við að farið sé úr gilskoru „norðan í ytri Þrengslaborg, og þá móti Vogalandi beint austur í háfjallgarðinn um Stórahnjúk.“ Bréfið er áritað vegna Voga. Í lögfestu frá 21. júlí 1766 er merkjum Grænavatns lýst svo: „og J Gröf þá sem geingur austur effter Hraunum þeim er liggja fyrer sunnann Gard, þaðann riettsýnes J Gard þann sem geingur uti VogsBotnen hiá Grænavatns Nauste, þaðann og austur J Gard þann sem skilur Land mille Briamsness og Grænavatns, riettsýnes, ur þeim Garde austur J Burfells Skörd hin Sydre“. Í öðrum eldri heimildum um Grænavatn er mörkum lýst til norðurs með svipuðum hætti. Virðast þessar lýsingar vel geta samrýmst enda þótt norðurmörkum gæti verið lýst nokkuð lengra til austurs í eldri heimildum. Þá eru merki Grænavatns samkvæmt landamerkjabréfinu í samræmi við lýsingar á merkjum Voga, sbr. landamerkjabréf fyrir Voga, dags. 26. maí 1890 og þingl. 13. júní sama ár.

Samkvæmt landamerkjabréfi Grænavatns eru merki til austurs, gagnvart Reykjahlíð, svofellid: „Að austan ræður fjallgarðurinn merkjum suður og svo Bláfjall. Ur suðaustur horni Bláfjalls liggur merkjalínan í hásuður þar til Suðurárbotnar efri eru í vestri.“ Bréfið er áritað vegna Reykjahlíðar. Í lögfestu frá 21. júlí 1766 er merkjum Grænavatns til austurs lýst úr Syðri-Búrfellsskörðum „þaðann og austur J Hafra-gia, sem Merkium ræður framm ad Brædraklife, þaðann austur under Herdebreid, og allann Heilagsdal riettur Herdebreid til Vesturs.“ Aðrar eldri heimildir um merki Grænavatns lýsa þessum mörkum með líkum hætti. Þó segir í samþykkt um kaup á Grænavatni frá 2. maí 1562: „þadan sudaustur únder Herdibreid“ en ekki „austur“ líkt og greinir í öðrum heimildum. Af samanburði á þessum lýsingum sést að merkjum hefur verið lýst umtalsvert lengra til austurs í eldri heimildum en gert er í landamerkjabréfinu. Samkvæmt landamerkjabréfi Reykjahlíðar, dags. 8. apríl 1891 og þingl. 29. maí sama ár, er merkjum til vesturs, gagnvart Grænavatni, lýst svo að fyrir „sunnan Vogaland ráða fjallgarðar þeir til suðurs, er næstir liggja Mývatnssveit og frá þeim bein stefna suður í Bræðraklyf vestur af Herðibreið.“ Landamerkjabréf Reykjahlíðar er ekki áritað vegna Grænavatns. Lýsing þess er þannig ekki fyllilega samhljóða bréfi Grænavatns og svo sem sjá má á kröfulínukorti í máli þessu deila eigendur Reykjahlíðar og Grænavatns nú um þessi merki. Sá ágreiningur tekur í meginatriðum til vestanverðs Heilagsdalsfjalls og Heilagsdals auk austanverðs Bláfjalls og Bláfjallshala. Af eldri merkjalýsingum verður ráðið að á 16. öld hafi fyrirsvarsmenn þessara jarða deilt um mun stærra landsvæði, sjá nánar hér á undan um Reykjahlíð í kafla 6.4.

Samkvæmt landamerkjabréfi Grænavatns eru merki til suðurs, gagnvart kröfussvæði Skútustaðahrepps, miðuð við þessi merki: „Ur suðaustur horni Bláfjalls liggur merkjalínan í hásuður þar til Suðurárbotnar efri eru í vestri. Að sunnan eru merkin frá nefndum punkti beint vestur í austustu upptök Suðurár þar sem Suðurárbotnar efri eru í vestri.“ Í samþykkt um kaup á Grænavatni frá 2. maí 1562 er

merkjum til suðurs lýst svo: „Rett vr Herdibreid og vestur í Sudurarbotna. Rædur Sudurá í Liosbleiksbyttu.“ Aðrar eldri heimildir um Grænavatn eru í samræmi við þá lýsingu. Ljóst er þannig að merkjum var lýst nokkuð lengra til austurs í eldri heimildum en gert er í landamerkjabréfinu 1921 en að öðru leyti geta lýsingar á suðurmörkum Grænavatns samrýmst landamerkjabréfinu. Engin sérstök merkjalýsing er til fyrir það landsvæði sem liggur sunnan Grænavatns en Skútustaðahreppur hefur gert tilkall til þess sem „eignarafréttar“ hreppsins. Um það er nánar fjallað í kafla 6.11.

Óbyggðanefnd telur þannig rétt að leggja til grundvallar að sá hluti þjóðlendu-kröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar Grænavatns. Þar sem deilt er um hluta merkja Grænavatns og Reykjahlíðar kann hluti þessa svæðis þó að vera innan merkja Reykjahlíðar, sbr. kafla 6.4. Til þess atriðis verður því aðeins tekin afstaða hér ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf jarðarinnar Grænavatns var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1919. Svo sem áður var rakið benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréfið er undirritað af fyrirsvarsmönnum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Grænavatns hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til landsins numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun

landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess.

Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til „afréttaskrár Skútustaðahrepps“ frá árinu 1878 og greinargerðar sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ en þar koma fram lýsingar á afréttarlöndum í hreppnum. „Afréttaskráin“ er úr hreppsþóki Skútustaðahrepps en greinargerðin frá 1959 er undirritað af Jóhanni Skaptasyni sýslumanni Þingeyjarsýslu. Auk þess liggur fyrir í máli þessu „skrá yfir afrétti í Skútustaðahreppi“ sem er í „álitsgerð nefndar sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps skipaði til að fjalla um afréttarmálefni í Mývatnssveit“ frá árinu 1989. Af þeim lýsingum sem þarna er að finna er ljóst að þær taka til hluta af því landi sem afmarkað er í landamerkjabréfi Voga.

Landamerkjabréf Grænavatns styðst við nokkrar eldri heimildir, þær elstu allt frá 16. öld. Grænavatn liggur í röð jarða við Mývatn, sbr. kafla 6.3., 6.4. og 6.6., og merki þar á milli eru samþykkt með áritun fyrirvarsmanna. Heimildir þær um afréttarnot í Skútustaðahreppi sem að framan eru raktar eru almenns eðlis og lýsingar þeirra óljósar. Þannig er ekki fyrir hendi sjálfstæð afmörkun á afrétti sem tekið gæti til lands innan merkjalýsingar Grænavatns. Slíka afmörkun leiðir ekki heldur af staðháttum. Þá liggja ekki fyrir heimildir um að eigendur Grænavatns hafi fyrr eða síðar litið svo á að hluti af landsvæði því sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðarinnar væri afréttur hennar. Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki sýnt fram á að land innan landamerkjabréfs Grænavatns hafi að einhverju leyti stöðu afréttar að lögum og að umræddar heimildir endurspegli fremur beitarnot á hálendari hlutum jarðarinnar. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Verður því lagt til grundvallar að jörðin Grænavatn hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1921, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting jarðarinnar inn til landsins hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglendishlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Grænavatns sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að

tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>417</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Grænavatns, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.8 Landsvæði í Suðurárhrauni (Stóratunga)

### 6.8.1 Inngangur

Hér verður fjallað um landsvæði það í Suðurárhrauni, sunnan Suðurár og norðan Sandár, sem íslenska ríkið gerir kröfu til sem þjóðlendu, sbr. kafla 3.1. en engar aðrar kröfur hafa borist vegna þess. Sunnan og austan við þetta landsvæði er „selland og afréttarland“ Skútustaða, sjá kafla 6.10., og til vesturs, handan Skjálfandafljóts, er landsvæði sem um er fjallað í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd. Að norðanverðu liggja jarðirnar Stóratunga og Svartárkot. Í máli þessu hafa engar kröfur komið fram vegna Svartárkots en íslenska ríkið hefur lagt fram kröfulýsingu sem eigandi Stóratungu. Þar er við það miðað að suðurmerki þeirrar jarðar fari saman við þjóðlendu-kröfulínu ríkisins. Því hefur þó jafnframt verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendu-kröfu felist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð eru til grundvallar um annað eignarland. Samkvæmt þessu ber ekki að úrskurða umrætt landsvæði þjóðlendu þá þegar af þeirri ástæðu að íslenska ríkið hefur dregið þjóðlendu-kröfulínu sína með þeim hætti sem raun ber vitni. Óbyggðanefnd hlýtur því m.a. að taka til skoðunar hvort umrætt landsvæði í Suðurárhrauni liggir að einhverju leyti innan merkja Stóratungu.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur sunnan Suðurár í yfir 300 m hæð í Suðurárhrauni. Svæðið er úfið hraun, hallalítið og lítt gróið. Sunnarlega á því vestanverðu liggja melbungur er kallast Skafar eða Skafhólar (478 m).

### 6.8.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi landnám við Mývatn eingöngu tekið til landsvæðis umhverfis Mývatn. Landnám hafi ekki náð til öræfa norðan, austan og sunnan svæðisins, eins og það sé afmarkað í aðal-kröfu, en ella svo sem það sé tilgreint í varakröfum. Telja verði að heiðar og öræfi norðan, austan og sunnan Mývatns hafi orðið samnotaafréttur. Ekki liggir fyrir landamerkjabréf fyrir Svartárkot en lögfesta fyrir Stóratungu hafi verið þinglesin árið 1793. Landamerki fyrir Stóratungu hafi verið talin Skjálfandafljót að vestanverðu en að norðan og austan hafi Suðurá ráðið þar til hún hafi fallið í Skjálfandafljót. Að sunnan hafi verið talið að merkin miðuðust við Sandá. Ekki verði annað ráðið af merkjum

<sup>417</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Svartárkots en að þau hafi að sunnan miðast við Suðurá og sé þjóðlendukrafa ríkisins við það miðuð. Með tilliti til aðstæðna og þess að ekki njóti við eldri heimilda sé hafnað merkjalýsingu í samningi frá 1853 vegna Stórutungu (Svartárkots) og Skútustaða um suðurmerki við Sandá. Einnig er vísað til afréttarskrár Skútustaðahrepps frá 1878 og greinargerðar sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ en þar greini að á svæðinu hafi verið afréttur.

### 6.8.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Stórutungu er rakin í kafla 5.7. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>418</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að Svartárkot sé hluti Stórutungu.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Stórutungu er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar, frá 3. mars 1884 og þingl. 28. maí 1885. Einnig verður litið til eldri heimilda um jörðina en það er lögfesta fyrir Stórutungu og Svartárkot frá 12. apríl 1793, sölubréf fyrir Stórutungu frá 11. september 1837 og samningur um landamerki milli Stórutungu og Svartárkots frá 1853. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Stórutungu. Athugun þessi tekur til suðurmerkja jarðarinnar, gagnvart sellandi og afréttarlandi Skútustaða, á kröfusvæði íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Stórutungu með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Samkvæmt landamerkjabréfi Stórutungu ræður Skjálfandafljót merkjum til vesturs, gagnvart kröfusvæði Íshóls í máli nr. 3/2007. Bréfið er m.a. áritað vegna Skútustaða og Svartárkots. Í eldri heimildum um Stórutungu eru mörk til vesturs einnig miðuð við Skjálfandafljót. Um mörk aðliggjandi landsvæðis er nánar fjallað um í máli nr. 3/2007 en þar kemur fram að heimildir á því svæði fari ekki í bága við lýsingar Stórutungu.

Að því er greinir í landamerkjabréfi Stórutungu eru merki til norðurs og austurs miðuð við Suðurá og Svartá og í Skjálfandafljót. Síðan segir í bréfinu um merki til austurs og suður, gagnvart „sellandi og afrettarlandi“ Skútustaða: „Merkin að austan milli Stórutungulands og afréttarlands Skútustaða, er lína sú sem er framhald línu þeirrar sem dregin er á milli Svartárkotslands og Skútustaðalands fyrir norðan Suðurá, og er það hásuður stefnan frá Bræðrum [...] og þaðan enn, sömu stefnu suður í Sandá og ræður sú á landamerkjum að sunnan allt til Skjálfandafljóts.“ Í lögfestu frá 1793 segir svo um merki Stórutungu: „Hennar landamerki ræður Skjálfandafljót að vestan verðu, en að norðan og eystra, ræður á sú er sprettur upp fram austur langt ur byggð og kallast Suðurá, og þar til hún í Skjálfandafljót fellur en að sunnan ræður Sandá austur að Stórakletti“. Aðrar eldri heimildir um Stórutungu eru í samræmi við

<sup>418</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þessar lýsingar. Þá eru merkin einnig í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfi Skútustaða fyrir „selland og afrettarland“ jarðarinnar frá 13. apríl 1891 og þingl. 26. maí 1898, og eldri heimildir um Skútustaði. Bréfið er áritað vegna Stórutungu. Sjá nánari umfjöllun um Skútustaði hér á eftir.

Samkvæmt framangreindum heimildum um merki Stórutungu miðast suðurmerki jarðarinnar við Sandá og sunnanverð austurmerki við línu sem dregin er á milli Suðurár og Sandár. Landsvæði það í Suðurárhrauni sem hér er til umfjöllunar og liggur sunnan Suðurár og norðan Sandár er þannig innan merkja Stórutungu samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar og eldri heimildum.

Óbyggðanefnd telur þannig rétt að leggja til grundvallar að sá hluti þjóðlendu-kröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar Stórutungu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf jarðarinnar Stórutungu var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréfið er undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Stórutungu hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til landsins numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess.



Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til „afréttaskrár Skútustaðahrepps“ frá árinu 1878 og greinargerðar sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ en þar koma fram lýsingar á afréttarlöndum í hreppnum. „Afréttaskráin“ er úr hreppsbókum Skútustaðahrepps en greinargerðin frá 1959 er undirritað af Jóhanni Skaptasyni sýslumanni Þingeyjarsýslu. Auk þess liggur fyrir í máli þessu „skrá yfir afrétti í Skútustaðahreppi“ sem er í „álitsgerð nefndar sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps skipaði til að fjalla um afréttarmálefni í Mývatnssveit“ frá árinu 1989. Af þeim lýsingum sem þarna er að finna er ljóst að þær taka til hluta af því landi sem afmarkað er í landamerkjabréfi Stórutungu.

Stóratunga á merki að öðrum jörðum til annarra átta en suðurs og suðausturs, þar sem er afréttur Skútustaða. Heimildir þær um afréttarnot í Skútustaðahreppi sem að framan eru raktar eru almenns eðlis og lýsingar þeirra óljósar. Þannig er ekki fyrir hendi sjálfstæð afmörkun á afrétti sem tekið gæti til lands innan merkjalýsingar Stórutungu. Slíka afmörkun leiðir ekki heldur af staðháttum. Þá liggja ekki fyrir heimildir um að eigendur Stórutungu hafi fyrr eða síðar litið svo á að hluti af landsvæði því sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðarinnar væri afréttur hennar. Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki sýnt fram á að land innan landamerkjabréfs Stórutungu hafi að einhverju leyti stöðu afréttar að lögum og að umræddar heimildir endurspegli fremur beitarnot á syðsta hluta jarðarinnar. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afrétt, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Verður því lagt til grundvallar að jörðin Stóratunga hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1884, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa fyrirsvarsmenn jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar haldbærar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Stórutungu sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi eða hver séu mörk milli eignarlenda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>419</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Stórutungu, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

<sup>419</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 6.9 „Framdalaafréttur“ (Einarsstaðir)

### 6.9.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Einarsstaða gera kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.7.

Landsvæði þetta er víðfeðmt og liggur í yfir 400 m hæð með leguna norður-suður. Liggur land hæst þar sem það mætir jökli í 1300-1400 m hæð við Rjúpnabrekku. Sunnan til er land hallalítið apalhraun en norðan til er það hallameira og fjalllent. Á tungunni nyrst á svæðinu liggja Lambármosar og rennur Skjálfandafljót þar vestan við og Krossá að austan. Ofan af tungunni falla niður úr suðaustri tvær Lambár að mynni Öxnadals sem er allvel gróinn og um 12 km langur. Eftir dalnum rennur Öxnadalsá suðvestan úr Surtluflæðu. Sunnan Öxnadals taka við Ytri- og Syðri-Múli sem ná 650–700 m hæð, og skilur Illagil þá að. Litlu sunnar tekur við Hraunárdalur og rennur Hrauná um hann. Sunnan dalsins liggur Fljótshnjúkur (814 m) og er hann hæstur fjalla við vestanvert Ódáðahraun. Suður af Fljótshnjúki er Langadrag og austar Hitulaugardrag með gróðurteygingum, sem og í Stóruflæðu inn af Stóruflæðuhnjúk (733 m) við Skjálfandafljót.

### 6.9.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi landnám við Mývatn eingöngu tekið til landsvæðis umhverfis Mývatn. Landnám hafi ekki náð til örfæfa norðan, austan og sunnan svæðisins, eins og það sé afmarkað í aðalkröfu, en ella svo sem það sé tilgreint í varakröfum. Telja verður að heiðar og örfæfi að norðan, austan og sunnan Mývatns hafi orðið samnotaafréttur. Styðst þetta m.a. við lýsingu máldaga Auðunar rauða Hólabiskups frá árinu 1318, sbr. og máldaga Péturs Nikulássonar Hólabiskups árið 1394. Þá er talið að kröfulína samkvæmt aðalkröfu taki mið af afréttalýsingum á svæðinu. Í ritinu *Göngur og réttir* sé afréttum lýst með þeim hætti að afréttur Skútustaðahrepps liggja norðan undir Ódáðahrauni og í útjöðrum þess. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslna segi um afréttarlöndin að afrétt frá Mývatni sé á Framfjöllum fram af Mývatnssveit og muni þær mestpart vera almenningar nema Einarsstaðakirkja eigi þar ítak í Krókdal. Samkvæmt afréttarskrá frá 1878 um afréttarsvæði Skútustaðahrepps hafi afréttarsvæðin verið Framdalir, sem takmarkist af Sandmúladal að Sandmúladsá yst, þá Króksdal, þá Yxnadal og Hraunárdal syðst. Einnig Austurdalir og Grafarlönd, en innan þeirra afrétta séu Hafursstaðahlíð að Sandmúladsá, allt Suðurárhraun að Suðurá og Stórutungulandi og allur Dyngjufljallabruni hinn fremri.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framan-

greindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Þá sé landamerkjabréfið í fullu samræmi við eldri heimildir, m.a. lýsingu í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Öll afnot og nýttar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalyásing fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram beri sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Einarstaða sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnisýslulaga og stjórnarskrár um að samþærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur Einarstaða hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá verður að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til Einarstaða algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Loks er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

### 6.9.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Einarstaða er rakin í kafla 5.8. Af þeim heimildum sem þar eru raktar og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að Einarstaðir hafa verið sjálfstæð jörð.<sup>420</sup> Afréttar í Framdölum er fyrst sérstaklega getið í heimildum frá byrjun 18. aldar og hann þá talinn tilheyra Skútustöðum. Síðar telja Einarstaðir þar til réttinda, sbr. landamerkjabréf fyrir „Framdalaafrétt“, frá 3. júní 1890. Af heimildum má ráða að landsvæði þetta hafi haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.<sup>421</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar. Einarstaðir liggja utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskildir frá Framdalaafrétti af öðrum

<sup>420</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>421</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

jörðum. Frá bæjarstæði Einarstaða að mótum Krossár og Skjálfandafljóts eru um 61 km, mælt í beinni loftlínu

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum „Framdalaafréttar“ er lýst í framan- greindu landamerkjabréfi. Jafnframt er að finna merkjalýsingar í „afréttaskrá Skútustaðahrepps“ frá 1878. Þá verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að „Framdalaafrétt.“ Þar liggur til norðurs og austurs kröfussvæði Skútustaða, til suðurs er Vatnajökull og til vesturs liggja kröfussvæði Bárðardals og Íshóls en um þá er fjallað um í máli nr. 3/2007. Að fenginni niðurstöðu um landamerki „Framdala- afréttar“ með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Verður þá fyrst litið til norður- og norðausturmerkja Framdalaafréttar, sem liggja gagnvart afréttarlandi og sellandi Skútustaða. Samkvæmt landamerkjabréfi „Framdalaafréttar“ er merkjum lýst svo: „Að norðan ræður Krossárgil frá upptökum til Skjálfandafljóts.“ Bréfið er áritað vegna Skútustaða og Skútustaðakirkju. Í landamerkjabréfi „sellands og afrettarlands“ Skútustaða, dags. 13. apríl 1891 og þingl. 26. maí 1898, segir að Skútustaðir eigi „allt land austan Skjálfandafljóts milli Sandár og Krossár svo langt sem gras grær í óbyggðir upp.“ Merki þessi geta samrýmst.

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Framdalaafrétt segir um austur og suðurmörk, gagnvart kröfussvæði Skútustaðahrepps vegna „eignarafréttar“: „að austan og sunnan ráða grjót og sandar sem umkringja þetta land á þá 2 vegu ...“ Síðan segir um vesturmörkin: „... að vestan ræður Skjálfandafljót.“ Samkvæmt þessum lýsingum er mörkum ekki lýst nákvæmlega til austurs og suðurs. Í kröfu gagnaðila ríkisins er landsvæðið afmarkað að sunnan af jaðri jökulsins frá upptökum Skjálfandafljóts þar til kemur að Gæsaþnjúk en þaðan er farið beint í norður í upptök Krossár og með henni í Skjálfandafljót og eru það austurtakmörk landsvæðisins. Landsvæðið er afmarkað til vesturs af Skjálfandafljóti, frá upptökum og þar til Krossá fellur í það. Engar lýsingar hafa fundist á aðliggjandi landsvæði til austurs. Um aðliggjandi landsvæði til vesturs er fjallað í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd en þar kemur fram að engar lýsingar hafi fundist á þeim merkjum.

Í „afréttaskrá Skútustaðahrepps“ frá 1878 er hluta þess svæðis sem rúmast innan lýsingar landamerkjabréfs Framdalaafréttar lýst. Um Framdali segir: „... og heita þeir Sandmúladalur að Sandmúladalsá yzt, þá Króksdalur, þá Yxnadalur og Hraunárdalur syðst.“

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framan- greindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir,

heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf þar sem lýst er sérstaklega „afrétti þeim sem kallaður er Framdalir [...] en tilheyrir Einarstöðum.“ Svo sem áður var rakið benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær en mörk landsvæðisins til suðurs og austurs eru ekki nákvæmlega tilgreind. Umrætt landamerkjabréf var þinglesið og fært í landamerkjabók sýslumanns.

Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í Landnámu hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja ólíklegt að land á þessu svæði hafi verið numið að Vatnajökli. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Ber þess að geta að engar skriflegar heimildir styðja það að nokkurn tíma hafi verið búið heilsársbúsetu á umræddu kröfussvæði.

Um Skútustaði í Mývatnssveit segir í Jarðabók Árna og Páls: „Afrjettarland á staðurinn, sem Framdalir heita og Suðurárhraun ...“ Í jarðmatinu 1849-1850 segir svo um Einarstaði: „... Afrjettarland töluverðt fyrir austan fljót á framfjöllum ...“ Í „afréttaskrá Skútustaðahrepps“ frá árinu 1878 er afréttarsvæðinu Framdalir lýst þannig að það takmarkist af Sandmúladal að Sandmúladasá yst, þá Króksdal, þá Yxnadal og Hraunárdal syðst. Svo segir að Hraunárdalur „með drögum þeim er að honum liggja er talinn Almennigur, en hinn hluti hans er Einarstaðakirkjueign.“ Í framangreindu landamerkjabréfi fyrir „Framdalaafrétt“ eru talin upp beitolönd innan þeirra takmarka sem þar greinir. Er þar nefnd: „Krossártofa sunnan Krossár, Krókdalur, Bálabrekka, Yxtna dalur, Stapamosar, Íllagil og Íllagilsmosar, Hraunárdalur, Flæður, Drög og Teigjur.“ Þá segir svo í „upplýsingum um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“: „Svæðið frá Krossá og suður að öræfum er talið eign Einarstaða í Reykjadal.“ Þar segir einnig: „Einarstaðabændur eiga Framdalaafrétt, og aðrir hreppsúar en þeir hafa ekki rjett til að reka fje á Framdali, nema með þeirra leyfi hverju sinni.“ Fyrir þetta svæði var gert sérstakt landamerkjabréf árið 1890 með yfirskriftinni: „Landamerkjaskrá fyrir afrétt þann sem kallaður er „Framdalir“ og liggur suður af Bárðardal ...“

Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi nokkurn tíma verið byggt eða nýtt til annars en sumarþeir fyrir búfé og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Sama

verður einnig ráðið af staðháttum og gróðurfari en land þetta er að mestum hluta auðnir og hraun, hálent og fjarri byggð. Inn á það hefur búfenaður leitað frá öðrum jörðum án hindrana.

Óbyggðanefnd telur að þær heimildir sem hér hafa verið raktar bendi til þess að um sé að ræða land í afréttareign fremur en beinum eignarrétti undirorpið. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 6.1.3. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem að Framdalaafrétti liggja eru þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 1 og 3/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd.

Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Einarstaða eru komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til landsvæðis þessa hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumardeitar fyrir búpening og, e.t.v., annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnot og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framgreindu virtu hefur, af hálfu eigenda Einarstaða, ekki verið sýnt fram á að „Framdalaafréttur“ sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>422</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Einarstaða.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumardeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis, sem samkvæmt framangreindu er í afréttareign eigenda Einarstaða, að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

<sup>422</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*Frá upptökum Skjálfandafljóts í Rjúpnabrekkujökli (S) ræður fljótið þar til Krossá fellur í það (R). Ræður svo Krossá að upptökum sínum (A). Þaðan er farið í suður að jaðri Dyngjujökuls undir Gæsaþnjúki (L). Loks er jaðri jökulsins fylgt þar til kemur að fyrstnefndum upptökum Skjálfandafljóts í Rjúpnabrekkujökli (S). Er þá miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Einarstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst Þjóðlenda í afréttareign er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

## **6.10 „Selland og afréttarland Skútustaða“**

### **6.10.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta Þjóðlendukröfufsvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Skútustaða gera kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.8.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 400 m hæð. Austan til er hallalítið, úfið og ógróið hraun en vestan til er land grónara og fjalllent. Hraunið austan til kallast Suðuráhraun og fram með innanverðum jaðri þess fellur Sandá úr suðaustri með upptök á Kolmúladal við jaðar Frambruna. Sandá safnar til sín þremur ám sem falla til norðurs um Hilludal, Breiðdal og Langadal sem eru grunn dalverpi og drög sem ganga suður í Hafursstaðaheiði. Dalirnir eru kallaðir Austurdalir. Austur af Kolmúladal heitir Kolmúladalsalda og austur af henni er meginálma Frambruna. Vestan við sunnanverðan Langadal er dálítill lægð með tjarnarpollum og gróðurlendi nefnd Álftatjarnarflæða. Norðvestast liggja Grafarlönd, hálfdeigjumýrar með graslendi í um 450 m hæð. Litlu innar fram með Skjálfandafljóti er Hafursstaðahlíð og Hafursstaðaeyrar. Hafursstaðahlíð er örfoka nema nokkrar þykkrar jarðvegstorfur. Sandmúli (um 700 m) liggur milli Sandmúladals og Krossárgils og sunnan hans liggur Sandmúlatjörn.

### **6.10.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi landnám við Mývatn eingöngu tekið til landsvæðis umhverfis Mývatn. Landnám hafi ekki náð til öræfa norðan, austan og sunnan svæðisins, eins og það sé afmarkað í aðalkröfu, en ella svo sem það sé tilgreint í varakröfum. Telja verði að heiðar og öræfi norðan, austan og sunnan Mývatns hafi orðið samnotaafréttur. Verði þetta m.a. stutt við lýsingu máldaga Auðunar rauða Hólabiskups frá árinu 1318, sbr. og máldaga

Péturs Nikulássonar Hólabiskups árið 1394. Varðandi Skútustaði er tekið fram að í máldaga frá 1318 hafi verið vísað til heimalandseignar Skútustaða. Sá hluti lýsingar landamerkjabréfs fyrir Skútustaði frá árinu 1898 sem gangi inn fyrir þjóðlendukröfulinu sé í því bréfi lýst sem afréttarlandi. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sé því einnig lýst að jörðin eigi afréttarland sem Framdalir heiti og suður á hraun en sá afréttur hafi verið talinn liggja hálfu þingmannaleið frá Mývatni.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Auk þess sé fullur hefðartími liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum var þinglýst. Þá sé landamerkjabréf Skútustaða í fullu samræmi við eldri heimildir, m.a. lýsingu í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísað er einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyrir jörðum samkvæmt elstu heimildum og eldri heimildir fari ekki í bága við séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldið öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Skútustaða sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnslulaga og stjórnarskrár um að samþærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur Skútustaða hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Ennfremur verði að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til Skútustaða algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í þessu tilliti verði að taka Landnámu með fyrirvara.

### 6.10.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Skútustaða er rakin í kafla 5.8. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að



Skútustaðir hafa verið sjálfstæð jörð.<sup>423</sup> Afréttar Skútustaða er fyrst sérstaklega getið í heimildum frá byrjun 18. aldar. Í landamerkjabréfi Skútustaða, frá. 13. apríl 1891 og þingl. 26. maí 1898, er annars vegar lýst merkjum „heimalandsins“ og hins vegar merkjum „sellands og afrettarlands.“ Af heimildum má ráða að landsvæði þetta hafi haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku Þjóðlendulaga.<sup>424</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar. Skútustaðir liggja utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskildir frá afréttarlandinu af öðrum jörðum. Frá bæjarstæði Skútustaða að austurenda Mikleyjar í Suðurá eru um 29 km, mælt í beinni loftlínu

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum „sellands og afrettarlands“ Skútustaða er lýst í framangreindu landamerkjabréfi. Einnig finnst merkjalýsing fyrir „Selialönd Skútustada“ í lögfestu Skútustaða frá 14. apríl 1798 og í annarri lögfestu frá 17. júní 1804 en þær eru samhljóða. Þá er að finna merkjalýsingar í „afréttaskrá Skútustaðahrepps“ frá 1878. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru kröfusvæði Stóru Tungu og Grænavatns til norðurs, kröfusvæði Skútustaðahrepps til austurs, Vatnajökull til suðurs og til vesturs liggja kröfusvæði Einarstaða, Bárðardals og Íshóls. Um Bárðardal og Íshól er fjallað í máli nr. 3/2007. Að fenginni niðurstöðu um landamerki „sellands og afrettarlands“ Skútustaða með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Samkvæmt landamerkjabréfi Skútustaða eru merki „sellands og afrettarlands“ til vesturs og norðurs, gagnvart Stórutungu, ágreiningssvæði í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd og Framdalaafrétt miðuð við „... vörðu er stendur á Rananum fyrir ofan Svartárkot yfir Suðurá og Mikley á milli vörðukletts og „Grenisháls“ á Stórakletti sem stendur sunnarlega í Suðurrá hrauni og er í nefndri stefnu (í hásuður) frá Bræðrum hæðstur að sjá allra kletta í hrauninu. [...] Heldur þó enn sömu stefnu suður í Sandá og ræður síðan Sandá merkjum allt þar til hún fellur í Skjalfandafljót ræður síðan „Fljótið“ allt fram að því, að Krossá fellur í það.“ Auk þessa segir í bréfinu að Skútustaðir eigi „allt land austan Skjalfandafljóts milli Sandár og Krossár svo langt sem gras grær í óbyggðir upp.“ Síðan eru taldir upp dalirnir: „Austurdalur allir svo sem Kolmúladalur, Hylludalur, Breiðdalur, Langidalur“ og „Grafarlönd, Hafursstaðahlíð og allar flæður og eyrar með „Fljóti“ fram Sandmúladalur og allt fram í Krossárgil að Krossá.“ Þá segir að Skútustaðir „eigi“ einnig „allt Suðurráhraun fyrir sunnan Suðurá upp að Botna vatni og ofan að áðurnefndri merkjalínu.“ Bréfið er áritað vegna Svartárkots, Stóru-Tungu og Einarstaða. Samkvæmt landamerkjabréfi Stórutungu, dags. 3. mars 1884 og þingl. 28. maí 1885, eru syðstu merki jarðarinnar miðuð við Suðurá en ekki Sandá eins og greinir í bréfi Skútustaða. Í afsali fyrir Stórutungu frá

<sup>423</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>424</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

11. september 1837 eru suðurmörk þó miðuð við Sandá. Bréfið er ekki samþykkt vegna Skútustaða. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir „Framdalaafrétt“, dags. 3. júní 1890 og þingl. 26. júní 1897, eru merki til austurs, gagnvart „sellandi og afrettarlandi“ Skútustaða miðuð við að Krossárgil ráði „frá upptökum til Skjálfandafljóts.“ Geta þessar lýsingar vel samrýmst. Að öðru leyti miðast vesturmörk „sellands og afrettarlands“ við Skjálfandafljót sem afmarkar ágreiningssvæði í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd.

Samkvæmt landamerkjabréfi Skútustaða eru merki „sellands og afrettarlands“ til suðurs, suðausturs og austurs, gagnvart kröfusvæði Skútustaðahrepps, sögð takmarkast af „óbyggðum, Ódáðahrauni og Dyngjufjöllum.“ Af lýsingunni verður þannig ekki skýrt ráðið hvar umrædd mörk liggja en gagnaðilar ríkisins hafa dregið mörk þess til austurs og suðurs úr upptökum Suðurár og síðan í Fjallöldu sem er á norðvesturhorni Dyngjufjalla, þá í suðvesturhorn Dyngjufjalla og loks í upptök Krossár. Engar heimildir hafa fundist sem afmarka sérstaklega aðliggjandi landsvæði til austurs og suðurs en um það er nánar fjallað í kafla 6.11.

Í lögfestu fyrir Skútustaði frá 14. apríl 1798 og annarri lögfestu um sama efni frá 17. júní 1804 segir um „Selialönd Skutustada“: „... i Suduraa og allt Sudur Ár Hraun. Item alla Austur dale, og alla Sandmúla dale, hálfu Hafursstada hlýd, alla Sudurár Botna, & alla Miklu-Eý i Sudur á ...“ Af þessari lýsingu sést að hún fær samræmst lýsingum landamerkjabréfsins svo langt sem hún nær.

Í „afréttaskrá Skútustaðahrepps“ eru m.a. lýsingar á „Framdölum“, „Austurdölum og Grafarlöndum“ en af þeim má ráða að hluti þeirra landsvæða rúmist innan lýsinga landamerkjabréfs Skútustaða.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir Skútustaði var gert í kjölfar þess að landamerkjälög tóku gildi 1882 og þar lýst sérstaklega aðskildu landsvæði sem kallað er „selland og afrettarland“ jarðarinnar. Svo sem áður var rakið benda fyrirbyggjandi gögn til þess að

merkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Hins vegar lýsir bréfið ekki merkjum nákvæmlega til austurs og suðurs líkt og að framan er rakið. Skjal þetta var þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Svo sem rakið er í kafla 6.2. er því ekki lýst í Landnámabók hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði. Af því verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til beins eignarréttar á þessu svæði með námi. Vísbendingar eru um einhverja byggð á þessu svæði en hún hefur hins vegar snemma lagst af og þess utan liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun, samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir.

Eldri heimildir benda til þess að landsvæðið hafi verið afréttur sem tilheyrir hafi Skútustöðum. Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastdæmi frá 1723 er minnst á eignir Skútustaðakirkju en þar segir: „Hun á og nockur jtök j öræfum, hvar af[f] presturenn Seigir hana Öngva Jnntekt hafa.“ Í Jarðabók Árna og Páls segir um Skútustaði: „Afrjettarland á staðurinn, sem Framdalir heita og Suðurárhraun...“ Í upplýsingum um eignir Skútustaðakirkju frá 1725 segir einnig að kirkjan eigi: „Nochur gagnlýtel ítök j Öræfum.“ Þá mótmælti Ólafur Þorláksson á Skútustöðum árið 1745 lögfestu Einars Jónssonar að Reykjahlíð fyrir jörðu sinni að því leyti sem hann sagði hana eiga til Framfjalla sem Ólafur sagði vera sína fullkomna eign. Samkvæmt jarðamatinu 1849-1850 tilheyrir þannig Skútustöðum „afrjettar partur til fjáruppreksturs.“ Einnig segir í fasteignamatinu 1916-1918 um Skútustaði: „...en afrétt svo fjarri, að eigi verður notuð að heiman. Jörðinni fylgir mikið afréttarland: bæði fram af Mývatnssveit og einnig á „Framdölum“ austan Skjálfandafljóts.“

Í „afréttaskrá Skútustaðahrepps“ frá 1878 segir að Austurdalir og Grafarlönd séu afréttarlönd í eigu Skútustaðakirkju. Í skránni segir nánar að innan þeirra afrétta séu „Hafursstaðahlíð að Sandmúladasá, allt Suðurárhraun að Suðurá og Stórutungu-landi, allur Dyngjufljallabrúni hinn fremri...“ Einnig segir: „Framdalir, og heita þeir Sandmúladalur að Sandmúladasá yzt, þá Króksdalur, þá Yxnadalur og Hraunárdalur syðst. Allir þessir dalir með drögum þeim og teygjum, sem að þeim liggja. Syðsti hluti þessa afrjettar, nefnilega Hraunárdalur með drögum þeim sem að honum liggja, er talinn almenningur, en hinn hluti hans er Einarsstaðakirkjueign.“

Í greinargerðinni „Upplýsingar um afrjetti og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ eru lýsingar á „afrjettarlandi austan Skjálfandafljóts“ sem ná frá Suðurá að norðan og „að sunnan haga með þeim drögum, er flytja vötn til Skjálfandafljóts.“

Landsvæðinu er fyrst lýst á heildstæðan hátt í landamerkjabréfi Skútustaða frá árinu 1891. Sú aðgreining landsvæðisins frá „heimalandi“ Skútustaða sem þar kemur fram bendir til þess að svæðið hafi verið afréttur og aðskilið frá öðru landi jarðarinnar. Landamerkjabréf fyrir landsvæðið bendir einnig ótvírætt til þess að um sé að ræða afrétt enda segir þar í bréfinu: „Landamerki sellands og afrettarlands.“

Engin gögn liggja fyrir um að landsvæðið hafi nokkurn tíma verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé og annarra takmarkaðra nota. Sama verður einnig ráðið af staðháttum og gróðurfari en um er að ræða hrjóstrugt og torfarið fjallaland fjarri allri byggð. Landið er nýtt til beitar og smalað af jörðum í sveitinni.

Óbyggðanefnd telur að þær heimildir sem hér hafa verið raktar og varða eignarréttarlega stöðu landsvæðisins bendi til þess að um sé að ræða land í afréttar-eign fremur en beinum eignarrétti undirorpið. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 6.1.3. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem að afréttinum liggja eru bæði þjóðlendur og eignarlönd, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 1 og 3/2007.

Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Skútustaða eru komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til þess hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu eiganda Skútustaða, ekki verið sýnt fram á að „selland og afrettarland“ Skútustaða sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>425</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign Skútustaða.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem kallað hefur verið „selland og afrettarland“, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Frá upptökum Suðurár (D) er kröfulínu íslenska ríkisins fylgt til norðvesturs að punkti 4 í kröfulínu gagnaðila (N). Þaðan er kröfulínu gagnaðila fylgt til suðurs í Sandá (O) og þeirri á síðan fylgt þar til hún fellur í Skjálfandafljót (P). Ræður síðan fljótið til suðurs þar til Krossá fellur í það (R) en síðan er Krossá fylgt til upptaka sinna (A). Þaðan er farið beina línu í austsuðaustur í suðvesturhorn Dyngjufljalla ytri (B).*

<sup>425</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*Síðan er farið í Fjallöldu sem er við norðvesturhorn Dyngjufjalla ytri (C). Frá þeim punkti er farið aftur í upptök Suðurár (D).*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Skútustaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## **6.11 „Kröfusvæði Skútustaðahrepps“**

### **6.11.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem Skútustaðahreppur gerir kröfu til sem „eignarafréttarlands Skútustaðahrepps“, þó að undanskildum þeim hluta Vatnajökuls sem krafan nær til en fjallað er um í kafla 6.12., sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.9.

Að kröfusvæðinu liggur til norðurs kröfusvæði Skútustaða og Grænavatns, til austurs liggur kröfusvæði Reykjahlíðar, til suðurs er Vatnajökull og til vesturs liggur kröfusvæði Einarstaða.

Landsvæði það sem hér um ræðir er að mestu hallalítið hraun sem er mjög víðfeðmt og liggur ofan við 500 m hæð. Syðst mætir land jökli í um 1000 m hæð við Kistufell (1446 m). Norðaustan Kistufells liggur grágrýtisaldan Urðarháls (1025 m) með miklum gíg sem myndar óvenjulegt jarðfall. Norðvestan Urðarháls liggur Trölladyngja (1468 m), en hún er stærsta dyngjan hérlendis, um 10 km í þvermál og rís 600 m yfir umhverfið. Frá Trölladyngju liggur Dyngjuháls til suðurs, hækkandi að Dyngjujökli, alsettur gossprungum og eldvörpum. Í hrauninu eru fáar misfellur utan Þríhyrningur (1044 m) skammt norðan Trölladyngju. Norðaustan Þríhyrnings liggur móbergsfjallgarður er kallast Dyngjufjöll ytri en austan þeirra er Dyngjufjalladalur. Brún þeirra til suðurs heitir Fjallsendi (1000 m) og rís bratt upp frá hraunbreiðunni.

### **6.11.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi landnám við Mývatn eingöngu tekið til landsvæðis umhverfis Mývatn. Landnám hafi ekki náð til örfæa norðan, austan og sunnan svæðisins, eins og það sé afmarkað í aðalkröfu, en ella svo sem það sé tilgreint í varakröfum. Telja verði að heiðar og örfæi að norðan, austan og sunnan Mývatns hafi orðið samnotafréttur. Styðst þetta m.a. við lýsingu máldaga Auðunar rauða Hólabiskups frá árinu 1318, sbr. og máldaga Péturs Nikulássonar Hólabiskups árið 1394. Kröfulína samkvæmt aðalkröfu taki mið af afréttarlýsingum á svæðinu.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á almennri venju þess efnis að afréttarlönd sem ekki tilheyri neinni sérstakri jörð séu afréttareign viðkomandi sveitarfélags. Þá er byggt á hefð en eigendur hafi farið með öll hefðbundin afnot sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Vísast einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggða-

nefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið afréttur samkvæmt elstu heimildum sé afréttareign viðkomandi sveitarfélags. Þá er vísað sérstaklega til jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga.

### 6.11.3 Niðurstaða

Engar heimildir finnast um nákvæma afmörkun á þessu landsvæði né að það hafi haft sérstakt heiti. Í meginatriðum er hér um að ræða Trölladyngju og Ódáðahraun vestan Öskju. Þannig var hvorki gert landamerkjabréf fyrir það í kjölfar setningar landamerkjalaga frá árinu 1882 né árinu 1919.

Í kröfúlýsingu gagnaðila íslenska ríkisins eru austanverð norðurmerki landsvæðisins afmörkuð í samræmi við lýsingu í landamerkjabréfi Grænavatns frá 20. maí 1921 og þingl. sama ár. Samkvæmt landamerkjabréfi Grænavatns er merkjum til suðurs lýst, fyrst úr austri frá þeim punkti úr suðausturhorni Bláfjalls þar sem Suðurárbotnar efri eru í vestri. „Að sunnan eru merkin frá nefndum punkti beint vestur í austustu upptök Suðurár.“

Vestanverð norðurmerki kröfusvæðisins eru afmörkuð í samræmi við lýsingu á suðausturmörkum „sellands og afrettarlands“ samkvæmt landamerkjabréfi Skútustaða frá 1891. Þar er merkjum „sellands og afrettarlands“ jarðarinnar til suðurs, suðausturs og austurs sögð takmarkast af „óbyggðum, Ódáðahrauni og Dyngjuþjóllum.“ Af lýsingunni verður ekki nákvæmlega ráðið hvar umrædd mörk landsvæðisins liggja en gagnaðilar ríkisins hafa dregið mörk þess til austurs og suðurs úr upptökum Suðurár og síðan í Fjallöldu sem er á norðvesturhorni Dyngjuþjalla þá í suðvesturhorn Dyngjuþjalla og loks í upptök Krossár.

Sunnanverð vesturmörk landsvæðisins fylgja afmörkun vegna „Framdala-afréttar.“ Í landamerkjabréfi fyrir „Framdala-afrétt“ segir um austur og suðurmörk: „að austan og sunnan ráða grjót og sandar sem umkringja þetta land á þá 2 vegu ...“ Samkvæmt þessum lýsingum er mörkum ekki lýst nákvæmlega til austurs og suðurs. Í kröfu gagnaðila, vegna „Framdala-afréttar,“ er landsvæðið afmarkað að sunnan af jaðri jökulsins frá upptökum Skjálfandafljóts þar til kemur að Gæsaþnjúk en þaðan er farið beint í suður í upptök Krossár.

Til suðurs afmarkast umfjöllunarsvæðið við jaðar Vatnajökuls, sbr. kafla 6.12.

Austurmörkin fylgja afmörkun þinglýstra eigenda Reykjahlíðar á kröfusvæði vegna þeirrar jarðar í máli þessu og ná að jökli. Nánar tiltekið er þar miðað við lýsingu í dómi frá 1506. Þar segir: „...og sionhending fyrir austann alla bufirarhaga fyrrnefnda sudur i oræfi so langt sem vatzfoll deilast og votn ad draga.“

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar.

Svo sem fram kemur í kafla 6.2. er því ekki lýst í Landnámu hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja ólíklegt að land á þessu

svæði hafi verið numið að Vatnajökli. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Í kafla 5.8. eru raktar heimildir um afréttarnot í Skútustaðahreppi. Af þeim verður ráðið að umrætt landsvæði hafi hvorki verið smalað né nýtt á annan hátt enda er það erfitt yfirferðar og fjarri byggð. Í ritinu *Göngur og réttir* segir að aðeins „ystu skankarnir af Ódáðahrauni“ séu gengnir og að „Öll meginhraunbreiðan, afar víðáttumikið svæði inn að Vatnajökli ...“ sé óleitað. Í sama riti segir að afrétt Skútustaðahrepps liggja norðan og norðvestan undir Ódáðahrauni og í útjöðrum þess.

Óbyggðanefnd telur því ekkert benda til þess að á viðkomandi landsvæði hafi stofnast til beins eða óbeins eignarréttar fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.<sup>426</sup>

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Ódáðahraun vestan Öskju og á Trölladyngjusvæðinu, innan kröfusvæðis Skútustaðahrepps, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Í kafla 6.4. er komist að þeirri niðurstöðu að sá hluti Ódáðahrauns sem liggur sunnan Bræðraklifs og norðan Dyngjujökuls, innan kröfusvæðis eigenda Reykjahlíðar, sé þjóðlenda. Þjóðlenda í Ódáðahrauni afmarkast í heild sinni svo og er eins lýst í kafla 6.4:

*Frá upptökum Krossár (A) er dregin lína beina stefnu í austsuðaustur í suðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (B). Síðan er farið í Fjallöldu sem er við norðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (C). Frá þeim punkti er farið norðvestur í upptök Suðurár (D). Þaðan er farið beint í austur þar til Bláfjallshalar eru í norðri (E) en úr þeim punkti er farið beint í norður í suðurenda Bláfjallshala (F). Þá er farið austnorðaustur í Bræðraklif í Hafragjá (G). Þaðan er farið í Veggjafell, við austurjaðar Herðubreiðarfjalla (H), og þaðan til suðausturs, í stefnu á Hlaupfell, þar til kemur að skurðpunkti (I) við línu sem liggur frá ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum í Herðubreið. Frá þessum skurðpunkti (I) er síðastnefndu línunni fylgt austur að ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum (J). Þaðan ræður Jökulsá á Fjöllum að meginupptökum sínum í Dyngjujökli (K). Síðan er jökuljaðrinum fylgt til vesturs þar til komið er suður undir Gæsaahnjúk (L) og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Úr þeim punkti er farið norður aftur í fyrstnefndan punkt í upptökum Krossár (A).*

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá og auglýsingu nr. 194/1978

<sup>426</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 6.12 Hluti Vatnajökuls

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess hluta Vatnajökuls sem til umfjöllunar er í máli þessu, sbr. kafla 2.2 hér að framan og kafla 6.9 í máli nr. 3/2007, þó að undanskildum þeim hluta jökulsins sem er innan kröfusvæðis eigenda Reykjahlíðar og fjallað er um í kafla 6.4. Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umrætt jökulsvæði sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1.1., og kröfusvæði Skútustaðahrepps miðast við vatnaskil á Vatnajökli, sbr. kafla 6.11. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi innan jökuljaðars.

Óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að um eignarréttarlega stöðu jökulsvæða almennt fari eftir sömu reglum og um önnur landsvæði.<sup>427</sup> Að því er varðar þann hluta Vatnajökuls sem hér um ræðir, er ekkert sem bendir til að þar hafi stofnast til beins eignarréttar eða takmarkaðra eignarréttinda fyrir nám, löggerninga, hefð eða með öðrum hætti.<sup>428</sup>

Að því leyti sem jökulsvæði þetta liggur að afrétti í þjóðlendu, svo sem skilgreint hefur verið fyrr í úrskurði þessum og í úrskurðarorðum, telur óbyggðanefnd fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Vatnajökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Þar sem í kafla 6.4. er einnig komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði eigenda Reykjahlíðar á Vatnajökli sé þjóðlenda fer hér á eftir sameiginleg afmörkun á svæðunum tveimur:

*Að austan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Kverkár, til suðvesturs til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs og liggur frá Svíahnjúk eystri og til austurs í stefnu á miðja Breiðubungu. Þar sem fyrrnefnda línan sker þá síðarnefndu er hornmark. Þetta hornmark er á sama stað og hornmark sem fram kemur á korti Miðhálandisskipulags, nánar tiltekið þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker sömu línu og áður greindi á milli Svíahnjúks eystri og Breiðubungu.*

*Að vestan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Rjúpnabrekkujökuls, við upptök Skjálfandafljóts, og til suðausturs í Svíahnjúk eystri. Þaðan er línan dregin til austurs, í áðurnefnt hornmark.*

*Að norðan, á milli framangreindra austur- og vesturmarka við jaðar Vatnajökuls, er jökuljaðrinum fylgt og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

<sup>427</sup> Sjá umfjöllun um jökla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>428</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



### 6.13 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af álitum umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmonnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

## 7 ÚRSKURÐARORÐ <sup>429</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Grafarlönd austari og Herðubreiðarlindir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr Bræðraklifi í Hafragjá (G) er farið í Veggjafell (H), við austurjaðar Herðubreiðarfjalla, og þaðan til suðausturs, í stefnu á Hlaupfell, þar til kemur að skurðpunkti (I) við línu sem liggur frá ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum í Herðubreið. Frá þessum skurðpunkti (I) er síðastnefndu línunni fylgt austur að ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum (J). Þaðan ræður Jökulsá á Fjöllum til norðurs þar til komið er beint austur af Bræðraklifi í Hafragjá (M) og þeirri línu fylgt í Bræðraklif (G).*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Reykjahlíðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. sá hluti Ódáðahrauns sem liggur sunnan Bræðraklifs og norðan Dyngjujökuls, innan kröfusvæðis eigenda Reykjahlíðar, auk Ódáðahrauns vestan Öskju og á Trölladyngjusvæðinu, innan kröfusvæðis Skútustaðahrepps, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Þjóðlenda í Ódáðahrauni afmarkast í heild sinni svo:

*Frá upptökum Krossár (A) er dregin lína beina stefnu í austsuðaustur í suðvesturhorn Dyngjujfjalla ytri (B). Síðan er farið í Fjallöldu sem er við norðvesturhorn Dyngjujfjalla ytri (C). Frá þeim punkti er farið norðvestur í upptök Suðurár (D). Þaðan er farið beint í austur þar til Bláfjallshalar eru í norðri (E) en úr þeim punkti er farið beint í norður í suðurenda Bláfjallshala (F). Þá er farið austnorðaustur í Bræðraklif í Hafragjá (G). Þaðan er farið í Veggjafell, við austurjaðar Herðubreiðarfjalla (H), og þaðan til suðausturs, í stefnu á Hlaupfell, þar til kemur að skurðpunkti (I) við línu sem liggur frá ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum í Herðubreið. Frá þessum skurðpunkti (I) er síðastnefndu línunni fylgt austur að ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum (J). Þaðan ræður Jökulsá á Fjöllum að meginupptökum sínum í Dyngjujökli (K). Síðan er jökuljaðrinum fylgt til vesturs þar til komið er suður undir Gæsaahnjúk (L) og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Úr þeim punkti er farið norður aftur í fyrstnefndan punkt í upptökum Krossár (A).*

<sup>429</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingu á sömu línu á milli einstakra mála.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Krepputunga, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá ármótum Kreppu og Jökulsár og Fjöllum (J) er Kreppu fylgt þar til Kverká rennur í hana og síðan Kverká að upptökum sínum í Brúarjökli (T). Síðan er jaðri jökulsins fylgt að meginupptökum Jökulsár á Fjöllum í Dyngjujökli (K) og er þá miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Loks ræður Jökulsá á Fjöllum að ármótum Kreppu (J).*

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Framdalafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Skjálfandafljóts í Rjúpnabrekkujökli (S) ræður fljótið þar til Krossá fellur í það (R). Ræður svo Krossá að upptökum sínum (A). Þaðan er farið í suður að jaðri Dyngjujökuls undir Gæsaahnjúki (L). Loks er jaðri jökulsins fylgt þar til kemur að fyrstnefndum upptökum Skjálfandafljóts í Rjúpnabrekkujökli (S). Er þá miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Einarsstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga. Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir og kallað hefur verið „selland og afrettarland Skútustaða“, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Suðurár (D) er kröfulínu íslenska ríkisins fylgt til norðvesturs að punkti 4 í kröfulínu gagnaðila (N). Þaðan er kröfulínu gagnaðila fylgt til suðurs í Sandá (O) og þeirri á síðan fylgt þar til hún fellur í Skjálfandafljót (P). Ræður síðan fljótið til suðurs þar til Krossá fellur í það (R) en síðan er Krossá fylgt til upptaka sinna (A). Þaðan er farið beina línu í austsuðaustur í suðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (B). Síðan er farið í Fjallöldu sem er við norðvesturhorn Dyngjujfalla ytri (C). Frá þeim punkti er farið aftur í upptök Suðurár (D).*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Skútustaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. hluti Vatnajökuls, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Að austan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Brúarjökuls, við upptök Kverkár, til suðvesturs til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem*

*afmarkar svæðið til suðurs og liggur frá Svíahnjúk eystri og til austurs í stefnu á miðja Breiðubungu. Þar sem fyrrnefnda línan sker þá síðarnefndu er hornmark. Þetta hornmark er á sama stað og hornmark sem fram kemur á korti Miðhálandisskipulags, nánar tiltekið þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker sömu línu og áður greindi á milli Svíahnjúks eystri og Breiðubungu.*

*Að vestan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Rjúpnabrekkujökuls, við upptök Skjálfafljóts, og til suðausturs í Svíahnjúk eystri. Þaðan er línan dregin til austurs, í áðurnefnt hornmark.*

*Að norðan, á milli framangreindra austur- og vesturmarka við jaðar Vatnajökuls, er jökuljaðrinum fylgt og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu Þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan Þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Eigendur Brúar kr. 500.000 vegna Friðbjörns E. Garðarssonar hdl.

Eigendur Reykjahlíðar kr. 2.200.000, eigendur Voga kr. 600.000, eigendur Skútustaða og Skútustaðahreppur kr. 800.000, eigendur Einarsstaða kr. 500.000 og eigendur Grímsstaða kr. 500.000, vegna Ólafs Björnssonar hrl.

Eigendur Grænavatns kr. 460.000 vegna Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Eigendur Kasthvamms og Árhvamms kr. 60.000 og eigendur Árhóla og Hóla kr. 30.000 vegna Sigurðar Jónssonar hrl.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan framangreindrar þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Kristján Torfason

---

Allan V. Magnússon

---

Benedikt Bogason



---

VIÐAUKI

**ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**  
í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu)  
og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)



Sérprentun 3. júní 2004



## EFNISYFIRLIT

<b>FORMÁLI.....</b>	<b>184</b>
<b>1. INNGANGUR .....</b>	<b>185</b>
<b>2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR.....</b>	<b>185</b>
<b>3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA .....</b>	<b>186</b>
3.1. Landnám.....	186
3.2. Hefð.....	189
3.3. Lög.....	193
<b>4. FLOKKUN LANDS.....</b>	<b>194</b>
4.1. Almenn.....	194
4.2. Jörð.....	195
4.3. Almenningar.....	201
4.4. Afréttir.....	203
4.5. Jörð eða afréttur?.....	210
4.6. Jöklar.....	211
4.7. Fjallskil.....	217
4.8. Ítök.....	220
4.9. Fjörur og rekaeign.....	223
<b>5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD.....</b>	<b>228</b>
5.1. Almenn.....	228
5.2. Jarðamöt og jarðabækur.....	228
5.3. Máldagar og visitasiur.....	230
5.4. Lögfestur.....	233
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf.....	234
5.6. Afsals- og veðmálabækur.....	238
5.7. Aðrar heimildir.....	239
<b>6. NIÐURSTADA.....</b>	<b>240</b>



**FORMÁLI**

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fara hér á eftir.

## 1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jökklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

## 2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti*, *hlíðabelti* og *hálendis- eða fjallbelti*.<sup>1</sup> Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ.á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhérað eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100-150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300-400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

<sup>1</sup> Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um  $\frac{2}{3}$  hluta af yfirborði landsins.<sup>2</sup> Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600-700 m hæð á miðhálandinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800-1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um  $\frac{1}{4}$  hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölbættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um  $\frac{1}{4}$  hluta landsins í heild og um  $\frac{10}{100}$  hluta ísfrírra svæða miðhálandisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um  $\frac{1}{100}$  hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

### 3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

#### 3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.<sup>3</sup>

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á

<sup>2</sup> Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

<sup>3</sup> Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrít, bls. 10-11. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur II* (fjöl.). Reykjavík, S. 133-134. Þorgeir Örylgsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

landnámsöld, þ.e. á árunum 874-930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.<sup>4</sup> Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.<sup>5</sup> Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“<sup>6</sup>

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfedranna.<sup>7</sup> Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.<sup>8</sup> Enn fremur

<sup>4</sup> *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík, s. 337.

<sup>5</sup> *Landnámabók* 1986, s. 321.

<sup>6</sup> *Landnámabók* 1986, s. 337.

<sup>7</sup> Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, S. 6-7, 20. Jón Jóhannesson, 1954-58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*, S. 225-226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193-222.

<sup>8</sup> Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia*. Lundí, S. 203-217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámu-rannsóknnum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, s. 222-225, 231-233.

hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúruferjum eða búskaparháttum.<sup>9</sup> Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.<sup>10</sup> Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða

<sup>9</sup> Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. s. 578-584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímní. Riti um nafnfræði*. 1-3. b. (1980-1996).

<sup>10</sup> Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

### 3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr átölulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lögleg vitni til, at hann á, ef hann skal úrænt vera.“<sup>11</sup>

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögþingunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar<sup>12</sup>. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.<sup>13</sup>

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Item huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal það ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist það sie j panta sett edur lient.<sup>14</sup>

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um

<sup>11</sup> *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

<sup>12</sup> Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

<sup>13</sup> Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287-288.

<sup>14</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912-1914. S. 425-426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917-1918. S. 33-35.

Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.<sup>15</sup> Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.<sup>16</sup>

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.<sup>17</sup>

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansallíð í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansallíð bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.<sup>18</sup>

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafarþingið frumvarp kansallísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

<sup>15</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

<sup>16</sup> *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum 1802-1873*. 3. b. Reykjavík 1925-1931. S. 360-374.

<sup>17</sup> *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

<sup>18</sup> *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5. ágúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2-12.

Í umræðum á ráðgjafafönginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.<sup>19</sup>

Þrátt fyrir að Landsyfírréttur hefði um árabíl dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30-40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.<sup>20</sup> Í dómi Landsyfírréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. 11b. i.f.<sup>21</sup>

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kaþítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífíð, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir

<sup>19</sup> *Tíðindi frá Alþingi...1845*, s. 466.

<sup>20</sup> *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886-1889) Reykjavík 1890. S. 236-241.

<sup>21</sup> *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895-1898) Reykjavík 1901. S. 327-330.



Því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjälögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...<sup>22</sup>

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.<sup>23</sup>

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.<sup>24</sup> Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin

<sup>22</sup> *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426-428.

<sup>23</sup> *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

<sup>24</sup> Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14-15.

afréttarnot, þ.e.a.s. sumarheit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nýttjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirk en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

### 3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjándi öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðjarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp

nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gildi einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.<sup>25</sup>

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskríteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.<sup>26</sup>

## 4. FLOKKUN LANDS

### 4.1. Almenn

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lög fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.<sup>27</sup>

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.<sup>28</sup> Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalogum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki

<sup>25</sup> Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254-255.

<sup>26</sup> Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

<sup>27</sup> *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. llb.).

<sup>28</sup> Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.-2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalögum um „aðrar óbyggðar lendur“.<sup>29</sup> Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lög-aðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almeningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

## 4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land utan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnföll deila til sjóvar. ...Síðan skipaði hann heraðit sínum félagum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjörð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.<sup>30</sup>

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.<sup>31</sup> Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka,

<sup>29</sup> Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island*. 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251-257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.

<sup>30</sup> *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139-146, 230-232.

<sup>31</sup> *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lþþ.).

veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í qnnur lqnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítqk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnfjöll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki“<sup>32</sup>. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jörð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar...“<sup>33</sup>

Með landamerkjalogum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.-3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.-3. gr. nógildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitir, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni.<sup>34</sup> Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.<sup>35</sup>

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.<sup>36</sup> Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.<sup>37</sup> Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrir mæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu

<sup>32</sup> *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lb.). Samkvæmt ákvæðum *Jónsbókar* voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.-32. k. lb.).

<sup>33</sup> *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. lb.).

<sup>34</sup> Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188-192 (56.-57. k. lb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

<sup>35</sup> Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

<sup>36</sup> Sjá nú einnig 2.-3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

<sup>37</sup> Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324-325, 350-351 (34., 35. og 52. k. lb.). *Jónsbók* 1904, s. 188-190 (56. k. lb.).

viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.<sup>38</sup> Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.<sup>39</sup> Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til móttaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.<sup>40</sup> Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.<sup>41</sup> Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákvæðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.<sup>42</sup> Höfuðskyldan hefur þó fyrir og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.<sup>43</sup> Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknadi fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.<sup>44</sup>

<sup>38</sup> Ólafur Lárússon sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárússon, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

<sup>39</sup> Sbr. Jónsbók 1904, s. 134-136, 194-196 (6. og 60. k. llb.).

<sup>40</sup> Sjá Grágás 1992, s. 345 (48. k. lbj.). Jónsbók 1904, s. 135-136 (6. og 7. k. llb.).

<sup>41</sup> Sjá 3. k., 8.-10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454-455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

<sup>42</sup> Grágás 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). Jónsbók 1904, s. 106-108, 110-112 (29. og 32. k. ffb.).

<sup>43</sup> Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

<sup>44</sup> Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficalrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.<sup>45</sup> Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.<sup>46</sup> Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábyli*.<sup>47</sup> Hjáleigubýggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.<sup>48</sup>

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.<sup>49</sup> Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>50</sup> Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

*Lögbýli* var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.<sup>51</sup> Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

<sup>45</sup> Grágás 1992, s. 344 (48. k. lþþ.).

<sup>46</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

<sup>47</sup> Árni Daniél Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

<sup>48</sup> Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462-463.

<sup>49</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931-1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

<sup>50</sup> Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Ósló. S. 213-215, 226.

<sup>51</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. Fylgiskjöl. Reykjavík. S. 24.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrrsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sök á því.<sup>52</sup>

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggji næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.<sup>53</sup>

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubýggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.<sup>54</sup>

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

*Heimalönd.* Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorid af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

*a. Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

*b. Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af

<sup>52</sup> Jónsbók 1904, s. 292.

<sup>53</sup> Jarðabók Árna og Páls 11, s. 143.

<sup>54</sup> Björn Teitsson, 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930*. Reykjavík. S. 78-79.



ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.<sup>55</sup>

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatiskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu *Lýsing Íslands* að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.<sup>56</sup>

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.<sup>57</sup>

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hveirrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsgöðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi búis á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hveirrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti megi leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

<sup>55</sup> *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

<sup>56</sup> Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

<sup>57</sup> Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

### 4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.<sup>58</sup> Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.<sup>59</sup> Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.<sup>60</sup> Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningsland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitoland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.<sup>61</sup> Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafrehtar-dómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við land-

<sup>58</sup> Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868-869. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 642.

<sup>59</sup> Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187-189.

<sup>60</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu, 1917-1919: *Almenningar og afrjettir*. Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20-22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga.” *Lögretta* 11. apríl 1917. S. 61-62.

<sup>61</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu 1917-1919, s. 27-30.

eiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.<sup>62</sup>

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fylga svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.<sup>63</sup>

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjargangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilir á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivotn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fylga. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvǫku; þar eigu menn at telgja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagur viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...<sup>64</sup>

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.<sup>65</sup>

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.<sup>66</sup> Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.<sup>67</sup> Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka

<sup>62</sup> Eggert Briem 1917, s. 61-62.

<sup>63</sup> Grágás 1992, s. 369 (74. k. llb.).

<sup>64</sup> Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).

<sup>65</sup> Jónsbók 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

<sup>66</sup> Eggert Briem 1917, s. 61-62.

<sup>67</sup> Sjá eldri Frostapingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250-251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144-145.

almenninga að ræða.<sup>68</sup> Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nýtt af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.<sup>69</sup>

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.<sup>70</sup> Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklings-eignarréttinda yfir.<sup>71</sup> Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nýttar eru af.<sup>72</sup>

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.<sup>73</sup> Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.<sup>74</sup> Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

#### 4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands.

<sup>68</sup> Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104-114.

<sup>69</sup> Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

<sup>70</sup> Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

<sup>71</sup> Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.-1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

<sup>72</sup> Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

<sup>73</sup> Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur*. Reykjavík. S. 83.

<sup>74</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.<sup>75</sup>

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.<sup>76</sup> Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.<sup>77</sup>

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.<sup>78</sup> Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanami á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.<sup>79</sup> Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og solum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn ótalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan

<sup>75</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu 1917-1919, s. 43.

<sup>76</sup> Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

<sup>77</sup> *Jónsbók* 1904, s. 176-177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330-331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. llb.).

<sup>78</sup> *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

<sup>79</sup> Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparháttanna verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju

eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.<sup>80</sup> Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.<sup>81</sup>

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.<sup>82</sup> Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.<sup>83</sup> Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.<sup>84</sup> Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.<sup>85</sup>

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.<sup>86</sup>

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108

<sup>80</sup> Jónsbók 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). Grágás 1992, s. 330-331 (38. k. lþp.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.-8. gr., og nr. 6/1986, 7.-8. gr.

<sup>81</sup> Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lþp.).

<sup>82</sup> Grágás 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lþp.).

<sup>83</sup> Jónsbók 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).

<sup>84</sup> Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

<sup>85</sup> Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

<sup>86</sup> Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búspærfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafréttta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttar-eignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afréttta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.<sup>87</sup>

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.<sup>88</sup>

Skýldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.<sup>89</sup> Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur*, sbr.

<sup>87</sup> Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

<sup>88</sup> Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.-10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

<sup>89</sup> Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða



kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur*. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo: Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskríteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neindir fyrirvarar gerðir varðandi grunn- eignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.<sup>90</sup> Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.<sup>91</sup>

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.<sup>92</sup> Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarbeið fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni

---

afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

<sup>90</sup> Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

<sup>91</sup> Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunabyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

<sup>92</sup> Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakíflshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtisdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómur skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afréttanna með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar

jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

#### 4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnst allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunar-kröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnst afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það

er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beiti-land með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almenntri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

#### 4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögboðkunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.<sup>93</sup> Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendum.<sup>94</sup>

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.<sup>95</sup> Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málsþaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfi-hreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.<sup>96</sup> Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.<sup>97</sup> Hér er einnig ástæða til

<sup>93</sup> Sbr. Grágás 1992, s. 472. Jónsbók 1904, s. 43, 272-273.

<sup>94</sup> *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hvern við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki...“

<sup>95</sup> Sigurður Þórarinnsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1-2, 15.

<sup>96</sup> Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 14-15.

<sup>97</sup> Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII-XXIII.

að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.<sup>98</sup>

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosíð í Knappafellsjökli 1362. En hægfare breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.<sup>99</sup> Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukeninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.<sup>100</sup> Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.<sup>101</sup>

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.<sup>102</sup> Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.<sup>103</sup> Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.<sup>104</sup>

<sup>98</sup> *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

<sup>99</sup> *Landnámaabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

<sup>100</sup> *Dissertationcula de montibus Islandiae chrystallinis* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 16-17).

<sup>101</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

<sup>102</sup> Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

<sup>103</sup> Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.

<sup>104</sup> Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jökulsvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almennaréttur er bundinn við“ („Eignaréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jökla, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.<sup>105</sup>

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarkna/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarkna sé að ræða en ekki mörk tveggja afréttar eða eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.<sup>106</sup> Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.<sup>107</sup> Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnn færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að

---

landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbætur eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jökla landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

<sup>105</sup> Þskj. 598. Alþtíð. 1997-1998, 122. lögþ. A: 2598.

<sup>106</sup> Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

<sup>107</sup> Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510-512.

dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.<sup>108</sup> Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.<sup>109</sup> Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitnið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

<sup>108</sup> Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

<sup>109</sup> Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignarréttur* II. Reykjavík. S. 136.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekktu jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.<sup>110</sup> Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrir aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalog og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hropað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalog eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnlögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalytingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalinu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á

<sup>110</sup> Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktur um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinnsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43-48.



milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið

og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

#### 4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að lítið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru enn fremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.<sup>111</sup> Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælt til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.<sup>112</sup> Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.<sup>113</sup>

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrararbeit því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.<sup>114</sup>

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kápítula landsleigubálks Jónsbókar:

<sup>111</sup> Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 144-145 (6. og 18. k. llb.).

<sup>112</sup> *Jónsbók* 1904, s. 292.

<sup>113</sup> *Jónsbók* 1904, s. 152-154 (24. k. llb.).

<sup>114</sup> *Jónsbók* 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330-331 (38. k. lbp.).

Eigi skulu réttir fyrir vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er loðgrétt skal vera, skipa svá oðrum gongum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri moðk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gonguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.<sup>115</sup>

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.<sup>116</sup>

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútfengin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks

<sup>115</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 149.

<sup>116</sup> *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lþb.).

konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögnum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögnum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimlands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða háttá þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapitula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegur meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaf framkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaf framkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

#### 4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti réttthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.<sup>117</sup> Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til

<sup>117</sup> Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.<sup>118</sup>

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.<sup>119</sup>

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.<sup>120</sup> Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,<sup>121</sup> og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.<sup>122</sup> Elsta skjalllega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.<sup>123</sup> Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta reka-skrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.<sup>124</sup> Ítökum fjölgaði

<sup>118</sup> Sbr. Grágás 1992, s. 288.

<sup>119</sup> Jónsbók 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

<sup>120</sup> Sbr. Grágás 1992, s. 296, 321, 329. Jónsbók 1904, s. 147-148, 150.

<sup>121</sup> Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

<sup>122</sup> Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík. S. 277.

<sup>123</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857-76. S. 178-180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

<sup>124</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67-76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246-248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248-251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.<sup>125</sup>

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálavömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).<sup>126</sup> Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrískóg og raptvidahögg í jörðunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.<sup>127</sup> Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.<sup>128</sup>

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingaraflla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparháttar og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.<sup>129</sup> Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nýttu í sambandi við notkun þeirra.<sup>130</sup> Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsvæðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr.

<sup>125</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, mósukurður/mótak, engjatak/engjatak, reki/rekaítak*.

<sup>126</sup> Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

<sup>127</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

<sup>128</sup> Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

<sup>129</sup> Sbr. hugtakið *servítur* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

<sup>130</sup> Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

laganna.<sup>131</sup> Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Löggin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.<sup>132</sup> Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafretti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.<sup>133</sup> Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397<sup>134</sup> og Gíslamáldaga frá 1570.<sup>135</sup> Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.<sup>136</sup> Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafreitur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafreitur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

#### 4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.<sup>137</sup> Undir yfirborði

<sup>131</sup> Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögnum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

<sup>132</sup> Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að löggin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögnum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

<sup>133</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

<sup>134</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

<sup>135</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

<sup>136</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

<sup>137</sup> Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.



sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.<sup>138</sup> Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.<sup>139</sup>

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.<sup>140</sup> Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lögum sé frá komit.“<sup>141</sup> Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.<sup>142</sup> Allan reka utan *reka-marka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.<sup>143</sup>

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.<sup>144</sup> Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deilda reka.<sup>145</sup> Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.<sup>146</sup> Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli

<sup>138</sup> Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

<sup>139</sup> Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

<sup>140</sup> Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvöllum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.-2. gr.

<sup>141</sup> *Jónsbók* 1904, s. 194.

<sup>142</sup> *Grágás* 1992, s. 351-352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194-195.

<sup>143</sup> *Grágás* 1992, s. 353-354. *Jónsbók* 1904, s. 196-197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnst í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

<sup>144</sup> *Grágás* 1992, s. 552. Í *Jónsbók* virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis út fyrir netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan er veiðir“ (*Jónsbók* 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

<sup>145</sup> Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

<sup>146</sup> *Grágás* 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. *Grágás* 1992, s. 353-354). Samkvæmt *Jónsbók* 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrirvir [fellur út] utast.<sup>147</sup>

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.<sup>148</sup>

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

Það var logtekid um rekamark a Auxararþijngje af badum lögmonnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flæðarmäle þa siör ræður sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eýrartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast það landeigande hvort það er trie edur hvalur.<sup>149</sup>

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjöru- maður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjöru- maður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

Ef maðr kaupir reka af landi manns at lög máli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjör en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri álнарlönq kefli oll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.<sup>150</sup>

Rekamaður átti einnig allan ómerkta við og hval sem menn fluttu úr almenningi<sup>151</sup>, ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.<sup>152</sup> Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá

<sup>147</sup> Grágás 1992, s. 353-354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

<sup>148</sup> Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

<sup>149</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1-2.

<sup>150</sup> Jónsbók 1904, s. 196-197.

<sup>151</sup> Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (Jónsbók 1904, s. 197).

<sup>152</sup> Grágás 1992, s. 354-355, 365. Jónsbók 1904, s. 196-197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í Jónsbók.

ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.<sup>153</sup> Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.<sup>154</sup>

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.<sup>155</sup> Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skráum aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.<sup>156</sup> Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *reka-grunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpin væri sandi eða grjóti.<sup>157</sup> Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Örfæfum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.<sup>158</sup> Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.<sup>159</sup> Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningafjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.<sup>160</sup>

*Netlögum* má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.<sup>161</sup>

<sup>153</sup> Grágás 1992, s. 354. Jónsbók 1904, s. 197, 201-203, 208-209.

<sup>154</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56-57.

<sup>155</sup> Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

<sup>156</sup> Kuhn, Hans, 1943-1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

<sup>157</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

<sup>158</sup> Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

<sup>159</sup> Grágás 1992, s. 369. Sbr. Jónsbók 1904, s. 193-194.

<sup>160</sup> Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningafjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandasþik“). Sbr. Grágás 1992, s. 356, 365. Jónsbók 1904, s. 135.

<sup>161</sup> Grágás 1992, s. 354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 196.

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gildi einu þó að annar hefði eignast aðrar nýttjar í fjöru og netlögum.<sup>162</sup> Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögþóttunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmösksvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.<sup>163</sup> Alin jafngildi um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalfæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almenningur*.<sup>164</sup> Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.<sup>165</sup> Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.<sup>166</sup> Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.<sup>167</sup> Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitæfni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendlöggin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.<sup>168</sup> Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.<sup>169</sup>

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að

<sup>162</sup> Jónsbók 1904, s. 197.

<sup>163</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

<sup>164</sup> Íslenskt fornbréfasafn 1, s. 536.

<sup>165</sup> Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

<sup>166</sup> Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

<sup>167</sup> Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

<sup>168</sup> Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II, s. 136.

<sup>169</sup> Ekki verður ráðið af fyrirleggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

## 5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

### 5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

### 5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðar-hundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).<sup>170</sup>

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.<sup>171</sup> Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.<sup>172</sup>

Á árunum 1702-1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar

<sup>170</sup> Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

<sup>171</sup> Sbr. Björn Lárússon, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárússon, 1982: *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Lundi. S. 18.

<sup>172</sup> Björn Lárússon 1967, s. 63.

og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landspjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árne og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útgangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árne og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýrleidis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.<sup>173</sup> Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“<sup>174</sup>

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.<sup>175</sup> Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.<sup>176</sup> Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram

<sup>173</sup> Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165-175.

<sup>174</sup> *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

<sup>175</sup> Björn Lárússon 1982, s. 17.

<sup>176</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

fór jarðamat um land allt á árunum 1800-1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.<sup>177</sup> Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.<sup>178</sup> Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

### 5.3. Máldagar og vísitasúr

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun

<sup>177</sup> *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475-481.

<sup>178</sup> *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.<sup>179</sup>

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082-1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.<sup>180</sup> Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.<sup>181</sup>

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.<sup>182</sup> Jafnframt gildi sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.<sup>183</sup>

<sup>179</sup> Grágás 1992, s. 12.

<sup>180</sup> Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis*. Peter Lang, Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134-135.

<sup>181</sup> Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

<sup>182</sup> Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123-126, 223-226.

<sup>183</sup> Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40-49.



Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.<sup>184</sup> Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.<sup>185</sup>

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og autentískt“ kirkjuregistur.<sup>186</sup> Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.<sup>187</sup>

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía

<sup>184</sup> *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

<sup>185</sup> Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

<sup>186</sup> *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513-514.

<sup>187</sup> Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47-48.

um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

#### 5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (IIb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (IIb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (IIb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gildi almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gildi aðeins í 12 mánuði (IIb. 17).<sup>188</sup>

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (IIb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lögfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lögfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lögmáli réttu...

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.<sup>189</sup> Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.<sup>190</sup> Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.<sup>191</sup>

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta

<sup>188</sup> Sbr. Sigurður Línal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175-176.

<sup>189</sup> Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast...* Reykjavík. S. 165.

<sup>190</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdráttir*. Reykjavík 1993. S. 162.

<sup>191</sup> *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519-521.

ráðsmannsins í Skálholti.<sup>192</sup> Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga<sup>193</sup> virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

### 5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.<sup>194</sup> Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.<sup>195</sup> Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.<sup>196</sup> Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.<sup>197</sup> Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalyfingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.<sup>198</sup> Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt

<sup>192</sup> Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

<sup>193</sup> Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

<sup>194</sup> Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

<sup>195</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, s. 67-68; 1849, s. 26, 261-263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515-516; 1879 (fyrri partur), s. 24-28; 1881 (síðari partur), s. 118.

<sup>196</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 28-29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (fyrri partur), s. 197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

<sup>197</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 29, 31, 261, 274-275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

<sup>198</sup> Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

fasteignamat.<sup>199</sup> Af þessu má ráða að setning landamerkjálaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenski löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gildi því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjälögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.<sup>200</sup> Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirbyggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við

<sup>199</sup> Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrrri partur), s. 516-518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

<sup>200</sup> Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjatalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrár þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrár hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákvæðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.<sup>201</sup> Orðin landamerkjalyking og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggæringa. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjatalaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjatalaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist

<sup>201</sup> Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).<sup>202</sup>

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðháttu, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsímálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).<sup>203</sup> Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfur og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir

<sup>202</sup> Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

<sup>203</sup> Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

## 5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lög-málum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.<sup>204</sup> Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lögmála á Alþingi, sbr. 8.-9. kapítula landsbrigðabáttar í Jónsbók.<sup>205</sup>

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansallísins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmani falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifra og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og

<sup>204</sup> Grágás 1992, s. 300 (14. k. lbb.).

<sup>205</sup> Jónsbók 1904, s. 127-128 (8.-9. k. lbb.), 221-222 (11.-12. k. kb.).

hvört nokkuð það sé á þingi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“<sup>206</sup> Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skráum þeirra.<sup>207</sup> Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.<sup>208</sup>

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan nógildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skráum og framlagningu þeirra.<sup>209</sup> Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.<sup>210</sup> Viðsum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

## 5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift

<sup>206</sup> Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrukun á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. 57.

<sup>207</sup> Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur*. Reykjavík. S. 29.

<sup>208</sup> *Alþingistíðindi A 1977-1978*, s. 1382.

<sup>209</sup> Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

<sup>210</sup> Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.



eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þá-gildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómur hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómur sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegru niðurstöðu um einstök álitaeefni.

Heimildir um stjórnáslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignáslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en stöðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófests. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppláttarit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágríp af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

## 6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina

á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nýttjar af þessu tagi hafa ekki nægt

til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatalilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámunum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hvernar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hvernar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir

viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrir og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrir og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrir en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar.

Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinna jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjagala 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til

verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrir en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.


Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.



**FYLGISKJÖL****I. Kort****II. Aðilaskrá****III. Skjalaskrá**

















**BYGGÐANEFND**  
**ÞJÓÐLENDUMÁL**  
 Svæði 6 - Mál 1


<ul style="list-style-type: none"> <li><span style="color: red;">—</span> Mörk þjóðlendu skv. úrskurði bygginganefndar</li> <li><span style="color: green;">—</span> Mörk afbrettareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði bygginganefndar</li> <li><span style="color: blue;">—</span> Aðalkrafra ríkisins um þjóðlendumörk</li> <li><span style="color: cyan;">—</span> Varakrafra ríkisins um þjóðlendumörk</li> <li><span style="color: purple;">—</span> Þrautavarakrafra ríkisins um þjóðlendumörk</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><span style="border: 1px solid black; display: inline-block; width: 10px; height: 10px;"></span> Kröfur gagnaðila ríkisins</li> <li><span style="border: 1px dashed black; display: inline-block; width: 10px; height: 10px;"></span> Varakröfur gagnaðila ríkisins</li> <li><span style="border: 1px dotted black; display: inline-block; width: 10px; height: 10px;"></span> Almörkun á kröfum og ábúenda</li> <li><span style="border: 1px solid black; display: inline-block; width: 10px; height: 10px;"></span> Sikrun á kröfum gagnaðila ríkisins</li> <li><span style="border: 1px solid black; display: inline-block; width: 10px; height: 10px;"></span> Örnefni eða landamerki skv. skrá lögmannna eða mælingum gagnaðila</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><span style="border: 1px solid black; display: inline-block; width: 10px; height: 10px;"></span> Afturkölluð krafu ríkisins um þjóðlendumörk</li> <li><span style="border: 1px solid orange; display: inline-block; width: 10px; height: 10px;"></span> Mörk sveitarfélaga</li> <li>Um túlusetta kröfulínupunkta vísað til kröfulýsinga málsaðila.</li> <li>Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.</li> <li>Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.</li> </ul>
--	--	--

Kortagrunnur: ISSVI bíll með svyl Landmælinga Íslands (L5046005)

Mælikvarði 1:125.000 í A1 Dags 6. Júní 2008 Blað nr. M1-01a LANNEIEM.DU  
 LANDLÁSGARÐSTÆTTAR F.L.A. AUSTURVEIÐUR 6, 800 SELFOS. v482-4300 faxv482-2042. web@lanneiemi.is



 <p><b>ÖBYGGANEFND</b></p> <p><b>ÞJÓÐLENDUMÁL</b></p> <p>Svæði 6 - Mál 1</p> <p><small>Kortagrunur: 1990V (ef með lýfi Landmælinga Íslands 025840005)</small></p>	<p> Mörk þjóðlendu skv. úrskurði öbyggsánefndar</p> <p> Mörk afbirtareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði öbyggsánefndar</p> <p> Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk</p> <p> Kröfur gagnaðila ríkisins</p> <p> Varakröfur gagnaðila ríkisins</p>	<p> Skörum á kröfum gagnaðila ríkisins</p> <p> Örnefni eða landamerki skv. skrá lögmannna eða mælingum gagnaðila</p> <p> Mörk sveitarfélaga</p>	<p>Um tölusetta kröfulínupunkta vísað er til kröfufýsinga málsaðila.</p> <p>Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.</p>
	<p>Mælikvæði: 1:125.000   A1   Dags: 6. júní 2008   Blað nr. M1-01b   LANDFURM.ÍSL.</p> <p><small>LANDSAGGARTEXTAKTAR.FLA.AUSTURVEIGUR 6, 800 SELFOSI. v482 4900 fax482 3043. landfur@landfur.is</small></p>		



## II. Aðilaskrá

Þjóðlendum	Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins
Árhvammur	Jón Pétursson
Björk	Elín S. Kristjánsdóttir
Björk	Hermann Kristjánsson
Björk	Jóhann Friðrik Kristjánsson
Björk	Þórhallur Kristjánsson
Brú á Jökuldal	Sigvarður Halldórsson
Brú á Jökuldal	Stefán Halldórsson
Einarsstaðir I (Framdalaafréttur)	Olga Marta Einarsdóttir
Einarsstaðir II (Framdalaafréttur)	Einir Viðar Björnsson
Einarsstaðir II (Framdalaafréttur)	Guðfinna Sverrisdóttir
Garður I	Kári Þorgrímsson
Garður II	Árni Halldórsson
Grímsstaðir I	Elín Steingrímsdóttir
Grímsstaðir I	Herdís Steingrímsdóttir
Grímsstaðir II	Guðrún Benediktsdóttir
Grímsstaðir II	Kjartan Þ. Sigurðsson
Grímsstaðir III	Haukur Aðalgeirsson
Grímsstaðir IV	Þorgerður Egilsdóttir
Grænavatn I	Freyja Kristín Leifsdóttir
Grænavatn I	Jón Haraldur Helgason
Grænavatn II	Hrafnhildur Kristjánsdóttir
Grænavatn II	Sigrún Benediktsdóttir
Grænavatn II	Þórhildur Benediktsdóttir
Grímsstaðir III	Freyja Kristín Leifsdóttir
Grímsstaðir III	Jón Haraldur Helgason
Grænavatn IV	Hjörleifur Sigurðsson
Jaðar (Framdalaafréttur)	Guðrún Jóna Svavarsdóttir
Jaðar (Framdalaafréttur)	Sigurður Örn Haraldsson
Kasthvammur	Aðalbjörg Jónsdóttir
Reykjahlið I	Guðrún María Valgeirsdóttir

Reykjahlið II	Finnur Baldursson
Reykjahlið II	Sigurður Baldursson
Reykjahlið II	Sigurður Jónas Þorbergsson
Reykjahlið II	Þuríður Sigurðardóttir
Reykjahlið III	Bryndís Jónsdóttir
Reykjahlið III	Ólafur H. Jónsson
Reykjahlið IV	Finnur Baldursson
Reykjahlið IV	Sigurður Baldursson
Reykjahlið	Gísli Sverrisson
Reykjahlið	Héðinn Sverrisson
Reykjahlið	Jón Illugason
Reykjahlið	Kristín Sverrisdóttir
Reykjahlið	Pétur Gíslason
Reykjahlið	Sigfús Illugason
Reykjahlið	Sigrún Sverrisdóttir
Reykjahlið	Sólveig Illugadóttir
Skútustaðahreppur (afréttarsvæði)	Skútustaðahreppur
Skútustaðir I (Selland og afréttarsvæði)	Prestssetrasjóður
Skútustaðir II (Selland og afréttarsvæði)	Björn G. Yngvason
Skútustaðir II (Selland og afréttarsvæði)	Gylfi H. Yngvason
Skútustaðir III (Selland og afréttarsvæði)	Ríkissjóður Íslands
Stóratunga (landsvæði í Suðurárhrauni)	Ríkissjóður Íslands
Vogar I	Anna Skarphéðinsdóttir
Vogar I	Leifur Hallgrímsson
Vogar I	Ólöf Þórelfur Hallgrímsdóttir
Vogar II og IV	Gunnar Rúnar Pétursson
Vogar II	Hjördís Sigríður Albertsdóttir
Vogar II og IV	Jónas Pétur Pétursson
Vogar II og IV	Þórdís Guðfinna Jónsdóttir
Vogar II og IV	Þorlákur Jónasson
Vogar III	Gísli Rafn Jónsson
Vogar III	Hinrik Sigfússon
Vogar III	Jakob Stefánsson
Vogar III	Jón Árni Sigfússon

Vogar III

Jón Ingi Hinriksson

Vogar III

Sólveig Erla Hinriksdóttir

Vogar III

Valgerður Sigfúsdóttir

### III. Skjalaskrá<sup>1</sup>

#### Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 1.11.2006.
  - 1(1) Skjalaskrá, ódags. en móttekin 7.11.2006.
  - 1(2) Tilvísanaskrá, ódags. en móttekin 7.11.2006.
  - 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 15.6.2006. Tilkyning um meðferð á svæði VI.
  - 1(4) Beiðni lögmans fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um frest til skila á þjóðlendukröfum á svæði VI, austanvert Norðurland, dags. 6.9.2006.
  - 1(5) Bréf óbyggðanefndar til lögmans fjármálaráðuneytisins, frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði VI, dags. 14.9.2006.
  - 1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmans fjármálaráðuneytisins, frekari frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði VI, dags. 12.10.2006.
  - 1(7) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um þjóðlendukröfur á svæði VI, austanvert Norðurland, dags. 1.11.2006.
  - 1(8) Reykjahliðarmáldagi í AM, 249 d, folio. Magnús Már Lárusson. Bls. 352-353.
  - 1(9) Samantekt Ingvars Teitssonar, dr. med., um eignarhald á Herðubreiðarlindum í Ódáðahrauni, dags. 16.8.2006, 24.9.2005, 12.6.2006 og 18.7.2004, ásamt fylgiskjölum.
  - 1(10) Óstaðfest uppskrift af lögfestu Voga, dags. 7.6.1755.
  - 1(11) Lögfesta fyrir Stóru-Tungu, dags. 12.4.1793.
  - 1(12) Samningur milli eigenda jarðarinnar Reykjahliðar og iðnaðarráðherra varðandi auðlindir í landi jarðarinnar, dags. 18.3.1971.
  - 1(13) Samningur milli eigenda jarðarinnar Voga og iðnaðarráðherra varðandi auðlindir í landi jarðarinnar, dags. 25.3.1971.
  - 1(14) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 11.6.2007.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 a-c a). Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 16.11.2007. b). Yfirlit vegna skjala er varða Brú á Jökuldal, dags. 13.3.2008. c). Yfirlit vegna skjala varðandi eignarrétt að jarðhita, dags. 28.3.2008.

#### *Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

- 2(1) Ás í Kelduhverfi, dags. 27.8.1887. (*Merkt 1*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(2) Einarstaðir í Reykjadal. Framdalir, dags. 3.6.1890 (*Merkt 2*).
- 2(3) Garður í Mývatnssveit, dags. 24.5.1894. (*Merkt 3*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(4) Grímsstaðir í Mývatnssveit, dags. 8.5.1891. (*Merkt 4 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(5) Grænavatn í Mývatnssveit, dags. 20.5.1921. (*Merkt 5 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(6) Kasthammur í Laxárdal, dags. 14.5.1890. (*Merkt 6 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(7) Reykjahlið við Mývatn, dags. 8.4.1891. (*Merkt 7 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(8) Skútustaðir í Mývatnssveit, dags. 13.4.1891. (*Merkt 8 a-c*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(9) Stóratunga í Bárðardal, dags. 3.3.1884. (*Merkt 9 a-c*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(10) Vogar í Mývatnssveit, dags. 26.5.1890. (*Merkt 10*), ásamt óstaðfestri uppskrift

<sup>1</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.



- a-b frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(11) Vogar í Mývatnssveit, dags. nóv. 1964. (*Merkt 11 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(12) Vogar í Mývatnssveit, dags. 30.7.1965. (*Merkt 12 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(13) Þeistareykjaafrétt, dags. 16.9.1948. (*Merkt 13 a-d*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(14) Þverá í Laxárdal með Auðnum. Afréttur á Króksdal, dags. 23.5.1890. (*Merkt 14*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(172) Brú, dags. 4.7.1890, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. (*Merkt 16 a-b*).
- 2(173) Brú, dags. 14.10.1921, ásamt uppskrift frá sýslumanninum á Seyðisfirði. (*Merkt 17*).
- 2(174) Laugavellir, Heiðarsel og Grunnvatn (býli í Brúarlandi), dags. 15.12., 13. og 24.10.1921, ásamt uppskrift. (*Merkt 18 a-d*).
- 2(180) Möðrudalur, þingl. 25.7.1923, ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Selfossi. (*Merkt 19 a-b*).
- 2(181) Víðidalur, þingl. 27.7.1922. (*Merkt 20 a-b*).
- 2(192) Ás og Svinadalur, dags. 1.5.1889. (*Merkt 15 a-b*).
- Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*
- 2(15) Sjöttardómur um kaupbréf Magnúsar Jónssonar fyrir Grænavatni, dags. 6.5.1562. (*Merkt 1 a-d*).
- 2(16) Vitnisburður Jóns Þórðarsonar um landamerki Grænavatns, dags. 28.2.1675, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-c*).
- 2(17) Lögfesta Brynjólfs Sigurðssonar fyrir Grænavatni, dags. 21.7.1766, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-c*).
- 2(18) Lögfesta Jóns Þórðarsonar fyrir Grænavatni, dags. 17.5.1830, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-b*).
- 2(19) Lögfesta fyrir Vogum, dags. 7.6.1755, ásamt uppskrift. (*Merkt 5 a-b*).
- a-b
- 2(20) Mótmæli Skútustaðabónda við lögfestu Reykjahlíðar, dags. 2.6.1745, ásamt uppskrift. (*Merkt 6*).
- Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*
- 2(21) Sala á Stórutungu, dags. 11.9.1837, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-c*).
- a-b
- 2(188) Lögfesta fyrir Möðrudal 1844, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-b*).
- a-b
- 2(190) Afsalsbréf fyrir Laugavöllum, dags. 20.10.1924. (*Merkt 2*).
- Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*
- 2(22) Jarðamat 1804 úr Skútustaðahreppi: Grímsstaðir, Reykjahlíð, Vogar, Garður, Grænavatn, Skútustaðir. Auk þess er athugasemd vegna brennisteinsnáms. (*Merkt 10 a-j*).
- 2(23) Jarðamat 1804 úr Kelduneshreppi, Ás. (*Merkt 11 a-b*).
- 2(24) Jarðamat 1804 úr Ljósavatnshreppi, Stóratunga. Svartárkot virðist þá hafa verið í eyði. (*Merkt 12 a-b*).
- 2(25) Jarðamat 1804 úr Helgastaðahreppi, Einarsstaðir og Kasthvammur. Sömuleiðis umsögn um eyðijarðir. (*Merkt 13 a-d*).
- 2(26) Uppskriftir skjala 2(22)-2(25) úr jarðamati 1804.
- 2(27) Jarðamat úr Kelduneshreppi 1849: Ás með Svinadal og Þórunnarsel. Í sveitarlýsingu er tekið fram að sveitin sé vel sjálfbjarga með afréttarland, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-c*).
- 2(28) Jarðamat úr Helgastaðahreppi 1849: Kasthvammur, Einarsstaðir og Þeistareykir. Í sveitarlýsingu segir m.a. að afréttarland megi telja nokkuð, er ýmsum jörðum í sveitinni tilheyri, þó ei sé henni einhlítt með öllu. Í verðlagningu Einarsstaða er frádráttur vegna ókosta auk ítaka, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-f*).

- 2(29) Jarðamat úr Skútustaðahreppi 1849: Grímsstaðir, Reykjahlíð, Vogar, Garður, a-b Grænavatn og Skútustaðir og auk þess þrætuland milli Skútustaða og Bárðdæla, en lýst er merkjum þess. Einnig fylgir verðmat vegna Reykjahlíðar, þar sem önnur hlunnindi eru metin til peningaverðs og verðmat á þrætulandinu fyrrnefnda, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-h*).
- 2(30) Jarðamat úr Ljósavatnshreppi 1849 fyrir Stórutungu og Svartáarkot. Í sveitarlýsingu er landi lýst og talað um ágang af afréttarfé, en ekkert fjallað sérstaklega um afrétti, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-d*).
- 2(31) Jarðamat í Kelduneshreppi 1916-1918: Ás, Svínadalur, Þórunnarsel og Syðri-bakki. (*Merkt 5 a-d*).
- 2(32) Jarðamat í Skútustaðahreppi 1916-1918: Grímsstaðir, Reykjahlíð, Vogar, Garður, Grænavatn, Skútustaðir, Álftagerði og Krákárbakki. (*Merkt 6 a-h*).
- 2(33) Jarðamat í Reykdælahreppi (áður Helgastaðahreppi) 1916-1918: Kasthvamur og Einarsstaðir. (*Merkt 7 a-c*).
- 2(34) Jarðamat í Bárðdælahreppi (áður Ljósavatnshreppi ) 1916-1918: Svartáarkot og Stóratunga. (*Merkt 8 a-b*).
- 2(35) Yfirmat í Skútustaðahreppi 1918. Reykjahlíð hækkuð í mati vegna tekna af Dettifossi og afrétti. (*Merkt 9 a-b*).
- 2(175) Jarðamat 1804. Brú á Jökuldal, ásamt uppskrift. (*Merkt 14 a-b*).
- a-b
- 2(176) Jarðamat 1849-1860. Brú, ásamt uppskrift. (*Merkt 15*).
- a-b
- 2(177) Fasteignamat 1916-1918: Brú, Laugavellir, Heiðarsel og Grunnavatn. (*Merkt 16 a-g*).
- 2(178) Fasteignamat 1930-1932: Brú, Laugavellir, Heiðarsel og Grunnavatn, einnig uppkast að lýsingu Brúar, sem tekin mun eftir ábúanda. (*Merkt 17 a-t*).
- Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*
- 2(135) Manntalsþing að Haganesi, dags. 21.5.1703. Sýslumaður auglýsir tilkynningu a-b Magnúsar Sigurðssonar um að í Skútustaðaafrétt megi reka lömb, sem að fornu, gegn ódýrum tolli, ásamt uppskrift. (*Merkt 1*).
- 2(136) Manntalsþing að Keldunesi, dags. 25.6.1711. Lýsing á hrossi sem rekið var til a-b Jóns Ketilssonar af Mývatnsfjöllum í fyrra vor, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-b*).
- 2(137) Manntalsþing að Haganesi við Mývatn, dags. 29.6.1712. Séra Bjarni Ormsson, a-b prestur í Mývatnsþingum, kvartar yfir því að sveitarbúar vilji ekki reka lömb sín í afrétt eins og tíðkast hefur heldur láti þau ganga í engjar leigujarða sinna þeim til mikils skaða., ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-c*).
- 2(138) Manntalsþing að Skútustöðum við Mývatn, dags. 22.6.1740. Ólafur Þorláksson a-b les upp lögfestu fyrir Skútustöðum með þeim ummerkjum sem hún með sér færir. Einnig spyr hann sveitarmenn út í notkun á Skútustaðalandi/afrétt, ásamt uppskrift. (*Merkt 6 a-b*).
- 2(139) Manntalsþing að Skútustöðum við Mývatn, dags. 25.6. eða 7. 1782. Sýslumaður a-b spyr úti í upptöku sáðgarða og er svarað á þá leið að ekki sé tími til þess nema með því að vanrækja ábatasama fjallagrasatekju., ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-b*).
- 2(140) Manntalsþing að Skútustöðum við Mývatn, dags. 10.5.1800. Jón Þorsteinsson í a-b Reykjahlíð spyr, fyrir hönd föður síns Þorsteins Jónssonar, hvort þingmenn viti til þess að umráðendur eða ábúendur Möðrudals á Fjalli hafi notað sér vetrar-eða sumargöngu á Mývatnsfjöllum eða svokölluðum Austurfjöllum, ásamt uppskrift. (*Merkt 19*).
- 2(141) Manntalsþing á Keldunesi, dags. 10.7.1804. Vitnisburður þingsóknarmanna um a-b ásigkomulagi jarðarinnar Áss, ásamt uppskrift. (*Merkt 23 a-b*).
- 2(142) Áreiðarþingsréttur að Viðikeri í Bárðardal, dags. 4.10.1815. Gerð áreið á Stóratungu með eyðihjáleigunni Svartáarkoti og Viðikers að beiðni eiganda til að fastsetja takmörk. Þess getið að Viðker tilheyrði að fornu Einarsstaðakirkju, ásamt uppskrift. (*Merkt 36 a-c*).

- 2(143) Héraðsréttur á Helgastöðum, dags. 9.5.1820. Mál áhrærandi meintan eignarétt a-b Múlakirkju á brennisteinsnámum sem liggja í landi kirkjujarðarinnar Þeistareykja, ásamt uppskrift. (*Merkt 39 a-b*).
- 2(144) Manntalsþingsréttur á Helgastöðum, dags. 17.5.1820. Dómur í eignaréttarmáli a-b brennisteinsnáma í Þeistareykjarlandi, ásamt uppskrift. (*Merkt 40 a-d*).
- 2(145) Manntalsþingsréttur á Helgastöðum, dags. 27.5.1830. Helgi Ásmundsson proprietarius fyrir Skútustöðum býður sveitarmönnum Skútustaðakirkjuafrétt á Framfjöllum til geldfjárresturs fyrir ódýra leigu, ásamt uppskrift. (*Merkt 45 a-b*).
- 2(146) Manntalsþingsréttur að Skútustöðum, dags. 6.6.1832. Um byggingu sæluhúss á a-b Austurfjöllum, ásamt uppskrift. (*Merkt 47 a-b*).
- 2(147) Héraðsþingsréttur að Reykjahlíð, dags. 26.9.1832. Landaþrætumál á milli Grímsstaða og Reykjahlíðar, sérstaklega varðandi eyðijörðina Fagranes, ásamt uppskrift. (*Merkt 49 a-c*).
- 2(148) Héraðsþingsréttur að Reykjahlíð, dags. 27.9.1832. Komist að samkomulagi í a-b landaþrætumáli milli Grímsstaða og Reykjahlíðar, ásamt uppskrift. (*Merkt 50*).
- 2(149) Manntalsþingsréttur að Helgastöðum í Reykjadal, dags. 15.5.1833. Klögun a-b vegna óreglu Mývetninga í sauðagöngum í þeim afréttum og fjallöndum sem Helgastaðahreppsmenn eiga að ganga saman við þá, ásamt uppskrift. (*Merkt 51 a-b*).
- 2(150) Aukaréttur á Skútustöðum, dags. 18.5.1833. Áframhald landaþrætumáls Grímsstaða og Reykjahlíðar áhrærandi eignar- og notkunarrétt Fagranesslands, ásamt uppskrift. (*Merkt 53 a-b*).
- 2(151) Héraðsréttur á Skútustöðum, dags. 14.6.1833. Áframhald landaþrætumáls a-b Grímsstaða og Reykjahlíðar áhrærandi eignar- og notkunarrétt Fagranesslands, ásamt uppskrift. (*Merkt 54 a-d*).
- 2(152) Fógetaréttur að Húsavík, dags. 18.1.1877. Benedikt Kristjánsson prestur að Múla og Þ. Guðjohnsen verslunarfulltrúi á Húsavík krefjast þess að sýslumaður kyrrestji eignir brennisteinsfélagsins í Englandi “The North of Iceland Sulphur Company (Limited)” vegna vanskila. Getið samnings A.G. Locks við dómsmálastjórnina frá 13.4.1872 til brennisteinsnáms í námum þeim í Þingeyjarsýslu (Reykjahlíðar- og Fremrinámum) sem er eign hins opinbera. (*Merkt 75 a-d*).
- 2(153) Lögregluréttur á Þeistareykjum, dags. 8.8.1877. Tilefni réttarhaldsins var að búið var að brjóta upp hús á Þeistareykjum sem tilheyrði hinu enska brennisteinsfélagi sem var kyrsett með fógetagjörð 18. janúar sama ár. Fram kemur að þegar umrætt félag hafi í fyrra vor látið byggja hús þau er nú standa hafi þar verið fyrir hús sem notað var til að gangnamenn og aðrir er ferð áttu þar um gætu leitað sér skjóls. Umrætt hús hafi verið notað í þarfir félagsins en það í staðinn var lánað hús sem nota átti í sama tilgangi á meðan félagið ræki námurnar og skilaði svo aftur jafngóðu húsi er rekstrinum væri hætt. (*Merkt 77 a-c*).
- 2(154) Aukahéraðsréttur að Baldursheimi 16.6.1843. Landamerki ákveðin á milli a-b Baldursheims og Skútustaða, ásamt uppskrift. (*Merkt 79 a-c*).
- 2(155) Útmæling á nýbýlinu Árbakka [Krákárbakka], dags. 11.6.1845, ásamt uppskrift. a-b (*Merkt 84 a-c*).
- 2(156) Aukahéraðsréttur við Mývatn, dags. 15.6.1849. Vitnaleiðslur um rétt til afnota á a-b Hraunárdalsafrétt, ásamt uppskrift. (*Merkt 87 a-e*).
- 2(157) Aukadómping, dags. 3.7. og 1.8.1973 á Húsavík. Skútustaðahreppur gegn hreppssjóði Aðaldæla- og Keldunesshrepps. Skútustaðahreppur krefst fjórðungs af útlögðum kostnaði vegna landamerkjagirðingar frá Dettifossi að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll. Jafnframt að sömu aðilum verði gert að greiða kostnað í hlutfalli við skiptingu afréttarlands á milli þeirra. (*Merkt 91 a-h*).
- 2(158) Aukadómping, dags. 3.7. og 1.8.1973. Skútustaðahreppur gegn hreppssjóði Reykdælahrepps. Skútustaðahreppur krefst fjórðungs af útlögðum kostnaði vegna landamerkjagirðingar frá Sandvatni að sandgræðslugirðingu vestan við

- Gæsafjöll. Fram koma upplýsingar um girðingaframkvæmdir á afréttarmörkum milli afréttarlands Skútustaðahrepps og afréttarlands lágsveitanna Reykdæla-, Aðaldæla-, og Kelduneshrepps. (*Merkt 92 a-f*).
- 2(159) Lögregluréttur að Ljósavatni, dags. 4.2.1898. Gangnarof Lundarbrekku- og Svartárkotsbænda. Lögð fram gögn og komið á sátt. (*Merkt 94 a-c*).
- 2(160) Lögregluréttur að Ljósavatni, dags. 17.5.1900. Sigtryggur Kristjánsson í Kasthvammi kærir Kristján Jónsson á Barnafelli fyrir að hafa ekki innt af hendi fjallskil á afrétt Reykdalahrepps (Þeistareykir). (*Merkt 96 a-c*).
- 2(161) Lögregluréttur á Húsavík, dags. 20.6.1900. Áframhald á fjallskilamáli Kristjáns Jónssonar á Barnafelli. (*Merkt 97 a-d*).
- 2(162) Lögregluréttur á Húsavík, dags. 22.8.1900. Dómur í fjallskilamáli Kristjáns Jónssonar á Barnafelli. (*Merkt 98 a-d*).
- 2(179) Skoðunargerð á Brú á Jökuldal, dags. 24.8.1824, ásamt uppskrift. (*Merkt 100 a-c*).
- 2(189) Möðrudalur með hjáleigunni Lóni, Gestreiðarstöðum og Fögrukinn, gert af Stefáni Einarssyni, dags. 20.3.1884. (*Merkt 106*).
- 2(191) Dómsskjöl úr Fagranesmáli. Beiðni um vitnaleiðslur, spurningar til vitna, copia af lögfestingu fyrir Reykjahlíð. 1832-1833, ásamt uppskrift. (*Merkt 105 a-f*).
- 2(195) Bréf Ólafs Gottskálkssonar á Fjöllum og bændum í Kelduhverfi til hreppstjórans í Kelduhverfi, dags. 24.2.1843, þar sem þeir kvarta yfir ágangi geldpenings sveitanna innan Reykjaheiði sem fylla afréttir, heiðarlönd og jafnvel búfjárhaga í Kelduhverfi, ásamt uppskrift. (*Merkt 101 a-c*).
- 2(196) Bréf A. Þórðarsonar hreppstjóra í Kelduhverfi, dags. 18.3.1843, til Arnórs Árnasonar sýslumanns vegna kvörtunar Keldhverfinga sem hann kemur áleiðis, ásamt uppskrift. (*Merkt 102 a-b*).
- 2(197) Bréf úr bréfabók sýslumanns Arnórs Árnasonar, dags. 8.5.1843, til A. Þórðarsonar hreppstjóra í Kelduhverfi vegna kvartana Keldhverfinga ásamt uppskrift. (*Merkt 103*).
- Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*
- 2(36) Lögfesta Þuríðar Árnadóttur á Skútustöðum, dags. 14.4.1798, ásamt uppskrift. a-b (*Merkt 1 a-b*).
- 2(37) Lögfesta Helga Ásmundssonar á Skútustöðum, dags. 17.6.1804. Merkjalýsing er orðrétt samhljóða lýsingunni frá 1798. Henni hefur að einhverju leyti verið mótmælt af eigendum Garðs og Baldursheims með tilliti til engjataks og selstöðu. Lögfestan var einnig lesin 27.5.1805. Helgi Ásmundsson bað um, dags. 30.5.1842, að þessi lögfesta væri lesin, „sem er samkvæm Oprotesteradri lögfestu af 7da Maí 1766 og annari af 20 Maí 1807, einungis motmælti af Baldursheims ábúanda.“ Lögfestan var lesin á þingum 1842 og 1843 og mótmælt af ábúanda Baldursheims varðandi lögfestu í árkrókinn fyrir framan Baldursheim. (*Merkt 2 a-d*).
- 2(38) Lögfesta Helga Ásmundssonar á Skútustöðum, dags. 20.5.1807. Merkjalýsingin er að mestu samhljóða lögfestunni 1798, þó eru nokkrar undantekningar, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-c*).
- 2(39) Samningur um landamerki á Framfjöllum milli eigenda Skútustaða, Stórutungu og Svartárkots, dags. 28.6.1853, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-b*).
- 2(40) Leigusamningur um hrossagönguítak á Austurfjöllum milli Grenjaðarstaðaprests og Grimsstaðabónða, dags. 27.9.1830, ásamt uppskrift. (*Merkt 5*).
- 2(41) Leigusamningur um hrossagönguítak á Austurfjöllum milli Grenjaðarstaðaprests og Geiteyjarstrandarbónða, dags. 18.9.1845, ásamt uppskrift. (*Merkt 6 a-b*).
- 2(42) Eignaskrá Grenjaðarstaðarkirkju 1644, gerð af Guðmundi Bjarnasyni presti, ásamt uppskrift. (*Merkt 7 a-e*).
- 2(43) Brot úr eignaskrá Múlakirkju. Ártal kemur ekki skýrt fram, en á síðustu síðu stendur „B. Uttektar Contract af 14 Maji 1724“. Þar er umfjöllun um Þeistareyki og skjöl kirkjunnar, ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-d*).
- 2(44) „Specification yfer Múla Jnntekt 1743“ gerð af Þorleifi Skaftasyni, dags.

- a-b 1.7.1743. Þar er vitnað til máldagabréfs undirritaðs af Kolbeini Auðunarsyni, Jóni Loftssyni og Katli Hallssyni, dags. 8.9.1563, ásamt uppskrift. (*Merkt 9 a-b*).
- 2(45) „Specification yfer Muula Beneficium“ dags. 1.7.1839, ásamt uppskrift. (*Merkt 10 a-d*).
- a-b 2(46) Lögfesta séra Gísla Einarssonar fyrir Múlastað, ódags. en þingl. 22.4.1695, ásamt uppskrift. (*Merkt 11 a-b*).
- a-b 2(47) Uppboð og lögfesta Gísla Einarssonar prests í Múla á Þeistareykjum, ódags. en þingl. 2.6.1712, ásamt uppskrift. (*Merkt 12 a-b*).
- a-b 2(48) Uppboð og lögfesta Þorleifs Skaftasonar prests í Múla á Þeistareykjum, ódags. en þingl. 12.6.1725, ásamt uppskrift. (*Merkt 13*).
- a-b 2(49) Uppboð og lögfesta Þorleifs Skaftasonar prests í Múla á Þeistareykjum og Mæli-fellshögum með tilteknum landamerkjum, ódags. en þingl. 9.5.1744, ásamt uppskrift. (*Merkt 14*).
- 2(50) Uppboð og lögfesta Jóns Þorleifssonar prests í Múla á Þeistareykjum og Mæli-fellshögum með tilteknum landamerkjum, ódags. en þingl. 13.5.1749. (*Merkt 15 a-b*).
- 2(51) Uppboð og lögfesta Jóns Þorleifssonar prests í Múla á Þeistareykjum og Mæli-fellshögum með tilteknum landamerkjum, lesin á Húsavík dags. 16.6.1753, 24.5.1762, 16.6.1772, 1.5.1775, 22.5.1776. Lýsing merkjanna er nær orðrétt samhljóða lögfestunni 1744 og því ekki uppskrifuð. (*Merkt 16 a-b*).
- 2(52) Uppboð og lögfesta Jóns Þorleifssonar prests í Múla á Þeistareykjum og Mæli-fellshögum með tilteknum landamerkjum, lesin á Helgastaðþingi 3.6.1767 og Húsavík 30.6. s.á. Lýsing merkjanna er nær orðrétt samhljóða lögfestunni 1744 og því ekki uppskrifuð. (*Merkt 17 a-b*).
- 2(53) Afrit af forboði Ingjalds Jónssonar prests í Múla vegna ágangs á Þeistareykjum, dags. 22.9.1781, ásamt uppskrift. (*Merkt 18*).
- a-b 2(54) Lögfesta Ingjalds Jónssonar prests í Múla á Þeistareykjum og Mæli-fellshögum, lesin á Skútustöðum 19.5.1792, Helgastöðum 21.5. s.á. og Húsavík 9.6. s.á. Landamerkjalyfingin er nær samhljóða fyrri lögfestum, því ekki skrifuð upp. Engar athugasemdir voru gerðar á Skútustaða- og Helgastaðþingum en hins vegar á Húsavíkurþingi af ábúanda Stórureykja, ásamt uppskrift að hluta. (*Merkt 19 a-b*).
- 2(55) Auglýsing Þórarins Jónssonar prests í Múla á landamerkjum Þeistareykjalands og uppböð til ábyliss, dags. 20.4.1809, ásamt uppskrift. (*Merkt 20 a-b*).
- a-b 2(56) Afrit af byggingarbréfi fyrir Þeistareykjum, dags. 13.5.1816, ásamt uppskrift. (*Merkt 21 a-b*).
- a-b 2(57) Lögfesta Skúla Tómassonar prests í Múla á Þeistareykjum og þar með Mæli-fellshögum, dags. 13.5.1854, ásamt uppskrift. (*Merkt 22 a-b*).
- 2(58) Í Múlaskjölum er uppkast að bréfi ritað með tveimur rithöndum, sú síðari er hönd Skúla Tómassonar í Múla. Það fjallar um ágreining við Keldhverfinga um Þeistareykjaland. Því er ályktað, að um eitt bréf sé að ræða fremur en tvö. Dag-setning á síðasta blaðinu er 30. 3.1843. (*Merkt 23 a-c*).
- Vísitásiubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):*
- 2(59) Reykjahlíð við Mývatn [1595]. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar 1590-1616, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-b*).
- a-b 2(60) Ás í Kelduhverfi 1590. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar 1590-1616, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-b*).
- a-b 2(61) Einarsstaðir í Reykjadal, dags. 13.8.1672. Vísitásiubók Gísla Þorlákssonar 1659-1683, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-b*).
- a-b 2(62) Einarsstaðir í Reykjadal. 6.8.1687. Vísitásiubók Jóns Vigfússsonar 1685-1687, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-b*).
- a-b 2(63) Ás í Kelduhverfi, dags. 23.8.1694. Vísitásiubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695, ásamt uppskrift. (*Merkt 5 a-d*).
- a-b 2(64) Einarsstaðir í Reykjadal, dags. 28.8.1694. Vísitásiubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695, ásamt uppskrift. (*Merkt 6 a-c*).

- 2(65) Einarssaðir í Reykjadal, dags. 21.9.1702. Vísitásiubók Björns Þorleifssonar a-b 1699-1710, ásamt uppskrift. (*Merkt 7 a-d*).
- 2(66) Ás í Kelduhverfi, dags. á bilinu 1.-3.9.1702. Vísitásiubók Björns Þorleifssonar a-b 1699-1710, ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-d*).
- 2(67) Einarssaðir í Reykjadal, dags. 18.8.1715. Vísitásiubók Steins Jónssonar 1713-a-b 1735, ásamt uppskrift. (*Merkt 9 a-c*).
- 2(68) Ás í Kelduhverfi, dags. 21.8.1722. Vísitásiubók Steins Jónssonar 1713-1735, a-b ásamt uppskrift. (*Merkt 10 a-c*).
- 2(69) Reykjahlíð, dags. 20.7.1729. Vísitásiubók Steins Jónssonar 1713-1735, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 11 a-b*).
- 2(70) Einarssaðir, dags. 4.7.1748. Vísitásiubók Halldórs Brynjólfssonar 1747-1750, a-b ásamt uppskrift. (*Merkt 12 a-b*).
- 2(71) Ás í Kelduhverfi, dags. 15.7.1748. Vísitásiubók Halldórs Brynjólfssonar 1747-a-b 1750, ásamt uppskrift. (*Merkt 13 a-c*).
- 2(72) Reykjahlíð, dags. 27.7.1748. Vísitásiubók Halldórs Brynjólfssonar 1747-1750, a-b ásamt uppskrift. (*Merkt 14 a-c*).
- 2(73) Reykjahlíð, dags. 7.8.1760. Vísitásiubók Gísla Magnússonar 1757-1769, Jóns a-b Teitssonar 1781 og Sigurðar Stefánssonar 1790-1794, ásamt uppskrift. (*Merkt 15 a-d*).
- 2(74) Einarssaðir, dags. 23.8.1760. Vísitásiubók Gísla Magnússonar 1757-1769, Jóns a-b Teitssonar 1781 og Sigurðar Stefánssonar 1790-1794, ásamt uppskrift. (*Merkt 16 a-d*).
- 2(75) Einarssaðir í Reykjadal, dags. 7.8.1828. Vísitásiubók Steingrims Jónssonar og a-b Helga Thordersens 1828-1850, ásamt uppskrift. (*Merkt 17 a-d*).
- 2(76) Reykjahlíð við Mývatn, dags. 8.8.1828. Vísitásiubók Steingrims Jónssonar og a-b Helga Thordersens 1828-1850, ásamt uppskrift. (*Merkt 18 a-d*).
- 2(182) Möðrudalur 1645, ásamt uppskrift af því sem varðar landeign. (*Merkt 19 a-b*). a-b
- 2(183) Möðrudalur, máldagi Stefáns Jónssonar biskups, ásamt uppskrift af því sem a-b varðar landeign og landamerki. (*Merkt 20 a*).
- 2(184) Möðrudalur 1684, ásamt uppskrift af því sem varðar landeign og landamerki. a-b (*Merkt 21 a-b*).
- 2(185) Möðrudalur 1677, ásamt uppskrift af því sem varðar landeign og landamerki. a-b (*Merkt 22 a-d*).
- 2(186) Hofteigur 1677, ásamt uppskrift af því sem varðar landeign og landamerki. a-b (*Merkt 23 a-c*).
- 2(187) Möðrudalur 1706, ásamt uppskrift af því sem varðar landeign og landamerki. a-b (*Merkt 24 a-b*).
- Skjalasöfn presta og prófaste (skjalaflokkur A.9.):*
- 2(77) Einarssaðir. Prófastsvísitásía 1777: Ályktun um tíund frá Víðikeri í Bárðardal, a-b afbýli Einarssaða, ásamt uppskrift. (*Merkt 1*).
- 2(78) Reykjahlíð. Prófastsvísitásía 1750. Umfjöllun um skjöl kirkjunnar, ásamt upp-a-b skrift. (*Merkt 2 a-b*).
- 2(79) Skútustaðir. Prófastsvísitásía 1750. Engir máldagar eða eignaskilríki til staðar, a-b ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-b*).
- 2(80) Ás í Kelduhverfi. Prófastsvísitásía 1749. Fyrirspurn um skjöl kirkjunnar, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 4*).
- 2(81) Ás í Kelduhverfi. Prófastsvísitásía 1757. Vitnisburður um máldaga útskrifaðan a-b úr máldagabók Árna Magnússonar, ásamt uppskrift. (*Merkt 5 a-c*).
- 2(124) Reykjahlíð. Prófastsvísitásía, dags. 29.7.1727. Umfjöllun um kirknaskjöl. (*Merkt a-b 6 a-b*).
- 2(125) Eignir Reykjahlíðarkirkju 1725, minnst á Austurfjöll. (*Merkt 7 a-b*). a-b
- 2(126) Eignir Skútustaðakirkju 1725. Nefnd ítök í öræfum. (*Merkt 8*). a-b

- 2(127) Eignir Skútustaðakirkju 1723-1724. Nefnd ítök í öræfum. (*Merkt 9*).  
a-b
- 2(128) Eignir Reykjahlíðarkirkju 1723-1724. Minnst á skjöl kirkjunnar. Nefnd selstaða.  
a-b (*Merkt 10 a-c*).
- 2(129) Eignir Áskirkju 1723-1724. M.a. nefnt að kirkjan eigi afrétt. (*Merkt 11*).  
a-b
- 2(130) Prófastsvisitasía í Reykjahlíð 1735. Framvísað bréfi frá 1706 þar sem getið er  
a-b kirkjueigna og landamerkja. Minnst á Vogamerki. (*Merkt 12 a-c*).
- 2(131) Beiðni Jóns Gissurarsonar prófests og séra Guðmundar Bjarnasonar um dóm á  
a-b rekum, afréttum og ítökum kirkna 1639. (*Merkt 13*).
- 2(132) Lögfesta Jóns Gissurarsonar á Þeistareykjum og Mælifelli 1639. (*Merkt 14*).  
a-b
- Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja (skjalaflokkur A.10.):*
- 2(170) Skútustaðir í Mývatnssveit. Þrjú fjórðu hlutar jarðarinnar Skútustaða ásamt  
a-b Árbakka í sömu sveit voru keyptir til prestsseturs í Mývatnsþingum með heimild Íslandsráðuneytis. Bréf ráðuneytisins til landshöfðingja, dags. 21.2.1876. Afsalsbréf Þuríðar Helgadóttur fyrir ¼ og Guðrúnar Þorgrímsdóttur fyrir ½ eignarinnar, dags. 27.5.1876. Tekið er fram í afsölunum, að í kaupunum fylgi í réttu hlutfalli „öll þau afréttarlönd og ítök ..., sem kirkjan á eftir fornum bréfum og skilríkjum“, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-g*).
- Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands (skjalaflokkur A.11.):*
- 2(133) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna, dags. 29.12.1919, þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta. (*Merkt 1 a-b, almennt*).
- 2(134) Svarbréf Sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 6.4.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919. (*Merkt 1 b, almennt*).
- 2(163) Sala Þeistareykjalands. Afsal, dags. 14.9.1915 og lýsing landsvæðisins, dags. 30.6.1914. (*Merkt 1 a-f*).
- 2(164) Skútustaðaafréttur. Skjöl varðandi deilu um hvort ábúendum Álftagerðis sé skylt að greiða upprekstargjald fyrir fé sitt á svonefndan Miklamó í Skútustaðaafrétt. (*Merkt 2 a-k*).
- 2(165) Þeistareykir. Ýmis gögn varðandi sölu Þeistareykja. (*Merkt 3 a-k*).
- 2(199) Um eignarrétt að jarðhita í landi Reykjahlíðar og Voga í Skútustaðahreppi S-Þingeyjarsýslu. Greinargerð Benedikts Sigurjónssonar, dags. 13.10.1963. (*Merkt 4 a-j*).
- 2(200) Um eignarrétt að jarðhita í landi Reykjahlíðar, dags. 23.11.1963. (*Merkt 5 a-c*).
- Jarðabréf og máldagar (skjalaflokkur B.1):*
- 2(82) Máldagar Auðunar rauða. Reykjahlíðarkirkja „á halft heima land. með ollum gognum oc giædum.“ (1318). (Í.f. II, bls. 429-430).
- 2(83) Máldagar Auðunar rauða. Máldagi Skútustaðarkirkju og Grenjaðarstaðarkirkju. (1318). (Í.f. II, bls. 430-431).
- 2(84) Máldagar Auðunar rauða. Einarstaðarkirkja, engar upplýsingar um afrétt, Lundarbrennukirkja, Eyjardalsárkirkja, Ljósavatniskirkja og Hálskirkja (1318). (Í.f. II, bls. 437-439).
- 2(85) Máldagar Péturs Nikulássonar. Einarstaðarkirkja, engar upplýsingar um afrétt (1394). (Í.f. III, bls. 555-556).
- 2(86) Máldagar Péturs Nikulássonar. Á Skútustöðum er prestsskyld í landi (1394). (Í.f. III, bls. 557).
- 2(87) Máldagar Péturs Nikulássonar. Reykjahlíðarkirkja á „halft heimaland með ollum gognum og giædum.“ (1394). (Í.f. III, bls. 584-585).
- 2(88) Makaskipti á hálfum Leyningi í Eyjafirði og jörðinni í Vogum við Mývötn, dags. 13.9.1437. Vogar seldir „með ollum þeim gaugnum oc gædum er greindri yordu fylger oc fylgth hefer ath fornu oc nyiu. (Í.f. IV, bls. 570-571).
- 2(89) Ytritunga í Bárðardal lögð út í arfaskiptum, dags. 4.5.1446. (Í.f. IV, bls. 677-678).

- 2(90) Fagraness getið í skrá yfir jarðir Munkaþverárklosturs 1446. (Í.f. IV, bls. 699).
- 2(91) Jörðin Hrakströnd (Sveinsströnd) keypt með því þriggja kúa föðri sem keypt var í Grænavatnsland yfir um Kráká., dags. 11.5.1447. (Í.f. IV, bls. 704-705).
- 2(92) Konventubræður á Munkaþverá samþykkja jarðakaup ábótans við Bjarna Ólason, að klaustrið kaupi Kasthvamm í Laxárdal fyrir jarðirnar Jódísarstaði og Höskuldsstaði í Eyjafirði og milligjöf, dags. 18.5.1464. (Í.f. V, bls. 420-421).
- 2(93) Kaupmálagerningur Bjarna Ólasonar og Margrétar Ólafsdóttur 1461 vottaður þann 8.5.1471. Móðir Margrétar reiknar henni í kaupmála m.a. tvær jarðir, önnur þeirra Kasthvammur, 26 hundruð. (Í.f. V, bls. 610-611).
- 2(94) Jarðakaup, dags. 12.4.1477. Jörðin Þverá í Laxárdal seld með ítökum, þ. á m. „gjeilfienadar reskr til afriettar aa *kroksdal* arlega.“ (Í.f. VI, bls. 108-110).
- 2(95) Vogar með öllum gögnum og gæðum, er fylgt hafa að fornu og nýju, látnir í makaskiptum fyrir Yztuvík í Laufásþingum og 30 hndr. í fljótgildum peningum, dags. 15.6.1477 (27.3.1478). (Í.f. VI, bls. 113-114).
- 2(96) Máldagi Möðrudalskirkju 1493. Kirkjan á „vij kapla gongv: oc taka eigi vndan fololld. yfver vm jokvlsáa.“. (Í.f. VII, bls. 198-199).
- 2(97) Vitnisburður um landeign Reykjahlíðar (snýst um land austan fjallgarða). Jón Magnússon, sem hefur verið heimilisfastur í Reykjadal, við Mývatn og í öðrum hreppum í Þingeyjarþingi í 60 ár, ber þann 26.9.1505 „ad þeir dandimenn sem att hafa jordina reikiahlijd er liggur vid myvatnn hafa haft og halldid og sier eignad med jordunni og kirkiunni í reykiahlijd auræfi oll atolulaust fyrir austann fiallgarda þa sem næsta liggia vid myvatn fyrir austann vatnid ad jokulsá og omerkinga alla millum Jlifsvatna og brædraklifs fyrir vtann herddibreid. hefi eg og heyrnt mier marga skilvijsa eldre menn so seigia. ad þessi landareignn hafi fylgt jordunni reykiahlijd langt fyrir mijna daga. so sagdi mier minn fader ad hann hefði hier skilrikji thil lesid vmm fyrr sagda landareign. og þeir hefði þessa landareign haft og halldit sem reikiahlijd hefði att vmm hans daga. ... sagdi hann þetta jtolulaust verid hafa vtann þær kaplagongur sem bref og mældagar thil seigia er aa melana hefur haftt verid.“ (Í.f. VII, bls. 799-800).
- 2(98) Vitnisburður Þórólfs Hranasonar um landeign Reykjahlíðar við Mývatn, dags. 6.5.1506: Hann hafi verið heimilisfastur í Þingeyjarþingi meir en 50 vetur og viti full sannindi, að þeir, sem átt hafa jörðina Reykjahlíð, „hafa haft og halldid og sier eignnad j allann þennann tijma auræfi þau oll er liggia fyrir austann myuatn ad Jokulsaa og alla omerkinga a milli Jlifsvatna og brædrakliffs er liggur sudur a auræffum.“ Þessi landamerki og jarðareign hafi hann heyrnt skilríka menn sér eldri segja að hafi verið eignuð Reykjahlíð langt fyrir sinn aldur átölulaust fyrir utan beitariðtölur á melana, sem skilríki séu fyrir. (Í.f. VIII, bls. 94-95).
- 2(99) Vitnisburður Finnboga Jónssonar, Magnúsar og Gamla Þorsteinssonar, dags. 8.5.1506, um landareign Reykjahlíðar. Efnislega samhljóða þeim næsta á undan, en þeir hafa verið heimilisfastir í Þingeyjarþingi meir en 40 vetur. (Í.f. VIII, bls. 95-96).
- 2(100) Dómur sex manna, dags. 17.5.1506 þar sem Reykjahlíð eru dæmd til fullar eignar öræfi öll fyrir austan Mývatn. Finnbogi Jónsson útnefnir sex manna dóm til að skoða, rannsaka og leggja á dóm um bréf, próf vitni og skilríki, sem Þorsteinn Finnbogason lagði fram, „huort hann skyllði at laugum hallda mega med jordinni Reykiahlið oll auræfi þau er liggia fyrir austann myvatnn og hann reiknade greindre jordu hefði at fornnu fylt.“ Lagður fram fimm góðra manna vitnisburður, sem lengi hefðu verið heimilisfastir í héraðinu, að þeir vissu fyrir full sannindi, að þeir, sem átt hefðu Reykjahlíð, hefðu haft og haldið og sér eignad meir en 40 vetur átölulaust allan þann tíma öræfi fyrir austan Mývatn að Jökulsá og alla ómerkinga í milli Eilifsvatna og Brædraklifs sudur á öræfum. Þetta hefðu skilríkir menn þeim eldri sagt. Tveir skilríkir menn sóru með fullum bókareíði, að þessi öræfi og landamerki hefðu verið haldin átölulaus eign Reykjahlíðar meir en 60 vetur „so onguann vissu þeir sier kalla annann nie akiaeru veita j millum Jokulsáa og fiallgardz þess er geingur næst fyrir austan



- myuatnn og ei nemur bufiar haga med omerkingum fra Jlifsvottnum og thil brædrakliþs fyrir vtann herdbreid. soru þeir og ad þeir hefði heyrtt marga skilríjka menn so seigia sier ellre ad þessi landareign hefði fylgt jordunni reikiahlijd langt fyrir þeirra daga jtolulaust. vtann þær kaplagaungur sem breff og maaldagar thil seigia er a melana hefur haft verid.“ Reykjahlíð voru dæmd til fullrar eignar öræfi öll fyrir austan Mývatn „med þeirra ollumm Endimaurkum sem þar hafa vitni vmm borit og eidar vmm geingid og hier i dominum standa ...“. (Í.f. VIII, bls. 97-99).
- 2(101) Finnbogi Jónsson lögmaður samþykkir og staðfestir dóminn um Reykjahlíð, næsta á undan, dags. 23.5.1506. Segir hann Þorstein Finnbogason, „eiga og att hafa og logliga hallda meiga med jordunni reikiahlijd alla fyrskrifada jardar eignn og hier fyrir greinir ad ollum öræfum thil greindumm þeim er liggia j millum Jokulsar og bufiarhaga þeim er liggia austur fra þeim jordum er vid myuatn standa. og sionhending fyrir austann alla bufirarhaga fyrrnefnda sudur i öræfi so langt sem vatzfoll deilast og votn ad draga. eptir þui sem logbok utuijssar vtann það synist med mældogum og loglegum vitnum sem i dominum greinir ad nauckrer eigi hier vti þær jtolur eda itok sem logbok skipar j mot riettumm hefðarvitnum eiga ad koma epter logumm.“ (Í.f. VIII, bls. 99-101).
- 2(102) Dómur sex manna af Finnboga Jónssonar vegna óheimils graftar á landi og jörð í Reykjahlíð og brotnáms brennisteins, dags. 26.5.1506. (Í.f. VIII, 101-103).
- 2(103) Testamentisbréf Gottskálks Nikulássonar biskups, dags. 6.6.1520. Hólakirkju ánafnað Fagranes, 14. hundruð. (Í.f. VIII, bls. 726-728).
- 2(104) Jarðakaup Jóns Arasonar og Þorsteins Finnbogasonar, dags. 14.7.1531. Jón biskup hefur selt Þorsteini Fagranes m.m. (Í.f. IX, 592- 594).
- 2(105) Vitnisburður um landamerki Möðrudals, dags. 6.12.1532. Þrír menn vitna, að sonur fyrrum prests í Möðrudal lýsa því, að faðir sinn hefði haldið m.a. „atta hrossa göngu beit i Vegge ok Krokmeil. ok taka ecke undan folollid. a Myvats auræfe fyrer nordan Jokulsä. ok halfar Herdebreidstungur.“ (Í.f. IX, bls. 638-639).
- 2(106) Þorsteinn Finnbogason gefur Nikulási syni sínum til kvonarmundar ýmsar jarðir í Þingeyjarsýslu, þar á meðal Reykjahlíð, 30 hndr., og Voga, 30 hndr., dags. 30.9.1548. Þar kemur fram, að Þorsteinn hefur selt Nikulási Grímsstaði, 20 hndr. (Í.f. XI, bls. 667-668).
- 2(107) Fagranes talið meðal jarða, sem Jón Arason hefur selt eða lógað (1550). (Í.f. XI, bls. 873).
- 2(108) Gjörningur um máldaga og landamerki Möðrudals, dags. 1.9.1408. (Talið falsbréf). „(Enn) fremur a kirkian vij hrossa gaungu yfir um Jökulsa og taka Eij folöld undann. Omerkinga alla i Herdubreidstungum.“ (Í.f. XII, bls. 37-39).
- 2(109) Skýrsla um jarðaviðskipti Jóns Arasonar, dags. 1.9.1552. Fagranes, 8 hundruð, selt undan Hólastól. (Í.f. XII, bls. 459- 460).
- 2(110) Nikulás Þorsteinsson fær Vigfúsi bróður sínum brennistein í Fremrinámum og heima í Hlíðarnámum og Kröflu alla til ævinlegrar eignar, dags. 6.6.1553. (Í.f. XII, bls. 557).
- 2(111) Þorsteinn Finnbogason lýsir að hann hafi gefið séra Birni Gíslasyni brennistein í Fremrinámum í sína lífsdaga, dags. 23.8.1553. (Í.f. XII, 612).
- 2(112) Ólafur Hjaltason biskup fær Nikulási Þorsteinssyni kirkjuhlutann í Reykjahlíð, 30 hundruð, árið 1555, vottað af biskupi, dags. 6.9.1557. (Í.f. XIII, bls. 92-94).
- 2(113) Vitnisburður um lýsingu Grænavatnseiganda á yfirgangi Þorsteins Finnbogasonar í Reykjahlíð og Vigfúsar og Nikulásar sona hans, m.a. varðandi Fremrinámur og ómerkinga fyrir austan fjallgarða, milli Eilífsvatna og Brædrakliþs, dags. 2.5.1562: „Yferlysti hann fyrir oss at hann hefði Grænavatn optsinis logfest medan Þorsteirn lifði og þar med fremre nama. og hefði hann og hans syner haft samt vijsvitandi. Opt sagdist hann laga bedist hafa a fremre namum og annari landareign Grænavatn af Ara Jonssyni logmanni og eigi feingid hafa. Sagdi hann Þorsteirn Fimbogason hefði stefnt Magnusi Palssyni omaga fiar sins fyrir

- Brennisteininn j fremre namum. hier med sagdi hann ad lyst hefði fyrir sier Jon liotur Magnusson og Halldor Sigmundsson þeir sem vm oræfin soru. at þeir hefðu alldre annat suarit. enn það Hljidar kyrkiu hefði verid eignader aller omerkingar fyrir austan fiallgarda j mille Hljifsvatna og Brædraklifs. þeir sem mædur helgudu sier eig. enn eig vissu þeir huort kirkian ætti edur eig.“ (Í.f. XIII, bls. 712-714).
- 2(114) Samþykkt kaup á Grænavatni og lýst landamerkjum. Einnig nefndur geldfjárrekstur á Hlíðaröræfi, dags. 2.5.1562. (Í.f. XIII, bls. 714-717).
- Ónr. Haraldur Matthíasson: *Landið og Landnáma I*, Reykjavík, 1982., bls. 52-53, 326-331, 334-335 og 338-339.
- Ónr. *Jónsbók*, Már Jónsson tók saman, Reykjavík, 2004, bls. 188-193.
- Ónr. Jón Sigurðsson frá Ystafelli: *Suður-Þingeyjarsýsla II*, Ritsafn Þingeyinga, Reykjavík, 1954, bls. 220-223, 236-245, 254-257.
- Ónr. Sigurður Lindal: *Réttarsögubættir*, Reykjavík, 2003, bls. 114-117.
- Ónr. Bergur Ebba Benediktsson: *Réttmætar væntingar og stjórnskipuleg vernd eignarréttinda*, Kandidatsritgerð til embættisprófs í lögfræði, júní 2007.
- Ónr. Minjastaðir á Krókdal sem skráðir voru 2004, ódags. en mótt. 14.1.2008.
- Ónr. Reglugerð fyrir Skútustaðahrepp um hrossagöngur á Austurfjöllum, ódags. en mótt. 29.1.2008. Höfundar ekki getið.

**Lagt fram til hliðsjónar af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Grænavatns:**

- Ónr. Yfirlit yfir hæstaréttardóma um hefð, dags. 15.5.2007.

**Lagt fram til hliðsjónar af Ragnari Aðalsteinssyni hrl.:**

- Ónr. Case of J.A. Pye (Oxford) Ltd. v. The United Kingdom, dags. 15.11.2005.
- Ónr. N.A. and others v. Turkey, dags. 11.10.2005.

**Skjöl lögð fram til upplýsingar fyrir lögmennt:**

- Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. um gagnaöflun óbyggðanefndar, dags. 5.6.2007.
- Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007 ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl væru varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.

**ÚRSKURÐUR  
ÓBYGGÐANEFNDAR**

**mál nr. 2/2007**

**Tjörnes og Þeistareykir**



**6. júní 2008**



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>285</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>287</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	287
2.2	Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar.....	287
2.3	Lýstar kröfur og kynning.....	288
2.4	Mál nr. 2/2007, Tjörnes og Þeistareykir.....	289
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>291</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins.....	291
3.2	Kröfur Aðaldælahrepps og Baldurs Jónssonar vegna Geitafells.....	291
3.3	Kröfur Gunnars Hallgrímssonar vegna Langavatns.....	292
3.4	Kröfur Ragnheiðar Jóhannesdóttur vegna Klambrasels og Árna Þorbergssonar vegna Brúnahlíðar.....	292
3.5	Kröfur Garðræktarfélags Reykhverfinga hf. vegna Bláhvamms og Laufahlíðar (Brekknakots).....	293
3.6	Kröfur Garðræktarfélag Reykhverfinga o.fl. vegna Reykjatorfu (þ.e. Hveravalla, Litlu Reykja, Reinar, Reykjahóls, Reykjavalla, Stóru Reykja og Víðiholts).....	293
3.7	Kröfur Tryggva Óskarssonar vegna Þverár.....	294
3.8	Kröfur Jóns Árna Gunnlaugssonar o.fl. vegna Skóga I, II og III og Skógahlíðar.....	294
3.9	Kröfur Sigurðar Ágústs Þórarinssonar o.fl. vegna Skarða, Skarðaborgar og Einarsstaða.....	294
3.10	Kröfur Sveitarfélagsins Norðurþings vegna Húsavíkur.....	295
3.11	Kröfur Indriða Úlfssonar o.fl. vegna Héðinshöfða.....	295
3.12	Kröfur Árna Sigurðssonar o.fl. vegna Syðri-Tungu, Kvíslarhóls og Steindals.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
3.13	Kröfur Svövu Bjargar Kristjánsdóttur vegna Hringvers.....	296
3.14	Kröfur Ólafar Önnu Steingrímsdóttur o.fl. vegna Ytri-Tungu 1 og 1A.....	297
3.15	Kröfur Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Þeistareykja.....	297
3.16	Kröfur Sveitarfélagsins Norðurþings vegna Ásheiðar.....	298
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>299</b>
4.1	Inngangur.....	299
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	299
4.3	Vettvangsferð.....	300
4.4	Skýrslutökur.....	300
<b>5</b>	<b>SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA</b> .....	<b>301</b>
5.1	Landnám.....	301
5.2	Geitafell.....	301
5.3	Langavatn.....	305
5.4	Klambrasel ásamt Brúnahlíð.....	307
5.5	Brekknakot (Bláhvammur og Laufahlíð).....	310
5.6	Reykjatorfa.....	312
5.7	Þverá.....	315
5.8	Skógar og Skógahlíð.....	317
5.9	Skörð, Skarðaborg og Einarsstaðir.....	319
5.10	Húsavík.....	324
5.11	Héðinshöfði.....	333
5.12	Syðri-Tunga ásamt Kvíslarhól, Tungugerði og Steindal.....	336

5.13	Fjöll .....	340
5.14	Þeistareykir .....	344
5.15	Ás og Ásheiði .....	362
5.16	Afréttir og afréttarnot .....	370
5.16.1	Almennt .....	370
5.16.2	Fjallskilareglugerðir .....	386
<b>6</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....</b>	<b>389</b>
6.1	Sameiginleg atriði á svæði 6.....	389
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar.....	389
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	389
6.1.3	Afréttir einstakra jarða og stofnana.....	390
6.2	Landnám.....	394
6.3	Geitafell, Langavatn, Klambrasel, Brúnahlíð, Brekknakot, Reykjatorfa, Þverá, Skógar og Skógahlíð .....	394
6.3.1	Inngangur.....	394
6.3.2	Sjónarmið aðila.....	394
6.3.3	Niðurstaða.....	397
6.4	Skörð, Skarðaborg, Einarstaðir, Húsavík og hluti jarða á Tjörnesi, frá Grísatungu að Grasafjöllum .....	401
6.4.1	Inngangur.....	401
6.4.2	Sjónarmið aðila.....	402
6.4.3	Niðurstaða.....	405
6.5	Þeistareykir .....	412
6.5.1	Inngangur.....	412
6.5.2	Sjónarmið aðila.....	413
6.5.3	Niðurstaða.....	415
6.6	Ásheiði .....	427
6.6.1	Inngangur.....	427
6.6.2	Sjónarmið aðila.....	427
6.6.3	Niðurstaða.....	428
6.7	Um málskostnað .....	433
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ.....</b>	<b>434</b>

## VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

## FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 6. júní 2008 er tekið fyrir mál nr. 2/2007, Tjörnes og Þeistareykir, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Sif Guðjónsdóttir.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna, Áss og Svínadals.

(Andri Árnason hrl.)

Birna Hallgrímsdóttir og fleiri vegna Auðbjargarstaða.

Matthías Guðmundsson og Ólöf Sveinsdóttir vegna Árdals.

Sveitarfélagið Norðurþing vegna Ásheiðar.

Garðræktarfélag Reykhverfinga hf. vegna Bláhvamms, Hveravalla og Laufahlíðar.

Árni Þorbergsson vegna Brúnahlíðar.

Eyvindarstaðir ehf. vegna Eyvindarstaða.

Aðaldælahreppur og Baldur Jónsson vegna Geitafells.

Sveitarfélagið Norðurþing vegna Húsavíkur.

Jón G. Stefánsson vegna Höfðabrekku með Kelduneskoti.

Þórarinn Þórarinsson vegna Kílakots.

Ragnheiður Jóhannesdóttir vegna Klambarsels.

Sveinn Þórarinsson og Þórarinn Sveinsson vegna Krossdals.

Gunnar Hallgrímsson vegna Langavatns.

Katrín Eymundsdóttir vegna Lindarbrekku.

Þráinn Ómar Sigtryggsson vegna Litlu-Reykja.

Þórarinn Þórarinsson vegna Ólafsgarðs.

Stefán Óskarsson og Trésmiðjan Rein ehf. vegna Reinar.

Stefán Óskarsson vegna Reykjarhóls.

Sigtryggur Garðarsson vegna Reykjavalla.

Stefán Óskarsson vegna Stóru-Reykja.

Birna Hallgrímsdóttir og fleiri vegna Sulta I.

Björn Guðmundsson og fleiri vegna Sulta II.

Jón Helgi Jóhannsson vegna Víðihólts.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir vegna Víkingavatns I.

Benedikt Sveinsson og fleiri vegna Víkingavatns II.

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

Aðaldælahreppur og Þingeyjarsveit vegna Þeistareykja.  
 Tryggvi Óskarsson vegna Þverár.  
 (Friðbjörn Garðarsson hdl.)  
 Guðný H. Björnsdóttir og fleiri vegna Austurgarðs I og II.  
 Lífsval ehf. vegna Einarstaða.  
 Lífsval ehf. vegna Garðs I og II.  
 Margrét Þórarinsdóttir og Sigurður Þórarinsson vegna Garðs III.  
 Grásíða ehf. vegna Grásíðu.  
 Haraldur Þórarinsson vegna Kvistáss.  
 Margrét Þórarinsdóttir og Sigurður Þórarinsson vegna Laufáss.  
 Helga Helgadóttir og fleiri vegna Skarða.  
 Helga Helgadóttir og Sigurður Ágúst Þórarinsson vegna Skarðaborgar.  
 Helgi Þór Kárason og Sigríður Jóhannesdóttir vegna Skógahlíðar.  
 Jón Árni Gunnlaugsson vegna Skóga I og III.  
 Lífsval ehf. vegna Skóga II.  
 Guðmundur Þórarinsson og Þórarinn Þórarinsson vegna Voga.  
 (Gunnar Sólmes hrl.)  
 Jón Gunnarsson vegna Árhólts.  
 Bjarni Sigurður Aðalgeirsson og fleiri vegna Bangastaða.  
 Indriði Úlfsson vegna Héðinshöfða I.  
 Bjarni Bjarnason og Jónas Jónasson vegna Héðinshöfða II.  
 Svava Björg Kristjánsdóttir vegna Hringvers.  
 Aðalsteinn Guðmundsson vegna Kvislarhóls.  
 Hallfríður Egilsdóttir og Sigurlaug Guðrún Egilsdóttir vegna Mánár.  
 Bjarni Sigurður Aðalgeirsson vegna Mánárþakka.  
 Sigtryggur Bjarnason vegna Steindals.  
 Árni Sigurðsson vegna Syðri-Tungu.  
 Birna Friðrika Steingrimsdóttir og fleiri vegna Ytri-Tungu I.  
 Steinþór Heiðarsson vegna Ytri-Tungu IA.  
 (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)  
 Arnar Gústafsson og fleiri vegna Auðbjargarstaða.  
 Egill Ágústsson og fleiri vegna Eyvindarholts.  
 Ólafur Jónsson vegna Fjalla I.  
 Guðmundur S. Héðinsson vegna Fjalla II.  
 Egill Ágústsson og Sturla Sigtryggsson vegna Framness.  
 Sævar Örn Sigurðsson vegna Hlíðargerðis.  
 Sturla Sigtryggsson vegna Kelduness II.  
 Þorfinnur Jónsson vegna Ingveldarstaða.  
 Bryndís Helgadóttir og fleiri vegna Kelduness I.  
 Guðrún Árnadóttir vegna Meiðavalla.

Ingólfur Jónsson vegna Merkur.  
 Kristinn Sigurður Yngvason vegna Tóveggs.  
 Krístrún Ísaksdóttir og fleiri vegna Undirveggs.  
 (Sigurður Jónsson hrl.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2 Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 15. júní 2006, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á austanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjötta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar. Hér skal þess getið að vesturmörkum svæðisins var breytt, að ósk fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins. Í stað þess að fylgja suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar er Fnjóská fylgt frá ósum þar til hún sker vesturmörk Þingeyjarsveitar. Er þeim mörkum fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl.

Að austan afmarkast svæðið af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að ármótum við Kreppu. Þaðan er Kreppu fylgt þar til komið er að ármótum við Kverká og hinni síðarnefndu fylgt að upptökum í Brúarjökli.<sup>2</sup> Þaðan er dregin lína til suðvesturs, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs. Þar er hornmark.

<sup>2</sup> Svokölluð Krepputunga, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Kreppuár, er þannig innan svæðis 6 en hún var á sínum tíma skilin undan svæði 5 hjá óbyggðanefnd, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998. Sjá nánar í máli nr. 1/2007.



Framangreind afmörkun til vesturs endar í Fjórðungakvísl. Að sunnan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvíslar til austurs í punkt við Nýjadal/Jökuldal. Þaðan eftir dalnum, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvíslar. Þaðan úr austasta punkti í hæðarpunkt 1115 m. Þaðan í Deili, hæð 1125 m, og áfram, inn á Vatnajökul, í Bárðarbungu, hæð 2009 m, þaðan í Svíahnjúk eystri og loks í stefnu á miðja Breiðubungu, þar til kemur að hornmarki við austurmörk. Hornmark þetta kemur fram á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands, sem staðfest var 10. maí 1999, og er þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker línu þá sem liggur á milli miðrar Breiðubungu og Svíahnjúka eystri. Suðurmerki svæðis 6 hjá óbyggðanefnd byggja á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína. Þetta á m.a. við um framangreint hornmark suður- og austurmerkja, en tekið skal fram að austurmerki eru hér að öðru leyti dregin nokkru austar en lína sú á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands sem áður var nefnd.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 15. september 2006 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Grýtubakkahrepps, Svalbarðsstrandahrepps, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps, Tjörneshrepps og þeim hluta hins nýja sveitarfélags Norðurþings, sem áður tilheyrði sveitarfélögunum Húsavíkurkaupstað og Kelduneshreppi, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2006 og síðar til 1. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á norðanverðu Austurlandi bárust 1. nóvember 2006. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 10. nóvember 2006, og síðan í fleiri blöðum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 12. febrúar 2007. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var fyrst framlengdur til 12. mars og síðan lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í júlí 2007.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík og á Akureyri, frá 20. júní til og með 20. júlí 2007, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 27. júlí 2007. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 5 hlutum og 6 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 162 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

#### 2.4 Mál nr. 2/2007, Tjörnes og Þeistareykir

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun; mál nr. 2/2007, Tjörnes og Þeistareykir; mál nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfandafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs; mál nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár, og mál nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár.

Mál nr. 2/2007 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 26. apríl 2007. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson, formaður, Allan V. Magnússon og Sif Guðjónsdóttir. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningsvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Þá var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Enn fremur var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Þá var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð sinni í málinu.

Af hálfu Ragnars Aðalsteinssonar hrl. kom fram sú athugasemd að vegna hagsmunagæslu Lögmennsstofunnar Lex fyrir íslenska ríkið kunnir Karl Axelsson formaður óbyggðanefndar í málinu, og meðal lögmanna og eigenda þeirrar lögmennsstofu, að vera vanhæfur til að sitja í nefndinni í málinu. Í þessu sambandi

vísaði Ragnar sérstaklega til máls nr. 326/2006 sem dæmt var í Hæstarétti 3. maí 2007, en þar var Karl Axelsson lögmaður íslenska ríkisins. Ragnar tók fram að ekki væri gerð krafa um að nefndarmaðurinn víki.

Við aðra fyrirtöku málsins, 11. júní 2007, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til 9. ágúst 2007 til skila á greinargerðum. Formaður gat þess að athygli lögmannanna hefði verið vakin á þeim svæðum þar sem engar kröfur, öndverðar við þjóðlendukröfur ríkisins, hefðu borist óbyggðanefnd. Lögmenn voru og minntir á að setja á kort þá punkta sem nefndir væru í kröfulýsingum. Þá greindi formaður frá því að á fundi Allans V. Magnússonar og Sifjar Guðjónsdóttur, sem Karl Axelsson sat ekki, hefði verið bókað að um hæfi nefndarmanna færi eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Kæmi þar einkum til álita ákvæði 5. og 6. tölul. 3. gr. laganna. Að áliti óbyggðanefndar væri umrædd hagsmunagæsla Lögmennsstofunnar Lex ehf. í óskyldu máli ekki til þess fallin að valda vanhæfi Karls Axelssonar til setu í því máli sem hér væri til úrlausnar.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. ágúst 2007, voru lagðar fram greinargerðir vegna fjölda jarða. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Þá greindi formaður frá því að aðalmeðferð væri fyrirhuguð 16.-19. september.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 29. ágúst 2007, var lögð fram breyting á kröfulínu íslenska ríkisins í málinu. Fyrirvari var þó gerður um staðsetningu umræddra punkta. Sigurður Jónsson hrl. og Friðbjörn Garðarsson hdl. lýstu því yfir að þar með lyki aðild vegna jarðanna Fjalla og Auðbjargarstaða. Ragnar Aðalsteinsson hrl. lýsti því hins vegar yfir að aðild Ytri-Tungu og Hringvers héldi áfram þrátt fyrir þetta. Við sama tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn, leitast við að upplýsa málið að öðru leyti og undirbúa aðalmeðferð þess.

Aðalmeðferð fór fram dagana 17. og 18. september 2007 og skiptist í vettvangsskoðun, skýrslutökur og málflutning. Um fyrstnefndu atriðin tvö vísast nánar til kafla 4.3. og 4.4. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 29. maí 2008 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### 3 KRÖFUGERÐ<sup>3</sup>

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta, sbr. kröfugerð, verði úrskurðað þjóðlenda, sbr. meðfylgjandi uppdrátt: Upphafspunktur er í fjallinu Eilífi (1). Þaðan er bein stefna meðfram mörkum þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum til norðurs í Lönguhlíð (2) og ræður hlíðin merkjum á móts við syðsta og vestasta horn Langavatnshöfða (3). Þaðan er línan dregin í vestur í Eyjólfs hæð (4), þaðan í Rauðhóla (5) og úr Rauðhólum í Sæluhúsamúla (6). Þaðan er farið til norðvesturs í Olnboga í Jóhannesargili (7) og þaðan í beina stefnu til norðurs eftir fjallgarðinum í vestustu vörðu á Biskupsási á Tunguheiði (8). Þaðan er farið til vesturs um Tunguheiði í Tungunúp við Selfjall, í u.þ.b. 500 m hæð (9). Frá Tungunúp er haldið með vesturbrúnum Grasafjalla í Búrfell (10), þaðan í Gyðuhnjúk (11) og frá Gyðuhnjúk í Höskuldsvatnshnjúk (12). Þaðan er línan dregin í Höfuðreiðarmúla í u.þ.b. 500 m hæð (13). Þaðan er fylgt 500 metra hæðarlínu í Lambafjöllum suður til Gustahnjúks (14). Þaðan er línan dregin beina stefnu til suðurs í Gustahlíð austur af Þverárgili (15). Þaðan til austurs beina stefnu sunnan við merki Þeistareykjaafréttar, í upphafspunkt (fjallið Eilíf). Undir rekstri málsins var staðsetningu punkts nr. 8 á korti breytt en jafnframt gerður fyrirvari af hálfu íslenska ríkisins um staðsetningu hans.

Íslenska ríkið miðar við að eignarland ríkisjarðanna Áss og Svínadals liggja einungis að þjóðlendukröfusvæði þess.

#### 3.2 Kröfur Aðaldælahrepps og Baldurs Jónssonar vegna Geitafells

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni að allt land Geitafells, innan merkja framlagðs landamerkjabréfs, sé beinum eignarrétti undirorpið, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Úr Nykurtjörn (1) í vörðu á Langamel (2), þaðan austur í vörðu við veginn (3). Þaðan er línan dregin eftir vatnsdragi austur yfir mýrina og Geitafellsá á merkjum Langavatns (4) og þaðan í vörðu á fjallsbrún (5). Þaðan er línan dregin í Merkistein á Járnhrygg (6), þaðan í vörðu við norðurenda Breiðdals og þaðan sömu stefnu austur í Lambafjöll (7), sem ráða merkjum að austan allt suður í Gustaskarð (8). Þaðan ræður Sandur suður í Þvergilssdrag (9). Síðan ræður Þverárgil, og síðan Þverá, þar til hún fellur í Geitafellsá (10). Síðan fylgir línan ánni þar til kemur á móts við garðlag (11) sem ræður merkjum í Nykurtjörn.

<sup>3</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna Auðbjargarstaða, Árdals, Fjalla, Höfðabrekku, Ingveldarstaðatorfu, Keldunestorfu, Kílakots, Krossdals, Kvíslarhóls, Lindarbrekku, Mánár, Mánárbakka, Bangastaða, Meiðavalla, Ólafsgæðis, Sulta, Tóveggjar, Undirveggjar, Garðs I-II, Laufáss, Kvistáss, Austurgarðs, Voga, Grásíðu og Víkingavatns. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að kröfusvæði eigenda umræddra jarða falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis. Þær koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.3 Kröfur Gunnars Hallgrímssonar vegna Langavatns**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Langavatns, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að vestan ræður Geitafellsá frá merkjum Geitafells (1), þá Langavatn og Klambrakvísl að Skriðugili (2) og ræður gilið meðan endist (3). Þaðan er línan dregin beint austur á Lambafjöll (4) sem ráða merkjum að austan allt að merkjum Geitafells (5) og ráða merki Geitafells að sunnan í upphafspunkt í Geitafellsá.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.4 Kröfur Ragnheiðar Jóhannesdóttur vegna Klambrasels og Árna Þorbergssonar vegna Brúnahlíðar**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Klambrasels og Brúnahlíðar, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að vestan ræður Klambrakvísl að landamerkjagarði (1) og fylgir línan honum meðan endist (2). Þaðan er línan dregin beint í Kistufjall (3). Að austan ráða Lambafjöll að hornmarki á móti Langavatni (4) og þaðan fylgir línan merkjum Langavatns ofan í Skriðugil (5) og þaðan í kvíslina.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur, auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.5 Kröfur Garðræktarfélags Reykhverfinga hf. vegna Bláhvamms og Laufahlíðar (Brekknakots)**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Bláhvamms, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan á móti Klambraseli ræður Merkgigarður frá kvíslinni (1) og þaðan sem garðinn þrýtur (2) fylgir línan sömu stefnu í Kistufjall (3). Að austan ráða Lambafjöll, á móti Þeistareykjum, þangað til komið er á móts við Syðstahver (4). Þaðan liggja merkin beint vestur í Syðstahver (5) og frá honum ræður Syðstihverlækur þangað til hann rennur í læk í Litlugróf (6). Þaðan er línan dregin beint í Merkgjagarð á Hrakholtum og með honum í Reykjakvísl (7).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.6 Kröfur Garðræktarfélag Reykhverfinga o.fl. vegna Reykjatorfu (þ.e. Hveravalla, Litlu-Reykja, Reinar, Reykjahóls, Reykjavalla, Stóru-Reykja og Víðiholts)**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Stóru-Reykja, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Reykjakvísl ræður merkjum að vestan og norðan þar til Helgá rennur í hana (1). Síðan ræður Helgá merkjum til suðurs á móts við Merkgjagarð, sunnan við Holtakot (2). Garðurinn ræður merkjum meðan endist (3) og síðan sama stefna til Lambafjalla (4). Að austan ráða Lambafjöll, á móti Þeistareykjum, þangað til komið er á móts við Syðstahver (5). Þaðan er línan dregin beint vestur í Syðstahver (6) og þaðan ræður Syðstihverlækur þangað til hann rennur í læk í Litlugróf (7). Þaðan er línan dregin beint í Merkgjagarð á Hrakholtum með honum í Reykjakvísl (8).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.7 Kröfur Tryggva Óskarssonar vegna Þverár

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Þverár, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti: Helgá ræður merkjum á móts við Merkigará, er liggur nokkru sunnar en Holtakot (1), og síðan ræður garðurinn merkjum á meðan endist (2). Þaðan er línan dregin sömu stefnu yfir Reykjafjall í Lambafjöll (3), sem ráða merkjum að austan á móti Þeistareykjum. Lambafjöll ráða uns komið er á móts við Tröllagil (4). Þaðan er línan dregin í Tröllagil (5), sem ræður meðan endist, og eftir það Þverá uns hún fellur í Reykjakvísl (6) og þaðan ræður kvíslin uns Helgá rennur í hana (7).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.8 Kröfur Jóns Árna Gunnlaugssonar o.fl. vegna Skóga I, II og III og Skógahlíðar

Gerð er sú krafa að kannað verði sérstaklega hvort ekki séu efni til að kröfum íslenska ríkisins gagnvart jörðunum verði vísað frá óbyggðanefnd. Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að landi Skarðaborgar, Skóga og Skógahlíðar samkvæmt framlögðum þinglýsingarvottorðum og sbr. framlögð landamerkjabréf og skráningu í fasteignamat auk annarra framlagðra skjala. Kröfulína er dregin frá Mýrarkvísl (12) í Hamarbrekkuhól (13), þaðan í Tvívörður (14) á Eystri-Hamarbrekku. Þaðan ræður bein stefna um norðanvert Höskuldsvatn í Drag (Merkisskoru) (6) sem gengur upp af vatninu og þaðan bein lína um Nykurtjörn (7) að landamerkjum Fjalla. Frá þeim merkjapunkti er bein lína í Jóhannsgil (8) og þaðan í Sæluhús (5). Frá Sæluhúsi liggur merkjalínan í Höfuðreiðarmúla (4) og þaðan í Bjarnöxl (3). Frá Bjarnöxl liggur línin í Grýlhól (9) og þaðan í Litlumýri (10). Þaðan liggur línin eftir Skógaá að mörkum Skógaár og Mýrarkvísar (11).

Loks er gerð krafa um málskostnað sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

### 3.9 Kröfur Sigurðar Ágústs Þórarinssonar o.fl. vegna Skarða, Skarðaborgar og Einarstaða

Gerð er sú krafa að kannað verði sérstaklega hvort ekki séu efni til að kröfum íslenska ríkisins gagnvart jörðunum verði vísað frá óbyggðanefnd. Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að landi Skarðaborgar, Skóga og Skógahlíðar samkvæmt framlögðum þinglýsingarvottorðum og sbr. framlögð

landamerkjabréf og skráning í fasteignamat auk annarra framlagðra skjala. Kröfulína er dregin frá Mýrarkvísl (12) í Hamarbrekkuhól (13), þaðan í Tvívörður (14) á Eystri-Hamarbrekku. Þaðan ræður bein stefna um norðanvert Höskuldsvatn í Drag (Merkisskoru) (6) sem gengur upp af vatninu og þaðan bein lína um Nykurtjörn (7) að landamerkjum Fjalla. Frá þeim merkjapunkti er bein lína í Jóhannsgil (8) og þaðan í Sæluhús (5). Frá Sæluhúsi liggur merkjalínan í Höfuðreiðarmúla (4) og þaðan í Bjarnöxl (3). Frá Bjarnöxl liggur línan í Grýlhól (9) og þaðan í Litlumýri (10). Þaðan liggur línan eftir Skógaá að mörkum Skógaár og Mýrarkvíslar (11).

Þá er þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendur innan þessa lands verði hafnað.

Loks er gerð krafa um málskostnað sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

### 3.10 Kröfur Sveitarfélagsins Norðurþings vegna Húsavíkur

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Húsavíkur, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan á móti Bakka er línan dregin úr Skjólbrekkunöf ytri (1) austur til heiðar í vörðu á holti í Syðri-Vallmó (2) og þaðan í Grýluhól (3). Þaðan er línan dregin beina stefna yfir Álftatjarnir (4) og þaðan eftir tveimur vörðum austan við Álftatjarnir (5). Þaðan, á móts við Héðinshöfða, er stefnan utan við Syðri-Grænur í utanverðum Gyðuhnjúk (6) og síðan í hornpunkt milli Húsavíkur, Héðinshöfða og Fjalla (7). Þaðan er línan dregin í hornpunkt milli Húsavíkur, Fjalla og Skarða á móts við Nykurtjörn (8) og þaðan í Nykurtjörn (9). Þaðan er línan dregin í Rauf fyrir ofan norðurenda Höskuldsvatns (10) og þaðan, eftir vörðum, um Hnjúka á móts við Skarðstorfu (11), þaðan í merkigard (12) og eftir garðinum í vörðu neðarlega á garðinum (13) og þaðan beint í vestari snösina á Svarthamri (14).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námurétur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.11 Kröfur Indriða Úlfssonar o.fl. vegna Héðinshöfða

Gerð er sú krafa að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis að hluti lands Héðinshöfða, innan eftirfarandi merkja, teljist til þjóðlendu. Aðilarnir lýsa merkjunum á eftirfarandi hátt: Að norðan ræður garður sá er sést á bökkunum lítinn spöl norðan við Hnefadalslæk, og liggur beina stefnu frá sjó (1) til nyrðri brúnar Sandheiðar (þó nokkuð sundurslitinn)(2). Liggur svo merkjalínan eftir áminnstri heiðarbrún og þaðan beina stefnu í Búrfellsá þar sem hún fellur í Köldukvísl (3). Ræður svo téð Búrfellsá (4) svo langt sem hagi nær austur (5). Að sunnan ræður Reyðará merkjum frá sjó (6)



og þar til Sellækur rennur í hana (7), sem líka ræður merkjum að sunnan og kemur úr Syðri-Konungshöfn, er liggur rétt norður undir svokölluðum Hafnarási (8). Liggur svo merkjalínan þaðan beina stefnu í Gyðuhnjúskoll utanverðan (9). Að vestan fylgir Lundey Héðinshöfða en að austan ráða, innan áðurgreindra örnefna, að sunnan Gyðuhnjúskolls og að norðan Búrfellsár, takmörkin á milli Kelduneshrepps og Húsavíkurhrepps (10 og 11).

Til vara er þess krafist, ef einhver hluti lands jarðarinnar verði talinn þjóðlenda, að viðurkennd verði öll takmörkuð eignarréttindi eigenda jarðanna Syðri-Tungu, Kvíslarhóls og Steindals yfir viðkomandi landi á grundvelli hvers kyns nota sem eigendur þessara jarða hafi að fornu og nýju haft af því.

Þá er krafist alls málskostnaðar að mati óbyggðanefndar.

### **3.12 Kröfur Árna Sigurðssonar o.fl. vegna Syðri-Tungu, Kvíslarhóls og Steindals**

Gerð er sú krafa að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis að hluti lands Syðri-Tungu, Kvíslarhóls og Steindals innan eftirfarandi merkja teljist til þjóðlendu: Að norðan móts við Hringversland norður frá sjó (1) svokölluð Reká að upptökum hennar (3), sem er á svokallaðri Rekamýri, hvar nú er hlaðin dys (og látin í hana viðarkol), stendur hún norðanvert við poll þann, er áðurnefnd Reká kemur úr, fast við veg þann, sem nú er yfir Tunguheiði, þaðan sem vegurinn liggur á nyrðri barmi á svonefndri Leirlág (4), og austur veginn að læk þeim sem hefir upptök sín austanvert við Núpsdranga, þar sem vegurinn liggur yfir hann (hvar líka er hlaðin dys á sama hátt og hin er að ofan er getið) (5), þaðan ræður lækurinn til uppsprettu (6) og bein lína þaðan til fjalls (7), móts við þá er land eiga að austan. Lækur þessi er kallaður Núpælækur að ofan, en þegar ofaneftir heiðinni kemur heitir hann Hvíthólalækur, og rennur þá vestur í svonefnda Skeifá. Að sunnan ræður svonefnd Kaldakvísl frá sjó (8) að svokallaðri Búrfellsá (9), þar ræður Búrfellsá til fjalls (10) móts við Héðinshöfðaland.

Til vara er þess krafist, ef einhver hluti lands jarðanna verði talinn þjóðlenda, að viðurkennd verði öll takmörkuð eignarréttindi eigenda jarðanna Syðri-Tungu, Kvíslarhóls og Steindals yfir viðkomandi landi á grundvelli hvers kyns nota sem eigendur þessara jarða hafi að fornu og nýju haft af því.

Þá er krafist alls málskostnaðar að mati óbyggðanefndar.

### **3.13 Kröfur Svövu Bjargar Kristjánsdóttur vegna Hringvers**

Gerð er sú krafa að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis að hluti lands Hringvers innan eftirfarandi merkja teljist til þjóðlendu: Að norðan verðu ræður merkjum frá sjó, svokölluð Skeifá, allt að læk þeim, en rennur frá Hafursteini. Steinn þessi er stór og einkennilegur; stendur hann í mýri vestan undir svo nefndum Grenishól, utan í Tungumýri. Þaðan er línan dregin frá nefndum steini, beint suður í hæstu Núpsbrún. Að sunnan verðu ræður merkjum frá sjó (12), svokölluð Reká, allt

að upptökum hennar á Rekamýri, hvar nú er hlaðin dys (11) og látin í hana viðarkol. Stendur hún norðan vert við poll þann er áður nefnd Reká rennur úr, fast við veg þann sem nú er yfir Tunguheiði. Þaðan sem vegurinn liggur á nyrðri barmi á svokallaðri Leirlág (10) er línan dregin austur heiðarveginn allt að vaði á læk þeim, sem hefur upptök sín austanvert við Núpsdranga (9). Frá vaðinu ræður lækurinn til uppsprettu (8), þaðan beina línu á hæstu Núpsbrún (7), síðan austur Núpsbrúnina til hins vegar nefndra merkja.

Til vara er þess krafist, ef einhver hluti lands jarðarinnar verði talinn þjóðlenda, að viðurkennd verði öll takmörkuð eignarréttindi eigenda Hringvers yfir viðkomandi landi á grundvelli hvers kyns nota sem eigendur jarðarinnar hafi að fornu og nýju haft af því.

Þá er krafist alls málskostnaðar að mati óbyggðanefndar.

### 3.14 Kröfur Ólafar Önnu Steingrímsdóttur o.fl. vegna Ytri-Tungu 1 og 1A

Gerð er sú krafa að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis að hluti lands Ytri-Tungu innan eftirfarandi merkja teljist til þjóðlendu: Að sunnan skilur Ytri-Tunguland frá Hringvers og Syðri-Tungulandi: Skeifúa frá sjó, upp þangað til fellur í hana Hafursteinslækur, sem rennur frá Hafursteini. Hafursteinn er stór og auðkennilegur, stendur hann í mýri vestan undir svonefndum Grenishól, utan í Tungumýri. Bein lína er dregin þaðan, suður í hæstu Núpsbrún, frá Núpsbrún austur á móts við Skarðsbrekkku. Bein lína er dregin þaðan, stefnu í Tunguheiðarveg á Vatnafjallgarði og síðan um Lambatorfur í vestustu vörðu á Biskupsási. Að austan skilur Ytri-Tunguland frá Fjallalandi og Mánárlandi: Biskupsás á Tunguheiði (7) eða grjóthæðir þær norður fjallgarðinn, sem vötnum hallar norður og austur af (8). Að norðan skilur Ytri-Tunguland frá Hallbjarnarstaða- og Ísólfstaðalandi: Hallbjarnarstaða frá sjó (14), upp þangað til við tekur Föxugróf (13) er ræður merkjum þangað til hún endar, vestan undir brekkum við Föxugrófasel. Þaðan ræður Sólheimalækur (12) meðan hann liggur frá norðaustri. Því næst ræður varða á norður gilbarmi lækjarins (11) og síðan varða í líkri stefnu á syðri barmi Fossgilsgrófar (10). Bein lína er dregin þaðan sunnan við svonefnda Ytri-Sólheima austur að hinni nefndu merkjalínu milli Ytri-Tungulands og Mánár að austan (9).

Til vara er þess krafist, ef einhver hluti lands jarðanna verði talinn þjóðlenda, að viðurkennd verði öll takmörkuð eignarréttindi eigenda Ytri-Tungu 1 og Ytri-Tungu 1A yfir viðkomandi landi á grundvelli hvers kyns nota sem eigendur jarðarinnar hafi að fornu og nýju haft af því.

Þá er krafist alls málskostnaðar að mati óbyggðanefndar.

### 3.15 Kröfur Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Þeistareykja

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Þeistareykja innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi

upprætti: Úr Sæluhústóft við Sæluhúsmúla á Reykjaheiði (1), beint í hápunkt norður-enda Rauðhóls (2) og þaðan beina línu í hæsta punkt miðhæðar Eyjólfs hæðar (3). Þaðan er línan dregin suður, á sveitarfélagamörkum, í norðurenda Bunguveggjar (4) og eftir veggnum liggja merkin á sveitarfélagamörkum að Hituhólum (5). Frá Hituhólum er línan dregin beina stefnu gegnum Syðra-Gangnamannaskarð (6) í Eilíf (7) og þaðan eftir hreppamörkum að Gæsafjöllum (8). Þaðan er línan dregin áfram eftir hreppamörkum að hornmarki milli Geitafells og Þeistareykja í Þverárgilsdragi (9). Þaðan liggja landamerki Geitafells og Þeistareykja saman norður í Gustaskarð (10) og þaðan liggja landamerkin norður í Kistufjall (11). Þaðan er línan dregin í Jónsnipu (12) og þaðan í Sæluhústóft á Sæluhúsmúla.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.16 Kröfur Sveitarfélagsins Norðurþings vegna Ásheiðar

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarétt aðila á landi Ásheiðar innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi upprætti: Frá fjallinu Eilíf (1) vestur í syðra Gangnamannaskarð í Hrutafjöllum (2) og þaðan vestur í Bunguvegg (3). Línan fylgir Veggnum þar til hann þrýtur (4) og þaðan beina stefnu í Eyjólfs hæð (punktur 5, samanber punkt 4 í lýsingu þjóðlendukröfulínu), þaðan í vörðu á Lönguhlíð til móts við syðsta og vestasta horn Langavatnshöfða (punktur 6, samanber punkt 3 í lýsingu þjóðlendukröfulínu). Þaðan ræður Langahlíð suður í Eilíf.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-54 ásamt undirskjölum eða samtals 693 skjöl, auk 24 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins í ágætu skyggni 17. september 2007, í fylgd með lögmonnum, tilteknum málsaðilum og Hjörleifi Guttormssyni náttúrufræðingi, sem annaðist leiðsögn ásamt heimamönnum.

Ekið var frá Húsavík upp á Húsavíkurfjall, en þaðan sést vel yfir kröfussvæði ríkisins á vestanverðu Tjörnesi og suður að Lambafjöllum. Þessu næst var haldið að Sæluhúsmúla, þaðan sem kennileiti á lýstum merkjum jarða í Kelduhverfi og Reykjahverfi voru skoðuð. Frá Sæluhúsmúla var ekið að gangnamannakofa á Þeistareykjum, þaðan að Þeistareykjabungu og síðan inn á slóða sem liggur við lýst mörk milli Þeistareykja og jarða í Kelduhverfi. Frá slóðanum sást vel að kennileitum sem miðað er við í kröfugerð íslenska ríkisins. Haldið var eftir slóðanum til austurs, að girðingu sem afmarkar Þjóðgarð í Jökulsárgljúfri. Ekið var að Langamúla sem staðsettur er á austurmörkum Ásheiðar. Þar var numið staðar við meintar merkjavörður. Frá Langamúla var ekið út á Dettifossveg og um Ásbyrgi aftur til Húsavíkur.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Baldur Jónsson, eigandi Geitafells; Þórarinn Þórarinsson, annar eigenda Voga í Kelduhverfi; Þorgrímur J. Sigurðsson, fyrrum eigandi Skóga II í Reykjahverfi; Sigurður Þórarinsson, annar eigenda Skarðaborgar í Reykjahverfi; Hálfdan Ármann Björnsson, Hlégarði í Aðaldal; Indriði Úlfsson, eigandi Héðinshöfða I á Tjörnesi; Jónas Jónasson, annar eigenda Héðinshöfða II; Jón Heiðar Steinþórsson, Ytri-Tungu á Tjörnesi; Aðalsteinn Guðmundsson, eigandi Kvíslarhóls á Tjörnesi og Ólína Arnkelsdóttir, oddviti Aðaldælahrepps.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt efnisþáttum og síðan tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.<sup>4</sup>

### 5.1 Landnám

Landnáma getur allnokkurra landnámsmanna í Reykjahverfi (og austan Laxár), Tjörnesi og Kelduhverfi:

Heðinn ok Höskuldr, synir Þorsteins þurs, fóru til Íslands ok námu fyrir innan Tunguheidi. Heðinn bjó at Heðinshöfða ok átti Guðrínu. ... Höskuldr nam lönd öll fyrir austan Laxá ok bjó í Skörðum; við hann er kennt Höskuldsvatn, því at hann druknaði þar. Í þeira landnámi er Húsavík, er Garðarr hafði vetrsetu.<sup>5</sup>

Böðólfr hét maðr, son Gríms Grímólfssonar af Ögðum, bróðir Böðmóðs; hann átti Þórunni dóttur Þórólfs hins fróða; þeira son var Skeggi. Þau fóru til Íslands ok brutu skip sitt við Tjörnes ok vóru at Böðólfsskytju hinn fyrsta vetr. Hann nam Tjörnes allt á millim Tunguár ok Óss.<sup>6</sup> [Ós heitir nú Lónsós].

Máni hét maðr; hann var fæddr í Ömð á Hálogalandi; hann fór til Íslands ok braut við Tjörnes ok bjó at Máná nokkura vetr. Síðan rak Böðólfr hann á braut þaðan, ...<sup>7</sup>

Skeggi Böðólfsson nam Kelduhverfi upp til Kelduness ok bjó í Miklagarði.<sup>8</sup>

Ljótr óþveginn hét maðr, er nam Kelduhverfi upp frá Keldunesi. Hans son var Gríss faðir Galta í Ási; hann var vitr maðr ok vígamaðr mikill.<sup>9</sup>

Önundr nam <ok> Kelduhverfi frá Keldunesi ok bjó í Ási; hann var son Blæings Sótasonar, bróðir Bálda í Hrutafirði.<sup>10</sup>

### 5.2 Geitafell

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar stendur að Geitafell sé eign Grenjaðarstaðarkirkju.<sup>11</sup>

<sup>4</sup> Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 52. Þó hefur verið felld út eða stytta umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

<sup>5</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, Íslensk fornrit I, bls. 275-276.

<sup>6</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 279-280. Textinn er úr Hauksbók. Sturlubók er ekki alveg samhljóða, en Jakob Benediktsson álitur Hauksbókartextann upphaflegri.

<sup>7</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 282.

<sup>8</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 280, 281.

<sup>9</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 282.

<sup>10</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 282.

<sup>11</sup> Skjal nr. 2 (177).

Geitafell var meðal jarða þegar Grenjaðarstaður var afhentur samkvæmt afhendingarskrá 29. maí 1391 (27. febrúar 1393).<sup>12</sup>

Í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394, stendur m.a. varðandi Geitafell:

Hier skal oc vera þriggia marka kristfiar omage oc stendr firir geitaferll.<sup>13</sup>

Fram kemur í vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631 að Grenjaðarstaðarkirkja eigi Geitafell.<sup>14</sup> Hið sama kemur fram í vísitásiu kirkjunnar frá 1715.<sup>15</sup>

Í eignaskrá Grenjaðarstaðarkirkju sem séra Guðmundur Bjarnason tók saman árið 1644 kemur fram að Geitafell er meðal jarða kirkjunnar.<sup>16</sup>

Í sýslu- og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslna sagði Grenjaðarstaðarprestur svo um selstöður Grenjaðarstaðar 24. október 1843:

Gegnt í austur frá Geitafelli stendur undir heiðarbrekkunni Grenjaðarstaðarsel, er eg hef brúkað, eftir að hafa þannig legið ónotað af formönnum mínum næstliðin 100 ár.<sup>17</sup>

og ennfremur:

31. *Selstöður* eru hér í sóknunum hvergi notaðar, og enda fáar í fornöld brúkaðar að sögn, nema á Grenjaðarstað um mína tíð, sem áður er hér getið við Geitafell, þó ónotuð af formönnum mínum næstliðin 100 ár. Selstaða heyrir að vísu Klömbrum til í eyðijarðarinnar Hóls landi, sem ekki hefur verið í manna minnum brúkað, en hvers vegna, eins og annars staðar, verður ekki upplýst.<sup>18</sup>

Landamerkjabréf fyrir Grenjaðarstaðarkirkjujörðina Geitafell var útbúið 20. október 1883. Það var þinglesið 29. maí 1885:

Á suðvestur horni landsins ... í Merkivörðu á Langamel á sunnanverðu Presthvammsfelli þaðan rétt stefna til austurs í vörðu við veginn austan í fellinu þaðan eftir vatnsdragi austur yfir mýrina í Geitafellsá sunnan vert við Langanes, þaðan sömu stefnu upp frá ánni að austan í vörðu sem stendur á fjallsbrúninni, þaðan í stóran stein (Merkistein) á norður enda Járnhryggs, þaðan í vörðu vestan vert við norður enda Breiðdals, og þaðan sömu stefnu austur á Lambafjöll, en þau ráða merkjum að austan suður í Gustaskarð, þaðan ræður Sandur suður í Þverárgilsdrag, en Þverárgil eða Þverá ræður landamerkjum að sunnan vestur í Geitafellsá, en þaðan garðlag gamalt þvert uppí Nikurtjörn.<sup>19</sup>

<sup>12</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>13</sup> Skjal nr. 2 (182).

<sup>14</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.

<sup>15</sup> Skjal nr. 2 (149) a-b.

<sup>16</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b.

<sup>17</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, bls. 152.

<sup>18</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 154.

<sup>19</sup> Skjal nr. 2 (17) a-b.

Landamerkjabréfið var samþykkt af: Snorra Oddssyni, bónda á Geitafelli; Sigurði Guðmundssyni, bónda í Presthvammi; Sigtryggi Kristjánssyni, bónda í Kasthvammi, og Jóni Þórarinssyni, bónda á Langavatni. Einnig skrifaði Benedikt Kristjánsson (prestur á Grenjaðarstað), sem var umráðamaður ofangreindra jarða, undir bréfið.

Virðing á kirkjujörðinni Geitafelli fór fram 22. nóvember 1913 í tengslum við fyrirhugaða sölu. Þar kemur m.a. fram að land jarðarinnar sé allstórt, það sé gott sauðland og allsnapaseigt til vetrararbeitar en til ókosta verði að telja miklar lækja- og djáhættur fyrir sauðfé. Heyskap hafi ábúendur þó árlega fengið annarsstaðar sem erfitt og langsótt er að aka að sér á vetrum. Engar kvaðir hvíla á jörðinni og henni fylgja engin ítök né hlunnindi ef frá er talin lítt nýtileg mótekja og lítilsháttar nýgræðingur af björk á bletti í landinu. Í mati virðingarmannanna segir:

Jörð þessi er þannig í sveit sett að hún liggur að Þeistareykja afrétt, og er opnari fyrir ágangi þaðan en nokkur önnur jörð í þessum hreppi, liggur hún í botni Reykjahverfis og heiðaslakka er þaðan liggur til afréttar. Frá brúnni á Laxá má heita að allir fjárrekstrar til afréttar liggi um land jarðarinnar, verður því meiri átroðningur á slægjur og allt heimaland jarðarinnar, af því fé og hrossum er heim leitar úr afrétt en nokkurstaðar annarstaðar er við til þekkjum. Þá hefir þetta einkum vaxið hin síðustu ár, er sú breyting hefir orðið á búnaðarháttum manna, að flestir búendur hér reka ær sínar með dilkum á afrétt. Bæði vegna þessa, og að sauðfé hefir almennt fjölgað, heldur féð sig, einkum ærnar, meira til byggða en áður var, hefir kveðið svo mjög að því hin síðustu ár, að slægjur jarðarinnar sem helst eru í höllum og giljadrögum til heiðarinnar hafa algerlega ónýtt. Jafnframt hefir orðið allsendis ógerlegt að hafa ær í kvíum, innanum fjármergð þá sem í landið hefir lagst, en búsmalagagn var talinn hér farsælasti kostur jarðarinnar, og mun þetta hafa verið ein megin orsök þess, að bóndi sá er hér hafði búið allmörg ár, flutti héðan fyrir ári síðan.<sup>20</sup>

Þeir segja ennfremur að af ofantöldum ástæðum hafi núverandi ábúandi ráðist í að gera meira en 2000 faðma langa girðingu um nærlægari hluta landsins til varnar ágangi „afréttarfjár“ á slægjur og landsnytjar. Enda sé það eina leiðin til að viðhalda búskap á jörðinni. Ennfremur benda þeir á að óhjákvæmilegt sé að byggð haldist á Geitafelli þar sem það sé áfangastaður þeirra sem sækja yfir Hólasand til Húsavíkur sem sé mjög fjölfarin leið bæði sumar og vetur. Þrátt fyrir hina löngu girðingu fellur mikill hluti af landi jarðarinnar til „afréttar“ og þar með hinar fjarlægari slægjur. Hins vegar hafi ekki verið unnt að fá neinar bætur fyrir það vegna þess að hlutaðeigandi hreppssjóður hafi „Þeistareykjaafrétt“ á leigu og hreppsþúar þ.a.l. frían upprekstur þangað.

<sup>20</sup> Skjal nr. 2 (283).



Stjórnarráðið seldi Sigfúsi Bjarnasyni jörðina Geitafell og er afrit afsalsins dagsett 2. maí 1916.<sup>21</sup> Afsalinu var ekki þinglýst en hins vegar veðskuldabréfi fyrir eftirstöðvum kaupverðs.<sup>22</sup>

Jörðin var um skeið í eigu Jarðakaupasjóðs ríkisins, 1938-1952, en árið 1952 keypti ábúandi jörðina að undanskilinni 36 ha spildu, sem ætluð var til skógræktar.<sup>23</sup>

Fjallað er um Geitafell í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur fram:

Geitafell kyrkju eign ómetin; ... hagkvisti og landrými fyrir sauðfje í betra lagji, og málnyta eins, gripa haga allgóðir, og hestaganga á vetri eins; utbeit fyrir sauðfje í sama máta; grasatekja ljeleg, ...<sup>24</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Geitafells hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Geitafell eru einnig fengnar úr matinu:

Engjarnar ... dreifðar um landið, og því bæði nærtækar og langsóttar. ...

Búfjárhagur: Landrými allmikið. Kjarngott heiðarland. Sumarheit góð fyrir allan búfénað. Vetrarheit einnig góð þegar niðri nær, en snjópungt og vorhart. Fjárgemysla hagfeld nú vegna girðingar. ... Heimaland girt frá afrétt með 3800 mt. vírgirðingu, í gildu standi. – Jörðin á næga afrétt utan girðingar fyrir heimafé og auk þess upprekstrarétt í afrétt sveitarinnar.<sup>25</sup>

Geitafellsbóndi afsalaði Aðaldælahreppi hluta úr jörðinni (í Geitafellsheiði), 6. október 1956, með tilteknum merkjum:

Að austan ræður merkjalína milli Geitafells og Þeistareykja samkv. landamerkjaskrá. Að norðan ræður merkjalína milli Geitafells og Langavatns, samkv. landamerkjaskrá, allt niður í girðingu hjá Járnhrygg, sem löggð var vorið 1956. Að sunnan ræður merkjalína milli Kasthvamms og Geitafells niður í suðurenda fyrnefndrar girðingar. Að vestan ræður girðingin.<sup>26</sup>

Oddvitar Reykdæla- og Aðaldælahreppa höfðuðu árið 1961 mál gegn landbúnaðarráðherra fyrir hönd Kirkjujarðasjóðs til viðurkenningar og greiðslu á árlegri afgjaldsskyldukvöð af hinni fornu jörð Geitafelli, svonefnt „Geitafellsómagameðlag“ sem fyrrum var goldin af Grenjaðarstaðarprestum.

Aukadómur Þingeyjarsýslu 1. ágúst 1963 sýknaði landbúnaðarráðherra. Hluti málavaxta var reifaður þannig í dómnum:

Árið 1911 tók Kirkjujarðasjóður við kirkjujörðum Grenjaðarstaðar, og var hreppstjórum þá falið að greiða framlagið af eftirgjaldi afréttarlandsins Þeistareykja. Löngu áður hafði presturinn á Grenjaðarstað samið við hreppsnefnd Helgastaðahrepps um það, að hreppurinn notaði afréttarlandið, og að eftirgjaldið skyldi vera jafnt Geitafellsómagagjaldinu.

<sup>21</sup> Skjal nr. 2 (283).

<sup>22</sup> Skjal nr. 4 (45).

<sup>23</sup> Skjal nr. 4 (46).

<sup>24</sup> Skjal nr. 2 (80) a-b.

<sup>25</sup> Skjal nr. 2 (84).

<sup>26</sup> Skjal nr. 11 (3).

Síðan 1911 greiddu svo hreppstjórnir meðlagið af jarðarafgjöldunum, fyrst af afgangi Þeistareykja, en eftir að hrepparnir (stefnendur) keyptu afréttarlandið 1915, af öðrum jarðarafgjöldum, að því leyti sem þau hrukku til heima fyrir, en mismuninn greiddi sýslumaður af gjöldum úr öðrum hreppum, ef tekjur af jörðum í heimahreppi hreppstjóra hrukku ekki til, stundum þó úr prestlaunasjóði hreppsins. Gekk það svo til 1958. Þá nægðu afgangi 13 ríkisjarða í Aðaldælahreppi og Reykdælahreppi vart fyrir Geitafellsómagameðlaginu, og þá neitaði Stjórnarráðið (Dómsmálaráðuneytið) algerlega að halda áfram greiðslunum og taldi skyldu til þess algerlega niður falla.

Aukadómurinn lét viðurkenndan fræðimann rannsaka uppruna og viðhald „Geitafellsómagakvaðarinnar“. Hins vegar taldi dómurinn að á hverjum tíma yrði að vera skynsamlegt hlutfall milli tekna af eign og afgangi skvæða og taldi ekki skylt að fara lengur að fyrirmælum, sem orðin væru mörg hundruð ára gömul. Vegna breyttra þjóðfélagsáhrifa (ríki og Tryggingastofnun sæju um stóran hluta fátækraframfærslu) væri kvöðin orðin úrelt. Sýknaði dómurinn því landbúnaðarráðherra.

Dómur Hæstaréttar féll 25. maí 1964 (mál nr. 140/1963). Var dómnum þá snúið við. Í forsendum dómsins segir að greiðsluskylda Grenjaðarstaðarprests hefði verið staðfest með hæstaréttardómi 25. janúar 1878. Árið 1911 hefði fyrirsvar greiðsluskyldunnar færst til Stjórnarráðsins vegna sjóða þeirra, sem tekjur af kirkjujörðum og andvirði seldra jarða rann til samkvæmt lögum um laun sóknarpresta nr. 46/1907. Kirkjujarðasjóður hafi selt Geitafell árið 1916 og fengið jarðarandvirðið. Ekki var áskilið að kaupandi jarðarinnar tækist afgangsskylduna á hendur, og engin lögmæt skuldskeyting því farið fram þegar jörðin var seld. Leiði þetta því til þess að skyldan hvíli á stefnda. Var landbúnaðarráðherra f.h. Kirkjujarðasjóðs dæmdur til þess að greiða hið umþrætta meðlag.<sup>27</sup>

### 5.3 Langavatn

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar var tekin saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510). Þar kemur fram að Langavatn sé eign Grenjaðarstaðar.<sup>28</sup>

Fram kemur í vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631 að Grenjaðarstaðarkirkja eigi Langavatn.<sup>29</sup>

Guðmundur Bjarnason prestur á Grenjaðarstað tók saman eignaskrá kirkjunnar árið 1644 en þar kemur fram að Langavatn er á meðal jarða kirkjunnar.<sup>30</sup>

Samkvæmt lista yfir Grenjaðarstaðarkirkjujarðir í vísitásiubók Gísla Þorlákssonar 1659 - 1683 tilheyrir Langavatn kirkjunni.<sup>31</sup> Sama er í vísitásiu Einaris

<sup>27</sup> Hrd. 1964, bls. 503.

<sup>28</sup> Skjal nr. 2 (201).

<sup>29</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.

<sup>30</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b.

<sup>31</sup> Skjal nr. 2 (132) a-b.

Þorsteinssonar biskups á Grenjaðarstað 1694.<sup>32</sup> Langavatn er einnig talið sem eign Grenjaðarstaðarkirkju í vísitasíum kirkjunnar 1702 og 1715.<sup>33</sup>

Landamerkjabréf fyrir Langavatn var útbúið 21. nóvember 1883. Því var þinglýst 29. maí 1885:

Að vestan ræður Geitafellsá, þá Langavatn þá Klambarkvísl út að Skriðugili er liggur rétt í austur nokkuð utar en mitt á milli bæanna Langavatns og Klambarsels, þaðan beina stefnu austur á Lambafjöll, en þau ráða merkjum að austan fram að Geitafells merkjum, og ráða Geitafellslandamerki að sunnan.<sup>34</sup>

B(enedikt) Kristjánsson (prestur á Grenjaðarstað) umráðamaður (Langavatns), Snorri Oddsson (bóndi á Geitafelli) og Jónatan Grímsson [bóndi í Klambarseli] skrifuðu undir landamerkjabréfið.

Virðing á Langavatni fór fram 7. nóvember 1914 vegna fyrirhugaðrar sölu kirkjujarðarinnar. Jörðin liggur ofarlega í Reykjahverfi undir Reykjaheiði við vatn sem er samnefnt bænum. Fram kemur í virðingunni að jörðin eigi allmikið land í heiðarbrekkunni og upp til heiðar en beitiland er ekki teljandi á undirlendi. Vatnið ræður merkjum á hálfri breidd landsins en þá kvísl sem úr því fellur ofan Reykjahverfi, vatnið gengur fast að brekku en milli brekku og kvíslar er engið sem hverfur undir svell þegar vetrar. Sumarhagi er í betra lagi bæði fyrir sauðfé og gripi. Vetrarharðindi og snjóþyngsli eru í mesta lagi og leysir snjó oft seint á vori en síðastliðið sumar lágu fannir í brekkunni umhverfis túnið fram yfir miðjan júlí. Í virðingargerðinni segir ennfremur:

Sökum þess að jörðin liggur að afrétt, var ágangur afréttarfjár, á engi og heimahaga, mjög skaðlegur, þar til fyrir tveimur árum að ábúandinn sá sér eigi annað fært, en byggja girðing, um 2000 faðma langa, til varnar þessum ágangi, sem óðum óx í síðari tíð, fyrir mjög mikla fjárfjölgun á aðliggjandi afrétt, svo að til eyðileggingar horfði með slæur jarðarinnar. En svo hagar hér til að girðinguna varð að leggja eftir brekkubrúnum heiðarinnar, til að forðast venjuleg snjóþyngsli, fellur við það meginhluti heiðarlandsins utan girðingar og takmarkast heimaland með þessu móti.<sup>35</sup>

Stjórnarráðið seldi Davíð Sigurbjörnssyni Langavatn og er afsalið dagsett 14. september 1915.<sup>36</sup>

Grenjaðarstaðarkirkjujörðin Langavatn er sögð 20 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Í því kemur einnig fram að skriður falli á tún og úthaga.<sup>37</sup>

Fjallað er um Langavatn í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur fram:

<sup>32</sup> Hliðsjónarskjal / Skjal nr. 2 (142) a-b.

<sup>33</sup> Skjöl nr. 2 (145) a-b og 2 (149) a-b.

<sup>34</sup> Skjal nr. 2 (34) a-b.

<sup>35</sup> Skjal nr. 2 (285).

<sup>36</sup> Skjal nr. 4 (58).

<sup>37</sup> Skjal nr. 2 (75).

Lángavatn, kyrkju eign nú 20 hndr., ... en nú getur hún framfleytt í meðalári 8 málnytukúgyldum og gjeldfjænaði 3 hndr., að undanskyldum þrætuparti í landinu, er alyst að beri 2 gjeldfjár hndr. .... hagkvisti fyrir sauðfje og málnyt í meðallagi; ...<sup>38</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Langavatns hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Langavatn eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar ... Dreifðar um landið og því bæði nærtækar og langsóttar. ...

Búfjárhagar: Land all víðlent heiðarland, og sumarbeit mjög góð og hæg fyrir allan búfénað. Vetrarheit einnig góð er til nær, en snjóþungt og vorhart. Fjargeymsla nú orðin hæg og hagfeld vegna girðingar. ... Heimaland girt frá afrétt með gaddavírgirðing, sem er fullir 4000 m. að lengd. Jörðin á nægilega afrétt fyrir sig, utan girðingar og auk þess upprekstrarétt í afrétt sveitarinnar.<sup>39</sup>

#### 5.4 Klambrasel ásamt Brúnahlíð

Í afhendingarskrá Grenjaðarstaðar, 29. maí 1391 (27. febrúar 1393), er Hóll nefndur meðal jarða Grenjaðarstaðarkirkju.<sup>40</sup> Þetta er staðfest í Sigurðarregistri en elsti hluti þess er frá 1525.<sup>41</sup>

Í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394, kemur fram að Hóll sé eign Grenjaðarstaðarkirkju.<sup>42</sup>

Ólafur Hjaltason biskup galt Sigurði Jónssyni á Grenjaðarstað upp í kirkjubót til ævinlegar eignar 6. ágúst 1560

eina eydijord sem kirkian hefur litla nytsemd af haft í laanga tíma. sem heiter Holkot í Reykiahverfi. sudur í það stóra gil sem gengur a midli Laangavatns og Holkots fyrir v c.<sup>43</sup>

Í kirknaskrá Guðbrands biskups Þorlákssonar frá 1569 kemur fram að tíund liggi til Grenjaðarstaðarkirkju af Reykjum og fjórum kotum þar hjá, þ.e. Víkingsstöðum, Holtakoti, Brekknakoti, Hólkoti og Reykjamannahögum, sem samtals séu 80 hundruð að dýrleika.<sup>44</sup>

Um Grenjaðarstaðarklaustursjörðina Klömbur segir svo í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*:

Úthagarnir eru mjög litlir, og því hefur ábúandi keypt jafnlega til bólnnar selför af staðnum í kirkjunnar land út frá Lángavatni fyrir ofan Reykjavísl

<sup>38</sup> Skjal nr. 2 (80) a-b.

<sup>39</sup> Skjal nr. 2 (84).

<sup>40</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>41</sup> Skjal nr. 2 (211).

<sup>42</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>43</sup> Skjal nr. 2 (226).

<sup>44</sup> Skjal nr. 2 (293).

fyrir xl álna toll, en síðan bóluna hefur staðarhaldarinn leyft bóndanum sömu selstöðu frí og eftirgjaldslaust með jörðinni.<sup>45</sup>

Selið var í landi jarðarinnar Hóls eða Hólkots, sem síðar varð að jörðinni Klambraseli.<sup>46</sup>

Jóhannes Jónatansson skrifaði stiftsfirvöldum 19. nóvember 1890 og óskaði eftir því að fá að kaupa ábýlisjörð sína Klambrasel vegna yfirvofandi breytinga á Grenjaðarstaðarbrauði og fasteignum kirkjunnar. Hann getur þess að faðir sinn hafi byggt kotið árið 1848 í sellandi kirkjujarðarinnar Klambra. Kotið segir hann kostalítið, engjar bæði litlar og lélegar og standi tæplega til bóta og því sé 600 krónur hæfilegt verð fyrir það.<sup>47</sup>

Þann 21. nóvember 1883 var útbúið landamerkjabréf fyrir Klambrasel. Það var þinglesið 12. júní 1890:

Að vestan ræður Klambrahvísl, að norðan milli Brekknakots og Klambrasels, ræður garður sem byrjar við hvíslina nokkru fyrir sunnan Messuvað og stefnir þvert upp yfir Nónás og austur yfir mýri og uppá fjallsbrún síðan ræður bein lína austur í Kistufjall.

Að austan ráða Lambafjöll, að sunnan Langavatns landamerki austan frá Lambafjöllum ofan í Skriðugil.<sup>48</sup>

Jón Þórarinsson (bóndi á Langavatni) og Benedikt Kristjánsson (prestur á Grenjaðarstað), umráðamaður (Klambrasels), skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Péttri Jónssyni fyrir hönd landsjóðsjarðarinnar Brekknakots.

Virðing á kirkjujörðinni Klambraseli fór fram 14. maí 1913 vegna fyrirhugaðrar sölu hennar. Fram kemur í virðingargerðinni að Klambrasel hafi verið byggt um miðbik 19. aldar sem nýbýli í fjarliggjandi beitilandi fyrrverandi kirkjujarðarinnar Klambra í Aðaldal. Það var faðir núverandi ábúanda sem byggði býlið fyrst en þá voru þar engar slægjur sem nýttar höfðu verið. Tún jarðarinnar liggur í snjósaltli votri, heiðarkinn en á túninu liggur snjór og jarðraki fram eftir vori sem getur valdið kali. Í virðingargerðinni segir ennfremur:

En þó er það lakast, að þar sem jörðin er sett í jaðri afréttar, sem fyllt er nú árlega af fé langtum meir, en áður gjörðist hér, þá er svo mikill ágangur afréttarfjár á slægjur þessar, að ábúandi telur sér ekki lengur viðvært, nema girða þá hlið landsins er að afrétt veit, en það er næst [næst, ofan línu] lengsta hliðin, 1100 faðmar. Hefir hann þegar flutt heim efni í þá girðing. Og knýr það hann mjög til að leita kaups á jörðinni, er hann hlýtur að leggja í svo mikinn kostnað til að halda henni við, sem byggilegri. – Engjar þessar gefa af sér um 120 hesta árlega, sé þær varðar og nýttar svo sem nú er gjört. Heyið er

<sup>45</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 214-215.

<sup>46</sup> Skjal nr. 2 (80). *Byggðir og bú. Aldarminning búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum*, bls. 589.

<sup>47</sup> Skjal nr. 2 (294).

<sup>48</sup> Skjal nr. 2 (32) a-b.

heldur létt. Ekki virðist okkur að nokkur vegur sé til að bæta þetta engi. – Sumarhaga hefir jörðin, fyrir sauðfé í betra lagi, en lakara fyrir gripi. Að vetrarlagi er snjóþungt mjög og er þá, að allmiklu leyti, notað aðfengið beitoland fyrir sauðfenað. Hestabeit er engin á vetrum.<sup>49</sup>

Virðingarmenn geta þess einnig að núverandi ábúandi framfleyti sér með því að sækja árlega mikinn hefyng til annarra jarða en flytja verði hann yfir langan veg og brattan. Stjórnarráðið seldi Jóhannesi Jónatanssyni Klambrasel og er afsalið dagsett 30. maí 1914.<sup>50</sup>

Fjallað er um Klambrasel í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur fram:

Klambrasel, áður Hóll eða Hólkot, kyrkju eign, nýbýli, var fyrrmeir talið 20 hndr. ... hagkvisti og hagarými, fyrir fje og gripi í betra lagji og málnytta góð ...<sup>51</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Klambrasels hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Klambrasel eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landrymi mikið og sumarland mjög gott fyrir allan fénað. Vetrarheit góð er til nær, en snjóþungt mjög og vorhart. Skjólalítið. Fjárgeymsla hæg nú orðin vegna girðingar. ... Heimaland girt frá afrétt, nýleg gaddavirsgirðing. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar og að auki sérstaka afrétt nægilega fyrir heimafé.<sup>52</sup>

Nýbýlið Brúnahlið var byggt á helmingi Klambrasels árið 1956. Hefur landi verið skipt milli jarðanna.<sup>53</sup>

Jón Sigurðsson segir svo í bókinni *Suður-Þingeyjarsýsla*:

Milli Reykja í Reykjahverfi og Langavatns var til forna mikil og landrúm jörð, sem nefndist Hóll og var með vissu í byggð 1318 og 1397. Eftir það getur þar ekki byggðar, og má vel vera, að bærinn hafi aldrei verið byggður eftir Svartadauða. ÁM getur ekki þessa eyðibýlis, en 1729 er hér talað um eyðibýlið Hólkot. Bærinn var í ási norðvestur frá Klambrarseli, og eru þar enn glöggar rústir.<sup>54</sup>

Síðar segir í sömu bók um Klambrasel:

ÁM segir, að staðarhaldari Grenjaðarstaða hafi jafnaðarlega leyft Klambrarbónda selstöðu austan Reykjavíslar, utan við Langavatn, þ.e. hið forna Hólsland. Var selið reist á allt öðrum stað en Hóll, þó landareignin sé söm. ... Menn vita þar fyrst með vissu um vetrarvist 1772-1775. ... Óljós sögn

<sup>49</sup> Skjal nr. 2 (286).

<sup>50</sup> Skjal nr. 4 (55).

<sup>51</sup> Skjal nr. 2 (80) a-b.

<sup>52</sup> Skjal nr. 2 (84).

<sup>53</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 511.

<sup>54</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 339.

er um byggð þar eða húsmennsku nálægt 1836, en varanleg byggð hefst 1848.<sup>55</sup>

## 5.5 Brekknakot (Bláhvammur og Laufahlíð)

Brekkur í Reykjahverfi voru goldnar Hólakirkju fyrir jarðir, 11. október 1447.<sup>56</sup>

Brekknakot nefnt í kirknareikningum nyrðra á prestssetrum 1569 meðal kota hjá Reykjum.<sup>57</sup> Sjá kafla 5.6 um Reykjatorfu.

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls var Brekknakot eyðihjáleiga (1712), byggð fyrir manna minni í úthögum frá Reykjum suður með fjallinu, fór í eyði um 1700, en tíundaðist 5 hundruð.<sup>58</sup>

Jón Sigurðsson segir um Brekknakot:

Í fornskjöllum frá 15. og 16. öld er getið um jörð í Reykjahverfi, sem nefndist Brekkur og gekk sem sjálfstæð jörð kaupum og sölum allháu verði. Seinna hafa Brekkur fallið undir stórbýlið Reyki og legið í eyði um hríð. Árið 1712 er nafnið Brekknakot notað fyrst um eyðihjáleigu Reykja, sem fór í eyði um 1700. Ekki er vitað, hvenær Brekknakot byggðist næst, en í byggð er það komið 1762.<sup>59</sup>

Upp úr 1840 varð Brekknakot konungsjörð, síðar þjóðjörð, og heyrði undir Reykjadaljarðir, þótt það teldist hjáleiga Reykja.<sup>60</sup> Amtmaður í Norður- og Austuramtí fór þess á leit við umboðsmann Reykjadaljarða að hann gæfi sér lýsingu á ásigkomulagi Brekknakots. Í lýsingu umboðsmanns, sem svaraði 29. júlí 1836, kemur fram að jörðin hafi nokkurn veginn nógu mikið land fyrir sig, gæði þess séu mjög mikil og útheyskapur ekki fjarlægur.

Landamerkjabréf fyrir Brekknakot var útbúið 24. febrúar 1887 og því þinglýst 1. júní 1888. Umrætt landamerkjabréf er svohljóðandi:

Að sunnan móti Klambraseli ræður merkjum garður sem liggur frá Klambrakvísl austur að mýrinni, svo bein stefna yfir mýrina í garð þann sem liggur upp fjallið, og frá efri enda hans bein stefna austur í Lambafjöll. Að norðan móti Reykjum ræður garður sem liggur beint austur [austur, tvítekið og hið fyrri yfirstrikað] frá Reykjakvísl sunnan í vestara Hrakholt og austur á svokallað litla Hrakholt. Þaðan ræður bein stefna í Litlugróf, og ræður svo nefnd gróf þar til Syðsta kverslækur fellur í hana, þá ræður nefndur lækur í Syðstahver, og mindar hann tungu þá sem nú fylgir Brekk-<n>akoti. Úr

<sup>55</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 339.

<sup>56</sup> Skjal nr. 2 (196).

<sup>57</sup> Skjal nr. 2 (233). Sjá einnig skjal nr. 2 (293).

<sup>58</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 246.

<sup>59</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 342.

<sup>60</sup> Skjal 4 (28).

Syðstahver ræður bein stefna austur til fjallsbrúnar og svo í Lambafjöll. Að vestan ræður Reykjakvísl og að austan Lambafjöll.<sup>61</sup>

Jón Sigurðsson, umboðshaldari, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af B(enedikt) Kristjánssyni (presti á Grenjaðarstað), hvað varðaði Klambasel, og Sigurði Tómassyni, eiganda Reykja.

Virðing á jörðinni Brekknakoti fór fram 16. júní 1915 vegna fyrirhugaðrar sölu. Þar kemur m.a. fram að heimaland jarðarinnar sé sæmilega rúmt móti öðrum nytjum hennar. Það sé hagfelld til notkunar, liggi nærri jafnt á alla vegu frá bænum og nái bæði til fjalllendis og láglendis. Sauðhagi er góður, sumar og vetur, þegar til lands nær og á sumrum er gripahagi viðunandi. Úrkomusamt og snjóþungt er þar á vetrum, jarðbönn eru því algeng og lengi vetrar þegar hart er og þá fram á vor og jafnvel allt til fardaga. Jörðin á land að hverunum við Uxahver og eru merki í syðsta hverinn. Hún á þó engin hlunnindi eða ítök annarsstaðar. Brekknakot var selt Jóni Fr. Jónssyni og er afsalið dagsett 6. júní 1916.<sup>62</sup>

Brekknakot er hjáleiga Reykja sem er talin fimm hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804.<sup>63</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Brekknakots hafi verið þinglesin 1888. Eftirfarandi upplýsingar um Brekknakot eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landið fremur þröngt og skjólalítið. Sumarland sauðfjár mjög gott og vetrararbeit einnig er til nær en snjóþungt. Gripahagar lélegir. Fjárgeymsla hæg. Túnið er algirt. Einnig samgirðing milli heimalands og afréttar. Lengd 2215 mtr. Jörðin á næga afrétt fyrir sig.<sup>64</sup>

Þann 23. september 1940 var landamerkjamál Brekknakots og Laufahlíðar annars vegar og Hveravalla hins vegar tekið fyrir í landamerkjadómi Þingeyjarsýslu. Málið, sem mátti rekja til beiðni frá ábúanda Brekknakots og Laufahlíðar og formanni og framkvæmdastjóra Garðræktarfélag Reykhverfinga h.f., gekk út á að ákvarða hluta landamerkjalínunnar milli Brekknakots og Hveravalla.

Eftir að gengið hafði verið á merkin samkvæmt landamerkjaskrár jarðanna frá 24. febrúar 1887 og 22. maí 1890 og örnefni og staðhættir athugaðir var gert eftirfarandi samkomulag um hina umdeildu línu:

Úr Syðstahverlæk þar sem hann beygir til norðausturs rjett neðan við hverinn í merki á vesturbrún Syðstahvers.

Þaðan ræður bein sjónhending yfir merki á austurbrún hversins í vörðu efst á brekkubrúninni ofan við Laufahlíð.

2. Vatnsrjettindi og orku í Syðstahver eiga aðilar hver að hálfu.

<sup>61</sup> Skjal nr. 2 (57). Það sem skrifara landamerkjabókar Þingeyjarsýslu hefur sést yfir er: „og austur á svokallað litla Hrakholt.“, einnig hefur hann gert Sigurð Tómasson eiganda Reykja að Sigurði Jónssyni.

<sup>62</sup> Skjal nr. 2 (282).

<sup>63</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>64</sup> Skjal nr. 2 (83).



1. Að öðru leyti eru merkin milli jarðanna samkv. landamerkjaskránum [landamerkjaskrá?].

Bárður Halldórsson og Pálmi Einarsson (væntanlega dómsmenn) skrifuðu undir samkomulagið. Það gerðu einnig; Þórður Jónsson, fyrir Laufahlíð; Böðvar Jónsson, fyrir Brekknakot; Júl. Havstein (sýslumaður); Hrólfur Árnason, fyrir Garð. fél. Reykhverfinga, og Atli Baldvinsson, fyrir Garð. fél. Rhv.

Fyrir neðan undirskriftir þeirra stendur eftirfarandi:

Merkin sitt hvoru megin Syðstahvers og á brekkubrúninni skulu aðilar auðkenna með litlum steinsteypum vörðum. Að gefnu tilefni tekur [strikað yfir rjetturinn] merkjadómurinn fram, að Syðstihver er einu nafni nefndur þær borholur tvær, sem eru rjett neðan við Laufahlíð. ...

Þar kemur einnig fram að formaður og framkvæmdastjóri Garðræktarfélagins hafi óskað þess að bókað væri að þeir undirrituðu samkomulagið í trausti þess að næsti aðalfundur félagsins féllist á það. Einnig stendur að Búnaðarfélag Íslands muni gera uppdrátt af merkjalínunni og umhverfi hennar

Brekknakot fór í eyði árið 1945, en í landi þess voru byggð býlin Bláhvammur, sem fékk 2/3 hluta Brekknakotslands, og Laufahlíð, sem hlaut þriðjunginn. Laufahlíð féll síðar undir Bláhvamm.<sup>65</sup>

## 5.6 Reykjatorfa

Reykja er getið í Ljósvetninga sögu, sem Björn Sigfússon telur frá því um miðja 13. öld, og einnig Reykdæla sögu.<sup>66</sup>

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar stendur varðandi Grenjaðarstað:

Hier skulu vera prestar. ij. oc hinn þridie ef þing fylgia til reykia.<sup>67</sup>

Samkvæmt jarðakaupabréfi, 31. desember 1544, voru Reykir í Reykjahverfi seldir með öllum gögnum og gæðum, eignum og ítölum, að tilskildum nokkrum ítökum. Þar á meðal:

Mælifellzhaga utann so mykinn part sem Eignadur værj Mulakyrkiu ä millum tueggia Garda.<sup>68</sup>

Í kirknaskrá Guðbrands biskups Þorlákssonar frá 1569 kemur fram að tíund liggja til Grenjaðarstaðakirkju af Reykjum og fjórum kotum þar hjá, þ.e. Víkingsstöðum, Holtakoti, Brekknakoti, Hólkoti og Reykjamannahögum, sem samtals séu 80 hundruð að dýrleika.<sup>69</sup>

<sup>65</sup> *Byggðir og bú. Aldarminning búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga*, bls. 603-604 og *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 522. Sbr. skjal nr. 4 (38).

<sup>66</sup> *Ljósvetninga saga með þáttum, Reykdæla saga ok Víga-Skútu*, Íslenzk fornrit X, bls. XLVI-L, 3, 239.

<sup>67</sup> Skjal nr. 2 (178).

<sup>68</sup> Skjal nr. 2 (215).

<sup>69</sup> Skjal nr. 2 (293).

Þá segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í lýsingu Reykja að munnmæli séu að jörðin eigi ítak, 5 hundraða land í Mælifellshögum milli tveggja jarða, sem liggja í fjöllum vestur af Reykjaheiði. Enginn vissi að jörðin hafi ítakið brúkað eða þess notið.<sup>70</sup>

Séra Ingjaldur Jónsson á Múla lét lögfesta Þeistareyki og Mælifellshaga líkt og nánar er vikið að í kafla 5.14 um Þeistareyki. Lögfestan var m.a. lesin upp á manntalsþingi á Húsavík 9. júní 1792 og þá mótmælti Árni Sigurðsson ábúandi Stóru-Reykja henni hvað Mælifellshaga áhrærði en hann hélt því fram að þar ætti ábylissjörð sín fimm hundraða land.<sup>71</sup>

Skúli Tómasson prestur í Múla lögfesti Þeistareyki með Mælifellshögum þann 13. maí 1854, sbr. kafla um Þeistareyki. Lögfestan var lesin á manntalsþingi að Húsavík 15. maí 1854 og á Skútustöðum 18. sama mánaðar og loks að Helgastöðum tveimur dögum síðar. Enginn hreyfði mótmælum en Halldór Jónsson ábúandi Reykja í Reykjahverfi bað um að sér geymdist réttur sinn ef í ljós kæmi að Reykjum tilheyrði nokkur tiltala til Mælifellshaga eins og hann hefði heyrt munnmæli um.

Bændurnir Eyjólfur Brandsson á Reykjum og Sigurgeir Þorgrímsson á Brekknakoti mótmæltu harðlega banni við notkun á Þeistareykjalandi og Mælifellshögum sem lesið var upp á manntalsþingi á Húsavík 4. júní 1870.<sup>72</sup>

Einhvern tíma fyrir 1846 var byggður bær í landi Reykja, sem fékk nafnið Litlureykir og 1/3 lands Reykjarjarðarinnar. Afsal fyrir þessum hluta jarðarinnar var gefið út árið 1908.<sup>73</sup> Eftir það færðist nafnið Stóru-Reykir á hina upphaflegu jörð. Árið 1904 keypti Garðræktarfélag Reykhverfinga 10 hektara úr Reykjalandi og árið 1918 1/3 Reykjalands til viðbótar og var þá stofnað býlið Hveravellir. Síðar voru stofnuð í Reykjalandi býlin Reykjarhóll (árið 1940), Rein (árið 1963) og Reykjavellir (árin 1946-1956).<sup>74</sup> Meginhluti lands Stóru-Reykja hefur skipst að jöfnu milli Reykjavalla og Reykjahóls.<sup>75</sup> Nýbýlið Grundir var stofnað árið 1955 á helmingi Litlu-Reykja, en býlin hafa verið sameinuð undir nafninu Litlu-Reykir.<sup>76</sup>

Landamerkjaskrá fyrir Stóru-Reyki, ásamt Litlu-Reykjum og Holtakoti, var útbúin 22. maí 1890. Hún var þinglesin 11. júní sama ár:

Að vestan móti landeignum Ness og Árbótar ræður Reykjakvísl og eiga Reykir í mitt meginvatn hennar. Að norðan ræður enn hin sama kvísl þar til er Helga á kemur saman við hana, þá ræður Helga á merkjum til suðurs allt þar til er gamall garður liggur uppfrá henni til austurs nokkru sunnar en á móts við Holtakot. Síðan ræður garður sá merkjum, svo langt sem hann nær og

<sup>70</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 246.

<sup>71</sup> Skjal nr. 2 (111) a-b.

<sup>72</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.101).

<sup>73</sup> Skjal nr. 4 (73).

<sup>74</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 343. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 523, 527-529, 531. Sbr. skjal nr. 4 (75).

<sup>75</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 532.

<sup>76</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 529.

síðan hin sama stefna til Lambafjalla. Að austan ráða Lambafjöll. Að sunnan austur frá Reykjavísl, ræður merkjum garður sá, er liggur austur sunnan á Hrakholt og austur á Litluhrakholt. Þaðan ræður bein stefna í Litlugróf; þá ræður lækur sá er rennur eftir Litlugróf, til þess er hann kemur saman við læk þann er rennur eftir Löngugróf, þá sá lækur til þess er hann kemur saman við syðstakverslæk. Síðan ræður merkjum Syðstahverslækur uppi Syðstahver. Úr Syðstahver ræður svo bein stefna til Lambafjalla.<sup>77</sup>

Umboðsmaður Stóru-Reykja ásamt Litlu-Reykjum og Holtakoti, Sigurjón Kristófersson, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Árna Jónssyni, ábúanda og umráðamanni Þverár; Jóni Jónssyni, hann skrifaði undir vegna Ness og Þeistareykjalands í umboði (Benedikts Kristjánssonar) umráðamanns Múlakirkju; og Péttri Jónssyni, en hann var settur umboðsmaður þjóðeignarinnar Brekknakots.

Samkvæmt jarðamatinu 1804 eru Reykir, sem taldir eru 25 hundruð, sjálfseignarjörð. Skriðuföll hrjá úthaga jarðarinnar.<sup>78</sup>

Í sama jarðamati kemur fram að Halakot (en væntanlega er átt við Holtakot) sé hjáleiga Reykja.<sup>79</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Stóru-Reyki:

Stórureykir hver jörð að undanfögnu talin 40 hndr. að dýrleika með tveimur hjáleigum sem eru Brekknakot og Holtakot ... en hvorug þessi hjáleiga hefur þó nein viss eður sjerskyld landamerki.

... Ókostir jarðarinnar þeir helztu ... og leikur efi á að jörð þessi eigi afrijettarland fyrir geldfje sitt á sumrum, ...<sup>80</sup>

Í köflunum um Litlu-Reyki og Stóru-Reyki A og B í fasteignamatinu 1916-1918 er land sagt óskipt. Um búfjárhaga segir að sumarheit sé góð fyrir allan búpening og vetrarheit einnig, er til nær, en snjóþungt. Beitlandið er nærri og fjárgeymsla hæg. Samgirðing er milli heimalands og afréttar. Jarðirnar eiga næga afrétt fyrir sig. Litlu-Reyki og Stóru-Reyki B (Garðyrkjufélagið) hafa allmikið landrými en Stóru-Reyki A í meðallagi.<sup>81</sup> Umfjöllun um Holtakot er tekin upp hér rétt á eftir.

Úttektarmenn voru mættir að nýbýli Óskars Sigtryggssonar (Reykjarhóli) 11. júní 1941 til þess að skipta túni, engi og fyrirhuguðu ræktunarlandi handa nýbýlinu úr landi Stóru-Reykja. Gengið var um landið, það athugað og mælt. Við landskiptin sjálf var ekki vikið að landinu til heiðar. Nýbýlið fékk m.a. ¼ slægna í bithaga móti Stóru-Reykjum eftir samkomulagi og jarðhita einungis til eigin nota. Undir bréfið skrifuðu úttektarmenn, sýslumaður, Óskar Sigtryggsson og Sigtryggur Hallgrímsson.<sup>82</sup>

<sup>77</sup> Skjal nr. 2 (40) a-b.

<sup>78</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>79</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>80</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>81</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>82</sup> Skjal nr. 4 (93).

Holt, eyðijörð, er nefnt í skrá frá 1449 yfir kúgildi á Hólastólsjörðum.<sup>83</sup>

Prestadómur var kveðinn upp um hald Þorsteins Þorleifssonar á Holtakoti eign Hólakirkju þann 17. apríl 1493.<sup>84</sup>

Í Sigurðarregistri, er byrjað var að skrá 1525, kemur fram að Hólastóll eigi þrjú eyðikot hjá Reykjum.<sup>85</sup> Eyðikot þrjú hjá Reykjum, metin á 15 hundruð, voru meðal þess sem seldist eða lógaðist frá Hólakirkju meðan Jón Arason biskup hélt Hólastað (1550).<sup>86</sup> Reykir, Holtakot, Víkingsstaðir, Brekknakot og Hólakot, metin á 80 hundruð eru nefnd í kirknareikningum nyrðra á prestssetrum 1569 meðal kota hjá Reykjum.<sup>87</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir Holtakot forna eyðihjáleigu, sem hafi legið í auðn yfir 70 ár.<sup>88</sup>

Jón Sigurðsson í Yztafelli telur sennilegt, að hér sé Holt í Reykjahverfi, sem nefnt er í bréfi frá árinu 1394. Holtakot hafi verið komið aftur í byggð 1762.<sup>89</sup>

Um búfjárhaga Holtakots segir í fasteignamatinu 1916-1918:

Búfjárhagar: Landrými nokkurt. Sumarheit góð fyrir sauðfé, og snapaseigt á vetrum. Gripahagar ekki góðir. Jörðin á afrétt fyrir sig.<sup>90</sup>

Nær samfelld byggð hefur verið í Holtakoti frá því um 1800. Árið 1950 var býlið byggt upp að nýju og nefnt Víðiholt.<sup>91</sup> Í landi Víðiholts hefur verið stofnað býlið Helgá.<sup>92</sup>

## 5.7 Þverá

Í arfleiðslubræfi Gottskálks Nikulássonar, 6. júní 1520, kemur fram að hann gefi Hólakirkju Þverá sem metin er á 20 hundruð.<sup>93</sup>

Sigurður Jónsson, Arasonar, seldi Þverá í jarðaskiptum, 31. desember 1544.<sup>94</sup>

Þverá, 15 hundruð, er talin meðal jarða, sem höfðu lógast eða selst frá Hólakirkju á dögum Jóns Arasonar.<sup>95</sup>

Vitnisburður Magnúsar Ísleifssonar um landamerki Þverár var bréfaður að Sandvík í Bárðardal 25. september 1644. Magnús, sem hafði verið heimilismaður á Þverá í sjö ár eða til 26 ára aldurs, lýsti landamerkjunum þannig:

<sup>83</sup> Skjal nr. 2 (197).

<sup>84</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. VII, 168-170).

<sup>85</sup> Skjal nr. 2 (209).

<sup>86</sup> Skjal nr. 2 (217).

<sup>87</sup> Skjal nr. 2 (233).

<sup>88</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 246.

<sup>89</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 345.

<sup>90</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>91</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 533. Sbr. skjal nr. 4 (78).

<sup>92</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 534.

<sup>93</sup> Skjal nr. 2 (208).

<sup>94</sup> Skjal nr. 2 (215).

<sup>95</sup> Skjal nr. 2 (217).

J fyrstu up frá Bænum: J þann Læk: Sem liggur Sunnan J Þuera til motz vid Botar Bæ & Sudur eptir J þann Gard Sem liggur næst fyrir utan vðkyngstadi oc sudur og ofan eptir mýrenne: J Kielldu nockra: huor Kiellda ad liggur: ofan J helga A fyrir Sunnan vðkiyngstadi: Jtem: Eingia Reytur Jördinnj Þurerä eignad atölulaust fyrir utan Þuerä med Gardi vmgyrdtur: -

Eirnin var optnefndri Jördu Þuerä eignad fim hundrada Land atölulaust fyrir vestan Reykia kuýsl ...<sup>96</sup>

Sveinn Ólafsson og Björn Jónsson vottuðu að hafa verið viðstaddir er Magnús gaf Sigurði Magnússyni umræddan vitnisburð.

Þann 3. júní 1890 var útbúið landamerkjabréf fyrir Þverá. Það var þinglesið 11. júní sama ár:

Að vestan ræður Helgá merkjum suður að svokölluðum merkigarði, sem liggur þvert upp frá henni nokkru sunnar en á móti Holtakoti; garðurinn ræður merkjum að sunnan meðan hann endist og síðan hin sama stefna austur yfir Reykjafjall austur í Lambafjöll, sem ráða merkjum að austan norður í Tröllagil, sem ræður merkjum að norðan meðan það endist en úr því ræður Þveráin þar til hún rennur í kvislina.

Land það sem Þverá á á Hvammsheiði afmarkast ...<sup>97</sup>

Árni Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Jónssyni, eftir umboði frá umboðsmanni eiganda Stóru-Reykja með Litlu-Reykjum og Holtakoti; Sigurði Jónssyni, eiganda Heiðarbótar; Árna Sörenssyni, ábúanda og umráðamanni Skóga, og Sigurjóni Jóhannessyni, en hann samþykkti hvað varðaði landamerki Árbótar, Núpa og Laxamýrar.

Þverá var sjálfseignarjörð samkvæmt jarðamatinu 1804, sögð 20 hundruð. Fram kemur að á beri möl á úthaga.<sup>98</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Þverá. Þar kemur fram:

Þverá hingaðtil talin 20 hndr. að dýrleika. ... Úthagi er þar bæði að gæðum og víðáttu í betra lagi fyrir allann pening enkum að sumarlagi, vetrarútbeit er þar ámot allgóð fyrir sauðpening, líka á jörð þessi vestur til Hvammsheiðar töluerðt útbeitar og afrijettarland í hverju einnig mætti hafa litilvægar grasatekju ...<sup>99</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Þverár hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Þverá eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landrými mikið og kjarnaland. Sauðfjárbeit góð sumar og vetur, snjólétt en næðingasamt. Hestahagar góðir, en kúahagar slæmir. Beitolandið

<sup>96</sup> Skjal nr. 2 (72) a-b.

<sup>97</sup> Skjal nr. 2 (53) a-b.

<sup>98</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>99</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

heldur fjarsótt, en fjárgeymsla þó hæg. ... Jörðin á næga afrétt fyrir sig. ...  
Ágangur er mikill af afréttarfé.<sup>100</sup>

## 5.8 Skógar og Skógahlíð

Í afhendingarskrá Grenjaðarstaðar, 29. maí 1391 (27. febrúar 1393) kemur fram að Grenjaðarstaðarkirkja eigi 24 hundruð í Laxamýri eða Skógaland til leiguburðar.<sup>101</sup>

Í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394, kemur fram að Grenjaðarstaðarkirkja eigi:

fiavgr hvndrvt oc tvrtvgv i laxamyre. ella skoga land til leigvbvrdar.<sup>102</sup>

Sigurður Jónsson, Arasonar, seldi Skóga í jarðaskiptum, 31. desember 1544.<sup>103</sup>

Skógar, 20 hundruð, voru taldir meðal jarða, sem höfðu lógast eða selst frá Hólakirkju á dögum Jóns Arasonar.<sup>104</sup>

Samkvæmt lista yfir Munkaþverárklostursjarðir í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 tilheyra Skógar klaustrinu.<sup>105</sup>

Eigandi Skóga hóf landamerkjамál gegn Skörðum á 9. áratug 19. aldar. Var því vísað tvisvar sinnum heim í hérað af Landsyfírrétti og mun þar með hafa fallið niður. Sjá umfjöllun við Skörð.

Landamerkjabréf fyrir Skóga var útbúið þann 28. maí 1892. Það var þinglesið 1. júní sama ár:

Að vestan ... Að norðan ræður merkjum Skóga á til austurs allt að Moldskurði, sem miðja vega milli Litlumýri og Skóga ár botna. Úr Moldarskurði ræður bein stefna í vörðu sem er byggð á sandhæð, rett ofan við það sem Moldarskurður endar. Frá vörðunni ræður bein stefna sunnan á Grýluhól. Síðan ræður bein stefna eftir tveim vörðum, er hin eystri norðvestan við Bjarnaröxl, síðan sama stefna utan í Bjarnaröxl til austurs norðan vert við Höfuðreiðarmúla. Að austan ræður merkjum bein stefna frá Höfuðreiðarmúla, suður Lambafjöll í Tröllagil er ræður merkjum að sunnan vestur á móts við Táarmel. Frá Táarmel ræður merkjum garður, sem beygist til norðvesturs [í, sést ekki vegna gats fyrir löggildingarsnúru] stórhól í Víðirker síðan ræður sami garður merkjum beint vestur yfir stöpla og ofan eftir sunnan við Dýakot vestur í Mýrarkvísl.<sup>106</sup>

Guðný Ólafsdóttir skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Þuríði H. Jónsdóttur, eiganda og ábúanda Heiðarbótar, og Árna Jónssyni, eiganda og

<sup>100</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>101</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>102</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>103</sup> Skjal nr. 2 (215).

<sup>104</sup> Skjal nr. 2 (217).

<sup>105</sup> Skjal nr. 2 (319) a-b.

<sup>106</sup> Skjal nr. 2 (43) a-b.

ábúanda hálftrar Þverár. Bréfið var einnig samþykkt af eigendum og ábúendum Skarða, þeim Jóni Á. Árnasyni, Jakobínu Jónsdóttur og Jóni Jónssyni.

Skógar, sem eru sjálfseignarjörð samkvæmt jarðmatinu 1804, eru þar sagðir 20 hundruð.<sup>107</sup>

Í jarðmatinu 1849-1850 er fjallað um Skóga. Þar kemur fram:

Skógar hingaðtil taldir 20 hundruð að dýrleika ... Hagbeit á sumrum er fremur smá fyrir stórgripi en betri fyrir sauðpening, ... þessutan á jörð þessi afrijetartiltölu til svokallaðrar Reykjaheiðar. ...<sup>108</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að Skógar eigi óskipt land við Dýjakot og að landamerkjum hafi verið þinglýst sameiginlega 1890 (svo). Eftirfarandi upplýsingar um Skóga eru fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Sauðland gott, en fremur snjóþungt. Gripahagar í þrengra lagi. Beitilandið nærri en skjólalítið. Fjárgeymsla hæg. ... Samgirðing milli heimalands og afréttar og á jörðin næga afrétt fyrir sig.<sup>109</sup>

Skógum hefur á 20. öld verið skipt í nokkur býli. Fjórðungur landsins féll til Dýjakots/Skógahlíðar, þegar byggð var endurreist þar árið 1869. Skógar I voru 5/8 jarðarinnar eftir það og Skógar II 3/8 hlutar, en þeir urðu til árið 1902. Skógar III voru stofnaðir árið 1962 á hálfleudu Skóga I.<sup>110</sup>

Landskipti fóru fram milli Skóga I og II 27. nóvember 1957. Skiptin mun aðeins hafa varðað land næst bæjunum, en í skiptagerðinni segir:

Austan og ofan téðs skipta lands er óskipt land.<sup>111</sup>

Viðbót og breyting við landamerkjaskrá Skóga I og Skóga III var gerð árið 1980, en virðist ekki taka til lands til heiðar.<sup>112</sup>

Dý eða Dýjakot var fornbylí í landi Skóga, sem var í eyði öldum saman. Dýja er fyrst getið í dómi um skuldaskipti 11. og 12. júní 1380:

eydijord sem langan tima hafdi vbygd verit er ath dyium hæiter<sup>113</sup>

Dý voru goldin Hólastól í makaskiptum fyrir Harðbak, 17. mars 1456.<sup>114</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir í framhaldi af lýsingu Skóga árið 1712:

Dyakot kallast nú fornt eyðiból skamt suður og upp frá jörðunni, og eru þar sýnileg byggíngarmerki garða og tóftaleifa, og atla menn að þessi jörð hafi eyðilagst í stóru plágunni. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi.<sup>115</sup>

<sup>107</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>108</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>109</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>110</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 536-539. Sbr. skjal nr. 4 (63).

<sup>111</sup> Skjal nr. 4 (94).

<sup>112</sup> Skjal nr. 34 (7).

<sup>113</sup> Skjal nr. 2(182).

<sup>114</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. V, 136-137).

<sup>115</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 249.

Jón Sigurðsson í Yztafelli hefur eftirfarandi um Skógahlíð:

Suðaustur frá Skógum og nærri 60 m hærra yfir sjó var fornþýli, er nefndist *Dýjakot* og ÁM segir, að legið hafi í eyði frá Svartadauða og megi ekki aftur byggja. Voru þar grónar tættur árið 1869, þegar Sigurður Árnason frá Skógum byggði þar nýjan bæ. ... Ýmsir bjuggu síðan í *Dýjakoti* skamma hríð. Það var í sameign með Skógum fram að 1909, en þá keypti það Jakob Magnússon, áður á Húsabakka, og bjó þar um hríð. Sigurður Pálsson frá Skógum bjó þar síðast nokkur ár, og lagði að lokum í eyði 1929.

Eigi fór þó *Dýjakotslandið* í auðn. Sigurður byggði sér nýjan bæ 1929, í *Dýjakotslandinu*, suður frá Skógum neðan við allar brekkur og bratta, og nefndi Skógahlíð. ... Sigurður hefur auk þess undir hluta af Skógum og heldur rækt í gamla *Dýjakotstúninu*.<sup>116</sup>

Þessari frásögn Jóns ber ekki að öllu leyti saman við aðrar heimildir. Í *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga* segir að við endurreisn *Dýjakots* árið 1869 hafi fylgt syðsti hluti Skógalands. Nýr bæur hafi verið byggður á öðrum stað árið 1939 og nefndur Skógahlíð.<sup>117</sup> *Dýjakot* sjálft hafi farið í eyði árið 1924.<sup>118</sup> Og samkvæmt þinglýsingum var býlið selt undan Skógum árið 1911.<sup>119</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að *Dýjakot* eigi óskipt land við Skóga og að landamerkjum hafi verið þinglýst sameiginlega 1890 (svo). Eftirfarandi upplýsingar um *Dýjakot* eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Sauðland gott og sæmilega rúmt, en snjóþungt í flestum vetrum. Gripahagar fremur þröngir. Beitlandið nærtækt en skjólalítið. Fjárgeymsla hæg. ... Samgirðing, úr gaddavír milli heimalands og afréttar, 450 metr. löng. Jörðin á upprekstrarland fyrir sig.<sup>120</sup>

Landskipti *Dýjakots* og Skóga voru gerð í desember 1922. „Afrétt“ *Dýjakots* skyldi vera tiltölulegur hluti úr „afrétti“ þeim sem jörðunum tilheyrði austan girðingar miðað við hundraðatal Skóga í jarðamati 1861, sem var 21, 6 hndr. Þar af *Dýjakot* 5 hndr.<sup>121</sup>

## 5.9 Skörð, Skarðaborg og Einarstaðir

Landnáma segir Skörð vera býli landnámsmannsins Höskulds Þorsteinssonar, sem nam lönd öll fyrir austan Laxá.<sup>122</sup>

Jarðakaup fóru fram í Skörðum, 10. október 1463 (10. apríl 1466).<sup>123</sup>

<sup>116</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 347.

<sup>117</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 536.

<sup>118</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 551.

<sup>119</sup> Skjal nr. 4 (62).

<sup>120</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>121</sup> Hliðsjónarskjal (Landamerkjabók Þingeyjarsýslu D, nr. 252/1922).

<sup>122</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 276.

<sup>123</sup> Skjal nr. 2 (203).



Gottskálk Nikulásson fékk hálf Skörð í makaskiptum fyrir Finnastaði í Höfðahverfi 11. október 1504, 11. janúar 1505.<sup>124</sup>

Samkvæmt arfleiðslubrési Gottskálks Nikulássonar, 6. júní 1520 gaf hann Hólakirkju 20 hundruð í Skörðum.<sup>125</sup>

Jón biskup Arason seldi hálf Skörð 14. júlí 1531.<sup>126</sup>

Hálf Skörð, 20 hundruð, voru talin meðal jarða, sem höfðu lógast eða selst frá Hólakirkju á dögum Jóns Arasonar.<sup>127</sup>

Sex menn vottuðu að hafa verið viðstaddir á Hólum 3. maí 1652 og séð á handsöl þeirra Þorláks biskups Skúlasonar og séra Bjarna Jónssonar. Bjarni seldi biskupi 30 hundruð í Skörðum fyrir 60 hundruð, þar af til hálf í peningum, ¼ hluta í kúgildum og ¼ hluta í fríðum og ófríðum peningum. Bjarni lýsti landamerkjum allrar jarðarinnar Skarða en séra Jón Magnússon í Laufási átti 10 hundruð í jörðinni. Samkvæmt séra Bjarna voru landamerkin svohljóðandi:

... að garður sá réði fyrir norðan á milli Laxamýrar og Skarða, sem gengi neðan úr kvísl þeirri sem rennur ur Langavatni og ofan í Laxamýrrvatn réði garður sá allt uppí Stóruhálg. Síðan úr gáginni [svo] til fjalls uppá móts við Saltvíkurland, en fyrir sunnan Skörð segir hann að ráði landamerkjum Skóga á, sem fellur á millum Skóga og Skarða, fylgir jörðu þessari Skörðum allt samfast land Grísatungur og allt austur að sæluhúsinu á móts við Fjallamenn. Ítem til sagði síra Bjarni að áðurgreind jörð Skörð ætti þessi ítök í annara manna lönd: fyrst tveggja mánaða beit á Hvammsheiði annan á sumar en annan á vetur. Þar næst til segir hann að kirkjan á Skörðum eigi áttung úr áttungi úr Hlíðarkirkju rekaparti á Langareka. Ítem, fjórðung rafts og víða á millum Hrossadals og Klappstapa á sama Langareka. Ítem á jörðin Skörð tveggja manna ísgöngu á Botnsvatni fyrir aftan Húsavík.<sup>128</sup>

Í afsals- og veðmálabók Þingeyjarsýslu var árið 1866 fært inn vitnisburðarbréf sex manna, 5. maí 1652, um að þeir hefðu verið við kaup Þorláks biskups Skúlasonar á jörðinni Skörðum af séra Bjarna Jónssyni, 3. maí s.á. Hefur bréfið verið fært inn eftir afriti frumbréfsins, vottuðu af Sigfúsi Schulesen, sýslumanni. Einhverjar villur eru í uppskriftinni, því að talað er um Þorberg Ásmundsson, klausturprest á Hólum, sem þá var þar kirkjuprestur. Í bréfinu eru tiltekin mörk Skarða:

... að garður sá réði ... [lýsingin er síðan eins og lýsing Bjarna Jónssonar frá 3. maí 1652] ... á móts við Fjallamenn.<sup>129</sup>

<sup>124</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. VII, 730-731).

<sup>125</sup> Skjal nr. 2 (208).

<sup>126</sup> Skjal nr. 2 (208).

<sup>127</sup> Skjal nr. 2 (217).

<sup>128</sup> Skjal nr. 2 (303) a-b.

<sup>129</sup> Skjal nr. 34 (20).

Kaupgjörningurinn var bréfaður á Hólum 5. maí 1652. Samkvæmt vitnisburði S. Schulesen var skrifað á kálfskinn með sex hangandi innsiglium hvar af þrjú vantaði.<sup>130</sup>

Kaupbréfi Skarða á kálfskinni frá 15. maí 1652 var framvísað á manntalsþingi á Húsavík 1858.<sup>131</sup>

Jörðin Einarstaðir er fyrrum hjáleiga frá Skörðum.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir Einarstaði, Borgartún, Hrisakot og Litluskörð eyðiból í landi Skarða, sem ekki hafi verið byggð í manna minni, þó sýnileg séu byggingamerki girðinga og tóftaleifa.<sup>132</sup>

Að sögn Jóns Sigurðssonar sáust aðeins vallgrónar tættur á Einarstöðum árið 1855 en þá hafi Jón Jónsson endurbyggt þar.<sup>133</sup>

Á manntalsþingi á Húsavík 15. maí 1854 var lesin upp lögfesta fyrir jörðinni Skörðum. Inntaks er ekki getið en fram kemur að enginn hafi mótmælt.<sup>134</sup>

Lögfesta fyrir landi Skarða í Húsavíkurbreppi var lesin upp á manntalsþingi að Keldunesi 3. júlí 1867. Inntaks lögfestunnar er ekki getið.<sup>135</sup>

Lögfesta Sigurjóns Jóhannessonar á Laxamýri fyrir Laxamýri og Mýrarseli, frá 8. apríl 1875, var lesin upp á manntalsþingi á Húsavík 17. maí 1875. Inntaks lögfestunnar er ekki getið. Sigurður Flóventsson á Skörðum mótmælti aðeins króknum á garðinum sem að sunnanverðu liggur.<sup>136</sup>

Á 9. áratug 19. aldar hófust deilur milli jarðanna Skóga og Skarða um landamerki. Eigandi Skóga taldi landamerkin þessi:

... að móts við Skarðaland ráði frá Mýrarkvísl Skógaá meðan hún rennur beint, þá garður sá, sem liggur upp yfir þvera Litlumýri, þar sem Skógaá beygist til suðurs og svo bein stefna úr garðinum laust fyrir sunnan Grísatungur austur í Sæluhús. Á hinn bóginn töldu eigendur Skarða til þessara landamerkja fyrir jörð sinni gagnvart Skógum, að Skógaá ráði merkjum milli jarðanna alla leið frá upptökum árinna, en frá upptökum hennar bein lína í Sæluhús. ...<sup>137</sup>

Árið 1887 dæmdi Landsyfírréttur merkjadóm í landamerkjamálinu milli Skóga og Skarða ómerkan og vísaði málinu frá undirrétti.<sup>138</sup>

<sup>130</sup> Skjal nr. 2 (303) a-b. Afsalsbréfið var lesið á manntalsþingi á Húsavík 16. maí 1866 og fært inn á bls. 26 í eignarskjala- og veðmálabók Þingeyjarsýslu. Aftur var það lesið upp á manntalsþingi á Húsavík 24. nóvember 1876 og fært inn undir nr. 146 í afsals- og veðmálabók Þingeyjarsýslu. Frumrit afsalsbréfsins er hins vegar varðveitt á handritadeild Landsbókasafns, sbr. JS dipl. 36.

<sup>131</sup> Hliðsjónarskjal. Eftirriti af sama bréfi var þinglýst 16. maí 1886. Einnig getið 22. maí 1876.

<sup>132</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 263.

<sup>133</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 348.

<sup>134</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.92).

<sup>135</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.99).

<sup>136</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.103).

<sup>137</sup> Hliðsjónargagn (Lyrd. (1890-1894) IV, bls. 27-30).

<sup>138</sup> Hliðsjónargagn (Lyrd. (1886-1889) III, bls. 207-208).

Landamerkjadómnum 14. september 1888 var áfrýjað til Landsyfírréttar, sem dæmdi næsta ár að dómurinn skyldi ógildur og málinu vísað heim í hérað.<sup>139</sup> Í dómsforsendum segir að áfrýjendur (Skarðamenn) hafi lagt fram afsalsbréf fyrir 30 hndr. í Skörðum frá 5. maí 1652, sem nokkrum sinnum hafi verið þinglesið og geti um landamerki:

Skjal þetta hefur að eins verið framlagt í eptirriti, en hinn stefndi [þ.e. eigandi Skóga] hefur hvorki mótmælt eptirritinu nje heldur „authenti“ frumskjalsins. Engar aðrar skjallegar sannanir hafa fram komið í málinu um landamerkin. Samt sem áður hefur merkjadómurinn eigi sett merkin samkvæmt skjali þessu, þar sem hann að eins hefur látið Skógaá ráða merkjunum, meðan hún rennur beint, en úr því sett önnur merki, sem virðast vera beinni en áin. En til þess þannig að víkja frá og dæma þvert ofan í hið eina áreiðanlega skilríki fyrir landamerkjum jarðanna, sem komið er fram af hálfu málsaðila, virðast dómendur eigi hafa haft lögmæta heimild. Það er eigi rjett, sem segir í dómnum, að Grísatungur sjeu auðsjáanlega settar í afsalsbrjefið til að tákna landamerki Skarðalands að sunnan, því að brjefið segir ekki annað í því efni, en að Skörð eigi Grísatungur. Að merkjasetning áfrýjandanna sje óeðlileg eptir landsháttum, eins og dómurinn segir, getur ekki hnekkt gildi afsalsbrjefsins, en á hinn bóginn skal það tekið fram, að sú merkjasetning verður naumast álitin koma í bága við landshættina, þar sem sama áin er látin ráða merkjum frá upptökum að ósi, sjer í lagi úr, því að það er viðurkennt, að hún að minnsta kosti á að ráða merkjum að nokkru leyti, sbr. lög 17. marz 1882, 2. gr.

Með vitnaleiðslu þeirri, sem fram hefur farið í málinu, er ekkert sannað, er hnekkt geti sönnunargildi afsalsbréfsins, því að vitnin bera ekki annað, en að þau þekki örnefni þau, sem hinn stefndi virðist binda merkjalýsingu sína við, og að þau hafi *heyrt* þau *talín* ráða merkjum milli Skóga og Skarða.

Landamerkjabréf fyrir Skörð með Einarstöðum var útbúið þann 8. febrúar 1892. Það var þinglesið 1. júní sama ár:

Að vestan ræður kvísl sú, sem fellur úr Langavatni (Mýrarkvísl) suður þangað sem Skóga á til austurs allt að Moldskurði, sem er miðja vega milli Litlumýrar og Skógarbotna. Úr Moldarskurði ræður bein stefna í vörðu sem er byggð uppí á Sandhæð, rétt ofan við það, sem Moldarskurður endar. Frá vörðunni ræður bein stefna sunnan á Grýluhól. Síðan ræður bein stefna eftir tveim vörðum, er hin eystri norðvestan við Bjarnaröxl og til austurs norðanvert á Höfuðreiðarmúla, og þaðan beint á sæluhús.

Að norðan ræður forn garður, sem liggur frá Mýrarkvísl utan við Hrísakot uppí halsinn á krók þann, sem á garðinum er, og síðan bein stefna í há Hamarbrekkuhól og þaðan í Tvívörður á Eystri - hamarbrekku. Þaðan ræður bein stefna um norðanvert Höskuldsvatn í drag það sem gengur upp af

<sup>139</sup> Hliðsjónargagn (Lyrd. (1890-1894) IV, bls. 27-30).

vatninu; ræður svo drag það í Nykurtjörn, og síðan sama stefna til háhryggja Grísatungufjalla og ráða síðan fjöllin beina stefnu yfir Olnboga í Johannsgil að sæluhúsi. (Skörð eiga tveggja mánaða beit á Hvammsheiði annan á sumri og annan á vetri og tveggja manna göngu á Botnsvatn fyrir ofan Húsavík.)<sup>140</sup>

Eigendur Skarða, þau Jón Á. Árnason, Jakobína Jónsdóttir og Jón Jónsson, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Sigurjóni Jóhannessyni, eiganda Laxamýrar; Jóni Jónssyni, ábúanda Fjalla; Guðnýju Ólafsdóttur, vegna Skóga; B(enedikt) Kristjánssyni (presti á Grenjaðarstað), umráðamanni Þeistareykjalands, og Jóni Arasyni, umráðamanni Húsavíkurlands.

Á spássíunni við yfirstrikaða textann kemur fram að ítökunum hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953 og séu því niðurfalnin. Jóhann Skaptason skrifar undir þetta.

Eigendur Skarða höfðu áður, árið 1889, samþykkt landamerkjabréf Fjalla.<sup>141</sup>

Á manntalsþingi á Húsavík 17. maí 1905 var lesið upp stjórnarráðsbréf frá 27. desember 1904 þar sem grennslast var fyrir um gömul heimildarskjöl fyrir jörðum. Fátt virtist til af slíkum skjölum en þó kom fram að gömul heimildarskjöl myndu m.a. vera til fyrir jörðinni Skörðum.<sup>142</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er sjálfseignarjörðin Skörð sögð 25 hundruð.<sup>143</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Skörð. Þar kemur fram:

Skörð hingaðtil talin 40 hundruð að dýrleika ...

... I samanburði við aðrar jarðir í þessu bygðarlagi er þessi jörð einhver hin bezta að landrými og málnty, ... - Afjettarland tilheyrir og jörðunni á Reykjaheiði sem kallast Grísatúngur, og álízt það land að vera nægilegt fyrir geldpening þann allann sem á henni verður framfluttur. ...<sup>144</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að Skörð eigi óskipt land við Einarstaði og að landamerkjum hafi verið þinglýst sameiginlega 1890 (svo). Eftirfarandi upplýsingar um Skörð eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landrými mikið. Sauðland gott og vetrararbeit allgöð. Snjóþungt þó fremur. Gripahagar í þrengra lagi. Fjárgeymsla nú hæg. ... Samgirðing milli heimalands og afréttar. Jörðin á næga afrétt fyrir sig.<sup>145</sup>

Eftirfarandi upplýsingar um Einarstaðir eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landrými mikið. Sauðland gott. Snjóþungt fremur, en þó snapasamt. Sæmilegir gripahagar. Fjárgeymsla nú orðin hæg. ... Samgirðing milli heimalands og afréttar og á jörðin næga afrétt fyrir sig.<sup>146</sup>

<sup>140</sup> Skjal nr. 2 (12) a-b.

<sup>141</sup> Skjal nr. 2 (14) a-b.

<sup>142</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.140).

<sup>143</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>144</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>145</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>146</sup> Skjal nr. 2 (83).

Eigendur Einarstaða og Skarða komu sér saman um landskipti vorið 1923. Samkomulaginu var þinglýst sama ár:

Að sunnan ræður Skógaá merkjum milli Skóga og Einarstaða frá Þröngvuhól niður að götum vestan við Stórugróf. Síðan ráða göturnar merkjum milli Skarða og Einarstaða í Grafarhól og út fyrir Sigguhvamm í keldufall er ræður í austur að grasgróinni brú sem er vestan vert við hreppsveg Reykhverfinga. Síðan ráða fornar götur suður austan við Geithól, þaðan eftir götum sem er svo liggja í Stórugróf austanvert við Baðskinshól. Síðan ræður Stórugróf austur upp utan við Einarstaðatún. Beitland Einarstaða afmarkast þannig. Úr túninu vestantil eftir fornum garði í vörðu móts við Mosalaut, síðan beint í vörðu á miðjum Háás og sama stefna í girðinguna við afrétt, sem síðan ræður í vörðu á Grýluhól og frá henni í vörðu yst á Illusandhæð og síðan eftir Moldskurði í Skógaá. Afrétt Einarstaða skal vera tiltölulegur hluti eftir jarðarmagni eftir jarðamati 1861, eða 1/3 úr Skarðaafrétt. Laxveiðiréttur í kvíslinni að 1/3.<sup>147</sup>

Undir samkomulagið skrifaði eigandi Einarstaða, Friðrik Kristjánsson og eigendur Skarða þeir Jón Ág. Árnason og Sigurður Sigurðarson.

Í landskiptagerð Fjalla og Auðbjargarstaða árið 1980 er tekið fram, að landamerki við Skörð séu ágreiningslaus.<sup>148</sup>

Þegar Einarstaðir voru endurbyggðir um miðja 19. öld, fengu þeir þriðjung Skarðalands.<sup>149</sup> Býlið Skarðaborg var stofnað á fjórðungi þáverandi Skarðalands árið 1949. Allt óræktað land var sameign Skarða og Skarðaborgar.<sup>150</sup>

Landskipti milli Skarða og Skarðaborgar fóru fram árið 2001. Þar var eftirfarandi tekið fram:

Útlandið/afrétt er að 1/3 eign Einarstaða en verður í heild sinni óskipt sameign allra, þ.e. Skarða, Skarðaborgar og Einarstaða.<sup>151</sup>

## 5.10 Húsavík

Húsavíkur er getið í Landnámu, en þar hafði Garðar Svavarsson vetursetu. Segir Sturlubók hann hafa gert þar hús.<sup>152</sup> Tekið er fram í Landnámu, að Húsavík sé í landnámi þeirra Héðins og Höskulds Þorsteinssona, og þar hafi Eyvindur Þorsteinsson landnámsmaður í Reykjadal komið skipi sínu.<sup>153</sup> Einnig getur Landnáma um Ketil í Húsavík, son Þóris leðurháls, en Þórir var sonarsonur Gnúpa-Bárðar.<sup>154</sup>

<sup>147</sup> Skjal nr. 2 (13) a-b.

<sup>148</sup> Skjal nr. 5 (3).

<sup>149</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 540.

<sup>150</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 541. Sbr. skjal nr. 4 (66).

<sup>151</sup> Skjal nr. 34 (13).

<sup>152</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 35, 36.

<sup>153</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 276.

<sup>154</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 274.

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar stendur:

Kyrcia j Husa uijk ä heimaland.<sup>155</sup>

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394<sup>156</sup> og Ólafs Rögnvaldssonar sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510).<sup>157</sup>

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

Hun a allt heimaland, og þar til Þorvalldz stadi, 15 lamba elde, skulu bændur abýrgiast lömb vid þann er a stadnum býr, a millum Biarnar är og Sýls lækiar, Enn þeir bændur sem þýngfarar kaupe eigu ad giegna, gialldi presti fiordung vættar fiska huort haust, enn þeir minna fee eigu faae presti og fiordung, kirkian a flutningar halfar ad hringvere, kirkian a sietting hualreka og flutning fyrer kallbaks landi, I mille svart hamarz og forvada, þridiung I Backa reka og so flutningar, milli Backa gardz og Reýdar aar I hualreka, skal ei minna til kirkiu skrautz vera, af þessu hual hvorum tueggia enn hinn fimmti hlutur.<sup>158</sup>

Í afriti af máldaga Húsavíkurkirkju sem er frá 1672 er að finna sömu upplýsingar og í máldagabók Guðbrands.<sup>159</sup>

Ekkert markvert er að finna um Húsavík í vísitásiubók Gísla Þorlákssonar 1659-1683.

Kirkjan á Húsavík var vísiteruð aftur 1686. Í vísitásiunni stendur:

Anno 1686 12 Majj Skodud og Vppskrifud Kyrkiann a Hus<a>Vyk ...

Kyrkiann a 7 kugillde annad eckjert af kuiku edur daudu þad Vær Vitum, lögbyle (ad Vær Vitum) a kyrkiann eckjert. Þesse heimalond Stadarinz þegar bigd fast ÞorValldstader landskuld 10 aurar, Skogargierde lands. 40 al., [S]kornyngur Liedur til Husnædiz, ... Eigner Itök og reka a stadurenn Sem domkyrkiunnar og Stadarinz Maldagar hallda. ...<sup>160</sup>

Fram kemur í vísitásiu Húsavíkurkirkju sem er frá 1687 að samkvæmt máldagabókum eigi kirkjan einungis allt heimaland.<sup>161</sup>

Í biskupavísitásiu Húsavíkurkirkju frá 1694, 1702, 1715 og 1828 er að finna texta sem eru nánast samhljóða fyrstu fjórum línunum útdráttarins sem fyrr í þessum kafla var tengdur við máldagabók Guðbrands. Vísitásían frá 1828 minnst reyndar á Biklæk (Bíldslæk) en ekki Sýlslæk.<sup>162</sup>

Í prófastsvísitásiu Húsavíkur frá 1705 stendur:

<sup>155</sup> Skjal nr. 2 (175).

<sup>156</sup> Skjal nr. 2 (186).

<sup>157</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>158</sup> Skjal nr. 2 (124) a-b.

<sup>159</sup> Skjal nr. 2 (162) a-b.

<sup>160</sup> Skjal nr. 2 (136) a-b.

<sup>161</sup> Skjal nr. 2 (138) a-b.

<sup>162</sup> Skjöl nr. 2 (139) a-b, 2 (144) a-b, 2 (150) a-b og 2 (160) a-b.

Óskade þuj Prófásturenn framm veyges ad Beneficiatus villde frammvása kirkiuStóleinn, og Suarade hann þuj Suo, ad éyngenn være hann til, enn frammlage [yfírstrikað: vysade] þó gömul og rotenn blöd, vppetéknud vr Copiu Bók þeirre Audunnar Biskups Máldaga, Sub Dato, Anno 1318. og vnnerskrifud af Jóne PálsSine, og Thorsteine Jlluga Sine Anno 1642. 5 Martij, Eýrnenn vpp Skrift Prófástsenns Sál. Sr. Skúla Thorláks Sonar, A Kirkiunne og Stadnumm Anno 1674 [yfírstrikað: 74] d.11. Junij. þegar velnefndur Sr. Magnus vidtók, effter Sinn Sál. födur Sr. Jlluga Biörns Son, fráfallenn. Annad alls Echert, seýgest presturenn hafa ad frammvysa, af brefumm kirkiunnar, þujad þaug Pergamennt Sem vid hana hafe vered, og Sier J hönned komed, Sieu extraderud til Sál. prófástsenns Sr. Skula Thorláks Sonar, effter Háýfer Valldsenns befalnýngg, enn Aunnnga kvitterýngg Seýgest hann hafa þar vppá af hans Alfu.<sup>163</sup>

Fram kemur í prófástsvísitasíu Húsavíkur frá 1750:

Eigner Kyrkiunnar eru allt Heimaland og Þorvallstader og þau Jtök til landz og Síóar sem Máldagar tilvysa, hvör enn vottast ad blifa vid makt og ej undanngeingenn, nema þau lambsElde og fiskatollur sem þar er umgeted, ad hier eige til ad liggia, og öllum er auglióst hvernig ad frá sie komed -<sup>164</sup>

Í prófástsvísitasíu Húsavíkur frá 1756 stendur:

Bækur og Bref sem effter Yfervaldanna fyrer Skipan eiga ad vera vid Kirkiunnar, framm vúsast nu soleides: ... 6° Lögfestur fyrer Beneficii Landeign og Jtökum hierverande Stadarhaldara, sú ellsta þeirra 1644 á þýngum upplesnar og protocolleradar. Hier ad auk genpartur af Máldaga Audunar Biskups, under Hende og Signete Sal. Biskupsens Hr. Halldors Brinjolfssonar.

Eigner Kirkiunnar eru allt Heimaland og Þorvaldstader og þau Jtök til Lands og Síóar sem Máldagar tilvysa, hver enn vottast ad blýfa vid Magt, og ei undann geingenn, nema þau Lambs Elde og Fiska Tollur, sem þar er umm geted ad hier eige til ad liggia, og öllum er auglióst hvernenn ad frá sie komed. ...<sup>165</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófástdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723-febrúar 1724 er minnst á eignir Húsavíkurkirkju:

X° Kýrkiann ad Husawýk. Gardurenn Beneficium ...

Afbýle Obýgd og J Eide lángsamlega

Nedra SkogarGierde og Pietur-Sel Af þessum Echert gagn ...<sup>166</sup>

Minnst er á Húsavík í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725:

<sup>163</sup> Skjal nr. 2 (234) a-b.

<sup>164</sup> Skjal nr. 2 (163) a-b.

<sup>165</sup> Skjal nr. 2 (165) a-b.

<sup>166</sup> Skjal nr. 2 (238) a-b.

Prestagardurenn hefur litla heibiörg, Landgiæde Vidsæmeleg fyrir Saudpening, Mídur fyrir stórgripe, ...<sup>167</sup>

Eftirfarandi uppskrift tengist afhendingu Húsavíkurprestakalls 12. júlí 1729:

Effterspurde Profasturenn hvert Nockur Skiöl Kirkiunnar være hier vid, sem filgia Skilldu og til Effterkomara Sal. Sr. Magnusar Einars Sonar Extraderast, og fær ansvar Slykt, ad Kirkiu Stóll á Kalfskins Bref sie ölldunges Eingenn hier, færande Sig þar um til Visitatiu Profastsens Sr. Geirs Anno 1705, þann 9. Octobris af hverre augliost sie það Sr. Magnus Illugason hafe Sagt, ad þau pergament, Sem vid Kirkiuna vered hafe Og Sier i hönd Komed, Sieu Extraderud til Sal. Profastsens Sr. Skula Thorlakssonar effter há yfervalldsens Befaling; Enn aungva Qvittering seigest hann (Sr. Magnus IllugaSon) hafa þar uppa af hans (Profastsens ) halfu. Enn á Pappir er framm lagt og nu afhent til Prestsens Sr. Kietils Jonssonar lögfestublöd – 6 - Máldaga Copia Vidimerud af Eigle Sigfusssyne, og Birne Hrolfs Syne ad Hólum 11 Martii Anno 1672. ...<sup>168</sup>

Í skýrslu um Húsavíkurbrauð frá 30. júlí 1782 er lögfesta séra Illuga Björnssonar frá 16. júní 1644 fyrir landi kirkjunnar en þar segir:

Lögfesti eg í Merkigardinn sem ádur er sagt sudur frá; En út frá í Skjólbrekkunöf Ytri og réttýnis um þvert austur í móts vid Fjallaland í Kélduhverfi, eptir Areidar Bréfsins Hljóðan, og so út under Hédinshöfda Land fyrir austan Bakka Land ...<sup>169</sup>

Undir lögfestuna skrifa Nikulás Einarsson og Þórður Grímsson nöfn sín. Þar kemur einnig fram að lögfestan hafi verið lesin upp á héraðsþingi 11. desember 1736.

Magnús Illugason prestur á Húsavík lögfesti land kirkju sinnar á manntalsþingi 23. apríl 1680 til eftirfarandi takmarka:

... J Merkigardenn Sudurfrá sem liggur Bakuid Kallbak til vesturz og Riettsýniss til Sióar J Suarthamar f(yrir) Jnnann haukamýrarlæk. Enn Vtfrá i skiólbrecku Nöf Jtre J motz vid laungu Skier, og riettsýniss vmm þurert motz vid fjallaland J Kiellduhuörfe og So vt vnder Hiedinshofda land til heidar, fyrir austann Backaland.<sup>170</sup>

Vitni að lögfestunni voru þeir Ólafur Bjarnason og Ólafur Ólafsson. Fimm menn setja nöfn sín undir lögfestuna á Húsavíkur manntalsþingi 23. apríl 1680 þar sem þeir votta að þeir hvorki viti né hafi heyrt annað sannara en séra Magnús hafi lögfest til réttra takmarka við aðra menn. Samkvæmt áritun Jóns Benediktssonar

<sup>167</sup> Hliðsjónarskjal.

<sup>168</sup> Skjal nr. 2 (235) a-b.

<sup>169</sup> Skjal nr. 2 (86) a-b. Illugi Björnsson hélt Húsavík frá 1637-1673, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófaste á Íslandi*, bls. 310.

<sup>170</sup> Skjal nr. 2 (87) a-b. Magnús Illugason hélt Húsavík frá 1674-1712, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófaste*, bls. 310.



sýslumanns hefur lögfestan verið lesin upp aftur á héraðsþingi að Húsavík 11. desember 1736.

Magnús Einarsson lögfesti land Húsavíkurkirkju þann 23. júní 1712 en þar sem merkjum er lýst þar á sama hátt og í lögfestu forvera hans og nafna frá 23. apríl 1680 er óþarfi að endursegja innihald hennar. Lögfestan var lesin upp við Húsavíkurkirkju samdægurs, aftur þar 6. júní 1713 og loks á héraðsþingi á Húsavík 11. desember 1736.<sup>171</sup>

Séra Magnús Einarsson lét lesa lögfestur fyrir Húsavík á manntalsþingum á Húsavík 8. maí 1719 og 24. júní 1724, en inntaks er ekki getið.<sup>172</sup> Væntanlega hefur merkjum verið lýst eins og í lögfestunni 1712.

Landamerkjамál milli Húsavíkur og Bakka var tekið fyrir á héraðsþingi á Húsavík 10. desember 1736. Málið snérist um landamerki að sjó vegna nótalagna en í réttinum voru lagðar fram nokkrar lögfestur. Ketill Jónsson lagði þar m.a. fram lögfestu séra Illuga Björnssonar, forvera síns á Húsavík, þar sem hann lögfesti land Húsavíkurkirkju til eftirfarandi takmarka:

... ad utann, nefnelega ij Itre Skiölbreku nöf, og riettsijnes umm þvert austur ij móts vid Fialla land, Og Skjirskotar þessu til áreidarbrefs, sem nú er ei til stadar, Sömuleides fyrerbjddur hann Nágranna sijnum Jacob Matthssyne ad brúka Selstöðu nær Húsavijkur kyrkiulande enn lögenn leifa.<sup>173</sup>

Einnig voru lesnar upp þrjár lögfestur séra Magnúsar Illugasonar sem voru alveg samhljóða nema hvað að þær tvær síðari bættu við orðunum: „I Ytre Skiölbreckunöf móts vid Launguskier.“ Sú fyrsta var dagsett 19. maí 1678, önnur 23. apríl 1686 og hin þriðja 30. apríl 1708. Loks var, líkt og komið hefur fram, lesin upp lögfesta séra Magnúsar Einarssonar frá 23. júní 1712. Sýslumaður skrifaði á lögfesturnar að þær hafi verið birtar á þinginu og fékk prestinum þær aftur.

Ketill Jónsson prestur á Húsavík lét lesa upp lögfestu fyrir landi kirkju sinnar á manntalsþingi á Húsavík 3. ágúst 1737. Lögfestan sem var dagsett 10. ágúst 1737 (1736, e.t.v. réttara) er svipuð þeirri frá 1680 og verður því aðeins getið eftirfarandi:

... mótz vid Launguskier (efter vitnesburde þar umm heyrðum þann 11. Decembris 1736) og riettsijnes um þvert motz vid Fialla land, og útunder Hiedenshöfða land fyrir austann Backaland.<sup>174</sup>

Önnur lögfesta séra Ketils fyrir landi Húsavíkur var lesin upp á manntalsþingi 6. maí 1738. Henni var mótmælt af Jóni Benediktssyni sýslumanni því að enn hafði ekki endanlegur dómur verið kveðinn upp um landið milli Húsavíkur og Bakka.<sup>175</sup>

<sup>171</sup> Skjal nr. 2 (88). Magnús Einarsson hélt Húsavík frá 1712-1728, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófesta*, bls. 310.

<sup>172</sup> BL. Add 11096. Dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724, bl. 171v-172r, 269r-272v. Útdráttur í skjali nr. 2.

<sup>173</sup> Skjal nr. 2 (246) a-b.

<sup>174</sup> Skjal nr. 2 (247) a-b.

<sup>175</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.10).

Á manntalsþingi á Húsavík 30. apríl 1739 lögfesti séra Ketill Jónsson land Húsavíkurkirkju. Lögfestan var nánast eins og sú frá 1680 að viðbætti tilvitnun í vitni og próf sem tekið var í héraðsréttinum 11. desember 1736.<sup>176</sup>

Aftur lögfesti séra Ketill land kirkju sinnar á Húsavíkurmanntalsþingi 5. júlí 1745. Þar sem lögfestan er að öllu leyti samhljóða þeirri frá 30. apríl 1739, nema hvað ekki er minnst á vitni og próf sem tekið var í héraðsréttinum 11. desember 1736, þá er engin ástæða til að endursegja inntak hennar.<sup>177</sup>

Ketill prestur lögfesti land Húsavíkurkirkju á ný 2. júní 1751 fyrir manntalsþingsrétti á Húsavík. Lögfestan er samhljóða síðustu tveimur en með viðbótar upplýsingar um lögfestur forvera hans og er því endursögð að hluta til hér:

... móts við Launguskier (bæði eftir því sem mýner nærstu Formenn hafa halded, og þeirra Lögfestur sem enn nu til Stadar eru syna, og lýka þar um heirdum vitnum og teknu Profe þann 11 Decembris 1736 fyrir Rettenum að Husavýk Settu Hierads þynge) og riettsýnes umm þvert móts við Fialland í Kellduhverfe ...<sup>178</sup>

Lögfestan var lesin á upp á ný fyrir manntalsþingsrétti á Húsavík 2. júní 1751.

Þann 5. júní 1752 var kveðinn upp dómur í landaþrætumáli Húsavíkur og

Bakka:

Doms Slutning aa Landaþrætu-Maale mille Husavýkur og Backa, afsögd fyrir Herads þyngs Rettenum að Husavýk þann 5ta Junii 1752

Af hier fyrir Rett leiddum Vitnum, og öðrum Frammlögðum Skilrykikum af Prestenum Sr. Katle Jonssyne, Er Fullkomlega bevýsu[d] Laga Hefd Husavýkur Kirkiu og Stadar, að utannverdu, i Jtre Skiól brecku eda Forvada Nöf. Hverre Hefd, hier framm færðar Ástædu[r] og Andvitne Stols Jardarennar Backa vegna af Hálfu Biskupse[ns] Hr. Haldors Brinjolfssonar, ei eru af þeim Gildleik að hrinda kunne þess vegna tildæmest hier með Husavýkur Beneficio, at utanverdu Land allt i Jtre Skiólbrecku Nöf sem nu týdast er köllud Forvada N[öf] og þaðann rett sýnes til austurs móts við Backa Land. Enn að vesta[n]verdu til Síáfar, skal tilheira Husavýk sa Partur Laungu Skieria, sem er fyrir ádur ummgetnu Takmarke, enn sa sem þar er fyrir utann liggjande Backa Jördu, til Selaveida og annara Gagnsenda.

...

Under skrifud Nöfn

J. Benedixson	Jon Jonsson
Jon Jons Son	Þorsteinn Bardarson
Jon Sigmundsson	Þorlakur Erlendsson

<sup>176</sup> Skjal nr. 2 (89) a-b. Ketill Jónsson hélt Húsavík frá 1728-1769, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófafa*, bls. 310.

<sup>177</sup> Skjal nr. 2 (90).

<sup>178</sup> Skjal nr. 2 (91) a-b.

Ögmundur Jonsson

Illuge Jonsson

Halldor Wigfusson

Þesse Doms Slutning er Rett extraherud af Nordur Syslu Herads Protocol

Testor nomine et Sigillo J. Benedixson (L. S.)<sup>179</sup>

Þorlákur Jónsson, eftirmaður séra Ketils, lögfesti land Húsavíkurkirkju á Húsavíkur manntalsþingi 16. júní 1772 en þar sem hún virðist orðrétt samhljóða þeirri frá 30. apríl 1739 verða merkin ekki endurtekin..<sup>180</sup>

Lesin var upp lögfesta fyrir Húsavíkurprestakalli á manntalsþingi á Húsavík 23. júlí 1801. Inntaks lögfestu er ekki getið en fram kemur að hún hafi verið óátalin.<sup>181</sup>

Á manntalsþingi á Húsavík 25. maí 1814 var lesin upp lögfesta fyrir Húsavíkurprestakalli. Inntaks lögfestu er ekki getið en fram kemur að enginn hafi mótmælt henni.<sup>182</sup>

Ekki verður heldur haft fyrir því að endursegja merki úr lögfestu séra Gísla Auðunarsonar sem lögfesti land Húsavíkurkirkju á manntalsþingi 28. júní 1821 enda er sú lögfesta nær orðrétt samhljóða þeim frá 30. apríl 1739 og 16. júní 1772.<sup>183</sup> Loks er að geta lögfestu séra Jóns Ingvaldssonar sem lesin var á Húsavíkurmanntalsþingi 11. maí 1850. Þar lögfestir hann land kirkjunnar til sömu takmarka og lögfestan 1680.<sup>184</sup> Björn Jónsson eigandi Bakka mótmælti lögfestunni hvað varðaði reka en einnig að því leyti sem lýst var eftir landi frá Húsavík á bak við Bakkaland til fjalls en mótmælti annars ekki stefnunni að neðan. Við þessi mótmæli gerði séra Jón þá athugasemd að hvergi í lögfestunni væri að finna orðin „á bak við Bakkaland til fjalls“.<sup>185</sup>

Á manntalsþingi á Húsavík 11. maí 1850 var lesin upp lögfesta séra Jóns Ingvaldssonar fyrir landi Húsavíkur og ítökum. Inntaks lögfestu er ekki getið en Björn Pálsson, eigandi og ábúandi Bakka, mótmælti henni m.a. því að lýst væri landi frá Húsavík á bak við Bakkaland til fjalls.<sup>186</sup>

Fram kemur í úttekt Húsavíkurkirkju frá 1808:

... Lýka skeinker Frátrædende Kirkiunni Máldaga fyrir henni innfestann i Máladann Pappyr útvegada frá Runnetunni [e.t.v. er hér átt við Rundetårn/Sívalaturn, þar skjöl og bækur voru geymd] utanlands. fidimerada af Dtr. Hannesi Finnssýni, [yfírstrikað: og] biskupi og Guðmundi Kétílssýni

<sup>179</sup> Skjal nr. 2 (164) a-b.

<sup>180</sup> Skjal nr. 2 (92). Þorlákur Jónsson hélt Húsavík frá 1769-1808, sbr. Sveinn Niélsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 310.

<sup>181</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.34).

<sup>182</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.52).

<sup>183</sup> Skjal nr. 2 (93). Gísli Auðunarson hélt Húsavík frá 1820-1840, sbr. Sveinn Niélsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 310.

<sup>184</sup> Skjal nr. 2 (94) a-b. Jón Ingvaldsson hélt Húsavík frá 1848-1876, sbr. Sveinn Niélsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 310.

<sup>185</sup> Skjal nr. 2 (94) a-b.

<sup>186</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.117).

Sýsslumanni þá verandi í Kaupmannahöfn. Hann afhendir og einnig nockrar Lögfestr og fleie Skiöl fyrir þ(ess)u Prestakalle – sum ad litlu gagne, edr Verde sinum Epter Manne sem hann qvitterar hann fyrer ...<sup>187</sup>

Önnur úttekt á kirkjunni var gerð 1840:

Loksins má hér minnst á 33 gömul og sum hrjáleg Dókument áhrærandi ímislegar Húsavíkur Prestakalls eignir og Réttugheit, ad nockru leiti markverd, ad nokkru einnig midur merkileg; eru þau öll samanvafin med umbundnum Spotta, og lögd med ödrum Prestakallsins Bréfum.<sup>188</sup>

Landamerkjabréf fyrir prestssetrið Húsavík á Tjörnesi, ásamt hjáleigunum Nausti, Vilpu og Skógargerði auk kirkjujarðarinnar Þorvaldsstaða, var útbúið 2. desember 1885. Því var þinglýst 15. maí 1886:

Að norðan móts við Bakka ræður niðri við sjó Skjólbrekkunöf ytri móts við Löngusker; þaðan bein stefna austur til heiðar í grjótvörðu á holti í svonefndum Syðri-Vallmó; síðan bein stefna í Grýluhól, og þaðan stefna til austurs, yfir Álfatjarnir, eftir tveimur vörðum í vörðu austan við Álfatjarnir, þaðan móts við Héðinshöfða, er stefna utan við [strikað yfir Grænutjarnir] Syðri-Grænur í utanverðan Gyðuhnjúk; síðan sama stefna austur að Fjallalandi í Kelduhverfi.

Að sunnan móts við Kaldbak, ræður niðri við sjó vestari snösin á Svarthamri fyrir innan Haukamýrarlæk; þaðan bein stefna í vörðu á neðanverðum fornlegum merkigardi; síðan merkijagarðurinn; svo stefna til heiðar frá efri enda merkigardsins í sömu átt um Hnjúka eftir vörðum, og móts við Skörð, frá vörðu austast í Hnjúkum bein stefna í Rauf fyrir ofan norðurenda Höskuldsvatn; síðan stefna í Nikurtjörn og austur að Fjallalandi í Kelduhverfi.

Að austan, móts við Fjöll í Kelduhverfi, bein stefna á milli austur [austur, ofan línu] endanna á landamerkjalinunum fyrir norðan og sunnan.

Innan þessara ummerkja eru hjáleigurnar Naust, Vilpa og Skógargerði, og kirkjujörðin Þorvaldsstaðir með óskiftum búfjárhögum og heiðarlandi.<sup>189</sup>

Kjartan Einarsson, sóknarprestur á Húsavík, skrifaði undir landamerkjabréfið. Fyrir ofan undirskrift hans stendur að þar sem bréfið snerti aðeins land prestssetursins séu ekki talin upp í því rekaítök þau sem Húsavíkurkirkja eigi samkvæmt gömlum skjölum. Landamerkjabréfið var samþykkt af: B. Sveinssyni, eiganda Héðinshöfða; Þ. Þórarinssyni, umboðsmanni eiganda Bakka; Jóni Jónssyni, umboðsmanni eiganda Fjalla, og Sigurjóni Jóhannessyni, eiganda Kaldbaks. Einnig samþykktu Jón Á. Árnason og Jón Jónsson landamerkjabréfið en þeir áttu hvor um sig þriðjung í Skarðatorfunni. Það var einnig samþykkt af J. Jónssyni sem skrifaði undir fyrir hönd eiganda þriðjungs Skarðatorfunnar.

<sup>187</sup> Skjal nr. 2 (166) a-b.

<sup>188</sup> Skjal nr. 2 (167) a-b.

<sup>189</sup> Skjal nr. 2 (27) a-b.

Síðar, árið 1889, samþykkti Húsavíkurstur landamerkjabréf Fjalla.<sup>190</sup>

Virðing á prestssetrinu Húsavík með Þorvaldsstöðum var framkvæmd 18. desember 1912 vegna fyrirhugaðrar sölu jarðarinnar. Það, sem virðingarmenn höfðu til hliðsjónar, var þinglesin og staðfest landamerkjaskrá Húsavíkur, skýrsla frá prestinum á Húsavík um tekjur af prestssetrinu með Þorvaldsstöðum og hjáleigum síðastliðin fimm ár, fólkstal og hagfræðiskýrslur. Í virðingunni kemur m.a. fram að jörðin hafi talsvert úthagaland en stærsti hluti landsins liggja að fjallabaki, til austurs á Reykjaheiðarhálandið og er því ekki notað nema að sumarlagi fyrir sauðfé og lítilsháttar fyrir hross. Engjar eru engar núorðið en áður fyrr var stundum heyjað dálítið í bithaganum. Hagaganga fyrir gripi er ekki meiri en gerist á minniháttar sveitajörðum og uppfyllir því ekki þarfir kaптúnsbúa. Ein helsta notkun landsins er kvistbeit fyrir sauðfé að vetrarlagi. Taldar eru upp tekjur prestakallsins en þá m. er hagbeit sunnan og vestan. Virðingarmenn efast um að þessi tekjuliður getið haldist jafnhár m.a. vegna þess að nautgripir séu meira notaðir í heimahögum og ganga því æ minna í öðrum landeignum. Vetrararbeit verði einnig að takmarka til þess að misbjóða ekki landinu og koma í veg fyrir uppblástur. Þennan tekjulið verði því að miða við sæmilegt gagn fénaðar og að landinu sé ekki ofboðið. Þeir geta þess jafnframt að fólksfjöldi í kaптúninu hafi staðið í stað síðastliðin fimm ár og að aukning landafurða sé ólíkleg enda hafi allt helsta landið nú þegar verið tekið til ræktunar.<sup>191</sup> Prestssetrið Húsavík með Þorvaldsstöðum var afsalað Húsavíkurborpi árið 1913.<sup>192</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er kirkujörðin Húsavík sögð 20 hundruð. Í matinu er minnst á ágang vegna verslunar og brennisteinsflutnings og tekjur sem prestur hefur haft af versluninni.<sup>193</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Húsavík. Þar kemur fram:

Húsavík hvar undir að heyra hjáleigunnar Skógargerði Vilpa og Naust. – Með heimajörðunni hlýtur einnig að teljast býlið Þorvaldsstaðir, þótt eí sje talið meðal hjáleigna staðarins, þó engin sjerskylin landamerki hefur, ...

Utheyiskap á allri þessari staðartorfu er valla að telja, þar hann fæst ekki nema í betri árum og þá eí nema með miklu lángræði og tilkostnaði upp til fjalls. – En útbeit staðarins fyrir geldfje bæði til sjós og lands má teljast í betra lagi ...

Yfir höfuð er það að segja um beutiland staðarins að það bæði er að gæðum og víðáttu í betra lagi, en notast ekki til hlýtar sakir fjarlægðar og framúrskarandi landurzla, ...<sup>194</sup>

<sup>190</sup> Skjal nr. 2 (14) a-b.

<sup>191</sup> Skjal nr. 2 (287).

<sup>192</sup> Skjöl nr. 4 (54) og 12 (2).

<sup>193</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>194</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Húsavíkurlands hafi verið þinglesin 15. maí 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Húsavíkurland eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar liggja til fjalls, 1-2 kl. tíma engjavegur. Mýrar og startjarnir. ...

Búfjárhagar: Viðáttumikið heiðarland, en grýtt og slitrótt. Gripahagar lélegir, en sauðland allgott er fjær dregur. ... Girðing liggur þvert um landið, úr gaddavír 5 þætt, í góðu standi 12200 mtr. löng. Landið fyrir ofan girðingu, er notað sem afrétt þorpsbúa.<sup>195</sup>

Í landskiptagerð Fjalla og Auðbjargarstaða árið 1980 er tekið fram, að landamerki við Húsavíkurkaupstað séu ágreiningslaus.<sup>196</sup>

Jón Sigurðsson í Yztafelli hefur m.a. þetta um land Húsavíkur:

Austan við Krubbsfjall nefnast Reyðarárbotnar, þar er mýrlent, og var talið helzta engi staðarins. Þangað er 10 km leið. Víðar voru áður fyrr nytjaðir smáengjablettir upp um fjöll og heiðar.<sup>197</sup>

## 5.11 Héðinshöfði

Héðinshöfði var jörð landnámsmannsins Héðins Þorsteinssonar, sem ásamt Höskuldi bróður sínum nam land fyrir innan Tunguheiði.<sup>198</sup>

Halldór prestur Loftsson gaf Grundarkirkju í Eyjafirði reka sína á Tjörnesi í sálugjöf, nema það sem fylgdi Héðinshöfða, 8. desember 1403.<sup>199</sup>

Skiptagerningur bræðra á landi, búi og hýbýlum að Héðinshöfða 2. janúar 1431. Fram kemur að:

hier med skylldi annar hafa selfor j reyðaraarbugvm enn annar j burfelstungu.<sup>200</sup>

Ólafur Rögnvaldsson biskup keypti hluta í Höfða í Höfðahverfi fyrir Héðinshöfða, 15. febrúar 1433.<sup>201</sup>

Hálfur Héðinshöfði var seldur og afhentur með hálfri Lundey og eins manns öngulveiði á Botnsvatn, 24. júní 1471. Virðist hlutinn metinn 20 hundruð.<sup>202</sup>

Héðinshöfði var gefinn, 40 hundraða jörð, 20. september 1541.<sup>203</sup>

Héðinshöfði, 40 hundruð, var lagður til kvonarmundar 30. september 1548.<sup>204</sup>

<sup>195</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>196</sup> Skjal nr. 5 (3).

<sup>197</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 354.

<sup>198</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 275.

<sup>199</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>200</sup> Skjal nr. 2 (192).

<sup>201</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. IV, 526-627).

<sup>202</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. V, 616-618).

<sup>203</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. X, 666).

<sup>204</sup> Skjal nr. 2 (216).

Skipti voru gerð á Hafrafellstungu og Héðinshöfða m.m., 15. febrúar 1569. Nikulás Þorsteinsson sagði í tilefni þess:

ad landareign Hiedinzhöfða vætj j hinn gamla Reidararfarveg. enn firir vtann riedj sa gardur og hædir sem geingur ofann fyrer vtann Hnefadal. og suo ad Hiedinzhoffdj ætti tueggia manna ijsgaungu a Botnz vatn.<sup>205</sup>

Lögrettumennirnir Einar Hjörleifsson og Jón Sigurðsson vottuðu með bréfi gerðu 27. apríl 1630 á Munkaþverá að hafa verið viðstaddir og til votta kallaðir 4. ágúst 1629 er Ólafur Jónsson og Magnús Björnsson riðu á merki milli jarðanna Héðinshöfða og Bakka. Þar hafi Ólafur handsalað Magnúsi alla jörðina Héðinshöfða eftir því gamla skiptabréfi bræðranna Halls og Finns Ásgrímssonar frá 1331. Ólafur sagði að hann og Jón Sigurðsson faðir hans hafi eftir þessu bréfi haldið og notað alla landareign Héðinshöfða þrátt fyrir að séra Sigurði á Grenjaðarstað og mæðgininum á Bakka hafi mislíkað það.<sup>206</sup>

Í lögfestum fyrir landi Húsavíkurkirkju er stefna landamerkjalýsingarinnar miðuð við land Héðinshöfða og vísast því til kafla 5.10 um Húsavík hvað það varðar.

Tómas Skúlason prestur á Grenjaðarstað lagði fram, á manntalsþingi á Húsavík 4. júní 1788, lögfestur fyrir kirkjújörðum sínum en þ. á m. var Rauf. Inntaks er ekki getið en lögfestunni var mótmælt af Páli Halldórssyni ábúanda Héðinshöfða að svo miklu leyti sem hún að sunnanverðu gengur upp á Héðinshöfðaland.<sup>207</sup>

Á manntalsþingi á Húsavík 23. maí 1837 var lesin upp lögfesta sem gefin var út degi fyrr af séra J. Jónssyni fyrir jörðum, eignum og ítökum Grenjaðarstaðarprestakalls og kirkju í Húsavíkurhreppi. Inntaks er ekki getið en Andrés Helgason bóndi á Héðinshöfða var ekki samþykktur lögfestunni fyrir sitt leyti.<sup>208</sup>

Að því er greinir í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslna greindi Húsavík-urprestur svo frá 21. janúar 1842:

31. (*Selstöður.*) Sel hafa víða verið upp til heiðar, en nú í langa tíð ei notuð, líklega vegna dugnaðarleysis og fátæktar. Selstöður hafa verið á Maná, Sandhólum, Ytri- og Syðri-Tungu, Rauf og Héðinshöfða og máske víðar.<sup>209</sup>

Jón Jónsson prestur á Grenjaðarstað lögfesti jarðir kirkjunnar á Tjörnesi 4. maí 1850. Lögfesta Raufar er svohljóðandi:

... ræður hennar landi frá sjó upp að norðan Kaldakvísl alt að olboga þeim sem á henni verður suðvestur undan Kvíslarhóli, þaðan rjettsýni til austurs og

<sup>205</sup> Skjal nr. 2 (231).

<sup>206</sup> Skjal nr. 2 (302) a-b. Annað afrit af sama bréfi er að finna í bréfabók séra Skúla Þorlákssonar en þar er bréf Halls og Finns Ásgrímssonar sagt vera frá 1332, sbr. skjal nr. 2 (302) a-b. Umræddur séra Sigurður á Grenjaðarstað er eflaust Sigurður Jónsson sem hélt staðinn á árabílinu um 1533-1595, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófesta*, bls. 304. (Bréfabók Skúla prófasts).

<sup>207</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.19).

<sup>208</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.70).

<sup>209</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 192.

fjalls upp eptir gömlum landamerkjja garði er ennú tilsjест uppfrá tjeðum olboga, er sættasemjararnir í Húsavíkur sættaumdæmi sjálfir sáu og skoðuðu fyrir mín tilmæli 14 Juli 1843. En að sunnan ræður Hnefadalsá einninn beina stefnu til fjall->s austur; sömuleiðis lögfesti eg reka nefndrar jarðar innan sagðra takmarka.<sup>210</sup>

Þessum merkjum mótmælti Jóhannes Kristjánsson hreppstjóri eigandi Héðinshöfða að því leyti sem landamerkjunum var lýst:

... sudur fyrir þann Gard, er liggur frá Sjó til svokalladrar Sandheidar, skamt fyrir utan Hnefadalslæk ...<sup>211</sup>

Að ósk Jóhannesar Kristjánssonar var lesin upp lögfesta fyrir jörð hans Héðinshöfða á manntalsþingi á Húsavík 15. maí 1854. Inntaks er ekki getið en fram kemur að enginn hafi hreyft mótmælum.<sup>212</sup>

Friðlýsing Jóns Björnssonar fyrir ábúðarjörð sinni Héðinshöfða var lesin á manntalsþingi á Húsavík 18. maí 1860.<sup>213</sup>

Á manntalsþingi á Húsavík 17. maí 1905 var lesið upp stjórnarráðsbréf frá 27. desember 1904 þar sem grennslast var fyrir um gömul heimildarskjöl fyrir jörðum. Fátt virtist til af slíkum skjölum en þó kom fram að gömul heimildarskjöl myndu m.a. vera til fyrir jörðinni Héðinshöfða.<sup>214</sup>

Landamerkjabréf fyrir Héðinshöfða var útbúið þann 5. júní 1885. Því var þinglýst 15. maí 1886:

Að norðan ræður garður sá er sést á bökkunum lítinn spöl norðan við Hnefadalslæk, og liggur beina stefnu frá sjó til nyrðri brúnar Sandheiðar (þó nokkuð sundurslitinn) liggur svo merkjalínan með eftir áminnstri heiðarbrún og þaðan beina stefnu í Búrfellsá þar sem hún fellur í Kölduhvísl, ræður svo téð Búrfellsá svo langt sem hagi nær austur.

Að sunnan ræður Reyðará merkjum frá sjó og þar til Sellækur rennur í hana, sem líka ræður merkjum að sunnan og kemur úr Syðri - Kórungshöfn, er liggur rétt norður undir svokölluðum Hafnarás; liggur svo merkjalínan þaðan beina stefnu í Gyðuhnjúkskoll utanverðan.

Að vestan fylgir Lundey Héðinshöfða, en

Að austan ráða innan áðurgreindra örnefna, að sunnan Gyðuhnjúkskolls og að norðan Búrfellsár, takmörkin á milli Keldunesshrepps og Húsavíkurhrepps.<sup>215</sup>

B. Sveinsson, eigandi Héðinshöfða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: J. Hálfánarsyni, í umboði Grenjaðarstaðaprestakalls hvað snerti

<sup>210</sup> Skjal nr. 2 (98) a-b.

<sup>211</sup> Skjöl nr. 2 (98) a-b og 2 (274) a-b.

<sup>212</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.93).

<sup>213</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.96).

<sup>214</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.140).

<sup>215</sup> Skjal nr. 2 (24) a-b.



Raufarland; Kjartani Einarssyni, sóknarpresti á Húsavík, og Þ. Þórarinssyni, vegna eigenda Bakka og Tröllakots.

Ekki var skrifað undir þetta bréf af hálfu Fjalla, en eigandi Héðinshöfða skrifaði undir Fjallabréfið árið 1889.<sup>216</sup>

Sjálfseignarjörðin Héðinshöfði er samkvæmt jarðamatinu 1804 sögð 25 hundruð.<sup>217</sup>

Fjallað er um Héðinshöfða í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur fram:

Héðinshöfði er talin hefur verið hingað til 30 hndr. að dýrleika ... Hagar að sumarlagi eru fremur grasgefnir og viðlendir ... Land jarðarinnar er yfir höfuð fremur þröngt, nema sá hluti þess er að fjalli veit, og er það þar mjög uppblásið og af sjer gengið. – Það virðist því að meiga telja jörðu þessari enkum til ógyldis, að hún er landljett og uppblásin mjög til fjalls, og auk þess hættusöm fyrir sauðpening bæði við sjoinn og vegna dýa og grófa, ...<sup>218</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Héðinshöfða hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Héðinshöfða eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landrými allmikið til, en þröngt heima um sig, og létt til beitar. Heiðarland í fjarlægð mikið og gott. ... Jörðin á næga afrétt fyrir sig.<sup>219</sup>

Í landskiptagerð Fjalla og Auðbjargarstaða árið 1980 er tekið fram, að landamerki við Héðinshöfða séu ágreiningslaus.<sup>220</sup>

Sel Héðinshöfða var í Seltungum uppi undir Búrfelli.<sup>221</sup>

## 5.12 Syðri-Tunga ásamt Kvíslarhóli, Tungugerði og Steindal

Syðri-Tunga hálf m.m. var fengin Ólafi biskupi Rögnvaldssyni upp í sektargjöld, 3. desember 1493.<sup>222</sup>

Í makaskiptum á jörðum lætur Gottskálf Hólabiskup m.a. Kvíslarhól og hálfu Syðri-Tungu, 9. september 1504 og 30. október 1505.<sup>223</sup>

Kvíslarhóll var hjáleiga frá Syðri-Tungu og talinn þriðjungur jarðar. Landi hefur verið skipt, en aðallandið er suður og austur til heiðarinnar norðan Köldukvíslar allt til háfjalla.<sup>224</sup> Heiðarlandið er mikið og slægjur þar meiri en þótti þurfa til heimanota, og oft lánað engi.<sup>225</sup>

<sup>216</sup> Skjal nr. 2 (14) a-b.

<sup>217</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>218</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>219</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>220</sup> Skjal nr. 5 (3).

<sup>221</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 374.

<sup>222</sup> Skjal nr. 2 (205).

<sup>223</sup> Skjal nr. 2 (207).

<sup>224</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 558.

<sup>225</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 376.

Elsta heimild, sem fundist hefur um Kvíslarhól, er makaskipti á jörðum. Gottskálf Hólabiskup lét m.a. Kvíslarhóll og hálfu Syðri-Tungu, 9. september 1504 og 30. október 1505.<sup>226</sup>

Kvíslarhóll var þriðjungur Syðri-Tungu og var aðeins skipt túni og engjum að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.<sup>227</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir árið 1712 að úthagar í Syðri-Tungu séu góðir og miklir, sérdeilis til heiðarinnar, og því mjög erfið fænaðargeymsla.<sup>228</sup>

Tungugerði var hjáleiga Syðri-Tungu árið 1712, byggt fyrir manna minni, skipt aðeins að túni og engjum og taldist fjórðungur jarðarinnar allrar.<sup>229</sup>

Tungugerði er sjálfseignarjörð samkvæmt jarðamatinu 1804.<sup>230</sup>

Á manntalsþingi á Húsavík 25. maí 1814 var lesin upp lögfesta fyrir hálfri jörðinni Ytri-Tungu. Einnig lét Jón Semingsson bóndi í Ytri-Tungu og eigandi hálftrar jarðarinnar lesa upp vitnisburð Sveins Guðmundssonar á Hallbjarnarstöðum og Vigfúsar Halldórssonar í Tungugerði um landamerki milli Ytri-Tungu og Syðri-Tungu frá 27. apríl 1811. Við sama tækifæri óskaði Jón í Ytri-Tungu að fyrrgreindir bændur staðfestu þennan sama vitnisburð með eiði. Bændurnir gerðu það með eftirfarandi hætti:

Það vitnum við undirskrifadir: Þegar Bóndin Jón Semingsson á Ytri-Tungu adspurdi Sigmund Jonsson Eganda Sydritungu, Hvört hann vildi eigna sér það land sem liggur milli Skeifuár og svokalladrar Hafursteins grófar, og í gömlum og nýrri lögfestum er eignad Ytritúngu, seigist nefndur Sigmundur öldungis ecki áfrýa, þar hann seigist ecki vita að neirn hafi það áður gjört af sýnum formönnum sem Jördina hafa áður átt.<sup>231</sup>

Að því er greinir í sýslu- og sóknarlýsingum Þingeyjarsýslna greindi Húsavík-urprestur svo frá 21. janúar 1842:

31. (*Selstöður.*) Sel hafa víða verið upp til heiðar, en nú í langa tíð ei notuð, líklega vegna dugnaðarleysis og fátæktar. Selstöður hafa verið á Maná, Sandhólum, Ytri- og Syðri-Tungu, Rauf og Héðinshöfða og máske víðar.<sup>232</sup>

Á manntalsþingi á Húsavík 11. maí 1850 var lesin upp lögfesta Jóns Jónssonar prests á Grenjaðarstað, dagsett fjórða sama mánaðar, fyrir kirkjunnar jörðum og ítökum í þingsókninni. Inntaks lögfestunnar er ekki getið en henni var m.a. mótmælt af Jóni Ásmundssyni, eiganda og ábúanda Syðri-Tungu, að því er snertir:

<sup>226</sup> Skjal nr. 2 (207).

<sup>227</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 263.

<sup>228</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 262.

<sup>229</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 262.

<sup>230</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>231</sup> Skjal nr. 2 (68) a-b. Ritað hefur verið á vitnisburðinn af sýslumanni að hann hafi verið lesinn á þingi 1877 (sbr. skjal nr. 2, (A.6.53).

<sup>232</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar, bls. 192.

... tiltekinn gard úr Köldukvislarollboga, að nordanverdu við Raufarland hvor Gardr [hvor Gardr, ofan línu, strikað yfir, sem] aunga beina stefnu hafi eptir Köldukvísl að nedan, heldur liggja útaustur Túnguheiði.<sup>233</sup>

Kirkjujarðir Grenjaðarstaðar á Tjörnesi voru lögfestar af séra Jóni Jónssyni 4. maí 1850. Þar lögfesti hann m.a. Rauf til eftirfarandi takmarka:

... ræður hennar landi frá sjó upp að norðan Kaldakvísl alt að olboga þeim sem á henni verður suðvestur undan Kvíslarhóli, þaðan rjettsýni til austurs og fjalls upp eptir gömlum landamerkjja garði er ennú tilsjett uppfrá tjeðum olboga, er sættasemjarnir í Húsavíkur sættaumdæmi sjálfir sáu og skoðuðu fyrir mín tilmæli 14 Juli 1843. En að sunnan ræður Hnefadalsá einninn beina stefnu til fjal<|>s austur; sömuleiðis lögfesti eg reka nefndrar jarðar innan sagðra takmarka.<sup>234</sup>

Jón Ásmundsson eigandi Syðri-Tungu mótmælti umræddri lögfestu:

... að því leiti snertir tiltekinn Gard i Kölduhvíslar olboga að nordanverdu við Raufarland, hvor Gardur einga beina stefnu hafi eptir Kölduhvísl að nedan, heldur liggja útaustur Túnguheiði.<sup>235</sup>

Landamerkjabréf fyrir Syðri-Tungu með afbýlunum Kvíslarhóli og Tungugerði var útbúið 23. júní 1883 og þinglýst 15. maí 1886:

Að norðan móts við Hringversland norður frá sjó svo kölluð Reká að upptökum hennar, sem er á svokallaðri Rekamýri, hvar nú er hlaðin dys og látin í hana viðarkol, stendur hún norðan vert við poll þann, er áður nefnd Reká kemur úr, fast við veg þann, sem nú er yfir Tunguheiði, þaðan sem vegurinn liggur á nyrðri barmi á svonefndri leirlág, og austur veginn að læk þeim, sem hefir upptök sín austan vert við Núpsdranga þar sem vegurinn liggur yfir hann (hvar líka er hlaðin dys, á sama hátt og hin er að ofan er getið), þaðan ræður lækurinn til uppsprettu og bein lína þaðan til fjalls, móts við þá er land eiga að austan. Lækur þessi er kallaður Núpælækur að ofan, en þegar ofaneftir heiðinni kemur heitir hann Hvíthólalækur, og rennur þá vestur í svonefnda Skeifá. Að sunnan ræður svonefnd Kaldahvísl frá sjó að svokallaðri Búrfellsá, þar ræður Búrfellsá til fjalls móts við Héðinshöfða land.<sup>236</sup>

M. Magnússon, eigandi hálftrar Syðri-Tungu og umráðamaður hins helmingsins og Kvíslarhóls; Sj. Halldórsson, ábúandi Kvíslarhóls; Þorbergur Eiríksson, ábúandi í Syðri-Tungu, og Jón Benediktsson, ábúandi á Tungugerði, skrifuðu undir bréfið. Það var samþykkt af: J. Jónssyni, eiganda og ábúanda Hringvers, og B(enedikt) Kristjánssyni (presti á Grenjaðarstað), umráðamanni Raufar. Einnig samþykkti Jakob Oddsson, ábúandi á Rauf, bréfið. Samkvæmt honum höfðu

<sup>233</sup> Skjal nr. 2 (274) a-b.

<sup>234</sup> Skjal nr. 2 (98) a-b.

<sup>235</sup> Skjal nr. 2 (98) a-b.

<sup>236</sup> Skjal nr. 2 (45) a-b.

ábúendur ábyljarðar hans aldrei brúkað land eða eignað sér austan við svonefnda Köldukvísl.

Bréf þetta er ekki undirritað af hálfu Fjalla, en hins vegar undirrita ábúendur Syðri-Tungu, Tungugerðis og Kvíslarhóls Fjallabréfið árið 1889.<sup>237</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hringver, sem liggur norðan Syðri-Tungu, var útbúið 30. mars 1886. Það var þinglesið 15. maí sama ár:

Að norðan verðu ræður merkjum frá sjó, svokölluð Skeifá, allt að læk þeim, er rennur frá Hafurssteini, steinn þessi er stór og einkennilegur, stendur hann í mýri vestan undir svonefndum Grenishól, utan í Tungunúp, þaðan frá nefndum steini, beint suður í hæstu Núpsbrún. Að sunnan verðu ræður merkjum frá sjó, svokölluð Reká, allt að upptökum hennar á Rekamýri; hvar nú er hlaðin dys (og látin í hana viðarkol), stendur hún norðan vert við poll þann, er áður nefnd Reká kemur úr, fast við veg þann, sem nú er yfir Tunguheidi. Þaðan sem vegurinn liggur á nyrðri barmi á svokallaðri Leirlág, og austur heiðarveginn allt að vaði á læk þeim, sem hefir upptök sín austan vert við Núpsdranga; frá vaðinu ræður lækurinn til uppsprettu, þaðan beina línu á hæstu Núpsbrún, síðan austur Núpsbrúnina til hinsvegar nefndra merkja.

Til enn meiri glöggvunar fyrir framtíðina er nú hlaðin dys uppá sama hátt og hin, sem að framan er talin við vaðið á síðastnefndum læk, lækur þessi er kallaður Núpælækur að ofan, en þegar niður eftir heiðinni kemur Hvíthólalækur, og rennur þá norðvestur í Skeifá.<sup>238</sup>

J. Jónsson, eigandi og ábúandi Hringvers, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Páli Þorbergssyni, ábúanda á Tungugerði; Sigurjóni Halldórssyni, ábúanda á Kvíslarhóli; Þorbergi Eiríkssyni, ábúanda á Syðri-Tungu; Kristjáni Guðmundssyni, ábúanda og eiganda  $\frac{3}{4}$  úr Ytri-Tungu; Einarí Einarssyni, ábúanda á  $\frac{1}{4}$  úr Ytri-Tungu, og M. Magnússyni, eiganda og umráðamanni Syðri-Tungu.

Sjálfs eignarjörðin Syðri-Tunga er sögð 10 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Kvíslarhóll og Tungugerði voru þá sjálfs eignarjarðir og ekki sami eigandi að þeim. Var Kvíslarhóll metinn 5 hundruð, en ekkert mat á Tungugerði.<sup>239</sup>

Fjallað er um Syðri-Tungu, Kvíslarhól og Tungugerði sameiginlega í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur fram:

Syðritúnga hingaðtil talin 30 hndr. að dýrleika, ásamt hjaleigunum Túngugerði og Kvíslarhóli sem báðar eru bygðar en hafa engin sjerskyld landamerki, og hljóta því að metast í sameiningu með heimajörðunni. .... Engjar sem tilheyra torfu þessari eru talsverðar að víðáttu, ... en sumpart til

<sup>237</sup> Skjal nr. 2 (14) a-b.

<sup>238</sup> Skjal nr. 2 (26) a-b.

<sup>239</sup> Skjal nr. 2 (74).

heiðar sem er langt til að ná. – Landrymi má telja þessari torfu til kosta, enkum upp til heiðar, þó er þar málnytta í lakara lagi sakir landljettu; ...<sup>240</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að land Syðri-Tungu sé óskipt við Kvíslarhól og Tungugerði og að landamerki þessara jarða hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Syðri-Tungu eru einnig fengnar úr matinu:

Engjarnar: ... Auk þess slægjur í svo kallaðri Tunguheidi, langsóttar, dreifðar og geta brugðist í slæmum árum.

Búfjárhagar: Landrymi nokkurt, en liggur fjarri. Heiðarland. Beitlandið létt fyrir sauðfé. Afar snjóþungt. ... Fjárgeymsla frekar erfið. Tún og engjar afgangar með samgirðingu. Jörðin hefir afrétt handa sér.<sup>241</sup>

Þar er einnig að finna eftirfarandi upplýsingar um Tungugerði:

Engjar greiðfærar, samfeldar og nærtækar. Vallendisbakkar og hálfdeigjumýrar. ... Auk þessa eru engjaspildur í fjarlægð til heiðar.

Búfjárhagar: Landrymi nokkurt en liggur fjarri. Heiðarland. Sumarhagar gripa allgóðir. Vetrarþétt léleg, og slitrótt fjörubeit. ... Fjárgeymsla í meðallagi. ... Samgirðing liggur fyrir ofan tún og engi. Jörðin hefir upprekstur fyrir sig.<sup>242</sup>

Þá kemur einnig fram í jarðamatinu að Kvíslarhóll hafi næga afrétt fyrir sig.

Tungugerði hefur verið í eyði síðan árið 1960. Var það þá talið þriðjungur Syðri-Tungu.<sup>243</sup>

Í landskiptagerð Fjalla og Auðbjargarstaða árið 1980 er tekið fram, að landamerki nærliggjandi jarða, þ.á m. Syðri-Tungu, Tungugerðis og Kvíslarhóls séu ágreiningslaus.<sup>244</sup>

Syðri-Tunga var með landstærstu jörðum á Tjörnesi. Þriðjungur landsins var lagður til Kvíslarhóls.<sup>245</sup> Óskipt land með Syðri-Tungu eiga jarðirnar Tungugerði (áður hjáleiga, síðar þriðjungur jarðar, í eyði frá árinu 1960) og nýbýlið Steindalur, stofnað 1958-1960, sem fylgir fjórðungur Syðri-Tungulands.<sup>246</sup>

### 5.13 Fjöll

Jörðin Fjöll í Kelduhverfi liggur austan við ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda nokkurra jarða á Tjörnesi. Deilt er um hvort land þeirra jarða nái allt austur að landi Fjalla. Því er fjallað sérstaklega um Fjöll hér þótt jörðin liggja utan ágreiningssvæðisins.

<sup>240</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>241</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>242</sup> Skjal nr. 2 (83).

<sup>243</sup> *Byggðir og bú*, bls. 638. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 583.

<sup>244</sup> Skjal nr. 5 (3).

<sup>245</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 558.

<sup>246</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 559, 560, 583.

Máldagar Auðunar rauða frá eru 1318. Þar kemur fram að Áskirkja á lambaeldi allt ofan undir Fjöll.<sup>247</sup>

Í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar, sem tekin var saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510), kemur fram að Fjöll eru viðmið um lambaeldi Áskirkju.<sup>248</sup>

Fjöll eru nefnd í skrá yfir kúgildi á Hólastólsjörðum frá 1449.<sup>249</sup>

Samkvæmt Sigurðarregistri, sem byrjað var að taka saman 1525, á Hólastóll Fjöll.<sup>250</sup>

Sex menn vottuðu að hafa verið viðstaddir á Hólum 3. maí 1652 og séð á handsöl þeirra Þorláks biskups Skúlasonar og séra Bjarna Jónssonar. Bjarni seldi biskupi 30 hundruð í Skörðum. Bjarni tiltók landamerki allrar jarðarinnar Skarða en séra Jón Magnússon í Laufási átti 10 hundruð í jörðinni. Samkvæmt séra Bjarna voru landamerkin svohljóðandi:

... fylgir jörðu þessari Skörðum allt samfast land Grísatungur og allt austur að sæluhúsinu á móts við Fjallamenn.<sup>251</sup>

Nánar er fjallað um þetta í kafla 5.9 um Skörð.

Fjöll koma nokkuð við sögu afréttarmála og er nánar vikið að því í kafla 5.14 um Þeistareyki og kafla 5.16 um afréttarmál. T.d. varð ágreiningur um afréttarmál milli Keldhverfinga undir forystu Ólafs Gottskálkssonar á Fjöllum og Múlaprests árið 1843.

Á manntalsþingi í Keldunesi 14. júní 1843 var lesið upp frumvarp frá Ólafi Gottskálkssyni á Fjöllum um landskipti milli Fjalla og Auðbjargarstaða sem dagsett var degi fyrr. Gunnlaugur andstæðingur hans var ánægður með frumvarpið og skrifaði undir það í réttinum en með því var málinu lokið án frekari afskipta sýslumanns eða áreiðargjörðar.<sup>252</sup>

„Afréttarfríðlýsing“ Ólafs Gottskálkssonar á Fjöllum var lesin upp á manntalsþingi á Keldunesi 20. júní 1848.<sup>253</sup>

Guðjón Jóhannesson, 38 ára að aldri og hafði mestallan aldur sinn dvalist í Garðskirkjusókn, bréfaði svohljóðandi vitnisburð að Sultum 4. maí 1868 um landamerki Víkingavatns og Fjalla:

... fyrst úr Rauðhól og norður í Þríhyrning, og þaðan í Rauðastein er stendur utanverðt á svokölluðum hniklabrekkum og svo úti Sjónarhól er stendur fyrir suð vestan svonefnda Veggjarenda fyrir vestan Svulti og þaðan úti hól er stendur neðanvert við litlumíri, og þessa sömu stefnu að framan til sjóar. En

<sup>247</sup> Skjal nr. 2 (176).

<sup>248</sup> Skjal nr. 2 (200).

<sup>249</sup> Skjal nr. 2 (197).

<sup>250</sup> Skjal nr. 2 (209).

<sup>251</sup> Skjal nr. 2 (303) a-b.

<sup>252</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.121).

<sup>253</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.126).

aldrei hefi jeg heyrt svo nefndan haukadalshól kenndan við landamerki millum ofanskriðaðra jarða sem stendur austur í Víkingavatnsheiði fyrir austan þrí hyrning eins og vitnisburðir Stefans Olafssonar og Helga Sigurðssonar tilvísa.<sup>254</sup>

Guðjón sagðist aldrei hafa heyrt önnur landamerki nefnd milli fyrrgreindra jarða og sagðist reiðubúinn að staðfesta vitnisburð sinn með eiði ef eftir því væri óskað. Áminnsta vitnisburði Stefáns og Helga er ekki að finna í jarðaskjölum Þingeyjarsýslu.

Í lögfestum fyrir landi Húsavíkurkirkju er stefna landamerkjálýsingarinnar miðað við Fjallaland og vísast því til kafla 5.10 um Húsavík hvað það varðar.

Lögfesta Snorra verslunarstjóra Pálssonar fyrir Fjöllum var lesin upp á manntalsþingi 24. maí 1875. Erlendur Gottskálksson skýrði frá því að gefnu tilefni að hann hefði eftir ósk Snorra samið téða lögfestu. Bændurnir í Lóni, Guðmundur og Árni Kristjánssynir, með fullu samþykki Kristjáns Árnasonar, sem hafði byggingarráð yfir jörðinni, mótmæltu þessari lögfestu að því leyti sem hún skerti land Lóns og réttindi hennar.<sup>255</sup>

Að því búnu skýrði umboðsmaður Snorra að hann sem sé búsettur í Kelduhverfi hafi enga persónulega þekkingu um að landamerki þau sem tíunduð eru í lögfestunni séu rétt. Hann hafi hins vegar farið eftir sögusögn Sigurðar Ólafssonar, fyrrum eiganda og ábúanda Fjalla, við gerð hennar.

Landamerkjabréf fyrir Fjöll og Auðbjargarstaði var útbúið 4. maí 1889. Það var þinglesið 23. júní 1890:

Samkvæmt merkjadómi þeim er kveðinn var upp hinn 17. dag September mánaðar 1887, eru landamerki þessara jarða að norðan og austan þessi: Bein stefna úr vestari endanum á garðinum í Selsnesi yfir mitt skerið vestan við austari Rifós og þaðan til sjóar og suður á við aftur frá garðsendanum, sömu beinu stefnu í salta [svo, á væntanlega að vera Sulða] götu og svo til austurs eftir götunni mótsvið Sjónarhól þar sem lönd Víkingavatns og Fjalla koma saman, frá Sjónarhól til suðurs í Rauðastein á hnyklabrekkum, þaðan sömu stefnu í Þríhyrning og svo fram í Rauðhól, úr Rauðhól til vesturs eftir Bláskógaveginum á Sæluhús, þaðan beina stefnu norðvestur í svonefndann olboga í miðju Jóhannesargili, þaðan beina stefnu til norðurs eftir háfjallgarðinum í vestustu vörðu á Biskupsás á Tunguheiði, þaðan skálina, lítið eitt til norðausturs mitt á milli Auðbjargarstaða og Bangastaða víðáttu á Gerðibrekku er ræður merkjum að sjó fram.

...<sup>256</sup>

E. Gottskálksson skrifaði undir vegna Fjalla- og Auðbjargarstaðaeigenda. Bréfið var samþykkt af: Árna Kristjánssyni, sem skrifaði undir þann 4. maí 1889 fyrir

<sup>254</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>255</sup> Skjal nr. 2 (269) a-b.

<sup>256</sup> Skjal nr. 2 (14) a-b.

hönd eigenda Lóns og Bangastaða; Jóni A. Árnasyni, Jóni Jónssyni og Jakobínu Jónsdóttur, en þau þrjú skrifuðu undir fyrir Skarðaland; B(enedikt) Kristjánssyni presti í Múla, sem samþykkti merkin milli Fjallalands og Þeistareykja; Finnboga Rúti Magnússyni presti á Húsavík, sem skrifaði undir fyrir hönd Húsavíkurlands; Þórnari Bjarnarsyni og Kristjáni Árnasyni, en þeir skrifuðu undir fyrir Víkingavatn; Jóhannesi Jóhannessyni og Jón Jónssyni, sem skrifuðu undir fyrir Ytri-Tungu. Ábúendur jarðanna Syðri-Tungu, Tungugerðis og Kvíslarhóls, þeir Þ. Eiríksson, Ólafur Egilsson og Guðni Gíslason skrifuðu einnig undir landamerkjabréfið svo og B. Sveinsson, eigandi Héðinshöfða.

Jörðin Fjöll, sem tilheyrir hinum aflagða Hólastól, er sögð 30 hundruð í jarðamatinu 1804 með hjáleigunni Auðbjargarstöðum. Henni fylgir eyðihjáleigan Fletir. Árlegur tekjur af afréttarleigu eru 1 ríkisdalur og jörðin hefur kjarrskóg til eigin nota. Nokkuð góður útigangur er á jörðinni.<sup>257</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Fjöll. Þar kemur fram:

Fjöll með hjáleigunni Auðbjargarstöðum og eyðikotinu Flötum bóndaeygn, nú 30 hndr. ... landrými mikið og landkostir í góðu meðallagi; afrétt og heimaland til aflögu. Hlunnindi: ... skógur og grasatekja til heimilis þarfa. Ókostir: geldfjár-ágangur mikill, hættur af gjám, lækjum og díum, aur-rennsli nokkur og smáskriðuföll á eingi og úthaga, ...<sup>258</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að landamerkjabréf Fjalla vanti og að jörðin eigi óskipt land við Auðbjargarstaði. Eftirfarandi upplýsingar um Fjöll eru einnig fengnar úr matinu:

Afréttarland mikið og gott. Fjallaland og móa. Dálítill skógur er í landinu. ...

Gripahagar snöggir en kjarngóðir. Nærtækir. Beitarland að vetri gott einkum í fjarlægð. Oft fremur snjóþungt. Fjarpössun og smalamennska er við. ... Upprekstrarland mikið og tekið fyrir upprekstur árl. 9. kr. ...

Ágangur af afréttarfé.<sup>259</sup>

Í landi Fjalla eru örnefnin Selskörð og Seljadalur.<sup>260</sup> Nýbýlið Fjöll II var stofnað árið 1957, en aðeins skipt túni og ræktunarlandi.<sup>261</sup>

Landskipti milli jarðanna Fjalla I, Fjalla II og Auðbjargarstaða fóru fram árið 1980. Þar er vikið að landamerkjum:

Skiptanefnd kinntri sér landstærð eftir loftmynd og að landamerki nærliggjandi jarða væru ágreiningslaus. Þær jarðir eru: Lón, Víkingavatn, Kílakot, Ólafsgærði, Sultir í Kelduneshreppi, Þeistareykjaland (afréttarland Reykdæla- og Aðaldælahrepps), Skörð í Reykjahreppi, Húsavíkurkaupstaður,

<sup>257</sup> Skjal nr. 2 (73).

<sup>258</sup> Skjal nr. 2 (78) a-b.

<sup>259</sup> Skjal nr. 2 (82).

<sup>260</sup> *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 30 og 31.

<sup>261</sup> *Land og fólk. Byggðasaga Norður-Þingeyinga*, bls. 234.



Héðinshöfði, Syðri-Tunga, Kvíslarhóll, Tungugerði, Ytri-Tunga í Tjörneshreppi og Bangastaðir í Kelduneshreppi.<sup>262</sup>

#### 5.14 Þeistareykir

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar kemur fram að til Múlakirkju heyri:

þeistareykia land oc mælifell.<sup>263</sup>

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394.<sup>264</sup> Í máldögum Péturs stendur einnig um Múlakirkju:

þar er þriggja presta skyllt og tueggja diakna. taka heima j leygu fíorar merckur. enn vtann gardz adrar fíorar ef ecki lyckst af þeistareykium<sup>265</sup>

Vísitasía Jóns Vilhjálmssonar er frá 1431. Þar kemur fram að Múlakirkja eigi selfor j teistaræykia landi.<sup>266</sup>

Í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar, sem tekin var saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510), kemur fram að Múlakirkja eigi Mælifell.<sup>267</sup> Þar stendur einnig að Múlakirkja eigi Þeistareykjaland og að í Múla:

er þriggja presta skyllt oc tueggja diakna. tekzt heima j leigu. iiij. merkr. en vtan gardz adrar. iiij. ef lykzt af þeistareykium.<sup>268</sup>

Fram kemur í Sigurðarregistri frá 1525 að með Múlakirkju fylgi Þeistareykjaland og Mælifell.<sup>269</sup>

Í jarðakaupabréfi frá 31. desember 1544 kemur fram að Reykir í Reykjahverfi séu seldir með öllum gögnum og gæðum, eignum og ítölum, að tilskildum nokkrum ítökum. Þar á meðal:

Mælifellzhaga utann so mykinn part sem Eignadur værj Mulakyrkiu ä millum tueggja Garda.<sup>270</sup>

Í skrá yfir eignir Hólastóls frá 1550 stendur:  
a Þeistareykium . iiij. kugillde.<sup>271</sup>

Fram kemur í máldögum Ólafs Hjaltasonar (1553) að Múlakirkju fylgi Þeistareykir.<sup>272</sup> Nokkru síðar eða 8. september 1563 var gerður annar máldagi fyrir Múlakirkju. Í honum kemur fram að Múlakirkju fylgi Þeistareykjaland og Mælifell.<sup>273</sup>

<sup>262</sup> Skjal nr. 5 (3).

<sup>263</sup> Skjal nr. 2 (179).

<sup>264</sup> Skjal nr. 2 (183).

<sup>265</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>266</sup> Skjal nr. 2 (193).

<sup>267</sup> Skjal nr. 2 (202).

<sup>268</sup> Skjal nr. 2 (202).

<sup>269</sup> Skjal nr. 2 (212).

<sup>270</sup> Skjal nr. 2 (215).

<sup>271</sup> Skjal nr. 2 (217).

<sup>272</sup> Skjal nr. 2 (223).

<sup>273</sup> Skjal nr. 2 (227).

Reikningar kirkna á prestssetrum í Hólabiskupsdæmi frá 1569 nefna að Múlakirkja eigi:

Þeistareyki. landskyld .c.<sup>274</sup>

Í reikningum Hóladómkirkju frá 1576 kemur fram að biskup hafi goldið Þeistareykja-Jóni 20 álnir.<sup>275</sup> Bendir það til þess að Jón hafi þá búið á Þeistareykjum eða átt þar einhvern tímann heima.

Vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631 greinir frá eftirfarandi:

Kyrkia mariæ ad Mula, hun a ... Þeista reyka Land og mælefell, (þetta er Eydi land). ...<sup>276</sup>

Árið 1639 var útbúin lögfesta fyrir Þeistareyki og Mælifell. Þar stendur: Anno 1639 þann 1?? [síðan verður ekki meira lesið, hafi eitthvað staðið þarna]

Eg Jon Gyssurson Lögfeste hier j dag eign mvla k(ir)kju liggjandj j Grenjadarstadar kyrkju soknn Er mælefell og þesta Reykia land heýter: tódur og eingiar holltt og haga og allar lands nitiar þær er greindum löndum eiga ad filgia og filgtt haffa ad fornu og nýu, til vmmerkia þ(eir)ra er adrer menn eiga j mote firrsagdri mvla k(ir)kju eign Bædj ad ordfullu og Lögmaale riettu. f(yrir)byd eg hiedann af huorjum m(ann)e j ad vinna edur sier ad nyta beýta edur usla nockurn þar ad giora nema mitt sie lof edur leyfi til Ad vndan teknum þeym sem þestar Reykie h(ef)ur ad leigu maala ad vitni þynu N og þ(inu) N og allra þ(eir)ra er ord myn heýra: ... ad auk ordinantiunnar Eirnin byfala eg þ(eim) a Teysta R<eyki> insetia þ(eir)ra peninga sem þ(ei)m usla giora a todum edur eing<i>um epter lögmale, ef nockrer reka þangad syna peninga og stofna?? so afriett þar alldreý var j k(ir)k<i>unnar landj edur so Nærrer ad eý maa an skada k(ir)k<i>unnj vera huad log eckj leyfa

Olafur Jonsson Eggertt Jonsson med E. H.

Gudmundur Arna son m. E. H.<sup>277</sup>

Fram kemur í vísitásíu Múla í Aðalreykjadal frá árinu 1686:

Anno 1686 þann 11 Dag Martý Kyrkiann ad Mula I Adal Reykiadal ...

... Þestareiker Landskulld I hndr....<sup>278</sup>

Gísli Einarsson prestur á Múla lögfesti Múlastað og allar þær jarðir er honum heyrðu til en þ.á m. voru Þeistareykir. Ekki er getið takmarka aðeins sagt um kirkjujarðirnar að þær séu lögfestar:

<sup>274</sup> Skjöl nr. 2 (232) og nr. 2 (292).

<sup>275</sup> Skjal nr. 2 (291).

<sup>276</sup> Skjal nr. 2 (130) a-b.

<sup>277</sup> Skjal nr. 2 (242) a-b.

<sup>278</sup> Skjal nr. 2 (143) a-b.

Med ollum þeirra gagnSemdum och hlunendum til Lands och Vatns J Minna hlut och Meýra, ad ollu til teknu enn Enn Aungvo fraSkilldu, Sem þeim filgt hefur och filgia A ad logum.<sup>279</sup>

Lögfestan var lesin á manntalsþingi að Helgastöðum þann 22. apríl 1695.

Fram kemur í vísitasíum Múla í Aðalreykjadal frá árunum 1694 og 1715 að Múlakirkja eigi Þeistareyki og Mælifell.<sup>280</sup>

Á manntalsþingi á Helgastöðum 2. júní 1712 bauð séra Gísli Einarsson í Múla upp eyðijörðina Þeistareyki til ábúðar. Þar sem ekki tókst að útvega ábúanda á jörðina lögfesti séra Gísli það sem krúnu- og Múlakirkjajörðinni Þeistareykjum hefur fylgt að fornu og nýju.<sup>281</sup>

Séra Gísli Einarsson í Múla kærði Svein Þorsteinsson á Tóvegg fyrir samningsrof á manntalsþingi í Keldunesi 2. maí 1722. Sveinn hafði tekið Þeistareyki til ábúðar frá næstu fardögum en vilji hætta við. Hótaði séra Gísli Sveini sektum stæði hann ekki við orð sín og bannaði mönnum að byggja honum aðra jörð. Sagðist Sveinn vissulega hafa tekið Þeistareyki til ábúðar en hafi nú skipt um skoðun og geti ekki flutt til Þeistareykja. Kona hans sé heilsulítill og hún og annað heimilisfólk vilji ekki flytja á Þeistareyki, þungur og óflutningsfær ómagi sé á heimili hans sem honum ber að annast, öll hross hans séu ófær til flutninga vegna megurðar og að hann hafi verið fávís og óframsýnn að taka þá ákvörðun að „setja bólstað sinn í eyði öræfum“ fyrir utan góðra manna ráð og vitund. Sveinn bað séra Gísla afsökunar og sóknarprestur hans og hreppstjórar þar í sveit sóru að ástæður hans upp sannar. Múlaprestir voru í sjálfsvald settar hóflegar skaðabætur.<sup>282</sup>

Séra Gísli Einarsson lögfesti á manntalsþingi á Helgastöðum 9. maí 1722 Þeistareyki, sem legið hefðu í eyði nokkur umliðin ár, með öllum sínum herlegheitum og fyrirbauð á sama landi alla ólöglega yrking og brúkun gegn sektum eftir lögum. Gegn hóflegu gjaldi bauð hann Keldhverfingum hestagöngu í sama landi sumar og vetur eftir því sem landið getur borið spjallalaust ef ske kynni að jörðin gæti byggst í framtíðinni. Hann bauð séra Magnúsi Einarssyni á Húsavík sama tilboð en öllum öðrum mönnum var nefndrar jarðar ólögleg yrking fyrirboðin.<sup>283</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723-febrúar 1724 er minnst á eignir Múlakirkju í Aðalreykjadal:

XIII° Kyrkiann ad Mula i Adal Reikiadal ...

<sup>279</sup> Skjal nr. 2 (103) a-b.

<sup>280</sup> Skjöl nr. 2 (143) a-b og nr. 2 (148) a-b.

<sup>281</sup> Skjal nr. 2 (104) a-b.

<sup>282</sup> Skjal þetta er í British Library Add 11096. Dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724, bl. 212r-214r. Útdráttur í skjali nr. 2.

<sup>283</sup> British Library. Add 11096. Dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724, bl. 215r-218r. Útdráttur í skjali nr. 2.

Þeistareiker 20 hndr ad dyrleika, hafde j Eide leiged áred 1723. j 15. Ár, og enn nu Landskulld 0 ...<sup>284</sup>

Í skjalasafni Múlakirkju er að finna skerta eignaskrá sem er óársett en er yngri en frá 14. maí 1724 en þá dagsetningu er að finna á síðasta varðveitta blaði skrárinnar. Þar kemur fram að meðal eyðijarða sem fylgi staðnum séu Þeistareykir sem leigðir séu til heyskapar og hestagöngu fyrir 20-30 álnir. Þar segir að jörðin hafi verið boðin upp en nú um stundir hafi ekki tekist að byggja hana vegna vatnsleysis og fjarlægðar í allar áttir frá mannabyggðum.<sup>285</sup>

Illa hefur gengið á fá Þeistareyki byggða en nýr Múlaprestur, séra Þorleifur Skaftason, býður upp jörðina til ábúðar á manntalsþingi á Helgastöðum 12. júní 1725. Í máli hans kemur fram að jörðin sé óbyggð og í eyði en þannig hafi hann tekið við henni síðastliðið vor. Þorleifur bauð m.a. næstu nábúum Þeistareykja jörðina en tókst ekki að fá hana byggða og því lögfesti hann hana. Í lögfestunni er ekki getið takmarka.<sup>286</sup>

Í sundurliðuðum reikningi séra Þorleifs Skaftasonar yfir tekjur Múlakirkju frá 1. júlí 1743 er vitnað til kálfskinns máldaga sem prestarnir Kolbeinn Auðunarson, Jón Loftsson og Ketill Hallsson settu saman í Múla 8. september 1563 eftir þremur Hóladómkirkjumáldögum. Þar eru taldar upp nokkrar eyðijarðir kirkjunnar sem höfðu óbyggðar verið í meira en þ.á m. eru Þeistareykjaland sem er sagt sífellt hafa legið í eyði og geri það enn og Mælifell sem presturinn telur að hafi aldrei verið byggt heldur aðeins verið ítak.<sup>287</sup>

Aftur bauð séra Þorleifur Skaftason Þeistareyki upp til ábúðar á manntalsþingi á Helgastöðum 9. maí 1744. Jörðin sem var óbyggð og í eyði freistaði hvorki næstu nágretta né annarra og því lögfesti presturinn:

... þratt nefnda Mula Kyrkiu Jord Þeistareike, Hennar Tun og Eingiar, Holt og Haga, og allar Landz Nýtiar, ad öllu tilskildu enn eingu frá, Sem greindre Jörd filger og filgt hefur ad fornu og Nýu (Hvar med og Meinter eru aller Mælefells hagar) ad tilteknum þessum Landa Merkiu ad Sunnan So langt fram j Mó, þar til Ylyfz fiall er nærre geinged under Giæsadals fioll, og So rett austur og Vestur, Ad Vestann ræda Lambafiöll, ad Nordan Raudhóll og rettsýnes Vr hönum austur og Vestur, enn Ad austan rædur Land eign þeirra Manna er nærst kunna Sier landeign ad bevýsa.<sup>288</sup>

Jón Þorleifsson prestur í Múla bauð árangurslaust upp eyðijörðina Þeistareyki ásamt Mælifellshögum og lögfesti svo jörðina með tilteknum landamerkjum sem eru samhljóða lögfestu séra Þorleifs Skaftasonar frá 9. mars 1744 og því ekki endurtekin.

<sup>284</sup> Skjal nr. 2 (239) a-b.

<sup>285</sup> Skjal nr. 2 (100) a-b.

<sup>286</sup> Skjal nr. 2 (105) a-b. Þorleifur Skaftason tók við Múla vorið 1724. sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 306.

<sup>287</sup> Skjal nr. 2 (101) a-b.

<sup>288</sup> Skjal nr. 2 (106) a-b.

Lögfestan var lesin á Helgastaðþingi 13. maí 1749. Sami prestur lét lesa upp samhljóða lögfestu á Húsavík 16. júní 1753, 24. maí 1762, 16. júní 1772, 1. maí 1775 og 22. maí 1776. Aftur lét hann lesa upp samhljóða lögfestu á manntalsþingi á Helgastöðum 3. júní 1767 og á Húsavík 30. júní sama ár.<sup>289</sup>

Ingjaldur Jónsson prestur í Múla sá sig knúinn til þess að banna öll afnot af jörðinni Þeistareykjum með bréfi rituðu á dönsku þann 22. september 1781. Í forboðinu kemur fram að Þeistareykir hafi margoft verið boðnir upp til ábýlis en án árangurs vegna þess hversu afskekkt og fjarri mannabyggðum jörðin er. Hún sé hins vegar leigð til heyskapar og hestagöngu yfir vetrarmánuðina. Í landi hennar eru einnig brennisteinsnámur sem margir sæki í en geti með engu móti nýtt sér námurnar nema með því að fara inn á landsvæði kirkjunnar. Hann bannar einnig að þeir, sem sæki í námurnar, noti leiguland kirkjunnar undir hesta sína eða á annan máta til skaða.<sup>290</sup>

Lögfesta séra Ingjalds Jónssonar á Múla fyrir Þeistareykjum og Mælifellshögum er samhljóða fyrri lögfestum um sama efni og því virðist óþarfi að endursegja efni hennar. Lögfestan var lesin á manntalsþingum á Skútustöðum 19. maí 1792, á Helgastöðum 21. maí sama ár og á Húsavík 9. júní sama ár. Aðeins voru gerðar athugasemdir við lögfestuna á Húsavík en þar mótmælti Árni Sigurðsson ábúandi Stóru-Reykja henni hvað Mælifellshaga áhrærði en hann hélt því fram að þar ætti ábýlisjörð sín fimm hundraða land.<sup>291</sup>

Jón Sigurðsson prestur í Garði lögfesti land kirkju sinnar 26. maí 1775. Hér verður aðeins tekinn upp hluti lögfestunnar, þ.e. sá hluti sem snýr að Þeistareykjum sem er á þessa leið:

Fyrst ad utann og vestann i Miósund þadann Sudur Bringukolls Rönd og i Bænhúskletta so i Stein þann er Stendur austann vid Rióma Dal og Kallast Smierbýtill þadann i austasta Hesthól, Sýdann framm i [yfírstrikað: Tóbaks Lág, þadann i] Laungu Hlýd So framm á Háls móts vid Þestareike.

Ad austann Halsenn úty fremra Sand Klett [ekki verður greint hvort heldur á að lesa: Sand Klett eða Saud Klett] ...<sup>292</sup>

Lögfestan var lesin á manntalsþingi í Keldunesi samdægurs, aftur á sama stað 13. júní 1777 og svo 25. júní 1789.

Vigfús Björnsson Garðsprestur lögfesti land kirkju sinnar 12. júní 1798 en óþarfi er að endursegja merki hennar hér þar sem að hún að mestu samhljóða lögfestu forvera hans frá 26. maí 1775 og mörkin við Þeistareyki eins. Lögfestan var lesin samdægurs á manntalsþingi í Keldunesi, svo á sama stað 10. júlí 1804 og loks aftur 21. júlí 1807.<sup>293</sup>

<sup>289</sup> Skjöl nr. 2 (107) - 2 (109).

<sup>290</sup> Skjal nr. 2 (110) a-b.

<sup>291</sup> Skjal nr. 2 (111) a-b.

<sup>292</sup> Skjal nr. 2 (120) a-b. Í lögfestum Garðs frá 1673-1702 er Þeistareykja ekki getið, sbr. skjal nr. 2 (115) - 2 (119).

<sup>293</sup> Skjal nr. 2 (121) a-b.

Samhljóða eldri lögfestum Garðs (1775 og 1798) er lögfesta séra Magnúsar Jónssonar fyrir landi Garðs frá 5. júlí 1844. Þar eru mörkin við Þeistareyki eins og því verður inntaks hennar ekki getið frekar. Lögfestan var lesin upp samdægurs á manntalsþingi í Keldunesi.<sup>294</sup>

Lögfesta séra Þórarins Jónssonar fyrir Múlastað og sér í lagi eyðijörðinni Þeistareykjum var lesin upp á manntalsþingi á Húsavík 28. maí 1806. Lögfestan var óátalin en inntaks hennar er ekki getið.<sup>295</sup>

Þórarinn Jónsson prestur í Múla lét frá sér fara auglýsingu um landamerki Þeistareykja sem dagsett er 20. apríl 1809. Að baki lá sú staðreynd að talsvert var um að fólk stundaði grasatekju í landinu án þess að fá leyfi hjá presti eða leigutaka. Þegar gengið væri á fólk með þetta bar það fyrir sig að það þekkti ekki til landamerkja á hinni víðlendu Reykjaheiði. Þessu fólki til frekari upplýsingar lögfesti séra Þórarinn því Þeistareyki ásamt Mælifellshögum til eftirfarandi takmarka:

... ad vestann ráða Lambafiöll réttlínis út og sudur, ad nordan Raudhóll austur og vestur, fyri víst allt á midia Dunareikiahálsa, sudur undir Bóndólfs Skard, Takmörk ad sunnann Eylfshnúkur nærri geingenn undir Giæsadal's Fioll, og þaðan réttlínis úr sama Hniuk út aptur Móts vid ádurnefndt Bóndólfs Skard austur frá Þeistareikium.<sup>296</sup>

Því næst bauð séra Þórarinn Þeistareyki upp til ábúðar ef nokkur vildi reisa sér bústað á þessari eyðijörð. Prestur bauð vildarkjör m.a. viði til húsbyggingar en frábað sér aðra en menn með nokkur efni og dugnað. Auglýsingin var lesin upp á manntalsþingi á Húsavík 24. apríl 1809, á Helgastöðum 4. maí sama ár, á Ljósavatni 8. sama mánaðar og loks degi síðar á manntalsþingi á Hálsi.

Lögfesta Þeistareykja var lesin upp á manntalsþingi að Helgastöðum 4. maí 1809. Fram kemur að enginn hafi mótmælt henni en inntaks er ekki getið.<sup>297</sup>

Múlaprestur byggði Árna Einarssyni hreppstjóra á Tjörnesi Þeistareykjaland liggjandi á Reykjaheiði og er byggingarbréfið dagsett 13. maí 1816. Í því tiltekur séra Þórarinn Jónsson eftirfarandi skilmála: Leigan skal gjaldast í 60 fiskum, hvorki má ljá né leigja hlunnindi jarðarinnar, svo sem slægjur, hagbeit, brennisteinsgröft eða nokkuð annað án vitundar og leyfis séra Þórarins. Undanskilin byggingunni er grasatekja en henni vill prestur halda fyrir sig en leyfir þó Árna hreppstjóra að hafa eitt tjald í landinu á grasaheiðartíma. Að öðru leyti er honum heimilt landið til allra leiguliðanota og gagnsemda til næstu fardaga.<sup>298</sup>

<sup>294</sup> Skjal nr. 2 (122) a-b.

<sup>295</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. 28).

<sup>296</sup> Skjal nr. 2 (112) a-b.

<sup>297</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.46).

<sup>298</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b. N. Nielsen og Árni Einarsson votta að umrætt byggingarbréf sé rétt afritað eftir frumriti Árna á Laxamáryri.

Lögfesta séra Skúla Tómassonar í Múla fyrir eyðijörðinni Þeistareykjum var lesin upp á manntalsþingi að Helgastöðum 25. maí 1819. Inntaks lögfestunnar er hins vegar ekki getið.<sup>299</sup>

Skúli Tómasson prestur í Múla höfðaði mál gegn konungi vegna eignarhalds á brennisteinsnánum í Þeistareykjalandi á árunum um 1820.

Það er ljóst af málsskjölum að yfirvöld hafa viðurkennt réttindi Múlakirkju á Þeistareykjum, sbr. t.d. skipunarbréf málflutningsmanna 30. október 1819 og bréf rentukammers til amtmanns í Norður- og Austuramti 14. mars 1818.<sup>300</sup>

Við réttarhöldin var lagður fram vitnisburður fyrrverandi Múlaprests, Ingjalds Jónssonar, dagsettur 31. mars 1819, en Ingjaldur hafði verið 50 ár í Múla.<sup>301</sup> Þar segir að jörðin Þeistareykir hafi frá alda öðli ekki verið stöðuglega setin eða byggð vegna (að sögn) vatnsskortis í þurrkasumrum og fjarlægðar frá byggð. Þegar Ingjaldur kom til Múla árið 1769 höfðu Þeistareykir lengi verið leigðir bónda í Saltvík til slæгна, hestagöngu á veturnum og frjálstrar grasatekju fyrir 5 aura landskuld eða 30 álnir. Síðar hafi hún verið leigð forstöðumanni brennisteinsverksins, N. Buck, en hann hafi liðið mikinn skaða á heybjörg þar vegna flutnings á brennisteini úr Þeistareykjanámum og beðið Ingjald að friða jörðina fyrir átroðningi með bréflægu banni. En þar sem það hafði lítið gildi til þess að fá skaðann bættan, var settur upp tollur fyrir hverja flutta vætt. Af honum hefði prestur fengið nokkurn hluta fyrir utan umsamda landskuld.

Einnig var lögð fram lögfesta Ingjalds Jónssonar 27. apríl 1792 (þinglesin s.á.) þar sem hann bannaði allan brennisteinsgröft á Þeistareykjum, sem ylli leigulandi kirkjunnar skaða eða umráðamanni óþægindum, sem og grasatekju. Var vísað til þess leiguliði hefði sagt um 20 manns nýta sér grasaheiði Þeistareykja síðastliðið sumar án leyfis eða greiðslu.<sup>302</sup>

Tvö vitni voru kölluð fyrir rétt 27. apríl 1820. Annað, sem hafði verið forstöðumaður brennisteinsverksins á Húsavík 1795-1808, var spurt, hvort það hefði ekki haft Þeistareykjaland á leigu af þáverandi Múlapresti. Svaraði vitnið játandi, þó ekki allan tímann en hélt 7-8 ár. Einnig að það hefði tekið toll af þeim, sem brennisteininn fluttu, og goldið Múlapresti hagatoll. Hitt vitnið var mun eldra, 87 ára og hafði á yngri árum verið til heimilis nærri brennisteinsverkinu á Húsavík. Sagði það Saltvíkurbónda þá hafa haft Þeistareykjaland til leigu af Múlapresti, en kannast ekki við neinn toll af brennisteinsflutningi. Bæði vitnin töldu vitnisburð Ingjalds Jónssonar sannan, að svo miklu leyti sem þau til vissu.<sup>303</sup>

Á manntalsþingi á Helgastöðum þann 17maí 1820 var dæmt í eignaréttarmáli Skúla Tómassonar vegna brennisteinsnáma í Þeistareykjalandi.<sup>304</sup>

<sup>299</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.38).

<sup>300</sup> Hliðsjónarskjal. Skjal nr. 2(304) a-b og 2(310)a-b.

<sup>301</sup> Hliðsjónarskjal. Skjal nr. 2(310).

<sup>302</sup> Hliðsjónarskjal. Skjal nr. 2(308) a-b.

<sup>303</sup> Hliðsjónarskjal. Skjal nr. 2(309) a-b.

<sup>304</sup> Skjal nr. 2 (144) a-b.

Héraðsréttardómur í Þeistareykjamáli séra Skúla Tómassonar í Múla gegn rentukammeri um rétt til námanna var dæmdur ógildur í Landsyfírrétti 6. ágúst 1821 og málinu vísað frá réttinum.<sup>305</sup>

Hæstiréttur dæmdi hins vegar í máli rentukammersins gegn séra Skúla, 16. janúar 1823:

Brennisteinsverki Húsavíkur skal vera óheimilt að nota brennisteinsnámur í kirkjujörðinni Þeistareykjum, nema með samþykki fjárhaldsmanns Múlakirkju. [Málskostnaður skyldi greiddur af almannafé].<sup>306</sup>

Á manntalsþingi á Helgastöðum 29. apríl 1835 var lesin upp leigusamningur sem séra Skúli Tómassonar hafði gert við verslunina Örum & Wulf fyrir Þeistareykja brennisteinsnámum til tíu ára fyrir 20 ríkisbankadala árlega leigu. Árni Einarsson á Laxamýri leigutaki Þeistareykja mótmælti leigusamningi þessum að öllu leyti.<sup>307</sup>

Í ágrípi af lífssögu Höskulds Jónssonar (1792-1863) er getið umsóknar hans til amtmanns um leyfi til þess að taka upp byggð á Þeistareykjum. Hefur það gerst árið 1836 samkvæmt vitnisburðarbréfi Höskulds frá því ári. Fékk hann ekki ábúðina:

Nú er frá því (að segja) að þessi tilraun mín kom að engu; lagði þó herra amtmaðurinn sitt bezta til, en Múlastaðarpresturinn stóð fast í móti; kvaðst ei missa mega not eyðijarðarinnar, hver þó liggur meir en hálfa þingmannaleið þaðan.<sup>308</sup>

Lesið var upp bréf factors Johnsen á Húsavík, dagsett 12. maí 1837, á manntalsþingi á Húsavík 23. sama mánaðar þar sem hann bannar notkun á brennisteinsnámum Þeistareykja. Sama bréf var lesið upp á Skútustöðum 25. maí 1837.<sup>309</sup>

Skúli Tómasson tók saman sundurliðaðan reikning yfir Múlakirkju sem er dagsettur 1. júlí 1839. Þar kemur fram að grasatekju í Þeistareykjalandi sé varla hægt að telja lengur til hlunninda eftir að hreindýr hafi eytt fjallagrösnum á Reykjaheiði. Þeistareykjaland hafi undanfarin fimm ár verið leigt sem „afrétt“ og fyrir það hafi goldist þrjár ríkisdalir. Fyrir brennisteinstekju í Þeistareykjarlandi greiðist árlega 30 ríkisbankadalir síðan árið 1835 eftir samningi til tíu ára. Í sama reikningi segir að þó svo að máldagi kirkjunnar minnist á Mælifell þá sé það meining manna að það hafi aldrei byggt verið heldur einungis verið ítak.<sup>310</sup>

Ólafur Gottskálksson á Fjöllum fór fyrir flokki tólf Keldhverfinga í bréfi til A. Þórðarsonar hreppstjóra dagsettu 24. febrúar 1843. Þar kvarta þeir yfir þeim eyðileggjandi ágangi sem þeir hafi þurft að þola undanfarin ár af geldpeningi

<sup>305</sup> Hliðsjónargagn (Lyrd. (1815-1824) II, bls. 287-290).

<sup>306</sup> Hliðsjónargagn (Lyrd. (1815-1824) II, bls. 418).

<sup>307</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.99).

<sup>308</sup> *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr* III, bls. 26-27.

<sup>309</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.71). Þetta bréf var einnig lesið upp á manntalsþingi að Helgastöðum 27. maí 1837 og á manntalsþingi á Ljósavatni 30. maí 1837.

<sup>310</sup> Skjal nr. 2 (102) a-b.



sveitanna innan Reykjaheiðar. Þeir segja að því meiri „afréttar-“ og búfjárhagaþröng sem þeir megi þola þeim mun skaðvænni verði ágangur af óheimilum geldfjárfjölda sem strax á stekkjartíð á vorin fylla ekki eingöngu „afréttar-“ og heiðarlönd heldur jafnvel einnig næstu búfjárhaga mönnum til mikils tjóns og mæðu. Þannig sé þetta allt sumarið þangað til gangnamenn á haustin smali fénu til réttar en síðastliðið haust hafi verið rekið um 800 af slíku fé inn yfir Reykjaheiði. Haldi þetta óvenjulega ástand áfram gæti það haft slæm áhrif á hagsæld þeirra því fjárræktin sé helsti bjargræðisvegurinn. Þeir biðja því hreppstjóra um aðstoð í máli þessu.<sup>311</sup>

Hreppstjóri skrifaði Arnóri Árnasyni sýslumanni 18. mars 1843 og sendi honum bréf Ólafs á Fjöllum og Keldhverfinganna tólf. Hann segir að það sýni hversu ósanngjarnan og eyðileggjandi ágang Keldhverfingar hafi liðið af þeim mikla fjölda geldfænaðar sem rekinn hafi verið heimildarlaust undanfarin ár úr sveitunum fyrir innan Reykjaheiði. Sá geldfænaður hafi ekki aðeins gengið í „afréttarland“ Fjalla, sem sé í raun of lítið fyrir fé Keldhverfinga, heldur einnig í búfjárhaga þeirra 12 bænda sem skrifuðu undir bréfið, þeim til stórs skaða. Hann fer fram á að sýslumaður sjái til að þessi ójöfnuður verði lagfærður strax á komandi sumri.

Hreppstjóri útskýrir að séra Skúli Tómasson á Múla eigi Þeistareykjaland og að hann hafi annað hvort tekið meiri fénað til „afréttargöngu“ en góðu hófi gegnir eða að fjöldi manna reki geldfænað sinn leyfislaust norður á Reykjaheiði. Sjálfur telur hreppstjóri að hvorttveggja sé rétt og þetta ástandi þurfi að lagfæra. Enginn amist við því þó að séra Skúli noti Þeistareykjaland til „afréttar“ fyrir sinn eigin fénað þó svo að fé hans renni þaðan í Kelduhverfi. Hins vegar sé óþolandi að hann taki „afréttarfænað“ af svo mörgum mönnum að Keldhverfingar biði af því óbætanlegan skaða. Hreppstjóri segist vita að séra Skúli muni svara þessu með því að segja að Þeistareykjaland sé svo stórt að í því megi ganga fleira fé en aðeins hans eigið. Það sé hins vegar athugandi að Garður eigi líka nægilegt land að vöxtum fram í heiðinni sem hafi þó aldrei og muni aldrei vera hægt að nota sem „afréttarland“ vegna þess að skepnur þoli þar ekki við á sumrum vegna vatnsleysis. Það sama muni eiga við um meiri hluta Þeistareykjalands en féð flýr úr þessum heiðarlöndum vegna hita og leitar til byggða þar sem vatn er að finna.<sup>312</sup>

Sýslumaður svaraði bréfi hreppstjóra 8. maí 1843 og sagðist hafa sent séra Skúla Tómassyni í Múla bréfin og óskað eftir skriflegri umsögn hans. Múlaprestur muni hafa lofað að gera það um leið og hann fengi áreiðanlega vitneskju um hvað mikill fénaður frá Keldhverfingum sjálfum eða á þeirra vegum væri rekinn á Reykjaheiði. Sjálfur segist hann hvorki kæra sig um að ofsetja þann hluta Reykjaheiðar er honum tilheyri né Þeistareykjaland með því fé er hann hafi rekið og gefið öðrum leyfi til að reka þangað sem hann telji ekki vera meiri fjölda en hann eigi land til. Einmitt þess vegna hafi hann neitað séra Jóni Jónssyni á Grenjaðarstað um

<sup>311</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.147 a-c).

<sup>312</sup> Sbr. skal nr. 2 (A.6.148 a-b).

„afrétt“ og vísað honum þess í stað á son sinn, séra Magnús á Garði, sem eigi hluta í Reykjaheiði. Sýslumaður segist ekki vilja láta farast fyrir að tilkynna hreppstjóra svar Múlaprests og að skriflegt svar hans muni sent honum um leið og það berist. Annars segir hann að þetta mál, sem sé á milli eigenda Reykjaheiðar, komi sér sem sýslumanni ekki við. Hann ráðleggur honum þó að hlutaðeigendur sameinist um að óska eftir því að áreiðargjörð verði framkvæmd á „afrétt“ Reykjaheiðar og landsvæði hvers og eins ákvarðað samkvæmt lögum. Ef það yrði gert væri hægðarleikur fyrir hlutaðeigendur að fyrirbyggja eða a.m.k. að átta sig á hvort einhver notaði „afréttina“ án leyfis. Hann segist einnig hafa nefnt þetta við séra Skúla og biður hreppstjóra um að greina Keldhverfingum frá svari sínu.<sup>313</sup>

Ekki hefur tekist að finna umrætt svar séra Skúla við bréfi Keldhverfinga en uppkast að svari hans er að finna í skjalasafni Múlakirkju. Þar segist hann sjá að bréf Keldhverfinga sé beint gegn sér enda hafi hann undanfarin ár notað Múlakirkjulöndin Þeistareyki og Mælifellshaga til „geldfjárafréttar“ fyrir sig, nokkra sveitunga sína og landseta án þess að biðja Keldhverfinga leyfis. Þrátt fyrir að hann hafi talið sig réttu megin laganna hafi hann fljótt orðið þess áskynja að Ólafur Gottskálksson á Fjöllum hafi ekki verið sérlega ánægður með uppátækið. En honum virðist Ólafur einráður um að leyfa „afrétt“ á Reykjaheiði og að hafi gert það fyrir fullan toll bæði fyrir og eftir að hann fór að nota „afrétt“ Þeistareykja. Séra Skúli telur æskilegt að borin séu saman „afréttarlönd“ þeirra bæði að stærð og gæðum sem og hvað mikið hvor þeirra hafi tekið í þau hingað til. Hann segist gera sér grein fyrir því að mikið af fé slæðist úr „afréttinni“ á Þeistareykjum og þ.á m. út í Keldhverfi en það sama eigi við um „Fjallaafrétt“. Vel kynni að vera að Keldhverfingar misstu eitthvað af búsmala sínum á sumrum á Þeistareyki og að sama skapi sé ekki laust við að eitthvað hafi slæðst þangað úr „Fjallaafréttinni“ þó að hann hafi ekki skráð slíkt hjá sér. Enda telur hann það ekkert tiltökumál þó að fé manna á sumrum gangi úr einni „afrétt“ í aðra eða kunni að nálgast þær sveitir sem næstar liggja „afréttum“. Hann hafi orðið var við slíkt víðar en í Keldhverfi en aldrei vitað til þess að mönnum hafi verið bannað að nota „afrétt“ sinn af þeim sökum. Hann segist fyrir löngu hafa getað byggt Þeistareyki með góðum kjörum en hafnað því bæði vegna Keldhverfinga og annarra nágranna sem hafi vilja njóta frelsis þar fyrir skepnur sínar. Það gæti hins vegar farið svo að hann neyddist til að byggja jörðina ef menn héldu áfram að amast við skepnur hans og annarra sem reki þangað með leyfi hans. Múlaprestur telur nauðsynlegt að sýsluyfirvöld í báðum Þingeyjarsýslum hlutist til um að rannsaka hvert haust í öllum réttum umhverfis Reykjaheiði heimildir manna til að nota „afréttalandið“ sem safnað er úr. Væri það gert sæist betur hverjir helst ofsetja „afréttarlönd“ sín og hverjir noti þau oftast án leyfis en ef það væri ljóst væri hægt að gera víðeigandi úrbætur.

Séra Skúli segir að e.t.v. sé ráðlegast að fá menn til að meta hversu margt fé Þeistareykjaland með Mælifellshögum geti borið. En Ólafur á Fjöllum yrði þá að gera

<sup>313</sup> Sbr. skal nr. 2 (A.6.149).

slíkt hið sama varðandi sína „afrétt“ því að þá sæist enn betur hvort Fjallaland geti borið fé Keldhverfinga og þeirra sem þangað reka af Tjörnesinu. Að endingu bendir hann á ef þeim, sem áttu göngur á Þeistareykjum síðastliðið haust, hafi þótt ógurlegur fjöldi fjár hafa komið þaðan þá geti tæpast staðist að féð hafi sótt sér vatn út í Kelduhverfi enda sé ólíklegt að það gerist meðan tjörnin neðan við Þeistareykjagrundir þorni ekki upp.<sup>314</sup>

Í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu frá því um 1840 er á nokkrum stöðum getið um sel, fyrst og fremst í heimalöndum. Múlaprestur sagði 31. ágúst 1839:

31. (*Selstöður*.) Ekki vita menn til að Múli eigi nokkurs staðar selstöðu, nema ef vera ætti í Mælifellshögum á Reykjaheiði, og er þangað ½ þingmannaleið, sem í meir en 100 ár ekki hefur verið notuð sökum vegalengdar.<sup>315</sup>

Loks segir í jarðamatinu 1849-1850 að Mælifellshagar séu selland Múlastaðar, en þeir eru taldir með eyðijörðinni Þeistareykjum:

N<sup>o</sup> 68 Theistareykir, með Mælifellshögum sem selland staðarins Múla,<sup>316</sup>

Skúli Tómasson prestur í Múla lögfesti þann 13. maí 1854 samkvæmt:

... máldaga Múlakirkju á kálfskinni með vaxinnsiglum af 1563 og lögfestum af datís 1712, 1725, 1749, 1753, 1744, 1767, 1806, 1809 og 1819, öllum upplesnum fyrir manntalsþingsrjetti og óátöldum - bæði á Húsavík og Helgastöðum, - Múlakirkju eign, eyðijörðina Þeistareyki, liggjandi í Grenjaðarstaða kirkju sókn, og Helgastaða þingsókn; Lögfesti jeg nefndrar jarðar tún og engjar, holt og haga og allar landsnytjar, sem greindri jörðu fylgt hafa, og fylgja eiga með rjettu, að fornu og nýju, að öllu tilskildu; en engu fra. Hvar með og meintir eru allir Mælifellshagar, að tilteknum þessum landamerkjum.

Síðan kemur landamerkjalyýsing sem er eins og sú úr lögfestunni frá 9. maí 1744 nema hvað:

... Að sunnan svo langt fram í Gæsadalsmó ... Rauðhóll og rjettsýnis úr honum vestur til sæluhússtóttar og austur ....<sup>317</sup>

Í kjölfarið kemur svo hefðbundið orðalag í lögfestum um bann gegn notkun á umræddu landi. Lögfestan var lesin á manntalsþingi að Húsavík 15. maí 1854 og á Skútustöðum 18. sama mánaðar og loks að Helgastöðum tveimur dögum síðar. Enginn hreyfði mótmælum en Halldór Jónsson ábúandi Reykja í Reykjahverfi bað um

<sup>314</sup> Skjal nr. 2 (123).

<sup>315</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 133.

<sup>316</sup> Skjal nr. 2 (80).

<sup>317</sup> Skjal nr. 2 (114) a-b.

að sér geymdist réttur sinn ef í ljós kæmi að Reykjum tilheyrði nokkur tiltala til Mælifellshaga eins og hann hafði heyrt munnmæli um.

Lögfesta séra Skúla Tómassonar í Múla fyrir Þeistareykjalandi og Mælifellshögum var lesin upp á manntalsþingi á Húsavík 15. maí 1854. Sama lögfesta var lesin upp á manntalsþingi á Skútustöðum 18. maí 1854 og á manntalsþingi á Helgastöðum 20. maí 1854 og fram tekið að enginn hafði hreyft mótmælum.<sup>318</sup>

Á manntalsþingi á Helgastöðum 2. júní 1870 var Þeistareykjaland lögfest. Innihalds lögfestunnar er ekki getið.<sup>319</sup> Bændurnir Eyjólfur Brandsson á Reykjum og Sigurgeir Þorgrímsson í Brekknakoti mótmæltu harðlega banni við notkun á Þeistareykjalandi og Mælifellshögum sem lesið var upp á manntalsþingi á Húsavík 4. júní 1870.<sup>320</sup>

Dómsmálaráðuneytið danska skrifaði amtmanni, í Norður- og Austuramti, 6. júlí 1872 og greindi honum frá samningi sem gerður hafði verið við Alfred G. Lock um leigu á brennisteinsnámum í Þingeyjarsýslu. Í samningnum, frá 13. apríl 1872, kemur fram að umræddar brennisteinsnámur samanstandi af Reykjahlíðar-, Kröflu- og Fremrinámum. Ennfremur segir að námurnar á kirkjújörðinni Þeistareykjum séu undanskildar umræddum samningi.<sup>321</sup>

Fyrir fúgetarétti að Húsavík 18. janúar 1877 kröfðust þeir séra Benedikt Kristjánsson í Múla og Þ. Guðjohnsen verslunarfulltrúi á Húsavík þess að eignir brennisteinsfélagsins „The North of Iceland Sulphur Company (Limited)“ í Englandi verði kyrrsettar vegna vanskila. Getið er samnings A.G. Locks við dómsmálastjórnina frá 13. apríl 1872 til brennisteinsnáms í námum þeim í Þingeyjarsýslu, þ.e. Reykjahlíðar- og Fremrinámum, sem séu í eigu hins opinbera.<sup>322</sup>

Leigusamningur séra B. Kristjánssonar í Múla og Chr. G.W Lock var lesinn upp á manntalsþingi á Helgastöðum 12. júní 1877. Með honum seldi Múlaprestur herra Lock brennisteinsnámur Þeistareykja á leigu til 10 ára fyrir 10 pund á ári.<sup>323</sup>

Lögregluréttur var settur á Þeistareykjum 8. ágúst 1877 vegna þess að búið var að brjóta upp hús á Þeistareykjum sem tilheyrðu hinu enska brennisteinsfélagi hvers eignir höfðu verið kyrrsettar með fúgetagjörð 18. janúar sama ár. Fram kemur í rannsókninni að fyrrnefnt félag hafi síðastliðið vor látið byggja þau hús er nú standi á jörðinni en fyrir hafi verið þar hús sem gangnamenn og aðrir sem leið áttu þar um gátu leitað sér skjóls. Umrætt hús hafi verið notað í þarfir félagsins en í staðinn hafi verið lánað annað hús sem nota átti í sama tilgangi meðan félagið ræki námurnar en skilaði svo aftur jafngóðu húsi er rekstrinum var hætt.<sup>324</sup>

<sup>318</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.91., A.6.96).

<sup>319</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.73).

<sup>320</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.101).

<sup>321</sup> Skjal nr. 2 (290).

<sup>322</sup> Skjal nr. 2 (270).

<sup>323</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.108).

<sup>324</sup> Skjal nr. 2 (271).

Nokkur bréfaskipti urðu vegna Þeistareykjalands og umsjónar þess árin 1911-1912.<sup>325</sup> Í uppkasti að bréfi Stjórnarráðs Íslands til sýslumanns Þingeyjarsýslu 25. september 1911 segir:

1., Þeistareykjaland og námurnar á að hverfa undir umsjón hlutaðeigandi hreppstjóra og greiðir hann af eptirgjaldi afrijettarlandsins Geitafellsómaga meðlagið. Þar sem stjr. er yður samdóma um að eðlilegast væri að hreppsþjelög þau, er land þetta hafa á leigu, eignuðust landið, þá mun stjr. samþykkja sölu þess, ef þess verður óskað og verðið þykir viðunanlegt.

Ágreiningur varð nokkur milli Reykdæla- og Aðaldælahreppa, og sendi hreppstjóri Reykdælahrepps fyrirspurn um málið til Stjórnarráðs Íslands 3. maí 1912, þar sem m.a. var rakin saga leigumála á síðari hluta 19. aldar. Bréfið var sent sýslumanni til umsagnar og sagði hann í svari 18. október 1912 m.a.:

er það að kalla má óhjákvæmileg nauðsyn fyrir íbúa Reykdæla og Aðaldælahreppa, að hafa upprekstur í Þeistareykjaland, og því eðlilegt, að hreppsnefndirnar hafi umráð yfir landinu. Hefi ég því lagt það til við hreppsnefndirnar, að þær, fyrir hreppanna hönd sæktu um kaup á landinu, ...

Viðvíkjandi umráðum landsins, meðan það er landsjóðseign, er það að segja, að ég álit sjálfsagt að hreppstjórnarnir í Reykdæla og Aðaldælahreppum hafi umráðin í sameiningu, og geri í sameiningu samninga við sveitarstjórnirnar, en innheimti afgangið hver hjá sinni hreppsnefnd. Þetta kemur best heim við það, að landinu ekki var skift, þegar gamla Helgastaðahrepp var skift, og að fjallskilamálin eru sameiginleg með hreppunum.

Í virðingargerð frá 14. maí 1913 vegna fyrirhugaðrar sölu Klambarsels er Þeistareykja getið en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

En þó er það lakast, að þar sem jörðin er sett í jaðri afréttar, sem fyllt er nú árlega af fê langtum meir, en áður gjörðist hér, þá er svo mikill ágangur afréttarfjár á slæjur þessar, að ábúandi telur sér ekki lengur viðvært, nema girða þá hlið landsins er að afrétt veit, en það er næst [næst, ofan línu] lengsta hliðin, 1100 faðmar. Hefir hann þegar flutt heim efni í þá girðing. Og knýr það hann mjög til að leita kaups á jörðinni, er hann hlýtur að leggja í svo mikinn kostnað til að halda henni við, sem byggilegri.<sup>326</sup>

Í virðingargerð frá 22. nóvember 1913 vegna fyrirhugaðrar sölu Geitafells er að finna talsverðar upplýsingar um afréttarnot af Þeistareykjum og ágang afréttarfjár á Geitafellsland. Sjá Geitafell.

Í virðingargerð frá 7. nóvember 1914 vegna fyrirhugaðrar sölu Langavatns koma m.a. fram eftirfarandi upplýsingar um Þeistareykjaland:

Sökum þess að jörðin liggur að afrétt, var ágangur afréttarfjár, á engi og heimahaga, mjög skaðlegur, þar til fyrir tveimur árum að ábúandinn sá sér

<sup>325</sup> Skjal nr. 2 (288).

<sup>326</sup> Skjal nr. 2 (286).

eigi annað fært, en byggja girðing, um 2000 faðma langa, til varnar þessum ágangi, sem óðum óx í síðari tíð, fyrir mjög mikla fjárfjölgun á aðliggjandi afrétt, svo að til eyðileggingar horfði með slæur jarðarinnar. En svo hagar hér til að girðinguna varð að leggja eftir brekkubrúnum heiðarinnar, til að forðast venjuleg snjóþyngsli, fellur við það meginhluti heiðarlandsins utan girðingar og takmarkast heimaland með þessu móti.<sup>327</sup>

Þeistareykjaland, með öllum gögnum og gæðum, að undanskildum námaréttindum, var selt Aðaldæla- og Reykdælahreppum 14. september 1915.<sup>328</sup> Í matsgerð frá 30. júní 1914 segir m.a.:

Land það alt, sem kallað er Þeistareykja afréttur er nálægt 2 fer Mílur að stærð, og liggur á Reykjaheiði upp af Öxarfjarðarflóa, milli Jökulsár á Fjöllum og bygðanna upp af Skjálfandaflóa. Liggja að því að norðan heimalönd Keldhverfinga, að sunnan heimalönd Mývetninga, að austan Svínadalsland með fram Jökulsá á Fjöllum, en að vestan heimalönd Reykdæla og Aðaldælahreppa.

Landið er háslétta, með fjallgördum og stökum Móbergfellum, ... skiftist á brunahraun, eyðisandar, lyngmóar, grasbalar og vallendisgrundir meðfram fjallgördunum, einkum við Þeistareykjafjöllin um hverfis brennusteinsnámurnar, sem liggja í austanverðu daldragi eða breiðum slakka, er gengur eftir endilöngu landinu vestanverðu, milli tveggja fjallgarða, að austan Þeistareykja- Kvihóla og Gæsafjöll, en að vestan Lambafjöll og Hólasandur, er skilja heimalönd bygðarinnar og afréttinn. Í þessum slakka er aðal kjarni landsins: Mælifellshagar og Þeistareykjagundur; ...

Sem afréttur hefir landið alt þann mikla ókost, að það er með öllu vatnslaust, ... Vegna legu sinnar og vetrarríkis, verður þetta land nær því aldrei notað sem vorafréttur svo sem Austurfjöll og Framdalir, og rýrir það mjög gildi þess í samanburði við þau lönd, og marga aðra afrétti.

Þeistareykjaafrétt nota engir aðrir til upprekstrar en Reykdæla og Aðaldælahreppar, og er að jafnaði rekið á hann nál. 6000 fjár árlega. Nægir það þessum tveimur hreppum alls ekki, sem sést af því, að þeir verða árlega að greiða Keldhverfingum og Mývetningum 50 krónur í afréttartolla, bæði fyrir það fé, sem rekið er í afrétt þeirra, og fyrir átroðning af því fé, sem flýr inná þeirra lönd úr Þeistareykjaafrétti bæði fyrir sumarhretum, og vegna þess að afrétturinn er talin ofsetinn. Auk þess leggja Reykdæla og Aðaldælahreppar hinum sveitunum árlegan fjallskilastyrk á þeirra afréttir, er nemur nál. 60 dagsverkum og jafnmörgum hesta-dagsverkum.

[Síðan kemur samanburður á mati Þeistareykjalands 1860 og annarra landa]

Forn leigumáli Þeistareykjalands með Mælifellshögum, alla þá tíð, er það heyrði undir Múlakirkju, var 4 sauðir veturgamlir, þá er það var leigt sem

<sup>327</sup> Skjal nr. 2 (285).

<sup>328</sup> Skjal nr. 2 (284).

býli. Nú hafa Reykdæla og Aðaldælahreppar landið leigt fyrir 48 króna afgjald, og þykir full hátt. Að vísu leigði Grenjaðarstaðaprestur landið herra um nokkur ár, en sá leigumáli var aðeins bráðabyrgða samningur um hans tíð, til þess, að firrast vandræði og málaferli, enda áttu þá námurnar að fylgja með. Er því eigi rétt að taka tillit til þess leigumála, því fremur, sem sami prestur leifði hreppunum aftur leigulaus afréttarnot landsins um nokkur ár af sömu ástæðum, þá er hann tók all-mikið fé af Englendingum fyrir rétt til þess, að vinna námurnar.

Í virðingargerðinni bera virðingarmennirnir matið á landinu í jarðabókinni frá 1860 (hér er væntanlega átt við *Nýja jarðabók 1861*) saman við önnur „afréttar“ og öræfalönd í sýslunni. Þau lönd sem þeir telja upp eru eftirfarandi: Svínadalsland, Svartárkotsland, Bleiksmýrardalur og Framfjöll.<sup>329</sup>

Veðbréf til Kirkjujarðasjóðs og afsal til Reykdæla- og Aðaldælahreppa fyrir Þeistareykjalandi, að undanskildum brennisteinsnámum með landsréttindum, var gefið út árið 1915 og landamerki, gerð 1948 og 1951, færð í afsals- og veðmálabók árið 1951.<sup>330</sup>

Lagt hefur verið fram ódagsett og óþinglesið landamerkjabréf Þeistareykja, gert eftir söluna 1915. Skjalið er undirritað af umboðsmönnum Reykdæla- og Aðaldælahreppa, Hólmgeiri Þórsteinssyni í Vallakoti og Indriða Þórkelssyni á Ytrafjalli, og umboðsmönnum jarðanna Grímsstaða og Reykjahlíðar í Mývatnssveit, Garðs, Víkingavatns og Fjalla í Kelduhverfi, Skarða, Skóga, Þverár, Reykja og Brekknakots í Reykjahverfi, Klambrasels, Langavatns og Geitafells í Aðaldælahreppi og Kasthvamms og Hóla í Laxárdal. Hins vegar hafa umráðamenn Áss, Svínadals og Kelduness í Kelduhverfi ekki skrifað undir, en ástæðu þess er ekki getið. Mörkum er svo lýst:

Suðvestur horn landsins er á Hólasandi þar sem norðurrönd Eilífshnjúks sér norður undan Gæsafjallahorni nyrðra.

Þaðan ræður merkjum að sunnan gegnt Grímsstaða og Reykjahlíðar löndum, samkvæmt þinglesnum landamerkjaskráum þeirra jarða, bein stefna um Gæsafjallahorn nyrðra á Eilífshnjúk, gegnt Hrútafjöllum.

Að austan gegnt Áss og Svínadals landi ráða merkjum Hrútafjöll, samkvæmt fornum máldögum og lögfestum Áss, og frá Hrútafjöllum í Kerlingarhól.

Að norðan gegnt Áss, Kelduness, Garðs, Víkingavatns, Fjalla og Skarða löndum eru, samkvæmt þinglesnum og staðfestum landamerkjaskráum allra þessara jarða, landamerkin þannig: Úr Kerlingarhól um Sauðklett og Eyólfshæð í syðri enda Lönguhlíðar; þaðan um Rauðhól eftir Bláskógavegi um Sæluhús í Höfuðreiðarmúla.

<sup>329</sup> Skjal nr. 2 (284).

<sup>330</sup> Skjöl nr. 4 (84), 4 (85) og 32 (3).

Að vestan gegnt Skarða, Skóga, Þverár, Reykja, Brekknakots, Klambrasels, Langavatns, Geitafells, Kasthvamms, og Hólalöndum, eru samkvæmt þinglesnum og staðfestum landamerkjaskráum allra þessara jarða, merkin þannig: úr Höfuðreiðarmúla um há Lambafjöll í Gustahnjúk og þaðan um Þverárgilsdrög, Kröflugil og eftir Sandi í suðvestur hornmark það, sem í upphafi er nefnt.

Land alt innan þessara merkja er óskoruð eign Reykdæla og Aðaldælahreppa, og eiga engir aðrir nei<ns> konar ítök í það eða réttindi til þess, önnur en landsjóður námur.<sup>331</sup>

Landamerkjabréf fyrir Þeistareykjafrétt var útbúið þann 16. september 1948 og innfært í landamerkjabókina 31. júlí 1951 af sýslumanni. Þar kemur eftirfarandi fram:

Að norðan eru merki frá suðurodda Sæluhússmúla, bein stefna í norðurenda Rauðhóls, þaðan stefna í suðurenda Lönguhlíðar, (brún mót vestri) og þaðan bein lína austur á Eyjólfs hæð.

Að austan eru merki fyrst bein stefna af Eyjólfs hæð suður í norðurenda Bunguveggjar, þar sem varða er. Þá ræðr merkjum gjáveggurinn, Bunguveggr, þar til hann þrýtur austur af Þeistareykjartungu sunnanvert.

Frá veggjarenda á þessum stað ræðr bein lína suður að Hituhólum miðjum og sama stefna suður yfir hólana. Frá sunnanverðum Hituhólum ræðr óslittinn gjáveggur, Borgaveggur, allt suður að beinni línu sem Þversker vegg þenna, stefnu austan frá Eilífshjúk og vestr að rótum Gæsafjalla að norðan. Er það merkjahorn, sem hjer myndast á Borgarvegg stutt noðr af Éthól.

Að sunnan eru merki frá þessum stað á Borgarvegg, vestur eptir fyrrnefndri línu, stefnu af Eilíf á norðurrætur Gæsafjalla og sömu stefnu frá þeim stað er rætur fjallanna ganga lengst norðr og vestur mó og sand þar sem Eilífshnúk ber við Gæsafjöll að norðan, allt vestr á merkihnúk á Klapparbrekku, en þaðan bein stefna á Gustaskarði.

Að vestan ráða Lambafjöll merkjum úr Gustaskarði að sunnan norður á Jónsnýpu á Höfuðreiðarmúla, og af Jónsnýpu ~~beint beint~~ bein stefna í suðurodda Sæluhússmúla, sem í upphafi var nefndur.<sup>332</sup>

Sigfús Björnsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af: Ólafi Jónssyni vegna Fjalla; Erlingi Jóhannessyni fyrir hönd Kelduneshrepps vegna Ásheiðar; Áskeli Sigurjónssyni vegna Reykdælahrepps; Snorra Gunnlaugssyni vegna Geitafells; Sigurði Guðmundssyni vegna Aðaldælahrepps; Aðalgeiri Davíðssyni vegna Langavatns; Kristjáni Jóhannessyni vegna Klambrasels; Sigtryggi Hallgrímssyni, umboðsmanni Reykja; Sveini Björnssyni, umboðsmanni Víkingavatnstorfu; Guðm. Björnssyni vegna Sulta; Jóhannesi Þórarinssyni, sem handsalaði vegna Garðs; Hrólfri

<sup>331</sup> Skjal nr. 32 (4).

<sup>332</sup> Skjal nr. 2 (52) a-b.



Árnasyni fyrir Þverá; Gunnlaugi Sveinbjörnssyni fyrir Skóga I; Jóni Þórarinssyni fyrir Skörð; Páli Sigurðssyni og Sigurði Pálssyni, en þeir skrifuðu undir fyrir Skóga II, og Jóhannesi Sigfínnssyni, Helga Sigurjónssyni og Ragnari Sigfínnssyni en þeir þrír skrifuðu undir vegna Grímsstaða. Bréfið var einnig samþykkt af eigendum Austurgarðs og Laufáss, þeim Birni Haraldssyni og Þórarni Haraldssyni, og eigendum Reykjahlíðar, þ.e. Pjetri Jónssyni, Illuga Jónssyni, Sigurði Einarssyni, Þorsteini Jónssyni og Kristjönu Hallgrímsdóttur.

Bréfið var staðfest af oddvita Aðaldalshrepps, Sigurði Guðmundssyni, en hann skrifaði undir 27. júní 1951 og oddvita Reykjadalshrepps, Áskeli Sigurjónssyni, en hann skrifaði undir 27. júní 1950. Fyrir framan undirskriftir þeirra stendur að landamerkjaskráin hafi verið gerð að beiðni þessara tveggja hreppa sem eigi afréttarlandið. Þar stendur einnig að allir þeir sem eigi lönd eða hafi umráð fyrir landi umhverfis Þeistareykjaafrétt hafi samþykkt landamerkjabréfið.

Tekið skal fram að Múlaklerkur skrifaði, vegna Þeistareykjalands, undir landamerkjabréf Áss, Garðs, Víkingavatns, Fjalla, Skarða, Grímsstaða og Reykjahlíðar og umboðsmaður Múla skrifaði undir landamerkjabréf Stóru- og Litlureykja og Holtakots vegna Þeistareykja.

Mörkum Garðs (þ.e. Miklagarðs, Austurgarða, Þórólfsstaða og Bakkakots) að sunnan (móti Þeistareykjalandi) er lýst svo í landamerkjaskrá frá 6. október 1883, sem þinglesin var 26. maí 1887.<sup>333</sup>

úr Sauðklett fremra vestur í Eyólfshæð, þaðan réttisýnis vestur í suðri enda Lönguhlíðar.

B(enedikt) Kristjánsson umboðsmaður Þeistareykjalands skrifaði undir þetta bréf.

Mörkum Víkingavatns að framan (sunnan), móti Þeistareykjum, er lýst svo í lýsingu 16. maí 1885, sem þinglesin var 8. júní 1889.<sup>334</sup>

Úr fremri Lönguhlíðar enda réttlínis í Rauðhól.

Múlaprestur skrifar undir bréfið með þessum orðum:

Að því er snertir landamerkjalínuna frá fremri enda Lönguhlíðar til Rauðhóls er eg sem umboðsmaður Þeistareykjalands samþykkur ofan ritaðri landamerkjaskrá Múla, 14. Sept. 1887, B. Kristjánsson prestur að Múla.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir árið 1712, að Þeistareykir, 20 hndr. að dýrleika, séu nú í eyði og næstliðið ár. Landskuldin 1 hndr. meðan byggt var og svo að fornu. Útígangur góður meðan niðri náí, hestaganga í betra lagi. Grasatekja sæmíleg, brúkast af ýmsum í leyfisleysi, hvannatekja lítil. Húsavíkur-

<sup>333</sup> Skjal nr. 2 (1).

<sup>334</sup> Skjal nr. 2 (48).

prestur noti jörðina nú til slægna, en leigugjald ekki ákveðið. Flestum þyki líklegt að þessi jörð muni ekki aftur byggjast, helst þar sem hún liggja frammi á eyðifjalli.<sup>335</sup>

Þá segir Jarðabók Árna og Páls í lýsingu Reykja í Reykjahverfi að munnmæli séu, að jörðin eigi ítak, 5 hundraða land í Mælifellshögum milli tveggja jarða, sem liggja í fjöllum vestur af Reykjaheiði. Enginn vissi að jörðin hafi ítakið brúkað eða þess notið.<sup>336</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Þeistareyki:

Theistareykir, með Mælifellshögum sem selland staðarins Múla, eyðijörð, áður talin 20 hndr.; er nú brúkuð fyrir afrjett handa sauðfje og hrossum; graslendi er þar heimum sig á fyrrverandi túni og eingjum, víðlendi mikið af móum og hrauni, en þegar á alt er litið, er landið yfirgrifsmikið, og víða gott hagkvæmi fyrir sauðfje; í landi jarðar þessarar eru brennusteins námur, er nú sem stendur eru arðlausar. Land þetta ályttst að framfleyta um sumar tíma af gjeldpeningi 2000; og 6 hrossum; Okostir: miklar gjáhættur og vatnsleysi í öllu landinu; mun því hæfilegur ávögstur jarðar þessarar 16 r.<sup>337</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að Þeistareykjanámur, sem eru brennisteinsnámur, séu í eigu kirkjujarðasjóðs. Námurnar liggja í landi Þeistareykja, vestan undir Námufjalli.<sup>338</sup>

Í landskiptagerð Fjalla og Auðbjargarstaða árið 1980 er tekið fram, að landamerki við Þeistareyki séu ágreiningslaus.<sup>339</sup>

Ólafur Jónsson rekur sögu býlis á Þeistareykjum í ritinu *Ódáðahraun* og minnst jafnframt á Mælifell. Vitnar hann þar til Íslenzks fornbréfasafns og Bréfabókar Guðbrands Þorlákssonar og telur hiklaust mega álykta, að búið hafi verið á Þeistareykjum á síðari hluta 16. aldar, auk eldri byggðar. Einnig víkur hann að dómi frá árinu 1645 um aðtekt á fé ekkjunnar á Þeistareykjum.<sup>340</sup> Þá vitnar hann til ferðar Ole Henschels um Þingeyjarsýslu árið 1775, sem prentuð er í Ferðabók Ólafs Olavíusar. Í síðari útgáfu Ferðabókarinnar segir:

Fyrrum var búið á Þeistareykjum, og enn standa leifar af bænum, sem bóndinn á Laxamýri, er heyjar þarna, notar fyrir heyllöðu.<sup>341</sup>

Telur Ólafur líklegt, að búið hafi verið á Þeistareykjum einhvern tíma milli 1712 og 1775, því að ósennilegt væri, að bæjarhús hefðu ekki verið fallin, ef býlið hefði staðið í eyði frá 1710. Telur hann enga byggð hafa verið þar frá 1775 og til 1868, þegar byggð hófst þar að nýju og stóð til ársins 1873.<sup>342</sup> Einnig getur Ólafur

<sup>335</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 211-212.

<sup>336</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 246.

<sup>337</sup> Skjal nr. 2 (80) a-b.

<sup>338</sup> Skjal nr. 2 (84).

<sup>339</sup> Skjal nr. 5 (3).

<sup>340</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun* III, bls. 158-160.

<sup>341</sup> Ólafur Olavíus: *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777* II, bls. 286.

<sup>342</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun* III, bls. 162-163.

nokkurra þjóðsagna tengdum Þeistareykjum. Hið eina í þeim, sem getur álitist marktækt, er að nafngreindur maður hafi farið á Þeistareyki um vetur til þess að vitja hrossa, sem Reykdælir, Reykhverfingar og Húsvíkingar hafi látið ganga þar fram eftir vetrum. Þetta ætti að hafa gerst á 19. öld.<sup>343</sup>

Um Þeistareyki segir Jón Sigurðsson í Yztafelli:

Þeirra getur fyrst 1318. Þá getur þar einnig byggðar 1394, og er þó stopul talin. Vitað er þar um byggð 1550, því þá á Hólastóll þar 4 kúgildi. Árið 1688 býr þar Bessi nokkur. Í auðn er þar bæði 1703 og 1712 og þó í byggð þess á milli. Eftir það vita menn þar eigi til byggðar á 18. öld, og með vissu hafði þar verið auðn um langan aldur, en Sigurður hinn sterki, faðir Karls á Knútsstöðum, reisti þar bæ 1868. Þar bjó hann þrjú ár. ... Eftir hann bjó á Þeistareykjum Gísli hinn stóri, sonur Skáld-Gísla í Skörðum, og bjó hann þar einnig þrjú ár, og hefur eigi verið byggð þar síðan.<sup>344</sup>

Jón segir einnig, að grasafólk hafi legið þar löngum við á vorum, en rjúpnamenn á haustum.

Eftirfarandi er um Mælifell í bókinni *Suður-Þingeyjarsýsla*:

Það var önnur eign Múla [önnur en Þeistareykir] þar austur á heiðinni. Mælifell nefnist einstakt fell, nokkuð hátt, en lítið að ummáli, um 5 km norðaustur frá Þeistareykjum. Milli Mælifells og Lambafjalla eru ærnir hagar, sem nefnast Mælifellshagar. Hagarnir teygjast bæði norður og suður vestan við fellid. Vestur frá fellinu eru vallgrónar tættur, sem nefnast nú Reykjasel.

... Varla verður Mælifell staðsett annarsstaðar en þar, sem nú er nefnt Reykjasel. Þar eru enn nógir sauðhagar, þótt eyðisandar séu í kring og hamraklungur Lambafjalla. Vel gætu engjar hafa blásið. Þarna er eitt af þeim fáu öruggu vatnsbólum, er finnast þar eystra. ÁM telur munnmæli, að Reykir í Reykjahverfi eigi selland í Mælifellshögum, og lifði sú sögn Reykjamanna fram á þessa öld. Sennilega hefur hér verið fornbylið Mælifell, sem farið hefur í eyði snemma á öldum. En eftir siðbót hafa Reykjamenn fengið sér selstöðu hjá Múlaklerkum. Mælifellshagar eru nú taldir til Þeistareykjalands.<sup>345</sup>

## 5.15 Ás og Ásheiði

Ás var jörð landnámsmannsins Önundar Blæingssonar að sögn Landnámu. Sama rit segir Galta Grísson, sonarson landnámsmannsins Ljóts óþvegin, hafa búið í Ási.<sup>346</sup>

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar sem eru frá 1318 stendur að:

- Kyrkia j Ase ä þridiung j heimalande.<sup>347</sup>

<sup>343</sup> Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun* III, bls. 167-169. *Gríma hin nýja* IV, bls. 380-382.

<sup>344</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 327.

<sup>345</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 327-328.

<sup>346</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 282.

<sup>347</sup> Skjal nr. 2 (176).

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394<sup>348</sup> og Ólafs Rögnvaldssonar sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510).<sup>349</sup>

Vitnisburður sex manna um reka- og landamerki milli Áss og Kelduness er frá 28. júní 1494. Þar kemur fram:

ad kiellduess skylldi eiga sionhending vr mel þeim er vt er fra fliotzdalzarde og helldur vestann. og vpp j Midhoolz hws. Og vt vr melnvm Riettsyni j sio. Enn j millvm skoga landzmerkis og Ass kirkiv Reka. Riettsyni vr sio nyagardur. er nv erv kalladar þufur. j Jökulza. vid Jlijfsfialle.<sup>350</sup>

Kaupahlutinn í Ási, Tóveggur og Hagi á Árskógsströnd voru seldir fyrir kaupahlutann í Grýtubakka, Hlíðskóga (Hléskóga) og Hringsdal, 14. júlí 1531.<sup>351</sup>

Ólafur Hjaltason biskup fékk Vigfúsi Þorsteinssyni til eignar kirkjuhlutann í Ási, 20 hundruð, 5. september 1553.<sup>352</sup>

Samkvæmt máldagabók Guðbrands Þorlákssonar biskups sömdu þeir Vigfús Þorsteinsson árið 1590, um að kirkjan héldi sínum hlut í Ási. Í máldaganum stendur einnig:

... I fyrstu var það giorningur I mille B. Fusa og Biskups, ad kirkian I Ase skal eiga oll þau ornamenta, bækur og skruda, sem hun aatti þa herra Olaafur tók Reikning, það var anno 1553 vtan þar vantar kaleik lýtinn, Enn su kirkiu böt sem giord hafði verid I þann týma, og það annad sem þa var Reiknad og vera aatti allt fyrer 20 hndr., það skylldi allt standa, og vera fyrer þann gamla Reikning sem fallid hafdi Inn til þess ärs, 1553, Enn það kaup sem herra Olaafur hafdi sellt fusa bonda þridiung I heima landi, Sem kirkian I ase aatt hefur ad alldodli og herra Olaafur hafdi Sellt fyrir 20 hndr., það tók biskup aptur og bonden Vigfus lagdi það kaup og það bref I biskups hönd, so kirkian I Ase skal eiga þridiung I heima [Strikað yfir, husa] landj, so sem hun aatt hefur, Enn fyrer það sem fallid hefur I portio fraa Anno 1553 Inn til Annum 1590, sem er I 37 aar, þa gallt bondin Fuse 6 malnýtu kugl. [6 maln. kugl, endurtekið og yfirstrikað] og 4 gielldfiar hundrad Sem nu hiedan I fraa skal vera eign Askirkiu, og standa fyrir presti og biskuþe, eru nu auk þau ornamenta sem fyrr voru gollidinn. ...<sup>353</sup>

Séra Þorsteinn Illugason prófastur í Múla bréfaði vitnisburð um landamerki Áss og Kelduness 4. ágúst 1620 að bön Guðbrands biskups Þorlákssonar. Hann skýrir frá því að þá hann fékk umboð Hólastóls í norðurumboði hafí elstu menn, sem þá voru í Kelduhverfi, lýst fyrir honum eftirfarandi landamerkjum milli Áss og Kelduness:

<sup>348</sup> Skjal nr. 2 (188).

<sup>349</sup> Skjal nr. 2 (200).

<sup>350</sup> Skjal nr. 2 (206).

<sup>351</sup> Skjal nr. 2 (213).

<sup>352</sup> Skjal nr. 2 (220).

<sup>353</sup> Skjal nr. 2 (127) a-b.

... fyrst vr þeyrrj þufu Sem Hvalbein stendur J vid sioinn og Reka mark er A millumm Ass og Kiellduness þadann Riett Sýnis J Fliots dalz gard, og aftvr Sion Hending J Reyk J Holz Husvmm.<sup>354</sup>

Þorlákur biskup Skúlason kallaði saman sex menn þann 4. september 1631 að Garði í Kelduhverfi til að bera hið sannasta sem þeir höfðu heyrt af elstu mönnum um landamerki milli Áss og Kelduness. Með opnu bréfi sínu vottuðu þeir að landamerki milli téðra jarða hefðu:

... verid Halldinn fyrst ur þeirj þufu Sem Hvalbein stendvr J vid Sioinn, & reka mark er A millvmm Ass og Kielldvness, þadann Riettsýnis J fliotsdalz gard, og afttur Sion Hending J Reyk J Holz Husumm ...<sup>355</sup>

Jafnframt sögðust þeir hafa heyrt það bréf sem Björn Jónsson las upp á Keldunesþingi um árið í umboði Jóns Sigurðssonar og lögfesti með því Ásland en það hafi verið samhljóða þeirra vitnisburði. Þeir segjast enn fremur hafa gefið út samskonar vitnisburð um sama efni fyrir nokkrum árum að beiðni Guðbrands biskups Þorlákssonar. Sumir þeirra, sem stóðu að þeim vitnisburði, séu nú látnir en á sínum tíma höfðu þeir borið um það sem þeir vissu um landamerkin í 20 ár eða lengur.<sup>356</sup>

Í máldögum og eignaskrá Áskirkju kemur ekkert fram um landamerki. Um Ás segir svo í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín:

Úthagarnir mikið víðlendir og góðir til fjallsins, en lakir heim um sig, og verður því að brúka selför á Svinadal, sem er fjórðungur þingmannaleiðar áleiðis.<sup>357</sup>

Jarðabókin nefnir fimm eyðiból í landi Áss: Geithús, Hvammssel, Rauðhólasel, Svinadalssel og Fornasel og um þau sagt:

Ekkert þessra eyðibóla hefur byggt verið í manna minni nema Svinadalssel, það var seinast byggt fyrir vel 60 árum. ...

Aftur má hjer byggja, ef fólk til fengist, samt er staðnum mein að því, þó það sje í fjarska, því hingað er brúkuð selför jafnlega.<sup>358</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723-febrúar 1724 er minnst á eignir Áskirkju:

V<sup>o</sup> Ass Kýrkia i Kielldu Hverfe.

<sup>354</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b. Þorsteinn Illugason fékk Norðurumboð 23. apríl 1592, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 V*, bls. 211.

<sup>355</sup> Skjal nr. 2 (55) a-b.

<sup>356</sup> Umræddur Jón Sigurðsson er án efa sýslumaður í Húnavatnssýslu og klausturhaldari að Reynistað með sama nafni og umræddur Björn Jónsson hinn eini sanni annálaritari að Skarðsá en hann var í þjónustu Jóns uppeldisbróður síns um skeið, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár I*, bls. 224 og III, bls. 257-258.

<sup>357</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 299.

<sup>358</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 301.

Kýrkiann á þrydiung i Heimalande, Hitt allt tilheirer Systumannenumm  
Biarna Peturssýne Enn Jördenn öll er 60 hndr. ...

Kyrkiann á reka, skóg, afriett, grasa land, Hvannstód, lytenn fiállhrapa,  
Selstödu, alfta veide (enn af) Sel veide (enn af) af öllu þessu hefur kyrkiann  
eckert af 0

Hun á og itök [yfirstrikað: effter] og af deilldenn lands part, Sem maldagar  
Syna og nu eru vid kyrkiuna, enn þar af hefur hun eckert gagn ...<sup>359</sup>

Við prófastsvísitasíu 1750 reyndust engin skjöl kirkjunnar í höndum ábúanda  
Áss en vísað til eignarmanns.<sup>360</sup>

Lögfesta fyrir Ási frá 16. apríl 1663 var lesin upp á manntalsþingi að  
Keldunesi 14. júní 1843. Inntaks lögfestunnar er ekki getið.<sup>361</sup>

Í landaþrætumáli milli Þórunnarsels og Nýjabæjar að Keldunesi 28. júní 1834  
voru lagðar fram nokkrar lögfestur Áss í Kelduhverfi:

Jón Kolbeinsson lögfesti eign Jóns Vigfússonar, jörðina Ás í Kelduhverfi.<sup>362</sup>  
Lögfestan var lesin upp að Áskirkju 15. apríl 1663. Sjálfur lögfesti Jón Vigfússon jörð  
sína Ás í Öxarfirði.<sup>363</sup> Lögfestan var lesin upp 22. apríl 1680. Á manntalsþingi 13.  
apríl 1703 í Keldunesi lögfesti Magnús Einarsson jörðina Keldunes.<sup>364</sup> Í þessum  
lögfestum er ekkert getið um suðurmörk Áslands.

Benedikt Þorsteinsson, varalögmaður og sýslumaður lögfesti jörðina Ás m.a. á  
manntalsþingi í Keldunesi 6. maí 1719. Inntaks er ekki getið.<sup>365</sup>

Jón Jónsson lögfesti eignarjörð sína Ás og hjáleigur hennar; Bakka,  
Þórunnarsel og Byrgissel, sem tilheyrðu syni hans og alnafna, ásamt Byrgi sem  
tilheyrði honum. Að upptöldum hefðbundnum formála lögfestir hann jörðina með  
eftirfarandi hætti:

En landamerkin, sem Ás kyrkju máldagar og önnur forn og ný skjöl útvísa,  
eru þessi eptirfylgjandi: Ad utan og vestan í Hvalbein hid forna, er stendur  
vid sjó, þadan til sudurs í þúfuna vid Bröndukíl og Brandkolluþjörn þadan skal  
stefna vestan vid Fljótsdalsgard (sem nú er þufnarönd) á reik í Hólshúsum allt  
sudur vestanverdt vid Randasel, þadan rétta stefnu í Meidavallahamar úr  
honum rétt til vesturs í þann austari Sandklett þadan í Hrutafjöll og austur í

<sup>359</sup> Skjal nr. 2 (237) a-b.

<sup>360</sup> Skjal nr. 2 (170) a-b.

<sup>361</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.122).

<sup>362</sup> Skjal nr. 2 (71) a-b. Áteiknun er um að lögfestan hafi verið lesin upp fyrir aukarétti að Keldunesi 28. júní 1834.

<sup>363</sup> Skjal nr. 2 (71) a-b. Áteiknun er um að þessi rauðgula lögfesta hafi verið lesin upp fyrir aukarétti að Keldunesi 28. júní 1834.

<sup>364</sup> Skjal nr. 2 (245) a-b.

<sup>365</sup> British Library Add 11096. Dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724, bl. 170v-171r. Útdráttur í skjali nr. 2.

eilífshnjúk og svo beint austur í Jökulsá. og rædur hún svo landi að austan til sjáfar úr. Med sama skilordi lögfesti eg eignir kyrkjunnar og Itök að Ási ...<sup>366</sup>

Lögfestan, sem gilda skyldi í ár, var lesin fyrir manntalsþingsrétti að Ási 25. júní 1789 og bannaði Jón öllum að nýta sér ofangreint land án leyfis síns eða sonar síns. Lögfestan var lesin aftur upp fyrir manntalsþingsrétti 20. júní 1792 og átaldi hana enginn þá. Aftur var hún lesin upp fyrir manntalsþingsrétti 12. júlí 1799 en þá mótmælti henni séra Vigfús Björnsson, eigandi Kelduness, að því leyti sem hann taldi hana ganga of mikið upp á Keldunesland án þess að hann gæti skilgreint það nánar.<sup>367</sup>

Á manntalsþingi í Keldunesi 20. júní 1792 var lesin upp lögfesta fyrir Ási. Inntak lögfestu kemur ekki fram.<sup>368</sup>

Þann 12. júlí 1799 á manntalsþingi að Keldunesi voru lesnar upp lögfestur fyrir Ási og Keldunesi og mótmælt af umráðendum beggja jarðanna.<sup>369</sup>

Þorbergur Jónsson hreppstjóri lagði fram, á manntalsþingi í Keldunesi 10. júlí 1804, skriflega beiðni til sýslumanns um að taka vitnisburð þingsóknarmanna um nokkur atriði varðandi ásigkomulag jarðarinnar Áss. Umrætt skjal hefur ekki varðveist en af vitnisburðum þingsóknarmanna má að hluta til sjá um hvað var spurt:

Hér uppá svara þýngmenn til Ita Pósts: Nei, þeir vite ecki að Ási tilheýre neirn Úteingja Heýskapur, nema sokalladur Vögumýrar, lángt frá liggjande, blautar og nú graslausar ordnar. ... Til 3ia Svara Já. Til 4da svara eirnenn Já, að allar þær hjáleigur, sem Jördinni Ási tilheyrdur sjeu nú seldar og burtu feingnar, og ordnar [upphaflega skrifað: ordenn, en leiðrétt ofan línu] annarra Egindómur.<sup>370</sup>

Að beiðni J. Salomonssonar eiganda Áss var lesin upp lögfesta fyrir nefndri jörðu og kirkjuítökum þar á manntalsþingi í Keldunesi 4. júlí 1810.<sup>371</sup>

Á manntalsþingi í Keldunesi 23. júní 1828 var lesin upp lögfesta Hallgríms eiganda Áss fyrir jörð hans og þar fyrrverandi kirkjuítökum. Inntak lögfestu er ekki getið.<sup>372</sup>

Deilur voru um Fagranes í Mývatnssveit á árunum 1832 - 1833. Einar Jónsson frá Reykjahlíð bar fyrir rétti 14. júní 1833 að Bjarni fyrrum bóndi á Grímsstöðum hefði aldrei þurft að kaupa hestagöngu á svokölluðum Austurfjöllum af föður sínum (í Reykjahlíð) því að hann hefði leigt hana af Jóni Jónssyni í Ási.<sup>373</sup> Nánar er fjallað um þetta deilumál í kaflanum um Reykjahlíð í máli nr. 1/2007.<sup>374</sup>

<sup>366</sup> Skjal nr. 2 (71) a-b. Áteiknun er um að lögfestan hafi verið lesin upp fyrir aukarétti að Keldunesi 28. júní 1834. Ummælin innan svigans um að gat hafi verið í frumritinu eru frá 1834 er landaþrætumál Þórunnarsels og Nýjabæjar var í hámei en lögfestan var meðal málsskjala.

<sup>367</sup> Skjal nr. 2 (71) a-b.

<sup>368</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.26).

<sup>369</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.32).

<sup>370</sup> Skjal nr. 2 (249) a-b.

<sup>371</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.47).

<sup>372</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.58).

<sup>373</sup> Skjal nr. 2 (257) a-b.

<sup>374</sup> Skjöl nr. 2 (255) a-b og nr. 2 (257) a-b.

Landamerkjabréf Áss og Svínadals í Kelduhverfi var útbúið 1. maí 1889. Því var þinglýst 24. júní 1890:

Eftir löggildandi landamerkjabrefi fyrir jörðunni Ási í Kelduhverfi og afbýlisjörð hennar Svínadal og eftir því sem kunnugir menn helzt til vita, eru þessi landamerki áður nefndrar jarðar:

Ás á land allt að utan og austan frá syðri enda á Svartbaksskeri við Jökulsá og með henni fram í Dettifoss, og þaðan beint vestur í Eilífshnjúk, og þaðan beint vestur á Gangnamannaskarð (hið syðra) í Hrútafjöllum, og þaðan þvert í vestur þangað til bein stefna fæst úti Búnguveggi (rétt horn) og úr Búnguveggjum beina línu úti Eyólfshæð austur í Kerlingarhól, og svo austur í Merkiþúfu og Arndísarhóla og alla leið á Meiðavallahamar við Byrgisbotn; síðan ráða Byrgisbjörg landamerkjum á millum jarðanna Áss og Byrgis það sem Björgin taka. En þaðan sem björgin enda, á Ás beina línu í Hólснаfir og land allt þar fyrir utan að Keldunesslandi útyfir Stóra og út yfir svonefndann Randarselskíl, í vörðu þá á kílbakkanum, sem er merkivarða millum Kelduness og Þórunnarsels landa. Þaðan utanað kílnum beina línu til suðausturs í syðri enda Svartbakaskers.

...

Ennfremur átta hesta göngu á Mývatnsfjöllum.<sup>375</sup>

E. Gottskálksson skrifaði undir landamerkjabréfið en hann var umboðsmaður eigenda Áss, þeirra Jóns Bjarnasonar í Laxárdal og Helgu Jónsdóttur að Syðralóni. Landamerkjabréfið var samþykkt af: B. Kristjánssyni, en hann var umboðsmaður Þeistareykja; Á. Bjarnasyni, umboðsmanni Vilborgar Þórarinsdóttur í Kílakoti eiganda 3/8 hluta úr Þórunnarseli; Þórði Flóventssyni, en hann samþykkti fyrir sig og stjúpdóttur sína Sigríði Bjarnadóttur en bæði áttu þau 3/8 hluta úr Þórunnarseli; S. Gunnlaugssyni, eiganda fjórðungs úr Þórunnarseli; Sigurgeiri Péturssyni, ábúanda og eiganda Reykjahlíðar; Indriða Ísakssyni, en hann samþykkti sem eigandi Kelduness og sem umboðsmaður Sigurbjörns Friðrikssonar á Sjóarlandi Hólseiganda, og S. Gunnlaugssyni, eiganda Meiðavalla sem samþykkti fyrir sig og móður sína (sami maður og eigandi fjórðungs Þórunnarsels).

Landamerkjasamningur milli jarðanna Áss og Svínadals var útbúinn þann 27. ágúst 1887. Hann var þinglesinn 28. júní 1911:

Við undirskrifaðir umboðsmenn eigenda jarðanna Áss og Svínadals í Kelduhverfi höfum komið okkur saman um það, að hin réttu landamerki milli nefndra jarða skuli vera þessi:

1. Frá Dettifossi að framan og austan, beina stefnu til vesturs í Eilífshnúk.
2. Frá Eilífshnúk til norðurs í Lönguhlíð og ræður hlíðin merkjum út á móts við syðsta og vestasta hornið á Langavatnshöfða.

<sup>375</sup> Skjal nr. 2 (3) a-b.



3. Úr „Langavatnshöfða“ í fult austur til „Jökulsár“ sem ræður merkjum fram að Dettifossi.

(Í sambandi við þessi landamerki höfum við og gert þann óafturkallanlega samning að Ás hafi það ítak í Svínadalshöfðum frítt engi til árlegra skagna er svarar 20 hestum vel ílögðum af þurrabandi þar í enginu er ábúendum kemur haganlegast í hvert skifti. Auk þess skulu ábúendur Áss mega hafa fría og óátalda göngu fyrir hross þeirra í Svínadalshöfðum haust og vor þegar þeir vilja og þörf krefur).<sup>376</sup>

E. Gottskálksson, umboðsmaður Jóns Björnssonar í Laxárdal, og Fr. Guðmundsson, umboðsmaður Helgu Jónsdóttur að Syðralóni, skrifuðu undir bréfið.

Á spássiunni við yfirstrikaða textann kemur fram að ítakinu hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20. 5. '53 og sé því niður fallið. J. Skaptason skrifar undir þetta.

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er Ás sjálfseignarkirkjujörð sem er að hálfu leyti í eigu ábúenda. Ásamt hjáleigum er jörðin sögð 30 hundruð. Hún hefur kjarrskóg sem nýttist bæði eigendum jarðarinnar og öðrum nokkuð sem skilar jörðinni um einum ríkisdal í tekjur árlega. Góður útingangur er á jörðinni.<sup>377</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Ás. Þar kemur fram:

Ás með hjáleigunni Svínadal, bóndaeign hingaðtil talin 20 hndr. ... landrými mikið og landkostir góðir, vetrararbeit eins; kolaskógur mikill og afréttarland að því skapi, líka nokkur grasatekja. ... Ókostir: ... skógurinn að gánga til þurðar og ullartjón mikið af honum; afréttarlandið verður ábúanda að litlum notum nema til egin brúkunar, ... – Hjáleigunnar tún er lítið, ... landrými og haglendi fyrir allar skepnur afbragðs gott; eingi víðlendt en fremur graslítið; nægur skógur til heimilis brúkunar; afrétt um fram heimilis þarfir. Ókostir: gripahættur talsverðar haust og vor; ... Hjáleigan er liggur mjög til fjalla, er sérlagi undirorpum megnum áfellum að sumarlagi í bágum árum. - ...<sup>378</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1916-1918 er Ás vestanvert við Jökulsá, skammt frá Jökulsárbrú. Hin þinglesna landamerkjalyásing er þar tekin upp, þar á meðal hrossagangan á Mývatnsfjöllum. Ekki er um orðréttu samsvörun að ræða, t.d. er talað um Bringuveggi í staðinn fyrir Bunguveggi o.fl. en merkjalýsingin er í raun hin sama og er því ekki tekin upp.

Í matinu kemur einnig fram að jörðin eigi mikið og gott heiðarland, er það móaland. Í heimalandi er mikill skógur. Landið er óskipt milli Áss og Svínadals sem er talinn 1/3 hluti úr Ási. Jörðin á tiltölu til fossa í Jökulsá, sem ekki er tekið tillit til við matið. Fyrir upprekstur fást árl. kr. 10.00. Einnig er í matinu minnst á að land og

<sup>376</sup> Skjal nr. 2 (4) a-b.

<sup>377</sup> Skjal nr. 2 (73).

<sup>378</sup> Skjal nr. 2 (78) a-b.

engi hafi mjög eyðilagst af sandfoki í svonefndum Ásteigjum. Eigandi jarðarinnar er fyrrv. sýslumaður Einar Benediktsson í Reykjavík.<sup>379</sup>

Ýmsar breytingar urðu á eignarhaldi Áss á 20. öld. Jörðin komst í eigu Einars Benediktssonar skálds árið 1907. Landspilda við Jökulsá og vatnsafl var selt hf. Gigant 14. desember 1908 og jörðin seld Kelduneshreppi af umboðsmanni Einars Benediktssonar 12. júní 1924.<sup>380</sup>

Árið 1938 var heimaland Áss suður að Rauðhólum selt ábúendum, en allt land þar sunnan við og vestan línu úr Ásbyrgisbotni í Rauðhóla tekið frá jörðinni og var í lok 6. tugar 20. aldar „afréttur“ sem Kelduneshreppur var eigandi að.<sup>381</sup>

Mörkum heimalands Áss, sem selt var árið 1938, móti heiðinni er þannig lýst í afsalsbréfi:

Úr syðri enda Svartbakaskers í Jökulsá, með henni suður á Dagmálahlíðarhorn, þaðan beint í hæsta Rauðhól, þaðan beina stefnu í Botnslæk í Ásbyrgi, þaðan með björgum Ásbyrgis að austan sem björgin taka, þá nyrst úr björgunum beina línu í Hólsnafir, ...

Í bréfinu er tekið fram, að afréttarlandið sé undanskilið sölu.<sup>382</sup>

Hreppsnefnd Kelduneshrepps afsalaði Náttúruverndarráði spildu úr „afréttarlandi hreppsins“, sem áður tilheyrði Ási, 17. mars 1973, til þess að verða hluti af Þjóðgarði. Mörkum landsins að sunnan og vestan er lýst svo:

Að sunnan. Landamerki eins og þau eru tilgreind í landamerkjabréfi frá 27. ágúst 1887, þinglýst 28. júní 1911.

Að vestan. Bein lína úr norðvesturhorni Svinadalsslands, sbr. ofanritað, í Botnslæk í Ásbyrgi.<sup>383</sup>

Kelduneshreppur og Landgræðsla ríkisins gerðu með sér samning 18. október 1991 um að hreppurinn léti endurgjaldslaust land úr syðsta hluta Ásheiðar (afréttarlandi Kelduneshrepps) til landgræðslu. Mörkum er lýst þannig:

Land þetta afmarkast af landi Svinadalss að austan (Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum), hreppamörkum Kelduneshrepps að sunnan, (sýslumörk Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu), nýlegu hrauni vestan Hrótafjalla að vestan og væntanlegri girðingu að norðan. Um nánari stærð og afmörkun landsins vísast til uppdráttar sem fylgja skal samningi þessum og vera hluti af honum.<sup>384</sup>

Síðar segir, að landið verði afhent eiganda, þegar landið yrði svo vel gróið, að eigi væri nauðsyn á frekari aðgerðum af hendi Landgræðslunnar.

<sup>379</sup> Skjal nr. 2 (82).

<sup>380</sup> Skjöl nr. 4 (35-37), nr. 7 (1), nr. 7 (2) og 50 (3).

<sup>381</sup> *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, bls. 53. Sbr. skjal nr. 4 (36 og 37).

<sup>382</sup> Skjal nr. 7 (3).

<sup>383</sup> Skjal nr. 7 (4).

<sup>384</sup> Skjal nr. 50 (7).

## 5.16 Afréttir og afréttarnot

### 5.16.1 Almennt

Ekki verður séð af eldri heimildum, að í fyrrverandi Keldunes-, Húsavíkur (síðar Tjörnes-, Húsavíkur- og Reykjahreppum) og Helgastaðahreppum (síðar Reykdæla- og Aðaldalahreppum) hafi verið nokkrir „afréttir“ eða „almenningar“. Nokkrir kirkjustaðir áttu „afrétti“ eða afréttarítök, en utan þessa svæðis, svo sem Grenjaðarstaður og Helgastaðir í Náttfaravíkum og Einarstaðir á Framdölum.<sup>385</sup>

Bent skal á, að 23. apríl 1639 báðu prestarnir í Múla og á Grenjaðarstað, Jón Gissurarson, prófastur, og Guðmundur Bjarnason, dóms á Helgastaðáþingi, hvort þeir mættu ekki halda eftir lögum þeim rekum, „afréttum“ og ítökum, sem máldagar kirkna þeirra „útvísa, að þær eigi“ og forverar þeirra hefðu haft og haldið. Sýslumönnum virtist, að biskupinn yrði að vera þar við með próföstum, en vissu ekki réttara en þeir héldu því öllu, sem kirkjum þeirra heyrði til eftir máldögum og þeir mættu brúka og hagnýta sér allt:

huortt það erv afriettir eda annat<sup>386</sup>

Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð í Þingeyjarsýslu árið 1712, nýttu ýmsar jarðir í Aðaldal sér upprekstur í Hvammsheiði, sem er langt utan marka ágreiningssvæðis í máli þessu. Er eftirtektarvert, sem þar segir um jörðina Núpa:

Átroðningi mætir þessi jörð af lömbum og geldfje, sem ýmsir menn reka á Hvammsheiði, nokkrir í leyfi þeirra sem ítök eiga í heiðinni eður sjálfra bæjamannanna sem löndin leigja, og eru með rjettu búfjárhagar, og nokkrir í óleyfi, en ekki vita menn að þetta sje lögafrjettur.<sup>387</sup>

Annars er lítið vikið, að „afréttum“ í löndum jarða, nema í Ási í Kelduhverfi:

Upprekstur hefur þessi sveit brúkað stundum í Ásland inn til næstu 10 ára, og var venjuleg undirgift fjárins 5 álna virði af hvörjum manni og sumum minna sem fátt áttu. Ekki er þetta lögafrjett, heldur var þessi upprekstur með leyfi ábúandans.<sup>388</sup>

Þá er rétt að benda á eftirfarandi umsögn um Reyki í Reykjahverfi:

Munnmæli eru að jörðin eigi þessi ítök: ... v hndr. land í Mælifellshögum milli tveggja garða, sem liggur í fjöllunum vestur af *Reykjaheiði*. Þriðja v hndr. land í *Hvammsheiði*. Enginn veit (hér nálægur) að jörðin hafi þessi ítök brúkað eða þeirra notið.<sup>389</sup>

<sup>385</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 110, 178, 181.

<sup>386</sup> Skjal nr. 2 (241).

<sup>387</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 220.

<sup>388</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 301.

<sup>389</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 246.

Úttekt Múlastaðar árið 1724 segir eyðijörðina þeistareyki vera leigða til heyskapar og hestagöngu.<sup>390</sup>

Jarðamat 1804 getur ekki um afrétti á þessu svæði nema sagt er um Fjöll í Kelduhverfi:

78. Fiöll Holum forrige Bispestoels Jord 30 hndr. – med Öde Hialeien Fletir.

... For Afret betales til denne Jord aarl. 1 rd.<sup>391</sup>

Fjársamgöngur virðast hafa verið miklar milli Kelduhverfis og Tjörness og ágangur verið meiri á Keldhverfinga. Hins vegar voru Tjörnesingar óánægðir með að þurfa að gera fjallskil í Kelduhverfi:

Aðspurður um samgöngubætur greindi hreppstjóri m.a. frá því, á manntalsþingi á Keldunesi 7. júlí 1812, að fyrirhugað væri á þessu sumri að hlaða sauðrétt niður við Fjalla „afrétt“.<sup>392</sup>

Í skjalasafni Kelduneshrepps er að finna refasamning fyrir Norðursýslu frá 25. ágúst 1835 í ellefu greinum. Engar landfræðilegar upplýsingar er þar að finna heldur aðeins almennar reglur um grenjaleit í sýslunni. Í fyrstu grein samningsins segir m.a. að allir sem eigi fleiri en fimm sauðkindur, lömbum eldri, í fardögum hvers árs séu skyldugir til að framkvæma grenjaleit í landi sínu þann fyrsta bjarta, rúmhelga dag í sjöttu viku sumars og aftur í níundu viku sumars. Með í för skulu vera a.m.k. tveir nágrennar sem skuli sæta sektum neiti þeir að taka þátt í leitinni. Þessir þrír, eða menn á þeirra vegum, skuli leita sameiginlega í löndum hvers annars og gera það eins vel og hægt er eftir landslagi. Í víðlendari plássum skal viðkomandi hreppstjóri ákvarða fjölda leitarmanna eftir hentugleikum og kringumstæðum. Hver bóndi var einnig skyldugur í 11, viku sumars að vitja þeirra vanalegu grenja í landi hans sem ekki höfðu verið unnin vorið áður.

Í sjöttu grein sama samnings segir:

Sá jarðar ábúandi sem afréttartolla tekur edur taka ber, skal eiga valid, annad hvört ad kosta einsamall grenja vinning í afréttarlandinu, eda svara þridjúng afrettartolla sem verjast til grenjavinnínga kostnadarins það ár, sem greni er af öðrum unnid í afréttinni, hér af fylgir, ad vilji afréttarumrádandi betala grenja vinning í afrétt og hún er fjærliggjandi edur ei áföst heima landi hans ad hann skal þá kosta leitarmenn, og séu þeir ætid skyldastir til leitar sem afrettarland taka til leigu af honum, þó verdur í þessu tilliti ad fara eptir því, sem hingad til hefur vidtekin sidvenja og brúkun verid í hvörju plátsi og Sveit fyrir sig. Vilji leitarmenn ei móti sanngjörnum betalíng af honum fara í leitina á aqvednum tíma skulu þeir sektast med þeim i fyrsta § tilskipudu peníngaútlátum. Vilji Afréttarbóndi, sem afréttar tolla tekur ei halda leitina síálfur, heldur af standa þridjúng tollanna til annara móti því ad þeir leiti ad

<sup>390</sup> Skjal nr. 2 (100).

<sup>391</sup> Skjal nr. 2 (73).

<sup>392</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.49).

grenjum í Afrétt skal hreppstjóri vera fyrir leitinni, hvörí sinu umdæmi eptir 10do § hérað nedann.<sup>393</sup>

Samkvæmt boði setts sýslumanns skyldi afrit af samningnum liggja við hreppstjórnarembættin og skyldi hver hreppstjóri taka afrit af honum og skyldi hann sendast á milli hreppstjóra í Húsavíkur-, Kelduness- og Skinnastaðahreppum.

Íbúum Húsavíkurhrepps var uppáboðið á manntalsþingi á Húsavík 29. maí 1832:

sem afrétt brúka í sokölludum Fjalla Fjöllum, að draga hvörgi géldfé sitt úr Safninu annarstadar [annarstadar, ofan línu] í Lögregtinni sem er á Fjöllum í Kelduhverfi, nema þeir bevísi að nokkurntíma eða í Forntíd hafi Lögrétt verid brúkuð á Máná.<sup>394</sup>

Þá kvörtuðu bændur á Fjöllum, þeir Jón Gottskálksson og Ólafur Gottskálksson, bréflaga á manntalsþingi 23. maí 1837 yfir óheimilli afréttarnotkun Tjörnesinga.<sup>395</sup>

Á manntalsþingi á Húsavík 21. maí 1838 var rætt um upptöku lögréttar fyrir geldfé á haust í takmarkinu frá jörðunni Hringveri að Köldukvísl. Tjörnesingar vildu losna undan því að viðhalda Fjallarétt í Kelduhverfi og var þeim tjáð að það yrði ákveðið eftir þing í Keldunesi á yfirstandandi sumri.<sup>396</sup> Málið var tekið upp á manntalsþingi í Keldunesi 11. júlí 1838 og þingmönnum tilkynnt að íbúar Tjörneshrepps óskuðu að stofnsetja rétt fyrir haustfé sitt nálægt Köldukvísl fyrir vestan heiðina og hætta að gera fjallskil í Kelduhverfi. Ekkert var ákveðið í málinu en bændur kvörtuðu yfir ágangi í búfjárhögum sínum af geldfé úr Tjörneshreppi og töldu víst að sá ágangur mundi ekkert minnka þó að fjárréttirnar yrðu aðskildar.<sup>397</sup>

Ekki voru það fjallskilin ein, sem urðu að ágreiningi. Friðlýsingarbréf fyrir Víkingavatns- og Fjallaheiðum, frá þeim Grími og Birni Þórarinssonum og Ólafi Gottskálkssyni, var lesið á Keldunesþingi 16. júlí 1839 til þess að fyrirbyggja þar óleyfilega grasatekju frá Tjörneshreppi.<sup>398</sup>

Á árunum 1840-1841 varð allmikill málarekstur gegn bóndanum í Hringveri á Tjörnesi vegna geldfjársmölunar. Hafði hann látið smala búfjárhaga sína, en umsjónarmaður fjallgangna lagt á það ríka áherslu, að enginn mætti taka úr sínar kindur, heldur reka allt til rétta, nema afréttarkindur hefðu ílengst í kvíaám eigenda sinna, og látið ganga þar um seðil eða eins og segir í réttarskjali:

„Streingilega fyrirbydst einum og sérhvörjum að hlaupa á heidarland áður enn Gaungur ské til að tína úr sínar kindur enn afréttarfé alt, svovel það sem kynni að hafa tekið sér stödu saman við kvifé á bæum ef ekki tilheyrir því sama,

<sup>393</sup> Skjal nr. 2 (281) a-b.

<sup>394</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.62).

<sup>395</sup> Skjal nr. 2 (258).

<sup>396</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.76).

<sup>397</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.78).

<sup>398</sup> Sbr. skjal nr. (A.6.80).

heimili – sem og alt það fé er í gaungunum fyrirkémur skal vera komid til Fjallaréttar kvöld þess umtalada mánudags.“ Eirnin stendur þari sú skipan að gánga land alt nidur til Sjóar og taka alt afréttarfé er þeir fyndu.<sup>399</sup>

Dróttaði umsjónarmaðurinn að bóndanum, að hann hefði leynilega hlaupið á heiðar eða „afrétt“ og rekið afréttarfé heim til sín. Málið snerist síðan að nokkru leyti í annað mál, en ekki verður séð, að nokkur skýr mörk milli heiða/afrétta hafi verið dregin önnur en þau, hvar búsmala (kvíaám og kúm) var haldið á sumrum.<sup>400</sup>

Ólafur Gottskálksson á Fjöllum fór fyrir flokki tólf Keldhverfinga í bréfi til A. Þórðarsonar hreppstjóra dagsettu 24. febrúar 1843. Þar kvarta þeir yfir þeim eyðileggjandi ágangi sem þeir hafi þurft að þola undanfarin ár af geldpeningi sveitanna innan Reykjaheiðar. Um þetta mál er fjallað í kafla 5.14 um þeistareyki sem þá voru leigðir sem „afréttur“ og viðbrögð Múlaprests sem taldi kvörtuninni beint gegn sér.<sup>401</sup>

Vorið 1846 var haldinn lögregluréttur vegna gangnaóreglu Mánárbænda. Hafði Sigfús Sigurðsson, sem átti að stjórna göngum á Tjörnesi, kært bændurna. Bar annar bóndinn:

ad hann ásamt Magnúsi Gudmundssyni a Ketilssötum hefði á næstlidnu hausti verid af áklaganum Sigfúsi á Túngugerdi settr fyrir Fjár Gaungur frá Búrfellsá og norður ad Eingidal allt til hærstu Grjóta og ofan ad sjá, ... og vidkannast jafnframt ad þá hafi svo tiltalast milli sin og umgetins Magnúsar ad 3 af þeim tilteknu mönnum skyldu gánga ad utan frá Engidal og ad Mananni en hinir 5 eda 6 ad framan frá Burfellsá og utad Mana hvad og skedi.<sup>402</sup>

Varð síðar gerð sátt í málinu, en ekkert kemur þar fram um afréttir eða smölun á Tjörnesi.<sup>403</sup>

„Afréttarfríðlýsing“ Fjallabónða var lesin á manntalsþingi að Keldunesi 20. júní 1848, en inntak lýsingarinnar kom ekki fram og verður því ekkert ályktað um mörkin.<sup>404</sup>

Hið íslenska bókmenntafélag leitaði m.a. eftir upplýsingum um afrétti í spurningum sínum til presta vegna hinna fyrirhuguðu sýslu- og sóknalýsinga. Skúli Tómasson, prestur í Múla, svaraði þannig fyrir Múlasókn 31. ágúst 1839:

32. (*Afréttarlönd*.) Afréttarland frá Múla og sumum fleiri bæjum er brúkað norður á Þeistareykjum, sem liggur undir Múlakirkju, en réttir þaðan eru ekki hér í sókn og ber því öðrum að svara þar til.<sup>405</sup>

<sup>399</sup> Skjal nr. 2 (261).

<sup>400</sup> Skjöl nr. 2 (259) - nr. 2 (268).

<sup>401</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.147 a-c, A.6.148 a-b, A.6.149) og skjal nr. 2 (123).

<sup>402</sup> Skjal nr. 2 (272).

<sup>403</sup> Skjal nr. 2 (273).

<sup>404</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.126).

<sup>405</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 134.

Jón Jónsson á Grenjaðarstað sagði í lýsingu Grenjaðarstaðar 24. október 1843, að afréttur í Náttfaravíkum hafi öðru hverju verið notaður af formönnum prests, þó ætíð í mótþróa Staðarpresta,

er nú um mína tíð hefur rekið svo langt, að eg fyrir ofríki þeirra og burtrekstur á skepnum mínum hef mátt flýja með þær úr afréttinum og kaupa töluvert lakari afrétt á Reykjaheiði.<sup>406</sup>

En um afrétti Grenjaðarstaðar- og Þverársóknar hafði Jón prestur þessi orð.

32. *Afréttarlönd* eru Þeistareykjaland á Reykjaheiði og Hvammsheiði. Almenningar engir. Lögrétt er svokölluð Hraunsrétt í Hvömmum, nálægt bænum Hrauni.<sup>407</sup>

Þorgrímur Arnórsson prestur á Húsavík svaraði 21. janúar 1842:

32. Reykja- og Tunguheiði eru almennt brúkaðar sem *afréttarlönd*, sumir líka farnir að reka lömb sín fram á Hvammsheiði. – Almenningar eru ei hér og eru því lambatollar goldnir. – Geldfé af vesturhluta Reykjaheiðar og af Hvammsheiði er sundurdregið í Hraunsrétt en af austurparti Reykjaheiðar og af Tunguheiði er réttað í 22. viku sumars á Fjöllum í Kelduhverfi, hvar til að heyrir mikill hluti heiðarinnar.<sup>408</sup>

Svar séra Björns Halldórssonar í Garði í Kelduhverfi, 24. ágúst 1840, var á þessa leið:

32. Afréttarlönd eru bæði fá og lítil í Kelduhverfi (engir almenningar). Liggja þau helst undir tvær jarðir, nefnilega Fjöll, hvar fleiri sveitarbænda hafa upprekstur fyrir geldfé, og Þórunnarsel, hvar lambagöngur tíðkast á sumardag á svonefndum Flötum milli Jökulsár og Bakkahlaups. Að vísu er afréttarland Svínadal tilheyrandi fram til heiðar vestan við Jökulsá, en í sunnanvindum ráfar féð úr Svínadals áthögum fram um öll Mývatnsöræfi, sem taka þar við austur af byggð þess, er hina þrýtur; hvörs vegna fjárleit á haustdag er hér mjög torsókt og heimtur hinar verstu, einkum á lömbum; hvar af flýtur að svo fáir sem engir tíðka til lengdar fjárupprekstur í það land. Aðalfjárrett hér í sveit er svonefnd Fjallarétt, skammt austur frá Fjallatúni. ... Sækja til hennar bæði Tjörnesingar, sem eiga upprekstur á Tunguheiði vestan við Fjallafjöll, og svo Kelduhverfingar. Hinir fyrnefndu kaupa og afréttarland, eður not þess fyrir sauðfénað sinn, að Fjallaeiganda.<sup>409</sup>

Í jarðamati 1849-1850 segir um Kelduneshrepp<sup>410</sup>:

Landrými og landkosti má telja helztu hlunnindi sveitarinnar, einnig er hún vel sjálfbýrg með afréttarland ...

<sup>406</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 149.

<sup>407</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 154.

<sup>408</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 192.

<sup>409</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 216-217.

<sup>410</sup> Skjal nr. 2 (78).

Afréttarland var talið til kosta í Ási og hjáleigunni Svínadal, Víkingavatni og Fjöllum með hjáleigunni Auðbjargarstöðum.

Nr. 1 Ás með hjáleigunni Svínadal, bóndaeign hingaðtil talin 20 hndr. ... landrými mikið ... kolaskógur mikill og afréttarland að því skapi, ... Ókostir: ...; afréttarlandið verður ábúanda að litlum notum nema til egin brúkunar, ... – Hjáleigunnar tún er lítið, ... afrétt um fram heimilis þarfir.

Nr. 13 Víkingavatn með hjáleigunum Olafsgerði, Kílakoti og Sultum, bóndaeign nú 37 hndr. ... úthagi fyrir allar skepnum eins gripi sem sauðfenað ónógur, að undantekinni afrétt fyrir fullorðið fé.

Nr. 15 Fjöll með hjáleigunni Auðbjargarstöðum og eyðikotinu Flötum bóndaeign, nú 30 hndr. ... landrými mikið og landkostir í góðu meðallagi; afrétt og heimaland til aflögu. ... Ókostir: geldfjár-ágangur mikill, ...

Þá var kvartað undan ágangi afréttarpenings í Austurgarði, Garði (heiðarlandinu), Víkingavatni, Fjöllum og Bangastöðum.

Í Húsavíkurreppi var í jarðamatinu 1849-1850 talið til ókosta.<sup>411</sup>

Sömuleiðis er það athugandi við hrepp þennan, að hann á ekki nema aðeins litla tiltölu til afréttarlands, og auk þess eru búfjárhagar víða bæði litlir og uppblásnir í grjót, og hvergi skógarlendi neitt. -

Stóru-Reykjum var talið til ókosta:

og leikur efi á að jörð þessi eigi afréttarland fyrir geldfje sitt á sumrum, ...

Við Þverá í Reykjahverfi var minnst á „afrétt“ í Hvammsheiði. Skógum var talið til kosta:

... þessutan á jörð þessi afréttartiltölu til svokallaðrar Reykjaheiðar. ...

Um Skörð segir:

Afréttarland tilheyrir og jörðunni á Reykjaheiði sem kallast Grísatúngur, og álízt það land að vera nægilegt fyrir geldpening þann allann sem á henni verður framfluttur.

Í lýsingum jarðanna Syðri- og Ytri-Tungu, Hallbjarnarstaða og Sandhóla á Tjörnesi er talað um heiðarlönd, sem þremur fyrsttöldu eru talin til kosta, og Héðinshöfði á land til fjalls, en ekki er minnst á „afrétt“ í lýsingum jarða á Tjörnesi, nema á Máná:

Að undanteknum talsverðum reka, - ... verður jörðunni ekki talið annað til kosta en afréttarhagnaður til egin nota. ...

Um Helgastaðahrepp er sagt:

Afréttarland má telja nokkuð, er ymsum jörðum í sveitinni tilheyrir, þó ei sje henni einhlýtt með öllu ...<sup>412</sup>

<sup>411</sup> Skjal nr. 2 (79).

<sup>412</sup> Skjal nr. 2 (80) a-b.



Kasthvammur var sagður vel fær með „afrétt“ fyrir sig. og Þeistareykir með Mælifellshögum, sellandi Múla, eyðijörð

er nú brúkuð fyrir afrjett handa sauðfje og hrossum; graslendi er þar heimum sig á fyrrverandi túni og eingjum, víðlendi mikið af móum og hrauni, en þegar á alt er litið, er landið yfirgrifsmikið, og víða gott hagkvisti fyrir sauðfje; ... Land þetta ályttst að framfleyta um sumar tíma af gjeldpeningi 2000; og 6 hrossum.

Það má sjá af lögregluréttarþinghaldi 16. apríl 1849, að afréttarfé hefur verið rekið í land Þeistareykja og einnig „svokallaðan Presthvammsdal.“<sup>413</sup> Á manntalsþingi að Keldunesi 2. júní 1862 var Þeistareykjalandi (Testareykjalandi) friðlýst fyrir upprekstri geldfjár, trippa og nauta og hverjum öðrum óskunda.<sup>414</sup> Á manntalsþingi á Húsavík 4. júní 1870 var lesið forboð um að brúka Þeistareykjaland og Mælifellshaga m.m. „Var því kröptugasta máta mótmælt“ af bændum á Reykjum og Brekknakoti.<sup>415</sup>

Í bókinni *Göngur og réttir* er birt eftirfarandi skrá um gangnaskil búenda í Helgastaðahreppi árið 1882:

Skrá 1882 yfir afréttir og heimalönd, sem hreinsuð eru til Hraunsréttar:

1. Afrétt sveitarinnar er Þeistareykjaland og hefir sveitin ekki aðra afrétt, hvorki til notkunar né hreinsunar nema í samlögum við aðrar fjallskiladeildir. Þeistareykjaafrétt er skipt í þessar leitir.

a) Gjástykkisleit. Hún er austast í Þeistareykjalandi, takmörkuð að austan af Hrutafjöllum, að sunnan af Hágöngum og Mývetningaleitum, að vestan af Þeistareykjaleit (Þórunnarfjöllum) og að norðan af Kelduhverfislöndum. Í þessa leit þurfa sjö menn í fyrstu göngum og fjóra til sex í öðrum og þriðju.

b) Þeistareykjaleit. Hún takmarkast að austan af Gjástykkisleit, að sunnan af Gæsafjöllum, að vestan af Hólasandi og Lambafjöllum og að norðan af Kelduhverfisheiðum. Í þessa leit þurfa 20-22 í fyrstu göngum og 14-18 í öðrum og þriðju.

...

2. Heimalönd þau sem hreinsuð eru til Hraunsréttar af almenningi gegn því, að þau séu sveitinni frjáls sem lambaafrétt, eru öll heimalönd austan Laxár, þau er sveitinni tilheyra, nefnilega Hamars-, Hóla-, Kasthvamms-, Geitafells-, Langavatns-, Klambrasels- og Presthvamms-lönd, og að auki Grímsstaðaland við Mývatn í sameiningu við Mývetninga. Lönd þessi skiptast í þessar leitir:

a) Frambrúnaleit, eða Hamars-, Hóla-, Kasthvamms-, Geitafells- og Presthvamms-lönd. Sú leit hefst að ofan á takmörkum Hofstaða- og

<sup>413</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.116).

<sup>414</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.97).

<sup>415</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.101).

Hamarslanda, takmarkast að austan af Hólasandi, að vestan af Laxá og norðan af Þverárgili og Langavatni. Til hennar þurfa 7-9 menn í fyrstu göngum og 5-6 í öðrum. Þriðju hreinsun annast ábúendur jarðanna.

b) Útbrúnaleit, eða Geitafellsland austan árinna, Langavatns- og Klambraselslönd. Þessi leit hefir verið gerð í sameiningu við Tjörnesinga og til hennar lagt sem svarar 4-5 mönnum. Byrjuð út við Bótargil og gengin suður að Þverárgili og rekið þaðan niður á réttina.

c) Gæsafjallaleit eða Grímsstaðaland allt norður frá Sandvatni, ásamt Gæsafjöllum. Þessi leit er gerð í sameiningu við Mývetninga, þó svo, að fjallskilastjóri Helgastaðahrepps skipar fyrir um leitina og skulu til hennar teknir þeir menn úr Mývatnssveit, sem löndin nota. Til þessarar leitar þurfa 9-12 menn í fyrstu göngum, en 7-9 í öðrum og þriðju. Heimilt er leitarmönnum að draga sundur fé Mývetninga og Reykdæla í Gæsadal.<sup>416</sup>

Fyrir lögreglurétti á Ljósavatni 17. maí 1900 var tekin fyrir kæra Sigtryggs Kristjánssonar í Kasthvammi, fjallskilastjóra Reykdælahrepps, á hendur Kristjáni Jónssyni í Barnafelli. Fjallskilastjóri kærði Kristján fyrir að hafa ekki innt af hendi fjallskil þau á „afrétt“ Reykjadalshrepps sem hreppsnefndin þar gerði honum síðastliðið haust.

Kristján sagðist hafa rekið geldfé sitt síðastliðið vor í Þingey í Skjálfandafljóti sem hann hafði leigt afnot af. Honum datt því ekki til hugar að hann væri skyldugur til að fara í göngur fyrir það fé á „afrétt“ því það var á umflotinni eyju eins og í sjálfheldu eða girðingu. Um haustið fékk hann boð frá fjallskilastjóra Reykdælahrepps um að hann skyldi ganga tvennar þeistareykjagöngur. Þar sem hann taldi sig ekki skyldugan til þess að fara í göngur á þetta „afréttarstykki“ greindi hann Sigtryggi fjallskilastjóra í Reykjadalshrepp frá því á Hraunsrétt.<sup>417</sup>

Málið var aftur tekið fyrir í lögreglurétti á Húsavík 20. júní 1900.<sup>418</sup> Dómur var svo kveðinn upp í máli hins opinbera gegn Kristjáni Jónssyni í Barnafelli á Húsavík 22. ágúst 1900. Fram kemur að haustið 1899 hafi hreppsnefnd Reykdælahrepps skipað Kristjáni, sem var búsettur í Ljósavatnshreppi, hreppaskil á „afrétt“ Reykjadalshrepps. Hreppsnefndin byggði skipun sína á skýrslu hreppsnefndar Ljósavatnshrepps um að Kristján hefði rekið fé sitt í lönd Reykdælahrepps. Hann hunsaði hins vegar þessa skipun og neitaði að greiða skaðabætur og því var hann kærður fyrir gangnarof og krafist skaðabóta fyrir vanrækslu fjallskila. Þrátt fyrir að Þingey sé á landsvæði Reykjadalshrepps taldi hann sig ekki fjallskilaskyldan fyrir það fé sem hann lét reka þangað og áleit sig aðeins skyldugan til að hreinsa sjálfa Þingey. Þessu var dómarrinn ósammála og dæmdi Kristján til greiðslu skaðabóta fyrir gangnarof.<sup>419</sup>

<sup>416</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 104-105.

<sup>417</sup> Skjal nr. 2 (278).

<sup>418</sup> Skjal nr. 2 (279).

<sup>419</sup> Skjal nr. 2 (280).

Við mat á Geitafelli til sölu, sem gert var snemma vetrar 1914, var það talið jörðinni til ókosta, að hún lægi að Þeistareykjaafrétt og væri opnari fyrir ágangi þaðan en nokkur önnur jörð í Aðaldælahreppi. Hefði núverandi ábúandi gert meira en 2.000 faðma langa girðingu um nærlægari hluta landsins, til varnar ágangi afréttarfjár. Síðan segir:

Þrátt fyrir hina löngu girðingu sem áður er nefnd fellur mikill hluti af landi jarðarinnar til afréttar og þar með hinar fjarlægari slæjur, án þess að unnt hafi verið að fá neinar bætur fyrir það, sem stafar af því að hlutaðeigandi hreppsjóður hefir Þeistareykja afrétt á leigu, og hreppsbúar þarafleiðandi frían upprekstur þangað.<sup>420</sup>

Við sölu á Klambraseli og Langavatni á árunum 1914 og 1915 var það talið meðal ókosta jarðanna, að þær lægju að „afrétti“, svo að gera þyrfti eða gerðar hefðu verið girðingar til þess að verjast ágangi og þannig tapast mikið land á Langavatni.<sup>421</sup>

Þeistareykjaland eða Þeistareykjaafréttur var keypt af Aðaldæla- og Reykdælahreppum árið 1915, sem áður höfðu notað það sem „afrétt“. Fjallað er um það í kafla 5.14 um Þeistareyki hér á undan.

Tekið er fram í lýsingum allra jarða í þáverandi Reykdæla- og Aðaldælahreppum í fasteignamati 1916-1918, að þær eigi rétt til upprekstrar í „afrétt sveitarinnar“. Einnig eiga jarðirnar Klambrasel, Langavatn og Geitafell nægilega „afrétt“ fyrir sig.<sup>422</sup>

Klambrasel:

Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar og að auki sérstaka afrétt nægilega fyrir heimafé.

Langavatn:

Jörðin á nægilega afrétt fyrir sig, utan girðingar, og auk þess upprekstrarrétt í afrétt sveitarinnar.

Geitafell:

Jörðin á næga afrétt utan girðingar fyrir heimafé og auk þess upprekstrarrétt í afrétt sveitarinnar.

Flestar jarðir í þáverandi Tjörneshreppi (síðar Reykja- og Tjörneshreppar) áttu samkvæmt fasteignamati 1916-1918 „afrétt“ eða upprekstrarland.<sup>423</sup>

Um jarðirnar Brekknot, Litlu- og Stóru-Reyki, Holtakot, Þverá (þar er kvartað undan ágangi afréttarfjár) og Bakka segir:

Jörðin á afrétt fyrir sig.

Jarðirnar Dýjakot (síðar Skógahlíð), Saltvík og Tröllakot eiga í sama mati:

<sup>420</sup> Skjal nr. 2 (283).

<sup>421</sup> Skjöl nr. 2 (286) og nr. 2 (285).

<sup>422</sup> Skjal nr. 2 (84).

<sup>423</sup> Skjal nr. 2 (83).

upprekstrarland fyrir sig.

Skógar, Einarsstaðir, Skörð, Héðinshöfði og Kvíslarhóll eiga:

næga afrétt fyrir sig.

Hins vegar á Rauf (síðar Eyvík):

mjög lítið upprekstrarland.

Syðri-Tunga hefur:

afrétt handa sér.

Tungugerði hefur:

upprekstur fyrir sig.

Hringver á:

nægilegt upprekstrarland fyrir sig.

Ytri-Tunga, Hallbjarnarstaðir, Ísólfstaðir, Hóll, Mýrarkot, Ketilsstaðir, Sandhólar og Voladalur „hafa“ eða „eiga“:

upprekstrarland handa sér.

Um Máná segir:

Jörðin hefir mikið upprekstrarland fyrir allt að 2000 fjár, en ekkert hefir goldist fyrir upprekstur.

Um Húsavíkurland segir:

Búfjárhagar: víðáttumikið heiðarland, en grýtt og slitrótt. ... Girðing liggur þvert um landið, ... Landið fyrir ofan girðingu, er notað sem afrétt þorpsbúa.

Breiðavík er eina jörðin á Tjörnesi, þar sem ekkert er minnst á upprekstrarland eða „afrétt“.

Í Kelduhverfi er aðeins minnst á „afrétt“ eða upprekstur við örfáar jarðir í fasteignamati 1916-1918.<sup>424</sup>

Ás (landið var óskipt við Svínadal) á:

mikið og gott heiðarland, ... Fyrir upprekstur fást árl. kr. 10.00 ... Ágangur af afréttarfé.

Ágangur af afréttarfé var einnig á Meiðavöllum. Upprekstur var í land Undirveggjar. Krossdalur, Garður, Grásíða, Ólafsgerði, Kílakot, Sultir, Auðbjargarstaðir og Bangastaðir áttu upprekstrarland, Eyvindarstaðir áttu upprekstrarrétt. Í Keldunesi voru árlegar tekjur af upprekstri, sem og í Garði og Víkingavatni. Nýibær átti upprekstur í Keldunesland, Þórunnarsel og Syðribakki í Ásland.

Á Fjöllum var:

<sup>424</sup> Skjal nr. 2 (82).

Afréttarland mikið og gott. Fjallaland og móa. ... Upprekstrarland mikið og tekið fyrir upprekstur árl. 9. kr. ... Ágangur af afréttarfé.

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almeningum“ frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almeningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.<sup>425</sup> Steingrímur Jónsson sýslumaður Þingeyjarsýslu svaraði bréfinu 6. apríl 1920. Eftir að hafa talið upp „almeninga“ á öræfum í sýslunni og önnur „afréttarlönd“ (ekkert þeirra fellur undir mál 2/2007) segist hann ekki þekkja til fleiri þó vel megi vera að í óbyggðum Norður-Þingeyjarsýslu séu einhver lönd sem rétt væri að telja til „almeninga“. Svareð virðist byggt á eigin þekkingu sýslumanns því ekkert kemur fram um að það sé byggt á svörum hreppstjóra eða oddvita heldur því, sem hann hefur heyrt eða er kunnugt um.<sup>426</sup>

Austurhluti Geitafellsheiðar var seldur Aðaldælahreppi árið 1956 sem „afrétt“.<sup>427</sup>

Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu, Jóhann Skaptason, tók saman „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“. Sagði oddviti Reykdælahrepps hreppinn eiga „afrétt“ í Þeistareykjalandi ásamt Aðaldælahreppi. Oddviti Aðaldælahrepps sagði hreppinn eiga 7/15 Þeistareykjalands og Geitafellsheiði ofan girðingar. Í Reykja- og Tjörneshreppum og Húsavík voru að sögn oddvita aðeins heimalönd, en í Kelduneshreppi voru nefnd: Ásheiði, Svínadalsháls, Kelduneshiði, Garðsheiði, Víkingavatnsheiði, Framfjöll og Útfjöll með austurmörk við Jökulsá, en þaðan vestur og norður sýslumörk, en að norðan byggðin í hreppnum. Reykdæla- og Aðaldælahreppar áttu Þeistareykjaland að 8/15 og 7/11 og Geitafellsheiði með Geitafellsbónda. Haft var eftir oddvita Kelduneshrepps:

Kelduneshreppur er eigandi að Ásheiði og nokkrum hluta Svínadalsháls. Ríkissjóður á heimaland Svínadals, en Kelduneshreppur hefir það á leigu. Aðrar afrjettir eru í eign einstaklinga, eigenda þeirra jarða er liggja að afrjettunum.

Í Kelduneshreppi höfðu allir sveitarbúar upprekstrarrétt á „afrétti“ í hreppnum eins og þeir þyrftu; notkunarréttur byggðist á venju og samningi. Reykja- og Tjörneshreppsábúendur notuðu hver sitt land til hagagöngu og Húsavíkingar allir Húsavíkurland; og í Reykdæla- og Aðaldælahreppi höfðu allir bændur eða hreppsþúar upprekstrarrétt. Eignaskiptin urðu til við skiptingu Helgastaðahrepps árið 1896. Notkun Reykdælahrepps byggðist að sögn sýslumanns á eignarrétti og hefð, en það

<sup>425</sup> Skjal nr. 2 (243).

<sup>426</sup> Skjal nr. 2 (244).

<sup>427</sup> Skjal nr. 11 (3). *Byggðir og bú. Aldarminning búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga*, bls. 586.

hefði verið útilokað, meðan hreppurinn var sérstakt fjárskiptahólf. Eftir að vörnum var aflétt, 1947, hafi Þeistareykjaland verið lítið notað af bændum í hreppnum.<sup>428</sup>

Sambærilegar upplýsingar koma fram í svörum oddvita hreppanna og byggingafulltrúa Húsavíkurbæjar við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um upprekstarrétt og „afrétti“ sveitarfélaganna árið 1989.<sup>429</sup>

Dæmt var í máli Skútustaðahrepps gegn hreppssjóðum Aðaldæla- og Kelduneshrepps 1. ágúst 1973 á Húsavík. Dómkröfur stefnanda var m.a. að hreppssjóðum Aðaldæla- og Kelduneshreppa yrði gert að greiða Skútustaðahreppi fjórðung af útlögðum kostnaði vegna landamerkjagirðingar frá Dettifossi að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll. Til vara var þess krafist að sömu aðilum yrði gert að greiða kostnað í hlutfalli við skiptingu „afréttarlands“ milli þeirra. Einnig var þess krafist að hreppssjóður Reykdælahrepps<sup>430</sup> yrði gerður að meðaðila í aðalsökinni og gerður meðábyrgur gagnvart þeim kröfum sem gerðar væru til hreppssjóða Aðaldæla- og Kelduneshreppa.

Helstu málavextir voru þeir að á árunum 1970-1972 var að frumkvæði Skútustaðahrepps gerð „afréttargirðing“ frá Dettifossi að austan að sandgræðslugirðingu vestan Gæsafjalla að vestan. Stefnandi hélt því fram að hinir stefndu væru skyldugir til þess að taka þátt í þeim kostnaði sem af þessu reis samkvæmt girðingarlögum. Fram kemur að um landamerkjagirðingu sé að ræða og að landið sunnan hennar sé „afréttur“ Skútustaðahrepps en norðan hennar sameiginlegur „afréttur“ stefndu. Ósamkomulag hafi svo orðið um skiptingu kostnaðarins.

Hinir stefndu sögðu að engin ákvæði væru í girðingarlögnum sem skyldi til aðildar að girðingu milli „afrétta“ og að slík skylda hefði aðeins getað myndast með samþykkt sýslunefndar. Ástæða stefnanda til að reisa þessa miklu „afréttargirðingu“ hlyti að vera ágangur búfjár eða önnur skyld ástæða. Einnig bentu þeir á að með nýjum lögum hafi verið bætt nýjum greinum inn í girðingarlögin sem beinlínis segi að sýslunefnd skuli úrskurða undir hvaða grein girðingarlaganna fyrirhuguð „afréttargirðing“ skuli falla. Sá úrskurður skuli fyrst og fremst að byggjast á því hvort ágangur búfjár réttlætti einhliða ákvörðun um lagningu girðingar og hvort fyrirhugað stæði hennar sé nothæft, miðað við hæð lands, landslag og snjóalög.

Rifjaður var upp aðdragandi þessa girðingarmáls og greint frá því að árið 1967 hafi það verið lagt fyrir sýslufund Suður - Þingeyjarsýslu. Í fundargerð sýslunefndar megi sjá að oddviti Skútustaðahrepps hafi lagt fyrir erindi um setningu samþykktar um endurnýjun girðingar milli Mývatnssveitar annars vegar og Kelduhverfis, Aðaldælahrepps og Reykdælahrepps hins vegar. Eftir að hafa rætt málið komst sýslunefndin að þeirri ályktun að ekki væri ástæða til að efna til sérstakrar samþykktar

<sup>428</sup> Skjal nr. 4 (95).

<sup>429</sup> Skjöl nr. 4 (5-11).

<sup>430</sup> Mál Skútustaðahrepps gegn Reykdælahrepp var tekið fyrir sérstaklega, sbr. skjal nr. 2 (276).

í þessu skyni en samþykktu að veita oddvita sínum heimild til þess að veita Mývetningum undanþágu með tilfærslu á smölun á þessu ári.

Árið 1970 var málið tekið upp á sýslufundi Norður-Þingeyjarsýslu sem kaus tvo menn til að koma á sáttum fyrir hönd Kelduneshrepps en þær tilraunir báru engan árangur. Fundur var haldinn 16. september 1969 í Hótel Reyhliði að frumkvæði oddvita Skútustaðahrepps. Þangað mættu fulltrúar frá sveitarstjórnnum Reykdæla-, Aðaldæla-, Kelduness- og Skútustaðahreppa auk sýslumanns og fulltrúa hans. Tílefnið var að freista þess að ná samkomulagi um lagningu afréttargirðingar frá Dettifossi vestur í sandgræðslugirðingu vestan Gæsafjalla. Á fundinum var þess óskað að sýslumaður leitaði umsagnar félagsmálaráðherra um málið. Í bréfi, sem sýslumaður ritaði honum 13. október 1969, segir að Skútustaðahreppur hafi ákveðið að girt skuli á „afréttarmörkum“ milli „afréttarlands“ Skútustaðahrepps og „afréttarlanda“ lágsveitanna Reykdæla-, Aðaldæla- og Kelduneshreppa. Sýslumaður var sammála skilningi Skútustaðahrepps á girðingarlögunum hvað framkvæmd verksins varðaði. Lágsveitarhrepparnir töldu hins vegar að þeim væri enginn hagur í því að greind „afréttargirðing“ yrði reist og töldu kostnaðinn við það sér ofviða. Þeir héldu því fram að Skútustaðahreppur gæti ekki krafist þá um þátttöku í kostnaði við girðinguna nema ákveðið væri að reisa hana í sýslunefndarsamþykkt.

Umboðsmaður hinna stefndu krafðist þess að dómari, þ.e. Jóhann Skaptason sýslumaður, viki sæti í þessu máli og úrskurðaðist þannig.<sup>431</sup>

Samdægurs var tekið fyrir mál Skútustaðahrepps gegn hreppssjóði Reykdælahrepps. Dómkröfur stefnanda voru m.a. að hreppssjóði Reykdælahrepps yrði með dómi gert að greiða Skútustaðahreppi fjórðung af útlögðum kostnaði vegna landamerkjagirðingar frá Sandvatni að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll. Málavextir voru þeir að sumarið 1968 hafi, að frumkvæði Skútustaðahrepps, verið gerð landamerkjagirðing frá Sandvatni norðan Mývatns að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll og þannig skilið milli landa Mývetninga annars vegar og Reykdæla hins vegar. Girðingin hafi verið lögð í samráði við oddvita Reykdælahrepps en síðar hafi komið upp ósamkomulag um skiptingu á greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

Í sýknukröfu hins stefnda kemur m.a. fram að umrædd girðing liggi nálægt merkjum milli jarðanna Hamars og Hóla í Laxárdal annars vegar og Grímsstaða í Mývatnssveit hins vegar sem allar séu í einkaeign. Jafnframt bendir hinn stefndi á ef til þess kæmi að lítið yrði á girðinguna sem girðingu milli „afrétta“ þá hefði stefnandi ekki haft rétt til að reisa hana með einhliða aðgerðum samkvæmt girðingalögum.

Aðdragandi þessa var að öllu leyti eins og aðdragandi hins málsins sem rakið er hér að framan og úrskurðurinn á sömu leið, þ.e. að héraðsdómarinn Jóhann Skaptason sýslumaður skyldi víkja sæti í þessu máli. Væntanlega hefur verið fenginn

<sup>431</sup> Skjal nr. 2 (275).

setudómari til þess að kveða upp dóm, sem þá hefur fært dóminn í embættisbók sína en dómurinn hefur ekki verið lagður fram í málinu.<sup>432</sup>

Afar litlar upplýsingar eru um „afrétt“ Kelduneshrepps í ritinu *Göngur og réttir* þar eð ekki hafði tekist að afla verulegra upplýsinga um fjallskil hreppsins frá heimamönnum. Þó segir þar, að alls staðar sé stutt á „afréttina“, svo að eigi séu þar nema dags göngur frá bæjum utan á Svínadalsháls, þar sem göngur taki tvo daga. Sökum fjárþunga, sem leiti í heiðalönd Kelduneshrepps, hafi um langt skeið verið venja, að Innsveitungar legðu nokkra menn til í göngur Keldhverfinga, sérstaklega í Ásheiði, jafnframt því, sem þeir menn tækju fé innan yfir Reykjaheiði á réttum í Keldhverfi.<sup>433</sup> Einnig kemur fram á öðrum stað, að venja sé, að lið bæði Keldhverfinga og Aðaldæla sé mætt á sveitamerkjum, þegar sauðljóst sé, og hefji göngur. Keldhverfingar hafi um allmörg ár sótt fé sitt á Þeistareyki um fyrstu göngur og dregið það úr fjárhópi þeim, sem smalast hafi norðan að.<sup>434</sup>

Í bókinni *Norður-Þingeyjarsýsla* er lýsing á afréttarlöndum Keldhverfinga. Hér á eftir eru hlutar úr þeirri lýsingu:

Afréttarlönd Keldhverfinga eru víðáttumikil, og er skipt í leitarsvæði, sem hvert hefur sérstakan gangnaforingja eða fjallkóng. Talið að vestan og austur til Jökulsár eru leitarsvæðin þessi: 1. Útfjöll, 2. Framfjöll, 3. Víkingavatnsheiði, 4. Garðsheiði, 5. Vesturhluti Ásheiðar og Kelduneshreiði (vesturhluti Ásheiðar nefnist í daglegu tali Gjástykki), 6. Austurhluti Ásheiðar, 7. Svínadalsháls og 8. Ásland.

1. *Útfjöll* eru norðausturhluti hálendisins, sem gengur frá Reykjaheiði norður á Tjörnes. Takmörk þeirra eru að norðan og vestan sýslumörkin, en suðurtakmörk eru Fjallagil og Tunguheiðarvegur. Landslagi og gróðri er lýst í jarðalýsingu Auðbjargarstaða og Bangastaða. ...

2. *Framfjöll* eru suður og austur-hluti áðurnefnds hálendis frá Sæluhússmúla að sunnan, að fyrnefndum takmörkum Útfjalla að norðan. Vestan að þessum afréttarsvæðum báðum (Útfjöll meðtalín) liggja afréttarlönd Tjörness, Húsavíkur og Reykjahverfis, talið frá norðri til suðurs. Sunnan að Framfjöllum liggur Þeistareykjaland frá Sæluhússmúla að Rauðhól, að austan er Víkingavatnsheiði, er takmarkalínan úr Rauðhól til norðurs um Þríhyrning í Sjónarhól, sem er milli Fjalla og Sulta. Svæði þetta er land Fjalla, og er það auk háfjallanna um 3 km breið mólendisræma austan við þau. Gangnamenn eru 12. Um 17 km eru frá Sæluhússmúla til Fjallaréttar, en þar er réttað og rekið inn um leið og Útfjallasafn. Uppi á háfjöllunum suðvestur af Fjöllum eru gróðurlausir melar, kallaðir Grjót. Grjótin eru venjulega smöluð einu sinni á hausti og þá af 2 mönnum.

<sup>432</sup> Skjal nr. 2 (276).

<sup>433</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 170.

<sup>434</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* V, bls. 164-165.



5. *Vesturhluti Ásheiðar og Keldunesheiði* eru eitt leitarsvæði, enda liggur Keldunesheiði í beinu framhaldi af vesturhluta Ásheiðar til norðurs. Í Eyjólfs hæð eru landamerki Garðs, Áss og Þeistareykja. Liggur Þeistareykjaland að Ásheiðinni að vestan. Landamerki eru til suðurs frá Eyjólfs hæð um Bunguvegg, og sama stefna til suðurs, eftir að Bunguveggur hverfur, allt að sauðfjárveikivarnagirðingu, sem lögð var 1944 úr Hafragili við Dettifoss til vesturs í Sandvatn norður frá Mývatni. Bunguveggur er gjáveggur mikill, sem rís mót austri. 3-4 km austar rís annar mikill gjáveggur mót vestri, Kvíaveggur. Spildan milli gjánna hefur sigið og er öll sundur tætt af gjám. Jarðsig þetta nefnist Gjástykki. Takmörk þessa leitarsvæðis að austan eru Kvíaveggur og Hrótafjöll sunnar. ... Venjulega er hér fátt um fé, ... Tvo daga þarf til að ganga þetta leitarsvæði. Ganga 5 menn fyrri daginn, og er þá gengið norður móts við Eyjólfs hæð. 12 menn ganga síðari daginn. Vegalengd úr syðstu leitum til réttar er 30-40 km. Réttað er á Tjarnarétt skammt suðaustur af Keldunesi.

6. *Austurhluti Ásheiðar* liggur austan Kvíaveggs og Hrótafjalla, allt frá byggð og suður að fyrrnefndri girðingu (sunnan girðingar er land Reykjahlíðar í Mývatnssveit). Leitarsvæðið takmarkast að austan af Svinadalshálsi syðst og Áslandi nyrzt. ... Hér gengur margt fé, og eru göngur erfiðar í skógunum. ... Vegalengd frá girðingu og til bæja er svipuð og í vesturhluta Ásheiðar, en dálítið lengra til réttar. Réttað er á Tjarnarétt. Gengið er tvo daga. Gangnamenn eru 7 fyrri daginn, en 15 hinn síðari, og eru sumir þeirra gangnamenn úr Svinadalshálsi.<sup>435</sup>

Ekki er vikið að afréttum á þessu svæði í Árbók Ferðafélags Íslands 1965, Norður-Þingeyjarsýsla, Tjörnes og Strönd, nema á einum stað í umfjöllun um Reykjaheiði. Þar segir:

Farið er út af Tjörnesvegi rétt vestan við Lón suður hjá Fjallabæjum eftir grónum vallendisgrundum, en stórskorin fjöll til hægri (Stallfjall, Stofufjall, Nafafjall og hið efra Sauðafell og Háskálar) með grónum undirhlíðum. Þar er ein af afréttum Keldhverfinga, Framfjöll.<sup>436</sup>

Samkvæmt upplýsingum oddvita Aðaldælahrepps árið 2007 er „afréttur“ Aðaldælahrepps og Reykdælahrepps (nú hluti Þingeyjarsveitar) Þeistareykjaland. Á Aðaldælahreppur 7/15 og Þingeyjarsveit 8/15. Með samningum við Þingeyjarsveit hefur Aðaldælahreppur fengið beitarafnot Þeistareykjalands gegn því að annast viðhald girðinga, sem settar hafa verið upp umhverfis landið, þ.e. milli Þeistareykjalands annars vegar og Kelduhverfis og Mývatnssveitar annars vegar.<sup>437</sup>

Í sýslu- og sóknarlýsingum fyrir Þingeyjarsýslur er fjallað um Reykja- og Tunguheiði:

<sup>435</sup> Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla, bls. 23-25.

<sup>436</sup> Gísli Guðmundsson: *Norður-Þingeyjarsýsla, Tjörnes og Strönd*, Árbók Ferðafélags Íslands 1965, bls. 34.

<sup>437</sup> Skjal nr. 4 (4).

Reykja- og Tunguheiði eru almennt brúkaðar sem *afréttarlönd*, sumir líka farnir að reka lömb sín fram á Hvammsheiði. — Almenningar eru ei hér og eru því lambatollar goldnir. — Geldfé af vesturhluta Reykjaheiðar og af Hvammsheiði er sundurdregið í Hraunsrétt en af austurparti Reykjaheiðar og af Tunguheiði er réttað í 22. viku sumars á Fjöllum í Kelduhverfi, hvar til heyrir mikill hluti heiðarinnar.<sup>438</sup>

Í skjali sem ber yfirskriftina „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýsl[u] árið 1959“ sem dagsett er 13. maí 1959 segir meðal annars:

Reykðælahreppur:

Reykðælahreppur á afrjett í Þeistareykjalandi ásamt Aðaldælahreppi.  
[...]

Aðaldælahreppur:

7/15 Þeistareykjalands og Geitafellsheiði ofan girðingar. [...]

Reykjahreppur:

Heimalönd. (Oddviti)

Tjörneshreppur:

Aðeins heimalönd (Oddviti)

Húsavík:

Aðeins heimaland.

Kelduneshreppur:

Ásheiði, Svinadalsháls, Keldunesheiði, Garðsheiði, Víkingavatnsheiði, Framfjöll, Útfjöll. Mörk þeirra eru: Að austan Jökulsá í Dettifoss. Þaðan vestur og síðan norður sýslumörkin milli Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu. Að norðan byggðin í hreppnum.

Undir skjalið skrifar Jóhann Skaptason sýslumaður Þingeyjarsýslu.<sup>439</sup>

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið fyrirspurn til allra sveitarstjórna um afréttarmálefni.<sup>440</sup> Í svörum oddvita Reykjahrepps, Tjörneshrepps, og byggingarfulltrúa Húsavíkurbæjar kemur fram að allt land í hreppnum sé í eigu lögbýla innan staðarmarka sveitarfélaganna.<sup>441</sup> Í svari oddvita Kelduneshrepps sem dagsett er 6. nóvember 1989 segir meðal annars:

Allt land innan marka Kelduneshrepps tilheyrir einstökum jörðum og er með þinglýstum landamerkjum, utan nokkur spílda sunnan og austan til í hreppnum, sem Kelduneshreppur á og kallast Ásheiði.<sup>442</sup>

<sup>438</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 192.

<sup>439</sup> Skjal nr. 4(95).

<sup>440</sup> Skjal nr. 4(5).

<sup>441</sup> Skjöl nr. 4(7), 4(8) og 4(9).

<sup>442</sup> Skjal nr. 4(10).

Í svari hreppsnefndar Reykdælahrepps við sama erindi dags. 20. febrúar 1989 segir meðal annars:

Afréttur Reykdælahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu er Þeistareykjaafréttur á Reykjaheiði. Hann er eign Reykdælahrepps að 8/15 og Aðaldælahrepps að 7/15 og eiga íbúar þessara hreppa upprekstrarrétt í afréttinn í þessum hlutföllum. Einnig telst afrétturinn til hreppanna í þessum hlutföllum.<sup>443</sup>

### 5.16.2 Fjallskilareglugerðir

Elsta fjallskilareglugerð fyrir vesturhluta Þingeyjarsýslu, þ.e. Suður-Þingeyjarsýslu og Kelduneshrepp í Norður-Þingeyjarsýslu, er frá árinu 1893 og tók gildi 1. janúar 1894.<sup>444</sup>

Var þá svæðinu öllu skipt í þrjú fjallskilafélög: 1. Svæðið milli Jökulsár og Skjálfandafljóts. 2. Svæðið vestan Skjálfandafljóts og norðan Ljósavatnsskarðs, vestur í Fnjóskadal hjá Skógum og þaðan yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd. 3. Svæðið vestan Skjálfandafljóts ofan við Ljósavatnsskarð. Hvert fjallskilafélag gat skipt í deildir eftir því sem hagar, fjöll og vatnsföll deildu. (1. gr.).

Allt land skiptist í „afréttir“ og heimalönd. Hreppsnefndir í hverjum hreppi ákváðu, hvað skyldu vera „afréttir“ og takmörk milli „afréttar“ og heimalanda. (3 gr.).

Hreppsnefndir skyldu gangast fyrir sveitarsamþykktum um, hvort nota skyldi heimalönd til upprekstrar fyrir geldfé eða lömb. Skyldi tekið skýrt fram, hver þau lönd væru og tala fjár, er í þau mætti reka. Heimalönd, sem heimild væri til fyrir að nota til upprekstra, skyldi skoða sem „afrétti“, enda væru þau notuð á þann hátt af fleiri en landeigendum sjálfum (4. gr.).

Ef tveir eða fleiri menn ættu „afrétti“ saman, skiptust afréttartollar milli þeirra eftir tiltölu hvers og eins í „afrétti“, þótt einn leyfði frekar en aðrir. (9. gr.).

Fjárleitir á öræfi, sem ekki gætu talist til nokkurra „afrétta“, skyldu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir. (29. gr.).

Ný fjallskilareglugerð var sett árið 1904.<sup>445</sup> Mikilvægasta breytingin var á 3. grein, en fyrri málsgrein hennar var svohljóðandi:

Allt land skiptist í öræfi, afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrjetti, ef nauðsyn ber til, eptir tillögum hreppsnefnda og með samþykkt landeiganda.

Næstu fjallskilareglugerðir voru settar árin 1913 og 1920 (dálítil breyting gerð 1924).<sup>446</sup> Engar breytingar voru þá gerðar, sem ástæða er til að nefna hér, en árið 1929 var svæðið gert að einu fjallskilafélagi eða eins og segir í 1. grein:

<sup>443</sup> Skjal nr. 4(11).

<sup>444</sup> Skjal nr. 4 (14).

<sup>445</sup> Skjal nr. 4 (15).

<sup>446</sup> Skjöl nr. 4 (16), nr. 4 (17) og nr. 4 (18).

Suður-Þingeyjarsýsla, ásamt Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag, sem skiftist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum sveitarfélaga.

Stjórn og umsjón fjallskilamála breyttist samkvæmt 3. grein:

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri úr sínum flokki til að hafa á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála hreppsins og nefnast þeir fjallskilastjórnar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði hreppsnefnda.<sup>447</sup>

Næsta fjallskilareglugerð, árið 1937, var fyrir Suður-Þingeyjarsýslu eina, sem og frá árunum 1952, 1959 og 1974, en árið 1952 var Húsavík orðin að kaupstað og því nefnd sérstaklega eftir það.<sup>448</sup> Breytingar, sem ástæða þykir til að nefna eru eftirtaldar:

Árið 1959 varð 4. grein svohljóðandi:

Allt land skiptist í öræfi, afréttir og heimalönd. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki hreppsnefndar komi til, enda hafi það aldrei áður í byggð verið.

Sýslunefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum hreppsnefndar, enda liggi samþykki landeigenda fyrir.<sup>449</sup>

Nýrri málsgrein var aukið í 4. grein í fjallskilareglugerðinni árið 1974:

Enn fremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir.<sup>450</sup>

Núgildandi fjallskilasamþykkt er frá árinu 1996 og er fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar, þ.e. Tjörnes-, Reykja-, Aðaldæla-, Reykdæla-, Skútustaða-, Bárðdæla-, Ljósavatns- og Hálshreppa og Húsavík. Hljóðar 4. grein svo:

Land, sem fjallskilaförkvæmd tekur til, skiptist í almenninga, afrétti og heimalönd. Héraðsnefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum sveitarstjórna og með samþykki landeigenda. Ennfremur geta sveitarstjórnir með samþykki héraðsnefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki héraðsnefndar komi til. Héraðsnefnd ákveður mörk á afréttum og almenningum.<sup>451</sup>

<sup>447</sup> Skjal nr. 4 (19).

<sup>448</sup> Skjöl nr. 4 (20) - nr. 4 (23).

<sup>449</sup> Skjal nr. 4 (22).

<sup>450</sup> Skjal nr. 4 (23).

<sup>451</sup> Skjal nr. 2 (24).

Sérstök fjallskilareglugerð var sett fyrir Kelduneshrepp árið 1935. Þar segir í 1.-3. og 5. grein:

1. gr. Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag, og teljast lönd allra jarða í hreppnum innan fjallskilasvæðisins.
2. gr. Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra mála fjallskilafélagsins samkvæmt sveitarstjórnarlögunum frá 31. maí 1927, en hreppsnefnd Kelduneshrepps hefir að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd fjallskilamála.
3. gr. Allt land á fjallskilasvæðinu telst til afréttar, nema afgirt land og til fjallskila, nema ræktað land.
5. gr. Heimilt er að nota til upprekstrar fyrir sauðfé heiðarland allt, á fjallskilasvæðinu, sem ekki er afgirt, en hvorki engjar né heimalönd.<sup>452</sup>

Reglugerðin átti aðeins að gilda í eitt ár en gildistími hennar var framlengdur án takmarkana árið 1936.<sup>453</sup>

Breyting var gerð á reglugerð Kelduneshrepps árið 1953 sem ekki virðist hafa neina þýðingu hér.<sup>454</sup>

Í fjallskilareglugerð fyrir Kelduneshrepp árið 1976 eru litlar efnislegar breytingar frá fyrri reglugerðum. Í 1. gr. er miðað við land vestan Bakkahlaups. Aðrar breytingar í fyrrnefndum greinum taka fyrst og fremst mið af nýjum lögum, svo sem um afréttarmálefni.<sup>455</sup>

Í fjallskilareglugerð fyrir Kelduneshrepp árið 1996 eru litlar efnislegar breytingar frá fyrri reglugerðum. Í 3. grein er mælt fyrir að hreppsnefnd velji einn mann úr sínum hópi til þess að annast framkvæmd fjallskilamála. Aðrar breytingar í fyrrnefndum greinum taka fyrst og fremst mið af nýjum lögum, svo sem um héraðsnefndir og afréttarmálefni.<sup>456</sup>

<sup>452</sup> Skjal nr. 4 (23).

<sup>453</sup> Skjal nr. 4 (24).

<sup>454</sup> Skjal nr. 4 (25).

<sup>455</sup> Skjal nr. 4 (26).

<sup>456</sup> Skjal nr. 4 (27).

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Sameiginleg atriði á svæði 6

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrir-  
liggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þessara gagna við það mál  
sem hér er til umfjöllunar. Í framhaldinu verður einnig sérstaklega hugað að því hvort  
í nýjum dómum um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afréttarsvæða megi greina  
áherslumun sem tilefni gefi til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambæri-  
legum tilvikum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál  
þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu  
einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.<sup>457</sup> Loks verður fjallað um ákvörðun  
málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (svæði 1), er í kaflanum *Almennar  
niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar  
staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í  
úrskurðum í málum nr. 1-5/2001 (svæði 2) er í kaflanum *Viðauki við almennar  
niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum  
bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig  
sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1-9/2003 (svæði 3), 1-6/2004 (svæði 4) og 1-  
5/2005 (svæði 5). Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum nr. 1-  
5/2007 (svæði 6).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og  
samræmi við áður nefndar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við  
þær, og vísar til þeirra, sbr. einnig kafla 6.1.2 - 6.1.3 hér á eftir.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki  
við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem almenna  
þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra niðurstaðna  
dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar byggjast á kemur að  
sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 31. maí 2006, nánar tiltekið kafla  
6.1.1 í málum nr. 1-6/2004 (svæði 4), var þannig fjallað sérstaklega um dóm  
Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005. Svo sem þar segir verður sú  
ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr.

<sup>457</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar,  
náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 53, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá  
Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum upplýttarritum, svo  
sem árbókum Ferðafélags Íslands.

571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 29. maí 2007, nánar tiltekið kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), tók óbyggðanefnd einnig afstöðu til þess hvort þeir dómur sem þá lágu fyrir gæfu tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki. Þá skal þess getið að í sömu málum, kafla 6.1.2, var gerð almenn grein fyrir stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi.

Frá því óbyggðanefnd kvað upp síðastnefnda úrskurði, í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómur frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænafljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómur frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómur eru fremur til staðfestingar á framangreindri niðurstöðu, þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

### 6.1.3 Afréttir einstakra jarða og stofnana

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sbr. kafla 6.1.1. og viðauka. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnánum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4 og 4.5 í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnotafréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra

jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaeefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimaörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendum og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenniga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu



manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenna, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrægri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafretta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að

Þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almennungum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðháttu, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrjú dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskups-tungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitafni af þessum toga að

eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>458</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum Landnámu sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

## 6.3 Geitafell, Langavatn, Klambasel, Brúnahlíð, Brekknakot, Reykjatorfa, Þverá, Skógar og Skógahlíð

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Geitafells, Langavatns, Klambasels og Brúnahlíðar, Bláhvamms og Laufahlíðar (Brekknakots), Reykjatorfu, Þverár, Skóga og Skógahlíðar gera kröfur til sem eignarlands síns, sjá nánar kafla 3.1. um kröfur ríkisins og kafla 3.2.-3.8. um kröfu gagnaðila þess. Gagnaðila íslenska ríkisins greinir ekki á um innbyrðis afmörkun kröfusvæða sinna að öðru leyti en því kröfusvæði Skóga skarast á við kröfusvæði Þverár og Reykjatorfu. Landsvæði það sem um er deilt tekur til vestanverðra Lambafjalla sem eru um 19 km langur fjallaklasi norður af Hólasandi sem nær norður undir Reykjaheiði. Norðan Lambafjalla, sunnan til á Reykjaheiði, heita Höfuðreiðar og Höfuðreiðarmúli en sunnan hans er Jónsnípa (452 m) og Jónsnípuskarð.

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggja utan landnáms. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd og/eða fjalllendi, sem ekki séu líkur á að hafi verið numið í öndverðu. Varðandi jarðir vestan Grísatungufjalla og Lambafjalla er á því

<sup>458</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

byggt að þær eigi ekki merki austar en að 500 metra hæðarlínu. Á kröfufsvæði íslenska ríkisins sé samnotaafréttur fyrir búfé.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. eigenda Geitafells, Langavatns, Klambrasels og Brúnahlíðar, Bláhvamms og Laufahlíðar (Brekknakots), Reykjatorfu, Þverár, Skóga og Skógahlíðar, er mótmælt þeirri staðhæfingu ríkisins að nám landnámsmanna hafi legið utan við þjóðlendukröfulínu. Vart sé hægt að skilja lýsingu á landnámsmörkum bræðranna Héðins og Höskuldar öðruvísi en svo að um sé að ræða allt land austan Laxár allt til Mývatns. Suður- og vesturmörk landnáms Höskuldar séu óskýr en Lambafjöll séu eðlilegustu vesturmörkin miðað við landshætti á svæðinu. Gagnaðilar mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkjja jarðanna verði dregin í efa.

Vísað er til þinglýstra landamerkjabréfa viðkomandi jarða sem í aðalatriðum séu samhljóða og uppáskrifuð af eigendum aðliggjandi jarða. Landamerkin séu þinglýst og færð í landamerkjabók og séu ágreiningslaus. Gagnstætt því sem haldið sé fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins séu ekki heimildir um annað en að jarðirnar hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkjja þeirra hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland almennt. Fjallendið hafi þar ekki verið undanskilið. Engin gögn bendi til þess að land austan kröfulínu íslenska ríkisins, innan merkja jarðanna, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land innan merkja þeirra. Bent er á að það hafi fyrst verið við setningu landamerkjialaga nr. 5/1882 og síðar nr. 41/1919 að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða hafi ekki orðið til fyrr en í kjölfar landamerkjialaga. Gagnaðilar byggi á eignarheimildum sem eigi grundvöll sinn í fyrrgreindum lögum. Því er haldið fram að athugasemdalausri landamerkjalyýsingu jarðar verði ekki hnekkkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar.

Því er haldið fram að óumdeilt sé að jarðir vestan Lambafjalla lýsi allar landamerkjum í Lambafjöll og gagnaðilar mótmæla þeim skilningi íslenska ríkisins að skilja beri slíka lýsingu þannig að um rætur fjallanna sé að ræða. Réttur skilningur sé sá að landamerki jarðanna liggi í hábrúnum fjallanna.

Vísað er til þess að málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, og með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest sé í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að axla hana. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga.

Umræddir gagnaðilar ríkisins halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinis, bæði beint og óbeint, viðurkennt

fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur þeim þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Gagnaðilar minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðunum hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Þeir hafi þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkjja jarðanna væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt þá í þeirri trú.

Til vara byggja umræddir gagnaðilar ríkisins á því að þeir hafi hefðað landið, enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Eigendur Skóga I-III og Skógahlíðar hafa krafist þess að kröfum íslenska ríkisins gagnvart jörðum þeirra sé vísað frá óbyggðanefnd. Af hálfu þeirra er því haldið fram að ríkið hafi ekki uppfyllt skilyrði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 sem skyldi ríkið til að leggja fram þær heimildir og gögn sem það byggi rétt sinn á og rökstyðja kröfur sínar ítarlega. Fullyrt sé af hálfu ríkisins að nám landnámsmanna hafi legið utan við þjóðlendukröfulínu. Þá sé því haldið fram að umrædd lönd séu afréttarlönd og hafi því ekki verið undirorpin beinum eignarrétti. Þessi rök íslenska ríkisins séu ekki studd neinum gögnum. Þá hafi ekki verið þinglýst yfirlýsingu um kröfugerð ríkisins á jörðina Skógahlíð og eigendum jarðarinnar ekki tilkynnt um hana þrátt fyrir að þeir eigi óskipt land með eigendum Skóga. Lágmarkskrafa sé að þær jarðir sem kröfulýsingin eigi að taka til séu tilgreindar í kröfulýsingu og hver sé krafan gagnvart hverri einstakri jörð en það sé ekki gert í kröfulýsingu íslenska ríkisins. Þá er því mótmælt að eingöngu dalir og hlíðar þeirra hafi verið numin í öndverðu, svo sem íslenska ríkið haldi fram.

Til stuðnings eignarréttarkröfu sinni halda eigendur Skóga I-III og Skógahlíðar því fram að hafa beri í huga þá viðurkenndu sönnunarreglu íslensks eignarréttar að sá sem fari með fullkomin umráð landareignar, hafi gert það um áratuga skeið og hafi þinglýsta eignarheimild að landsvæðinu í hendi, þurfi ekki frekari sönnunargagna við heldur hvíli sönnunarbyrðin alfarið á þeim sem vefengi slíkar eignarheimildir landeigandans. Krafa íslenska ríkisins sé ekki studd neinum sögulegum sönnunargögnum né heldur réttarlegum gögnum. Engan lagalegan rökstuðning sé að finna fyrir því hvers vegna eignarréttur eigenda umræddra jarða samkvæmt þinglýstum landamerkjabréfum skuli víkja.

Umræddir gagnaðilar ríkisins halda því fram að fullur hefðartími sé liðinn frá því að landamerkjabréf voru gerð fyrir umræddar jarðir og enginn getað notað landið nema eigendur þess á hverjum tíma. Öll nýting annarra aðila á þessu landi hafi ávallt verið háð leyfi frá eigendum. Þeir hafi þannig samkvæmt framlögðum þinglýstum heimildum óskoraðan eignarrétt fyrir þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Eigendur Skóga I-III halda því einnig fram að það landsvæði innan jarða þeirra sem þjóðlendukrafa ríkisins tekur til hafi verið nytjað óslitið frá öröfi samhliða

nýtingu á öðru landi sem tilheyrir þessum jörðum og til þessa hafi þetta land aldrei verið talið til afreittar. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land innan landamerkjja samkvæmt landamerkjabréfum hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá hafi eigendur þess um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé þar rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Við þær eignarheimildir sem þeir byggi nú á hafi verið miðað í almennum samskiptum milli jarðareigenda sem og í samskiptum við íslenska ríkið og stofnanir þess í meira en öld. Engar athugasemdir hafi komið fram af hálfu ríkisvaldsins við landamerkin og hafi jarðirnar verið skattlagðar með hliðsjón af þessum landamerkjum. Þá hafi jarðirnar verið veðsettar með hliðsjón af þeim löndum sem þeim tilheyrir og engar athugasemdir hafi komið fram um stærð þeirra af hálfu lánveitenda sem í mörgum tilvikum hafi verið lánastofnanir á vegum íslenska ríkisins.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Geitafells, Langavatns, Klambrasels og Brúnahlíðar, Bláhvamms og Laufahlíðar (Brekknakots), Reykjatorfu, Þverár, Skóga og Skógahlíðar er rakin í köflum 5.2 til 5.8. Af þeim heimildum sem þar er getið, er ljóst að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.<sup>459</sup> Flestar koma þær fyrst fram á 14. öld, tvær á 15. öld og ein á 16. öld.

Frávísunarkröfur gagnaðila íslenska ríkisins eru einkum byggðar á því að kröfugerð íslenska ríkisins sé hvorki nægilega skýr né nægilega vel rökstudd sbr. m.a. 4. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga nr. 58/1998. Íslenska ríkið hefur fært fram gögn til stuðnings kröfum sínum og staðsett kröfulínuna með vísan til kennileita. Óbyggðanefnd telur málatilbúnað ríkisins nægilega skýran til að unnt sé að taka kröfurnar til efnislegrar meðferðar. Kröfum gagnaðila íslenska ríkisins um frávísun er því hafnað.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum þeirra og hvað ráðið verður af þeim fáu eldri heimildum um sama efni sem fyrir hendi eru. Athugun þessi tekur til austurmerkja jarðanna, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Talið frá suðri til norðurs eru þetta jarðirnar Geitafell, Langavatn og Klambrasel í Aðaldælahreppi, Brekknakot, Reykjatorfa, Þverá og Skógar í Reykjahverfi. Þá verður að auki litið til gagna um landsvæðið austan Lambafjalla, þ.e. kröfusvæðis eigenda Þeistareykja í máli þessu. Að fenginni niðurstöðu um landamerki umræddra jarða með tilliti til þjóðlendukröfusvæðis ríkisins verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem deilt er um.

Jörðin Geitafell liggur syðst þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 20. október 1883, þingl. 29. maí 1885.

<sup>459</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Bréfið er áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða til norðurs og suðurs en ekki vegna Þeistareykja til austurs. Norðurmerki eru dregin „austur á Lambafjöll“ og þau sögð ráða austurmerkjum „suður í Gustaskarð, þaðan ræður Sandur suður í Þverárgilsdrag ...“. Er það komið að suðurmerkjum jarðarinnar og út fyrir það svæði sem hér er til umfjöllunar.

Jörðin Langavatn liggur norðan Geitafells. Merkjum er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 21. nóvember 1883 og þingl. 29. maí 1885. Bréfið er áritað um samþykki umráðamanns Grenjaðarstaðar, en bæði Langavatn og Geitafell voru þá í eigu staðarins, en ekki vegna Þeistareykja. Norðurmerki eru dregin „beina stefnu austur á Lambafjöll“ og tekið fram að þau ráði austurmerkjum „fram að Geitafells merkjum“ sem miðað er við að sunnan.

Jörðin Klambrasel, áður Hóll eða Hólkot, er norðan Langavatns, sunnan Brekknakots í Reykjahverfi. Í málinu er einnig lýst kröfum vegna Brúnahlíðar, sem stofnað var til árið 1956 í hluta af landi Klambrasels. Merkjum Klambrasels er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 21. nóvember 1883 og þingl. 12. júní 1890. Bréfið er áritað vegna aðliggjandi jarða til suðurs og norðurs, þ.e. Langavatns og Brekknakots, en ekki vegna Þeistareykja, til austurs. Norðurmerki eru dregin „uppá fjallsbrún síðan ræður bein lína austur í Kistufjall.“ Um austurmerki segir síðan að þar ráði Lambafjöll.

Jörð sú sem syðst liggur í Reykjahverfi, norðan Klambrasels, var áður nefnd Brekknakot en skiptist nú að hluta í Bláhvamm og Laufahlíð. Landamerkjum er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 24. febrúar 1887 og þingl. 1. júní 1888. Bréfið er áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða til norðurs og suðurs, þ.e. Reykja og Klambrasels, en ekki vegna Þeistareykja. Suðurmerki eru „... bein stefna austur í Lambafjöll“ og norðurmerki „... til fjallsbrúnar og svo í Lambafjöll“. Jafnframt segir að Lambafjöll ráði að austan.

Norðan Brekknakots er svokölluð Reykjatorfa en hlutar hennar nefnast nú Stóru-Reykir, Litlu-Reykir, Hveravellir, Víðiholt, Reykjarhóll, Rein og Reykjavellir. Landamerkjum er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 22. maí 1890 og þingl. 11. júní 1890. Bréfið er áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða til suðurs og norðurs, þ.e. Brekknakots og Þverár, og vegna Þeistareykja til austurs. Norður- og suðurmerki eru dregin „til Lambafjalla“ og sömu fjöll sögð ráða að austan.

Merkjum jarðarinnar Þverár, að því leyti sem hér skiptir máli, var einnig fyrst lýst heildstætt í landamerkjabréfi, dags. 3. júní 1890 og þingl. 11. júní 1890. Bréfið er áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða til suðurs og norðurs, þ.e. Reykjatorfu og Skóga, en ekki vegna Þeistareykja. Suðurmerki eru dregin „austur í Lambafjöll, sem ráða merkjum að austan norður í Tröllagil.“

Skógar liggja nyrst þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar en skiptist nú að hluta í Skóga I-III og Skógahlíð. Landamerkjum er lýst í landamerkjabréfi, dags. 28. maí 1892 og þingl. 1. júní 1892. Bréfið er áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða

til suðurs og norðurs, þ.e. Þverár og Skarða, en ekki vegna Þeistareykja. Norðurmerki eru dregin „...norðan vert við Höfuðreiðarmúla“ og um austurmerki segir að þar ráði „bein stefna frá Höfuðreiðarmúla, suður Lambafjöll í Tröllagil“. Merkjum Skarða er lýst í landamerkjabréfi frá 8. febrúar 1892, sem þinglýst var 1. júní 1885. Þar er suðurmerkjum, gagnvart jörðinni Skógum, lýst svo til austurs: „[...] Frá vörðunni ræður bein stefna sunnan á Grýluhól. Síðan ræður bein stefna eftir tveim vörðum, er hin eystri norðvestan við Bjarnaröxl og til austurs norðanvert á Höfuðreiðarmúla, og þaðan beint á sæluhús.“ Bréfið er m.a. áritað um samþykki vegna Skóga. Eldri heimildir benda til hins sama, sbr. kafla um Skörð hér á eftir.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan eru rakin er merkjum milli jarða almennt lýst í Lambafjöll og tekið fram að þau ráði til austurs. Í bréfi Klambarsels er einnig miðað sérstaklega við Kistufell, sem hæst ber á Lambafjöllum, auk þess sem norðurmerkjum Skóga er lýst norðanvert við Höfuðreiðarmúla, norðaustur af Lambafjöllum, og suðurmerkjum Geitafells í Þverárgilsdrög, sunnan Lambafjalla. Vesturmerki Þeistareykja, austan þeirra jarða sem hér hefur verið fjallað um, eru einnig miðuð við Lambafjöll, sjá nánar í kafla 6.5. Eldri heimildir um merki Skóga gagnvart Skörðum ná einnig að landi Þeistareykja. Hér ber þess að geta að Lambafjöll eru aflíðandi fjallabelti, skorin giljum og dölum og einstaka klettabelti að austan. Hæst ber þar Kistufjall (843 m) sem er nálægt miðjum fjallgarði, syðst eru Þverárhorn (523 m) og Gustahnjúkur (602 m), en Gustaskarð norðan við, milli hnjúksins og meginfjallanna. Við vettvangsskoðun óbyggðanefndar sást glögg að Lambafjöll eru að stærstum hluta ágætlega gróin.

Óbyggðanefnd telur að framangreindar heimildir og staðhættir bendi til þess að merki landsvæða vestan og austan Lambafjallasvæðisins og norður undir Reykjaheiði hafi náð þar saman, fremur en að þau lægju umhverfis fjöllin með rótum þeirra, svo sem haldið hefur verið fram af hálfu íslenska ríkisins. Umræddur hluti af þjóðlendukröfuvæði íslenska ríkisins í máli þessu telst því allur innan merkja jarða.

Verður þá næst fjallað sameiginlega um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka,



afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir þær jarðir sem hér eru til umfjöllunar voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882. Svo sem að framan er rakið benda fyrirbyggjandi gögn ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf þeirra eru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem hér geti skipt máli. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur jarðanna hafa um langa hrið haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að land á þessu svæði hafi a.m.k. verið numið að hluta. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Jarðir þær sem hér um ræðir liggja að öðrum jörðum, þar á meðal á fjöllum uppi. Heimildir um afréttarnot á þessu svæði eru almenns eðlis og endurspeгла fremur beitarnot á hálendari hlutum jarðanna. Þær benda ekki til þess að land innan merkjalýsinga jarða á þessu svæði hafi haft stöðu afréttar að lögum. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Ekki eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlendu-kröfusvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra og verða staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjallendis jarðanna hafi, eðli máls samkvæmt, verið takmarkaðri en láglendis þeirra, leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til

þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>460</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar um merki felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur jarðanna Geitafells, Langavatns, Klambarsels og Brúnahlíðar, Bláhvamms og Laufahlíðar (Brekknakots), Reykjatorfu, Þverár, Skóga og Skógahlíðar gera eignarlandskröfur til, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig alíð 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.4 Skörð, Skarðaborg, Einarstaðir, Húsavík og hluti jarða á Tjörnesi, frá Grísatungu að Grasafjöllum**

### **6.4.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Skarða, Skarðaborga, Húsavíkur, Héðinshöfða og Syðri-Tungu gera kröfur til sem eignarlands síns. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1 og kröfum gagnaðila þess í köflum 3.9–3.12. Þá er kröfum vegna Hringvers lýst í kafla 3.13 og kröfum vegna Ytri-Tungu 1 og 1A í kafla 3.14. Þess skal getið að undir rekstri málsins breytti íslenska ríkið staðsetningu á punkti nr. 8 (vestasta varða á Biskupsásí) á kröfulínukorti og færði hann nokkru vestar. Í kjölfarið var því lýst yfir af hálfu eigenda jarðarinnar Fjalla í Kelduhverfi að kröfulína ríkisins næði ekki lengur inn fyrir merki Fjalla, heldur lægi þar í vesturmerkjum. Þeir teldu sig því ekki lengur eiga aðild að málinu. Um staðsetningu umræddrar vörðu er ágreiningur á milli annars vegar eiganda Fjalla og hins vegar eigenda Syðri-Tungu, Hringvers og Ytri-Tungu 1 og 1A á Tjörnesi. Hinir síðarnefndu telja vörðuna liggja austar en íslenska ríkið miðar við á kröfulínukorti sínu. Eigendur Hringvers og Ytri-Tungu 1 og 1A hafa því haldið áfram aðild sinni að málinu, þrátt fyrir framangreinda breytingu íslenska ríkisins.

Þar sem íslenska ríkið hefur nú staðsett kröfulínu sína þannig að hún skarast ekki lengur við kröfuvæði Fjalla, Hringvers og Ytri-Tungu telur óbyggðanefnd ekki þörf á sérstakri umfjöllun um þau svæði hér. Merki Fjalla og Hringvers gagnvart þeim kröfusvæðum jarðeigenda sem lína ríkisins sker koma þó til skoðunar í því samhengi en Ytri-Tunga liggur fjær.

Landsvæði það sem um er deilt liggur í Grasafjöllum, Búrfelli, Grísatungufjöllum og á Reykjaheiði. Svæðið er víðast hvar 3–5 km breitt frá austri til vesturs, um 15 km langt frá norðri til suðurs og fjarlægð til sjávar á bilinu 8–16 km. Syðst er breitt skarð í um 360 m hæð, á milli Höfuðreiðarmúla og Grísatungna, en við Grísatungur hækkar land skarpt. Þar norður af taka við snjósæl Grísatungufjöllin (um

<sup>460</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

700 m) og norður af þeim eru Gyðuhnjúkur og Búrfell (761 m). Enn norðar liggja Grasafjöll sem fara lækkandi til norðurs.

#### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggja utan landnáms. Engar landnámslýsingar virðist ná til Grísatungu- og Grasafjalla. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd og/eða fjalllendi, og ekki líkur á að þau hafi verið numin í öndverðu.

Varðandi Syðri-Tungu, Héðinshöfða, Húsavík og Skörð er á því byggt að merki þeirra nái ekki austar en að 500 metra hæðarlínu. Ekki er talið að í merkjalýsingu Syðri-Tungu frá 1883, þar sem vísað er til „til fjalls á móts við þá er land eiga að austan“, felist eignarréttartilkall umfram þjóðlendukröfulínu. Þá sé landamerkjabréf Syðri-Tungu einungis samþykkt vegna jarða sem liggja vestanvert á Tjörnesi. Eldri heimildir og landamerkjabréf Héðinshöfða frá 1885 styðji ekki eignarréttartilkall austan Búrfells og Gyðuhnjúks. Heimildir greini að á þessu svæði séu afréttarlönd, m.a. Reykja- og Tunguheidi, sbr. Sýslu- og sóknalýsingu Þingeyjasýslna, um Húsavíkursókn 1842. Ekki sé fallist á landamerkjalyýsingu Húsavíkur frá 1885 umfram Gyðuhnjúk, sem ekki eigi sér stoð í eldri heimildum. Merkjalýsingin sýnist taka yfir afrétti í Framfjöllum og Grísatungufjöllum. Hafnað sé lýsingu í landamerkjabréfi Skarða frá 1892 um eignarhald austan Höfuðreiðarmúla. Ekki sé viðurkenndur eignarréttur Skarða austan við Höskuldsvatn á Reykjaheidi, en hún teljist til samnotaafréttar.

Eigendur Skarða og Skarðaborgar hafa krafist þess að kröfum íslenska ríkisins gagnvart jörðum þeirra sé vísað frá óbyggðanefnd. Því er haldið fram að ríkið hafi ekki uppfyllt skilyrði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 sem skyldi ríkið til að leggja fram þær heimildir og gögn sem það byggji rétt sinn á og rökstyðja kröfur sínar ítarlega. Fullyrt sé af hálfu ríkisins að nám landnámsmanna hafi legið utan við þjóðlendukröfulínu. Þá sé því haldið fram að umrædd lönd séu afréttarlönd og hafi því ekki verið undirorpin beinum eignarrétti. Þessi rök íslenska ríkisins séu ekki studd neinum gögnum. Því er mótmælt að eingöngu dalir og hlíðar þeirra hafi verið numin í öndverðu eins og ríkið haldi fram.

Til stuðnings eignarréttarkröfu sinni halda eigendur Skarða og Skarðaborgar því fram að hafa beri í huga þá viðurkenndu sönnunarreglu íslensks eignarréttar að sá sem fari með fullkomin umráð landareignar, hafi gert það um áratuga skeið og hafi þinglýsta eignarheimild að landsvæðinu í hendi, þurfi ekki frekari sönnunargagna við heldur hvíli sönnunarbyrðin alfarið á þeim sem véfengi slíkar eignarheimildir landeigandans. Krafa íslenska ríkisins sé ekki studd neinum sögulegum sönnunargögnum né heldur réttarlegum gögnum. Engan lagalegan rökstuðning sé að finna fyrir því hvers vegna eignarréttur eigenda umræddra jarða samkvæmt þinglýstum landamerkjabréfum skuli víkja.

Umræddir gagnaðilar ríkisins halda því fram að fullur hefðartími sé liðinn frá því að landamerkjabréf voru gerð fyrir umræddar jarðir og enginn hafi getað notað landið nema eigendur þess á hverjum tíma. Öll nýting annarra aðila á þessu landi hafi ávallt verið háð leyfi frá eigendum. Þeir hafi þannig samkvæmt framlögðum þinglýstum heimildum óskoraðan eignarrétt fyrir þessu eignarlandi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Eigendur Skarða og Skarðaborgar halda því einnig fram að það landsvæði innan jarða þeirra sem þjóðlendukrafa ríkisins tekur til hafi verið nytjað óslitið frá örófi samhliða nýtingu á öðru landi sem tilheyrir þessum jörðum og til þessa hafi þetta land aldrei verið talið til afreittar. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land innan landamerkja samkvæmt landamerkjabréfum hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá hafi eigendur þess um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé þar rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Við þær eignarheimildir sem þeir byggja nú á hafi verið miðað í almennum samskiptum milli jarðareigenda sem og í samskiptum við íslenska ríkið og stofnanir þess í meira en öld. Engar athugasemdir hafi komið fram af hálfu ríkisvaldsins við landamerkin og hafi jarðirnar verið skattlagðar með hliðsjón af þessum landamerkjum. Þá hafi jarðirnar verið veðsettar með hliðsjón af þeim löndum sem þeim tilheyrir og engar athugasemdir hafi komið fram um stærð þeirra af hálfu lánveitenda sem í mörgum tilvikum hafi verið lánastofnanir á vegum íslenska ríkisins.

Af hálfu eigenda Húsavíkur er mótmælt þeirri staðhæfingu ríkisins að nám landnámsmanna hafi legið utan við þjóðlendukröfulínu. Örnefnisins Húsavíkur sé getið í Landnámu, í landnámslýsingu þeirra bræðra Héðins og Höskuldar Þorsteinssona sem hafi numið land fyrir innan Tunguheiði og lönd öll fyrir austan Laxá. Vart sé hægt að skilja lýsingu á vestari landnámsmörkum bræðranna Héðins og Höskuldar öðru vísi en um sé að ræða allt land austan Laxár allt til Mývatns. Því er mótmælt að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðanna verði dregin í efa.

Vísað er til þinglýstrar landamerkjalyýsingar Húsavíkur og því haldið fram að hún nái á móti lýsingu Fjalla í Kelduhverfi án þess að á því leiki nokkur vafi. Komi það skýrt fram í lýsingunni sjálfri auk þess sem eigandi Fjalla áriti hana með samþykki sínu. Landamerkin séu samþykkt af eigendum allra aðliggjandi jarða, þinglýst og færð í landamerkjabók. Gagnstætt því sem haldið sé fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins séu ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hennar hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland almennt. Fjalllendið hafi þar ekki verið undanskilið. Engin gögn bendi til þess að land austan kröfulínu íslenska ríkisins, innan merkja

jarðarinnar Húsavíkur, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land innan merkja hennar.

Bent er á að það hafi fyrst verið við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919 að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða hafi ekki orðið til fyrr en í kjölfar setningar landamerkjalaga. Byggt sé á eignarheimildum sem eigi grundvöll í fyrrgreindum lögum. Því er haldið fram að athugasemdalausri landamerkjálýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar.

Visað er til þess að málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest sé í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að axla hana. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga.

Umræddir gagnaðilar ríkisins halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur þeim þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Gagnaðilar minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Þeir hafi þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt þá í þeirri trú.

Til vara byggja umræddir gagnaðilar ríkisins á því að þeir hafi hefðað landið, enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Af hálfu eigenda Syðri-Tungu og Héðinshöfða er því haldið fram að sú afstaða ríkisins að viðurkenna ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum, hefð, venju eða öðrum sögulegum heimildum. Byggt sé á þinglýstum landamerkjum sem gerð hafi verið fyrir fjórum kynslóðum og öðrum eldri gögnum um jarðirnar. Landamerkin hafi verið skráð og þinglesin og þar með staðfest af þar til bærum valdsmanni og hafi síðan verið virt af hinu opinbera valdi og einkaaðilum. Gögn þessi hafi síðan verið fullkomin sönnun um eignarrétt að jörðunum og um merki þeirra. Þá hafi lánastofnanir hins opinbera og einkaaðila byggt traust á þessum gögnum og eigendur jarða verið skattlagðir samkvæmt þeim. Eigendur jarðanna hafi mátt treysta því að ríkið breytti ekki afstöðu sinni til landamerkjanna eftir allan þennan tíma. Á því er byggt að núverandi eigendur séu í góðri trú um eignarheimildir sínar og landamerki. Þeir hafi ekki staðið að gerð þeirra og þeim sé ekki nákvæmlega kunnugt um hvaða gögn hafi verið fyrir hendi þegar

landamerkin hafi verið gerð. Góð trú þeirra njóti lagaverndar en því til stuðnings er vísað til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu.

Því er haldið fram að séu umræddar eignarheimildir ekki fullnægjandi sönnun um beinan eignarrétt þá verði hann talinn sannaður með eignarhefð, enda hafi verið í gildi ákvæði um eignarhefð í íslenskum lögum allt frá árinu 1281. Merki jarðanna séu skýrt afmörkuð í landamerkjabréfum og ekki sé umdeilt að eigendur hafi nýtt land jarðanna með þeim hætti sem aðstæður hafi leyft á hverjum tíma. Hafnað er því viðhorfi ríkisins að ekki hafi verið unnt að stofna til eignarréttar með *occupatio* yfir einskis manns landi eftir lögtöku Jónsbókar 1281. Það sé fyrst með lögtöku Þjóðlendulaga sem það sé óheimilt.

Því er mótmælt að ríkið geti byggt kröfulínu sína á óljósum lýsingum Landnámu en þar sé aðallega getið um hverjir námu hvað en ekki nákvæmlega fjallað um landamerki numinna jarða. Mótmælt er þeim skilningi ríkisins að þögn Landnámu um nákvæma stærð landnáms jarðanna inn til landsins sé túlkuð með þeim hætti sem ríkið geri. Þá er bent á að veður- og gróðurfar hafi verið annað og hagstæðara á landnáms tíma en síðar varð og byggð landsins og nýting verið með allt öðrum hætti. Byggðin hafi náð upp í 6–700 metra hæð, eins og nýjar rannsóknir fornleifafræðinga sanni.

#### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Skarða og Skarðaborgar, Húsavíkur, Héðinshöfða og Syðri-Tungu, er rakin í köflum 5.9 til 5.12. Þá er saga Fjalla í Kelduhverfi rakin í kafla 5.13. Af þeim heimildum sem þar er getið er ljóst að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.<sup>461</sup> Þriggja þeirra er getið í Landnámu en þeirra sér að öðru leyti fyrst stað í heimildum frá 14. og 15. öld. Hið síðastnefnda á einnig við um þá fjórðu.

Frávísunarkröfur gagnaðila íslenska ríkisins eru einkum byggðar á því að kröfugerð íslenska ríkisins sé hvorki nægilega skýr né nægilega vel rökstudd sbr. m.a. 4. mgr. 10. gr. Þjóðlendulaga nr. 58/1998. Íslenska ríkið hefur fært fram gögn til stuðnings kröfum sínum og staðsett kröfulínuna með vísan til kennileita. Óbyggðanefnd telur málatilbúnað ríkisins nægilega skýran til að unnt sé að taka kröfurnar til efnislegrar meðferðar. Kröfum gagnaðila íslenska ríkisins um frávísun er því hafnað.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum þeirra og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Talið frá suðri eru þetta Skörð, ásamt Skarðaborg og Einarstöðum, í Reykjahverfi í Norðurþingi, Húsavík, einnig í Norðurþingi, og Héðinshöfði og Syðri-Tunga í Tjörneshreppi. Athugun þessi tekur til austurmerkja jarðanna, að því leyti sem þau

<sup>461</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem samkvæmt kröfulýsingum í máli þessu liggja að framangreindri jarðaröð, þ.e. frá Skörðum að sunnanverðu og til Syðri-Tungu að norðanverðu. Þar liggur jörðin Fjöll í Kelduhverfi til austurs, Skógar eru sunnan Skarða og Hringver norðan Syðri-Tungu. Loks eru Þeistareykir austan Skóga og sunnan Fjalla, með hornmark að Skörðum. Að fenginni niðurstöðu um landamerki umræddra jarða með tilliti til þjóðlendukröfusvæðis ríkisins verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem deilt er um.

Þar sem jörðin Fjöll á vesturmerki á móti kröfusvæðum allra framangreindra jarða, frá Skörðum í suðri og að Syðri-Tungu í norðri, verður hér fyrst gerð grein fyrir heimildum um merki hennar, sbr. kafla 5.13.

Í landamerkjabréfi Fjalla og Auðbjargarstaða frá 1889 sem þinglesið var 23. júní 1890, er vísað í merkjadóm frá 1887. Merkjum að sunnan og vestan er lýst svo: „[...] úr Rauðhól til vesturs eftir Bláskógaveginum á Sæluhús, þaðan beina stefnu norðvestur í svonefndum olboga í miðju Jóhannesargili, þaðan beina stefnu til norðurs eftir háfjallgarðinum í vestustu vörðu á Biskupsás á Tunguheiði.“ Landamerkjabréf Fjalla er áritað vegna Skarða, Húsavíkur, Héðinshöfða og Þeistareykja en áritun skortir vegna Syðri-Tungu. Ekki eru fyrir hendi aðrar lýsingar fyrrsvarsmanna Fjalla á vesturmerkjum en í nokkrum heimildum um aðliggjandi landsvæði er vikið að þeim. Ber þar sérstaklega að geta um lýsingu Bjarna Jónssonar á landamerkjum Skarða 1652 og ítrekaðar lýsingar á merkjum Húsavíkur. Þessar heimildir renna stoðum undir að land Fjalla sé rétt afmarkað í landamerkjabréfinu. Þá er sérstaklega til þess að líta að í máli þessu hefur íslenska ríkið ekki gert þjóðlendukröfu inn fyrir landamerki Fjalla samkvæmt bréfinu. Verður þannig lagt til grundvallar að þar sé landamerkjum jarðarinnar rétt lýst.

Næst verður fjallað um Skörð, sem liggur syðst þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar. Merkjum Skarða er lýst í landamerkjabréfi frá 8. febrúar 1892, sem þinglýst var 1. júní 1885. Þar er suðurmerkjum, gagnvart jörðinni Skógum, lýst svo til austurs: „[...] Frá vörðunni ræður bein stefna sunnan á Grýluhól. Síðan ræður bein stefna eftir tveim vörðum, er hin eystri norðvestan við Bjarnaröxl og til austurs norðanvert á Höfuðreiðarmúla, og þaðan beint á sæluhús.“ Bréfið er m.a. áritað um samþykki vegna Skóga, Þeistareykja, Fjalla og Húsavíkur. Í landamerkjabréfi Skóga frá 28. maí 1892 sem þinglesið var 1. júní sama ár er norðanverðum merkjum jarðarinnar lýst á þann veg að „[...] Frá vörðunni ræður bein stefna sunnan á Grýluhól. Síðan ræður bein stefna eftir tveim vörðum, er hin eystri norðvestan við Bjarnaröxl, síðan sama stefna utan í Bjarnaröxl til austurs norðan vert við Höfuðreiðarmúla.“ Bréfið er áritað vegna Skarða.

Landamerkjabréfum Skóga og Skarða ber þannig saman um að jarðirnar eigi merki norður fyrir Höfuðreiðarmúla og gagnkvæmar áritanir eru til staðar. Landamerkjum Skóga og Skarða er fyrst lýst í lýsingu séra Bjarna Jónssonar á

landamerkjum Skarða við sölu jarðarinnar 1652. Þar kemur fram að fyrir sunnan Skörð ráði landamerkjum Skógaá, sem falli milli Skóga og Skarða. Þá segir að Skörðum fylgi „allt samfast land Grísatungur og allt austur að sæluhúsinu á móts við Fjallamenn.“ Lýsingu þessari ber þannig saman við landamerkjabréfið sem útbúið var 240 árum síðar um að land Skarða nái austur að Sæluhúsmúla og jörðin eigi landamerki gagnvart Fjöllum. Í dómi merkjadóms frá 14. september 1888 í landaþrætumáli milli eigenda Skóga og Skarða er dæmt um landamerki milli jarðanna og kveðið á um að austanverðu sé tekin bein stefna úr garðinum laust fyrir sunnan Grísatungur, austur í Sæluhús. Dómurinn er þannig í samræmi við lýst merki milli Skóga og Skarða í landamerkjabréfum jarðanna sem útbúin voru fjórum árum síðar.

Í ódagsettu og óþinglýstu skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykjaafreitar“, og talið er gert í kjölfar sölu Þeistareykja 1915 er norðanverðum mörkum Þeistareykja lýst „[...]um Rauðhól eftir Bláskógavegi um Sæluhús í Höfuðreiðarmúla“ og vesturmörkunum „[...]úr Höfuðreiðarmúla um há Lambafjöll í Gustahnjúk.“ Bréfið er m.a. samþykkt vegna Skóga, Skarða og Fjalla.

Merkjum Þeistareykja samkvæmt framangreindum heimildum ber þannig í aðalatriðum saman við lýst merki Skóga og Skarða austan Höfuðreiðarmúla í Sæluhúsmúla (Skörð). Jafnframt ber landamerkjabréfi Fjalla, sem áður var gerð grein fyrir, saman við lýst merki Þeistareykja og Skarða. Gagnkvæmar áritanir styðja enn fremur að þau lönd sem lýst er í bréfunum hafi legið saman.

Þeim heimildum sem raktar hafa verið ber þannig saman um að Skógar, Skörð, Fjöll og Þeistareykir eigi sameiginlegt hornmark í Sæluhúsmúla.

Norðurmerkjum Skarða, gagnvart Húsavík, er lýst svo til austurs: „[...]Í Tvívörður á Eystri-hamarbrekku. Þaðan ræður bein stefna um norðanvert Höskuldsvatn í drag það sem gengur upp af vatninu; ræður svo drag það í Nykurtjörn, og síðan sama stefna til háhryggja Grísatungufjalla og ráða síðan fjöllin beina stefnu yfir Olnboga í Jóhannsgil að sæluhúsi.“ Merkjum Húsavíkur er lýst í landamerkjabréfi frá 2. desember 1885 og þingl. 15. maí 1886. Þar segir svo um suðurmerki: „[...] frá vörðu austast í Hnjúkum bein stefna í Rauf fyrir ofan norðurenda Höskuldsvatn [svo], síðan stefna í Nikurtjörn og austur að Fjallalandi í Kelduhverfi.“ Austurmerkjunum er lýst þannig: „Að austan, móts við Fjöll í Kelduhverfi, bein stefna á milli austur [...] endanna á landamerkjalinunum fyrir norðan og sunnan.“ Bréfið er áritað vegna Skarða, Héðinshöfða og Fjalla.

Lýstum merkjum samkvæmt landamerkjabréfum Skarða og Húsavíkur ber þannig saman um að merki jarðanna liggi austur fyrir Nykurtjörn og austur að landi Fjalla. Gagnkvæmar áritanir á landamerkjabréf Skarða, Húsavíkur og Fjalla styðja enn fremur að þau lönd sem þar er lýst hafi legið saman. Eldri lýsingar nefna ekki merki Skarða gagnvart Húsavík en í lýsingu seljanda frá sölu Skarða árið 1652 segir þó að merki liggja „[...] til fjalls uppá móts við Saltvíkurland [...]“. Svo sem rakið er í kafla 5.10. hér að framan eru fyrir hendi margar heimildir um landamerki Húsavíkur, eldri



en landamerkjabréf jarðarinnar. Í lögfestum frá árunum 1644, 1680, 1712, 1739, 1745, 1751, 1772, 1821 og 1850 er merkjum Húsavíkur lýst austur til móts við Fjallaland í Kelduhverfi, þótt merkjunum til suðurs, gagnvart Skörðum, sé ekki lýst sérstaklega. Þannig eru fyrir hendi alls níu heimildir eldri en landamerkjabréf Húsavíkur um að jörðin eigi landamerki gagnvart Fjöllum. Það er öndvert við þann málatalibúnað íslenska ríkisins að landamerkjalyking Húsavíkur „umfram Gyðuhnjúk“ eigi ekki stoð í eldri heimildum. Ítrekuð lýsing landamerkja Húsavíkur til móts við Fjallaland rennir frekari stoðum undir að land Húsavíkur, Skarða og Fjalla sé rétt afmarkað í landamerkjabréfum jarðanna.

Heimildunum sem raktar hafa verið ber þannig saman um að land Húsavíkur og Skarða nái austur að landi Fjalla.

Norðurmerkjum Húsavíkur, gagnvart Héðinshöfða, er lýst svo: „[...] yfir Álftatjarnir, eftir tveimur vörðum í vörðu austan við Álftatjarnir, þaðan móts við Héðinshöfða, er stefna utan við [strikað yfir Grænutjarnir] Syðri-Grænur í utanverðan Gyðuhnjúk; síðan sama stefna austur að Fjallalandi í Kelduhverfi.“ Merkjum Héðinshöfða er lýst í landamerkjabréfi frá 5. júní 1885 sem þinglýst var 15. maí 1886. Suðurmörkunum er lýst svo: „[...] rétt norður undir svokölluðum Hafnarás; liggur svo merkjalínan þaðan beina stefnu í Gyðuhnjúkskoll utanverðan.“ Og austurmerkjunum: „Að austan ráða innan áðurgreindra örnefna, að sunnan Gyðuhnjúkskolls og að norðan Búrfellsár, takmörkin á milli Keldunesshrepps og Húsavíkurhrepps.“

Landamerkjabréfum Húsavíkur og Héðinshöfða ber þannig saman um að merki jarðanna liggja saman og nái austur að landamerkjum Fjalla. Fyrrgreint landamerkjabréf Fjalla mælir því ekki í mót. Gagnkvæmar áritanir á landamerkjabréf Húsavíkur og Héðinshöfða annars vegar og Húsavíkur og Fjalla hins vegar, auk áritunar eiganda Héðinshöfða á landamerkjabréf Fjalla styðja enn fremur að merki jarðanna liggja saman. Þegar er greint frá lýsingum níu lögfestna Húsavíkur á merkjum þeirrar jarðar austur að landi Fjalla. Í átta þeirra er austanverðum norðurmerkjunum lýst „vt vnder Hiedinsshofda land til heidar, fyrr austann Backaland.“ og í þeirri elstu frá 1644 er merkjunum lýst með sama hætti hvað þetta varðar nema orðin „til heidar“ er þar ekki að finna.

Lýsing landamerkjabréfanna á merkjum Húsavíkur og Héðinshöfða austur að landi fjalla nýtur þannig stuðnings eldri heimilda um merki Húsavíkur og eldri heimildir um merki Héðinshöfða mæla þeirri lýsingu ekki í mót.

Norðurmerkjum Héðinshöfða, gagnvart Syðri-Tungu, er lýst þannig: „[...] nyrðri brúnar Sandheiðar (þó nokkuð sundurslitinn) liggur svo merkjalínan með eftir áminnstri heiðarbrún og þaðan beina stefnu í Búrfellsá þar sem hún fellur í Kölduhvísl, ræður svo téð Búrfellsá svo langt sem hagi nær austur.“ Sem fyrr segir er því síðan lýst í bréfinu að austurmerkjunum ráði takmörkin milli Keldunesshrepps og Húsavíkurhrepps. Bréfið er áritað vegna Húsavíkur en ekki vegna Syðri-Tungu og Fjalla. Jörðin Syðri-Tunga liggur norðan Héðinshöfða og lýst merki jarðanna liggja

saman að austanverðu. Merkjum Syðri-Tungu er lýst í landamerkjabréfi frá 23. júní 1883 sem þinglýst var 15. maí 1886. ... „Að sunnan ræður svonefnd Kaldakvísl frá sjó að svokallaðri Búrfellsá, þar ræður Búrfellsá til fjalls móts við Héðinshöfða land.“ Bréfið er áritað vegna nokkurra annarra aðliggjandi jarða en ekki vegna Héðinshöfða og Fjalla. Landamerkjabréfum Héðinshöfða og Syðri-Tungu ber þannig saman um að Búrfellsá ráði mörkum milli jarðanna að austanverðu. Skortur á gagnkvæmum áritunum á landamerkjabréf Héðinshöfða og Syðri-Tungu hefur því ekki efnislega þýðingu við úrlausn málsins.

Í kafla 5.11 eru raktar þær heimildir sem fyrir hendi eru um afmörkun Héðinshöfða. Af vitnisburði vegna skipta á Hafrafellstungu og Héðinshöfða 1569 verður ekkert ráðið um afmörkun jarðarinnar til austurs en þar er talað um að gamli Reyðarárfarvegurinn ráði mörkum að sunnan og hæðir fyrir utan Hnefadal að norðan. Mótmæli eiganda Héðinshöfða við lögfestu Raufar 1850 veita heldur ekki frekari vísbendingar hvað þetta varðar. Því eru ekki fram komnar eldri heimildir en landamerkjabréf Héðinshöfða um afmörkun jarðarinnar til austurs. Sama gildir um Syðri-Tungu en ekki nýtur við eldri heimilda en landamerkjabréfs jarðarinnar um afmörkun hennar til austurs.

Af því sem að framan er rakið má sjá að gagnkvæmar áritanir eru víðast hvar fyrir hendi á landamerkjabréfunum en vantar þó hvað varðar landamerki Syðri-Tungu gagnvart Héðinshöfða og Fjöllum. Þá skortir áritun vegna Fjalla á landamerkjabréf Héðinshöfða en bréf Fjalla er hins vegar áritað vegna Héðinshöfða. Landamerkjabréfum Héðinshöfða og Syðri-Tungu ber saman um að Búrfellsá ráði mörkum milli jarðanna að austanverðu. Í merkjalýsingu Héðinshöfða er það orðað svo að áin ráði „svo langt sem hagi nær austur“ og í merkjalýsingu Syðri-Tungu svo að hún ráði „til fjalls móts við Héðinshöfða land.“ Merkjum Héðinshöfða er, sem fyrr segir, lýst austur að hreppamörkum Kelduneshrepps og Húsavíkurhrepps. Jörðin Fjöll er vestasta jörðin í fyrrum Kelduneshreppi og landamerkjum hennar er lýst hér að framan. Þá er sem fyrr greinir merkjum Syðri-Tungu lýst „móts við þá sem land eiga að austan.“ Allt veitir þetta vísbendingu um að eigendur og umráðamenn Syðri-Tungu, Héðinshöfða og Fjalla hafi litið svo á að merki jarðanna lægju saman. Áritun eiganda Héðinshöfða á landamerkjabréf Fjalla rennir frekari stöðum undir það.

Norðurmerkjum Syðri-Tungu, gagnvart Hringveri, er lýst „[...] austur veginn að læk þeim, sem hefir upptök sín austanvert við Núpsdranga þar sem vegurinn liggur yfir hann (hvar líka er hlaðin dys, á sama hátt og hin er að ofan er getið), þaðan ræður lækurinn til uppsprettu og bein lína þaðan til fjalls, móts við þá er land eiga að austan.“ Bréfið er m.a. áritað vegna Hringvers. Merkjum Hringvers er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 30. mars 1886 sem þinglýst var 15. maí sama ár. Þar er suðurmerkjum jarðarinnar lýst svo: „[...] austur heiðarvegin allt að vaði á læk þeim, sem hefir upptök sín austan vert við Núpsdranga; frá vaðinu ræður lækurinn til uppsprettu, þaðan beina línu á hæstu Núpsbrún, síðan austur Núpsbrúnina [...]“

Bréfið er m.a. áritað vegna Syðri-Tungu. Landamerkjabréfum Syðri-Tungu og Hringvers ber þannig saman um að lækurinn sem hefur upptök sín austan vert við Núpsdranga ráði merkjum milli jarðanna, til upptaka, og þaðan sé dregin bein lína til fjalls.

Engra heimilda, eldri en landamerkjabréfa Syðri-Tungu og Hringvers, nýtur við um landamerkin milli jarðanna.

Landamerkjabréfin, sem rakin hafa verið, gefa til kynna að jarðir á Tjörnesi, auk Skarða í Reykjahverfi og Húsavíkur eigi landamerki gagnvart Fjöllum austan Grasafjalla og Grísatungufjalla. Bréfunum ber þannig í aðalatriðum saman um afmörkun jarðanna til fjallanna og benda til að við gerð þeirra hafi verið litið svo á að jarðirnar lægju saman á fjöllum. Skortur á gagnkvæmum áritunum á landamerkjabréf Fjalla og Syðri-Tungu og skortur á áritun eigenda Fjalla á landamerkjabréf Héðinshöfða hefur því ekki efnislega þýðingu við úrlausn málsins.

Eldri heimildir styðja lýsingar landamerkjabréfanna hvað varðar Skörð og Húsavík. Nefndar lögfestur fyrir Húsavík styðja eindregið að land jarðarinnar hafi náð austur að landi Fjalla í Kelduneshreppi. Eldri heimildir eru hins vegar fáar varðandi afmörkun Héðinshöfða og Syðri-Tungu, en mæla lýsingum landamerkjabréfanna þó ekki í mót.

Samkvæmt því sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan merkja jarða.

Verður þá næst fjallað sameiginlega um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir þær jarðir sem hér eru til umfjöllunar voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882. Svo sem að framan er rakið benda fyrirbyggjandi gögn ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf þeirra eru í flestum tilvikum samþykkt vegna aðliggjandi jarða eða öfugt þótt ekki sé leitað samþykkis yfir sveitarfélagamörk vegna Syðri-Tungu og samræmi er á milli

merkja jarða á kröfussvæðinu. Bréfin voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem máli skipti við úrlausn þessa máls. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur jarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að land á þessu svæði hafi a.m.k. verið numið að hluta. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbættar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til fráviks frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Jarðir þær sem hér um ræðir liggja að öðrum jörðum, þar á meðal á fjöllum uppi. Heimildir þær um afréttarnot sem íslenska ríkið vísar til kröfum sínum til stuðnings eru almenns eðlis og endurspeglar fremur beitarnot á hálendari hlutum jarðanna. Þær benda ekki til þess að land innan merkjalýsinga jarða á þessu svæði hafi haft stöðu afréttar að lögum. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

EKKI eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlendukröfussvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra og verða staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjallendis jarðanna hafi, eðli máls samkvæmt, verið takmarkaðri en láglandis þeirra, leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

EKKI er í málinu gerð krafa um þjóðlendu innan merkja Fjalla í Kelduhverfi af hálfu íslenska ríkisins. Undir rekstri málsins féll fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, frá þeirri kröfu auk þjóðlendukrafna til fleiri landsvæða í Kelduhverfi. Staðhættir á vestanverðu landi Fjalla eru um margt áþekkir staðháttum austanvert á landi Húsavíkur, Héðinshöfða og Syðri-Tungu, sem fjármálaráðherra, fyrir hönd

Íslenska ríkisins, hefur gert þjóðlendukröfur til. Þá nýtur við fjölda eldri heimilda um afmörkun Húsavíkur til austurs og eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis meðan ekki nýtur við viðlíka heimilda um vestanvert land Fjalla. Hvorki staðhættir né fyrirbyggjandi heimildir gefa því tilefni til að ætla að fjalllendið á austanverðu kröfusvæði Húsavíkur sé fremur þjóðlenda en fjalllendið í vestanverðu landi Fjalla. Af hálfu íslenska ríkisins hafa ekki verið færð fram haldbær rök fyrir því hvers vegna svo væri.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>462</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar um merki felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur jarðanna Skarða og Skarðaborgar, Einarstaða, Húsavíkur, Héðinshöfða og Syðri-Tungu halda fram að háð sé beinum eignarrétti þeirra, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.5 Þeistareykir

### 6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstur eigandi Þeistareykja gerir kröfu til sem eignarlands síns. Deilt er um eignarréttarlega stöðu Þeistareykja í heild sinni en afmörkun þeirra er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins að öðru leyti en því að sunnan Hrutafjalla hafa eigendur Reykjahlíðar í Mývatnssveit einnig gert kröfu um eignarland en um Reykjahlíð er fjallað í máli nr. 1/2007 hjá óbyggðanefnd. Heimildir þær sem ná til hins umrædda svæðis koma því til athugunar í báðum málum en með hliðsjón af afmörkun íslenska ríkisins á þjóðlendukröfusvæði sínu er tekin afstaða til þess hér. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1 og kröfum gagnaðila þess í kafla 3.15.

Ágreiningssvæði málsaðila er víðfeðmt og liggur frá austanverðum Lambafjöllum og suður undir Gæsafjöll, austur að Bunguvegg og norður að Lönguhlíðarenda, Eyjólshæð og Sæluhúsmúla. Svæðið er almennt vel gróið og hallalítið og liggur víðast hvar í 250-450 m hæð yfir sjávarmáli. Styst eru um 18 km frá ströndu í Öxarfirði að norðurmörkum kröfusvæðis Þeistareykja og um 15 km frá norðvesturhorni þess vestur í Saltvík. Frá norðurmörkum að suðurmörkum ágreiningssvæðisins eru um 18 km og frá vesturmörkum að austurmörkum um 16 km. Lambafjöll eru um 19 km langur fjallaklasi vestan kröfusvæðis Þeistareykja norður af Hólasandi og ná norður undir Reykjaheiði. Á þeim ber Kistufjall hæst (843 m), nálægt

<sup>462</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

miðjum fjallgarðinum. Syðst eru Þverárhorn (523 m), Gustahnjúkur (602 m) og Gustaskarð þar norðan við, milli hnjúksins og meginfjallanna. Norðan Lambafjalla, við norðvesturhorn kröfufsvæðis Þeistareykja, er Höfuðreiðarmúli en sunnan hans er Jónsnípa (452 m) og Jónsnípuskarð. Austan við Lambafjöll er um 5 km breið lægð eða dalverpi þakið hraunum og með fjölda sprungna; heitir sú stærsta Guðfinnugjá. Mælifell er stakur hnjúkur austan Lambafjalla. Norðan hans er gróðurlendi nefnt Mælifellshagi. Mörg lág eldvörp eru innan um hraunið, eins og Stórahversmór og gætir víða jarðhita. Svokölluð Þeistareykjafjöll eru þrjú aðskilin fell sem liggja í röð frá norðri til suðurs, nyrst Ketilfjall (551 m), þá Bæjarfjall (553 m) sem er nær hringlaga og stórt um sig, aðskilið frá Ketilfjalli af Bónðhólaskarði, og syðst Kvihólafjall (602 m) aðskilið frá Bæjarfjalli af Kvihólaskarði. Gróðurgeirar og skriður skiptast á í fjöllum þessum og þar er víða jarðhiti og gular brennisteinsflesjur. Valllendi og lynngróar eru víða suður með fjöllum þessum en suður af eru foksandsgeirar í Röndum norðaustur frá Hólasandi. Þeistareykjabunga (Stóra-Vítisdýngja) (564 m) tekur við norðaustur af Þeistareykjafjöllum, mikil um sig og hallalítil. Suður af Þeistareykjabungu eru skriðurunnin Þórunnarfjöll (663 m) og stakur hnjúkur sunnar sem heitir Einbúi (573 m).

### 6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggja utan landnáms. Engar lýsingar landnáma virðist ná til svæðisins sunnan Kelduhverfis, þ.m.t. Þeistareykja. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja fjarri byggðum, séu heiðarlönd og / eða fjalllendi, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta er vísað til landnámslýsinga í Kelduhverfi sem ekki greini annað en landnám í kringum Keldunes. Þá verði ekki annað ráðið af lýsingu landnáms Grenjaðar Hrappssonar en að landnám hafi takmarkast við svæðið vestan Lambafjalla og Þeistareykja.

Vísað er í máldaga Múlakirkju frá árinu 1318 þar sem minnst sé á Þeistareyki sem eign kirkjunnar. Í öðrum máldögum, vísitásium og kirknareikningum sé ítrekað vísað til Þeistareykjalands en það sé ekki tilgreint sem sérstök jörð. Bendi það til þess að umrætt svæði hafi hvorki verið numið í öndverðu, né hafi þar verið bújörð, heldur hafi verið um að ræða annars konar landsvæði, afréttarsvæði, sem kirkjan hafi talið sig hafa umráð yfir. Þeistareykir séu enda ekki landfræðilega tengdir kirkjujörðinni. Þeistareykir virðist fyrst hafa verið byggðir um miðja 16. öld en byggð þar hafi þó ætíð verið stopul vegna landfræðilegra aðstæðna og fjarlægðar frá byggð. Í lögfestu frá árinu 1712 sé talað um jörðina Þeistareyki en þó sagt að hún sé óbyggð og í eyði. Svipaða lýsingu sé að finna í lögfestu frá 1725 og 1744 og í síðari heimildum. Af þessu megi draga þá ályktun að um sé að ræða landsvæði, annað en jörð, sem tilheyrir hafi Múlakirkju frá fyrri tíð vegna afréttarhagsmuna. Takmörkuð byggð af og til breyti engu þar um. Þá sé Þeistareykjaafréttur talinn til afréttarsvæða Kelduneshrepps

í afréttarlýsingum. Nýting að öðru leyti verði ekki talin fela í sér að um jörð hafi verið að ræða sem háð hafi verið beinum eignarrétti. Þannig virðist sem að nýting brennisteins fram undir 1500 hafi verið almenn, sbr. m.a. lýsingu Ásverjasögu. Svæðið innan kröfulínu ríkisins sé samnotaafréttur fyrir búfé, utan eignarlanda einstakra jarða, auk þess sem fjarlægð frá byggð, staðhættir að öðru leyti og landfræðilegar aðstæður, svo sem stærð, styðji að um þjóðlendu sé að ræða.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á því að Þeistareykir séu forn jörð þó ekki sé þeirra getið í Landnámu. Líklegt sé að land jarðarinnar hafi verið innan landnáms Höskuldar Þorsteinssonar sem numið hafi lönd öll fyrir austan Laxá og hugsá megi sér að þar sem landnám Höskuldar takmarkist af Laxá að vestan sé líklegt að landnám hafi takmarkast á aðrar hliðar af landnámi í Mývatnssveit og Kelduhverfi, að ógleymdu landnámi Héðins, bróður Höskuldar, á Tjörnesi. Raunar sé það svo að lýsing á landnámi Grenjaðar Hrappssonar virðist stangast á við landnámslýsingu Höskuldar og vakni spurningar um hvernig beri að skýra orðalagið „Laxárdal að neðan“. Því hafi verið slegið föstu að Kraunaheiði sé þar sem nú heitir Múlaheiði. Í mynni Þegjandadals standi bærinn Kraunastaðir, sem lengi hafi verið hjáleiga frá Múla og hafi verið talið að heiðin sunnan og vestan bæjarins hafi dregið nafn sitt af honum í stað höfuðbólsins sjálfs, sem þó væri nærtækara. Sögnin að krauna merki að suða eða klíða og stutt sé í sögnina að krauma. Til sé sú heiði norðanlands þar sem kraumi og suði í leirhverum, en það sé Reykjaheiði og á þeirri heiði sé land jarðarinnar Þeistareykja. Þeirri kenningu sé því varpað fram að Kraunaheiði sé í raun þar sem nú heitir Reykjaheiði. Múlaheiði og Þorgerðarfjall hafi saman borið nafnið Þorgerðarfell (í fleirtölu) og liggi Þegjandadalur þeirra á milli. Orðalagið „Laxárdal að neðan“ merki því Laxárdal fyrir neðan Reykjaheiði, þ.e. Þeistareyki, eða Lambafjöll. Landnám Grenjaðar gæti þannig hafa verið beggja megin Laxár og því til stuðnings er bent á það að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sé jörðin Geitagerði (Geitafell) sögð vera heimaland Grenjaðarstaða. Ekki sé það tíundað sérstaklega en jarðirnar Langavatn og Klambasel, sem séu næstu jarðir fyrir norðan Geitafell, hafi um langan aldur verið í eigu Grenjaðarstaða. Fyrrgreindar jarðir séu allar fyrir austan Laxá og þess vegna í landnámi Höskuldar Þorsteinssonar. Þannig gæti hugsast að Grenjaður hafi numið land á undan Höskuldi og Héðni og þeir því numið land fyrir innan Tunguheiði og austan Laxá en landnámið takmarkast af landnámi Grenjaðar að sunnan. Þeistareykir hafi lengi tilheyrt kirkjunni í Múla í Aðaldal og land Múla verði að teljast innan landnáms Grenjaðar, enda stutt milli Grenjaðarstaða og Múla. Eigendur Múla hafi eignast Þeistareyki þegar landnáminu hafi verið skipt í smærri einingar eða kirkjan í Múla eignast jörðina fyrir löggerning sem nú sé glataður en vitað sé að Múlakirkja hafi talið Þeistareyki meðal eigna sinna í máldaga frá 1318.

Mótmælt er þeirri fullyrðingu íslenska ríkisins, að sýnt sé að nám landnámsmanna hafi legið utan við þjóðlendukröfulínu, sem rangri og ósannaðri.

Fram komi í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar og hafi þessar niðurstöður verið staðfestar af dómstólum. Þá er mótmælt þeim fullyrðingum íslenska ríkisins að ólíklegt verði að teljast að land Þeistareykja hafi verið numið og að hvergi greini að landið hafi verið beinum eignarrétti undirorpið. Þessu er mótmælt, auk þeirra röksemda sem að baki búi, sem röngu og ósönnuðu. Máldagar, sem íslenska ríkið vísi í, séu formfastir gerningar. Elstu rituðu heimildina um Þeistareyki sé að finna í Auðunarmáldaga frá 1318 en þar sé jörðin talin upp meðal sjálfstæðra jarða í eigu staðarins. Þetta sjáist og berlega í yngri máldögum og því er þannig mótmælt að heimildir greini ekki frá því að land jarðarinnar Þeistareykja hafi verið beinum eignarrétti undirorpið.

Bent er á að í vísitásiubréfi Jóns biskups frá árinu 1431 segi að kirkjan í Múla eigi selför í Þeistareykjaland. Óleyfilegt sé hins vegar að reisa sel í afrétti, sbr. 46. kapitula Búnaðarbálks Jónsbókar. Heimilt hafi verið að reisa sel í almenningum en Þeistareykjaland verði ekki flokkað sem almenningur enda mat íslenska ríkisins að landið sé innan afréttarsvæða. Í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá árinu 1461 sé Þeistareykja getið á undan jörðinni Vindbelg við Mývatn og Knútsstöðum í upptalningu yfir jarðeignir Múlakirkju. Þar greini frá því að landskuld af hjáleigum Múlastaðar hafi verið 4 merkur en aðrar 4 merkur í landskuld utan garðs ef lýkst af Þeistareykjum. Þetta sé ótvíræð heimild um að fyrir 1461 hafi Þeistareykir verið byggðir leiguliða og landskuld reiknuð svo að jörðin hafi verið metin til verðs og tíunduð. Þá sé þess getið í eignaskrá Hólastóls í Sigurðarregistri frá árinu 1550 að biskupsstóllinn hafi átt fjögur kúgildi á Þeistareykjum og sé það ótvíræð heimild um að jörðin hafi verið byggð. Af framangreindu, auk annarra heimilda úr íslensku fornbréfasafni, megi ráða að minnsta kosti tvennt. Annars vegar að Þeistareykir hafi verið jörð, metin til verðs, byggð leiguliðum og greidd af henni landskuld og leiga. Hins vegar að Þeistareykir hafi verið sjálfstæð jörð og ekki hluti af heimalandi Múla, eins og látið sé í veðri vaka í kröfulýsingu íslenska ríkisins.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sé greint frá því að jörðin Þeistareykir sé nýlega komin í eyði, þ.e. árið 1710. Jörðin hafi verið metin á 20 hundruð og landskuld eitt hundrað, kúgildi hafi verið þrjú og leiga hafi verið greidd í smjöri til Múlastaðar. Þá segir m.a. að kvaðir séu engar á jörðinni en þó sé þess getið að jörðin sé brúkuð til slægna af prestinum í Húsavík með leyfi Múlaprests.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Þeistareykja er rakin í kafla 5.14. Svo sem þar kemur fram er Þeistareykja fyrst getið í heimildum frá 14. öld. Búseta hefur snemma orðið stopul og landið lengi verið nýtt til sumarþeir.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í þeim heimildum sem fjalla um landamerki Þeistareykja. Þar sem Þeistareykir, eins og þeim er lýst í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins, eru að öllu leyti innan þjóðlendukröfufusvæðis ríkisins tekur



athugun þessi til heildarmerkja. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu er m.a. byggt á skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykja afréttar“. Það er ódagsett og óþinglýst en líklegt er að það sé gert eftir sölu Þeistareykja 1915, til Aðaldælahrepps og Reykdælahrepps, þar sem það er undirritað af oddvitum þeirra. Skjalið hefur verið talið ritað af Benedikt Jónssyni á Auðnum sem var uppi 1846-1939. Þá liggur fyrir lýsing á landamerkjum Þeistareykjaafréttar, dags. 16. september 1948 og færð í landamerkjabók sýslumanns 31. júlí 1951. Bæði þessi skjöl bera undirritanir fyrirvarsmanna Þeistareykjaafréttar og áritanir um samþykki vegna fjölda aðliggjandi landsvæða sem ekki eru að öllu leyti hin sömu. Þeir málsaðilar sem nú kalla til beins eignarréttar yfir Þeistareykjum byggja á fyrrnefnda skjalinu sem að líkindum er eldra. Jafnframt er í máli þessu nokkur fjöldi eldri merkjalýsinga, einkum lögfestur frá 1744-1792 og 1854, auk auglýsingar frá 1809. Loks liggur fyrir dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 28. maí 1998 um afmörkun Þeistareykja gagnvart jörðum í Kelduhverfi.

Til viðbótar við framangreint verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem samkvæmt kröfulýsingum í máli þessu liggja að Þeistareykjum. Er þá Ás til austurs, Skógar til norðvesturs en Þverá, Reykjatorfa, Bláhvammur og Laufahlíð, Klambrasel, Langavatn og Geitafell til vesturs. Til norðurs liggja jarðir í Kelduhverfi, þ.e. Fjöll, Sultir, Víkingavatn, Ólafskerði, Kílakot, Vogar, Grásiða, Garður, Laufás og Kvistás. Til suðurs er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og þinglýstra eigenda Reykjahlíðar og Grímsstaða 2 sem fjallað er um í máli 1/2007 hjá óbyggðanefnd. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Þeistareykja verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem aðilar máls þessa deila um.

Norðurmerki Þeistareykja liggja að jörðum í Kelduhverfi. Um þau var dæmt með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 28. maí 1998 í máli nr. E-192/1997, sem gagnaðilar íslenska ríkisins í þessu máli, áttu aðild að. Þar eru umrædd merki dæmd vera eftir beinni línu frá austri úr hæsta punkti miðhæðar Eyjólfsshæðar í hápunkt norðurenda Rauðhóls og þaðan eftir beinni línu í Sæluhústóft við Sæluhúsmúla á Reykjaheiði. Dómnum var ekki áfrýjað en dæmd merki fara að nokkru gegn því sem greinir í landamerkjalyýsingu Þeistareykjaafréttar frá 1948. Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfu sína um norðurmörk Þeistareykja við þá línu sem ákvörðuð var í dómnum. Merkin til norðurs þarfnast því ekki frekari skoðunar.

Verður þá litið til vesturmerkja, gagnvart Lambafjöllum og Reykjaheiði, eða jörðum í Aðaldælahreppi og Reykjahverfi. Í skjalinu sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykja afréttar“ og talið er gert í kjölfar sölu Þeistareykja 1915 segir: „[...] að vestan gegnt Skarða, Skóga, Þverár, Reykja, Brekknakots, Klambrasels, Langavatns, Geitafells, Kasthvamms og Hólalöndum, eru samkvæmt þinglesnum og staðfestum landamerkjaskrá allra þessara jarða, merkin þannig: „úr Höfuðreiðarmúla um há Lambafjöll í Gustahnjúk og þaðan um Þverárgilsdrög, Kröflugil og eftir Sandi í suðvestur hornmark“ á Hólasandi þar sem norðurrönd

Eilífshnjúks sér norður undan Gæsafjallahorni nyrðra. Bréf þetta er undirritað vegna hreppsnefnda Reykdæla- og Aðaldælahreppa, sem áður voru hlutar Helgastaðahrepps en Helgastaðahreppi var skipt upp í Reykdælahrepp og Aðaldælahrepp undir lok 19. aldar. Það er einnig áritað um samþykki vegna allra umræddra jarða að vestanverðu. Landamerkjalyfing sú sem dagsett er 16. september 1948 og skráð var í landamerkjabók er í öllum meginatriðum eins og sú sem áður greindi. Þar er miðað við Lambafjöll, frá Gustaskarði að sunnan og í Jónsnípu á Höfuðreiðarmúla að norðan, og frá síðastnefnda punktinum áfram í Sæluhússmúla. Bréfið er áritað vegna jarða vestan Lambafjalla, annarra en Brekknakots. Um jarðirnar sem liggja vestan kröfusvæðis Þeistareykja er fjallað í kafla 6.3. Í landamerkjabréfum þeirra er merkjum til austurs almennt lýst í Lambafjöll og tekið fram að þau ráði til austurs. Í bréfi Klambrasels er einnig miðað sérstaklega við Kistufell, sem hæst ber á Lambafjöllum, auk þess sem norðurmerkjum Skóga er lýst norðanvert við Höfuðreiðarmúla, norðaustur af Lambafjöllum, og suðurmerkjum Geitafells í Þverárgilsdrög, sunnan Lambafjalla. Bréf Reykjatorfu er áritað um samþykki vegna Þeistareykja en ekki annarra jarða vestan Lambafjalla. Lögfestur og auglýsing frá tímabilinu 1744 til 1854 tilgreina einnig Lambafjöll sem vesturmörk. Þá tilgreina merkjalýsingar jarðanna vestan Lambafjalla fjöllin sem austurmörk, sbr. kafla 6.3.3.

Hér ber þess að geta að Lambafjöll eru aflíðandi fjallabelti, skorin giljum og dölum og einstaka klettabelti að austan. Hæst ber þar Kistufjall (843 m) sem er nálægt miðjum fjallgarði, syðst eru Þverárhorn (523 m) og Gustahnjúkur (602 m), en Gustaskarð norðan við, milli hnjúksins og meginfjallanna. Óbyggðanefnd telur að orðalag í framangreindum heimildum og staðhættir bendi til þess að merki landsvæða vestan og austan Lambafjallasvæðis og Reykjaheiðar hafi verið talin ná saman á fjöllum, fremur en að þau lægju með fjallsrótum, svo sem haldið hefur verið fram af hálfu íslenska ríkisins. Áritanir á skjalið sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykja afréttar“ um samþykki fyrirsvarsmanna jarða vestan Lambafjalla bendir til hins sama svo og áritun fyrirsvarsmanns Þeistareykja um samþykki á landamerkjabréf Reykjatorfu. Samræmi er þannig milli heimilda um afmörkun Þeistareykja til vesturs og afmörkunar gagnaðila íslenska ríkisins.

Sunnanverðum merkjum Þeistareykja er lýst svo í hinu ódagsetta skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykja afréttar“: „Suðvestur horn landsins er á Hólasandi þar sem norðurrönd Eilífshnjúks sér norður undan Gæsafjallahorni nyrðra. Þaðan ræður merkjum að sunnan gengt Grímsstaða og Reykjahlíðar löndum, samkvæmt þinglesnum landamerkjaskráum þeirra jarða, bein stefna um Gæsafjallahorn nyrðra á Eilífshnjúk, gengt Hrutafjöllum.“ Skjalið er m.a. áritað um samþykki af umboðsmönnum Grímsstaða og Reykjahlíðar. Í landamerkjabréfi Þeistareykjaafréttar frá 1948 er merkjunum lýst frá Borgarvegg stutt norður af Ethól, vestur eftir beinni línu sem þversker vegginn, stefnu af Eilíf á norðurrætur Gæsafjalla og sömu stefnu frá þeim stað er rætur fjallanna ganga lengst norður og vestur mó og sand þar sem

Eilífshnúk beri við Gæsafjöll að norðan, allt vestur á Merkihjúk á Klapparbrekku, en þaðan beina stefnu á Gustaskarð. Bréfið er m.a. samþykkt vegna Grímsstaða og Reykjahlíðar. Þessum landamerkjalýsingum ber þannig saman um suðurmerkin frá Borgarvegg norður af Ethól að Merkihjúk. Hins vegar eru þær ósamhljóða varðandi suðvestur horn svæðisins, vestan Merkihjúks á Klapparbrekku. Þá er í yngri lýsingunni austasti punktur suðurmerkjanna Borgarveggur norður af Ethól en óljóst virðist hvort sú eldri miði við að merkin nái alla leið austur í Eilíf eða hvort einungis sé tekin sjónhending þangað frá nyrðra Hólasandi.

Í landamerkjabréfi Grímsstaða í Mývatnssveit frá 8. maí 1891 sem þinglesið var 12. júlí 1892 er merkjum þeirrar jarðar til norðurs lýst „frá botni [Hamarskíls] beint norður Mývatnssand stefnu í svonefnda Skeið austan í Lambatindafjöllum og að því takmarki norður, er Eilífssfjall á Grjóthálsi sézt norðurundan Gæsafjöllum. Þá er bein stefna til austurs í nefnt fjallmerki milli Grímsstaða og Þeistareykjalands þar til Bóndhóll er stendur vestur af Gæsafjöllum sunnanverðum er beina stefnu þaðan í Hrafnabjörg.“ Landamerkjabréfið var m.a. samþykkt af umráðamanni Þeistareykja. Í landamerkjabréfi Reykjahlíðar frá 8. apríl 1891 sem þinglesið var 29. maí sama ár er merkjum þeirrar jarðar til norðurs lýst frá Eilífshnúk, beina stefnu yfir Hrutafjöll og Gjástykki móti Þeistareykjalandi, vestur í mó þar til Bóndhóll er genginn í hásuður og Eilífshnúkur ber rétt norður undir Gæsafjöllum. Bréfið var samþykkt vegna Þeistareykjalands.

Lýst merki Grímsstaða til norðurs samrýmast þannig lýstum merkjum Þeistareykja til suðurs hinu ódagsetta skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykja afréttar“, að því marki sem sú síðarnefnda lýsir suðurmerkjunum. Lýst merki Reykjahlíðar til norðurs virðast einnig fá samrýmst lýstum merkjum Þeistareykja til suðurs í því skjali.

Kemur þá til skoðunar hvað ráðið verður af eldri heimildum um sunnanverð landamerki Þeistareykja. Í lögfestu Múlaprests frá árinu 1744 og síðari lögfestum frá árunum 1753, 1762, 1772, 1775 og 1776 er merkjunum að sunnanverðu lýst „ So langt fram m j Mó, þar til Ylþfz fi all er nærre geinged under Giæsadals fioll, og So rett austur og Vestur[...]“ Áður er lýst vesturmerkjum Þeistareykja samkvæmt lögfestunum en um austurmerkin segir aðeins: „,Ad austan rædur Land eign þeirra manna sem nærst kunna Sier landeign ad bevýsa.“ Virðist liggja beinast við að túlka lögfesturnar, með hliðsjón af þeim lýstum mörkum til vesturs svo að suðurmerki Þeistareykja samkvæmt þeim liggi til vesturs að þeirri línu sem afmarkar vesturmerki jarðarinnar, nærri suðurenda Lambafjalla. Sömuleiðis virðast suðurmerkin mynda hornmark með þeirri línu sem afmarkar austurmerkin. Óbyggðanefnd telur því að frásögn hins ódagsetta skjals sem ber yfirskriftina „landamerki Þeistareykja afréttar“, af afmörkun Þeistareykja til suðvesturs eigi sér stoð í lögfestunum.

Óbyggðanefnd telur að orðalag í framangreindum heimildum, gagnkvæmar áritanir og staðhættir bendi til þess að merki Þeistareykja annars vegar og Grímsstaða og Reykjahlíðar hins vegar, hafi verið talin ná saman.

Merkjum Þeistareykja til austurs gagnvart Ásheiði er lýst á eftirfarandi veg í hinu ódagsetta skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykja afréttar“: „Að austan gegnt Áss og Svínadals landi ráða merkjum Hrótafjöll, samkvæmt fornum máldögum og lögfestum Áss, og frá Hrótafjöllum í Kerlingarhól.“ Skjalið er ekki undirritað vegna Áss. Í landamerkjalytingu fyrir Þeistareykjaafrétt sem dagsett er 16. september 1948 og skráð var í landamerkjabók er merkjunum til austurs lýst svo: „Að austan eru merki fyrst bein stefna af Eyjólshæð suður í norðurenda Bunguveggjar, þar sem varða er. Þá ræður merkjum gjáveggurinn, Bunguveggr þar til hann þrýtur austur af Þeistareykjatungu sunnanvert. Frá veggjarenda á þessum stað ræður bein lína suður að Hituhólum miðjum og sama stefna suður yfir hólana. Frá sunnanverðum Hituhólum ræður óslitinn gjáveggur, Borgaveggur, allt suður að beinni línu sem þar sker vegg þennan, stefnu austan frá Eilífshnjúk og vestur að rótum Gæsafjalla að norðan.“ Bréf þetta var m.a. undirritað vegna Ásheiðar. Merkjalytingunum ber þannig ekki saman um merki Þeistareykja til austurs en í fyrrnefndu heimildinni er land Þeistareykja talið ná talsvert lengra til austurs en í þeirri síðarnefndu.

Í landamerkjabréfi fyrir Ás og Svínadal frá 1. maí 1889 sem þinglýst var 24. júní 1890 er merkjum Áss til vesturs lýst frá Gangnamannaskarði (hinu syðra) í Hrótafjöllum, „og þaðan þvert í vestur þangað til bein stefna fæst úti Búnguveggi (rétt horn) og úr Bunguveggjum beina línu úti Eyjólshæð austur í Kerlingarhól, [...]“. Bréfið er m.a. samþykkt af umboðsmanni Þeistareykja. Merki Ásheiðar sem lýst er í bréfinu koma heim og saman við afmörkun gagnaðila ríkisins, í máli þessu, á austanverðum merkjum Þeistareykja og hið ódagsetta skjal sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykjaafréttar“.

Í lögfestu Múlaprests frá 1744 og síðari lögfestum frá árunum 1753, 1762, 1772, 1775 og 1776 er austurmörkum Þeistareykja ekki lýst á annan veg en: „Ad austan ræður Land eign þeirra manna sem nærst kunna Sier landeign ad bevýsa.“ Þá er auglýsing Múlaprests um landamerki Þeistareykja frá 1809 torráðin varðandi austurmerkin. Þó virðist mega túlka hana svo að þar sé land Þeistareykja talið ná allt austur að Eilífshnjúk. Allt að einu verður lýsing hinna eldri heimilda á austurmörkum Þeistareykja ekki talin mæla í mót hinu ódagsetta skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykja afréttar“ og gagnaðilar íslenska ríkisins byggja hér á.

Framangreindar heimildir bera með sér að land Þeistareykja hafi a.m.k. náð austur að línu þeirri sem gagnaðilar íslenska ríkisins draga frá miðhæð Eyjólshæðar að Hituhólum. Gagnkvæmar áritanir umráðamanna Þeistareykja og Áss á landamerkjabréfin benda einnig til þess að litið hafi verið svo á að lönd þeirra lægju saman. Óljóst er hins vegar hvort suðaustanvert kröfufusvæði Þeistareykja í máli þessu,

þ.e. landsvæðið suðaustan Hituhóla allt austur að Eilífshnjúk teljist til Þeistareykja í þeim heimildum sem raktar hafa verið.

Um suðaustanvert kröfusvæði Þeistareykja er ágreiningur milli gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu annars vegar og gagnaðila ríkisins vegna Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi, í máli nr. 1/2007 hins vegar. Af hálfu hvorra um sig er gerð krafa um beinan eignarrétt að svæðinu. Umræddir gagnaðilar ríkisins hafa afmarkað þann hluta kröfusvæðis síns hvor með sínum hætti. Um er að ræða landsvæði sem afmarkað er af línu sem dregin er á milli punkta nr. 9-12 á kröfulínu gagnaðila ríkisins vegna Reykjahlíðar og þaðan aftur í punkt nr. 9 sem einnig er punktur númer 7 á kröfulínu gagnaðila ríkisins vegna Þeistareykja. Svæðið afmarkast þannig af línu sem dregin er úr Eilífi í beina stefnu yfir Hrótafjöll og Gjástykki að Hituhólum. Þaðan suður að sveitarfélagamörkum Aðaldælahrepps og Skútustaðahrepps í stefnu á Ethóla. Þaðan fylgir línan sveitarfélagamörkum austur í Eilíf. Úrlausn þess álitaefnis hvernig merkin teljist rétt dregin á þessu svæði fellur einungis innan verksviðs óbyggðanefndar ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu. Sé þar hins vegar um að ræða eignarlönd beggja vegna verður að útkljá ágreininginn eftir öðrum leiðum enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar er um eignarréttarlega stöðu Þeistareykja, Ásheiðar og Reykjahlíðar.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að austurmerkjum Þeistareykja sé rétt lýst, af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, frá Eyjólfshæð eftir sveitarfélagamörkum suður að Hituhólum. Ekki verður hins vegar að svo stöddu tekin afstaða til sunnanverðra austurmerkja Þeistareykja, eftir atvikum gagnvart Ásheiði eða Reykjahlíð.

Framangreindar heimildir um afmörkun Þeistareykja taka til þess hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar enda þótt þeim beri ekki saman í öllum atriðum. Merkjalýsingar aðliggjandi landsvæða til allra átta benda einnig til að merki þeirra og Þeistareykja liggja saman. Óbyggðanefnd telur rétt að leggja til grundvallar að með afmörkun Þeistareykja í máli þessu sé ekki gengið lengra í að afmarka Þeistareykjum land en heimildir eru fyrir. Þar sem deilt er um hluta merkja milli Þeistareykja og Reykjahlíðar, sunnan Hrótafjalla, kann hluti ágreiningssvæðis máls þessa þó að vera innan merkja Reykjahlíðar, sbr. kafla 6.4 í máli nr. 1/2007.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í máli nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir

jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla eða inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja líklegt að land á þessu svæði hafi a.m.k. verið numið að hluta.

Þeistareykja er fyrst getið í máldaga Auðunar rauða frá 1318. Þar kemur fram að „Þeistareykja land“ tilheyri Múlakirkju. Hið sama kemur fram í síðari máldögum. Í Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461 er Þeistareykja getið í upptalningu jarða í eigu kirkjunnar, á undan jörðunum Vindbelg og Knútsstöðum. Hið sama er uppi á teningnum í Sigurðarregistri frá 1525. Í kirknaskrá Guðbrands biskups frá 1569 er Þeistareykja getið meðal jarða Múlakirkju. Í vísitásiubók Jóns Vigfússonar 1685-1687 er enn upptalning á jörðum Múlakirkju og Þeistareykir þar á meðal. Þess er getið að landskuld Þeistareykja sé 1 hundrað. Hið sama kemur fram í vísitásiubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695 nema hvað landskuldar er þar ekki getið. Einnig má sjá í lögfestu séra Gísla Einarssonar fyrir Múlastað sem þinglýst var árið 1695 að litið var á Þeistareyki sem jörð í eigu Múlakirkju. Þá eru Þeistareykir nefndir jörð í lögfestum frá 1744, 1749, 1753, 1762, 1772, 1775, 1776 og 1792. Í lögfestunum er jörðin lögfest með tünnum, engjum, holtum, högum og öðrum landsnytjum og ekkert undan skilið sem fylgi jörðinni og fylgt hafi. Í dómi Hæstaréttar Danmerkur vegna brennisteinsnáms á Þeistareykjum árið 1823 er talað um „kirkjujörðina“ Þeistareyki. Þá er greint frá því í jarðamati í Helgastaðahreppi 1848 að Þeistareykir séu eyðijörð sem áður hafi verið talin 20 hundruð. Loks er í bréfi danska dómsmálaráðuneytisins til amtmanns í Norður- og Austuramti um leigusamning á brennisteinsnámum í Þingeyjarsýslu, 1872 talað um „Kirkejorden Þeistareykir“.

Þeistareykir virðast löngum hafa legið í eyði. Að því er greinir í reikningi Múlaprests 1743 yfir tekjur kirkjunnar, mun vera sagt frá því í máldaga frá 1563, sem settur sé saman eftir þremur Hóladómkirkjumáldögum, að Þeistareykjaland sé ein af eyðijörðum kirkjunnar sem sögð er hafa verið óbyggð í meira en öld og sé það enn. Í skrá um eignir Hólastóls og Hólakirkju 1550 er hins vegar getið um að biskupsstóllinn hafi átt 4 kúgildi í Þeistareykjum, sem bendir til að jörðin hafi einhvern tímann fyrir þann tíma verið í byggð. Í jarðabók Árna Magnússonar segir um Þeistareyki 1712 að þeir séu „nú í eyði og næstliðið ár.“ Síðan segir: „Flestum þykir líklegt að þessi jörð muni ekki aftur byggjast, helst fyrir því, að hún liggur frammi á eyðifjalli, hvörgi

skemmra til byggða en hálfa þingmannaleið.“ Einnig kemur fram í jarðabókinni að jörðina brúki nú til slæгна sr. Magnús Einarsson á Húsavík. Á 18. öld og síðar voru Þeistareykir ítrekað boðnir upp til ábúðar með litlum árangri. Múlaprestur bauð jörðina upp til ábúðar 1712 án árangurs. Nokkrum árum síðar náðust samningar um ábúð jarðarinnar en Gísli Einarsson í Múla kærði Svein Þorsteinsson í Tóvegg fyrir samningsrof árið 1722 eftir að Sveinn hafði tekið Þeistareyki til ábúðar en hætt við. Svo virðist sem jörðin hafi síðan verið leigð út til annarrar notkunar en ábúðar. Í óársettri eignaskrá Múlakirkju, sem talin er yngri en frá 14. maí 1724, kemur fram að meðal eyðijarða sem fylgi staðnum séu Þeistareykir sem leigðir séu til heyskapar og hestagöngu. Þar segir einnig að „nú um stundir“ hafi ekki tekist að byggja jörðina vegna vatnsleysis og fjarlægðar frá mannabyggðum. Þeistareykir voru aftur boðnir til ábúðar á manntalsþingi á Helgastöðum árið 1725 en ekki tókst að fá jörðina byggða. Enn voru Þeistareykir boðnir til ábúðar án árangurs á manntalsþingum 1744 og 1749. Þá kemur fram í bréfi Múlaprests 1781 að Þeistareykir hafi margoft verið boðnir upp til ábýlis en án árangurs vegna þess hversu afskekkt og fjarri mannabyggðum jörðin sé. Hún sé hins vegar leigð til heyskapar og hestagöngu yfir vetrarmánuðina. Enn voru Þeistareykir boðnir upp til ábúðar með auglýsingu Múlaprests 1809. Árið 1816 tókst loks að byggja Þeistareyki. Í byggingarbréfinu er m.a. leigugjaldið tiltekið og leiguliðanum heimilað landið til allra leiguliðanota og gagnsemda, að undanskilinni grasatekju, til næstu fardaga. Í vitnisburði Ingjalds Jónssonar fyrrverandi Múlaprests sem lagður var fram við réttarhöld árið 1819 kemur fram að Þeistareykir hafi frá alda öðli ekki verið stöðuglega setnir eða byggðir vegna (að sögn) vatnsskorts í þurrkasumrum. Þar kemur einnig fram að Þeistareykir hafi lengi verið leigðir bónda í Saltvík til slæгна, hestagöngu á vetrum og frjálstrar grasatekju. Síðar hafi þeir verið leigðir forstöðumanni brennisteinsverksins, N. Buck, en presturinn segist hafa liðið mikinn skaða á heybjörg þar vegna flutnings á brennisteini úr Þeistareykjanámum. Árið 1835 komu fram mótmæli leigutaka Þeistareykja við leigusamningi Múlaprests og verslunarinnar Örum & Wulf sem tók til brennisteinsnáma Þeistareykja. Hins vegar er í ágrípi af lífssögu Höskulds Jónssonar getið um að umsókn hans um leyfi til að taka upp byggð á Þeistareykjum hafi verið hafnað þar sem Múlaprestur hafi sagst ekki mega missa not jarðarinnar. Höskuldur mun hafa sótt um ábúðina árið 1836. Í því ljósi er líklegra að leigutakinn sem mótmælti samningnum ári áður hafi ekki haft ábúð á Þeistareykjum heldur einungis leigt þar tiltekin afnot.

Áhugi á búrekstri á Þeistareykjum virðist hafa glæðst einhvern tíma á fyrri hluta 19. aldar. Þannig kemur fram í uppkasti að svari Skúla Tómassonar, þáverandi Múlaprests, líklega frá 1843, til sýslumanns vegna kvörtunar bænda í Kelduhverfi undan ágangi búfénaðar af Reykjaheiði, að hann hefði fyrir löngu getað byggt Þeistareyki með góðum kjörum en hafnað því bæði vegna Keldhverfinga og annarra nágranna sem hafi viljað njóta frelsis þar fyrir skepnur sínar. Í lýsingu á Þeistareykjum sem gerð var vegna fyrirhugaðrar sölu jarðarinnar 1914 kemur fram að

forn leigumáli Þeistareykjalands með Mælifellshögum, alla þá tíð er það heyrði undir Múlakirkju, hafi verið 4 veturgamlir sauðir, þegar það var leigt sem býli. Talið er að síðast hafi verið byggt upp á Þeistareykjum upp úr 1868.

Óbyggðanefnd telur heimildir frá 15. öld ótvírætt benda til þess að Þeistareykir hafi þá verið taldir til jarða í eigu Múlakirkju.<sup>463</sup> Enda þótt búseta hafi verið stopul á Þeistareykjum var margoft leitast við að byggja jörðina og nýta hana sem slíka. Elstu heimildir um Þeistareyki eru ekki eins afdráttarlausar.

Eins og komið hefur verið inn á eru heimildir um nýtingu Þeistareykja til brennisteinsnáms. Í áður nefndu bréfi Múlaprests frá 1781 kemur fram að í landi Þeistareykja séu brennisteinsnámur sem margir sæki í en geti með engu móti nýtt sér námurnar nema með því að fara inn á landsvæði kirkjunnar. Með bréfinu bannaði presturinn öll afnot af jörðinni, þ.m.t. að þeir sem sæktu í námurnar notuðu leiguland kirkjunnar undir hesta sína eða á annan máta til skaða. Múlaprestur höfðaði mál gegn konungi vegna eignarhalds á brennisteinsnámunum í Þeistareykjalandi á árunum um 1820. Við réttarhöldin kom fram vitnisburður Ingjalds Jónssonar fyrrverandi Múlaprests sem áður er vitnað til, þar sem fram kemur að jörðin hafi verið leigð forstöðumanni brennisteinsverksins, N. Buck. Ingjaldur segist hafa liðið mikinn skaða á heybjörg vegna brennisteinsflutnings úr Þeistareykjanámum. Einnig kom fram lögfesta frá 1792 þar sem allur brennisteinsgröftur á Þeistareykjum, sem ylli leigulandi kirkjunnar skaða eða umráðamanni óþægindum, var bannaður. Við sama tækifæri bar vitni maður sem hafði verið forstöðumaður brennisteinsverksins á Húsavík 1795-1808 og taldi sig hafa haft Þeistareykjaland á leigu í 7-8 ár og greitt Múlapresti hagatoll. Málið endaði fyrir Hæstarétti Danmerkur sem dæmdi Brennisteinsverki Húsavíkur óheimilt að nota Brennisteinsnámur á Þeistareykjum nema með samþykki fjárhaldsmanns Múlakirkju. Þegar er getið leigusamnings Múlaprests við verslunina Örum & Wulf um afnot af brennisteinsnámunum. Samningurinn sem skyldi gilda til 10 ára var lesinn upp á manntalsþingi 1835. Við sölu Þeistareykja 1915 hélt ríkið eftir brennisteinsnámunum með landsréttindum til að vinna hann.

Eins og þegar er vikið að eru heimildir um nýtingu Þeistareykja til grasatekju. Þannig lét Þórarinn Jónsson prestur í Múla frá sér fara auglýsingu um landamerki Þeistareykja sem dagsett er 20. apríl 1809. Að baki mun hafa legið sú staðreynd að talsvert var um að fólk stundaði grasatekju í landinu án þess að fá leyfi hjá presti eða leigutaka. Fólk hafi borið fyrir sig að það þekkti ekki til landamerkja á Reykjaheiði. Þá var grasatekjan undanskilin byggingu Þeistareykja þegar jörðin var byggð Árna Einarssyni hreppstjóra á Tjörnesi 1816, þar sem prestur vildi halda henni fyrir sig. Hins vegar kemur fram í sundurliðuðum reikningi fyrir Múlakirkju sem dagsettur er 1839 að grasatekju í Þeistareykjalandi sé varla hægt að telja lengur til hlunninda eftir að hreindýr hafi eytt fjallagrösnum á Reykjaheiði. Við skýrslutökur fyrir óbyggðanefnd

<sup>463</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



í máli þessu greindi vitni frá því að í hans minni hafi verið farið í grasahaga á Þeistareyki.

Heimildir eru um að Þeistareykir hafi verið nýttir til heyskapar, bæði meðan þar var búíð og eins að slægjur hafi verið leigðar út sérstaklega. Þannig kemur fram í óársettri eignaskrá Múlakirkju sem talin er yngri en frá 14. maí 1724 að meðal eyðijarða sem fylgi staðnum séu Þeistareykir sem leigðir séu til heyskapar og hestagöngu. Þá kemur fram í áður nefndum vitnisburði Ingjalds Jónssonar fyrrverandi Múlaprests sem lagður var fram við réttarhöld árið 1819 að Þeistareykir hafi lengi verið leigðir bónda í Saltvík til slægna, hestagöngu á vetrum og frjálstrar grasatekju. Í skýrslutökum við aðalmeðferð málsins kom fram að á Þeistareykjum hafi verið slægjur og grasgefin lönd. Heyjað hafi verið allt fram á 6. áratug 20. aldar.

Loks eru fyrir hendi heimildir um nýtingu Þeistareykja sem beitilands fyrir búfé. Þannig kemur fram í áðurnefndum sundurliðuðum reikningi fyrir Múlakirkju 1839 að Þeistareykjaland hafi undanfarin fimm ár verið leigt sem „afrétt“ og fyrir það hafi goldist þrjár ríkisdalir. Árið 1843 kvörtuðu bændur í Kelduhverfi bréflaga til A. Þórðarsonar hreppstjóra, yfir ágangi af „geldpeningi“ sveitanna innan Reykjaheiða. Í bréfinu segja þeir að á vorin fylli geldfjórþjöldinn ekki eingöngu „afréttar-“ og heiðarlönd heldur jafnvel einnig næstu búfjárhaga mönnum til mikils tjóns og mæðu. Þannig sé þetta allt sumarið þangað til gangamenn á haustin smali fénu til réttar en síðastliðið haust hafi verið rekið um 800 af slíku fé inn yfir Reykjaheiði. Hreppstjóri brást við kvörtuninni með því að skrifa Arnóri Árnasyni bréf sama ár. Þar tekur hann m.a. fram að Skúli Tómasson á Múla eigi Þeistareykjaland og að hann hafi annað hvort tekið meiri fénað til „afréttargöngu“ en góðu hófi gegnir eða að fjöldi manna reki geldfénað sinn leyfislaust norður á Reykjaheiði. Hreppstjórinn tekur fram að enginn amist við því þó að séra Skúli noti Þeistareykjaland til afréttar fyrir sinn eigin fénað þó svo að fé hans renni þaðan í Kelduhverfi. Hins vegar sé óþolandi að hann taki afréttarfénað af svo mörgum mönnum að Keldhverfingar biði af því óbætanlegan skaða. Hann tekur og fram að meiri hluti Þeistareykjalands sé því marki brenndur að skepnur þoli þar ekki við á sumrum vegna vatnsleysis. Féð flýi úr þessum heiðarlöndum vegna hita og leiti til byggða þar sem vatn sé að finna.

Vegna áforma Stjórnarráðsins um sölu Þeistareykja til hreppsfélaga þeirra sem höfðu landið á leigu varð nokkur ágreiningur milli Reykdæla- og Aðaldælahreppa. Í umsögn sýslumanns Þingeyjarsýslu um fyrirspurn Reykdælahrepps til Stjórnarráðsins um málið 1912 kemur fram að það sé að kalla megi óhjákvæmileg nauðsyn fyrir íbúa Reykdæla og Aðaldælahreppa, að hafa upprekstur í Þeistareykjaland, og því sé eðlilegt að hreppsnefndirnar hafi umráð yfir landinu. Hann hefði því lagt það til að hreppsnefndirnar, fyrir hreppanna hönd, sæktu um kaup á landinu. Sýslumaður tók fram að hann álitði það sjálfsagt að meðan landið væri landsjóðseign hefðu hreppstjórnarnir í Reykdæla- og Aðaldælahreppum umráðin í sameiningu, og gerðu í sameiningu samninga við sveitarstjórnirnar, en innheimtu afgangið hver hjá sinni

hreppsnefnd. Þetta komi best heim við það, að landinu hafi ekki verið skipt, þegar gamla Helgastaðahreppi var skipt, og að fjallskilamálin séu sameiginleg með hreppunum. Í lýsingu Þeistareykja sem gerð var vegna hinnar fyrirhuguðu sölu jarðarinnar kemur fram að Þeistareykjaafrettur sé nálægt 2 fermílur að stærð. Engir aðrir noti afréttinn til upprekstar en Reykdæla- og Aðaldælahreppar, og sé að jafnaði rekið á hann 6000 fjár árlega. Í virðingargerðum vegna fyrirhugaðrar sölu Klambrasels 1913 og Langavatns 1914 er Þeistareykja getið en fram kemur að jarðirnar liggja að afrétt og ágangur afréttarfjár þaðan sé mikill. Ábúandi Langavatns hafði þegar brugðist við með því að reisa girðingu en ábúandi Klambrasels hafði hafið undirbúning að girðingu með kaupum á aðföngum. Fram kemur í virðingargerð Klambrasels að sá kostnaður sem því fylgi knýi mjög á ábúandann að leita kaups á jörðinni.

Þeistareykir eru enn nýttir til afréttar af búfjáreigendum í Aðaldæla- og Reykdælahreppum og þar er gangnamannakofi. Að því er fram kom í skýrslutökum óbyggðanefndar við aðalmeðferð þessa máls hafa Aðaldælahreppur og Reykdælahreppur undanfarin ár leigt út gistiaðstöðu í kofanum á sumrin.

Þær heimildir sem raktar hafa verið sýna að land Þeistareykja hefur verið nýtt í verulegum mæli sem afréttur a.m.k. frá fyrri hluta 19. aldar en líkur standa til þess að slík nýting landsins hafi hafist, a.m.k. að einhverju leyti, mun fyrr. Þá er þess að geta að í matsgerð frá 1914 sem gerð var vegna sölu Þeistareykja er svæðið kallað „Þeistareykja afréttur“. Þá ber hið ódagsetta skjal sem talið er gert í kjölfar sölu Þeistareykja 1915, og m.a. er byggt á af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins yfirskriftina „Landamerki Þeistareykja afréttar“. Sama er að segja um skjalið sem útbúið var 16. september 1948 og innfært í landamerkjabók sýslumanns 31. júlí 1951. Á hinn bóginn eru, eins og rakið hefur verið, fjölmargar heimildir um að Þeistareykir hafi verið sjálfstæð jörð. Afréttarnot á Þeistareykjum virðast hafa verið háð samkomulagi við eigendur jarðarinnar á hverjum tíma. Heimildir um nýtingu Þeistareykja til beitar fyrir búfé benda því ekki til að einungis hafi verið um óbein eignarréttindi að landinu að ræða. Þvert á móti benda heimildirnar til að afréttarnotin hafi verið meðal annarrar nýtingar sem réðst af þörfum á hverjum tíma og var á forræði landeigenda. Aðaldælahreppur og Reykjahreppur hafi síðan tekið að nýta landið sem afrétt fyrir sveitirnar eftir að hafa fengið því afsalað árið 1915.

Þeistareykir liggja að öðrum jörðum til norðurs, vesturs og suðurs en um Ásheiði, sem liggur austan Þeistareykja, er fjallað í kafla 6.6. hér á eftir. Heimildir þær um afréttarnot sem íslenska ríkið vísar til kröfum sínum til stuðnings eru almenns eðlis og endurspeгла beitarnot á jörðinni. Þær benda ekki til þess að land innan merkja Þeistareykja hafi haft stöðu afréttar að lögum. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Í seinni tíð hefur nýting jarðhita færst í vöxt á Þeistareykjum. Rannsóknir og nýting jarðhita fara nú fram þar af hálfu Þeistareykja ehf., samkvæmt leigusamningi við Aðaldælahrepp og Reykdælahrepp. Í honum mun gert ráð fyrir endurgjaldi til hreppanna, komi til arðbærrar nýtingar orkunnar.

Ekki eru heimildir um annað en að Þeistareykir hafi verið nýttir eftir aðstæðum og þörfum á hverjum tíma. Stundum hefur jörðin verið nýtt til búskapar þótt byggð hafi þar verið stopul. Þegar svo hefur borið við hefur hún gjarnan verið byggð leiguliðum sem greiddu af henni landskuld. Um ýmsa aðra nýtingu hefur verið að ræða svo sem til beitar, brennisteinsnáms, heyskapar og grasatekju. Hafa eigendur eftir atvikum tekið leigu vegna þeirrar nýtingar. Innan þeirra marka sem umfjöllunin miðast við, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Heimildir allt frá 14. öld gefa til kynna að um óslitið eignarhald hafi verið að ræða og eigendur Þeistareykja á hverjum tíma hafi litið á landið sem óskoraða eign sína. Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að land Þeistareykja hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu. Með vísan til dóma Hæstaréttar 16. maí 2007 í málum nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007 skal þess einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Þeistareykjum liggja eru eignarlönd, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum á svæði 6 hjá óbyggðanefnd.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Þeistareykja sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>464</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar um merki felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlönda.

Svo sem rakið er hér að framan er í máli þessu fjallað um landsvæði sunnan Hrutafjalla sem ágreiningur er um eignarhald á milli eigenda Þeistareykja og eigenda Reykjahlíðar í Mývatnssveit. Óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu í máli nr. 1/2007 að norðanvert landsvæði það sem krafa var gerð um vegna Reykjahlíða sé eignarland. Einnig er niðurstaða nefndarinnar að landsvæðið norðan umrædds ágreiningssvæðis sé eignarland, en krafa þess efnis var gerð vegna Ásheiðar. Óbyggðanefnd telur að séu heimildir um Þeistareyki og Reykjahlíð skoðaðar heildstætt bendi þær ekki til þess að munur sé á eignarréttarlegri stöðu umrædds landsvæðis sunnan Hrutafjalla og aðliggjandi svæða. Staðhættir á svæðinu gefa ekki tilefni til annarrar niðurstöðu. Þar sem landamerki á svæðinu liggja ekki að þjóðlendu fellur úrlausn um nákvæma legu þeirra utan verksviðs óbyggðanefndar.

<sup>464</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Þeistareykja, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.6 Ásheiði

### 6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem sveitarfélagið Norðurþing gerir kröfur til sem eignarlands síns, sjá nánar kafla 3.1 og 3.16.

Landsvæði það sem hér er deilt um og nefnt Ásheiði liggur í yfir 240 m hæð y.s. og er almennt hallalítið en hækkar smám saman eftir því sem sunnar dregur. Hæst ber tinda Hrutafjalla (592 m), syðst á svæðinu, og fjallið Eilíf (698 m) sem markar suðausturhorn þess. Mikið landsig hefur orðið á svæðinu sem afmarkast að vestan af löngum Gjávegg sem kallast Bunguveggur. Austan Bunguveggjarins, sunnan til, er Gjástykkið sem er sundurskorið af gjám sem margar eru hyldjúpar. Heiðin er mestöll þakin gróðri, nema þar sem klettur og hraunnibbur standa upp úr.

### 6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er litið svo á, m.a. með vísan til landnámslýsinga, að umrætt landsvæði sunnan línu frá Langavatnshöfða að Eyjólshæð og vestan þjóðgarðslínu, sé þjóðlenda en um sé að ræða afréttarsvæði sem nýtt hafi verið sem samnotaafréttur jarða í Kelduhverfi. Samkvæmt afréttarlýsingum teljist Ásheiði til samnotaafréttar og hafi því ekki verið undirorpin beinum eignarrétti. Þá liggja fyrir að samkvæmt samningi frá árinu 1938 hafi „heimaland“ Áss, vestan línu úr Ásbyrgisbotni, verið tekið frá jörðinni en hún að öðru leyti verið talin sem afréttur. Líta verði svo á að landið hafi verið afréttarland fyrir gerð samningsins. Landamerkjalykingum sem ganga inn fyrir mörk afréttanna er hafnað enda njóti mörk þeirra til heiða ekki stuðnings af eldri heimildum og séu í mótsögn við afréttarlýsingar. Fjarlægð frá byggð og staðhættir að öðru leyti styðji og að um þjóðlendu sé að ræða.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á því að Áss sé getið í Landnámu, en þar hafi Önundur, sem numið hafi Kelduhverfi frá Keldunesi, búið. Auk Önundar hafi Ljótur ópveginn numið Kelduhverfi upp frá Keldunesi og Skeggi Böðólfsson Kelduhverfi upp til Kelduness. Mótmælt er þeirri fullyrðingu íslenska ríkisins, að sýnt sé að nám landnámsmanna hafi legið utan við þjóðlendukröfulínu, sem rangri og ósannaðri. Lýsing Landnámu á námi Kelduhverfis sé talin afar ónákvæm og að af henni verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar. Hún bjóði raunar upp á þann skýringarkost að allt Kelduhverfi hafi verið numið, enda sé það ákaflega skýrt afmarkað af náttúrunnar hendi. Hreppaskipulag á Íslandi hafi verið komið í nokkuð fastar skorður og því þýði landnámslýsingin í raun að þrír fyrrnefndir menn hafi

numið Kelduhverfi allt, þ.e. áður Kelduneshrepp. Því er mótmælt að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkjja jarðarinnar verði dregin í efa.

Þá er hafnað þeim skilningi íslenska ríkisins að Ásheiði heyri til samnottaafréttar. Í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar komi auk þess fram að innan merkja jarða kunni að vera svæði sem nefnd séu afréttir. Í því þurfi þó ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlega sé verið að vísa til notkunar á viðkomandi jarðarluta sem beitarlands og jafnvel þó slíkur jarðarluti sé alfarið tekinn undir fjallskilaf framkvæmd gefi slík tilhögun ein og sér enga vísbendingu um eðli eignarhalds. Ásheiðin hafi verið lögð til afréttar af sveitarfélaginu Kelduneshreppi og um hana gildi þau sjónarmið sem Hæstiréttur hafi byggt á í dómum frá árinu 1971, bls. 1137 og árinu 1975, bls. 55. Óbyggðanefnd hafi og byggt á þeirri reglu er mótuð hafi verið í dómunum að jörð eða jarðarluti sem lagður hafi verið til afréttar teljist eftir sem áður beinum eignarrétti undirorpinn. Heiðarlandið sunnan við Ás hafi og verið nefnt Ásheiði um langan aldur og veiti það vísbendingu um eignarhald á heiðinni.

Vísað er til landbrigðapáttar Grágásar og landbrigðabálks Jónsbókar um merkjagöngur. Merkjalýsingar jarða hafi sjaldan verið að finna í kaupbréfum en haldið gildi sínu enda þótt þær hafi aðeins varðveist í munnlegri geymd. Byggt er á landamerkjabréfi Áss og Svínadals, dags. 1. maí 1889 og þingl. 24. júní 1890, en undir það riti umráðamaður Þeistareykja, eigendur Þórunnarsels, Reykjahlíðar og Keldunestofu. Samkvæmt landamerkjälögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa væru réttar samkvæmt formi sínu og efni. Styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalyðingu jarðar verði ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi Ásheiðar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Gagnstætt því sem haldið sé fram af íslenska ríkinu séu ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkjja jarðarinnar hafi eigendur farið með umráð á sama hátt og gildi um eignarland almennt og fjalllendið ekki verið undanskilið. Byggt er á því að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt, sbr. 1. gr. 1. samningsviðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Vísað er í ákvæði stjórnslulaga, nr. 37/1993, og loks er byggt á sjónarmiðum um réttmætar væntingar. Til vara er því haldið fram að skilyrðum hefðar sé fullnægt.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Áss er rakin í kafla 5.15. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til Landnámu, er ljóst að um

sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>465</sup> Landamerkjabréf Áss og Svínadals, dags. 1. maí 1889 sem þinglýst var 24. júní 1890, nær m.a. til lands á Ásheiði, austan Þeistareykja, án þess þó að það sé sérstaklega tilgreint eða afmarkað. Við sölu Áss á árinu 1938 var vesturhluti þess svæðis sem landamerkjabréfið frá 1889 tekur til skilið frá jörðinni, þetta svæði er nefnt Ásheiði og umfjöllunin hér á eftir tekur eingöngu til hennar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Áss, að því er Ásheiði varðar, er lýst í landamerkjabréfi Áss og Svínadals frá 1. maí 1889 sem þinglýst var 24. júní 1890. Einnig verður kannað hvað ráðið verður af öðrum heimildum um það efni og lýsingum á merkjum í landamerkjabréfum þeirra svæða sem samkvæmt kröfulýsingum aðila í máli þessu liggja að Ásheiði, eftir því sem tilefni er til. Er þá Svínadalur til austurs, Þeistareykir til vesturs, jarðir í Kelduhverfi til norðurs og til suðurs er landsvæði sem eigendur Reykjahlíðar og Þeistareykja greinir á um. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Áss, með tilliti til þjóðlendukröfussvæðis ríkisins, verður fjallað um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins.

Í landamerkjabréfinu er lýst merkjum Áss ásamt afbýlisjörðinni Svínadal. Þar er merkjunum að austan lýst frá syðri enda á Svartbaksskeri við Jökulsá og með henni fram í Dettifoss. Lýst austurmerki samkvæmt bréfinu liggja þannig utan ágreiningssvæðis málsins.

Suðurmerkjum Áss og Svínadals er í landamerkjabréfinu lýst frá Dettifossi „beint vestur í Eilífshnjúk, og þaðan beint vestur á Gangnamannaskarð (hið syðra) í Hrutafjöllum, og þaðan þvert í vestur þangað til bein stefna fæst úti Búnguveggi (rétt horn)“. Bréfið er m.a. samþykkt af eiganda Reykjahlíðar og umboðsmanni Þeistareykja en sunnan kröfussvæðis Ásheiðar er landsvæði sem gerð er eignarlandskrafa til bæði af hálfu þinglýstra eigenda Þeistareykja og Reykjahlíðar.

Í lögfestu fyrir Ás sem lesin var upp á manntalsþingi 1789 er suðurmörkum lýst: „í Hrutafjöll og austur í eilífshnjúk“. Lýsing landamerkjabréfs Áss og Svínadals á suðurmörkum frá Eilífshnjúk að Hrutafjöllum, sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á í máli þessu er þannig í samræmi við lögfestuna. Það hvort því verði fundin stoð í eldri heimildum að suðurmörk Áss nái vestur fyrir Hrutafjöll „þangað til bein stefna fæst úti Búnguveggi (rétt horn)“ ræðst hins vegar af niðurstöðu skoðunar á vesturmörkunum.

Vesturmerkjum Áss er í landamerkjabréfinu lýst „úr Búnguveggjum beina línu úti Eyólfshæð“. Bréfið er m.a. samþykkt vegna Þeistareykja og Reykjahlíðar. Í lögfestunni fyrir Ás sem lesin var upp á manntalsþingi 1789 er merkjunum að vestanverðu lýst úr Meiðavallahamri „rétt til vesturs í þann austari Sandklett þadan í Hrutafjöll“. Svo virðist sem vesturmerkjum Áss sé þannig lýst nokkru austar í lögfestunni en í landamerkjabréfi jarðarinnar þótt óljóst sé um staðsetningu Sandkletts sem lögfestan miðar við. Vera kann að þar sé átt við sama klett og nefndur er

<sup>465</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Sauðklettur í ódagsettu og óþinglýstru skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykja afréttar“ og talið er gert í kjölfar sölu Þeistareykja 1915. Sá klettur er talinn standa skammt austan Eyjólfs hæðar.

Í hinu ódagsetta skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki Þeistareykja afréttar“ er merkjum Þeistareykja til austurs gagnvart Ásheiði lýst nokkru austar en gert er ráð fyrir í landamerkjabréfi Áss og Svinadals frá 1889 og landamerkjaskrá fyrir Þeistareykja afrétt frá 1948 og nú er byggt á í kröfugerð þinglýstra eigenda Ásheiðar og Þeistareykja. Engu að síður er til þess að líta að gagnkvæmar áritanir vegna Þeistareykja og Ásheiðar eru til staðar á síðastnefndu skjali. Heimildirnar bera því með sér að Ásheiði og Þeistareykir hafi legið saman á svæðinu. Engu skiptir í því sambandi hvort áhöld hafi verið um nákvæma legu þeirra merkja á fyrri tíð eða þau, eftir atvikum, tekið breytingum í einkaréttarlegum lögskiptum í tímans rás. Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Ásheiði til vesturs eigi sér næga stoð í heimildum um afmörkun jarðarinnar Áss.

Lýst merki Áss til norðurs og austurs taka til kennileita sem eru utan ágreiningssvæðis málsins og þarfnast því ekki nánari skoðunar hér.

Samkvæmt því sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfufusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Áss og Svinadals. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins og eldri heimildir verða ekki taldar mæla henni í mót þegar einnig er litið til heimilda um afmörkun aðliggjandi landsvæða.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir Ás var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum svæðisins sé þar rétt lýst. Umrætt landamerkjabréf var þinglesið og fært í landamerkjabók, og áritað um samþykki af umráðamönnum aðliggjandi landsvæða og á því byggt um merki jarðarinnar án þess að séð verði að komið hafi fram

athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nággranna sem máli skiptir við úrlausn þessa máls. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur Ásheiðar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að land á þessu svæði hafi a.m.k. verið numið að hluta.

Elstu heimildir um eignarhald á svæðinu er að finna í Landnámabók þar sem greint er frá því að Önundur hafi numið Kelduhverfi frá Keldunesi og búið að Ási. Þá er greint frá því í máldögum frá 1318-1590 að kirkjan í Ási eigi þriðjung í heimalandi. Hið sama kemur fram í eignaskrá Áskirkju frá 1694 og 1702 svo og í vísitasíu kirkjunnar 1722 en ekki er minnst á heimalandið í vísitasíu frá 1748 né heldur í prófastsvísitasíu 1750. Heimildirnar gefa þannig til kynna að kirkjan hafi átt þriðjung í heimalandi a.m.k. frá árinu 1318 til ársins 1553 og aftur frá árinu 1590 til a.m.k. 1722.

Greindar heimildir um þriðjungseign kirkjunnar í heimalandi Áss bera með sér að öll jörðin hafi verið beinum eignarrétti háð. Ekkert er fram komið sem bendir til þess að hlutur kirkjunnar hafi verið afmarkaður með merkjum eða náttúrulegum kennileitum frá öðru landi jarðarinnar. Þvert á móti virðist hafa verið um að ræða þriðjungshlut í óskiptri sameign. Ekki skiptir máli við úrlausn þessa máls hvernig eignarrétti kann að hafa verið háttáð að þeim tveimur þriðjungum Áss sem ekki voru í eigu kirkjunnar.

Jón Jónsson lögfesti Ás árið 1789 og nefndi hana þá sína „egindómsjörð“. Lögfestan var þrívægis lesin upp á manntalsþingum og ekki er að sjá að henni hafi verið mótmælt nema hvað henni var einu sinni mótmælt vegna Kelduness. Kelduness liggur utan ágreiningssvæðis þessa máls og hefur sá ágreiningur sem kann að hafa verið uppi milli eigenda Áss og Kelduness við lok 18. aldar ekki þýðingu við úrlausn málsins.

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er Ás „sjálfseignarkirkjujörð“ sem er að hálfu leyti í eigu ábúenda. Þá er jörðin skilgreind sem „bóndaeign“ í jarðamatinu 1849-1850. Landamerkjabréf Áss og Svínadals var sem fyrr segir útbúið árið 1889. Bréfið er undirritað af E. Gottskálkssyni fyrir hönd eigenda Áss, sem sagðir eru búsettir í Laxárdal og á Syðra-Lóni og samþykkt vegna aðliggjandi landsvæða. Jörðinni Ási var a.m.k. þrívægis afsalað á fyrri hluta 20. aldar, þ.e. 1907, 1924 og 1938.

Heimildir eru um að Ásheiði hafi í gegnum tíðina verið nýtt til sumardeilur fyrir búfé. Þannig er í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín talað um að sveitin hafi stundum brúkað upprekstur í Ásland. Tekið er fram að þetta sé ekki „lögafrejt“, heldur hafi þessi upprekstur verið með leyfi ábúandans. Síðari tíma



heimildir greina einnig frá því að um afréttarnot hafi verið að ræða á Ásheiði. Kelduneshreppur eignaðist Ás með afsali árið 1924 og þegar hreppurinn seldi jörðina árið 1938 var Ásheiði haldið eftir. Í hinu síðarnefnda afsali er Ásheiði nefnd „afréttarland“ og síðustu áratugi hefur svæðið verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé.

Ekki eru heimildir um að afréttarlandið hafi verið sérstaklega afmarkað frá öðru landi Áss fyrr en við nefnda sölu 1938. Þá liggja ekki fyrir í málinu önnur gögn um að upprekstrarrétturinn hafi verið skilinn frá jörðinni. Í þessu sambandi er rétt að víkja að því sem greinir í heimildum um „lambaeldi“ í eigu Áskirkju. Fram kemur í máldaga Auðunar rauða frá 1318 að Áskirkja eigi lambaeldi allt ofan undir Fjöll. Í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá árunum 1461-1510 kemur hið sama fram en þar segir að kirkjan í Ási eigi „lambaeldi um allt hverfi ofan undir fjöll“. Óbyggðanefnd telur að orðalagið „um allt hverfi ofan undir fjöll“ bendi til þess að um hafi verið að ræða tilgreiningu á beitarrétti vestan Áskirkju í Kelduhverfi, fremur en sunnan hennar, um Ásheiði að Hrútafjöllum og Eilífi. Líkur eru á að umrætt orðalag máldaganna feli í sér lýsingu á ítaksréttindum Áskirkju í landi annarra jarða í Kelduhverfi, en feli ekki í sér vísbendingu um að litið hafi verið á Ásheiði sem sérstakt landsvæði í afréttarnotum, utan eiginlegra landamerkjá Áss.

Ásheiði liggur að öðrum jörðum til allra átta. Heimildir þær um afréttarnot sem íslenska ríkið vísar til kröfum sínum til stuðnings eru almenns eðlis og endurspeglar fremur beitarnot á Ásheiði. Þær benda ekki til þess að land innan marka Ásheiðar hafi haft stöðu afréttar að lögum. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ás hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1889 hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Heiðin hefur þar ekki verið undanskilin, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Óbyggðanefnd telur að heimildir um eignarrétt og nýtingu Ásheiðar bendi ekki til þess að munur hafi verið á eignarréttarlegri stöðu heiðarinnar og öðru landi jarðarinnar Áss.

Samkvæmt því telur óbyggðanefnd ekki að það land sem tilheyrt hefur jörðinni Ási hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjá Ásheiðar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>466</sup> Með vísan til

<sup>466</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar um merki felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ásheiðar, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.7 Um málskostnað**

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af álitum umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmönnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

## 7 ÚRSKURÐARORÐ

Á landsvæði því sem fjallað hefur verið um í máli þessu eru ekki þjóðlendum.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Eigendur Austurgarðs I-II, Laufáss, Kvistáss, Garðs I, II, og III, Voga, Grásíðu, Skarðaborgar, Einarstaða, Skarða, Skóga I, II og III og Skógahlíðar kr. 1.500.000 vegna Gunnars Sólness hrl.

Eigendur Bangastaða, Héðinshöfða, Kvíslarhóls, Mánár og Mánárbakka, Hringvers, Syðri-Tungu og Ytri-Tungu kr. 1.200.000 vegna Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Eigendur Auðbjargarstaða, Fjalla, Ingveldarstaða, Kelduness, Meiðavalla, Tóveggjar, Undirveggjar, Markar, Eyvindarholts, Framness og Hlíðargerðis kr. 1.100.000 vegna Sigurðar Jónssonar hrl.

Eigendur Auðbjargarstaða kr. 130.000, eigendur Víkingavatnstorfu kr. 186.000, eigendur Krossdalstorfu kr. 146.000, eigendur Keldunestorfu kr. 172.000, eigendur Ásheiðar kr. 276.000, eigendur Þeistareykja kr. 710.000, eigendur Geitafells kr. 203.000, eigendur Brekknakotstorfu kr. 193.000, eigendur Langavatns kr. 200.000, eigendur Klambraselstorfu kr. 202.000, eigendur Reykjatorfu kr. 208.000, eigendur Þverár kr. 184.000 og eigendur Húsavíkur kr. 191.000, vegna Friðbjörns Garðarssonar hdl.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan framangreindrar þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Karl Axelsson

---

Allan V. Magnússon

---

Sif Guðjónsdóttir

**VIÐAUKI**


**Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (Uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (Sveitarfélagið Hornafjörður).**

*Sjá bls. 181-245.*



**FYLGISKJÖL****I. Kort****II. Aðilaskrá****III. Skjalaskrá**







## II. Aðilaskrá

Þjóðlendum

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins

Auðbjargarstaðir

Arnar Gústafsson

Auðbjargarstaðir

Birna Hallgrímsdóttir

Auðbjargarstaðir

Brynhildur Hallgrímsdóttir

Auðbjargarstaðir

Emelía Gústafsdóttir

Auðbjargarstaðir

Friðbjörg Hallgrímsdóttir

Auðbjargarstaðir

Gunnar Gústafsson

Auðbjargarstaðir

Gunnar Hallgrímsson

Auðbjargarstaðir

Halla Hallgrímsdóttir

Auðbjargarstaðir

Heiðrún Hallgrímsdóttir

Auðbjargarstaðir

Kjartan Gústafsson

Auðbjargarstaðir

Kristjana Hallgrímsdóttir

Auðbjargarstaðir

Ólöf Hallgrímsdóttir

Auðbjargarstaðir

Rúnar Gústafsson

Auðbjargarstaðir

Sigríður Hallgrímsdóttir

Auðbjargarstaðir

Stefán Hallgrímsson

Auðbjargarstaðir

Þuríður Hallgrímsdóttir

Austurgarður I

Guðný H. Björnsdóttir

Austurgarður I

Jónas Þórðarson

Austurgarður I

Sigríður Björnsdóttir

Austurgarður I

Þórarinn Björnsson

Austurgarður II

Guðný H. Björnsdóttir

Austurgarður II

Jónas Þórðarson

Árdalur

Matthías Guðmundsson

Árdalur

Ólöf Sveinsdóttir

Árholt

Jón Gunnarsson

Ásheiði

Sveitarfélagið Norðurþing

Ás

Ríkissjóður Íslands

Bangastaðir

Bjarni Sigurður Aðalgeirsson

Bangastaðir

Hallfríður Egilsdóttir

Bangastaðir

Jón Gunnarsson

---

Bangastaðir	Sigrún Jónsdóttir
Bangastaðir	Sigurlaug Alda Þorvaldsdóttir
Bangastaðir	Sigurlaug Guðrún Egilsdóttir
Bláhvammur	Garðræktarfélag Reykhverfinga hf.
Brúnahlíð	Árni Þorbergsson
Einarsstaðir	Lífsval ehf.
Eyvindarholt	Egill Ágústsson
Eyvindarholt	Helgi Þór Helgason
Eyvindarholt	Jón Tryggvi Helgason
Eyvindarholt	Logi Helgason
Eyvindarholt	Sturla Sigtryggsson
Eyvindarstaðir	Eyvindarstaðir ehf.
Fjöll I	Ólafur Jónsson
Fjöll I	Rannveig S. Einarsdóttir
Fjöll II	Guðmundur S. Héðinsson
Framnes	Egill Ágústsson
Framnes	Sturla Sigtryggsson
Garður I	Lífsval ehf.
Garður II	Lífsval ehf.
Garður III	Margrét Þórarinsdóttir
Garður III	Sigurður Þórarinsson
Geitafell	Baldur Jónsson
Grásíða	Grásíða ehf.
Héðinshöfði I	Indriði Úlfsson
Héðinshöfði II	Bjarni Bjarnason
Héðinshöfði II	Jónas Jónasson
Hlíðargerði	Sævar Örn Sigurðsson
Hringver	Svava Björg Kristjánsdóttir
Húsavík	Sveitarfélagið Norðurþing
Hveravellir	Garðræktarfélag Reykhverfinga hf.
Höfðabrekka með Kelduneskoti	Jón G. Stefánsson
Ingveldarstaðir	Þorfinnur Jónsson
Keldunes I	Bryndís Helgadóttir
Keldunes I	Helgi Þór Helgason

Keldunes I	Jón Tryggvi Helgason
Keldunes I	Kristín Helgadóttir
Keldunes I	Logi Helgason
Keldunes I	Oktavía Stefanía Helgadóttir
Keldunes II	Sturla Sigtryggsson
Keldunes II	Bára Siguróladóttir
Kílakot	Þórarinn Þórarinsson
Klambrasel	Ragnheiður Jóhannesdóttir
Krossdalur	Sveinn Þórarinsson
Krossdalur	Þórarinn Sveinsson
Kvistás	Haraldur Þórarinsson
Kvíslarhóll	Aðalsteinn Guðmundsson
Langavatn	Gunnar Hallgrímsson
Laufahlíð	Garðræktarfélag Reykhverfinga hf.
Laufás	Haraldur Þórarinsson
Laufás	Margrét Þórarinsdóttir
Laufás	Sigurður Þórarinsson
Lindabrekka	Katrín Eymundsdóttir
Litlu-Reykir	Þráinn Ómar Sigtryggsson
Máná	Hallfríður Egilsdóttir
Máná	Sigurlaug Guðrún Egilsdóttir
Mánárbrakkur	Bjarni Sigurður Aðalgeirsson
Meiðavellir	Guðrún Árnadóttir
Meiðavellir	Árni Óskarsson
Mörk	Ingólfur Jónsson
Mörk	Freyja Ingólfisdóttir
Ólafsgarði	Þórarinn Þórarinsson
Rein	Stefán Óskarsson
Rein	Rein ehf.
Reykjarhóll	Stefán Óskarsson
Reykjavellir	Sigtryggur Garðarsson
Skarðaborg	Helga Helgadóttir
Skarðaborg	Sigurður Ágúst Þórarinsson
Skógahlíð	Helgi Þór Kárason

---

Skógahlíð	Sigríður Jóhannesdóttir
Skógar I	Jón Árni Gunnlaugsson
Skógar II	Lífsval ehf.
Skógar III	Jón Árni Gunnlaugsson
Skörð	Helga Helgadóttir
Skörð	Ragnheiði Jónsdóttir
Skörð	Sigurður Á. Þórarinsson
Skörð	Þórarinn Jónsson
Skörð	Þuríður Hill
Steindalur	Sigtryggur Bjarnason
Stóru-Reykir	Stefán Óskarsson
Sultir I	Birna Hallgrímsdóttir
Sultir I	Brynhildur Hallgrímsdóttir
Sultir I	Friðbjörg Hallgrímsdóttir
Sultir I	Gunnar Hallgrímsson
Sultir I	Halla Hallgrímsdóttir
Sultir I	Heiðrún Hallgrímsdóttir
Sultir I	Kristjana Hallgrímsdóttir
Sultir I	Ólöf Hallgrímsdóttir
Sultir I	Sigríður Hallgrímsdóttir
Sultir I	Stefán Hallgrímsson
Sultir I	Þuríður Hallgrímsdóttir
Sultir II	Björn Guðmundsson
Sultir II	Einar Björnsson
Sultir II	Guðríður Baldvinsdóttir
Sultir II	Jón Guðmundsson
Svínadalur	Ríkissjóður Íslands
Syðri-Tunga	Árni Sigurðsson
Tóveggur	Kristinn Sigurður Yngvason
Undirveggur	Kristrún Ísaksdóttir
Undirveggur	Sigurbjörg Ísaksdóttir
Undirveggur	Sigurgeir Ísaksson
Undirveggur	Sveininna Jónsdóttir
Víðiholt	Jón Helgi Jóhannsson

Vikingavatn I	Aðalsteinn Örn Snæþórsson
Vikingavatn I	Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir
Vikingavatn II	Benedikt Sveinsson
Vikingavatn II	Ragna Sveinsdóttir
Vikingavatn II	Sólveig Sveinsdóttir
Vogar	Guðmundur Þórarinsson
Vogar	Þórarinn Þórarinsson
Ytri-Tunga I	Birna Friðrika Steingrímsdóttir
Ytri-Tunga I	Kristbjörg G. Steingrímsdóttir
Ytri-Tunga I	Ólöf Anna Steingrímsdóttir
Ytri-Tunga I	Þórarinn Björn Steingrímsson
Ytri-Tunga IA	Steinþór Heiðarsson
Þeistareykir	Aðaldælahreppur
Þeistareykir	Þingeyjarsveit
Þverá	Tryggvi Óskarsson

### III. Skjalaskrá<sup>1</sup>

#### Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 1.11.2006.
  - 1(1) Skjalaskrá, ódags. en móttokin 7.11.2006.
  - 1(2) Tilvísanaskrá, ódags. en móttokin 7.11.2006.
  - 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 15.6.2006. Tilkyning um meðferð á svæði VI.
  - 1(4) Beiðni lögmans fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um frest til skila á þjóðlendukröfum á svæði VI, austanvert Norðurland, dags. 6.9.2006.
  - 1(5) Bréf óbyggðanefndar til lögmans fjármálaráðuneytisins, frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði VI, dags. 14.9.2006.
  - 1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmans fjármálaráðuneytisins, frekari frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði VI, dags. 12.10.2006.
  - 1(7) Göngur og réttir. Skrá 1882 yfir afrétti og heimalönd, sem hreinsuð eru til Hraunsréttar. Bls. 105-109.
  - 1(8) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 11.6.2007.
  - 1(9) Breyting á kröfulínu íslenska ríkisins, ódags. en mótt. 29.8.2007.
  - 1(10) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um þjóðlendukröfur á svæði VI, austanvert Norðurland, dags. 1.11.2006.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 16.11.2007.

##### *Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

- 2(1) a-b Garður (Mikligarður, Austurgarður, Þórólfsstaðir og Bakkakot) í Kelduverfi, dags. 6.10.1883. (*Merkt 1 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(2) a-b Máná á Tjörnesi, dags. 20.6.1890. (*Merkt 2*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(3) a-b Ás og Svínadalur í Kelduverfi, dags. 1.5.1889. (*Merkt 3 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(4) a-b Landamerkjasamningur milli Áss og Svínadals í Kelduverfi, dags. 27.8.1887. (*Merkt 4*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(5) a-b Bakki og Tröllakot á Tjörnesi, dags. maí 1886. (*Merkt 5 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(6) a-b Bangastaðir í Kelduverfi, dags. 20.6.1893. (*Merkt 6 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(7) a-b Breiðavík á Tjörnesi, dags. 31.5.1890. (*Merkt 7*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(8) a-b Breiðavík á Tjörnesi, dags. 10.10.1921. (*Merkt 8*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(9) a-b Breiðavík og Sandhólar á Tjörnesi, dags. 5.10.1923. (*Merkt 9*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(10) a-b Brekknakot, dags. 24.2.1887. (*Merkt 10*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(11) a-b Brekknakot, Laufáshlíð og Hveravellir, dags. 23.9.1940. (*Merkt 11 a-d*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(12) a-b Skörð með Einarstöðum í Reykjahverfi, dags. 8.2.1892. (*Merkt 13 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(13) a-b Einarstaðir með Skörðum í Reykjahverfi, dags. vorið 1923. (*Merkt 14*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

<sup>1</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í réttari númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(14) Fjöll og Auðbjargarstaðir í Kelduhverfi, dags. 4.5.1889. (*Merkt 15 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(15) Aukaréttur Þingeyjarsýslu. Mörk Fjalla, Auðbjargarstaða og Lóns, dags. 10.5.1887. (*Merkt 16 a-k*).
- 2(16)
- 2(17) Geitafell í Aðaldælahreppi, dags. 20.10.1883. (*Merkt 18 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(18) Grásíða í Kelduhverfi, dags. desember 1883. (*Merkt 19*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(19) Grimsstaðir í Mývatnssveit, dags. 8.5.1891. (*Merkt 20 a-b*).
- 2(20) Grenjaðarstaðarkirkjuland í Kelduhverfi, dags. 8.6.1889. (*Merkt 21 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(21) Grenjaðarstaður í Aðaldal/Aðalreykjadal, dags. 31.5.1890. (*Merkt 22*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(22) Grenjaðarstaður í Aðaldal/Aðalreykjadal, dags. 14.2.1941. (*Merkt 23 a-c*).
- 2(23) Hallbjarnarstaðir á Tjörnesi, ódags. en þingl. 24.5.1901. (*Merkt 24 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(24) Héðinshöfði á Tjörnesi, dags. 5.6.1885. (*Merkt 25 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(25) Hóll í Kelduhverfi, dags. 27.5.1889. (*Merkt 26*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(26) Hringver á Tjörnesi, dags. 30.3.1886. (*Merkt 27 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(27) Húsavík, dags. 2.12.1885. (*Merkt 28 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(28) Ingjaldsstaðir, dags. 10.6.1890. (*Merkt 29*).
- 2(29) Kasthvammur í Laxárdal, dags. 14.2.1890. (*Merkt 30 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(30) Keldunes í Kelduhverfi með hjáleigunum Kelduneskoti, Eyvindarstöðum og Nýjabæ, dags. 12.5.1887. (*Merkt 31 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(31) Keldunes II í Kelduhverfi, dags. 1.2.1953. (*Merkt 32 a-b*).
- 2(32) Klambrasel í Helgastaðahreppi, dags. 21.11.1883. (*Merkt 33*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(33) Krossdalur í Kelduhverfi, dags. 14.1.1888. (*Merkt 34 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(34) Langavatn í Aðaldælahreppi, dags. 21.11.1883. (*Merkt 35*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(35) Laxamýri í Reykjahreppi, dags. 8.11.1889. (*Merkt 36 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(36) Lón í Kelduhverfi, dags. 14.7.1922. (*Merkt 37*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(37)
- 2(38) Meiðavellir í Kelduhverfi, dags. 27.5.1846. (*Merkt 41*).
- 2(39) Múli í Aðaldal, dags. 13.5.1884. (*Merkt 43 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(40) Stóru-Reykir með Litlu-Reykjum og Holtakoti, dags. 22.5.1890. (*Merkt 44*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(41) Sandhólar á Tjörnesi, dags. 12.11.1889. (*Merkt 45 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(42) Dómur í landþrætumáli milli Skóga og Skarða, dags. 14.9.1888. (*Merkt 47 a-c*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(43) Skógar í Húsavíkurreppi, dags. 28.5.1892. (*Merkt 48*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(44)

- 2(45) a-b Syðri-Tunga á Tjörnesi með afbýlunum Kvíslarhóli og Tungugerði, dags. 23.6.1883. (*Merkt 51 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(46) a-b Tóveggur í Kelduhverfi, ódags. en þingl. 8.6.1889. (*Merkt 56 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(47) a-b Undirveggur í Kelduhverfi, dags. 10.7.1888. (*Merkt 58 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(48) a-b Víkingavatn í Kelduhverfi, dags. 16.5.1885. (*Merkt 59 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(49) a-b Víkingavatn, Sultir, Kílakot og Ólafsgærði, dags. 28.7.1921. (*Merkt 60*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(50) a-b Ytri-Tunga á Tjörnesi, dags. 10.4.1891. (*Merkt 61 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík..
- 2(51) a-b Samningur um landamerki milli Ytri-Tungu og Hringvers, dags. 20.3.1897. (*Merkt 62 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík..
- 2(52) a-b Þeistareykjafrétt, dags. 16.9.1948. (*Merkt 63 a-d*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(53) a-b Þverá í Húsavíkurreppi, dags. 3.6.1890. (*Merkt 64 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(54) Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (*skjalaflökkur A.2.*):  
Samningur milli Þverár og Heiðarbótar, dags. 14.9.1889. (*Merkt 65 a-b*).
- 2(55) a-b Vitnisburður um landamerki Áss og Kelduness, dags. 4.9.1631, ásamt uppskrift. (*Merkt 1*).
- 2(56) a-b Vitnisburður um landamerki Áss og Kelduness, dags. 4.8.1620, ásamt uppskrift. (*Merkt 2*).
- 2(57) Landamerkjabréf Brekknakots, dags. 24.2.1887. (*Merkt 3 a-b*).
- 2(58) Vitnisburður um að Jón Finnbogason hafi vitnað um landamerki Ísólfstaða á Tjörnesi móti Sauðhólum (þ.e. Sandhólum), Hallbjarnarstöðum, Ytritungu og Fjöllum, dags. 22.1.1582. (*Merkt 4 a-b*).
- 2(59) Vitnisburður, um makaskiptabréf fyrir Ísólfstöðum og Hlið í Grafningi, og lýst merkjum Ísólfstaða móti Sandhólum, Hallbjarnarstöðum, Ytritungu og Fjöllum, dags. 2.5.1642. (*Merkt 5 a-c*).
- 2(60) a-b Uppskriftir ýmissa skjala varðandi Víkingavatn, sem notuð voru í máli Víkingavatsns og Garðskirkju vegna deilu um rekamörk, þ. á m. eru lögfestur Víkingavatsns 1845, 1791, 1807, vitnisburður 1678, ásamt uppskrift. (*Merkt 6 a-j*).
- 2(61) a-b Afskrift af lögfestu Víkingavatsns, dags. 20.6.1715, ásamt uppskrift. (*Merkt 7 a-b*).
- 2(62) a-b Útskrift úr bréfi Magnúsar prests Jónssonar í Garði til yfirjarðamatsnefndar í Þingeyjarsýslu, varðandi rekamörk Garðs og Víkingavatsns, dags. 17.7.1850, ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-c*).
- 2(63) Vitnisburður Halldórs Björnssonar, sem ólst upp í Garði, um þekkingarleysi á rekamörkum Garðs og Víkingavatsns, dags. 18.12.1850. (*Merkt 9*).
- 2(64) a-b Afsal fyrir hálfu Víkingavatni og Kílakoti, dags. 4.10.1853, ásamt uppskrift. (*Merkt 10 a-d*).
- 2(65) a-b Vitnisburður um landamerki Víkingavatsns og Fjalla, dags. 4.5.1868, ásamt uppskrift. (*Merkt 11 a-b*).
- 2(66) Landamerkjabréf Víkingavatsns, dags. 16.5.1885. (*Merkt 12 a-b*).
- 2(67) a-b Lögfesta fyrir Ytritungu, dags. 27.5.1744, ásamt uppskrift. (*Merkt 13 a-b*).
- 2(68) a-b Vitnisburður um landamerki Ytri- og Syðritungu tekinn á manntalsþingi, dags. 25.5.1814, ásamt uppskrift. (*Merkt 14 a-d*).
- 2(69) a-b Lögfesta fyrir Ytritungu, dags. 13.6.1831, ásamt uppskrift. (*Merkt 15*).
- 2(70) Yfirlýsing um heimildarmenn um landamerki Ytri- og Syðritungu, ódags. en þingl. 1.6.1877. (*Merkt 16*).



- 2(71) a-b Uppskrift af málarekstri og málsskjölum í þrætumáli vegna byggingar á bæ á fornu Áslandi (niður í Sandi milli Þórunnarsels og Nýjabæjar) árið 1834, ásamt uppskrift. (*Merkt 17 a-h*).
- 2(72) a-b Vitnisburður um landamerki Þverár í Reykjahverfi, dags. 25.9.1644, ásamt uppskrift. (*Merkt 18*).
- Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*
- 2(73) Jarðamat 1804 úr Kelduneshreppi: Ás, Meiðavellir, Hóll, Keldunes, Kelduneskot, Austurgarður, Garður, Grásiða, Ólafsgærði, Kílakot, Sultir, Víkingavatn, Lón, Fjöll, Auðbjargarstaðir, Bangastaðir, Nýbær og Þórunnarsel. Auk þess umfjöllun um eyðijarðir. Þar á meðal eru Svínadalur, Hæringsstaðir, Krossdalur, Fletir og Ingveldarstaðir. (*Merkt 9 a-h*).
- 2(74) Jarðamat 1804 úr Húsavíkurhreppi: Brekknakot, Reykir, Halakot/Holtakot, Þverá, Skógar, Skörð, Laxamýri, Þorvaldsstaðir, Húsavík, Bakki, Tröllakot, Héðinshöfði, Rauf/Eyvík, Kvislarhóll, Syðritunga, Tungugerði, Hringver, Ytritunga, Hallbjarnarstaðir, Ísólfstaðir, Ketilsstaðir, Sandhólar, Breiðavík, Valadalur/Voladalur, Máná. Einnig eru nefndar eyðijarðirnar Mýrarkot og Hóll. (*Merkt 10 a-p*).
- 2(75) Jarðamat 1804 úr Helgastaðahreppi: Langavatn og Kasthvammur. Þá er umsögn um eyðijarðir. (*Merkt 11 a-d*).
- 2(76) Jarðamat 1804 úr Skútustaðahreppi. Grímsstaðir og Reykjahlíð. Einnig er umsögn um brennisteinsnám. (*Merkt 12 a-d*).
- 2(77) Uppskriftir skjala 2(73)-2(76) úr jarðamati 1804.
- 2(78) a-b Jarðamat í Kelduneshreppi 1849, ásamt matsyfirliti og yfirmati: Ás með Svínadal, Meiðavellir, Tóveggur, Ingveldarstaðir með Ingjaldsstöðum og Ávegg, Undirveggur, Hóll, Keldunes með Kelduneskoti, Eyvindarstöðum og Nýjabæ, Krossdalur, Austurgarður, Garður, Grásiða, Víkingavatn með Ólafsgærði, Kílakoti og Sultum, Lón, Fjöll með Auðbjargarstöðum, Bangastaðir, Arnanes og Þórunnarsel. Í sveitarlýsingu er tekið fram að sveitin sé vel sjálfbjarga með afréttarland. Afréttar- og hagatollar eru sérmetnir á Fjöllum og afréttarhlunnindi með Þórunnarseli. Fjallabóndi hefur kært matið á jörð sinni. Einnig þykir rétt að benda á, hve hátt Fjöll eru metin í samanburði við ýmsar jarðir í sveitinni, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-n*).
- 2(79) a-b Jarðamat í Húsavíkurhreppi 1849: Stórureykir með Brekknakoti og Holtakoti, Þverá, Skógar, Skörð, Laxamýri, Húsavík með Skógargærði, Vilpu, Naustum og Þorvaldsstöðum, Héðinshöfði, Rauf, Syðritunga með Tungugerði og Kvislarhóli, Hringver, Ytritunga, Hallbjarnarstaðir, Ísólfstaðir, Hóll, Sandhólar, Breiðavík, Voladalur, Máná. Ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-n*).
- 2(80) a-b Jarðamat í Helgastaðahreppi (síðar Reykdæla- og Aðaldælahreppar) 1849: Klambrasel (áður Hóll eða Hólkot), Langavatn, Geitafell, Kasthvammur, Grenjaðarstaður, Múli, Þeistareykir með Mælifellshögum. Raunar er ekkert vikið að réttindum Grenjaðarstaðar eða Múla utan heimajarða. Einnig fylgir verðmat á þrætulandi milli Langavatns og Klambrasels. Í sveitarlýsingu segir m.a. að afréttarland megi telja nokkuð, er ýmsum jörðum í sveitinni tilheyri, þó ei sé henni einhlítt með öllu, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-i*).
- 2(81) a-b Jarðamat í Skútustaðahreppi 1849 á jörðunum Grímsstöðum og Reykjahlíð, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-c*).
- 2(82) Jarðamat í Kelduneshreppi 1916-1918: Ás, Svínadalur, Meiðavellir, Tóveggur, Ingveldarstaðir, Undirveggur, Hóll, Eyvindarstaðir, Keldunes, Keldunesskot, Krossdalur, Austurgarður, Garður, Grásiða, Ólafsgærði, Kílakot, Víkingavatn, Sultir, Fjöll, Lón Auðbjargarstaðir, Bangastaðir, Þórunnarsel, Syðribakki. (*Merkt 5 a-t*).
- 2(83) Jarðamat í Tjörneshreppi og á Húsavík 1916-1918: Brekknakot, Litlureykir, Stórureykir (á 3 blöðum), Holtakot, Þverá, Heiðarbót, Dýjakot/Skógahlíð, Skógar, Einarsstaðir, Skörð, Laxamýri, Saltvík, Héðinshöfði, Rauf /Eyvík, Kvislarhóll, Syðritunga, Tungugerði, Hringver, Ytritunga, Hallbjarnarstaðir,

- Ísólfstaðir, Höll, Mýrarkot, Ketilsstaðir, Sandhólar, Breiðavík, Voladalur, Máná og Húsavík. (*Merkt 6 a-bb*).
- 2(84) Jarðamat í Aðaldæla- og Reykdælahreppum (þ.e. Helgastaðahreppi forna) 1916-1918: Klambrasel, Langavatn, Geitafell og Kasthvammur og auk þess brennisteinsnámur á Þeistareykjum. (*Merkt 7 a-e*).
- 2(85) Jarðamat í Skútustaðahreppi 1916-1918: Grímsstaðir og Reykjahlíð. (*Merkt 8 a-b*).
- Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*
- 2(245) Manntalsþing að Keldunesi, dags. 23.4.1703. Magnús Einarsson lögfestir Keldunes og Ásslandsetar hreyfa mótmælum, ásamt uppskrift. (*Merkt 1*).
- 2(246) Manntalsþing að Húsavík á Tjörnesi, dags. 10.-11.12.1736. Deila um landamerki á milli Bakka og Húsavíkur, snýst að mestu um landamerki að sjó vegna nótagagna. En lagðar eru fram lögfestur af hálfu Húsavíkurprestis, sú elsta, dags. 16.6.1644, ásamt uppskrift. (*Merkt 7 a-d*).
- 2(247) Manntalsþing að Húsavík á Tjörnesi, dags. 3.8.1737. Lesin upp lögfesta séra Ketils Jónssonar fyrir Húsavíkirkirkjulandi, dags. 10.8.1737 [1736, réttara], ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-b*).
- 2(248) Manntalsþing að Keldunesi, dags. 20.6.1783. Um uppbyggingu eyðijarðarinnar Svinadals, ásamt uppskrift. (*Merkt 15*).
- 2(249) Manntalsþingsréttur á Keldunesi, dags. 10.7.1804. Vitnisburður þingsóknarmanna um ásigkomulag jarðarinnar Áss, ásamt uppskrift. (*Merkt 39 a-b*).
- 2(250) Auka- og Lögregluréttur á Keldunesi, dags. 7.7.1813. Þjófnaðarmál, stolið úr tjöldum grasaheiðarfólks í Garðsheiði, ásamt uppskrift. (*Merkt 50 a-b*).
- 2(251) Manntalsþingsréttur, dags. 17.7.1813 að Skinnastöðum, dags. 17.7.1813. Áframhald tjaldstuldarmálsins í Garðsheiði, ásamt uppskrift. (*Merkt 51 a-d*).
- 2(252) Héraðsréttur á Helgastöðum, dags. 9.5.1820. Mál áhrærandi meintan eignarétt Múlakirkju á brennisteinsnámum sem liggja í landi kirkjujarðarinnar Þeistareykja, ásamt uppskrift. (*Merkt 55 a-b*).
- 2(253) Manntalsþingsréttur á Helgastöðum, dags. 17.5.1820. Dómur í eignaréttarmáli brennisteinsnáma í Þeistareykjarlandi, ásamt uppskrift. (*Merkt 56 a-d*).
- 2(254) Héraðsþingsréttur að Reykjahlíð, dags. 26.9.1832. Landaþrætumál á milli Grímsstaða og Reykjahlíðar, sérstaklega varðandi eyðijörðina Fagranes, ásamt uppskrift. (*Merkt 63 a-c*).
- 2(255) Héraðsþingsréttur að Reykjahlíð, dags. 27.9.1832. Komist að samkomulagi í landaþrætumáli milli Grímsstaða og Reykjahlíðar, ásamt uppskrift. (*Merkt 64*).
- 2(256) Aukaréttur á Skútustöðum, dags. 18.5.1833. Áframhald landaþrætumáls Grímsstaða og Reykjahlíðar áhrærandi eignar- og notkunarrétt Fagranesslands, ásamt uppskrift. (*Merkt 65 a-b*).
- 2(257) Héraðsréttur á Skútustöðum, dags. 14.6.1833. Áframhald og dómur í landaþrætumáli Grímsstaða og Reykjahlíðar áhrærandi eignar- og notkunarrétt Fagranesslands, ásamt uppskrift. (*Merkt 67 a-d*).
- 2(258) Manntalsþingsréttur á Húsavík, dags. 23.5.1837. Lesið upp bréf frá bændunum í Fjöllum Jóni Gottskálkssyni og Ólafi Gottskálkssyni, dags. 29.5.1837, varðandi afréttarnotkun Tjörnesinga, ásamt uppskrift. (*Merkt 72 a-d*).
- 2(259) Aukaréttur á Húsavík, dags. 4.12.1840. Mál Þorsteins Jakobssonar á Hringveri en fundið var að geldfjársamanrekstri hans síðastliðið haust, ásamt uppskrift. (*Merkt 81 a-m*).
- 2(260) Aukaréttur á Húsavík, dags. 5.12.1840. Áframhald á máli Þorsteins Jakobssonar á Hringveri, ásamt uppskrift. (*Merkt 82 a-m*).
- 2(261) Aukaréttur að Múla, dags. 15.2.1841. Áframhald á máli Þorsteins Jakobssonar á Hringveri, ásamt uppskrift. (*Merkt 83 a-l*).
- 2(262) Aukaréttur á Laxamýri, dags. 23.2.1841. Áframhald á máli Þorsteins Jakobssonar á Hringveri, ásamt uppskrift. (*Merkt 84 a-f*).
- 2(263) Aukaréttur á Húsavík, dags. 24.2.1841. Áframhald á máli Þorsteins Jakobssonar

- a-b á Hringveri, ásamt uppskrift. (*Merkt 85 a-g*).
- 2(264) Aukaréttur að Múla, dags. 16.3.1841. Áframhald á máli Þorsteins Jakobssonar á Hringveri, ásamt uppskrift. (*Merkt 86 a-b*).
- 2(265) Aukaréttur að Múla, dags. 30.3.1841. Dómur í máli Þorsteins Jakobssonar á Hringveri, ásamt uppskrift. (*Merkt 87 a-h*).
- 2(266) Aukaréttur að Múla, dags. 6.9.1841. Máli Þorsteins Jakobssonar á Hringveri vísað heim úr Landsyfírrétti. (*Merkt 88*).
- 2(267) Aukaréttur að Múla, dags. 16.9.1841. Áframhald mála Þorsteins Jakobssonar á Hringveri. (*Merkt 89 a-b*).
- 2(268) Aukaréttur að Múla, dags. 4.10.1841. Dómur í máli Þorsteins Jakobssonar á Hringveri. (*Merkt 90 a-h*).
- 2(269) Manntalsþing á Keldunesi, dags. 24.5.1875. Lesin upp lögfesta Snorra Pálssonar fyrir Fjöllum og henni mótmælt m.a. af Lönsbændum, ásamt uppskrift. (*Merkt 102 a-c*).
- 2(270) Fógetaréttur að Húsavík, dags. 18.1.1877. Benedikt Kristjánsson prestur að Múla og Þ. Guðjohnsen verslunarfulltrúi á Húsavík krefjast þess að sýslumaður kyrrsetji eignir brennisteinsfélagsins í Englandi “The North of Iceland Sulphur Company (Limited)” vegna vanskila. Getið sammings A.G. Locks við dómsmálastjórnina, dags. 13.4.1872, til brennisteinsnáms í námum þeim í Þingeyjar-sýslu (Reykjahlíðar- og Fremrinámum) sem er eign hins opinbera. (*Merkt 105 a-d*).
- 2(271) Lögregluréttur á Þeistareykjum, dags. 8.8.1877. Tilefni réttarhaldsins var að búið var að brjóta upp hús á Þeistareykjum sem tilheyrði hinu enska brennisteinsfélagi sem var kyrrsett með fôgetagjörð, dags. 18.1. sama ár. Fram kemur að þegar umrætt félag hafi í fyrra vor látið byggja hús þau er nú standa hafi þar verið fyrir hús sem notað var til að gangnamenn og aðrir er ferð áttu þar um gætu leitað sér skjóls. Umrætt hús hafi verið notað í þarfir félagsins en það í staðinn var lánað hús sem nota átti í sama tilgangi á meðan félagið ræki námurnar og skilaði svo aftur jafngóðu húsi er rekstrinum væri hætt. (*Merkt 109 a-c*).
- 2(272) Lögregluréttur að Húsavík, dags. 5.6.1846. Rannsókuð gangnaóregla Mánár-bænda, ásamt uppskrift. (*Merkt 113 a-d*).
- 2(273) Lögregluréttur að Húsavík, dags. 6.6.1846. Sáttum náð í gangnaóreglumáli Mánár-bænda, ásamt uppskrift. (*Merkt 115 a-b*).
- 2(274) Manntalsþingsréttur á Húsavík, dags. 11.5.1850. Lesin upp lögfesta séra Jóns Jónssonar á Grenjaðarstað fyrir kirkjunnar jörðum og ítökum í þingsókninni. Henni mótmælt af Laxamýri, Syðritungu og Valadal, ásamt uppskrift. (*Merkt 118 a-c*).
- 2(275) Aukadómping Þingeyjarsýslu, dags. 27.4.1962. Dómsskjöl úr máli um afgjalds-skyldu kirkjujarðasjóðs af Geitafelli. Málið virðist ekki snerta þjóðlendumál en eitt dómsskjal úr málinu, þ.e. greinargerð Magnúsar Más Lárussonar um Geitafell/Geitagerði er tekin með. (*Merkt 132 a-e*).
- 2(276) Aukadómping, dags. 3.7. og 1.8.1973 á Húsavík. Skútustaðahreppur gegn hreppsjóði Aðaldæla- og Keldunesshrepps. Skútustaðahreppur krefst fjórðungs af útlögðum kostnaði vegna landamerkjagirðingar frá Dettifossi að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll. Jafnframt að sömu aðilum verði gert að greiða kostnað í hlutfalli við skiptingu afréttarlands á milli þeirra. (*Merkt 133 a-h*).
- 2(277) Aukadómping, dags. 3.7. og 1.8.1973. Skútustaðahreppur gegn hreppsjóði Reykdælahrepps. Skútustaðahreppur krefst fjórðungs af útlögðum kostnaði vegna landamerkjagirðingar frá Sandvatni að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll. Fram koma upplýsingar um girðingaframkvæmdir á afréttarmörkum milli afréttarlands Skútustaðahrepps og afréttarlands lágsveitanna Reykdæla-, Aðaldæla-, og Keldunesshrepps. (*Merkt 134 a-f*).
- 2(278) Lögregluréttur að Ljósavatni, dags. 17.5.1900. Sigtryggur Kristjánsson í Kasthvammi kærir Kristján Jónsson á Barnafelli fyrir að hafa ekki innt af hendi

- fjallskil á afrétt Reykdælahrepps (Þeistareykir). (*Merkt 137 a-c*).
- 2(279) Lögregluréttur á Húsavík, dags. 20.6.1900. Áframhald á fjallskilamáli Kristjáns Jónssonar á Barnafelli. (*Merkt 138 a-d*).
- 2(280) Lögregluréttur á Húsavík, dags. 22.8.1900. Dómur í fjallskilamáli Kristjáns Jónssonar á Barnafelli. (*Merkt 139 a-d*).
- 2(281) Refasamningur fyrir Norðursýslu sendur hreppstjórum Húsavíkur-, Kelduness- og Skinnastaðhrepps með umburðarbréfi setts sýslumanns, dags. 25.8.1835, ásamt uppskrift. (*Merkt 142 a-j*).
- 2(304) Dómsskjöl úr Þeistareykjamáli. Bréf Stefáns Þórarinssonar amtmanns, dags. 30.10.1819. Konungsleyfi/tilskipun, um að presturinn í Múla, séra Skúli Tómasson, skuli fá umboðsmann (procurator), sér að kostnaðarlausu. Umboðsmaður þessi, skal útfæra og undirbúa kröfu Múlakirkju til brennisteinsnámana í landi Þeistareykja. Björn Jónsson í Lundi, hreppstjóri í Fnjóskadalshrepp, skal settur umboðsmaður, f.h. séra Skúla og Múla, ásamt uppskrift. (*Merkt 150 a-c*).
- 2(305) Dómsskjöl úr Þeistareykjamáli. Bréf Stefáns Þórarinssonar amtmanns, dags. 30.10.1819. Konungsleyfi/tilskipun. Björn Jónsson hreppstjóri, skipaður umboðsmaður séra Skúla í Múla, í því máli er að ofan greinir (*A.6. 105 a-c*) en G. Briem, sýslumaður, skipaður umboðsmaður kóns og krúnu, í sama máli, ásamt uppskrift. (*Merkt 151 a-c*).
- 2(306) Dómsskjöl úr Þeistareykjamáli. Sedill. Stefna Björns Jónssonar, uppá Múlakirkju Beneficiarius, vegna brennisteinsnáma í landi kirkjunnar, Þeistareykjum svonefndum, til prestsins Ingjalds Jónssonar, dags. 22.4.1820, ásamt uppskrift. (*Merkt 152 a-b*).
- 2(307) Dómsskjöl úr Þeistareykjamáli. Vitnisburður/greinargerð Ingjalds prests Jónssonar í Múla, dags. 31.3.1819. Um ásigkomulag Múlakirkju-eyðijarðar Þeistareykja, og brennisteinshlutum þaðan. Hefur frá alda öðli verið byggð eður setin, að sögn Ingjalds, ásamt uppskrift. (*Merkt 153 a-b*).
- 2(308) Dómsskjöl úr Þeistareykjamáli. Minnisdeill/bréf (pro memoria). Vísað til konungsbréfs, dags. 15.4.1776 um eyðijarða uppbygging á Íslandi. -Um leigu og nyt af Þeistareykjajörð, sögð liggja í eyðimörk langt frá annarra byggðalögum ofl., dags. 27.4.1792. Undir skrifar Ingjaldur prestur Jónsson. Upplesið á þremur manntalsþingum 1792 og lagt fram í extrarétti á Helgastöðum þann 9.6.1820, ásamt uppskrift. (*Merkt 154 a-c*).
- 2(309) Dómsskjöl úr Þeistareykjamáli. Extraréttur að Hrafnagili, dags. 27.4.1820. Vitnayfirheyslur, ásamt uppskrift. (*Merkt 155 a-h*).
- 2(310) Dómsskjöl úr Þeistareykjamáli. Afskrift. „Af det kongelige danske amtmansens skrivelse...“ [Stefáns] Þórarinssonar, dags. 14.3.1818. Um rétt konungs til að nýta sér brennisteinsnámurnar á Þeistareykjum, ofl. Þórður Björnsson, lagði afskriftina fram við extrarétt að Helgastöðum, dags. 9.5.1820, ásamt uppskrift. (*Merkt 156 a-c*).
- 2(311) Dómsskjöl úr Þeistareykjamáli. Konungsbréf, staðlaður texti að hluta, með innfærðum viðbótum. Friðrik VI. gjörir kunnugt að sóknarpresturinn, Skúli Tómasson í Múla skuli við „...Iste Instants at lade udgiere i en Sag imod Vedkommende paa det Offentliges Vegne angaaende bemeldte Præstekalds formentlige Eiendomsret til de paa Kirkens Jord Testareykium værende Svovelminer...“. 4.6.1819., ásamt uppskrift. (*Merkt 157 a-c*).
- 2(312) Dómsskjöl úr Þeistareykjamáli. Extract, af Múlakirkjumáldaga, samanlesnum við þrjá Hóladómkirkjumáldaga. Lesið fyrir extrarétti á Helgastöðum, dags. 9.5.1820, ásamt uppskrift. (*Merkt 158 a-b*).
- 2(313) Dómsskjöl úr Þeistareykjamáli. Bréf. Björn Jónsson til sýslumannsins Þórðar Björnssonar. Álit Björns um hvernig skuli dæmast í málinu, þ.e. Þeistareykjabrennisteinsnámu-máli, dags. 9.5.1820, ásamt uppskrift. (*Merkt 159 a-d*).
- 35(11) Fasteignamatsvottorð fyrir Austurgarð II, dags. 7.3.2007.
- a-b
- 35(12) Fasteignamatsvottorð fyrir Kvistás, dags. 7.3.2007.
- 35(13) Fasteignamatsvottorð fyrir Laufás, dags. 7.3.2007.
- 35(14) Fasteignamatsvottorð fyrir Garð I, dags. 7.3.2007.
- a-b
- 35(15) Fasteignamatsvottorð fyrir Garð II, dags. 7.3.2007.
- 35(16) Fasteignamatsvottorð fyrir Garð III, dags. 7.3.2007.
- 35(17) Fasteignamatsvottorð fyrir Grásiðu, dags. 7.3.2007.
- 35(18) Fasteignamatsvottorð fyrir Voga, dags. 7.3.2007.
- 35(19) Ritgerð Guðmundar Sigvaldasonar: *Garður í Kelduhverfi, upphaf byggðar og kirkju*, 1977.
- 35(20) Eignarhald á landi í Kelduhverfi (fyrrum Kelduneshreppi). Greinargerð Þórarins Þórarinssonar, dags. 1.2.2007.
- 35(21) Yfirlandskipti milli Austurgarðs I og II annars vegar og Kvistáss, Laufáss og Garðs III hins vegar, dags. 7.10.1979.

**Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Bangastaða:**

- 36 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 36(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Bangastaði, dags. 29.12.2006.
- 36(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Bangastaði, dags. 19.2.2007.

**Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Héðinshöfða I-II:**

- 37 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 37(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Héðinshöfða I, dags. 24.10.2006.
- 37(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Héðinshöfða II, dags. 24.10.2006.
- 37(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Héðinshöfða I, dags. 19.2.2007.
- 37(4) Greinargerð, dags. 8.8.2007.

**Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Hringvers:**

- 38 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 38(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hringver, dags. 29.12.2006.
- 38(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Hringver, dags. 19.2.2007.
- 38(3) Greinargerð, dags. 8.8.2007.

**Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Kvíslarhóls:**

- 39 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 39(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Kvíslarhól, dags. 19.2.2007.
- 39(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Kvíslarhól, dags. 19.2.2007.
- 39(3) Yfirlýsing um að jarðirnar Kvíslarhóll og Steindalur séu stofnaðar úr Syðri-Tungu, dags. 8.1.2007.

**Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Mánár, Mánárbakka og Árhólts:**

- 40 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 40(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Máná, dags. 29.12.2006.
- 40(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Mánárbakka, dags. 19.2.2007.
- 40(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Árhólts, dags. 19.2.2007.
- 40(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Máná, dags. 19.2.2007.
- 40(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Mánárbakka, dags. 19.2.2007.
- 40(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Árholt, dags. 19.2.2007.
- 40(7) Yfirlýsing um að jarðirnar Árholt og Mánárbakki séu stofnaðar úr Máná, dags. 8.1.2007.
- 40(8) Landamerkjalyýsing Mánár, dags. 1.7.1958.
- 40(9) Landamerkjagjörð Mánár, Mánárbakka og Árhólts, dags. 21.10.1961.

**Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Syðri-Tungu, Kvíslarhóls og Steindals:**

- 41 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 41(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Syðri-Tungu, dags. 29.12.2006.
- 41(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Steindal, dags. 19.2.2007.
- 41(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Kvíslarhól, dags. 19.2.2007.
- 41(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Syðri-Tungu, dags. 19.2.2007.
- 41(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Steindal, dags. 19.2.2007.
- 41(6) Landamerkjalyýsing fyrir nýbýli í Syðri-Tungulandi, dags. 26.9.1957.
- 41(7) Greinargerð, dags. 8.8.2007.

**Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Ytri-Tungu I og Ia:**

- 42 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 42(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Tungu I, dags. 29.12.2006.
- 42(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Tungu Ia, dags. 29.12.2006.
- 42(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Tungu I, dags. 19.2.2007.
- 42(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Tungu Ia, dags. 19.2.2007.
- 42(5) Greinargerð, dags. 8.8.2007.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna 50% Auðbjargarstaða:**

- 43 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 43(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Auðbjargarstaði, dags. 30.1.2007.
- 43(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Auðbjargarstaði, dags. 16.2.2007.
- a-b
- 43(3) Skiptayfirlýsing á dánarbúi Sigurðar Gústafs Kjartanssonar, dags. 4.9.2001.
- 43(4) Hornpunktaskrá Auðbjargarstaða, ódags. en mótt. 10.4.2007.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Fjalla I-II:**

- 44 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 44(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Fjöll I, dags. 30.1.2007.
- 44(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Fjöll II, dags. 30.1.2007.
- 44(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Fjöll I, dags. 16.2.2007.
- 44(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Fjöll II, dags. 16.2.2007.
- 44(5) Kaupsamningur og afsal. Jón Ólafsson selur Ólafi Jónssyni Fjöll I, dags. 21.6.1999.
- 44(6) Afsal Sjafnar Jóhannesdóttur á jörðinni Fjöll II til Guðmundar S. Héðinssonar, dags. 21.12.1997.
- 44(7) Hornpunktaskrá Fjalla I og II, ódags. en mótt. 10.4.2007.
- 44(8) Greinargerð, dags. 8.8.2007.
- 44(9) Ljósmyndir sem sýna landamerkjavörður ásamt loftmynd, ódags. en mótt. 9.8.2007.
- a-e
- 44(10) Tölvupóstur Orra Vésteinssonar, fornleifafr. til Ólafs, dags. 17.8.2007, ásamt

samantekt Stefáns Ólafssonar, fornleifafr. um Biskupsvörðu og Tunguheiðarveg, ódags. en mótt. 21.8.2007.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Ingveldarstaða, Markar og Hlíðargerðis:**

- 45 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 45(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ingveldarstaði, dags. 30.1.2007.
- 45(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Mörk, dags. 30.1.2007.
- 45(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Hlíðargerði, dags. 30.1.2007.
- 45(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Ingveldarstaði, dags. 16.2.2007.
- 45(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Mörk, dags. 16.2.2007.
- 45(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Hlíðargerði, dags. 16.2.2007.
- 45(7) Afsal Jóns Jóhannssonar á Ingveldarstöðum til Þorfinns Jónssonar, dags. 4.9.1954.
- 45(8) Afsal Kristjáns Jónssonar á Hlíðargerði til Rósu Danielsdóttur og Sævars Arnar Sigurðssonar, dags. 6.10.1991.
- 45(9) Afsal Þorfinns Jónssonar á Ingveldarstöðum til Ingólfs Jónssonar, dags. 27.3.1958.
- 45(10) Vísun á kennileiti í suður landamerkjalinu uppsveitarbæjanna í Kelduhverfi. Unnið af Haftækni hf., ódags. en mótt. 10.4.2007.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Kelduness I-II, Eyvindarholts og Framness:**

- 46 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 46(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Keldunes I, dags. 30.1.2007.
- 46(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Keldunes II, dags. 30.1.2007.
- 46(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Eyvindarholt, dags. 30.1.2007.
- 46(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Framnes, dags. 30.1.2007.
- 46(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Keldunes I, dags. 16.2.2007.
- a-b
- 46(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Keldunes II, dags. 16.2.2007.
- 46(7) Fasteignamatsvottorð fyrir Eyvindarholt, dags. 16.2.2007.
- 46(8) Fasteignamatsvottorð fyrir Framnes, dags. 16.2.2007.
- a-b
- 46(9) Skiptayfirlýsing dánarbús Karls Helga Jónssonar, dags. 14.12.1992.
- 46(10) Afsal Sigtryggs Jónssonar á Keldunesi II til Sturlu Sigtryggssonar, dags. 10.4.1973.
- 46(11) Afsal Heiðars Sigvaldasonar og Margrétar G. Þórhallsdóttur á Eyvindarholti til Jóns Tryggva Helgasonar o.fl., dags. 30.12.2002.
- 46(12) Afsal Eyjólfis Vals Gunnarssonar á Framnesi til Sturlu Sigtryggssonar, dags. 29.12.1992.
- 46(13) Hornpunktaskrá Kelduness I-II, Eyvindarholts og Framness, ódags. en mótt. 10.4.2007.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Meiðavalla:**

- 47 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 47(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Meiðavelli, dags. 30.1.2007.
- 47(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Meiðavelli, dags. 16.2.2007.
- 47(3) Hornpunktaskrá Meiðavalla, ódags. en mótt. 10.4.2007.
- 47(4) Afsal jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins á Meiðavöllum til Guðrúnar Árnadóttur, dags. 22.8.2000.
- 47(5) Ljósrit af loftmynd með áteiknuðum landamerkjum, dags. 28.7.1990.
- 47(6) Ljósrit af gervitunglamynd frá 1995. Landgræðslugirðingar á Ássandi og Jökuls-árgljúfrum, dags. júlí 2000.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Tóveggjar:**

- 48 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.

- 48(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Tóvegg, dags. 30.1.2007.
- 48(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Tóvegg, dags. 16.2.2007.
- 48(3) Kaupsamningur og afsal. Axel J. Yngvason og Karólína B. Snorradóttir selja Tóvegg til Kristins S. Yngvasonar, dags. 1.2.1994.
- 48(4) Afsal Adams Jónssonar og Sveinunga Jónssonar á Áveggjarlandi til Kristins S. Yngvasonar, dags. 20.5.1996.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Undirveggjar:**

- 49 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.
- 49(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Undirvegg, dags. 30.1.2007.
- 49(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Undirvegg, dags. 16.2.2007.
- 49(3) Afsal Sigurðar Tryggvasonar og Vigdísar Sigvarðardóttur á Undirvegg til Sigurgeirs Ísakssonar og Sveininnu Jónsdóttur, dags. 31.8.1987.
- 49(4) Afsal Sigurgeirs Ísakssonar og Sveininnu Jónsdóttur á 2/3 hluta Undirveggjar til Sigurbjargar Ísaksdóttur og Krístrúnar Ísaksdóttur, dags. 25.2.2003.
- 49(5) Textabútur úr Árbók Ferðafélags Íslands 1941, bls. 58-59.

**Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. vegna Áss og Svinadals:**

- 50 Kröfulýsing, dags. 12.4.2007.
- 50(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ás, dags. 12.3.2007.
- 50(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Svinadal, dags. 12.3.2007.
- 50(3) Afsal Sveinbjörns Jónssonar á Ási til Kelduneshrepps, dags. 12.6.1924.
- 50(4) Afsal eigenda nokkurra jarða í Kelduneshreppi á landi sem verður innan væntanlegrar sandgræðslugirðingar til Sandgræðslu Íslands, dags. 29.10.1939.
- 50(5) Afsal Yngva Axelssonar o.fl. á jörðinni Ási til Náttúruverndarráðs, dags. 6.5.1974.
- 50(6) Yfirlýsing Náttúruverndarráðs um sameiningu jarðanna Áss I og II í jörðina Ás, dags. 4.11.1985.
- 50(7) Samningur Landgræðslu ríkisins og Kelduneshrepps varðandi afhendingu lands á Ásheiði til landgræðslu, dags. 18.10.1991, ásamt ljósriti af loftmynd.
- 50(8) Samstarfssamningur Landgræðslu ríkisins og Skógræktarfélags N-Þingeyinga um ræktun Landgræðsluskóga á Ássandi, dags. 8.8.2002.
- 50(9) Útdráttur úr aukabók Þingeyjarsýslu varðandi staðfestingu á eignarnámsgjörð á eyðibýlinu Svinadal, dags. 10.7.1954.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 51 51(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 26.4.2007.
- 51(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 11.6.2007.
- 51(3) Fundargerð 3 fyrirtöku, dags. 9.8.2007.
- 51(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 29.8.2007.
- 51(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 17.9.2007.
- 51(6) Fundargerð endurupptöku, dags. 29.5.2008.
- 52 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 22.11.2007.
- 53 Greinargerð Hjörleifs Guttormssonar náttúrufr. um staðhætti og gróðurfar, dags. maí 2007.

**Lagt fram af málsaðilum:**

- 54 Yfirlitskort, mælikvarði 1:100.000 í A1. Mál nr. 2/2007. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 26.5.2008.

## Hliðsjónargögn.

### Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- Ónr. Jóhann Skaptason: „Sýslumörk Þingeyjarsýslu“, *Árbók Þingeyinga 1965*, bls. 66-67.
- Ónr. Jóhann Skaptason: *Suður-Þingeyjarsýsla, austan Skjálfafljóts*, Árbók Ferðafélags Íslands 1978, bls. 76-89.
- Ónr. Björn Teitsson: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930*, Reykjavík, 1973, bls. 52-55 og 64-69.
- Ónr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, Reykjavík, 1988, bls. 210-211, 238-239, 248-251, 258-263, 270-277 og 298-301.
- Ónr. *Íslendingabók. Landnámabók*, Íslensk fornrit I, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík, 1968, bls. 268-287 og 322-323.
- Ónr. Ólafur Jónsson: *Ódáðahraun III*, Reykjavík, 1945, bls. 158-170.
- Ónr. Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir V*, Akureyri, 1987. Fjallskil Aðaldæla og Reykdæla, bls. 103-105 og 108-115.
- Ónr. Björn Sigfússon, *Saga Þingeyinga til loka þjóðveldisaldar*, Ritsafn Þingeyinga I, Reykjavík, 1946, bls. 8-36.
- Ónr. *Lýsing Þingeyjarsýslu. Norður-Þingeyjarsýsla*, Ritsafn Þingeyinga I, Reykjavík, 1959, bls. 12-13, 22-31, 52-57, 340-343, 352-355, 370-377, 282-283.
- Ónr. Uppdráttur afrétta í Þingeyjarsýslu. RALA, ódags. en mótt. 7.11.2006.
- Ónr. *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, Reykjavík, 1994, bls. 23-25 og 192-193.

### Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

- Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum 1-7/2000 og 1-5/2001.
- Ónr. Skýrslur í máli 2/2007 hjá óbyggðanefnd, (16 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
- Ónr. Lyfrd. 1886-1889. Nr. 19/1887, bls. 207 (Skógar-Skörð).
- Ónr. Lyfrd. 1890-1894. Nr. 50/1889, bls. 27 (Skógar-Skörð).
- Ónr. Lyfrd. 1815-1824. Bls. 287, dags. 6.8.1821. (Þeistareykjarnámur).

### Lagt fram til hliðsjónar af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Þeistareykja:

- Ónr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, bls. 212.
- Ónr. Lyfrd. 1802-1873. Nr. 126, bls. 418.
- Ónr. Sigurður Sigurðsson: „Sigurður Guðmundsson frá Litluströnd. Á Þeistareykjum“, *Árbók Þingeyinga 1993*, bls. 169-171.
- Ónr. Héraðsdómur Norðurlands eystra, dómur nr. E-192/1997.

### Lagt fram til hliðsjónar af Ragnari Aðalsteinessyni hrl. vegna Héðinshöfða I-II, Syðri-Tungu og Steindals:

- Ónr. *Almenningens Janusansikt. En sammenlignende rettslig analyse av almennings- og sameieforhold i norsk utmark*.
- Ónr. Rose, Carol M.: *Property and persuasion: Essays on the history, theory and rhetoric of ownership*, Boulder, 1994, bls. 11-22.
- Ónr. Yfirlit yfir hæstaréttardóma um hefð, dags. 15.5.2007.

### Lagt fram til hliðsjónar af Ragnari Aðalsteinessyni hrl.:

- Ónr. Case of J.A. Pye (Oxford) Ltd. v. The United Kingdom, dags. 15.11.2005.
- Ónr. N.A. and others v. Turkey, dags. 11.10.2005.

### Skjöl lögð fram til upplýsingar fyrir lögmennt:

- Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. um gagnaöflun óbyggðanefndar, dags. 5.6.2007.
- Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007 ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl væru varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.





**ÚRSKURÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**

**mál nr. 3/2007**

**Þingeyjarsveit sunnan Ljósavatnsskarðs**  
**og vestan Skjálfandafljóts**



**6. júní 2008**



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>478</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>479</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	479
2.2	Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar.....	479
2.3	Lýstar kröfur og kynning.....	480
2.4	Mál nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs.....	481
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>483</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins.....	483
3.1.1	Þjóðlenda.....	483
3.1.2	Belgsá.....	484
3.1.3	Bakkasel.....	484
3.1.4	Mýri.....	484
3.2	Kröfur Svavars Þórs Sigurðssonar vegna Birningsstaða.....	484
3.3	Kröfur Þórhalls Hermannssonar vegna Kambsstæða, Þorgeirs Halldórssonar vegna Arnstapa, Hreins Þórhallsssonar vegna Ljósavatns, Þóris Kristins Agnarssonar og Elínar Ingu Þórisdóttur vegna Öxarár, Baldurs Vagnssonar vegna Eyjardalsár og Lífsvals ehf. vegna Sandhauga og Hlíðskóga.....	485
3.4	Kröfur Ásvalds Ævars Þormóðssonar og Laufeyjar Skúladóttur vegna Stóru-Tjarna.....	485
3.5	Kröfur Jóns Ingasonar o.fl. vegna Vatnsenda.....	486
3.6	Kröfur Garðars Jónssonar vegna Stóruvalla I og III.....	486
3.7	Kröfur Sigurðar Pálssonar og Kristínar Ketilsdóttur vegna Lækjarvalla (í Stóruvallatorfu).....	486
3.8	Kröfur Péturs Kristjánssonar vegna Litluvalla.....	487
3.9	Kröfur Tryggva Valdemarssonar, Svanhildar Sigtryggsdóttur, Ingvars Ketilssonar og Bergljótar Þorsteinsdóttur vegna Halldórsstaðatorfu.....	487
3.10	Kröfur ábúenda, Tryggva Höskuldssonar og Guðrúnar Sveinbjörnsdóttur, vegna Mýrar.....	488
3.11	Kröfur Héðins Höskuldssonar og Ingileifar Ólafsdóttur vegna Bólstaðar (í Mýrartorfu).....	488
3.12	Kröfur Þingeyjarsveitar, Eiríks Þóroddssonar o.fl. vegna Sörlastaða.....	488
3.13	Kröfur Sigurlínu Hrannar Halldórsdóttur og Stefáns Kristjánssonar vegna Bakka.....	489
3.14	Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Íshóls.....	489
3.15	Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Mjóadals.....	490
3.16	Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Hjaltadals.....	490
3.17	Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Kambfellskjálkalands.....	491
3.18	Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Bleiksmýrardals eystri.....	491
3.19	Kröfur Þingeyjarsveitar vegna afréttarlands í Þingeyjarsveit.....	492
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>493</b>
4.1	Inngangur.....	493
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	493
4.3	Vettvangsferð.....	494
4.4	Skýrslutökur.....	495
<b>5</b>	<b>SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA</b> .....	<b>496</b>
5.1	Landnám.....	496

5.2	Birningsstaðir.....	496
5.3	Kambsstaðir.....	498
5.4	Stórutjarnir.....	502
5.5	Arnstapi.....	503
5.6	Vatnsendi.....	505
5.7	Ljósavatn.....	507
5.8	Öxará.....	510
5.9	Eyjardalsá.....	515
5.10	Sandhaugar.....	522
5.11	Stóruvellir ásamt Hlíðskógum og Lækjarvöllum.....	525
5.12	Litluvellir.....	528
5.13	Halldórsstaðir.....	529
5.14	Mýri ásamt Bólstað.....	531
5.15	Sörlastaðir.....	533
5.16	Bakki.....	536
5.17	Bakkasel.....	537
5.18	Belgsá.....	539
5.19	Íshóll.....	541
5.20	Mjóidalur.....	544
5.21	Hjaltadalur ásamt Kambfellskjálka og Timburvöllum.....	546
5.22	Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár.....	554
5.23	Sel.....	562
5.24	Afréttir og afréttarnot.....	563
5.24.1	Almennt.....	563
5.24.2	Bárðardalur.....	566
5.24.3	Fnjóskadalur.....	575
5.24.4	Fjallskilareglugerðir.....	576
<b>6</b>	<b>NIDURSTÖÐUR ÓBYGGDANEFNDAR.....</b>	<b>578</b>
6.1	Sameiginleg atriði á svæði 6.....	578
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar.....	578
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	578
6.1.3	Afréttir einstakra jarða og stofnana.....	579
6.2	Landnám.....	583
6.3	Birningsstaðir, Kambsstaðir, Stóru-Tjarnir, Arnstapi, Vatnsendi, Ljósavatn, Öxará, Eyjardalsá, Sandhaugar, Hlíðskógar, Stóruvellir, Lækjarvellir, Litluvellir, Halldórsstaðir, Mýri, Bólstaður, Sörlastaðir, Bakki, Bakkasel og Belgsá.....	583
6.3.1	Inngangur.....	583
6.3.2	Sjónarmið aðila.....	584
6.3.3	Niðurstaða.....	586
6.4	Íshóll.....	593
6.4.1	Inngangur.....	593
6.4.2	Sjónarmið aðila.....	593
6.4.3	Niðurstaða.....	594
6.5	Mjóidalur.....	598
6.5.1	Inngangur.....	598
6.5.2	Sjónarmið aðila.....	598
6.5.3	Niðurstaða.....	600
6.6	Hjaltadalur og Kambfellskjálki.....	606
6.6.1	Inngangur.....	606

---

6.6.2	Sjónarmið aðila .....	606
6.6.3	Niðurstaða .....	608
6.7	Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár .....	612
6.7.1	Inngangur .....	612
6.7.2	Sjónarmið aðila .....	612
6.7.3	Niðurstaða .....	614
6.8	Afréttarland í Þingeyjarsveit.....	620
6.8.1	Inngangur .....	620
6.8.2	Sjónarmið aðila .....	620
6.8.3	Niðurstaða .....	621
6.9	Hluti Vatnajökuls .....	623
6.10	Um málskostnað .....	624
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ .....</b>	<b>625</b>

## VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

## FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 6. júní 2008 er tekið fyrir mál nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfandafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs, og í því kveðinn upp svohljóðandi:

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Sif Guðjónsdóttir.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna og jarðanna Belgsár, Bakkasels og Mýrar.

(Andri Árnason hrl.)

Héðinn Höskuldsson og Ingileif Ólafsdóttir vegna Bólstaðar (í Mýrartorfu).

Svanhildur Sigtryggisdóttir og Tryggvi Valdemarsson vegna Engis (í Halldórsstaðatorfu).

Ásmundur Valdemarsson og fleiri vegna Halldórsstaða I.

Bergljót Þorsteinsdóttir og Ingvar Ketilsson vegna Halldórsstaða II.

Pétur R. Kristjánsson vegna Litluvalla.

Kristín Ketilsdóttir og Sigurður Pálsson vegna Lækjarvalla (í Stóruvallatorfu).

Guðrún Sveinbjörnsdóttir og Tryggvi Höskuldsson vegna Mýrar.

Garðar Jónsson vegna Stóruvalla I og III.

Helgi Ingason og fleiri vegna Vatnsenda.

(Friðbjörn Garðarsson hdl.)

Þorgeir Halldórsson vegna Arnstapa.

Baldur Vagnsson vegna Eyjardalsár.

Lífval ehf. vegna Hlíðskóga og Sandhauga.

Þórhallur Hermannsson vegna Kambsstæða.

Hreinn Þórhallsson vegna Ljósavatns.

Elín Inga Þórisdóttir og Þórir Kristinn Agnarsson vegna Öxarár.

(Gunnar Sólnes hrl.)

Þingeyjarsveit vegna Afréttarlands í Þingeyjarsveit, Bleiksmýrardals eystri, Hjaltadals, Íshóls, Kambfellskjálkalands, Mjóadals, Sörlastaða, Tungu og Snæbjarnarstaða.

Gunnar S. Valtýsson og fleiri vegna Bakka.

Svavar Þór Sigurðsson og Þórhalla Bragadóttir vegna Birningsstaða.

Ásvaldur Ævar Þormóðsson og Laufey Skúladóttir vegna Stóru-Tjarna.

Eiríkur Þóroddsson og fleiri vegna Sörlastaða.

(Sigurður Jónsson hrl.)

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2 Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 15. júní 2006, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á austanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjötta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar. Hér skal þess getið að vesturmörkum svæðisins var breytt, að ósk fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins. Í stað þess að fylgja suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar er Fnjóská fylgt frá ósum þar til hún sker vesturmörk Þingeyjarsveitar. Er þeim mörkum fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl.

Að austan afmarkast svæðið af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að ármótum við Kreppu. Þaðan er Kreppu fylgt þar til komið er að ármótum við Kverká og hinni síðarnefndu fylgt að upptökum í Brúarjökli.<sup>2</sup> Þaðan er dregin lína til suðvesturs, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs. Þar er hornmark.

Framangreind afmörkun til vesturs endar í Fjórðungakvísl. Að sunnan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvíslar til austurs í punkt við Nýjadal/Jökuldal. Þaðan eftir dalnum, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvíslar. Þaðan úr austasta punkti í hæðarpunkt 1115 m. Þaðan í Deili, hæð 1125 m, og áfram, inn á Vatnajökul, í Bárðarbungu, hæð 2009 m, þaðan í Svíahnjúk

<sup>2</sup> Svokölluð Krepputunga, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Kreppuár, er þannig innan svæðis 6 en hún var á sínum tíma skilin undan svæði 5 hjá óbyggðanefnd, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998. Sjá nánar í máli nr. 1/2007.



eystri og loks í stefnu á miðja Breiðubungu, þar til kemur að hornmarki við austurmörk. Hornmark þetta kemur fram á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands, sem staðfest var 10. maí 1999, og er þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker línu þá sem liggur á milli miðrar Breiðubungu og Svíahnjúka eystri. Suðurmerki svæðis 6 hjá óbyggðanefnd byggja á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína. Þetta á m.a. við um framangreint hornmark suður- og austurmerkja, en tekið skal fram að austurmerki eru hér að öðru leyti dregin nokkru austar en lína sú á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands sem áður var nefnd.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 15. september 2006 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Grýtubakkahrepps, Svalbarðsstrandahrepps, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps, Tjörneshrepps og þess hluta hins nýja sveitarfélags Norðurþings, sem áður tilheyrði sveitarfélögunum Húsavíkurkaupstað og Kelduneshreppi, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2006 og síðar til 1. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á norðanverðu Austurlandi bárust 1. nóvember 2006. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 10. nóvember 2006, og síðan í fleiri blöðum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 12. febrúar 2007. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var fyrst framlengdur til 12. mars og síðan lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í júlí 2007.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík og á Akureyri, frá 20. júní til og með 20. júlí 2007, sbr. 12. gr.

laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 27. júlí 2007. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 5 hlutum og 6 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 162 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

#### **2.4 Mál nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfandafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs**

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun; mál nr. 2/2007, Tjörnes og Þeistareykir; mál nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfandafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs; mál nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flatey jardalsheiði austan Dalsár og mál nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flatey jardalsheiði vestan Dalsár.

Mál nr. 3/2007 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 26. apríl 2007. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson formaður, Allan V. Magnússon og Sif Guðjónsdóttir. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmennt að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmennt gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmennt og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Þá var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Enn fremur var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð í málinu.

Við aðra fyrirtöku málsins, 11. júní 2007, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til skila á greinargerðum. Formaður gat þess að athygli lögmanna hefði verið vakin á þeim svæðum þar sem engar kröfur öndverðar við þjóðlendukröfur ríkisins hefðu borist óbyggðanefnd. Lögmennt voru og minntir á að setja á kort þá punkta sem nefndir væru í kröfulýsingum. Þá var greint frá því að óbyggðanefnd hafði farið þess á leit við Gunnar Friðrik Guðmundsson, sagnfræðing, að hann ritaði umsögn um gagnaöflun óbyggðanefndar og var sú greinargerð lögð fram.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. ágúst 2007, voru lagðar fram greinargerðir vegna fjölda jarða. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 29. ágúst 2007, voru lögð fram gögn og farið yfir tilhögun fyrirhugaðrar aðalmeðferðar.

Aðalmeðferð fór fram dagana 10. og 13. september 2007 og skiptist í vettvangsskoðun, skýrslutökur og málflutning. Fundað var á Hótel KEA, Akureyri. Um fyrstnefndu atriðin tvö vísast nánar til kafla 4.3. og 4.4. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 29. maí 2008 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### 3 KRÖFUGERÐ<sup>3</sup>

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfur vegna ríkisjarðanna Mýrar, Belgsár og Bakkasels. Hinar síðarnefndu miða við að eignarland umræddra jarða nái ekki lengra en að þjóðlendukröfulínu.

##### 3.1.1 Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. meðfylgjandi kröfukort: „Upphafspunktur er við Hrafnabjörg við Skjálfandafljót (1). Þaðan er tekin bein stefna vestur í hólma í Íshólsvatni (2), en síðan til suðurs, að ósi Rangár (3), þaðan bein stefna vestur í Mjóadalsá (4). Þaðan er Mjóadalsá fylgt til norðurs, þar til Syðri Bótará rennur í Mjóadalsá (5). Úr þeim punkti er haldið norður í upptök Syðri Bótarár (6), en síðan beint í 600 metra háan punkt vestan til í Þorvaldsdal (7), þaðan er fylgt til norðurs brúnum Litluvallafjalls og síðar Ljósavatnsfjalls í um 500 metra hæð, norður í Kamb í Stóradalsfjalli, við Ljósavatnsskarð (8). Þaðan er fylgt brúnum fjalla vestur fyrir Háafell og svo með vesturbrúnum suður með Fnjóskadal og síðar Timburvalladal, í um 500 metra hæð, í punkt á móts við Heimaraklettagil (9). Þaðan bein stefna í vestur um Heimaraklettagil í brúnir vestur að brúnum Kambfells í um 500 metra hæð (10). Þaðan er Kambfelli fylgt að Kambfellshnjúk í norðri og síðan aftur til suðurs í punkt vestan til í Kambfelli í 500 metra hæð í Sláttugili (11). Þaðan er haldið til vesturs um Hjaltadal í svokallað Bæjarstæði í um 500 metra hæð í brúnum Tungufjalls (12). Þaðan er austurbrúnum Tungufjalls fylgt í um 500 metra hæð á móts við Fossagil en þaðan er austurmörkum Tungu fylgt til suðurs að Hamarslækjagili (13). Frá þeim punkti er haldið með suðurmerkjum Tungu í Fnjóská, sem er lokapunktur (14).“

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að ekki væru gerðar athugasemdir hvað varðar kröfur um afrétti á einstökum landsvæðum.

<sup>3</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna jarðanna Snæbjarnarstaða og Tungu en breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis. Þá var einnig lýst kröfum vegna jarðarinnar Hvarfs, sem nefnd er í kröfulýsingu íslenska ríkisins. Við meðferð málsins hefur komið í ljós að kröfusvæði eigenda hennar liggur utan þjóðlendukröfusvæðis. Framangreindar jarðir koma því ekki til frekari umfjöllunar í þessum úrskurði nema að því er varðar málskostnað. Þá lagði Skógrækt ríkisins fram kröfur vegna Þórðarstaða, Belgsár og Bakkasels, en með vísan til 11. gr. laga nr. 58/1998 var því í kjölfarið lýst yfir af hálfu fjármálaráðherra að íslenska ríkið væri í fyrirsvari fyrir umræddar jarðir.

### 3.1.2 Belgsá

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til lands jarðarinnar Belgsár, samkvæmt landamerkjabréfi, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu þjóðlendukröfulínu ríkisins.

Jörðin Belgsá heyrir undir Skógrækt ríkisins og af hálfu íslenska ríkisins er litið svo á að það sé í forsvari fyrir slíkar jarðir og hafi það hlutverk að leggja fram kröfur vegna þeirra.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því verið lýst yfir að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð eru til grundvallar um annað eignarland.

### 3.1.3 Bakkasel

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til lands jarðarinnar Bakkasels, samkvæmt landamerkjabréfi, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu þjóðlendukröfulínu ríkisins.

Jörðin Bakkasel heyrir undir Skógrækt ríkisins og af hálfu íslenska ríkisins er litið svo á að það sé í forsvari fyrir slíkar jarðir og hafi það hlutverk að leggja fram kröfur vegna þeirra.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því verið lýst yfir að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð eru til grundvallar um annað eignarland.

### 3.1.4 Mýri

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til lands jarðarinnar Mýrar, samkvæmt landamerkjabréfi, sem dregið er upp á meðfylgjandi kröfukorti upp að hinni rauðu þjóðlendukröfulínu ríkisins.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því verið lýst yfir að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð eru til grundvallar um annað eignarland.

## 3.2 Kröfur Svavars Þórs Sigurðssonar vegna Birningsstaða

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Birningsstaða og að landamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjabréfi frá 2. júní 1890: „Að vestan, á milli Birningsstaða og Háls ræður Beinagil úr fjallinu og bein lína úr því í Þingmannalæk. Að norðan ræður Þingmannalækur, austur að

móhorni sem varða er á, þaðan bein lína í móberg í Kambsstaðalandi sem er fyrir sunnan Litla Tjarnalæk lítið eitt fyrir utan landamerkjagil Sigríðarstaða og Litlu tjarna. Að austan ræður Kambsá en úr gilsopinu ræður bein lína að Sigríðarstaðalandamerkjum. Að sunnan ræður bein lína eftir miðju fjalli, eða þar sem vötn skilja.“ Um nánari lýsingu er vísað til meðfylgjandi uppdráttar með hornpunktaskrá.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.3 Kröfur Þórhalls Hermannssonar vegna Kambsstaða, Þorgeirs Halldórssonar vegna Arnstapa, Hreins Þórhallssonar vegna Ljósavatns, Þóris Kristins Agnarssonar og Elínar Ingu Þórisdóttur vegna Öxarár, Baldurs Vagnssonar vegna Eyjardalsár og Lífsvals ehf. vegna Sandhauga og Hlíðskóga**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur aðila að jörðunum samkvæmt framlögðum þinglýsingarvottorðum, sbr. og framlögð landamerkjabréf og skráning í fasteignamat auk annarra framlagðra skjala. Um kröfulínur er vísað til landamerkja jarðanna eins og þau eru sýnd á korti.

Komi til þess að hluti af framangreindum jörðum verði talinn til þjóðlendna er gerð sú krafa að jarðeigendur hafi að fullu einkaafnotarétt samkvæmt öllum hefðbundnum afnotum til þess hluta jarða þeirra sem talinn verður þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

### **3.4 Kröfur Ásvalds Ævars Þormóðssonar og Laufeyjar Skúladóttur vegna Stóru-Tjarna**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur aðila að öllu landi Stóru-Tjarna og að landamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjabréfi frá 16. janúar 1883: „Að norðan milli Kambsstaða. Eftir Merkigróf í fjallinu fyrir ofan bæinn og beina stefnu í garðstúf niður í Mó. Að austan milli Stóru- og Litlu Tjarna: Úr Lækjarkrók og beint í Leirtjarnarkrók og þaðan eftir Leirtjörn í Fiskilæk og síðan eftir gömlum merkjagarði norður í Litlu-Tjarnalæk. Milli Stóru-Tjarna að vestan og Arnarstapa að austan. Úr Briðjuhól í Nýphól og síðan beina stefnu niður í Stýflugarð í mýrinni og beint í Litlu-Tjarnalæk.“ Um nánari lýsingu er vísað til meðfylgjandi uppdráttar með hornpunktaskrá.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.5 Kröfur Jóns Ingasonar o.fl. vegna Vatnsenda**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Vatnsenda, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Úr Geitárósi við Ljósavatn (1) eftir Geitá upp á fjall (2) þaðan eftir vatnaskilum þar til komið er á mótis við Stapa (3) þaðan í Stapa (4) og þaðan austanvert í Dauðatanga (5) og þaðan ræður Ljósavatn í Geirárós.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.6 Kröfur Garðars Jónssonar vegna Stóruvalla I og III**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Stóruvalla I og III, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan úr Skjálfanda (1) bein stefna í mitt Sexhólsstaðagil (2) þaðan ræður gilið til enda (3) og þaðan beint vestur á vatnaskil (4) þaðan norður fjallið á vatnaskilum allt þar til komið er á hornpunkt á móti Hlíðskógum (5) og þaðan ráða Hlíðskógamerki í Skjálfanda.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.7 Kröfur Sigurðar Pálssonar og Kristínar Ketilsdóttur vegna Lækjarvalla (í Stóruvallatorfu)**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Lækjarvalla, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan úr Skjálfanda (1) bein stefna í mitt Sexhólsstaðagil (2) þaðan ræður gilið til enda (3) og þaðan beint vestur á vatnaskil (4) og þaðan norður fjallið á vatnaskilum allt þar til komið er á hornpunkt á móti Hlíðskógum (5) og þaðan ráða Hlíðskógamerki í Skjálfanda.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.8 Kröfur Péturs Kristjánssonar vegna Litluvalla**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Litluvalla, sbr. framlagt landamerkjabréf, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan ræður úr Skjálfanda (1) bein stefna í mitt Sexhólsstaðagil (2) síðan ræður gilið meðan endist (3) þaðan beint vestur á vatnaskil (4) og þaðan á vatnaskilum suður fjallið uns komið er á mótis við Sleikjulækjargil (5) þaðan í Sleikjulækjargil (6) sem ræður merkjum til fjallsróta (7) og þaðan beint í Skjálfanda sem ræður merkjum að punkti 1.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.9 Kröfur Tryggva Valdemarssonar, Svanhildar Sigtryggisdóttur, Ingvars Ketilssonar og Bergljótar Þorsteinsdóttur vegna Halldórsstaðatorfu**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Halldórsstaðatorfu (Halldórsstaða I, II og Engis), sbr. framlögð landamerkjabréf aðliggjandi landsvæða, þ.e. öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan ræður úr Skjálfanda (1) svokallað Merkgil (2) sem síðan ræður meðan endist (3) þaðan beint í neðri krókinn á Stóralæk (4) og þaðan ræður lækurinn í efri krókinn á Stóralæk (5) og þaðan beint í vörðu á vatnaskilum (6) þaðan norður á vatnaskilum þar til komið er á mótis við Sleikjulækjargil (7) þaðan beint í Sleikjulækjargil (8) sem ræður síðan merkjum til fjallsróta (9) og þaðan beint í Skjálfanda sem ræður að punkti 1.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.



### **3.10 Kröfur ábúenda, Tryggva Höskuldssonar og Guðrúnar Sveinbjörnsdóttur, vegna Mýrar**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni að allt land jarðarinnar innan merkja framlagðs landamerkjabréfs sé beinum eignarrétti undirorpið, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan ræður úr Skjálfanda (1) bein lína í svokallað Merkigil (2) sem síðan ræður meðan endist (3) þaðan beint í neðri krókinn á Stóralæk (4) og þaðan ræður lækurinn í efri krókinn á Stóralæk (5) og þaðan beint í vörðu á vatnaskilum (6) þaðan suður á vatnaskilum í efsta punkt á Pílagrímsfjalli (7) þaðan í norðvestustu upptök Syðri-Bótarár (8) og þaðan ræður áin þar til hún fellur í Mjóadalsá (9) og þaðan ræður áin uns hún fellur í Skjálfanda (10) en þaðan ræður Skjálfandi að punkti 1.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.11 Kröfur Héðins Höskuldssonar og Ingileifar Ólafsdóttur vegna Bólstaðar (í Mýrartorfu)**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni að allt land jarðarinnar innan merkja framlagðs landamerkjabréfs sé beinum eignarrétti undirorpið, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan ræður úr Skjálfanda (1) bein lína í svokallað Merkigil (2) sem síðan ræður meðan endist (3) þaðan beint í neðri krókinn á Stóralæk (4) og þaðan ræður lækurinn í efri krókinn á Stóralæk (5) og þaðan beint í vörðu á vatnaskilum (6) þaðan suður á vatnaskilum í efsta punkt á Pílagrímsfjalli (7) þaðan í norðvestustu upptök Syðri-Bótarár (8) og þaðan ræður áin þar til hún fellur í Mjóadalsá (9) og þaðan ræður áin uns hún fellur í Skjálfanda (10) en þaðan ræður Skjálfandi að punkti 1.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.12 Kröfur Þingeyjarsveitar, Eiríks Þóroddssonar o.fl. vegna Sörlastaða**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Sörlastaða og að landamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjabréfi frá 19.

apríl 1884: „Sörlastaðalandi skiftir frá Bakkalandi að norðan gamall merkjagarður, er liggur frá austri til vesturs á hinu svonefndu Landholti, og beint til fjalls í grjótvörðu, sem hlaðin er á hól nokkru ofar fjallsrótum, er sýnir beina stefnu í næsta mel, sem liggur í fjallsbrúninni fyrir norðan hina svonefndu Grákolluskál. En aðalengjum og flatlendi jarðarinnar skiftir varða sem hlaðin er upp á flatlendinu í beinni línu til vesturs frá hinum fyrrnefnda merkjagarði. Til austurs á Vallnafjall eiga Sörlastaðir land að Bæjargilstjörn, að Grettistaki, að Fremraskarðsdragi, að Hvítárdragi, að Pílagrímsmosum og að Pílagrímsfjalli. Að sunnan liggja eyðigrjót og sandar. Að vestan skiftir Sörlastaðalandi frá Sörlastaðislandi og Snæbjarnarstaðalandi Timburvallaá og Bakkaá.“ Um nánari lýsingu er vísað til meðfylgjandi uppráttar með hornpunktaskrá.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.13 Kröfur Sigurlínu Hrannar Halldórsdóttur og Stefáns Kristjánssonar vegna Bakka**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur aðila að öllu landi Bakka og að landamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjabréfi frá 1. nóvember 1883: „Bakki á land til austurs á fjall upp og þar til Eyjadalsárlands, sem ódeilt er; Að sunnan ræður merkjum gamall merkigardsstúfur, sem liggur austur og vestur á svonefndu Langholti, eru merkin frá eystri enda hans þverstefnu til fjalls í vörðu, sem hlaðin er á litlum grjóthól neðst í fjallinu og þaðan beint upp á fjallið; frá vestari enda garðsins eru merkin til vesturs í vörðu, sem hlaðin er á mýrinni, og þaðan þvert til Bakkaár; liggur að sunnan Sörlastaðaland. Að vestan ræður Bakkaá merkjum. Að norðan eru merkin Fossgil í fjalli, og á flatlendi grjótgarður eða hryggur, sem er lítið norðar en beint niður frá gilinu, og frá honum beina þverstefnu til Bakkaár; liggur að norðan Bakkaselsland.“ Um nánari lýsingu er vísað til meðfylgjandi uppráttar með hornpunktaskrá.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.14 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Íshóls**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur aðila að öllu landi Íshóls og að landamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í skrá yfir afréttarlönd frá 1904: „Að

austan: frá hólmanum í Íshólsvatni að Rangárósi, þá Rangá að línu þeirri sem liggur frá Galthól að Sjónarhól á Mjóadal sem er merkjalína að sunnan. Að vestan ræður Mjóadalsá frá sjónarhól að merkjalínunni milli Íshóls og Litlutungu, að norðan ræður merkjalína, sem talin er að sunnan í Litlutungu landamerkjum.“ Um nánari lýsingu er vísað til meðfylgjandi uppdráttar með hornpunktaskrá.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.15 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Mjóadals

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Mjóadals og að landamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjabréfi frá 8. maí 1897: „Að austan skilur Mjóadalsá lönd Mjóadals og Íshóls. Að sunnan skilur Tungufellsá, svo þvergil og síðast bein stefna úr því vestur á hágrjót, Mjóadalsland og almenning. Þaðan liggja svo merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deila sveita milli, norður gegnt upptöku Syðri-Bótarár, sem að norðan skilur lönd Mjóadals og Mýrar.“ Um nánari lýsingu er vísað til meðfylgjandi uppdráttar með hornpunktaskrá.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.16 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Hjaltadals

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Hjaltadals og að landamerki jarðarinnar, að frádregnu landi Kambfellskjálka, séu þau sem greinir í landamerkjabréfi frá 16. janúar 1883. Í landamerkjabréfinu segir svo: „Að austan ræður Timburvallaá. [...] Að vestan ræður fjallið. Að sunnan eru Örafi.“ Og í yfirlýsingu um skiptingu jarðarinnar Hjaltadals, dags. 27. ágúst 1950, segir svo: „Ólafur Pálsson á Sörlastöðum á Hjaltadal austan Hjaltadalsár og Austur krók og Timburvalladal, vestan Timburvallaár.“ Kambfellskjálki er austari hlutinn. Um nánari lýsingu er vísað til meðfylgjandi uppdráttar með hornpunktaskrá.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.17 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Kambfellskjálkalands

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu Kambfellskjálkalandi og að landamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í yfirlýsingu um skiptingu jarðarinnar Hjaltadals, dags. 27. ágúst 1950, og í afsölum fyrir spildu úr Kambfellskjálka, dags. 23. júní 1955 og 9. maí 1966. Í yfirlýsingunni segir svo: „Ólafur Pálsson á Sörlastöðum á Hjaltadal austan Hjaltadalsár og Austur krók og Timburvalladal, vestan Timburvallaár.“ Kambfellskjálki er austari hlutinn. Í afsölonum segir svo: „Að austan og sunnan háfjöll, að vestan í miðja fyrstu Hrauntungu, síðan Hjaltadalsá, að norðan lína um hæstan Kirkjuhól í norðvesturhorn Kambfellskjálks.“ Um nánari lýsingu er vísað til meðfylgjandi uppdráttar með hornpunktaskrá.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.18 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Bleiksmýrardals eystri

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Bleiksmýrardals eystri og að landamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í dómi Landsyfirréttar frá 11. júlí 1885, afsali ráðherra Íslands, dagsettu 22. október 1919, og uppdrætti meðfylgjandi kröfulýsingu. Með umræddum dómi var staðfestur dómur undirréttar (héraðsréttarins) um að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár frá Hamarslæk og allt suður í öræfi væri fullkomin og átölulaus eign Munkaþverárklosturs og í afsalinu kunngerði Ráðherra Íslands í atvinnu og samgöngumálum að „Með því Hálshreppur [...] hefir leitað kaups á afréttarlandinu Austur-Bleiksmýrardal og [...] þá sel ég og afsala [...] Hálshreppi [...] téðu afréttarlandi eins og það var undanskilið við sölu jarðarinnar Tungu [...]“ Um nánari lýsingu er vísað til meðfylgjandi uppdráttar með hornpunktaskrá.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Fari svo að ekki verði fallist á að eignarland Bleiksmýrardals nái inn að Kiðagilsdrögum, eins og aðalkrafa gerir ráð fyrir, er þess krafist að það nái ekki skemmra til suðurs en að Söndunum og þeirri varakröfulínu sem er dregin. Haldið er fast við kröfu um afréttareign svæðisins suður af Söndunum allt að Kiðagilsdrögum ef svo fer að þetta svæði verði ekki talið fullkomið eignarland Þingeyjarsveitar.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.19 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna afréttarlands í Þingeyjarsveit**

Gerð er sú krafa að viðurkennt verði að Þingeyjarsveit hafi í umboði jarða í sveitinni afnotarétt í þjóðlendu suður af eignarlöndum í Bárðardal og Fnjóskadal og allt til jökla eða svo langt sem kröfugerð ríkisvaldsins nær til suðurs. Krafast er viðurkenningar á upprekstrar- og beitarrétti, eins og hann hefur verið samkvæmt venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, í þjóðlendu sunnan eignarlanda í Þingeyjarsveit vestan Skjálfandafljóst og sunnan Ljósavatnsskarðs. Um nánari afmörkun er vísað til meðfylgjandi uppdráttar.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-37 ásamt undirskjölum eða samtals 504 skjöl, auk 14 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáiast um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnumurum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins í ágætu skyggni dagana 10. og 11. september 2007, í fylgd með lögmonnum, tilteknum málsaðilum og Hjörleifi Guttormssyni náttúrufræðingi, sem annaðist leiðsögn ásamt heimamönnum, þar á meðal Þórhalli Hermannssyni fjallskilastjóra á Kambsstöðum.

Fyrri daginn var ekið um Ljósavatnsskarð að Kambsstöðum og síðan að Fosshóli. Frá Kambsstöðum að Fosshóli lýstu leiðsögumenn kennileitum og legu þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins í fjallinu ofan bæja í sunnanverðu Ljósavatnsskarði. Frá Fosshóli var haldið að Öxará og síðan áfram inn Bárðardal að Mýri. Á leiðinni var lýst staðháttum og legu kröfulínu íslensku ríkisins. Ekið var frá Mýri inn á veg nr. F26, Sprengisandsleið, og gerð grein fyrir merkjum og kennileitum. Meðal annars var horft yfir í Þvergil, að Gvendarhnjúk, Tungufelli og Mjóadal. Ekið var áfram til suðurs en beygt til norðurs skammt fyrir sunnan Gvendarhnjúk og ekið ofan í Bleiksmýrardal að gangnamannakofa. Horft var yfir Bleiksmýrardalsdrög. Þessu næst var sami slóði ekinn til baka inn á veg F26, Sprengisandsleið, um svæðið sunnan við Mjóadal og Íshól. Ekki var þó talin þörf á að fara alla leið suður að Fjórðungsvatni. Beygt var til vesturs inn á veg nr. F881, Dragaleið, og af honum til norðurs við Geldingsárdrög inn á veg nr. F821, Eyjafjarðarleið, sem ekin var til norðurs út í Eyjafjörð og til Akureyrar, þar sem ferðinni lauk.

Seinni daginn var ekið yfir Vaðlaheiði, veg nr. 832 (Vaðlaheiðarvegur) yfir í Fnjóskadal. Á leiðinni mátti sjá yfir Fnjóskadal, Hjaltadal og Timburvalladal. Leiðsögumenn gerðu grein fyrir kennileitum, í þeim tilgangi að hægt væri að glöggva sig á legu þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins á svæðinu. Fram kom að Fnjóská væri kölluð Bakkaá innar í Timburvalladal. Við Sörlastaði var hópnunum skipt niður á jeppa og haldið inn Timburvalladal og farið yfir Timburvalladalsá. Staðnæmst var við eyðibýlið Bakkasel og horft inn dalinn þar sem sást vel inn að kröfulínu íslenska ríkisins og inn dalinn. Fremra-Klettagil og Heimara-Klettagil sáust í vesturhlíð dalsins. Ekki sást í Pílagrímsfjall en heimamenn lýstu því að svæðið væri mest allt vel gróið upp á hálandið. Pílagrímsmosar, norðan við Pílagrímsfjall, væru vel grónir og gróið nánast yfir í Mjóadal. Austan ár séu Hvítármýrar. Þessu næst var snúið við og sama leið ekin til baka að Sörlastaðum. Haldið var inn Hjaltadal, m.a. framhjá Snæbjarnarstöðum og Kambfelli, og inn að Sláttugili. Þar sást hvar kröfulína íslenska ríkisins er dregin. Rætt var um gróðurfar utan og innan gilsins og ekki greinanlegur munur þar á. Leiðsögumenn lýstu staðháttum og legu þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins. Ekin var sama leið til baka og út Illugastaðaveg (nr. 833). Sá vegur var ekinn til suðurs og síðan haldið inn Bleiksmýrardal. Þar var numið staðar við afréttargirðingu í Tungu og horft inn dalinn. Sáust þar m.a. Hamarslækjargil, Heimara- og Fremragil og lega kröfulínu íslenska ríkisins. Loks var sama leið ekin aftur til Akureyrar.

#### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Tryggvi Höskuldsson, ábúandi á Mýri; Baldur Vagnsson, eigandi Eyjadalsár; Þórhallur Hermannsson, fjallskilastjóri og eigandi Kambsstæða; Hermann Herbertsson, Sigríðarstöðum.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins



## 5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt efnispáttum og síðan tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.<sup>4</sup>

### 5.1 Landnám

Að sögn Landnámu nam Þórir snepill, sonur Ketils brimils, land í Fnjóskadal, en áður í Kaldakinn milli Skuggabjarga og Ljósavatnsskarðs. Sturlubók segir um landnámið í Fnjóskadal:

Þórir nam síðan Hnjóskadal allan til Ódeilu ok bjó at Lundi; ...<sup>5</sup>

Hauksbók Landnámu er þessu samhljóða.<sup>6</sup> Ódeila er ókunn nú, en Jón Sigurðsson í Yztafelli segir ekki vafa á, að Ódeila hafi verið á vatnaskilum sunnan Kambsmýra og Flateyjarðalur þá verið talinn svo sem vötn falla norður, en heiðin aðeins hið hæsta milli Króka og Kambsmýra.<sup>7</sup>

Bárðardal nam fyrstur Bárður, sonur Heyangurs-Bjarnar, sem eftir flutning í Fljótshverfi nefndist Gnúpa-Bárður. Eða eins og segir í Landnámu:

Bárðr son Heyangrs-Bjarnar kom skipi sínu í Skjálfafljótsós ok nam Bárðardal allan upp frá Kálfborgará ok Eyjardalsá ok bjó at Lundarbreykku um hrið.<sup>8</sup>

Þorfinnur máni nam land fyrir neðan Eyjardalsá:

Þorfiðr máni hét maðr, son Áskels torfa; hann nam land fyrir neðan Eyjardalsá til Landamóts ok sumt um Ljósavatnsskarð ok bjó at Öxará.<sup>9</sup>

Sturlubók Landnámu getur landnámsmannsins Þóris Grímssonar gráfeldarmúla, sem numið hafi land um Ljósavatnsskarð. Þetta telur Jakob Benediktsson rangt, Þorfinnur máni hafi einn numið land í Ljósavatnsskarði, en greinin um Þóri hafi verið sett inn á rangan stað í Sturlubók.<sup>10</sup>

### 5.2 Birningsstaðir

Máldagar Auðunar biskups rauða eru frá árinu 1318. Þar kemur fram að Hálsstaður á:  
Birningzstadi<sup>11</sup>

<sup>4</sup> Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 31. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

<sup>5</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, Íslenzk fornrit I, bls. 270.

<sup>6</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 271.

<sup>7</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 273. Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 111.

<sup>8</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 273.

<sup>9</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 274.

<sup>10</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 275.

<sup>11</sup> Skjal nr. 2 (89).

Í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394<sup>12</sup> og Ólafs Rögnvaldssonar, sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510),<sup>13</sup> kemur fram að Hálskirkja eigi Birningsstaði.

Varðveitt er vitnisburðarbréf séra Gottskálks Jónssonar, Jóns Gottskálkssonar og Ólafs Tómassonar sem gert var á Hólum í Hjaltadal 25. júlí 1506. Þar segjast ofanefndir prestar hafa séð máldaga Hálskirkju í Fnjóskadal frá árinu 1312 sem þeir skrifuðu orðrétt upp. Máldagi þessi er að mestu samhljóða máldaga Auðunar rauða frá 1318 en þar eru að finna nokkrar viðbætur sem skýra t.d. hvar Markdælar liggja en kirkjan átti torfskurð milli Þingmannalækjar og Markdæla og svo að kirkjan fengi fyrst sjöttung sinn af Ljósavatsreka. Í máldaganum er þess getið að Birningsstaðir tilheyri Hálskirkju. Vitnisburðurinn er að öllum líkindum falsbréf því að engir prestar með þessum nöfnum eru þekktir frá þessum tíma. Hann var þó lesinn á héraðsþingi á Hálsi 3. maí 1740 og manntalsþingi á sama stað 24. maí 1743.<sup>14</sup> Af lögfestu séra Jóns Þorgrímssonar fyrir Hálsstað frá 7. apríl 1744 má sjá að fyrrnefnt falsbréf hefur verið lagt fram í máli sem dæmt var 4. maí 1740 því að þar hafa viðaukar falsbréfsins skilað sér inn í lögfestuna í krafti fyrrnefnds dóms.<sup>15</sup>

Birningsstaðir eru nefndir meðal kirkjujarða Hálsstaðar í máldaga sem er væntanlega frá 1523.<sup>16</sup>

Birningsstaðir eru taldir meðal jarða Hálskirkju í gömlum máldaga sem séra Guðmundur Skíðason á Bægisá segist í vitnisburði frá 25. október 1581 hafa séð á Hólum í Hjaltadal. Sá vitnisburður hefur varðveist í afskrift séra Gamaliels Ólafssonar á Þóroddstað og tveggja annarra manna sem gerð var á Hóli í Kinn 12. júní 1608.<sup>17</sup>

Minnst er á að Hálskirkja eigi Birnustaði [Birningsstaði] í umfjöllun um Háls í Fnjóskadal í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616.<sup>18</sup>

Í vísitásium Hálskirkju sem skráðar eru í vísitásiubækur Þorláks Skúlasonar, Gísla Þorlákssonar, Einars Þorsteinssonar, Björns Þorleifssonar, Steins Jónssonar og Steingríms Jónssonar er þess einnig getið að Hálskirkja eigi Birningsstaði.<sup>19</sup>

Birningsstaða er getið meðal kirkjujarða í lögfestu séra Þorgríms Jónssonar frá 21. maí 1726 fyrir Hálsstað en takmörk jarðarinnar eru ekki nefnd. Lögfestan var lesin á þingi að Hálsi samdægurs.<sup>20</sup>

<sup>12</sup> Skjal nr. 2 (94).

<sup>13</sup> Skjal nr. 2 (101).

<sup>14</sup> Skjal nr. 2 (47).

<sup>15</sup> Skjal nr. 2 (52) a-b.

<sup>16</sup> Skjal nr. 2 (48).

<sup>17</sup> Skjal nr. 2 (49) a-b. Gamaliel Ólafsson var prestur á Þóroddstað 1599-1608, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófesta á Íslandi*, bls. 298.

<sup>18</sup> Skjal nr. 2 (212) a-b.

<sup>19</sup> Skjöl nr. 2 (65) a-b, nr. 2 (68) a-b, nr. 2 (76) a-b, nr. 2 (77) a-b, nr. 2 (80) a-b og nr. 2 (87) a-b.

<sup>20</sup> Skjal nr. 2 (51) a-b. Það sama á við síðari lögfestur séra Þorgríms frá 7. apríl 1744, 18. maí 1745, 7. júní 1770, 3. júní 1779 og 4. október 1782 sem flestar hafa verið lesnar upp oftast en einu sinni, sbr. skjal nr. 2 (52) a-b – skjal nr. 2 (56) og lögfestu séra Sigurðar Árnasonar frá 1. júní 1830, sbr. skjal nr. 2 (57).

Á manntalsþingi 10. júní 1735 las séra Þorgrímur Jónsson lögfestu fyrir heimalandi Hálskirkju og nokkrum jörðum þ.á m. Birningsstöðum. Hann virðist hafa lesið sömu lögfestu á manntalsþingi á Hálsi 7. júní 1736 en í hvorugt skiptið er inntaks getið.<sup>21</sup>

Að sögn Jarðabókar Árna og Páls var grasatekja lítil á Birningsstöðum en úthagar nægir.<sup>22</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er eftirfarandi m.a.:

Birningstadir, taldir 20 hndr. ad dýrleika. ... Land til þrifa og málnytu í betralagi, en fremur litid ummáls, vetrararbeit nokkur. ...<sup>23</sup>

Landamerkjabréf fyrir Birningsstaði var útbúið þann 2. júní 1890. Því var þinglýst 16. júní sama ár:

Að vestan, á milli Birningsstaða og Háls ræður Beinagil úr fjallinu og bein lína úr því í Þingmannalæk.

Að norðan ræður Þingmannalækur, austur að móhorni sem varða er á, þaðan bein lína í móberg í Kamsstaðalandi, sem er fyrir sunnan litlu Tjarnalæk lítið eitt fyrir utan landamerkjagil Sigríðarstaða og litlu tjarna. Að austan ræður Kamsá en úr gilsopinun ræður bein lína að Sigríðarstaðalandamerkjum. Að sunnan ræður bein lína eftir miðju fjalli, eða þar sem vötn skilja.<sup>24</sup>

Pétur Jónsson prestur á Hálsi skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Skúla Kristjánssyni vegna Sigríðarstaða, Guðmundi Davíðssyni vegna Lunds, Benedikt Bjarnasyni vegna Vagla og Pétri Jónssyni presti vegna Kamsstaða.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Birningsstaða hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Birningsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland gott til sumararbeit fyrir allar skepnur. All víðlent, en liggur á einn veg og því erfitt að nota það, sem fjærst er. Fremur er snjólétt og vetrararbeit dágóð, en skjólalítið og ekki vel vorgott. ... Jörðin liggur vel fyrir jarðabótum. Dálítið hættusamt fyrir sauðfé.<sup>25</sup>

### 5.3 Kamsstaðir

Máldagar Auðunar biskups rauða eru frá árinu 1318. Þar kemur fram að Hálsstaður á „kambstadi“<sup>26</sup>

<sup>21</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.2).

<sup>22</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 93.

<sup>23</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

<sup>24</sup> Skjal nr. 2 (5) a-b.

<sup>25</sup> Skjal nr. 2 (43).

<sup>26</sup> Skjal nr. 2 (89).

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394,<sup>27</sup> Ólafs Rögnvaldssonar, sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510)<sup>28</sup> og máldaga Hálskirkju frá 21. september 1565.<sup>29</sup>

Varðveitt er vitnisburðarbréf séra Gottskálks Jónssonar, Jóns Gottskálkssonar og Ólafs Tómassonar sem gert var á Hólum í Hjaltadal 25. júlí 1506. Þar segjast ofan nefndir prestar hafa séð máldaga Hálskirkju í Fnjóskadal frá árinu 1312 sem þeir skrifuðu orðrétt upp. Máldagi þessi er að mestu samhljóða máldaga Auðunar rauða frá 1318 en þar eru að finna nokkrar viðbætur sem skýra t.d. hvar Markdælar liggja en kirkjan átti torfskurð á milli Þingmannalækjar og Markdæla og svo að kirkjan fengi fyrst sjöttung sinn af Ljósavatsreka. Í máldaganum er þess getið að Kamsbstaðir tilheyri Hálskirkju. Eins og áður hefur verið nefnt er vitnisburðurinn sennilega falsbréf því að engir prestar með þessum nöfnum eru þekktir frá þessum tíma. Hann var þó lesinn á héraðsþingi á Hálsi 3. maí 1740 og á manntalsþingi á sama stað 24. maí 1743.<sup>30</sup> Af lögfestu séra Jóns Þorgrímssonar fyrir Hálsstað frá 7. apríl 1744 má sjá að fyrrnefnt falsbréf hefur verið lagt fram í máli sem dæmt var 4. maí 1740 því að þar hafa viðaukar falsbréfsins skilað sér inn í lögfestuna í krafti fyrrnefnds dóms.<sup>31</sup>

Kamsbstaðir eru meðal jarða Hálskirkju í máldaga sem að öllum líkindum er frá árinu 1523.<sup>32</sup>

Kamsbstaðir eru taldir meðal jarða Hálskirkju í gömlum máldaga sem séra Guðmundur Skíðason á Bægisá segist í vitnisburði frá 25. október 1581 hafa séð á Hólum í Hjaltadal. Sá vitnisburður hefur varðveist í afskrift séra Gamaliels Ólafssonar á Þóroddstað og tveggja annarra manna sem gerð var á Hóli í Kinn 12. júní 1608.<sup>33</sup>

Minnst er á að Hálskirkja eigi Kamsbstaði í umfjöllun um Háls í Fnjóskadal í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616.<sup>34</sup>

Í vísitásium Hálskirkju sem skráðar eru í vísitásiubækur Þorláks Skúlasonar, Gísla Þorlákssonar, Einars Þorsteinssonar, Björns Þorleifssonar, Steins Jónssonar og Steingríms Jónssonar er þess einnig getið að kirkjan eigi Kamsbstaði.<sup>35</sup>

Kamsbstaðir eru taldir upp meðal kirkjujarða í lögfestu séra Þorgríms Jónssonar frá 21. maí 1726 fyrir Hálsstað en engra merkja er þó getið. Lögfestan var lesin á þingi að Hálsi samdægurs.<sup>36</sup>

<sup>27</sup> Skjal nr. 2 (94).

<sup>28</sup> Skjal nr. 2 (101).

<sup>29</sup> Skjal nr. 2 (119).

<sup>30</sup> Skjal nr. 2 (47).

<sup>31</sup> Skjal nr. 2 (52) a-b.

<sup>32</sup> Skjal nr. 2 (48).

<sup>33</sup> Skjal nr. 2 (49) a-b. Gamaliel Ólafsson var prestur á Þóroddstað 1599-1608, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 298.

<sup>34</sup> Skjal nr. 2 (212) a-b.

<sup>35</sup> Skjöl nr. 2 (65) a-b, nr. 2 (68) a-b, nr. 2 (76) a-b, nr. 2 (77) a-b, nr. 2 (80) a-b og nr. 2 (87) a-b.

<sup>36</sup> Skjal nr. 2 (51) a-b. Það sama á við síðari lögfestur séra Þorgríms frá 7. apríl 1744, 18. maí 1745, 7. júní 1770, 3. júní 1779 og 4. október 1782 sem flestar hafa verið lesnar upp oftar en einu sinni, sbr. skjal nr. 2 (52) a-b – skjal nr. 2 (56) og lögfestu séra Sigurðar Árnasonar frá 1. júní 1830, sbr. skjal nr. 2 (57).

Á manntalsþingi 10. júní 1735 las séra Þorgrímur Jónsson lögfestu fyrir heimalandi Hálskirkju og nokkrum jörðum þ. á m. Kambsstöðum. Hann virðist hafa lesið sömu lögfestu á manntalsþingi á Hálsi 7. júní 1736 en í hvorugt skiptið er inntaks getið.<sup>37</sup>

Gunnlaugur Gunnlaugsson prestur á Hálsi lögfesti Kambsstaði 7. maí 1796 til eftirfarandi takmarka:

... ad sunnann verdu er su Gröf er heiter Nóngröf, og so beinleidis þar ofan til LitluTiarnar Lækjar, gagnvart Landamerkia Gile ad austan verdu; Enn ad utann Rædur KambsAa, er Rennur i Aminstann Læk. Þesse Aminstu Landa merke Lögfestast asamt Husum og Tune tödum og Eyngium Holtum og Haga og Lands Nytiium, til Fjalls og Läglandis. Fyrer bydst hvöríum manne i ad vinna þvj Lande er Innann tied<r>a takmarka liggur það ad yrkia beita edur bruka, so vidt það er a móte lögum; Enn eg fráskil Lögfestunne Fridsamlega Samgaungu a busmala Nágranna Nærstu.<sup>38</sup>

Lögfestan var lesin samdægurs á manntalsþingi að Hálsi.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir Kambsstaði 10 hndr. jörð, grasatekju varla teljandi, úthaga litla og þar með snögglanda fyrir stórgripi.<sup>39</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 eru Kambsstaðir, Hálskirkjujörð, sagðir 12 hundruð. Í matinu kemur einnig fram að sandfok og skriðuföll séu á tún og úthaga.<sup>40</sup>

Fjallað er um Kambsstaði í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur fram:

Kambstadir metid 12 hndr. ad fornu. ... Okostur: land er fremur litid, uppblásid til fjalls, sumt grófótt, ...<sup>41</sup>

Ekkert landamerkjabréf hefur fundist fyrir Kambsstaði, en Hálsprestur, umráðamaður Kambsstaða, skrifaði undir landamerkjabréf Stórutjarna og skrifaði undir landamerki Birningsstaða vegna Kambsstaða.

Virðing vegna fyrirhugaðrar sölu kirkjujarðarinnar Kambsstaða fór fram 23. apríl 1913. Í virðingargerðinni segir m.a. að land jarðarinnar sé nokkurt að víðáttu, einkum í dal sem skerst inn í fjallið upp frá bænum. Sumarheit fyrir sauðfé er sögð allgóð og vetrarheit góð. Næstum engir hagar séu í heimalandi fyrir stórgripi á sumrum og verði árlega að fá kúabeit frá næstu bæjum. Hestaganga á vetrum sé mjög lítil. Stjórnaráðið seldi Bjarna Kristjánssyni jörðina Kambsstaði ári síðar og er afsalið dagsett 7. nóvember 1914.<sup>42</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnist þinglesin landamerki fyrir Kambsstaði og þau séu ekki skráð í lýsingu jarðarinnar. Einnig kemur fram að

<sup>37</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.1).

<sup>38</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>39</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 93.

<sup>40</sup> Skjal nr. 2 (37) a-b.

<sup>41</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

<sup>42</sup> Skjal nr. 2 (177).

landamerkin séu sögð ágreiningslaus. Eftirfarandi upplýsingar um Kamsbstaði eru líka fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Sauðland gott, kjarnamikið og all víðlent. Gripahagar litlir og fremur hrjóstugir. Snjólétt, skjólasamt og beitin hæg. Fjárgeymsla erfð. Kamsárdalur, sem liggur upp í fjallið, væri nægilegt upprekstrarland fyrir jörðina.<sup>43</sup>

Í málinu hefur verið lagt fram afsal fyrir hluta úr landi Kamsbstaða til Stórutjarna 7. október 1915 og frumrit landamerkjabréfs Birningsstaða.<sup>44</sup>

Í afsalsbréfinu segir meðal annars eftirfarandi um merkin:

Úr merkjagróf að austan á milli nónbekks og Steinholts eftir vörðum eða girðingum norðvestur í vinkilkrók vestan við svokallað Hólagerði.

Frumrit landamerkjabréfs Birningsstaða er stórskemmt. Hefur það rifnað og trosnað og reynt hefur verið að gera við það með límbandi svo texti þess er ógreinilegur, ekki síst hvað varðar merki að austan, móti Kamsstöðum. En þar segir, að ætlað verður:

Að austan ræður Kamsá en úr gilsopinu ræður bein lína að Sig]riðastaðalandamerkjum.

Einnig hefur verið lagt fram afsalsbréf Kamsbstaða 25. nóvember 1968, þar sem tekið er fram um landamerki:

Að austan, samkvæmt veðmálabók Þingeyjarsýslu c 1006, bls. 291.

Að sunnan, vatnaskil, svo sem vötn draga.

Að vestan, Kamsá, frá Tungusporði að gilopi, þaðan bein lína í merki Sigríðarstaða, að undanskyldu því, sem greinir í landamerkjalytingu fyrir Kamsbstaði II.

Að norðan, samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Sigríðarstaði d.s. 15. okt. 1886, þinglesið að Hálsi 6. júní 1888, og innfært í landamerkjabók Þingeyjarsýslu nr. 17.<sup>45</sup>

Ágreiningur var um merki Kamsbstaða og Birkihlíðar (nýbýlis úr Sigríðarstöðum). Var gerð sátt um þau árið 1968.<sup>46</sup> Ágreiningurinn og sáttagerðin virðast ekki varða það landsvæði sem deilt er um í máli þessu.

<sup>43</sup> Skjal nr. 2 (43).

<sup>44</sup> Skjal nr. 16 (22).

<sup>45</sup> Skjal nr. 16 (28).

<sup>46</sup> Skjal nr. 16(17).

## 5.4 Stórutjarnir

Reykðæla saga getur nokkrum sinnum um bæinn Laugar í Ljósavatnsskarði, sem Björn Sigfússon segir virðast hljóta að vera þar, sem nú eru Stórutjarnir eða hjá laugum spöl vestar.<sup>47</sup>

Vitnisburður um landamerki Sigríðarstaða og Vestritjarna (Stórutjarna) er frá 14. ágúst 1468:

ath ion asmundzson handfesti herra einare abota svo felldann vitnisburd ath greindr ion uisse ei annath sannara en sigridarstader i losavazskarde ætte alla iord mille merkia aanna. ok svo uisse hann hafa uerith haft ok halldit. svo ei sidur sagdiz fyrr nefdur ion áásmundzson hafa verit hia þa er gamli bonde Marteinsson selde magnuse oddasynne iordena vestri tiarner er liggur i losavazskarde ok reiknade hennar iardar eign ecki leingra austr en ath þeim stora læk sem utan geingr epter skardeno ok sudur fellur i losavatn. en hvorki reiknade gamle bonde iardar eign ok aungvar adrar itaulur yfer vmm lækenn i hlidena tilheyra iordunne vestrum tiornum.<sup>48</sup>

Munkaþverárklostursábóti og klaustrið keyptu Vestritjarnir í jarðaskiptum, 27. mars 1503.<sup>49</sup>

Samkvæmt lista yfir Munkaþverárklostursjarðir í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 tilheyra „Sydretionn“, „Ydretionn“, „Östertiödn“ og „Vestretiödn“ klaustrinu.<sup>50</sup>

Jarðabók Árna og Páls segir jörðina 20 hndr. og úthaga bjarglega.<sup>51</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 eru Stórutjarnir, Munkaþverárklostursjörð, sagðar 20 hundruð. Fram kemur að skriðuföll og sandfok séu á úthaga.<sup>52</sup>

Í umfjölluninni um Stórutjarnir í jarðamatinu 1849-1850 stendur m.a.:

Stórutjarnir 20 hndr. að dýrleika. ... Landið er lítið og talsverðt upplásið, og má því kalla líttnýtt til vetrarbeitar. ...<sup>53</sup>

Ráðist var í að semja lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklosturs í Hálshreppi og er hún dagsett 1. maí 1878. Í lýsingu Stórutjarna kemur m.a. fram að engjar eru litlar, snöggslægjar en nærtækar. Landið er lítið, skriðuhlaupið og upplásið en er talið fremur gott málnty- og þrifaland.<sup>54</sup>

Landamerkjabréf Stórutjarna er frá 16. janúar 1883. Það var þinglesið 19. júní 1884:

<sup>47</sup> *Ljósvetninga saga, Reykðæla saga ok Víga-Skútu*, Íslenzk fornrit X, bls. 177, 178, 180, 187.

<sup>48</sup> Skjal nr. 2 (105).

<sup>49</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. VII, 628-630).

<sup>50</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b.

<sup>51</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 130-131.

<sup>52</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>53</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>54</sup> Skjal nr. 2 (135).

Að norðan milli Kambsstæða. Eftir Merkigróf í fjallinu fyrir ofan bæinn og beina stefnu í garðstúf niður í Mó.

Að austan milli Stóru-og Litlu-Tjarna: Úr Lækjarkrók og beint í Leirtjarnarkrók og þaðan eftir Leirtjörn í Fiskilæk og síðan eftir gömlum merkjagarði norður á Litlu-Tjarnalæk.

Milli Stóru-Tjarna að vestan [að vestan, ofan línu] og Arnstapa að austan: Úr Briðjuhól í Nýphól og síðan beina stefnu niður í Stýflugarð í mýrinni og svo beint í Litlu-Tjarnalæk.<sup>55</sup>

Stephan Stephensen umboðsmaður skrifaði undir landamerkjabréfið og benti á að jarðirnar Litlutjarnir og Arnstapi væru eign landssjóðs ásamt Stórutjörnum. Bréfið var staðfest af Péttri Jónssyni presti að Hálsi (sem hafði umráð Kambsstæða).

Bjarni Kristjánsson skrifaði sýslumanni 20. janúar 1891 og sótti um að fá að kaupa ábýlisjörð sína Stórutjarnir. Það virðist ekki hafa gengið eftir en 10. febrúar 1893 skrifaði Halldór Bjarnason landshöfðingja og óskaði kaups á ábýlisjörð sinni Stórutjörnum. Landshöfðingi seldi Halldóri jörðina og er uppkast að afsalsbréfinu dagsett 30. desember 1893.<sup>56</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerkjabréf Stórutjarna hafi verið þinglesið árið 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Stórutjarnir eru einnig í matinu:

Búfjárhagar. Land heldur þröngt, en skjólgott og beitland betra en í meðallagi fyrir allan búfenað. ... Fjárgeymsla í erfðara lagi, sökum brattlendis. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar.<sup>57</sup>

## 5.5 Arnstapi

Arnstapi er talinn í skrá um kúgildi á Hólastólsjörðum frá 1449.<sup>58</sup>

Arnstapi, metinn á 12 hundruð, var meðal jarða Hólakirkju sem Jón biskup Arason seldi 1550.<sup>59</sup>

Samkvæmt lista yfir Munkaþverárklaustursjarðir í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 tilheyrir Arnstapi klaustrinu.<sup>60</sup>

G. Jónsson lögfesti klausturjörðina Arnstapa þann 30. apríl 1810 til eftirfarandi takmarka:

... ad Sunnann rædur Lækiarmoldfall, edur gróf, sem fellur úr so Kölludum Svarthamre, og so fast sem sá Lækur heldur, allt i Liósavatn, enn frá Svarthamre réttssyne á Fiall upp; ad nordannverdu allt i Nyphól, og þaðann beinleides i gardbrot, er vænest ad hafa sjest, og enn nu meige sjá litinn vott

<sup>55</sup> Skjal nr. 2 (21) a-b.

<sup>56</sup> Skjal nr. 2 (182) a-c.

<sup>57</sup> Skjal nr. 2 (42).

<sup>58</sup> Skjal nr. 2 (100).

<sup>59</sup> Skjal nr. 2 (116).

<sup>60</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b.



til í Myrinne, austur af áminstum Hól, og þaðann rétta sjónhending í LitlutiarnaKyl, enn frá tjedum Nyphól að ofannverdu, rétta sjónhending á FjallsEgg.<sup>61</sup>

G. Jónsson bannaði sérhverjum að nýta sér umrætt land án síns leyfis og skyldi lögfestan standa í tólf mánuði yrði henni ekki innan þess tíma hrundið með rétttri aðferð og lagadómi. Lögfestan var lesin fyrir manntalsþingsrétti að Ljósavatni 11. maí 1810 án þess að nokkur hreyfði mótmælum.

Jarðabók Árna og Páls segir úthaga á Arnstapa bjarglega fyrir sauðfé en haglitla fyrir stórgripi og kaupí því ábúandi sumarhaga af Stórutjörnum.<sup>62</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er Arnarstapi, Munkaþverárklaustursjörð, sagður 12 hundruð. Fram kemur að skriðuföll og sandfok ógni túni og útigangur sé ágætur.<sup>63</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur m.a.:

Arnstapi 12 hndr. að dýrleika ... landlítið og uppblásið en sémilega gott til þrifa og málnytu. ...<sup>64</sup>

Ráðist var í að semja lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklausturs í Hálshreppi og er hún dagsett 1. maí 1878. Í lýsingu Arnstapa kemur m.a. fram að engið sé reytingslegt, grýtt og ekki grasgefið. Land jarðarinnar er sagt lítið og uppblásið en skriðuhlaup hafi skemmt bæði tún og engjar.<sup>65</sup>

Þann 16. janúar 1883 var landamerkjabréf fyrir Arnstapa útbúið. Það var þinglesið 19. júní 1884:

Að austan milli Arnstapa og Stóru-Tjarna að vestan. Úr Briðjuhól í Nýphól og síðan beina stefnu niður í stíflugarð í mýrinni og svo beint í Litlu-Tjarnalæk.

Að vestan milli Vatnsenda og Arnstapa að austan. Úr Skaftá og vestan vert í Dauðatanga (Stapa).<sup>66</sup>

Stephan Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Bjarna Kristjánssyni (á Stórutjörnum), Finnboga Finnbogassyni (á Arnstapa) og Friðfinni Jónassyni (á Vatnsenda).<sup>67</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerkjabréf Arnstapa hafi verið þinglesið 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Arnstapa eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar litlar og dreifðar um bithaga, en þó nærtækar, ...

<sup>61</sup> Skjal nr. 2 (31) a-b. / sbr. skjal nr. 2, (A.6.19).

<sup>62</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 131.

<sup>63</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>64</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>65</sup> Skjal nr. 2 (135).

<sup>66</sup> Skjal nr. 2 (1) a-b.

<sup>67</sup> Heimilisföng Bjarna og Finnboga eru tekin eftir sóknarmannatali Háls árið 1883. Skjalasöfn presta og prófasta. Háls BC/4. Heimilisfang Friðfinns er tekið eftir manntalsþingbók árið 1883. Þing. VIII. C. 9.

Búfjárhagar. Land fremur lítið, en kjarngott og hægt til beitar. ... Sauðfjárbeit allgóð sumar og vetur. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar.<sup>68</sup>

Virðing vegna fyrirhugaðrar sölu Arnstapa fór fram 22. maí 1916. Þar kemur m.a. fram að landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus. Bærinn stendur að sunnanverðu í Ljósavatnsskarði við Ljósavatn. Í virðingargerðinni segir ennfremur:

Landeignin er mest í fjallshlíðinni, og lítið eitt af sléttlendi vestanvert við vatnið. Landrými jarðarinnar er fremur lítið, og nokkuð af því uppblásnir melar og skriður; þar á milli er venjulegur fjallagróður, lyng fjalldrapi, nokkuð af grasgeirum og lítið eitt af mýrlendi við vatnið. Landið er fremur kjarngott til beitar sumar og vetur. Vetrararbeit og jarðsæld fyrir sauðfé er í betra lagi, eptir því sem gerist hér í sveit.<sup>69</sup>

Ennfremur kemur fram að gripahagar á sumrum eru engir nema í engjareitunum og meðal ókosta jarðarinnar er hversu veðrasamt er þar en það valdi uppblæstri. Stjórnarráðið seldi Jóhanni Indriðasyni jörðina ári síðar og er afsalið dagsett 6. desember 1917.<sup>70</sup>

## 5.6 Vatnsendi

Í máldaga Ljósavatns frá árinu 1380 kemur fram að Ljósavatnskirkja eigi skipsstöðu og naust í Vatnsendalandi.<sup>71</sup>

Vatnsendi o.fl. jarðir voru goldnar konu fyrir seldar heimanfylgjujarðir, 10. janúar 1445 og 7. september 1446.<sup>72</sup>

Í máldögum Ólafs Rögnvaldssonar, sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510), kemur fram að Vatnsendi sé eign Munkaþverárklosturs.<sup>73</sup>

Vatnsendi var fenginn Ólafi Rögnvaldssyni og Hólakirkju til fullrar eignar fyrir 15 hundruð, 4. maí 1481.<sup>74</sup>

Samkvæmt skrá yfir Hólajarðir, 1. september 1552 var Vatnsendi, 20 hundruð, meðal jarða, sem Jón biskup Arason hafði selt eða látið af hendi.<sup>75</sup>

Jarðabók Árna og Páls segir jörðina 20 hndr. en úthaga mjög litla og því þurfi ábúendur að þiggja beit af Ljósavatni.<sup>76</sup>

Í jarðamatinu 1804 er Munkaþverárklostursjörðin Vatnsendi sögð 20 hundruð. Fram kemur að landbrot ógni túni.<sup>77</sup>

<sup>68</sup> Skjal nr. 2 (42).

<sup>69</sup> Skjal nr. 2 (175).

<sup>70</sup> Skjöl nr. 2 (175), 4 (27).

<sup>71</sup> Skjal nr. 2 (91).

<sup>72</sup> Skjal nr. 2 (97).

<sup>73</sup> Skjal nr. 2 (102).

<sup>74</sup> Skjal nr. 2 (107).

<sup>75</sup> Skjal nr. 2 (117).

<sup>76</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 132.

<sup>77</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur eftirfarandi um Vatnsenda:

Vatnsendi 20 hndr. að dýrleika; ... land mjög lítið og stopult til beitar; ...<sup>78</sup>

Ráðist var í að semja lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklosturs í Hálshreppi og er hún dagsett 1. maí 1878. Í lýsingu Vatnsenda kemur m.a. fram að engjarnar séu fremur snöggar og reytingssamar. Þar segir einnig að landið sé fremur lítið og víða skriðuhlaupið en fremur gott til málnytu og þrifa. Stórgripagöngu á sumrin þurfi að útvega annars staðar frá og vetrarbeið geti brugðist.<sup>79</sup>

Landamerkjabréf fyrir Vatnsenda var útbúið 30. apríl 1885 og því þinglýst 9. júní 1886. Þar sem frumbréfið hefur varðveist verður það birt hér en uppskriftin í landamerkjabókinni er því samhljóða. Landamerkin eru þessi:

Að norðan milli Arnstapa ræður bein stefna úr Stapa og austanvert í Dauðatanga.

Að sunnan ræður Geitá alla leið vestur í fjall.

Að vestan ræður fjallsbrúin.

Að austan ræður Ljósavatn, þar til Geitá fellur í það.<sup>80</sup>

Stephan Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið en hann getur þess jafnframt að Vatnsendi sé eign landssjóðs líkt og Arnstapi. (Gildir því undirritun hans vegna Arnstapa). Bréfið var samþykkt af Birni Jóhannssyni eiganda Ljósavatns.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerkjabréf Vatnsenda hafi verið þinglesið 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Vatnsenda eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar litlar og dreifðar um bithaga, en fremur nærtækar, ...

Búfjárhagar: Land nokkuð víðlent, skjólasamt og all kjarngott. ... Jörðin á rétt til uppreksturs í afrétt sveitarinnar. ... Ágangur nokkur af afréttarfé.<sup>81</sup>

Í bókinni *Suður-Þingeyjarsýsla* segir um Vatnsenda:

Vatnsenda fjallið er brattaminnna en vestar um skarðið og vel gróið. Þar var oft heyjað.<sup>82</sup>

Vatnsendi var seldur einkaaðila á árunum 1963-1965. Var kaupsamningur gerður 5. september 1963, en afsal gefið út 3. ágúst 1965.<sup>83</sup>

<sup>78</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>79</sup> Skjal nr. 2 (135).

<sup>80</sup> Skjal nr. 2 (35).

<sup>81</sup> Skjal nr. 2 (42).

<sup>82</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 203.

<sup>83</sup> Skjal nr. 4 (75) a.

## 5.7 Ljósavatn

Ljósavatns er getið í Landnámu sem jarðar Þorgeirs goða, sem þekktur er frá kristnitökunni. Þorgeir var sonarsonur Þorfinns mána, sem nam land á þessum slóðum, og í móðurætt afkomandi Gnúpa-Bárðar.<sup>84</sup>

Máldagar Auðunar rauða biskups eru frá árinu 1318. Þar kemur fram að Ljósavatnskirkja eigi 30 hundruð í heimalandi.<sup>85</sup>

Máldagi Ljósavatnskirkju er frá því 1380. Kirkjan á þá 30 hndr. í heimalandi samkvæmt honum. Einnig virðist fjallað um mörk Ljósavatns:

Rædur diupaa oc liosaavatn oc geitaa firi vtaann vppaa fiaall til vppsprettu aauxaraa aallt j fliot ...<sup>86</sup>

Ljósavatn var selt með ítökum, 2. júní 1431.<sup>87</sup>

Jón Arason biskup lýsir landeign Ljósavatns, 8. september 1544 en sú lýsing náði aðeins til neðsta hluta landsins.<sup>88</sup>

Í vísitasíu Þorleifs Skaftasonar á Ljósavatni 1735 er getið um eignir kirkjunnar (ekki minnst á Króksdal) og vitnað til bréfs frá 1540 og afskriftar af rotnu pappírbréfi um eignir kirkjunnar þá Logi Jónsson var þar árið 1480.<sup>89</sup>

Fram kemur í vísitasíu Ljósavatnskirkju frá 1760 að kirkjan eigi 30 hundruð í heimalandi.<sup>90</sup>

Lögfesta Ljósavatns var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 10. maí 1793. Inntaks lögfestunnar er ekki getið.<sup>91</sup>

Í vísitasíu Ljósavatnskirkju árið 1828 kemur m.a. fram að kirkjan eigi 30 hundruð í heimalandi og að tvö gömul skjöl geymi upplýsingar um eignir og ítök kirkjunnar. Þau eru svohljóðandi:

...

„Vér Jón Biskup ad Holum med Guds þolinmæde giörum vitanlegt ad ver sáum og yfirlasum máldagann kirkjunnar ad Liósavatni nær Bardardal sem helgud er Gudi og Sancte Nicolav; ad hún ætti þridjung ur heimalandi, sem ad væri Hruteyar land alt i Fliót og Hriflugerdi ad þeim gardi sem liggur úr Diúpá og ofan i fliót, og utan af Öxará-ey ad þeim gardi sem þar liggur ifer um þvera Eyna, mánadarverk í Finstada Jörd fyrir austan tiörn og þar upp frá [frá, ofan línu] nockud i mijrina og Gardstödu þar hia; hálfsmánadarverk í eystra Tjarnar jördu út med læk á milli tveggja garda; veidun i Liósavatni, þriú dægur í hvörri viku, fyrir hvörs manns landi; Teig í Krossjördu med um merkjum; rennur lækur, fyrir sunnann Skridugerdi og ofan í, merkis síkid,

<sup>84</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 274-275.

<sup>85</sup> Skjal nr. 2 (89).

<sup>86</sup> Skjal nr. 2 (91).

<sup>87</sup> Skjal nr. 2 (96).

<sup>88</sup> Skjal nr. 2 (115).

<sup>89</sup> Hliðsjónargagn.

<sup>90</sup> Skjal nr. 2 (83) a-b.

<sup>91</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.8.).

síkid rædur sudur í Djúpár snidgötur fyrir ofann rett úr þeim steini í fialli ofan í göturnar þær sem liggja sudur yfir á í torfholt: Þar til gefum vér þessari kirkju alt landid itölulaust, frá tvígardi og sudur í Öxará og her fyrir setium vér vort secretum, her fyrir nedann, skrifad á liósavatni á Mariumessu sídari Anno M.DXL og V ár.“

En hid sídarnefnda þaninn:

„Þeim góðu mönnum sem þetta bréf síá edur heyra sendum ver prestar Sra Teitur Magnússon Sr Einar Hallsson, Jón Ólafsson, Þorolfur Jónsson qvediu Guds og sína, kunnugt giörandi ad ver saum og yfirlásur svo skrifadann máldaga Liósavatns ord eptir ord sem hér eptir stendur: Anno Domini MCCCCLXXX reiknadist svo gots og itök Liósavatns bædi kirkjunnar og bæarins þa Logi Jónsson [leiðrétt úr, Jónhsson] var. XV kugildi, hundradz hross og hundrad vöru til forkirkjugiördar. I Heimalandi 30 hndr. Gerdi fyrir sunnann Diúpá og land alt ad flióti út ad gardi er liggur úr Bug á Djúpá med götu frá efstafelli og austur í Fliót, hálf þridju ey í Fljóti med Hrúthaga, rædur Diúpá og Liósavatn, og Geitá fyrir utann, uppa fiall til uppsprettu Auxarár alt i Fliót á Auxará. Steckjar stödu og Torfstíng sem þarf til Steckjar, med ummerkjum, rædur Gardur milli Liósavatns og Auxará sem geingur í Landsudur í auxará, enn uppi blámel fyrir ofan fornmannaleidi réttisínis ur þeim mel sudur i Auxará; á Liósavatn i auxarárjördu kolskóg; ... teigur í Krossjördu med umm merkjum ad læk þeim sem fellur fyrir sunnann. Santidagerdi og ofan i merkissyki, og rædur síkid sudur i Diúpá, en snidgötur firir ofan Mariuoptir, en fyrir sunnan Steinn í Fjalli, svo rettsíni ofann i Vad það er ridid er út frá Torfholti ofan [Ofan línu: (yfir)] í Djúpá; ... hálfsmánadar teig í eystri Tjarnarjördu. Skálagiörd og Skipstödu í Vikum vid Svíná, géldfjárrekstur í Náttfara vikur um sumar; Skógarhögg i Barnafellsskógi árlega, vid ad því skape þá skóg þritur, gaf það itak asbjörn Geirsson eigandi Barnafells í Testamentisgiöf, var Barnafell goldid i Vígubætur XIII hundrud Asbyrni, af alfu Þorgils Gudmundssonar fylgir heimalandid Krossdalur frá Galtargröf framm ad Kidugili ... til sanninnda hér um setium ver undirskrifadir prestar vor Insigli fyrir þetta inscripta bréf, hvört skrifad var í Skridu i Reykjadal þridja dag Páska árum eptir Guds burd 1530.“<sup>92</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir grasatekju á Ljósavatni varla teljandi, úthaga næga. Ítak kirkjunnar á Króksdal er ekki nefnt, en e.t.v. er verið að vísa til þess þar sem segir:

Fleiri itök á kirkjan og staðurinn eftir máldaganum, en þaug hafa engin brúkast í manna minni, so hjer nálægir viti, og eru menn því efa hvort þau muni undir staðinn aftur komast nokkurn tíma.<sup>93</sup>

<sup>92</sup> Skjal nr. 2 (86) a-b.

<sup>93</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 133-134.

Sjálfseignarkirkjujörðin Ljósavatn er sögð 15 hundruð í jarðamatinu 1804. Fram kemur að skriðuföll ógni túni.<sup>94</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er umfjöllun um Ljósavatn. Þar stendur:

Ljósavatn með hjáleigunni Holtakoti 30 hndr.; ... landið er lítið til fjals, sæmilega kjarngott, gróflega uppblásið, móar eru þar ummáls miklir brúklegir til beitar ...<sup>95</sup>

Rætt er um ítök Ljósavatns í Öxarárlandi í tengslum við fyrirhuguð makaskipti á Öxará og jörðum Sigurðar Guðnasonar á Ljósavatni en það mál hófst með umsókn hans til konungs 22. nóvember 1860. Nánar er fjallað um það í kafla 5.8 um Öxará.<sup>96</sup>

Í umsókn Sigurðar Guðnasonar til konungs 21. september 1861, segir hann um Öxará:

Að jörð þessi liggur næst eignarjörð minni Ljósavatni og einkum, að kirkjan þar á ítök í Axarárlandi eptir máldaga kirkjunnar frá 1480, sem eru: 1/3 Axaráreyjar, og land allt fyrir ofan fjallsbrún að ánni, Axará, - og þessvegna ½ Axarárdal -, sem eigendur Ljósavatns hafa til þessa notað óátalið sem sína eign; en með misjöfnum hagsmunum, af því ítök þessi liggja miklu hagkvæmar við til notkunar landsetanum á Axará.<sup>97</sup>

Í umsögn Jakobs Péturssonar, umboðsmanns Norðursýsluvarða, um Öxará og Granastaði, 24. september 1861 er fjallað um ítök Ljósavatns í Öxará. Nánar er fjallað um þetta í kafla 5.8 um Öxará.<sup>98</sup>

Til er landamerkjabréf Ljósavatns frá 12. júní 1890, óþinglesið. Þar stendur:

Að sunnan ræður „Öxará“ landamerkjum frá því hún fellur í „Fljótsskvísl“ og óslitið uppá svo kölluð „Dálamót“ eður þangað til Öxará- og Eyjardalir mætast; þaðan beina stefnu vestur á hágrjót þar til vötn falla til vesturs, og svo beina línu norður grjótin í „Geitá“ og ræður hún merkjum ofan fyrir fjallsrætur, þaðan svo aptur eptir miðfarveg árinna í Ljósavatn austan vert við „Skiþól“, þá ræður vatnið merkjum til Djúpáróss; úr því ræður „Djúpa“ merkjum að norðan alla leið til garðs þess, er liggur óslitin austanvert við landið suður að „Fljótsskvísl“ og svo með henni til þess er áður er umgetið að Öxará fellur í hana. Auk þess er hálf Hrótey móts við eiganda jarðarinnar Hryflu sameign við Ljósavatn, og sömuleiðis liggur undir Ljósavatni nyrsti hluti Öxarár eyjar alt fram að grjótgarði þeim sem hlaðin er yfir þvera eyjuna og tekur þá Öxarár land við þar fyrir sunnan.<sup>99</sup>

Þjörn Jóhannsson eigandi Ljósavatns skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Kristjáni Jónssyni eiganda Öxarár en hann skrifaði einnig undir fyrir

<sup>94</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>95</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>96</sup> Skjal nr. 2(190) a-h.

<sup>97</sup> Skjal nr. 2(190) a-h.

<sup>98</sup> Skjal nr. 2(190) a-h.

<sup>99</sup> Skjal nr. 16 (18).

hönd eiganda Hriflu, Jóni Ingjaldssyni eiganda Eyjardalsár, Tryggva Jónssyni fyrir hönd eiganda Kross, og Stephan Stephensen umboðsmanni Vatnsenda.

Á manntalsþingi á Ljósavatni 22. maí 1905 var birt stjórnarráðsbréf frá 27. desember 1904 þar sem spurst var fyrir um gömul heimildarskjöl fyrir fasteignum. Eigandi Ljósavatns framvísaði tveimur gömlum skjölum, þ. á m. var lögfesta Hallgríms Þorlákssonar fyrir Ljósavatnslandi frá 6. maí 1796.<sup>100</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnst þinglesin landamerki fyrir Ljósavatn en land sé óskipt milli Ljósavatns og Holtakots. Eftirfarandi upplýsingar um Ljósavatn eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Land víðáttumikið, skjólasamt og fremur kjarngott. ... Sumarheit og vetrarheit góð og nærtæk. Fjárgeymsla erfið. ... Jörðin á stort upprekstrarland á Bárðdælafrétt, vestan Skjálfafljóts. ... Upprekstur, fyrir fé, í Náttfaravíkum og reka ítak, hvorttveggja lítils virði.<sup>101</sup>

Landskipti milli Ljósavatns og Holtakots, sem verið höfðu í óskiptri sameign, fóru fram 2. júlí 1982. Við skiptin voru lögð fram m.a. kaupsamningur um Ljósavatn og Holtakot frá árinu 1884, kaupsamningur og afsal til Öxarárbónda fyrir landspildu norðan Öxarár árið 1899, landamerkjalyásing Ljósavatns 1890, landamerkjalyásingar Öxarár 1890 og 1901 og landamerkjalyásing Vatnsenda árið 1896. Urðu aðilar sammála um að Holtakot skiptist úr sameignarlandinu sem 1/5 hluti. Fékk Holtakot afmarkað landsvæði, sem ekki virðist ná til fjalls, og nokkrir eigendur afmarkaðar spildur. Aðilar voru sammála um, að hlunnindi jarðanna skyldu fylgja jörðunum eftir því sem þær ættu rétt á eða landamerki segðu til um.<sup>102</sup>

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir fjallið fyrir ofan Ljósavatnsbæ hallalítið og leitótt og gróið langt vestur og þar hafi verið talið talsvert engi.<sup>103</sup>

## 5.8 Öxará

Öxará var jörð landnámsmannsins Þorfinns mána.<sup>104</sup>

Máldagi Ljósavatnskirkju er frá árinu 1380. Fram kemur að Öxará ræður merkjum Ljósavatns.<sup>105</sup>

Öxará var látin í makaskiptum, 4. janúar 1403.<sup>106</sup> Nokkrum áratugum síðar, eða þann 12. febrúar 1462, var Öxará seld fyrir 20 hundruð.<sup>107</sup>

Jörðin. Öxará er líka nefnd í eignaskrá Hólastóls frá 1550.<sup>108</sup>

<sup>100</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.59).

<sup>101</sup> Skjal nr. 2 (42).

<sup>102</sup> Skjal nr. 4 (79).

<sup>103</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 203.

<sup>104</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 274.

<sup>105</sup> Skjal nr. 2 (91).

<sup>106</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. III, 681-682).

<sup>107</sup> Skjal nr. 2 (103).

<sup>108</sup> Skjal nr. 2 (116).

Í vitnisburðum frá árinu 1631 kemur fram að aldrei hafi verið ágreiningur milli Öxarár- og Eyjardalsármanna um land og beit milli jarðanna. Annars vísast á kafla 5.9 um Eyjardalsá til nánari umfjöllunar um þessa vitnisburði.<sup>109</sup>

Í lögfestu séra Björns Scheving frá 2. maí 1753 fyrir Eyjardalsá er komið inn á mörkin milli lands kirkjunnar og Öxarár með eftirfarandi hætti:

Lögfeste Eg Eyadalsár Land ad Nordann verdu, allt i Karastein og Karagard, Hvar ad Er Landamerke Millum Ejadalsár og Öxaraar; Logfeste Eg Ur þessum merkium, ofann i Kvjst og Vestur ä Fiall upp. 3° Þa Miklu Eyu Sem Liggur fyrir Eyadalsár og Öxaraar Lande ...<sup>110</sup>

Að öðru leyti vísast til umræddrar lögfestu í umfjöllun um Eyjardalsá.

Í biskupsvísitásiu Ljósavatnskirkju frá árinu 1828 er fjallað um máldaga sem eignaður er Loga Jónssyni og sagður frá 1480. Þar segir um Ljósavatn:

... Gerdi fyrir sunnann Diúpá og land alt ad flióti út ad gardi er liggur úr Bug á Djúpá med götu frá efstafelli og austur í Fliót, hálf þridju ey í Fljóti med Hróthaga, rædur Diúpá og Liósavatn, og Geitá fyrir utann, uppa fiall til uppsprettu Auxarár alt i Fliót á Auxará. Steckjar stödu og Torfsting sem þarf til Steckjar, med ummerkjum, rædur Gardur milli Liósavatns og Auxará sem geingur í Landsudur í auxará, enn uppi blámel fyrir ofan fornmannaleidi réttisins ur þeim mel sudur i Auxará; á Liósavatn i auxarárjördu kolskóg ...<sup>111</sup>

Nánar er fjallað um vísitásiuna í kafla 5.7 um Ljósavatn.

Að sögn Jarðabókar Árna og Páls var grasatekja mjög lítil á Öxará en nægir úthagar.<sup>112</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 tilheyrði Öxará konunginum en var í Norðursýslumboði. Fram kemur að jörðin er sögð 20 hundruð og að hún hefur kjarrskóg til eigin nota. Einnig er greint frá töluverðum skriðuföllum og landbroti á úthaga.<sup>113</sup>

Um Öxará segir m.a. í jarðamatinu 1849-1850:

Axará 20 hndr. að dýrleika; .... Eingið mest á þurru; sum erviðt og í fjall að sækja en hitt nærtækt ... landrými nokkurt, gott til þrifa sæmilegt til málnytu. ...<sup>114</sup>

Í umsókn Sigurðar Guðnasonar óðalsbónda, frá 22. nóvember 1860 óskar hann eftir því að makaskipti fari fram á Öxará og jörðum hans Neðribæ, Parti og Hálsi. Ástæðan fyrir bón sinni segir hann vera eftirfarandi:

Konungsjörðin Axará liggur í nágrenni við eignarjörð mína Ljósavatn, svo lönd beggja jarðanna liggja saman; þar að auki á Ljósavatnskirkja ítök í

<sup>109</sup> Skjal nr. 2 (45).

<sup>110</sup> Skjal nr. 2 (44) a-b. Sjá einnig Skjal nr. 2 (45).

<sup>111</sup> Skjal nr. 2 (86) a-b.

<sup>112</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 136.

<sup>113</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>114</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.



Axarár landi, sem stöðugt hafa verið notuð af hálfu kirkjunnar; en með misjöfnum hagnaði. Einnig hefur Jón biskup Arason gefið Ljósavatnaskirkju mikið land og engjastykki undan Axará, sem að undanförmu hefur að vísu verið brúkað af ábúanda Axarár, en skilríki finnast þó eigi fyrir, að gengið hafi aptur undan kirkjunni að lögum. Það er því hvorttveggja, að mjer þykir mikils umvert, að afstýrt verði ágreiningi þeim, sem rýsa kann út af notkun ítaka þessara, enda liggur það í augum uppi, að notkunin verður miklu hagfeldari og arðsamari þegar sami er eigandi kirkjunnar og beggja jarðanna, eins og það er líka yfirhöfuð æskilegt að geta dregið fasteignir sínar saman í eina samfelda heild.<sup>115</sup>

Sigurður bendir á að þessi skipti séu konungi ekki óhagkvæm þar sem Neðribær sé  $\frac{1}{4}$  Flateyjar en  $\frac{3}{4}$  eyjarinnar séu konungs- og klaustureign. Sömmuleiðis sé Partur hluti úr konungsjörðinni Halldórsstöðum og eigi óskipt land móts við hana.

Amtmaður falaðist eftir umsögn Jakobs Péturssonar, umboðsmanns Norðursýslujarða, en hún er dagsett 20. desember 1860. Þar segir hann um fullyrðingu Sigurðar varðandi gjöf Jóns biskups undan Öxará handa Ljósavatnaskirkju, að hann efist ekki um að umrætt landsvæði tilheyri Öxará. Ástæðan sé sú að ekki sé hægt að sýna fram á að það hafi nokkurn tíma verið nýtt sem kirkjueign auk þess sem gjöfin hafi verið dæmt ógild með Oddeyrardómi (1551). Sú röksemd komi því ekki til greina í málinu. Jakob mælti engu að síður með makaskiptunum og var aðalástæðan mikilvægi þess að Flatey kæmist öll í eigu konungs.

Umboðsmaður skrifaði amtmanni aftur 19. janúar 1861 og greindi honum frá því að úthagi Öxarár væri skóglaus en með góða bithaga og væri allvíðattumikill. Hann dró í efa réttindi Ljósavatnaskirkju í Öxarárlandi nema í Öxarárey. Amtmaður skrifaði dómsmálaráðuneytinu 28. janúar 1861 vegna umsóknar Sigurðar um makaskiptin. Í bréfi sínu segir hann að það sé álit allra að Öxará sé fallegasta og besta jörð ríkisins í Þingeyjarsýslu þrátt fyrir getuleysi núverandi ábúanda við að halda jörðinni í góðri rækt. Hvað ítakið varðar vitnar hann til svars Jakobs umboðsmanns og segir:

... at Eieren af Ljosavatns Kirke kan benytte en Axará tilhørende Deel som Overdrev for Lam og golde Faar, hvilket imidlertid, efter Omstændighederne, ikke skjønnes at kunne skade sidstnævnte Gaard synderligt, ligesom jeg, ifølge de af Godsforvalteren i hans Erklæring af 20de December f.A. anførte Grunde, ikke kan antage, at man behøver at frygte for en Vindication af det Stykke Udmærk og Eng, som den rundhaandede Biskop J Arason skal have skjænket til Ljosavatns Kirke.<sup>116</sup>

Stjórnvöld höfnuðu umsókn Sigurðar um makaskipti en hann sótti um að nýju 21. september 1861 og vildi hafa makaskipti á Öxará og jörðunum Neðribæ og Granastöðum. Hann segir í bréfi sínu að ástæðan fyrir umsókn sinni sé:

<sup>115</sup> Skjal nr. 2(190) a-h.

<sup>116</sup> Skjal nr. 2(190) a-h.

Að jörð þessi liggur næst eignarjörð minni Ljósavatni og einkum, að kirkjan þar á ítök í Axarárdal eptir máldaga kirkjunnar frá 1480, sem eru: 1/3 Axararéyjar, og land allt fyrir ofan fjallsbrún að ánni, Axará, - og þessvegna 1/2 Axarárdal -, sem eigendur Ljósavats hafa til þessa notað óátalið sem sína eign, en með misjöfnum hagsmunum, af því ítök þessi liggja miklu hagkvæmar við til notkunar landsetanum á Axará.<sup>117</sup>

Sigurður bendir jafnframt á að gjafabréf Jóns Arasonar frá 1545, er hann sat á biskupsstóli í fullri hollustu við konung og gaf sína vafalausa eign, geti tæpast hafa verið dæmd ógild með Oddeyrardómi því að konungur hafi aðeins ógilt gjörðir biskups eftir að hann féll í ónáð. Hann getur þess einnig að hætt sé við að þessi ítök valdi misklíð og e.t.v. málssóknum og að eign Ljósavats hljóti að verða arðlítill, jafnvel hvað snertir vafalaus ítök, nema réttinum sé með harðneskju framfylgt móti landsetanum á Öxará.

Sigurður sneri sér því næst til Jakobs Péturssonar umboðsmanns og bað hann um álit sitt á bænarskrá hans til konungs.

Í umsögn Jakobs Péturssonar, umboðsmanns Norðursýsluvarða, um Öxará og Granastaði, 24. september 1861, segir hann um Öxará:

Sú umsókta jörð Axará hefur verið álitin um lángrandi tíð vel sætileg jörð og útsjónar fögur; hún á mikið og þrifagott land. ... Eingið fremur viðlent, en viðast graslítið og erfitt aðsoknar allt það sem til fjalls nær, en útbeit er þar í betra lagi fyrir sauðfé, en mjög lítil fyrir hesta. ...

Hvað áhrærir þau ítök í Axarárdal, sem sækjandi telur að Ljósavats kirkja eigi þar, og hann hefur sýnt mer skrifað í skjölum þeirrar kirkju geta mer ekki sýnst að verði til greina tekin við þessi jarðaskipti, því það verður ekki sannað, að þau hafi verið notuð í lángrandi tíð frá Ljósavatni, sem þó er nærfellt hálf Axarárdal, og allt eingi hennar, og hlýtur slík gjöf Jóns biskups Arasonar, að hafa gjörst ónýtt með einhverju móti.<sup>118</sup>

Amtmaður skrifaði dómsmálaráðuneytinu á ný 7. október 1861 og mælti með því að makaskiptin færu fram.

Dómsmálaráðherra skrifaði amtmanni í Norður- og Austuramt 27. mars 1862 og greindi frá heimild konungs til makaskipta á Öxará og jörðunum Granastöðum og Neðribæ í Flatey. Dómsmálaráðuneytið tilkynnti endurskoðunarskrifstofu stjórnarinnar að makaskiptin hefðu farið fram 26. ágúst 1863.<sup>119</sup>

Landið norðan Öxarárdals var selt með Ljósavatni 30. júní 1884.<sup>120</sup> Það var síðan selt Öxarárbónda, 11, 18 hndr. að nýju mati, samkvæmt kaupsamningi 20. febrúar

<sup>117</sup> Skjal nr. 2(190) a-h.

<sup>118</sup> Skjal nr. 2(190) a-h.

<sup>119</sup> Skjal nr. 2(170).

<sup>120</sup> Skjal nr. 4 (76).

1899, en afsal virðist gefið 6. apríl 1901.<sup>121</sup> Mörkum hins selda lands er lýst þannig í kaupsamningi:

Liggur þessi landshluti þannig fyrir: að norðan ræður forn merkjagarður austan frá Öxarárkvísl upp móinn og hjá syðri Hraungarðsenda; þá ræður sami garður upp fjallshlíðina til Ljósavatnsár í fjalli uppi; að austan ræðr Öxarárkvísl, en að öðru leyti takmarkast land þetta af ánni Öxará frá upptökum hennar að Öxarárkvísl. Að vestan ráða [ráða virðist hafa verið tvítekið, en reynt að má hið síðara út] fjallsgrjótin ofan við allt haglendi.

Landamerkjabréf fyrir Öxará var útbúið þann 13. júní 1890. Því var þinglýst degi síðar:

Að sunnan ræður merkjum milli Öxarár og Hvarfs, bein stefna úr blágrýtisvörðu, sem er austast á Öxarárey, vestur yfir eyuna og kvíslina að Kárasteini, svo ræður gamall garður upp á há brún, og síðan sama stefna vestur yfir grjótin og að Öxaránni. Þaðan skilur Öxarain lönd Öxarár og Ljósavatns alla leið að kvíslinni, og síðan ræður kvíslin að svonefndum Grjótgarði og hann að Skjálfandafljóti, merkjum suður að fyrst nefndum takmörkum.<sup>122</sup>

Kristján Jónsson, eigandi Öxarár, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Ingjaldssyni eiganda Hvarfs og Birni Jóhannessyni [svo] eiganda Ljósavatns.

Nýtt landamerkjabréf fyrir Öxará var útbúið 18. maí 1901. Því var þinglýst 20. maí sama ár:

Að sunnan ræður merkjum millum Öxarár og Hvarfs varða sú er stendur austur [leiðrétt, úr austan] við Skjálfandafljót á svokölluðum „Bótarbörðum“ og þaðan bein stefna vestur [vestur leiðrétt, ofan línu með öðru bleki, úr austur] að „Kárasteini“ og þaðan ræður bein stefna upp fjallið og vestur í Öxará. Þaðan ræður Öxará merkjum suður Öxarárdal alla leið suður í „Dalamót“ og þaðan beina stefnu vestur á hágrjót, svo norður grjótin að upptökum Ljósavatnsár. Að norðan ræður forn merkjagarður austan frá kvísl upp móinn og hjá syðri Hraungarðsenda, þá ræður sami garður upp fjallshlíðina til Ljósavatnsár í fjalli uppi, þaðan ræður áin merkjum til áðurgreindra upptaka. Að austan ...<sup>123</sup>

Ingjaldur Jónsson, eigandi Öxarár, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Ingjaldssyni eiganda Hvarfs og Eyjardalsár og Birni Jóhannssyni eiganda Ljósavatns. (Jón handsalaði nafn sitt).

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerkjabréf Öxarár hafi verið þinglesin 1890 og 1901. Eftirfarandi upplýsingar um Öxará eru einnig fengnar úr matinu:

<sup>121</sup> Skjöl nr. 4 (76) og nr. 16 (19).

<sup>122</sup> Skjal nr. 2 (28) a-b.

<sup>123</sup> Skjal nr. 2 (29) a-b.

Engjar fremur snögglendar, að mestu sléttar, sumpart véltækar, ... nærtækar.

Búfjárhagar: Land víðáttumikið, kjarngott, skjólasamt og beitland hið besta fyrir sauðfé. Gripahagar snöggir. Dalur liggur til fjalls með allmiklu landi. ... Fjárgeymsla erfið sökum víðáttu landsins. ... Jörðin hefir nægilegt upprekstrarland fyrir sig heima. ... Ágangur nokkur af afréttarfé.<sup>124</sup>

Land Öxarár er sagt um 4 km breitt frá norðri til suðurs frá Skjálfandafljóti og upp á fjallsbrún, Öxarárdalur allur vestan ár suður á bak við ystu bæi í Bárðardal og langt suðvestur á grjótin austan Fnjóskadals. Fjallshlíðin öll gróin.<sup>125</sup>

## 5.9 Eyjardalsá

Eyjardalsá er nefnd sem mörk landnáma Gnúpa-Bárðar og Þorfinns mána.<sup>126</sup> Þar mun átt við ána en ekki jörðina.

Máldagar Auðunar rauða biskups eru frá 1318. Þar kemur fram að Eyjardalsárkirkja eigi 30 hundruð í heimalandi.<sup>127</sup> Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394.<sup>128</sup>

Eyjardalsá, 40 hundruð, var meðal jarða sem Jón Arason fékk Hólakirkju 1. september 1552.<sup>129</sup>

Hólastólsjörðin Eyjardalsá var gerð að prestssetri með konungsboði 21. mars 1575 en ekkert prestssetur hafði verið í sókninni fram að því.<sup>130</sup>

Tveir vitnisburðir, upphaflega skrifaðir á kálfskinn með hangandi innsiglum, hafa verið færðir inn í kirkjustól Eyjadalsár. Sá fyrri var gefinn á Lundarbrekku 2. mars 1631 af Þorkatli Eiríkssyni. Hann sagðist hafa verið vinnumaður á Öxará hjá Jóni Sigurðssyni sálugum sem þar bjó í langan tíma og hann vissi:

... það aldrei vid bera i þann tíma allann, ad nokkur ágreiníngur edur átala heýrdist á millum Öxarár og Eyardalsár manna, um land og beit í millum greindra jarda Öxarár og Eyardalsár, [millum-Eyardalsár, orðaröð leiðrétt með tölustöfum ofan línu] og jafnlega hafdi Eyardalsár prestur beit fyrir peníng sinn, átölulaust, án als hagbeitar tolls, ad mínu viti í landinu þar á milli, sér deilis útundir Káragard, sem þar stendur nær midleidis.<sup>131</sup>

Þorkell fullyrti jafnframt að eyjan í fljótinu, sem fyrir því landi liggja, hafi verið undir sífeldri beit átölulaust af skepnum frá Eyjardalsá bæði sumar og vetur þegar Eyjardalsárprestur vildi. Ennfremur minntist hann þess að Jón Sigurðsson hefði sagt að beitina í eygni ætti Eyjardalsá með réttu.

<sup>124</sup> Skjal nr. 2 (42).

<sup>125</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 211.

<sup>126</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 273, 274.

<sup>127</sup> Skjal nr. 2 (89).

<sup>128</sup> Skjal nr. 2 (93).

<sup>129</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. XII, 462).

<sup>130</sup> Skjal nr. 2(167).

<sup>131</sup> Skjal nr. 2 (45).

Í seinni vitnisburðinum, sem einnig er frá 1631, segist Jón Grímsson vera fæddur og uppalinn á Lundarbrekku og hafa lengstum ævinnar dvalið í Kinn og Bárðardal en um 10 ára skeið verið vinnumaður hjá föðurbróður sínum séra Oddi Jónssyni. Jón kveðst hafa heyrt séra Odd segja að kirkjan á Eyjardalsá ætti land út í Kárastein. Ennfremur hefur hann eftir honum eftirfarandi orð:

Heyrda ég sjéra Odd svofeldum ordum mæla: að hann vildi gjarna gott eiga við alla menn, og heldst við sitt yfirvald; og heldur sagdist hann vilja landið kaupa sökum fridar og samþykkis, en halda því með kappi og ofbeldi, því hann sagði lidi á sína daga. Eýna, sem liggur í fljótinu, fyrir Eyjardalsár landi eignadi sjéra Oddur Eyjardalsá, því hann setti þángad sína peninga, og bad þrúsamlega Jón heitinn Sigurdsson, sem bjó á Öxará, að taka ej færleika uppi þá Eý, því þeir væru sínir óvinir, og sækti sig þrúsamlega heim.<sup>132</sup>

Þorlákur Skúlason mætti á Eyjardalsá 19. september 1647 ásamt prófasti og fjórum prestum úr sýslunni til þess að jafna ágreining séra Tómasar Ólafssonar á Hálsi og séra Bjarna Magnússonar á Eyjardalsá. Deilan snerist um landamerki Eyjardalsár og Hálskirkjujarðarinnar Sandhauga. Eyjardalsárprestur hélt landamerki kirkju sinnar til þess takmarks og landamerkja:

... sem kallast Helmingzhofdi, fyrer jnnan huort takmark a Eyjardalzärlandz sydu, liggur gierde nockurt, er kallast Geitagerde, enn Hnýkakot ädur, að vitnizburder hallda.<sup>133</sup>

Þessu var séra Tómas á Hálsi ekki sammála og hélt því fram að Sandhaugar ættu:

... nordur i þann gard, sem liggur fyrer nordann ädursagt gierde, og nemur vppi vallargardinn, liggjandi þadann nockud vpp i hlydina, og beiger so sudur effter hlydinne fyrer ofann ...<sup>134</sup>

Hann taldi að Sandhaugum tilheyrði allt land sunnan við fyrrnefndan garð.

Biskup, prófastur og prestarnir riðu á þrætulandið og báðu deiluaðila að leggja fram skjöl kirkna sinna. Hálsprestur gat engum skjölum framvísað en gat þess að faðir sinn sálugi, séra Ólafur Tómasson, hefði lögfest Sandhaugaland í oftnefndan garð sem hann taldi grannasætti. Eyjardalsárprestur framvísaði fjölda innsiglaðra vitnisburða, suma úr hans tíð en aðra úr tíð forvera hans, séra Odds sáluga Jónssonar, og var einn þeirra skráður í biblíu Eyjardalsárkirkju. Allir vottuðu þeir að Eyjardalsá ætti land í Helmingshöfða og vísuðu til þriggja lýritarsteina sem sjá mátti og áreiðarmennirnir töldu vera þá sem vitnisburðirnir nefndu. Þeir settu því ágreininginn niður með því að úrskurða að svo lengi sem engin önnur skjöl eða skilríki kæmu fram þá skyldi Eyjardalsárkirkja halda öllu landi átölulaust frá Eyjardalsá og til Helmingshöfða.

<sup>132</sup> Skjal nr. 2 (45).

<sup>133</sup> Skjal nr. 2(171).

<sup>134</sup> Skjal nr. 2(171).

Séra Jón Austmann vottar 4. febrúar 1856 að vitnisburðirnir séu rétt skrifaðir eftir frumritunum.

Vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631 greinir frá eftirfarandi:

Kyrkiann ad Eyardalz aa, a nu allt hejmaland þui kong majestat hefur nu giefid Bæinn til Beneficium Undann domkyrkjunnj a Hoolum ...<sup>135</sup>

Fram kemur í vísitásíu Eyjardalsárkirkju frá árinu 1686 að kirkjan eigi engar jarðir og engar hjáleigur byggðar í heimalandi.<sup>136</sup>

Samkvæmt vísitásíum Eyjardalsárkirkju frá árunum 1694, 1702 og 1722 á kirkjan allt heimaland.<sup>137</sup> Í vísitásíu kirkjunnar frá 1828 kemur hins vegar fram að hún eigi 30 hundruð í heimalandi.<sup>138</sup>

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 er fjallað um Eyjardalsá. Þar stendur:

Prestagardurenn hefur litla Heibiörg utann gardz land Koste fýrer fenad j Medallagi, einkumm a Sumrumm, ...<sup>139</sup>

Eyjardalsá var vísiteruð af prófasti 1735. Þá kom fram:

Kyrkiann ad Beneficio Eyadalsá.

I°.

Heidurlegur Beneficiatus þessa presta kalls Sra Olavur Thorlaksson, er af profastenum efterspurdur hvor skiöl kyrkiunnar hann hafe ad frammvísa effter hvorium hann sig rietta kunne j þessarj Sinne visitatione? lýka hvort hann hafe nochurn uttechta Reikning eda stadarens uppskrifft Sem giorst hafe þegar hann þetta Beneficum medtók, ef skje kýnne ad stadarens uttecht nú j stad, kynne ad afgiörast, þar sem hann værj af Háifervalldenu til annars brauds Collationeradur? Þar til Svarar presturenn ad echie hafe hann máldaga nochurn, edur kyrkiustól, enn frammvísar uppa landamerkie tiedrar Eyadalsár vitn<e>sburd á pergament A<n>driesar Grýmssonar og Jons Jonssonar med tveimur hángandi Innsiglum, annad og so Þorkiels Eýrikssonar og Jons Einarssona<r> á pergament med tveimur hangande Innsiglum, þridia Andriesar Grýmssonar, Jons Jonssonar og Jóns Grýmssonar eirnenn a pergament med þremur hángandi Innsiglum, fiorda Þorkiels Eýrykssonar med brotnu Innsigle, Fimta Halldors Helgasonar, og Jons Nikulassonar med tveimur hangande Innsiglum, enn eingann Reikning edur Memorial seigiest hann hafa uppa Stadarens asigkomulag, þegar hann hafe hann medtekied, enn kvedst sier hvad sem hann til mune trúverduglega vilia underrietta.<sup>140</sup>

<sup>135</sup> Skjal nr. 2 (66) a-b.

<sup>136</sup> Skjal nr. 2 (71) a-b.

<sup>137</sup> Skjöl nr. 2 (75) a-b, nr. 2 (78) a-b og nr. 2 (81) a-b.

<sup>138</sup> Skjal nr. 2 (85) a-b.

<sup>139</sup> Skjal nr. 2 (120) a-b.

<sup>140</sup> Skjal nr. 2 (122) a-b.

Í úttekt sem gerð var á Eyjardalsá 9. júní 1748 var m.a. vikið að landamerkjabréfum líkt og sést af eftirfarandi texta:

Framar adspir Prófaturinn, hvert eingenn bref, skiöl eda Docuent ligge hier vid Kyrkiuna, forordningar, Circulairbref eda nockud slíkt, hveriu Sr. Jón ölldungis neitar, ad sinn formadur hafe það her epter láted eda Sier framm vísad, utann alleinasta 5 Kalfskinsbref med innsiglum (eitt þeirra án Innsigla) er það fyrsta daterad 1630 Sub. N<sup>o</sup> 1. annad 1631. N. 2 þridia 1633. N. 3. fiórda 1639. N. 4. fimta 1643. N. 5. öllu þau eru Vitnisburder um Eyadalsár landamerke.<sup>141</sup>

Úttekt Eyjardalsár árið 1752 nefnir sömu skjöl og úttektin 1748.<sup>142</sup>

Prófastsvísitasa á Eyjardalsá sem fram fór þann 11. febrúar 1758 segir fimm vitnisburði á kálfskinni um eigu staðarins vera til.<sup>143</sup>

Í úttekt á Eyjardalsá 1848 er vitnisburðanna um eigu staðarins ekki getið.<sup>144</sup>

Björn Scheving, prestur til Eyjardalsár- og Lundabrekkukirkna, lögfesti fyrir manntalsþingi á Ljósavatni 2. maí 1753 Eyjardalsá til eftirfarandi takmarka:

1<sup>o</sup> Ad Sunnann verdu, Lögfeste Eg allt Eyadalsár –land, Sudur i HelmýngsHöfda, Hvered liggur millum Hniukakots (Geitagerdis Nu kallad) i Eyadalsärlande, og Hals Kyrkiu Jardarennar SandHauga, Hvor Helmýngshöfde adskilur Ejadals är og Sanhauga Lönd; Þadann ur Helmýngs Höfda midium, og Austur i Skialfanda fliot, og afftur ur Helmýngs Höfda ad ofann, Vestur a fiall upp.

Eirnen Lögfeste Eg allann Eyadal beggia meigenn i fremstu Botna motz vid Annara Jarda Lönd.

2<sup>o</sup> Lögfeste Eg Eyadalsär Land ad Nordann verdu, allt i Karastein og Karagard, Hvar ad Er Landamerke Millum Ejadalsär og Öxaraar; Logfeste Eg Ur þessum merkium, ofann i Kvjsl og Vestur ä Fiall upp. 3<sup>o</sup> Þa Miklu Eyu Sem Liggur fyrer Eyadalsär og Öxaraar Lande, Lögfeste Eg Effter Hafande Skiölumm og Documentum, ad ollu því leite Sem Eyadalsar Kyrkiu tilheirt hefur ad fornu, Undanteknum þeim litla Qvot Sem Liosavatns Kirkiu tilheirer Utann af henne ...<sup>145</sup>

Í kjölfarið fylgir hefðbundið orðalag lögfestna um bann gegn notkun ofangreinds lands og um gildistíma. Einnig er þess óskað að Jón Benediktsson sýslumaður lesi lögfestuna en ekki er að finna áritun um að það hafi verið gert. Hins vegar var lögfestan lesin á manntalsþingi á Ljósavatni 5. júní 1754 án mótmæla.

Á bakhlið lögfestu séra Björns er að finna aðra lögfestu fyrir Eyjardalsá sem séra Stefán Þórarinsson hefur útbúið. Ártal hennar er ógreinilegt en virðist vera 1817

<sup>141</sup> Skjal nr. 2 (123) a-b.

<sup>142</sup> Hliðsjónargagn.

<sup>143</sup> Hliðsjónargagn.

<sup>144</sup> Hliðsjónargagn.

<sup>145</sup> Skjal nr. 2 (44) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (45).

en séra Stefán var prestur þar á árunum 1810-1831. Samkvæmt lögfestunni voru takmörk Eyjardalsár svohljóðandi:

Ur Helfmings Hofda ad sunnannverdu til Fliots, beina Stefnu Lynu i Austur, enn vestur beinleidis til fialls yfer um þverann Eyadal, upp til vestara Fialls, þangað sem allra fyrst byr<i>ast halle til Austurs – Enn ad nordannverdu rædur landamerkiu Káragardur austur til Fliots qvislar, og vestur beint upp Fialls hlydina, - sydann krokalaust yfer um þverann Axarardal, upp til vesturs hærst á Fiall, Þangað sem vatn vill allrafyrst til Austurs falla - . Sömuleides logfeste eg umflotid Eyland i Fliote, svo langt utepter, sem fyrrgreind Káragards merk<e> nær til á meginnlade ...<sup>146</sup>

Í kjölfarið fylgir hefðbundið orðalag lögfestna um bann gegn notkun ofannefnds lands og getið að hún skuli standa í 12 mánuði. Fram kemur að lögfestan skuli lesin á manntalsþingi á Ljósavatni en engin áritun segir til um að það hafi verið gert en lögfestan er skrifuð mjög smátt og ógreinilega og hvorki undirrituð né árituð.

Á manntalsþingi á Ljósavatni 10. maí 1815 var lesin upp lögfesta fyrir Eyjardalsá en inntak hennar kemur ekki fram.<sup>147</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir grasatekju litla á Eyjardalsá, engjar á dreif um allt fjallið, með smáblettum hingað og þangað, mjög slitrótt og illt að vinna, úthagarnir góðir og miklir.<sup>148</sup>

Prestsetrið Eyjardalsá er sagt 12 hundruð í jarðamatinu 1804. Jörðin á kjarrskóg sem hún notar sjálf en hann er einnig lánaður öðrum fyrir 2 ríkisdali árlega. Einnig kemur fram í matinu að árframburður og skriðuföll ógni túni.<sup>149</sup>

Um Eyjardalsá segir í sóknalýsingu árið 1840:

Landfint er til fjallsins og dalsins en útigangur heldur sjaldgæfur. ... Ekki liggja jarðir þessar [þ.e. Hvarf, Eyjardalsá og Hlíðarendi] undir eiginlegum áföllum, nema hvað fjallið fyrir ofan Eyjardalsá út og suður grefst árlega meir og meir sundur af vatnaögum, svo um það eru hvervetna grófir og hættur miklar.<sup>150</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Eyjardalsá. Þar kemur m.a. fram:

Eyadalsá beneficium 12 hndr. að dýrleika; ... úteingi reitingsamt, og í fjall að sækja; en nokkuð víðslægt, ... landrými allgott og sæmileg málnya; ... skógur er gjör eyddur og sauðabeit sömuleiðis ...<sup>151</sup>

Fjöldi bænda í Lundarbrekkusókn skrifaði stiftsyfirvöldum 22. apríl 1856 um fyrirhuguð makaskipti á Eyjardalsá og Halldórsstöðum. Þeir greindu frá því að prestar

<sup>146</sup> Skjal nr. 2 (44) a-b. Um embættistið séra Stefáns Þórarinssonar, sjá Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 300.

<sup>147</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.21).

<sup>148</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 137.

<sup>149</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>150</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, bls. 100.

<sup>151</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.



stæðu stutt við vegna örðugleika í embættisstörfum og ásigkomulags prestakallsins og hafi viljað komast þaðan og fara annað hvort að Lundarbrekku eða Halldórsstöðum. En nefnd sú, sem biskup skipaði 7. desember 1853 til þess að fara yfir málið, hafi einmitt mælt með því. Halldórsstaðir séu enda í miðju prestakallinu. Bændur Lundarbrennkusóknar sögðust hafa farið þess á leit við eigendur og ábúendur Halldórsstaða að hafa makaskipti á Eyjardalsá og hafði þeir loks gengið að því. Þeir biðja því stiftsýfirvöld að sjá til þess að makaskiptin gangi eftir. Bændurnir báðu séra Jón Austmann á Eyjardalsá og séra Halldór Björnsson, prófast og fyrrum prest á Eyjardalsá, um álit þeirra á framkvæmdinni. Í svari séra Jóns kemur fram ef af þessu yrði myndi Eyjardalsá missa landskuld af hjáleigunum Hlíðarenda og Hvarfí. Á móti kæmi hins vegar að hjáleignar væru byggðar heimajörðinni til óhagnaðar enda sviptu þær hana því nær allri vetrararbeit og landrými á báðar hliðar. Hann mælti því með makaskiptunum. Í svari Halldórs prófasts, frá 6. júní 1856, tekur hann undir það sem fram kom í svari séra Jóns. Hann mælir sömuleiðis með makaskiptunum og segir að betra sé fyrir prestinn að búa á Halldórsstöðum og að auki sé það gæða bújörð sem sé hæg til afnota og eigi talsverðan skóg.

Svo virðist sem að Friðfinnur Illugason á Litluvöllum hafi mótmælt fyrirhugðum makaskiptum því að aðal brauðamatsnefnd skrifaði séra Jóni Austmann 2. ágúst 1856. Nefndin óskaði eftir álit hans á því að hve miklu leyti aðfinnslur Friðfinns væru á rökum reistar og hvort einhverjir sóknarmenn hafi ekki óskað eftir umræddum makaskiptum eða flutningi kirkjunnar. Í bréfi séra Jóns, dagsettu 30. ágúst 1856, kemur m.a. eftirfarandi fram:

En fremur hefir Friðfinnur bóndi nokkud til síns máls að 4-7 hestar séu hafdir á Halldórsstöðum en 12-14 á Eyjardalsártorfunni. – En í þessum samanburði hans er það adgiætandi: að það er einmidt sá mikli kostur við Halldórsstadi í þessu tilliti, að jörðin, vegna hægðar – hvar alt eingid er á þurum og rennsléttum grundum kríngum túnid – útheimtir ekki fleiri hesta og hefir útigang handa nokrum þeirra að vetrarlagi, þar sem sá mikli ókostur hvílir á Eyjardalsá, að þurfa að kosta til jafnmörgum hestum að sumarlagi, hvar allir adflutningar eru svo erfidir, einkum á heyi, sem alt er til fjalls að sækja, lángan veg og brattann, en kaupa sídan hestana nidur inni Eyafyrði a vetrum, alt að 2 sem presturin hlytur að hafa á eldi vegna erfidleika sóknarinnar.<sup>152</sup>

Að endingu benti séra Jón á að andstöðu Friðfinns við málið mætti rekja til þess að hann hafi ætlað sér jörðina enda hafi hann boðið 800 ríkisdali fyrir fjögur hundruð úr Halldórsstöðum.

Ákveðið var með konungsúrskurði 17. apríl 1857 að taka af kirkjuna á Eyjardalsá og skipta sókninni upp. Jafnframt voru heimiluð makaskipti á Eyjardalsá auk hjáleigna og Halldórsstöðum sem gerðir voru að prestssetri.<sup>153</sup>

<sup>152</sup> Skjal nr. 2(189) a-c.

<sup>153</sup> Skjal nr. 2(169).

Landamerkjabréfi Eyjardalsár frá 2. júní 1886 var þinglýst í júní 1887:

1. Að sunnan liggur Eyjardalsárland að Sandhaugalandi og eru landamerki þar megin úr tveimur steinum á svonefndum Helmingshöfða, er liggur við fjallsrætur þvert austur í Skjálfandafljót, en að ofan úr sama höfða á fjall upp yfir þveran Eyjardal til vesturgjóta, og á þau þar til vötn falla vestur þaðan eru landamerki að vestan, eftir höfuðátt í norður, norður grjótin, gegnt því, er Eyjardalur og Öxarárdalur mætast og Ljósavatnsland tekur við.

2. Að norðan liggja saman Eyjardalsár- og Öxarárland; eru þar landamerki úr svokölluðum Karasteini, eftir garðbroti, sem liggur ofan í Eyarkvísl, yfir hana og úr henni hellu syðst á Bótarbörðum, svo þvert austur í Skjálfandafljót, er ræður landamerkjum að austan Úr nefndum steini liggur einnig garðbrot upp fjallshlíðina, og ræður það landamerkjum meðan það endist, og þá bein lína vestur yfir austurgjót allt til Öxarár, þaðan eftir því sem áin liggur suður á áðurnefnd dalamót.<sup>154</sup>

Jón Ingjaldsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: séra Pétri Jónssyni á Hálsi fyrir hönd kirkjujarðarinnar Sandhauga, Birni Jóhannssyni eiganda Ljósavatns og Jóni Sigurðssyni umboðsmanni eiganda Öxarár.

Annað landamerkjabréf fyrir Eyjardalsá var útbúið þann 22. maí 1907. Því var þinglýst næsta dag:<sup>155</sup>

Að austan ræður Skjálfandafljót. Að sunnan gegnt Hlíðarenda ráða vörður frá fljótinu til vesturs í Eyjardalsárgilið í fjallinu. Úr því ræður áin merkjum suður að Sandhaugalandi. Þá ræður bein lína í vestur miðuð við Helmingshöfða niðri í Bárðardal vestur yfir Eyjardal eftir vörðum vestur á há fjallið. Að vestan ræður há fjallið norður á dalamót þar sem hefst Öxarárdalur, en úr því ræður Öxará norður að Hvarfslandi, en gegnt því ráða vörður frá Hvarfseyarkvísl í læk í fjallinu sunnan við Stekkjarbrot og úr honum bein lína vestur í ána á Öxarárdal.<sup>156</sup>

Jón Ingjaldsson, Stefán Jónsson og Guðni Jónsson skrifuðu undir landamerkjabréfið en þeir voru sameigendur Eyjardalsár, Hvarfs og Hlíðarenda.

Í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að landamerkjabréf fyrir Eyjardalsá hafi verið þinglesið 1907. Eftirfarandi upplýsingar um Eyjardalsá eru einnig fengnar úr matinu:

Engjarnar ... Sumar nærtækar, en sumar í fjalli og upp á svonefndum Eyjardal, og þaðan slæmur engjavegur. Heyfengur í meðalári talinn 300 hestar.

Búfjárhagar: Beitilandið mikið, en liggur meira af því nokkuð fjarri. Dalur, sem gengur vestur í fjallið. Sumarheit góð en skjól lítil og snjóþyngsli

<sup>154</sup> Skjal nr. 2 (6) a-b.

<sup>155</sup> Skjalasafn bæjarfógetans á Húsavík og sýslumannsins í Þingeyjarsýslu G A / 7. Dómsmálabók 1905-1910, bls. 139.

<sup>156</sup> Skjal nr. 2 (7) a-b.

töluverð. Fjárgeymsla erfð og fénaðarhættur nokkrar. ... Jörðin hefir upprekstur á Eyjardal, en notar þó stundum rétt sinn til upprekstrar á afrétt sveitarinnar.<sup>157</sup>

Jón Sigurðsson í Yztafelli sagði land Eyjardalsár mjög vítt, allur Eyjardalur að vestan, allt að 10 km til suðurs.<sup>158</sup>

## 5.10 Sandhaugar

Máldagar Auðunar rauða Þorbergssonar biskups eru frá 1318. Þar kemur fram að Hálsstaður eigi:

sandhauga land er ysleyfur prestur gaf.<sup>159</sup>

Í máldögum Péturs Nikulássonar, en rekja má sögu þeirra til 1394<sup>160</sup> og Ólafs Rögnvaldssonar, sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510),<sup>161</sup> kemur fram að Hálskirkja eigi Sandhauga. Einnig er minnst á þetta í máldaga Hálskirkju staðfestum af Ólafi Hjaltasyni biskupi 21. september 1565.<sup>162</sup>

Varðveitt er vitnisburðarbréf séra Gottskálks Jónssonar, Jóns Gottskálkssonar og Ólafs Tómassonar sem gert var á Hólum í Hjaltadal 25. júlí 1506. Þar segjast þessir prestar hafa séð máldaga Hálskirkju í Fnjóskadal frá árinu 1312 sem þeir skrifuðu orðrétt upp. Máldagi þessi er að mestu samhljóða máldaga Auðunar rauða frá 1318. Í máldaganum er þess getið að Sandhaugar tilheyri Hálskirkju. Vitnisburðurinn er þó að öllum líkindum falsbréf því að engir prestar með þessum nöfnum eru þekktir frá þessum tíma. Hann var þó lesinn á héraðsþingi á Hálsi 3. maí 1740 og á manntalsþingi á sama stað 24. maí 1743.<sup>163</sup> Af lögfestu séra Jóns Þorgrímssonar fyrir Hálsstað frá 7. apríl 1744 má sjá að fyrrnefnt falsbréf hefur verið lagt fram í máli sem dæmt var 4. maí 1740 því að þar hafa viðaukar falsbréfsins skilað sér inn í lögfestuna í krafti fyrrnefnds dóms.<sup>164</sup>

Í máldaga Hálskirkju, sem virðist vera frá árinu 1523, er Sandhauga að finna meðal jarða kirkjunnar.<sup>165</sup>

Sandhaugar eru taldir meðal jarða Hálskirkju í gömlum máldaga sem séra Guðmundur Skíðason á Bægisá segist í vitnisburði frá 25. október 1581 hafa séð á Hólum í Hjaltadal. Sá vitnisburður hefur varðveist í afskrift séra Gamalíels Ólafssonar á Þóroddsstað og tveggja annarra manna sem gerð var á Hóli í Kinn 12. júní 1608.<sup>166</sup>

<sup>157</sup> Skjal nr. 2 (41).

<sup>158</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 213.

<sup>159</sup> Skjal nr. 2 (89).

<sup>160</sup> Skjal nr. 2 (94).

<sup>161</sup> Skjal nr. 2 (101).

<sup>162</sup> Skjal nr. 2 (119).

<sup>163</sup> Skjal nr. 2 (47).

<sup>164</sup> Skjal nr. 2 (52) a-b.

<sup>165</sup> Skjal nr. 2 (48) a-b.

<sup>166</sup> Skjal nr. 2 (49) a-b. Gamalíel Ólafsson var prestur á Þóroddsstað 1599-1608, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 298.

Minnst er á að Hálskirkja eigi Sandhauga í umfjöllun um Háls í Fnjóskadal í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616.<sup>167</sup>

Í vísitásium Hálskirkju sem skráðar eru í vísitásiubækur Þorláks Skúlasonar, Gísla Þorlákssonar og Einars Þorsteinssonar er þess einnig getið að kirkjan eigi Sandhauga.<sup>168</sup>

Landamerkjaágreiningur milli Sandhauga og Eyjardalsár var settur niður 19. september 1647. Nánar er fjallað um málið í kafla 5.9 um Eyjardalsá.<sup>169</sup>

Sandhaugar eru meðal kirkjujarða í lögfestu séra Þorgríms Jónssonar fyrir Hálsstað frá 21. maí 1726 en engin takmörk koma þar fram. Lögfestan var lesin á þingi að Hálsi samdægurs.<sup>170</sup>

Á manntalsþingi 10. júní 1735 las séra Þorgrímur Jónsson lögfestu fyrir heimalandi Hálskirkju og nokkrum jörðum þ. á m. Sandhaugum. Hann virðist hafa lesið sömu lögfestu á manntalsþingi á Hálsi 7. júní 1736 en í hvorugt skiptið er inntaks getið.<sup>171</sup>

Í lögfestu séra Björns Scheving frá 2. maí 1753 fyrir Eyjardalsá er komið inn á mörkin milli lands kirkjunnar og Sandhauga með eftirfarandi orðum:

Ad Sunnann verdu, Lögfeste Eg allt Eyadalsár –land, Sudur i HelmýngsHöfda, Hvered liggur millum Hniukakots (Geitagerdis Nu kallad) i Eyadalsärlande, og Hals Kyrkiu Jardarennar SandHauga, Hvor Helmýngshöfde adskilur Ejadals är og Sandhauga Lönd ...<sup>172</sup>

Að öðru leyti vísast til umræddrar lögfestu í kafla 5.9 um Eyjadalsá.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir grasatekju varla teljandi á Sandhaugum og engjar engar, nema það sem næðist í úthögum hingað og þangað. Úthagar væru víðlendir og búgóðir.<sup>173</sup>

Sandhaugar tilheyra Hálskirkju samkvæmt jarðamatinu 1804 og er jörðin sögð 5 hundruð. Í matinu kemur einnig fram að hún hafi kjarrskóg til eigin nota.<sup>174</sup>

Fram kemur í jarðamati 1849-1850 að Sandhaugar séu metnir á 12 hundruð:

Sandhaugar. 12 hndr. .... landkostir góðir til málnytu og þrifa og beitar, ... annars er landið hjerumbil nóg fyrir allar skjepnur. ...<sup>175</sup>

Jarðamatið greinir einnig frá landamerkjaþrætu:

<sup>167</sup> Skjal nr. 2 (212) a-b.

<sup>168</sup> Skjöl nr. 2 (65) a-b, nr. 2 (68) a-b og nr. 2 (76) a-b.

<sup>169</sup> Skjal nr. 2(171).

<sup>170</sup> Skjal nr. 2 (51) a-b. Það sama á við síðari lögfestur séra Þorgríms frá 7. apríl 1744, 18. maí 1745, 7. júní 1770, 3. júní 1779 og 4. október 1782 sem flestar hafa verið lesnar upp oftar en einu sinni, sbr. skjal nr. 2 (52) a-b – skjal nr. 2 (56) og lögfestu séra Sigurðar Árnasonar frá 1. júní 1830, sbr. skjal nr. 2 (57).

<sup>171</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.3).

<sup>172</sup> Skjal nr. 2 (44) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (45).

<sup>173</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 138.

<sup>174</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>175</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

Þrætulandið milli Stóruvalla og Sandhaugna er alt beitlendi og skóglendisleifar og liggur bæði til fjalls og á sokallaðri Vallnaey; nú um tíma eptir samningi brúkað frá báðum jörðunum.

Á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1828 voru lesnar upp lögfestur Sandhauga og Stóruvalla. Inntaks þeirra er ekki getið en fram kemur að þær hafi verið ósamkvæmar hvor annarri.<sup>176</sup> Lögfesta fyrir Háls í Fnjóskadal, með tilheyrandi kirkjujörð Sandhaugum, var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 2. júní 1830. Inntaks hennar er hins vegar ekki getið.<sup>177</sup>

Þorsteinn Pálsson, aðstoðarprestur séra Sigurðar Árnasonar á Hálsi, lögfesti og friðlýsti kirkjujörðina Sandhauga á manntalsþingi á Ljósavatni 22. maí 1839. Ingjaldur Jónsson á Mýri mótmælti lögfestunni að því leyti að þar væri lögfestur skógarpartur sunnanvert við Sandhaugaland sem hann taldi tilheyra Stóruvöllum. Þetta gerði hann fyrir hönd síðasta ábúanda og umráðamanns Stóruvalla sem var erlendis og krafðist þess að málið biði heimkomu hans.<sup>178</sup>

Landamerkjabréf fyrir Sandhauga var útbúið 2. júní 1890. Því var þinglýst 27. maí 1891:

Að sunnan eru landamerkin: bein lína frá svonefndum Yztaklett við Fljótskvíslina og austur yfir Vallnaey, en til vesturs lína frá Yztakletti vestur yfir fjallið í Biskupsvörðu, þaðan í sömu stefnu vestur yfir Eyadal og á hágrjótin. Að vestan: Hágrjótin á fjallinu norður til Eyadalsárland<s>. Að norðan: Bein lína úr hágrjótunum á fjallinu, yfir þveran Eyadal, þaðan austur yfir fjallið í Helmingshöfða beint í Sk<j>álfandafljót. Að austan: Skjálfl[a]ndafljót.<sup>179</sup>

Pétur Jónsson, prestur á Hálsi, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Ingjaldssyni eiganda Eyjardalsár fyrir Hlíðarenda og Karli Friðrikssyni og Páli H. Jónssyni en þeir samþykktu fyrir Stóruvelli.

Bent skal á að Hálsprestur skrifaði undir landamerkjabréf Sörlastaða árið 1884 vegna Sandhauga. Sjá Sörlastaði.

Virðing vegna fyrirhugaðrar sölu kirkjujarðarinnar Sandhauga fór fram 31. október 1909. Þar er þess getið að bærinn standi fulla 200 faðma frá Skjálfandafljóti upp við fjallshlíðina. Ennfremur segir:

Engjar jarðarinnar voru mjög litlar fram að síðustu 8-10 árum og lágu meiri hluti þeirra austan í fjallsbrúninni út og suður þar sem fjallið er hæðst og brattast. Þar eð þetta engi var alllangt frá bænum, þá var það afar ervitt til notgunar. Ennfremur voru þá smá engja blettir suður frá bænum neðan við fjallið. Samkvæmt skýrslu sem til er frá þeim tíma (20 ár), [(20ár), ofan línu] þá gáfu eng<j>arnar af sjer rúma 100 hesta af heyi. En nú á hinum 8-10 síðastl. árum, þá hefur engið neðan við fjallið, verið aukið og bætt, mest með

<sup>176</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.25).

<sup>177</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.27).

<sup>178</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.28). Um Hálspresta, sjá Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 297.

<sup>179</sup> Skjal nr. 2 (19) a-b.

því að slá út í víðir og móa og áveitu úr smálækjum úr hlíðinni, svo nú fæst hjerumbil eins mikið af enginu neðan við fjallið eins og áður fjekest af öllu engjnu, enda þykir svo dýrt að afla heyja [strikað yfir, að] upp í fjallsbrúninni, að naumast þykir borga sig. Engið er allt fremur graslítið en heyið kjarngott.

Landrymi jarðarinnar er mikið að víðáttu og gott til beitar sumar og vetur, mest fjalllendi og víðáttu miklir víðar og ling móar. Í fjallshlíðinni hjer og hvar, er talsvert skógarkjarr sem er fremur að aukast. Fjallið er heldur snjó þungt á vetrum, en móarnir snjóljettari og góðir til vetrarbeitar.<sup>180</sup>

Þess er ennfremur getið að jörðin hafi engin sérstök hlunnindi. Stjórnarráðið seldi Kristínu Sigurðardóttur Sandhauga tveimur árum síðar og er afsalið dagsett 25. júní 1911.<sup>181</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Sandhauga hafi verið þinglesin 1891. Eftirfarandi upplýsingar um Sandhauga eru einnig fengnar úr matinu:

Engjarnar ... Fjallheyskapur að auki, afar erfiður. Gefur árlega um 30 hesta, en gæti verið meiri.

Búfjárhagar: Landrymi mikið og beitland kjarngott. Skógivaxin fjallshlíð. ... Fjárgeymsla erfið. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. ... Ágangur nokkur af afréttarfé.<sup>182</sup>

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir um Sandhauga:

Þetta er landrúm jörð og sauðland gott, en erfitt var um engjar, smá grasblettir eltir hátt og lágt um allt fjallið.<sup>183</sup>

Hlíðin norðan bæjar var gefin Skógrækt ríkisins árið 1946 til skógræktar. Síðar keypti Skógræktin hlíðina sunnan bæjar.<sup>184</sup>

### 5.11 Stóruvellir ásamt Hlíðskógum og Lækjarvöllum

Máldagar Auðunar rauða Þorbergssonar biskups eru frá 1318. Þar kemur fram að tíund liggi til Lundarbrekku af tvennum Völlum.<sup>185</sup>

Hólakirkju og biskupi seld fimm hundruð og 20 hundruð í Hóli í Kinn fyrir hálfu Velli (Stóruvelli) í Bárðardal, 28. mars 1520.<sup>186</sup>

Jóni Arasyni biskupi var seldur Prestshvammur, kaupahluti 24 hundruð, fyrir hálfu Velli (Stóruvelli) og fimm hundruð að auki, 30. apríl 1529.<sup>187</sup>

<sup>180</sup> Skjal nr. 2 (179).

<sup>181</sup> Skjal nr. 2 (179).

<sup>182</sup> Skjal nr. 2 (41).

<sup>183</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 214.

<sup>184</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 259.

<sup>185</sup> Skjal nr. 2 (89).

<sup>186</sup> Skjal nr. 2 (110).

<sup>187</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. IX, 487-488).

Hluti úr eyðijörðinni Stóruvöllum var byggður Ólafi Ólafssyni með 8 ríkisdala styrk úr konungssjóð á manntalsþingi á Ljósavatni 4. maí 1786.<sup>188</sup>

Þórður Björnsson sýslumaður var mættur að Stóruvöllum 6. október 1815 til þess að stjórna virðingu á skemmdum sem jörðin hafði orðið fyrir á undanförunum árum af völdum skriðufalla og vatnsgrefti. Davíð Indriðason bóndi á Stóruvöllum hafði óskað eftir virðingunni með því markmiði að lækka jörðina, sem var 36 hundruð að dýrleika, til tíundargjalds. Hreppstjóri, sóknarprestur og fjárhaldsmaður kirkjunnar, sem allir áttu hagsmuna að gæta vegna tíundarinnar, voru mættir á staðinn. Í framburði ábúanda og fleiri kunnugra kom fram að jörðin gæfi af sér í meðalgrasári þriggja kúa fóður af töðu og u.þ.b. 120 hesta útheys. Jörðin hafi engin sérstök hlunnindi nema fína landkosti, lítið eitt af fjallagrösum og nokkurt hrístak sem hjálpast má við til kolagjörðar. Allt slægjuland jarðarinnar er valllendi eða grundir sem liggja með fram fjallsrótum en ofan úr fjallinu falla skriður og leirrennsli. Síðan var lýst skemmdum á túni og hættum sem yfir því vofðu. Skoðunarmenn sögðu að lítið væri hægt að gera til þess að stemma stigu við ástandinu nema kannski að skera bæjarlæknum nýjan farveg gegnum túnið sem væri lægri og dýpri en núverandi farvegur. Þeir gátu þess jafnframt að fjallið, sem liggja vestan við land Stóruvalla, væri svo skemmt orðið af skriðum og jarðföllum að það hindraði að þaðan yrði náð heyskap sem annars mætti hafa þar nokkurn. Niðurstaða þeirra var sú að landinu væri hætt við spjöllum og gæti því ekki haldið sama dýrleika og því lækkuðu þeir hann niður í 25 hundruð.<sup>189</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1828 voru lesnar upp lögfestur Sandhauga og Stóruvalla. Inntaks þeirra er ekki getið en fram kemur að þær hafi verið ósamkvæmar hvor annari.<sup>190</sup> Á sama stað ári síðar, eða 26. maí 1829, var lesin lögfesta fyrir Stóruvöllum. Inntaks er ekki getið en greint er frá því að henni hafi ekki verið mótmælt.<sup>191</sup>

Ingjaldur Jónsson á Mýri mótmælti lögfestu sem Hálsprestar létu lesa á manntalsþingi á Ljósavatni 22. maí 1839. Þ.e. að lögfestur væri skógarpartur sunnanvert við Sandhaugaland sem hann taldi tilheyra Stóruvöllum og þar sem umráðamaður og seinasti ábúandi þeirrar jarðar væri erlendis krafðist hann þess að málið biði heimkomu hans.<sup>192</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir dýrleika jarðarinnar 36 hndr., úthaga víðlenda og búgóða.<sup>193</sup>

<sup>188</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.6).

<sup>189</sup> Skjal nr. 2 (144) a-b.

<sup>190</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.25).

<sup>191</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.26).

<sup>192</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.28).

<sup>193</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 138 og 139.

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að sjálfseignarjörðin Stóruvellir, sem sögð er 36 hundruð, sé metin 30 hundruð í jarðabókinni. Stóruvellir hafa kjarrskóg til eigin nota. Einnig kemur fram að skriðuföll ógni túni og úthaga.<sup>194</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Stóruvelli. Þar stendur m.a.:

Stóruvellir er 36 hndr. að dýrleika. ... landrými í betra lagi; ... A eyði hjáleigunum Hlíðskógum og Sexhólstöðum er sín beitarhús á hvorri með miklum erfiðismunum. Eingið er stundum sára graslítið og í þurka tíð erviðt afsláttar; so menn neyðast til að tína saman með miklum erfiðismunum viðbót við heyskapinn í fjallinu. .... Fjalllendið er nokkuð uppblásið, en þó með því minna sem viðgeingst í þessari sveit. ...<sup>195</sup>

Jarðamatið greinir einnig frá landamerkjaprætu:

Prætulandið milli Stóruvalla og Sandhaugna er alt beitlendi og skóglendisleifar og liggur bæði til fjalls og á sokallaðri Vallnaey; nú um tíma eptir samningi brúkað frá báðum jörðunum.

Landamerkjabréf fyrir Stóruvelli var útbúið 17. október 1883. Það var þinglesið 24. maí 1889:

Að sunnanverðu skilur Sexhólsstaðagil, lönd Stóruvalla og Litluvalla úr miðju gilinu bein stefna í Skjálfandafljót hvar merkivarða nú er sett á svonefndum Farvegum. Úr efri enda Sexhólsstaðagils ræður bein stefna til vesturs uppá Vallnafjall og svo langt vestur sem vatnsfjöll deila sveita á milli, svo norður fjallið gegnt svo nefndri Biskubsvörðu [svo, leiðrétt úr Biskubsvörðu], sem er óumprætt land milli Stóruvalla og Sandhauga frá ómunatíð. Svo bein stefna austur í svonefnda Biskubsvörðu, og úr henni ræður sama stefna ofan fjallið í klett þann, sem norðast stendur í klifinu milli Stóruvalla og Sandhauga og sem hér eftir nefnist merki klettur, svo úr nefndum kletti austur yfir fljótshvíslna hvar merki varða nú er sett. Ræður síðan Skjálfanda fljót merkjum suður til fyrgreindra um merkja.

Þannig skrásett eftir gömlum vitnisburðum.<sup>196</sup>

Jón Benediktsson, eigandi og ábúandi Stóruvalla, skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af: S. Bergvinssyni en hann sem eigandi og ábúandi Sörlastaða samþykkti landamerkin milli þeirrar jarðar og Stóruvalla, Tómasi Friðfinnssyni eiganda og ábúanda Litluvalla og Pétri Jónssyni fyrir Sandhauga.

Jón Benediktsson á Stóruvöllum skrifaði ári síðar undir landamerkjabréf Sörlastaða. Sjá Sörlastaði.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Stóruvalla hafi verið þinglesin 1889. Eftirfarandi upplýsingar um Stóruvelli eru einnig fengnar úr matinu:

Engjarnar ... Í fjallinu eru grasgeirar, stundum slegnir.

<sup>194</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>195</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>196</sup> Skjal nr. 2 (22) a-b.



Búfjánhagar. Land mikið og sauðland hið bezta. Algróin fjallshlíð meira og minna skógi vaxin, full míla á lengd. Fjárgeymsla nokkuð erfð. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. ... Agangur er mikill af afréttarfé.<sup>197</sup>

Hlíðskógar eru sagðir fornt býli, haldið hafa fallið í eyði í svartadauða. Jarðabók Árna og Páls segir í lýsingu Stóruvalla árið 1712:

Hlyðskogar og Sexhólstader heita tvö eyðiból hjer í landinu með sýnilegum byggíngaleifum tófta og girðinga. Þessar jarðir meinast að hafi af fallið í stóru plágunni. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi, en þó er túnstæði nokkuð á Hlíðskógum.<sup>198</sup>

Jarðamatið 1849-1850 segir Hlíðskóga eyðihjáleigu frá Stóruvöllum þar sem höfð séu beitarhús.<sup>199</sup>

Hlíðskógar voru byggðir að nýju árið 1926 og eiga úrskiptan nyrsta hluta Stóruvallalands.<sup>200</sup>

Lækjarvellir eru nýbýli, byggt á 2/5 hlutum Stóruvalla árið 1956. Land er óskipt nema tún.<sup>201</sup>

## 5.12 Litluvellir

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar kemur fram að tíund liggi til Lundarbrekku af tvennum Völlum.<sup>202</sup>

Meðal þess sem Gottskálf Nikulásason biskup gaf Hólakirkju 6. júní 1520 voru Minnivellir, 10 hundruð.<sup>203</sup>

Jón Arason biskup seldi Minnivelli, 17. október 1535.<sup>204</sup>

Að sögn Jarðabókar Árna og Páls var grasatekja varla teljandi á Litluvöllum og úthagar mjög litlir og uppblásnir og yrði ábúandi að þiggja beit af nágrönnum á báðar hendur.<sup>205</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 tilheyrðu Litluvellir konungi, en í Norðursýslumboði. Fornt mat var 5 hundruð. Í matinu kemur einnig fram að skriðuföll séu á tún og úthaga.<sup>206</sup>

Eftirfarandi er fram í jarðamatinu 1849-1850:

Litluvellir 5 hndr. ... Landið er mjög lítið, en hátt í fjalli, gott til málnytu og sæmilegt til þrifa, ...<sup>207</sup>

<sup>197</sup> Skjal nr. 2 (41).

<sup>198</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 139.

<sup>199</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>200</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 258. Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 215.

<sup>201</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 254.

<sup>202</sup> Skjal nr. 2 (89).

<sup>203</sup> Skjal nr. 2 (111).

<sup>204</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. IX, 746-747).

<sup>205</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 140.

<sup>206</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>207</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

Litluvellir voru seldir einkaaðila 27. mars 1839.<sup>208</sup> Skjöl, sem fjölluðu um þá sölu, munu líklega flest hafa brunnið á Möðruvöllum í Hörgárdal árið 1874, a.m.k. þau sem e.t.v. gætu veitt upplýsingar um land jarðarinnar.

Landamerkjabréf fyrir Litluvelli var útbúið 18. maí 1885. Því var þinglýst 28. maí sama ár:

Að norðan verðu skilur Sexhólsstaðagil lönd Litluvalla og Stóruvalla og úr miðju gilinu bein stefna í Skjálfandafljót hvar merkivarða nú er sett á svonefndum „Farvegum“. Úr efri enda Sexhólsstaðagils ræður bein stefna til vesturs uppá Vallafjall og svo langt, sem Vatnsföll [leiðrétt úr Vatnsfjöll] deila sveita á milli, svo Suðurfjallið gegnt svonefndu Sleikjulækjargili. Að sunnan verðu milli Litluvalla og Halldórsstaða ræður merkjum bein stefna vestan af fjalli í áðurnefnt Sleikjulækjargil, sem þá ræður merkjum til fjallsróta og þaðan bein [leiðrétt úr, beina] lína í Skjálfandafljót hvar nú er sett merkivarða á bakkanum;

Að austan ræður merkjum Skjálfandafljót.<sup>209</sup>

Tómas Friðfinnsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Benediktssyni en hann sem eigandi og ábúandi Stóruvalla samþykkti landamerkin móti Litluvöllum, Jóni Þorsteinssyni umráðamanni Halldórsstaða og Jóni Þorkelssyni ábúanda Halldórsstaða.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Litluvalla hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Litluvelli eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landrými lítið. Beitland kjarngott, en vantar víðáttu. Snjóþungt og vetrarbeit lítil. Fjárgeymsla frekar hæg. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. Ágangur nokkur af afréttarfé.<sup>210</sup>

### 5.13 Halldórsstaðir

Í fyrirbyggjandi heimildum er ýmist talað um Halldórsstaði eða Halldórustaði. Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar kemur fram að tíund liggji til Lundarbrekku af Halldórustöðum<sup>211</sup>

Árið 1449 voru Halldórsstaðir eign Hólastóls.<sup>212</sup>

Halldórsstaðir ásamt tveimur öðrum jörðum voru goldnir upp í skuld við Laufáskirkju, 20. september 1485.<sup>213</sup>

Jón biskup Arason seldi Halldórustaði, 17. október 1535.<sup>214</sup>

<sup>208</sup> J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 441.

<sup>209</sup> Skjal nr. 2 (13) a-b.

<sup>210</sup> Skjal nr. 2 (41).

<sup>211</sup> Skjal nr. 2 (89).

<sup>212</sup> Skjal nr. 2 (100).

<sup>213</sup> Skjal nr. 2 (108).

<sup>214</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. IX, 746-747).

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir grasatekju litla á Halldórsstöðum en úthaga víðlenda og búgóða.<sup>215</sup>

Sjálfs eignarjörðin Halldórsstaðir er sögð 16 hundruð í jarðamatinu 1804 og kemur þar einnig fram að jörðin hafi kjarrskóg til eigin nota og að skriðuföll séu á tún og úthaga.<sup>216</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir m.a. um Halldórsstaði:

Halldórsstaður 16 hndr. ... dálítið af heyi má fá í fjalli og bithaga. Landrými er sæmilegt, landkostir til málnytu og þrifa; lamba upprekstur fyrir heimilið og kolskógur; bithagann er yfir á að sækja ...<sup>217</sup>

Upp úr miðri 19. öld voru áform uppi um að hafa makaskipti á Eyjardalsá og Halldórsstöðum og að presturinn flyttist þangað. Sjá nánar um það í kafla 5.9 um Eyjadalsá.<sup>218</sup>

Ákveðið var með konungsráskurði 17. apríl 1857 að taka af kirkjunna á Eyjardalsá og skipta sókninni upp. Jafnframt voru heimiluð makaskipti á Eyjardalsá auk hjáleigna og Halldórsstöðum sem gerðir voru að prestssetri.<sup>219</sup> Ekkert kemur fram um landamerki Halldórsstaða í skjölum um jarðaskiptin.

Landamerkjabréf fyrir Halldórsstaði hefur ekki komið fram.

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki fyrir Halldórsstaði séu talin ágreiningslaus þó að ekki finnist þau þinglesin. Eftirfarandi upplýsingar um Halldórsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

Engjarnar ... Nálægt ¼ engjanna liggur á dreif um bithaga í nokkurri fjarlægð.

Búfjárhagar. Beitland mikið og gott, og alllangt í bezta beitlandið. Fjallshliðin, sunnan ár, mikið skógi vaxin. Smalamenska fremur erfið. Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. ... Nokkur ágangur af afréttarfé.<sup>220</sup>

Virðing á kirkjujörðinni Halldórsstöðum fór fram 3. júlí 1920 vegna fyrirhugaðrar sölu. Í virðingunni segir m.a. að engjar jarðarinnar séu sléttar harðvellisgrundir norðan og sunnan við túnið. Heyið sé orðið mjög kjarngott, engjarnar eru fremur snöggslægjar en sprettan hafi brugðist þar stöku sinnum. Einnig eru dálitlar engjar á reitingi í fjallinu, smágeirar, og sunnan við svokallaða Halldórsstaðaá, í bithaga, eru dálitlar slægjur hér og þar en þetta engi er allanget frá bænum. Virðingarmenn telja land jarðarinnar víðlent og kjarngott, mestur hluti þess liggur suður frá bænum, sumt í mikilli fjarlægð og því verður að hafa fé á beitarhúsum til þess að geta notað það á vetrum. Vegalengd á beitarhúsin er um hálf míla. Land jarðarinnar er snjópungt á vetrum en þó eru í áður nefndu beitarhúsalandi fremur

<sup>215</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 141.

<sup>216</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>217</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>218</sup> Skjal nr. 2(189) a-c.

<sup>219</sup> Skjal nr. 2(169).

<sup>220</sup> Skjal nr. 2 (41).

jarðsæl stykki eftir því sem tíðkast í sveitinni. Talsverður uppblástur er í fjallinu út og upp frá bænum en ekki er talið að land jarðarinnar liggja undir stórfelldum áföllum af náttúrunnar hendi. Stjórnarráðið seldi Tryggva Valdimarssyni Halldórsstaði 11. ágúst 1923.<sup>221</sup>

Halldórsstöðum var skipt í tvö býli árið 1955, þá voru Halldórsstaðir II byggðir, en landið er óskipt nema tún og engi. Einnig var iðnaðarbýlið Engi byggt úr Halldórsstöðum árið 1971.<sup>222</sup>

#### 5.14 Mýri ásamt Bólstað

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar kemur fram að tíund liggja til Lundarbrekku frá Mýri.<sup>223</sup>

Mýri, 16 hundruð, og Skarð í Fnjóskadal, 20 hundruð, og fjögur málnytukúgildi voru goldin fyrir Stóruvoga á Vatnsleysuströnd 4. október 1489 (24. mars 1491):

sagdi hvorki þeirra odrv til landamerkia aa greindvm jordvm en hvort selde odrv epter því sem jardernar ætti oc þeim hefde fylgtt at fornv oc nyiv oc þær hefðv fremst eigande at vordet.<sup>224</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir hestagöngu enga í heimalandi Mýrar og séu þeir látnir til „afréttar“ á haustin fram á eyðifjöll upp á líf og dauða. Grasatekja er lítil en úthagarnir yfir máta víðlendar, búgóðir og grösugir.<sup>225</sup>

Jarðabókin getur um Hátún í landi Mýrar:

Hatun kallast örnef<n>i hjer í landinu sunnarlega, og sjást þar nokkur deili til fornra garða og tóftarústa, ei ólíkt því að þar hafi í fyrndinni byggð verið, þó það viti öngvör með sanni að segja. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er víði vaxið.<sup>226</sup>

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að sjálfseignarjörðin Mýri, sem sögð er 16 hundruð, sé metin á 10 hundruð samkvæmt jarðabókinni. Mýri hefur kjarrskóg til eigin nota. Einnig kemur fram að skriðuföll séu á úthaga.<sup>227</sup>

Lýsing Eyjardalsár- og Lundarbrekkusókna árið 1840 hefur þetta um Mýri og Mjóadal:

Nú er allt að mílu vegar upp til Mýrar sem ásamt Mjóadal er talin 16 hundruð. Eru þar landgæði mikil, víðlendar en framar snöggvar slægjur, útigangur affaragóður.<sup>228</sup>

<sup>221</sup> Skjöl nr. 2 (172) og 4 (38 og 39).

<sup>222</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 250, 252.

<sup>223</sup> Skjal nr. 2 (89).

<sup>224</sup> Skjal nr. 2 (109).

<sup>225</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 142.

<sup>226</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 142.

<sup>227</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>228</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 100.

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur m.a.:

Mýri 16 hndr. ... Hagar all góðir fyrir allar skjepnur, fyrri part sumars og með stórum erfðismunum notuð afrijet fyrir heimilið; skó<g>leifar til ljádeingslis; málnytta í góðu meðallagi, einkum fyrir selför; ... mikill ágangur af afrijettarfje. ...<sup>229</sup>

Landamerkjabréf fyrir Mýri var útbúið þann 20. maí 1885. Það var þinglesið 14. júní 1890:

Að sunnan skilur Syðri-Bótará lönd Mýrar og Mjóadals. Frá norðvestustu upptökum Bótarár liggja svo merkin norður há fjallið eftir því sem vatnsföll deila sveita milli, norður gegnt svonefndum Stóralæk og er þar nú sett merkivarða. Merkjum milli Myrar og Halldórsstaðar ræður svo fyrst bein stefna úr áðurnefndri vörðu í efri krókinn á Stóralæk, svo lækurinn að neðri króknum og þaðan bein stefna í svonefnt Merkigil, sem svo ræður að Skjalfanda fljóti. Að austan ræður Skjalfandafljót að ósi Mjóadals ár, og Mjóadalsá síðan til fyrst greindra um merkja.<sup>230</sup>

Jón Ingjaldsson, Kristján Ingjaldsson og Kristbjörg Ingjaldsdóttir skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Kristjáni Jónssyni eiganda Mjóadals, Jóni Þorsteinssyni umráðamanni Halldórsstaða og Sigurjóni Bergvinssyni eiganda og ábúanda Sörlastaða.

Árið 1904 lýstu sameigendur Mýrar- og Litlutungulanda, þeir Ingjaldur Jónsson, Jón Ingjaldsson og Jón Jónsson, sig samþykka mótmælum sem meðeigandi þeirra Sören Jónsson hafði hreyft á manntalsþinginu að Ljósavatni 31. maí það ár gegn afréttarskrá sem þar var þinglýst þar sem í henni var Litlatunguland talið „afréttur“ sveitarinnar.<sup>231</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Mýrar hafi verið þinglesin 1890 og engjarnar séu nokkuð dreifðar um landið og sumpart langsóttar. Eftirfarandi upplýsingar um Mýri eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar Landrými mjög mikið og kjarnaland. Ágætt sumarreitland fyrir sauðfé og hross, lakara fyrir kýr. Vetrarheit góð og vorgot sumstaðar í landinu. Skjól næg. Snjólétt fremur. Fjárgeymsla mjög erfð, og hættur nokkrar fyrir búfénað. Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. ... Silungsveiði nokkur í Íshólsvatni, sem liggur í nokkurri fjarlægð. Jörðin liggur á sveitarendu með afrétt á aðra hönd, og er því ágangur af afréttarfé. ... Jörðin átti ½ Aldeyjarfoss, sem var seldur undan fyrir allmörgum árum.<sup>232</sup>

<sup>229</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>230</sup> Skjal nr. 2 (17).

<sup>231</sup> Skjal nr. 2 (18).

<sup>232</sup> Skjal nr. 2 (41).

Aldeyjarfoss í Skjálfandafljóti var seldur hlutafélaginu „Skjálfandi“, líklega árið 1908, en sú sala yfirfærð á „Fossafélag Íslands“ 31. desember 1909.<sup>233</sup>

Nýbýlið Bólstaður var stofnað árið 1931 á 1/3 hluta Mýrar. Því var skipt í tvö býli árið 1958.<sup>234</sup> Var þriðjungur Mýrar afsalað stofnanda Bólstaðar, Höskuldi Tryggvasyni, 25. maí 1933.<sup>235</sup> Tveir þriðju hlutar Mýrar og jafnstór hluti Litlutungu voru afsalaðir Jarðakaupasjóði 24. febrúar 1937.<sup>236</sup>

## 5.15 Sörlastaðir

Máldagar Auðunar biskups rauða eru frá árinu 1318. Þar segir að:

Saurlastader. geytabu.

séu eign Munkaþverárklosturs.<sup>237</sup>

Í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar (1461–1510) kemur fram að Munkaþverárklostur eigi í Fnjóskadal:

hialltadal oc sollastade med badum dolunum.<sup>238</sup>

Í Sigurðarregistri, sem byrjað var að skrá 1525, kemur fram að Sörlastaðir með báðum dölunum séu eign Munkaþverárklosturs.<sup>239</sup>

Lögfesta Sörlastaða var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi 16. maí 1797. Inntaks hennar er ekki getið en fram kemur að enginn hafi hreyft mótmælum.<sup>240</sup>

Þegar Kambfell var metin til tíundar og skuldaútsvars, 4. september 1804, var jörðinni úthlutað mýrlendi á Timburvalladal sem ábúandi Sörlastaða hafði nýtt meðan Kambfell var í eyði. Nánar er gerð grein fyrir þessu í kafla 5.21 um Kambfell o.fl.<sup>241</sup>

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls var grasatekja lítil á Sörlastöðum, smáfengar engjar á dreif um skóginn en úthagarnir búgóðir.<sup>242</sup>

Munkaþverárklostursjörðin Sörlastaðir er sögð 18 hundruð í jarðamatinu 1804. Í því kemur einnig fram að skriður spilli úthaga.<sup>243</sup>

Minnst er á Sörlastaði í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur fram:

Sörlastadir, taldir 20 hndr. ad dýrleika. ... Engi bædi nær og fjær á votu og þurru, vidatta talsverd, en nokkud slitrótt. Landvidd og landgædi til allra afnota i bestalagi; skogarland nokkurt, og vídir mikill til kolagerdar; afrettar hlunnindi, lika nokkur hestaganga, og fjallagrös til heimilis brúkunar. Okostir

<sup>233</sup> Skjal nr. 4 (59).

<sup>234</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 249.

<sup>235</sup> Skjal nr. 4 (59).

<sup>236</sup> Skjal nr. 4 (60).

<sup>237</sup> Skjal nr. 2 (90).

<sup>238</sup> Skjal nr. 2 (102).

<sup>239</sup> Skjal nr. 2 (114).

<sup>240</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.12).

<sup>241</sup> Skjal nr. 2 (141) a-b.

<sup>242</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 87

<sup>243</sup> Skjal nr. 2 (37) a-b.

grjot og leyrskridur á eingi;... langsoktur meiripartur af heyskap; jordin þessvegna erfid ábúanda. ...<sup>244</sup>

Jón Gunnlaugsson í Böðvarsnesi sótti um til amtmanns 20. maí 1851 að hafa makaskipti á Syðribakka í Eyjafirði og Munkaþverárklausturjörðinni Sörlastöðum. Amtmaður leitaði umsagnar A. Sæmundssonar umboðsmanns og svaraði hann 25. júlí 1851. Í svari hans kemur m.a. fram að gæði heys á Syðribakka séu betri en hins vegar sé heyið af engjum Sörlastaða kjarnbetra og bithagi mjög góður. Land Sörlastaða sé yfirmáta stórt, frjótt og grasgefið. Hann getur þess ennfremur að jörðinni fylgi „afrétt“ og í henni séu birki- og víðitré. Amtmaður skrifaði innanríkisráðuneytinu 29. júlí 1851 og greindi þeim frá umsókn Jóns í Böðvarsnesi. Hann endurtók ummæli Ara umboðsmanns og sagði að Sörlastaðir væru vegna frjórra bithaga og víðáttumikils lands með tilheyrandi „afrétt“ ein af betri landbúnaðarjörðum. Amtmaður mælti með makaskiptunum út frá hagkvæmnisjónarmiðum.<sup>245</sup> Innanríkisráðherra Danmerkur skrifaði amtmanni í Norður- og Austuramti 12. nóvember 1851 og heimilaði makaskipti á þessum jörðum.<sup>246</sup>

S. Schulesen sýslumaður setti aukarétt að Skógum 21. júní 1859 að kröfu Jóns Gunnlaugssonar á Sörlastöðum sem bað um að Sigurlaug Guðmundsdóttir yrði látin eiðfesta vitnisburð sem tekinn hafði verið af henni 28. maí síðastliðin. Sigurlaug var kölluð fyrir réttinn og kannaðist hún:

... við hann að öllu innihaldi hans með tilliti til brúkonarinnar á Timburvalladal frá Sörlastöðum, einungis kvedst hún ekki muna rjett ártalid nær Hermann flutti að Kambfelli en muna glöggst veru hans þar, þegar hún var á Sörlastöðum.<sup>247</sup>

Mál Jóns Gunnlaugssonar á Sörlastöðum við hjú Guðmundar Davíðssonar á Munkaþverárklaustursjörðinni Hjaltadal fór fyrir sáttanefnd 3. október 1860 á Akureyri. Ari Sæmundsson klausturhaldari og Jón á Sörlastöðum ræddu málin og náðu að lokum sáttum. Jón lýsti því m.a. yfir að þingsvitnið í Skógum þann 21. júní 1859 skyldi verða ógilt og ónýtt að öllu leyti, hann skyldi sleppa öllu tilkalli til landsins vestan Timburvalladalsár og bæta Guðmundi á Hjaltadal aðfarirnar við hjú hans síðastliðið sumar. Á móti skyldi Ari umboðsmaður fá Jóni aftur til eignar mýrarpartinn fyrir austan ána sem hjú Guðmundar voru að slá þegar miskliðin varð.<sup>248</sup>

Landamerkjabréf fyrir Sörlastaði var útbúið þann 19. apríl 1884. Það var þinglesið 18. júní sama ár:

Sörlastaðalandi skiftir frá Bakkalandi að norðan gamall merkjagarður, er liggur frá austri til vesturs á hinu svonefnda Langholti, og beint til fjalls í grjótvörðu, sem hlaðin er á hól nokkru ofar fjallsrótum, er synir beina stefnu í

<sup>244</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

<sup>245</sup> Skjal nr. 2(188) a-b.

<sup>246</sup> Skjal nr. 2(168).

<sup>247</sup> Skjal nr. 2 (149) a-b.

<sup>248</sup> Skjal nr. 2 (132).

næsta mel, sem liggur í fjallsbrúninni fyrir norðan hina svonefndu Grákolluskál. En aðalengjum og flatlendi jarðanna skiftir varða, sem hlaðin er uppá flatlendinu á beinni línu til vesturs frá hinum fyrnefnda merkjagarði. Til austurs á Vallnafjall eiga Sörlastaðir land að Bæargilstjörn, að Grettistaki, að Fremraskarðsdragi, að Hvítárdragi, að Pílagrímsmosum og að Pílagrímsfjalli. Að sunnan liggja eiðigrjót og sandar. Að vestan skiftir Sörlastaðalandi frá Hjaltadalslandi og Snæbjarnarstaðalandi Timburvalladalsá og Bakkaá.<sup>249</sup>

Sigurjón Bergvinsson, eigandi og ábúandi Sörlastaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jónatan Þorlákssyni eiganda Bakka, Benedikt Sigurðssyni ábúanda Hjaltadals, Bjarna Davíðssyni ábúanda Snæbjarnarstaða, Jóni Benediktssyni eiganda og ábúanda Stóruvalla og Péttri Jónssyni presti að Hálsi fyrir hönd kirkjujarðarinnar Sandhauga.

Sigurjón Bergvinsson skrifaði undir landamerkjabréf Mýrar árið 1885 fyrir Sörlastaði. Sjá Mýri.

Þeir Jónatan Þorláksson og Ólafur Guðmundsson voru settir af sýslumanni, Benedikt Sveinssyni, til þess að meta jörðina Sörlastaði og er greinargerð þeirra dagsett 2. maí 1891. Þar kemur fram að jörðin var 22,5 hndr. samkvæmt síðasta mati en þá hafi jörðin haft miklu minna engi vegna mikils víði- og hríslands sem nú sé orðið að miklum og góðum slægjum og sé jörðinni til mikilla bóta. Ennfremur segir:

Útengar jarðarinnar eru víðáttu miklar ... Jörðin á góðan kjarrskóg til beitar, en grannur er hann til húsabyggingar. Einnig lyggur undir jörðina góður og mikill afrettur með hinum bestu landgæðum.<sup>250</sup>

Jörðina virtu þeir á 3.800 kr. og töldu hana vera meðal meiri landgæðajarða sýslunnar.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Sörlastaða hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Sörlastaði eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar ... Á afrétt jarðarinnar eru slægjur grasgefnar og víðlendar í 3-10 km fjarlægð. ... Á afréttinni, hefir heyið verið 100-150 hestar undanfarin ár.

Búfjárhagar. Beitland afar víðlent og gott fyrir sauðfé, alltaf er til þess nær, kjarngott og víðfeldið. Sumarhagar gripa dágóðir. Snjóþungt mjög í austan átt, og útbeit því mjög misbrestasöm, en sérstaklega góð, þegar hún gefst. Skjólasamt. Fjárgeymsla er afar örðug. Jörðinni fylgir upprekstrarland. Hefir það gefið af sér 15 krónur árlega. ... Afréttarfé gerir usla í engjum, þar eð allt er ógirt.<sup>251</sup>

Hálfir Sörlastaðir voru seldir Hálshreppi samkvæmt kaupsamningi 17. nóvember 1955.<sup>252</sup> Þar er landamerkjum lýst svo:

<sup>249</sup> Skjal nr. 2 (23) a-b.

<sup>250</sup> Skjal nr. 2 (33).

<sup>251</sup> Skjal nr. 2 (43).

<sup>252</sup> Skjal nr. 23 (4).



Að vestan, Timburvalladalsá og Bakkaá, að sunnan og austan, vatnaskil á fjöllum og að norðan, á mitt Langholt og þaðan þvert til fjalls og að á.

Hinn helmingur Sörlastaða mun vera í einkaeign.<sup>253</sup>

Í bókinni *Suður-Pingeyjarsýsla* segir, að Sörlastaðir eigi allan Timburvalladal austan ár og áttu á sumum öldum einnig vesturdalinn. Sörlastaðasel var undir Hellunúpi, sunnan Hellunúpsskarðs. Þar hafi verið byggt fyrir móðuharðindi og aftur laust fyrir 1840 og búið þar í nokkur ár. Skarðssel er allmiklu sunnar, í um 300 m hæð yfir sjó, og þar byggð öðru hverju fyrir á öldum. Fagraneskot nálægt 2 km sunnar Skarðsseli, tættarnar að mestu orpnar skriðu. Fornbýli hafi verið norðan við Hvítármýrar vestan árinna, nefnt Bakkakot. Þar var býlið Nýibær á árunum 1858-1862. Á Hvítármýrum var legið við mánaðartíma á sumri hverju við heyskap. Hvítáarkot var sunnan við mýrarnar við Hvítá. Tættur þar virðast hafa horfið undir skriðu á fimmta áratug 20. aldar. Hvítármýrar eru um 10 km sunnar Sörlastöðum og 310 m yfir sjó.<sup>254</sup>

Sörlastaðir fóru í eyði árið 1959.<sup>255</sup>

## 5.16 Bakki

Bakki er talinn í skrá yfir eignir Munkaþverárklosturs árið 1446.<sup>256</sup>

Í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar (1461–1510) kemur fram að Munkaþverárklostur eigi Bakka í Fnjóskadal.<sup>257</sup>

Samkvæmt lista yfir Munkaþverárklostursjarðir í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 tilheyrir „Backa“ klaustrinu.<sup>258</sup>

Bakki var meðal þeirra jarða, sem konungur seldi Henrik Bjelke 3. apríl 1674.<sup>259</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir jarðardýrleika 20 hndr. Þá hafði Bakka verið skipt í tvo bæi. Var annar nýbyggður á selstæði jarðarinnar út frá heimajörðinni, og hafði ábúandi kotsins hálfu heimajörðina að meðreiknuðu kotinu. Úthagar voru víðlendir og búgóðir.<sup>260</sup>

Sjálfs eignarjörðin Bakki er sögð 12 hundruð í jarðamatinu 1804. Fram kemur auk þess að jörðin hafi kjarrskóg til eigin nota. Einnig er minnst á í matinu að landbrot skemmi tún og að skriður falli á úthaga.<sup>261</sup>

Bakki er ein þeirra jarða sem fjallað er um í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur:

<sup>253</sup> Skjal nr. 23 (5).

<sup>254</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Pingeyjarsýslu. Suður-Pingeyjarsýsla*, bls. 154-155.

<sup>255</sup> *Byggðir og bú Suður-Pingeyinga 1985*, bls. 158.

<sup>256</sup> Skjal nr. 2 (99).

<sup>257</sup> Skjal nr. 2 (102).

<sup>258</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b.

<sup>259</sup> J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 446.

<sup>260</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 87-88.

<sup>261</sup> Skjal nr. 2 (37) a-b.

Bakki talin 12 hndr. ad dyrleika. - ... Engi á þurru og votu, greidfært en reitingslegt og grýtt ... Landrými og landkostir i betralagi til þrifa og málnytu. ... Vetrarþeit þegar til jardar nær i betralagi. ...<sup>262</sup>

Landamerkjabréf fyrir jörðina Bakka var útbúið þann 1. nóvember 1883. Því var þinglýst 18. júní 1884:

Bakki á land til austurs á fjall upp og þar til Eyardalsárlands, sem ódeilt er; að sunnan ræður merkjum gamall merkigardsstúfur, sem liggur austur og vestur á svonefndu Langholti, eru merkin frá eystri enda hans þverstefnu til fjalls í vörðu, sem hlaðin er á litlum grjóthól [leiðrétt úr, grjótgardi] hól neðst í fjallinu og þaðan beint upp á fjallið; frá vestri enda gardins eru merkin til vesturs í vörðu, sem hlaðin er á mýrinni, og þaðan þvert til Bakkaár; liggur að sunnan Sörlastaðaland, að vestan ræður Bakkaá merkjum, að norðan eru merkin Fossgil í fjalli, og á flatlendi grjótgardur eða hryggur, sem er lítið norðar en beint niður frá gilinu, og frá honum beina þverstefnu til Bakkaár; liggur að norðan Bakkaselsland.<sup>263</sup>

Benedikt Jónatansson, ábúandi Bakka og Jónatan Þorláksson, eigandi Bakka, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Helga Davíðssyni bónda í Bakkaseli, G. Davíðssyni fyrir eiganda Bakkasels og Sigurjóni Bergvinssyni eiganda og ábúanda Sörlastaða.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Bakka hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Bakka eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar snögglandar hálfdeigjur, grundarblettir og fjalllendislágar á dreif um bithagann og reytinslegar, nærtækar.

Búfjárhagar. Beitland allviðlent, en þó hægt. Kjarngott og viðfelldið. Sauðland ágætt. Gripahagar dágóðir. Kvistlendi mikið og skógarkjarr nokkurt. Vetrarþeit nokkur, en all snjóþungt í austanátt og snjóflóð tíð, er skemma engi við og við. Fjárgeymsla allerfið sökum bratta og kletta. ... Ágangur mikill af afréttarfé, þar eð allt er ógirt.<sup>264</sup>

Bakki fór í eyði árið 1960.<sup>265</sup>

## 5.17 Bakkasel

Jarðabók Árna og Páls segir, árið 1712, að Bakka í Fnjóskadal sé sundur skipt í tvo bæi, og annar sé nýbyggður á selstæði jarðarinnar út frá heimajörðinni, og hafi ábúandinn hálfu jörðina að meðreiknuðu kotinu. Ekki er öruggt að hér sé komin jörðin

<sup>262</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

<sup>263</sup> Skjal nr. 2 (3) a-b.

<sup>264</sup> Skjal nr. 2 (43).

<sup>265</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 158.

Bakkasel, þótt það sé líklegt, því að Jarðabókin nefnir býlið Skíðagerði. Dýrleiki Bakka alls var þá 20 hndr. Úthagar voru víðlendir og búgóðir.<sup>266</sup>

Fjöldi skjala hefur varðveist um sölu Bakkasels en þannig var mál með vexti að Jón Björnsson á Stóra-Eyjarlandi veðsetti jörðina Bakkasel vegna verslunarskulda 15. september 1761. Hann gat ekki leyst jörðina út og reyndi því að bjóða hana upp án þess að fá viðunandi verð. Konungsverslunin í Eyjafirði eignaðist því jörðina og fékk reglulega landskuld af henni árin 1764-1782. Í bréfi stjórnar konungsverslunarinnar til rentukammers frá 16. mars 1784 segir að í skýrslu Lynges kaupmanns frá 1779 komi fram að jörðin sé mjög niðurníð og hann mælist því til þess að hún verði metin og seld. Í öðru bréfi stjórnar konungsverslunarinnar frá 5. október 1785 segir að samkvæmt skýrslu Lynges hafi Bakkasel verið í eyði síðan 1782. Reynt var að bjóða jörðina upp til sölu og ábúðar en án árangurs og því hafi landið verið leigt Bakka til notkunar. Stefán amtmaður Þórarinnsson skrifaði rentukammeri 1. september 1790 eftir að hafa boðið hæst í Bakkasel á uppboði. Þar segir hann ástæðu kaupanna þá að hann sé fjárhaldsmaður yngsta bróður síns sem sé eigandi Bakka en Bakkasel hafi áður verið hjáleiga þeirrar jarðar. Hann segir land jarðanna liggja saman og að engin landskipti hafi verið gerð. Úrskurður konungs um að selja beri Stefáni amtmanni eyðijörðina Bakkasel fyrir 20 ríkisdali er dagsettur 30. mars 1791. Í framangreindum skjölum er takmarka hins vegar hvergi getið.<sup>267</sup>

Eyðihjáleigan Bakkasel var boðin upp að fyrirmælum amtmanns á manntalsþingi á Hálsi 18. maí 1789. Amtmaður bauð 20 ríkisdali í jörðina en ekki var hægt að samþykkja það fyrr en rentukammer hefði samþykkt það. Þrátt fyrir vilyrði um peningastyrk þá fengist aðeins á jörðina ábúandi sem er talinn óheppilegur.<sup>268</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Bakkasel, sem talið er 6 hundruð, sé hjáleiga Bakka og hafi kjarrskóg til eigin nota. Einnig kemur fram að skriðuföll og snjóflóð skemmi úthaga.<sup>269</sup>

Í umfjölluninni um Bakkasel í jarðamatinu 1849-1850 kemur m.a. fram:

Bakkasel kallad 6 hndr. ad dýrleika. ... Eingjareitur innan um grjótskridur, ... Landrymi og landkostir í betralagi til þrifa og málnýtu, sæmileg vetrarbit. – Okostir: staklega afallasamt af snjóflóðum og skridum; ...<sup>270</sup>

Landamerkjabréf fyrir Bakkasel var útbúið 1. nóvember 1883. Þinglýsingardagsetning er ekki skráð, en það er fært í landamerkjabók milli skjala sem þinglesin voru 18. júní 1884:

Að austan mitt fjallið, að sunnan fossgil í fjalli og á flatlendi grjótgarður, sem liggur lítið norðar en beint niður undan gilinu, og þaðan beint til Bakka ár, að vestan Bakka á og Fnjóská, og að norðan Belgsá á Belgsárdal og miðfarvegur

<sup>266</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 87-88.

<sup>267</sup> Hliðsjónargagn.

<sup>268</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.7).

<sup>269</sup> Skjal nr. 2 (37) a-b.

<sup>270</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

hennar, og stefna úr honum í vörðu utarlega á Réttarholti og þaðan til Fnjóskár.<sup>271</sup>

G. Davíðsson skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir hönd eiganda Bakkasels. Það var samþykkt af: Jónatan Þorlákssyni eiganda Bakka, Benedikt Jónatanssyni ábúanda Bakka, Helga Davíðssyni ábúanda Bakkasels, Jónasi Indriðasyni ábúanda Belgsár og Stephani Stephensen umboðsmanni Belgsár.

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Bakkasels hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Bakkasel eru einnig fengnar úr matinu en þá hafði jörðin verið nýtt með Belgsá í 12 ár:

Engjar Smá grundarblettir hér og þar innan um grjótskriður, ...

Búfjárhagar Beitland víðáttumikið og kjarngott kvistlendi. Sumarheit mjög góð fyrir allan búfénað, nema helst til þur. Vetrarheit góð fremur, vorgott og skjólasamt.<sup>272</sup>

Bakkasel fór í eyði árið 1904.<sup>273</sup>

## 5.18 Belgsá

Belgsá er talin í skrá yfir eignir Munkaþverárklosturs árið 1446.<sup>274</sup>

Í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar (1461–1510) kemur fram að Munkaþverárklostur eigi Belgsá í Fnjóskadal.<sup>275</sup>

Samkvæmt lista yfir Munkaþverárklostursjarðir í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 tilheyrir „Belzsaa“ klaustrinu.<sup>276</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir Belgsá 12 hundruð að dýrleika, grasatekju litla og úthaga næga fyrir sauðfé.<sup>277</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er Belgsá, Munkaþverárklostursjörð, sögð 10 hundruð. Einnig kemur fram að jörðin hafi kjarrskóg til eigin nota og að hún sé undirlögð skriðuföllum og snjóflóðum.<sup>278</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er meðal annars minnst á:

Belgsá talin 10 hndr. ... Land i betralagi til þrifa og malnytu fyrir saudfenad, meiri part hrísi vaxid, og þess vegna gott til beitar á vetrum. Okostir: leýrrennur, og nokkur uppblástur i fjalli; ...<sup>279</sup>

Ráðist var í að semja lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklosturs í Hálshreppi og er hún dagsett 1. maí 1878. Í lýsingu Belgsár er engið sagt lítið en

<sup>271</sup> Skjal nr. 2 (2) a-b.

<sup>272</sup> Skjal nr. 2 (43).

<sup>273</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 158.

<sup>274</sup> Skjal nr. 2 (99).

<sup>275</sup> Skjal nr. 2 (102).

<sup>276</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b.

<sup>277</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 88.

<sup>278</sup> Skjal nr. 2 (37) a-b.

<sup>279</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

heygott. Landkostir eru taldir góðir til þrifa og málnytu auk þess sem vetrarþeir er góð. Land er frekar lítið, sérstaklega fyrir stórgripi. Fjalllendið er þar, eins og víðast hvar annars staðar í sveitinni, að blása upp.<sup>280</sup>

Landamerkjabréf fyrir Belgsá var útbúið þann 16. janúar 1883. Því var þinglýst 18. júní 1884:

Að norðan ræður Botnagil og úr því Víðirlækur, og þaðan beint í Fnjóská sunnan við Þrætubrekku.

Að sunnan ræður miðfarvegur Belgsár.

Að vestan Fnjóská.

Að austan Fjallið.<sup>281</sup>

Stephan Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jónatan Þorlákssyni, en hann samþykkti sem ábúandi Þórðarstaða landamerkin milli þeirrar jarðar og Belgsár, og Helga Davíðssyni er samþykkti sem ábúandi Bakkasels merkin milli þeirrar jarðar og Belgsár.

Indriði Árnason skrifaði sýslumanni 14. apríl 1891 og óskaði eftir því að fá að kaupa ábýlisjörð sína Belgsá sem tilheyrði Munkaþverárklaustursumboði. Sýslumaður útnefndi tvo menn til þess að framkvæma skoðunargerð á Belgsá en hún er dagsett 2. maí 1891. Þar kemur m.a. fram að búfjárhagar, sem eru mest vaxnir hrísi og smá skógarbrúskum, séu góðir fyrir sauðfé en þeir séu hvort tveggja víðáttulitlir og snjóþungir á vetrum. Sandfok er töluvert í landinu og spillir það túni, engjum og úthaga. Jörðina skortir einnig að mestu haga fyrir stórgripi.<sup>282</sup>

Stephan Stephensen umboðsmaður Munkaþverárklausturs skrifaði sýslumanni 16. maí 1891 og lýsti þeim jörðum sem ábúendur Munkaþverárklaustursjarða höfðu óskað eftir að kaupa. Þar kemur m.a. fram að land Belgsár sé fremur lítið en sumarhagar séu hins vegar góðir fyrir fé og útbeit einnig góð.<sup>283</sup>

Virðing á Belgsá fór fram 10. maí 1907 vegna fyrirhugaðrar sölu jarðarinnar. Þar kemur m.a. fram að landrými jarðarinnar sé lítið miðað við aðrar jarðir í sveitinni. Í beinu framhaldi segir:

Er landið mestallt viði vaxið – hrísmóar á undirlendinu, og lítilsháttar birkikjarr í fjallsbrekkunum norðantil. Ofantil má fjallið heita gróðurlaust, aðeins litlar teygjur hér og þar. Á landamerkjunum að sunnan, sem eru skamman spöl fyrir sunnan túnið liggur geysistórt klettagil austur í fjallið, svonefndur „Belgsárdalur“. eru þar að vísu Belgsármegin töluverðar gróðurteygjur, en verða á engan hátt til nota, því sökum hætta vor og haust er ekki vogandi að hafa þar fé, og hins vegar er mjög örðugt að ná þangað vegna

<sup>280</sup> Skjal nr. 2 (134).

<sup>281</sup> Skjal nr. 2 (4).

<sup>282</sup> Skjal nr. 2 (183) a-b.

<sup>283</sup> Skjal nr. 2 (184).

bratta og kletta. Er óhætt að fullyrða, að jörðinni sé ókostur mikill að þessum „Belgsárdal“.

Í virðingunni segir ennfremur að landkostir séu sérlega góðir og sauðfjárbreit ágæt þegar til landsins nær en þar sé fremur snjóþungt og fjallið leggst oftast fljótt undir snjó. Virðingarmenn geta þess að talsverð heyaukning hafi orðið á jörðunni en ástæðan sé sú að undanfarin ár hafi ábúandinn haft aðra jörð sem liggur sunnan við Belgsá og beitt þangað öllum sínum búpeningi yfir sumartímann. Stjórnarráðið seldi Indriða Árnasyni jörðina Belgsá og er afsalið dagsett 7. september 1908.<sup>284</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Belgsár hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Belgsá eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland mjög gott fyrir sauðfé, en snjóþungt í austan átt og vetrararbeit því eigi trygg. Kvistlendi mikið og vorgott fremur. ... Landið nærri, en fjárgeymsla þó frekar erfíð, vegna brattlendis og kletta. ... Ágangur mikill af afréttarfé og enda búfænaði nágrannabæja.<sup>285</sup>

Belgsá fór í eyði árið 1949.<sup>286</sup>

## 5.19 Íshóll

Fyrsta heimild um Íshól mun vera frá árinu 1597.<sup>287</sup> Þá er jörðin í eigu Laufáskirkju og var svo langt fram á 19. öld.

Vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631 greinir frá eftirfarandi:

Kyrkiann S. Peturz Postula ad Laufaase. Hun a allt heimaland, Item þessar Jarder, LomaTiorn L. 2 hndr., Noll L. 1 hndr, Grund landsk. 1 ½ hndr. Item Borgargierdj og midgierdj, stundum byggt, annat ecke. Paalzgierdj L. 1 hndr. ... Land a Kurtsveinzstodum med riettum Endjmorkum, Icholl j Bardardal, er sagdi 5 hndr. Land, ...<sup>288</sup>

Í skrá Magnúsar Ólafssonar prests frá 1635 er vikið að jarðeignum Laufáskirkju. Þar kemur m.a. fram:

item er sagt þ(ess)e kirkia eige Jshól j Bardardal er sumer hallda v hundrada land madur sa þar hefur gagn af ä at suara xl alna virde, enn það verður optast miklu minna. ...<sup>289</sup>

Fram kemur í vísitásíu Laufáskirkju frá árinu 1686:

Anno 1686 þann 10 Aprilis Manadar Vppskrifud kirkiann [Laufáskirkja, bl. 52r-v, vantar; talað um sálugan séra Markús Geirsson og sálugan séra Jón Magnússon] ...

<sup>284</sup> Skjal nr. 2 (173).

<sup>285</sup> Skjal nr. 2 (43).

<sup>286</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 158.

<sup>287</sup> Skjal nr. 1 (7).

<sup>288</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>289</sup> Skjal nr. 2 (211) a-b.

Kirkiann a Þessar Jarðer ... Íshóll Landsk. 30 al....<sup>290</sup>

Eignarhalds Laufáskirkju á Íshóli er getið í vísitasíum kirkjunnar frá árunum 1687 (vísitasíu Jóns Vigfússonar biskups, sem tekur upp orð vísitasíu Þorláks 1631)<sup>291</sup>, 1694<sup>292</sup> og 1715<sup>293</sup> en í þeim tveimur síðustu er Íshóll sagður heimaland.

Íshóll er meðal jarða Laufáskirkju og byggður úr landi kirkjunnar samkvæmt vísitasíu Björns Þorleifssonar biskups frá 21. maí 1701.<sup>294</sup> Hann er talinn til heimalanda Laufáss í skilum séra Geirs Markússonar á tekjum kirkjunnar frá 2. september 1730 en þá virðist Íshóll hafa legið í eyði því að engin landskuld galst af jörðinni það árið.<sup>295</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi, er ná yfir tímabilið febrúar 1723–febrúar 1724, er Íshóll talinn meðal afbýla Laufáss:

Ishóll i Eide það ár galdst echert af .<sup>296</sup>

Í vísitasíu Laufáskirkju frá 1760 eru talin upp skjöl sem tilheyra kirkjunni og Laufásbæ. Meðal þess, sem minnst er á, er lögfesta fyrir Íshóli frá 1743.<sup>297</sup>

Í greinargerð séra Stefáns Halldórssonar um Laufásprestakall frá 1795 segir að síðastliðið vor hafi loksins tekist að byggja Íshól eftir að hann hafi staðið undanfarin tólf ár í eyði.<sup>298</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 13. maí 1799 var Laufáskirkjujörðin Íshóll árangurslaust boðin upp til ábýlis næstkomandi fardagaár en án árangurs. Aftur var hún árangurslaust boðin upp á manntalsþingi á Hálsi þremur dögum síðar.<sup>299</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hefur þetta um Íshól:

Jarðardýrleiki v hndr., eftir því sem kotið tíundast presti og fátækum.

Eigandinn beneficium Laufás, og er þetta kallað heimaland þess staðar, en liggur þó þaðan undir hálfra aðra þingmannaleið.<sup>300</sup>

Síðar segir í Jarðabókinni að úthagarnir séu miklir og góðir.<sup>301</sup>

Kirkjujörðin Íshóll tilheyrir Laufási samkvæmt jarðamatinu 1804 og er sögð 5 hundruð. Þar kemur einnig fram að sandfok ógni úthögum.<sup>302</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Íshól. Þar kemur m.a. fram:

<sup>290</sup> Skjal nr. 2 (69) a-b.

<sup>291</sup> Skjal nr. 2 (73) a-b.

<sup>292</sup> Skjal nr. 2 (74) a-b.

<sup>293</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>294</sup> Skjal nr. 2 (59) a-b.

<sup>295</sup> Skjal nr. 2 (60) a-b. Íshóll er talinn til heimalanda kirkjunnar í greinargerð um Laufásprestakall frá 1782, sbr. skjal nr. 2 (61) a-b.

<sup>296</sup> Skjal nr. 2 (121) a-b.

<sup>297</sup> Skjal nr. 2 (84) a-b.

<sup>298</sup> Skjal nr. 2 (62) a-b.

<sup>299</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.14).

<sup>300</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 143.

<sup>301</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 144.

<sup>302</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

Íshóll heimastaðarland frá Laufási. ... Landrými mikið, málnyta ljeleg, til kosta má telja afrettar part, til lítils aflags og hrossa haga. Okostir hættur í vestalagi og ágangur af afrettarfje; ...<sup>303</sup>

Eftirfarandi er sagt um Íshól í lýsingu Eyjardalsár- og Lundarbrekkusókna árið 1840:

Íshóll er 5 hundruð. Þar er landgott og slægjur nokkrar en vetrarhart og hætt við landskemmdum af sandfoki á vetrum.<sup>304</sup>

Jón Benediktsson á Stóruvöllum skrifaði Birni Halldórssyni prófasti í Laufási 23. janúar 1874 um hvort hann vildi hafa jarðaskipti á Heiðarhúsum og Íshóli. Í bréfi Jóns segir:

Eins og yður er kunnugt, þá liggur Laufáskirkju umboðsjörð yðar Íshóll, innst allra jarða hjer í Bárðardal, við afrettarlönd okkar bårdælinga. En af því þessi afrettarlönd eyðileggjast árlega, af sandfoki, þá er hjer, að verða hinn mesti skortur á sumarhögum, fyrir gjeldfenað vorn. Líka höfum við opt óhagræði af ábúðinni á Íshóli með það, hvað afrettarfje okkar styggist úr sínum högum, sem náttúrulegt er; og rennur fyrir það til byggða út í sveitina.<sup>305</sup>

Hann vonaðist til að prófasti þætti jarðaskiptin hagkvæm fyrir prestakallið og segir að Heiðarhús séu meiri og miklu vissari eign en Íshóll sem árlega gangi af sér af völdum náttúrunnar eins og „afrettarlönd“ Bárðælinga. Prófastur skrifaði stiftsyfirvöldum 7. mars 1874 og mælti með jarðaskiptunum enda taldi hann að þau myndu hvorki verða Laufáskirkju til rýrðar eða óhagnaðar. Hann taldi Heiðarhús betra land eða í það minnsta vissara jarðnæði og væri að öllum líkindum miklu óhættara en Íshólslandi við því að eyðast og verða óbyggilegt af náttúrunnar völdum. Einnig benti prestur á að til óhagræðis væri að Íshóll væri í þrefalt meiri fjarlægð frá Laufási en Heiðarhús.

Í bréfi stiftsyfirvalda til landshöfðingja, frá 16. september 1874, samþykkja stiftsyfirvöld fyrir sitt leyti makaskipti á Laufáskirkjújörðinni Íshóli og Heiðarhúsum.<sup>306</sup>

Íshóll fór í eyði árið 1897.<sup>307</sup> Jörðin var seld Ljósavatnshreppi 4. júní sama ár.<sup>308</sup>

Mörkum Íshólslands er lýst í „skrá yfir Afréttarlönd suður af Bárðardal vestan Skjálfandafljóts“ sem oddviti í Ljósavatnshreppi gerði í umboði hreppsnefndarinnar 23. mars 1904 og var þinglesin sama ár. (Skráin í heild sinni er í kafla 5.24.3):

B. *Ishólsland.* (eign Ljósavatnshrepps) Takmörkin eru: Að austan: frá hólmanum í Ishólsvatni að Rangárósi, þá Rangá að línu þeirri sem liggur frá

<sup>303</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>304</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 101.

<sup>305</sup> Skjal nr. 2 (181) a-c.

<sup>306</sup> Skjal 2(191) a-b.

<sup>307</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 268.

<sup>308</sup> Skjal nr. 4 (47).



Galthól að Sjónarhól á Mjóadal sem er merkjalína að sunnan. Að vestan ræður Mjóadals á frá sjónarhól að merkjalínunni milli Íshóls og Litlutungu, að Norðan ræður Merkjalínan, sem talin er að sunnan í Litlutungu landamerkjum.<sup>309</sup>

Lögð hafa verið fram skjöl varðandi Íshól og Mjóadal sameiginlega vegna greiðslu lambsfóðra (prestslamba) af þessum eyðijörðum, sem prestur kallaði eftir um aldamótin 1900, en hreppsnefnd Ljósavatnshrepps færðist undan að greiða.<sup>310</sup>

Einnig hafa verið lögð fram skjöl varðandi leigu hreppsnefndar Bárðardalshrepps á Íshólstúni til slægna árið 1912<sup>311</sup> og tolla fyrir sauðfé og hross utansveitarmanna á Íshóli og Mjóadal árið 1919.<sup>312</sup> Ákvað hreppsnefndin gjald fyrir sumargöngu hrossa og vetrarheit, sumar- og vorbeit sauðfjár og naut í nauthaga.

## 5.20 Mjóidalur

Mjóidalur er sagður byggður árið 1812, þar sem áður var hið forna Mjóadalskot, sem nefnt er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.<sup>313</sup> Þar stendur:

Mjóidalur kallast eitt dalland sem liggur fram frá Mýri og er almennings afrijetur Bárðardalshrepps fyrir vestan fljótið út að Djúpá, so sem sómast, hefur og brúkast til uppreksturs fyrir lömb og geldfje. Þessi almennigur tekur alt austur í Skjálfandafljót fyrir framan bygðina so langt á fjall suður sem grös eru, og er þetta furðu víðátta.

Króksdalur, sem nú kallast Smiðjuskógur, hefur áður verið eignaður Ljósavatni, en ekki notið þess so menn viti. Þessi dalur liggur í nefndum almenningi.

Mioadalskot og Holkot kallast tvö eyðiból á Mjóadal fyrir vestan ána, og sjást enn nokkur byggíngarmerki á báðum þeim, bæði tóftarústa og túngarða. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi og so fjarska við bygðina.<sup>314</sup>

Um Mjóadal segir í lýsingu Eyjardalsár- og Lundarbrekkusókna árið 1840:

Í Mjóadalnum, sem suður af Mýri liggur upp til landsins, stendur bærinn Mjóidalur, áður nefndur Mjóadalskot, hér um bil mílu sunnar en Mýri og er hjáleiga frá Mýri. Þar er landgott og víðslægt en frammar vetrarhart.

Í Jarðatali J. Johnsens frá 1847 segir svo um Mýri:

Hjá A.M., 1805 og nú hjá sýslumanni er jörð þessi talin 16 h. að dýrleika, og segir sýslumaður, að Mjófidalur (sem eigi er getið í jarðabókunum), sé afbýli

<sup>309</sup> Skjal nr. 4 (80) a-b.

<sup>310</sup> Skjöl nr. 33 (1-4).

<sup>311</sup> Skjal nr. 33 (6).

<sup>312</sup> Skjal nr. 33 (7).

<sup>313</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 100.

<sup>314</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 142. Sjá einnig Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 220.

frá Mýri, ómetið til dýrleika, og telur þar 1 kúg., en A.M. telur eyðihjáleiguna Hátún með Mýri.

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Mjóadal. Þar kemur m.a. fram:

Mjóidalur bygður úr Mýrar landi fyrir 36 árum en ómetin. ... Eingi á þurru helst af laufi, meiri partur lángsóktur og óviss, þar uppi er að blása eingi og hagbeit, ... landrými er sæmilegt og landkostir til málnytu og þrifa í betra lagi, ...<sup>315</sup>

Í Nýrri jarðabók fyrir Ísland 1861 er Mjóidalur metinn sér til dýrleika, sagður 6 hundruð forn og 9,9 ný.<sup>316</sup>

Haldið var opinbert uppboðsþing að Ljósavatni 21. maí 1880. Þar var jörðin Mjóidalur í Ljósavatnshreppi tilheyrandi dánarbúi Jóns Jónssonar seld hæstbjóðanda, Kristjáni Jónssyni á Úlfsbæ.<sup>317</sup>

Þann 8. maí 1897 var útbúið landamerkjabréf fyrir Mjóadal. Því var þinglýst 29. júní sama ár:

Að austan skilur Mjóadalsá lönd Mjóadals og Íshóls. Að sunnan skilur Tungufellsá, svo Þvergil og síðast bein stefna úr því vestur á hágrjót, Mjóadalsland og almenning. Þaðan liggja svo merkin norður háfjallið, eptir því sem vatnsföll deila sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár, sem að norðan skilur lönd Mjóadals og Mýrar.<sup>318</sup>

Kristján Jónsson handsalaði landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Ingjaldssyni eiganda 2/3 hluta Mýrar, Jóni Jónssyni ábúanda Mýrar og Karli E. Friðrikssyni vegna eiganda Íshóls.

Mjóidalur fór í eyði árið 1894.<sup>319</sup> Jörðin var seld Ljósavatnshreppi 4. júní 1897 eða um leið og Íshóll.<sup>320</sup> Seljandi var Kristján Jónsson á Úlfsbæ í sama hreppi. Jörðin var sögð 9,9 hndr. að nýju mati. Engin hús fylgdu eða kúgildi, aðeins seld landeign jarðarinnar. Var tekið fram að seljanda bæri að annast um og afhenda löggilda merkjaskrá fyrir landeigninni innan loka júnímánaðar 1898.<sup>321</sup>

Mörkum Mjóadalslands er lýst í „skrá yfir Afréttarlönd suður af Bárðardal vestan Skjálfandafljóts“ sem oddviti í Ljósavatnshreppi gerði í umboði hreppsnefndarinnar 23. mars 1904 og var þinglesin sama ár. ((Skráin í heild sinni er í kafla 5.24.3):

C. *Mjóadalsland* (eign Ljósavatnshrepps). Takmörk þess eru: Að austan er Mjóadalsá frá syðri Bótará að Tungufellsá. Að sunnan ræður Tungufellsá að Þvergili, þá ræður Þvergil uns það þrýtur. Að vestan ræður bein stefna vestan

<sup>315</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>316</sup> Skjal nr. 4 (23).

<sup>317</sup> Skjal nr. 2 (207).

<sup>318</sup> Skjal nr. 2 (16) a-b.

<sup>319</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 268.

<sup>320</sup> Skjal nr. 4 (46).

<sup>321</sup> Skjal nr. 4 (84).

við öll drög er liggja að Lambám og Grjótá að botni Syðri Botará [upphaflega skrifað: Botnár]. Að Norðan ræður syðri Botará [upphaflega skrifað: Botná] að ósi hennar.<sup>322</sup>

## 5.21 Hjaltadalur ásamt Kambfellskjálka og Timburvöllum

Hjaltadalur er talinn í skrá yfir eignir Munkaþverárklosturs árið 1446.<sup>323</sup>

Í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar (1461–1510) kemur fram að Munkaþverárklostur eigi í Fnjóskadal:

hialltadal oc sollastade med badum dolunum.<sup>324</sup>

Í Sigurðarregistri, sem byrjað var að skrá 1525, er minnst á að Hjaltadalur sé eign Munkaþverárklosturs.<sup>325</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir Hjaltadal 20 hundruð að dýrleika, grasatekju litla og úthagana bjarglega og búgóða.<sup>326</sup> Þá er Kambfells getið sem örnefni á Hjaltadal en þar segir:

Kambfell heitir örnefni á Hjaltadal hinumegin árinna. Það eru munnmæli að þar hafi byggð verið í fyrndinni. Engin sjást þess nú <merki>, nema fáeinar tóftaleifar ekki ólíkar fornu bæjarstæði. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er komið í skriðu, en heyskapur enginn.<sup>327</sup>

Í jarðabók Munkaþverárklosturs frá 1760 kemur fram að Kambfell er eyðihjáleiga Hjaltadals.<sup>328</sup>

Munkaþverárklostursjörðin Hjaltadalur er sögð 18 hundruð í jarðamatinu 1804 en einnig er nefnt að í jarðabókinni sé hún metin á 20 hundruð. Árstekjur af „afrétt“ eru 1 ríkisdalur og 32 skildingar. Einnig er nefnt í matinu að skriður skemmi úthaga.<sup>329</sup> Jörðin Kambfell, Munkaþverárklostursjörð er í matinu sögð 7 hundruð. Búskapur hafi hafist þar fyrir fimm árum. Í matinu kemur einnig fram að skriður falli á úthaga.<sup>330</sup>

Sveinn Sölvason lögmaður og Munkaþverárklosturshaldari gaf Jóni Péturssyni á Reykjum leyfi fyrir heyskap á Timburvalladal 24. júní 1773. Í leyfinu segir hann hafa orðið þess áskynja að einhverjir af klausturlandsetunum brúki slægjur og heytak á Timburvalladal sem liggja fram úr Fnjóskadal. Þar sem hann viti ekki til þess að Timburvalladalur tilheyri nokkurri annarri jörðu heldur einungis Munkaþverárklostri þá leyfi hann Jóni á Reykjum að slá og heyja þar upp á nokkra

<sup>322</sup> Skjal nr. 4 (80) a-b.

<sup>323</sup> Skjal nr. 2 (99).

<sup>324</sup> Skjal nr. 2 (102).

<sup>325</sup> Skjal nr. 2 (114).

<sup>326</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 86.

<sup>327</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 86.

<sup>328</sup> Skjal nr. 2 (136).

<sup>329</sup> Skjal nr. 2 (37) a-b.

<sup>330</sup> Skjal nr. 2 (37) a-b.

hesta. Leyfi þetta gefi Jóni þó ekki heimild til þess að banna öðrum nauðstöddum landsetum Munkaþverárklosturs að gera slíkt hið sama eftir tiltölu.<sup>331</sup>

Þórður Björnsson sýslumaður var staddur á Kambfelli 4. september 1804 ásamt sex bændum úr sveitinni til þess að verðleggja jörðina til tíundar- og skuldaútsvars en hún hafði verið byggð á fimmta ár eftir að hafa legið í eyði meira en öld. Viðstaddir voru einnig prestur og hreppstjóri sem fjárhaldsmenn hluta af tíundargreiðslunum. Á jörðinni, sem tilheyrði Munkaþverárklostri, var ekkert afgirt tún og aðeins lítill hluti, u.þ.b. dagsláttur að stærð, í kringum húsin hafði verið sleginn og hafði gefið 10 bagga heys að sögn ábúanda. Túnstæði, sem rækta mætti með tíð og tíma, var nokkurn veginn slétt og lá ekki óhentuglega. Jarðvegurinn var hins vegar hörð og blönduð leirjörð sem þarfnaðist mikils og góðs áburðar til þess að þar sprytti gras. Því næst skoðuðu þeir engjarnark og útheyskap Kambfells um allt það svæði sem jörðin náði til. Vestan undir hnjúk þeim sem býlið stóð undir, u.þ.b. fjórðung þingmannaleiðar fram til fjalls frá bænum, fundu þeir mýrlendi, Sláttugilsmyrar kallað, sem notað var og nota mætti til slægna en í meðal grasári fengjust þar 15 hestar af heyi. Annað engi var ekki að fá þeim megin hnjúksins en austan við hann og í honum utanverðum fékkst ekki annað slægjuland en nokkrar lágar, jarðgeirar og bollar sem reittir voru innan um víði og grjót. Þaðan var ekki að fá nema lítið á hverjum stað enda bæði slitrótt, örðugt og langsótt en samanlagt gerði það þó 9-10 hríshesta í meðalgrasári. Í því landi, sem Kambfelli yrði lagt til og afmarkaðist að vestanverðu af Hjaltadalsá en að austan af Timburvallaá, var ekki annan heyskap að finna en þegar var getið. Meðan kotið lá í eyði var landið notað til „afréttar“. Önnur hlunnindi jarðarinnar voru nokkur grasatekja á báðum dölunum, sæmleg útibeit á vetrum og landgæði til búsmala en torfrista er sögð ill.

Það var álit skoðunarmanna að jörðin eins og henni var lýst gæfi ekki af sér meira hey en fóður fyrir 18 ær og 1 hest en ekki veitti af a.m.k. 3 hestum til þess að geta nýtt sér hinn örðuga og léttvæga heyskap. Þeir töldu því athugandi hvort ekki væri hægt að leggja jörðinni til heyskap eða engjaitak af nærliggjandi jörðum. Fram kom að á Timburvalladal, austan við ána, lögju mýrar sem notaðar hafi verið til slægna, oftast af ábúendum næstu jarðar, þ.e. klausturjörðinni Sörlastöðum. Þó að enginn hafi átalíð umrædd not þá töldu menn að mýrarnar tilheyrðu ekki Sörlastöðum. Þær væru hins vegar svo víðáttumiklar að ábúandi Sörlastaða áleit sér skaðlaust að gefa eftir þriðjung þeirra, þ.e. þann hluta sem syðstur lægi. Þetta töldu skoðunarmennirnir nauðsynlegt að legðist Kambfelli til slægna en með því myndi ábúandinn ávallt fá rúma 20 hesta af nytgæfu heyi í meðalgrasári þó í fen og um langan veg væri að sækja. Þeir úthlutuðu því Kambfelli þessu engjaplássu árlega til slægna hér eftir en geymdu þó Sörlastöðum rétt þeirra ef nefnt engjarnark kæmi til

<sup>331</sup> Skjal nr. 2 (32) a-b. Sveinn Sölvason hélt Munkaþverárklostur frá 1759 og til dauðadags 6. ágúst 1782, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* IV, bls. 377.

með að reynast vera innan takmarka þeirra. Sameiginleg ályktun og verðlagning var svohljóðandi:

Klaustur Jördunni Kambfelli skal hér epter tilheyra það Land sem liggur i Tungu þeirri er bærenn stendur i, og afmarkast af Hialltadalsá ad vestan, og Tymburvallna á ad austan, allt til þess þær renna samann ad nordannverdu. Skal þetta land fylgja Kambfelli, þess ábúanda til allra löglegra nytja, framm til mela og hér ad auki þridjungur ofannnefndra myra fyrer austann Tymburvallna á til Slægna, epter ádursogdum Skilmálum, og soleides er Jördenn Kambfell taxerud af oss fyrer Sjö hundrud til Tyunda afgangds, enn Landskuld svarest af henni hérepter 2rdr Courant. Enn kúgilldi synest epter framann upplystu ófært ad setja ad so stöddu [ad-stöddu, ofan línu] sokum Heyskaparleises. Enn skyllde ofannnefndur Eingjapartur austann framm á Dalnum ecki géta tilheýrt Jördunni, þá gangi nidur virding hennar til Tyundar um Tvö hundrud og landskuld epter tiltölu.<sup>332</sup>

Að endingu krafðist ábúandi Sörlastaða þess að gripir sínir mættu óhindraðir njóta göngu fyrir vestan Timburvallaa í hinu nýúthlutaða Kambfellslandi eins og tíðkast hafði fram til þessa. Það þótti sanngjarnt svo lengi sem heyskapur Kambfellsábúanda skemmdist ekki við það sem þótti ólíklegt því að landið var svo víðáttumikið.

Þann 16. júlí 1819 var Þórður Björnsson sýslumaður til staðar í Hjaltadal að beiðni ábúenda Munkaþverárklosturjarðanna Hjaltadals og Tungu til þess að álíta landbrot og skemmdir sem Hjaltadalur og nærliggjandi eyðikot Kambfell urðu fyrir í stórríngingum þann 11. júlí 1818. Ábúendur vildu fá afgangd jarðanna lækkuð í samræmi við rýrnun landgæða. Sýslumaður útnefndi álitsmenn og var riðið á landið undir leiðsögn Árna Dínussonar í Hjaltadal. Staðháttum lýstu þeir þannig:

Mestallt land sem tilheyrir Jördunne Hjaltadal, liggur sudur frá bæ, frammeptir einsnefndum Dal, fyrir vestann ána. Þetta land, sem liggur i brattri Fjallshlýd, hefir leingi ad undanfögnu vered Skridum og jarnnámi underped, sem nóg síást merki til; enn sjerilagi hafa þar, ofann ummgétenn Dag, framhlauped 12 Skridur, stærri og minni, flestar frá Fjallsbrún og ofanná Undirlendi, edur ofann í á, hvörjar burtteked hafa það lited af Slægjulandi, sem fannst i þessu takmarki, enn sjerilagi mikid hagbeitar land, sem ádur var notad fyrir Bús mala frá Hjaltadal, bæde Sumar og Vetur. Hjer greint land liggur á milli bæarins, og sokalladra Stífluhóla; enn fyrer framann nefnda hóla, hvar einkanlegast var Hjalltadal tilheyrande land fyrir Afréttarpening, líka til nockurrar grasatekju, má mestöll fjallshlíðinn, fyrer vestann ána, fram til mela, segjast kominn i grjótskridur og Jarðföll, enn Undirlendi i aur, grjót og Sand, ad undanteknum litlum Jarðgeirum og Laufstofum, sem epter standa hjer og þar. Epter Hjaltadals ábúanda Sögn, sem af kunnigum meinast

<sup>332</sup> Skjal nr. 2 (141) a-b.

sannferdug, gjörer túnid þar, í medal-grasári 1 ½ kyrfódur af Tödu, enn úteingi allt 30 til 40 hesta heýs.<sup>333</sup>

Álitsmenn vissu af snjóflóði sem hafði fallið á Hjaltadal árið 1738 og eyðilaggt tún og land, brotið bæinn og banað fólk og gripum. Það hafi orðið til þess að landskuldin var lækkuð um helming, þ.e. í 60 álnir, sem sé of hátt miðað við núverandi ástand jarðarinnar.

Skemmdirnar höfðu valdið því að Kambfell, sem átti land á austanverðum Hjaltadal, lagðist í eyði vorið áður. Ástandi jarðarinnar lýstu álitsmenn þannig:

Tún skjækillenn, umm kríng kofana, hefir á nærstu árum, géfid af sjer allt ad 20 böggum heýs, enn örskammt fyrir sunnan hann hafa falled í fyrra 2ær stórar Skridur, nærfeldt hvör vid adra, frá Fjallsbrún ofann ad á, hvörra hin ytri tók af grundarpart, ádur notadann til heyreitings; auk þessara tók sig upp Skrida, ofarlega í Fjallinu, sem stefndi á bær kofana, enn standsade í fiallshlíðinni; þó faeinar Skridur hafi falled frammepter eýstri Dals hlíðinni, allt ad móts vid Stífluhóla, taka þær egenlega þar til, því fyrer framann þá er so ad segja gjörvallur Jardvegur í hlýðinni frammhlaupinn, og af þeim Landbrotum hreint aftekinn sá litli heýskapur, sem kotinu tilheyrdi á sokölludum Sláttugilsmyrum, og ad ödru leyti beitar- og Afréttar-land þar frammfrá enn í austannverdum Kambfells hnjúk hafa ecki stór felldar Skridur falled.<sup>334</sup>

Ólíklegt var talið að þær skemmdir, sem landbrotin höfðu valdið, myndu ganga aftur í nálægri framtíð. Einnig töldu álitsmenn ólíklegt að kotið Kambfell myndi nokkurn tíma byggjast upp aftur svo gagn væri að. Ábúandi Hjaltadals, sem hafði nýtt land Kambfells síðan það lagðist í eyði, óskaði að það yrði lagt til Hjaltadals og sú ráðstöfun yrði varanleg en fyrir það væri hann reiðubúinn að greiða 70 álna leigu.

Það var sameiginleg niðurstaða álitsmanna að skaðann, sem Hjaltadalur hafði orðið fyrir, mætti meta til 20 álna sem væri þriðjungur af landskuld jarðarinnar. Einnig töldu þeir að 50 álnir væru of há leiga fyrir Hjaltadal jafnvel þó að land Kambfells legðist til. Því það sem væri jörðinni helst til ágætis, nefnilega landið á dalnum fyrir framan, væri að mestu tapað fyrir búpening og geldfé og gæfi ekki sumarhaga fyrir meiri „afréttarpening“ en um 200 lamba og kinda eftir venjulegri tiltölu, auk bóndans kvíffjár.

Útdráttur úr úttektabók vesturhluta Munkaþverárklaustursjarða var lagður fram í aukarétti að Grund í Eyjafirði 26. janúar 1825 og vitnar Gunnlaugur Briem sýslumaður að uppskriftin sé samhljóða frumritinu. Úttektin fór fram 10.-11. september 1824 og aftan við skoðunargerð er getið eigna sem ekki komu fram í

<sup>333</sup> Skjal nr. 2 (145) a-b.

<sup>334</sup> Skjal nr. 2 (145) a-b.

úttektinni sökum fjarlægðar þeirra frá klaustrinu. Þar á meðal er eyðijörðin Kambfell í Fnjóskadal með tilheyrandi „afrétt“.<sup>335</sup>

Björn Jónsson, umboðsmaður vesturhluta Munkaþverárklosturs, byggði Árna Dínussyni Hjaltadal ásamt eyðijörðinni Kambfelli og undirliggjandi „afrétt“ með byggingarbréfi dagsettu 30. mars 1825.<sup>336</sup>

Sigurður Árnason, prestur á Hálsi segir í sóknalýsingu sinni árið 1839:

Fram af Fnjóskadal liggja til öræfa þrír afdalir sem fjöll aðskilja, eins og kortið sýnir. Hinn austasti er hér um 2/3, miðdalurinn ca. ½ og sá vestasti full mæling þingmannaleiðar. Þeir eru hafðir fyrir afréttarlönd geldfjár og næst byggðum fyrir búsmala.

Milli austari dalanna stendur hátt fjall, Kambfellsnjúkur nefnt. Stóð þar fyrir skömmu norðvestan undir kot eitt að nafni Kambfell, sem eyðilagðist vegna skriðufalla á tún og engi. ...

Miðdalurinn, Hjaltadalur, heyrir og til einsnefndri sama klosturs [Munkaþverár] jörð, en Timburvalladalur, sá austasti, Sörlastöðum að austanverðu, en að vestan fyrrum Kambfelli, sem nú er lagt undir Hjaltadal.<sup>337</sup>

Á manntalsþingi á Hálsi 22. maí 1846 var lesin upp skoðunargjörð um hvað margt fé mætti að skaðlausu taka í „Hjaltadalsafrétt“. Inntaks er ekki getið að öðru leyti en því að fjöldinn, sem álitíð var að hægt væri að taka, var 1.200 fjár.<sup>338</sup>

Jarðamatið 1849-1850 segir Hálshrepp mega kallast sjálffæran að „afréttarlandi“ og jörðunum innst í dalnum, Sörlastöðum og Hjaltadal, talið „afréttarland“ til kosta.<sup>339</sup> Sörlastaðir eru sagðir hafa „afréttarhlunnindi“ en um Hjaltadal er eftirfarandi:

landrými mikið og geldfjár upprekstur til góðra hlunninda.

Einnig segir um Hjaltadal í jarðamatinu 1849-1850:

Hjaltadalur nú 20 hndr ad dyrleika. ... Eingi ad meiraparti lángsokt, lika slitrótt, meira á þurru, og sæmilega heýgott og vídatta talsverd. Landkostir til allra afnota i medallagi; landrými mikid og geldfjár upprekstur til góðra hlunninda. ...<sup>340</sup>

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir Kambfell hafa staðið austan Hjaltadalsár, beint móti Hjaltadalsbæ. Byggð hafi hafist þar að nýju á seinni hluta 18. aldar og vitað fyrir vísit um þrjá bændur, sem þar bjuggu. Árið 1818 gerði ægilegar úrkomur með fádæma skriðuföllum í framdölum. Kambfellsbóndi gekk upp í fjallið og sá sprungu í brúninni yfir bænum og flýði jörðina næsta vor. Síðan hafi ekki verið búið þar. Jón nefnir

<sup>335</sup> Skjal nr. 2 (128), sbr. skjal nr. 2 (192) a-b.

<sup>336</sup> Skjal nr. 2 (137).

<sup>337</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 54.

<sup>338</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.39).

<sup>339</sup> Skjal nr. 2 (39).

<sup>340</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

einnig tvö selstæði Kambfellsmeigin í Hjaltadal, Bjarnarsel, skammt fyrir sunnan Kambfell, og Smáhólasel, sem sé nokkru norðar en Stífluhólar austan ár. Engar sagnir fylgi þessum tóftum.<sup>341</sup>

Einnig segir Jón Sigurðsson í Yztafelli Timburvallabæ hafa staðið sunnanvert undir norðurhyrnu Kambfells, og jörðina hafa verið stóra og landrúma. Árið 1868 hafi verið byggður þar bær, en byggðin aðeins staðið fá ár.<sup>342</sup> Hann segir engar sagnir um eyðibýli innar á Timburvalladal vestan ár, en utar hafi verið Tungufell, austan undir norðurhala Kambfells. Þar sjái glögg til bæjartóttu og vallargarðs, en enginn viti, á hvaða öld byggt var.<sup>343</sup>

Mál Jóns Gunnlaugssonar á Sörlastöðum og Ara Sæmundssonar klausturhaldara á Munkaþverá, vegna klausturjarðarinnar Hjaltadals, fór fyrir sáttanefnd á Akureyri 3. október 1860. Sættum var komið á og lofaði Jón á Sörlastöðum m.a. að hann skyldi sleppa öllu tilkalli til landsins vestan Timburvalladalsár. Nánari umfjöllun er að finna um málið í kafla 5.15 um Sörlastaði.<sup>344</sup>

Ráðist var í að semja lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklausturs í Hálshreppi og er hún dagsett 1. maí 1878. Í lýsingu Hjaltadals segir að heima sé lítið en grasgott engi. Hins vegar sé fram á „Hjaltadalsafrétt“ hafður og megi hafa töluverðan heyskap en mjög erfitt sé að sækja hann þangað vegna fjarlægðar. Landrými er mikið fram til dala og töluvert „afréttarland“ fylgir jörðinni. Vetrarþeir er góð í góðum árum en í harðindavetrum er mjög snjóþungt og vorhart.<sup>345</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hjaltadal var útbúið 16. janúar 1883. Því var þinglýst 18. júní 1884 án mótmæla:

Að austan ræður Timburvallaá.

Að norðan merkjagarður, er liggur miðja vegu milli Snæbjarnarstaða og Hjaltadals.

Að vestan ræður Fjallið.

Að sunnan eru Öraefi.<sup>346</sup>

Stephan Stephensen umboðsmaður skrifaði undir landamerkjabréfið. Sigurgeir Hallgrímsson og Benedikt Sigurðsson í Hjaltadal skrifuðu undir 21. febrúar 1883 sem og Bjarni Davíðsson á Snæbjarnarstöðum og S. Bergvinsson á Sörlastöðum.

Benedikt Sigurðsson ábúandi í Hjaltadal skrifaði sýslumanni 3. apríl 1891 og óskaði eftir að fá ábýlisjörð sína keypta. Hann bað sýslumann ennfremur um að afla

<sup>341</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 153.

<sup>342</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 134.

<sup>343</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 154.

<sup>344</sup> Skjal nr. 2 (132).

<sup>345</sup> Skjal nr. 2 (133).

<sup>346</sup> Skjal nr. 2 (9) a-b.



álits umboðsmanns jarðarinnar. Í lýsingu jarðarinnar, sem gerð var 6. júní 1891, kemur m.a. eftirfarandi fram:

Jörðin á afrjettarland fyrir 1200 fjár, innan um það eru aðalslægjur jarðarinnar, reitingssamar og fjarlæggar; en með nægum vinnukrafti má fá af þeim 140 hesta af heyji árlega. Búfjárhagar eru nægjir, en lyggja ásamt afrjettarlandi fyrir skémdum af skriðuföllum og snjóflóðum. Útbeit er kjarngóð, þegar til hennar nær, en notast opt illa fyrir stórviðrum, sem líka valda skémdum á þökum og veggjum á húsum jarðarinnar; einnig miklum uppblástri á landi hennar, einkum því er næst lyggur túni.<sup>347</sup>

Stephan Stephensen umboðsmaður Munkaþverárklosturs skrifaði sýslumanni 16. maí 1891 og lýsti þeim jörðum sem ábúendur Munkaþverárklostursjarða höfðu óskað eftir að kaupa. Þar kemur m.a. fram að Hjaltadalur hafi óþrjótandi land og miklar slægjur en sumar séu í fjarska.<sup>348</sup> Ekki varð af sölunni að því sinni.

Vegna fyrirhugaðrar sölu eyðijarðarinnar Hjaltadals fór fram virðing á henni þann 13. mars 1911. Virðingarmenn segja að flest bendi til þess að jörðin leggist endanlega í eyði enda sé leitað kaups á jörðinni með það eitt fyrir augum að Hálshreppur fái umráð þess „afréttarlands“ sem henni fylgi. Fram kemur að jörðin hafi verið í eyði síðastliðin þrjú ár en fyrsta árið hafi nytjar hennar verið leigðar en síðastliðin tvö ár hafi Hálshreppur haft jarðarnytjarnar á leigu. Öll þrjú árin, sem jörðin hefur legið í eyði, var reynt að útvega ábúendur en án árangurs og er ástæðan sögð lega jarðarinnar og margskonar erfiðleikar en þar er m.a. óhemju veðrasamt. Í virðingargerðinni segir ennfremur:

Jörð þessi liggur innst í Fnjóskadalnum og gengur þar inn af afréttardalur, samnefndur henni, og líka heyrir henni til Timburvalladalur vestan megin, sem er afréttardalur austan við Hjaltadalinn. Landrými er þannig geysimikið, og sauðland gott. Heyskap hefir og verið hægt að fá all mikinn með því að sækja hann afar langt, inn alla afréttina.<sup>349</sup>

Um framtíðarafnot jarðarinnar segja virðingarmenn að ekki verði annað séð en þau verði sáralítill önnur en upprekstur sauðfjár í „afréttina“ vegna þess hversu afskekkt jörðin er. Það séu aðeins tvær nálægustu jarðirnar, Snæbjarnarstaðir og Sörlastaðir, sem hugsanlega geti notað slægjurnar og beitina þar. Það hafi líka verið gert undanfarin tvö ár en ástæðan er tvíbýli á Sörlastöðum sem veldur því að sú jörð er fullsetin. Þar sem annað býlið muni leggjast af í vor telja þeir litla þörf fyrir slægju- eða beitarnytjar af Hjaltadalslandi enda rýrni túnnytjar fljótt, fari í órækt og eyðist af „afréttarfé“. Upprekstur fjár í Hjaltadalsland telja þeir, með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára, um 15 hundruð árlega. Þriggja ára gjald sé tekið fyrir hverja kind

<sup>347</sup> Skjal nr. 2 (187).

<sup>348</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>349</sup> Skjal nr. 2 (174).

en að frádregnum kostnaði við „afréttarumsjón“, grenjapössun, fyrirstöðu o.s.frv. eru árlegar tekjur af landinu í hæsta lagi 30 kr.

Virðingargerðin var send Pétri Jónssyni á Gautlöndum umboðsmanni Norðursýslujarða og er umsögn hans dagsett 22. desember 1911. Þar kemur m.a. fram þegar hreppsnefnd Hálshrepps fékk Hjaltadal með núverandi leigumála 1909 þá hafi hreppsnefnd annars hrepps sótt um jörðina með sama afgangi. Umboðsmaður er ósammála virðingarmönnum um þá upphæð sem þeir verðlögðu Hjaltadal á. Hann segir að vissulega séu tún og heimaengi jarðarinnar, sem full þörf væri á að nota frá næstu jörðum, mjög heyskaparlítill. Ef hins vegar væri sett „afréttargirðing“ sunnan við tún Hjaltadals, sem ekki væri vanþörf á fyrir nærliggjandi jarðir og svaraði vel kostnaði, mætti viðhalda túni og engjum til slægna. Einnig liggja þrjár dalkjálkar fram nyrst í landi Hjaltadals og sé sjaldgæft að ekki sé góð vetrararbeit á einhverjum þeirra sem gæti nýst nærliggjandi jörðum. Loks séu slægjur suður í landinu þar sem „afréttarfé“ gangi, sem nota mætti að einhverju leyti frá öðrum jörðum og séu þær engu meira verðar nú fyrir afréttarfé en verið hafi þegar þær hafa verið mikið notaðar. Umboðsmaður bendir á þó svo að þeir, sem næstir búa, geti haft mikilsverð not af Hjaltadal sé það ekki trygging fyrir því að þeir vilji borga raunvirði þeirra þar sem þeir eru einir um hituna. Hann segist ekki sjá neitt verulega athugavert við það þó sveitarfélagið fái jörðina með góðum kjörum þar sem „afréttarlandið“ sé best komið í höndum þess.

Pétur umboðsmaður gefur einnig umsögn um Snæbjarnarstaði og telur verið full lágt hjá virðingarmönnum. Hann segir að virðingarmennirnir bendi á ágang „afréttarfjár“ en tiltölulega auðvelt sé með samtökum að stífla þann ágang með „afréttargirðingu“. Yrði það gert hefðu Snæbjarnarstaðir þægilegan aðgang að gripahaga, vetrararbeit og slægjum í Hjaltadalslandi norðan við umrædda girðingu.

Stjórnarráði seldi Hálshreppi Hjaltadal og er afsalið dagsett 21. október 1912.<sup>350</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Hjaltadals hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Hjaltadal eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Landið er geysimikið, bæði sjálft heimalandið og afréttardalir, sem fylgja. Kjarnagott, sauðland hið bezta og vetrararbeit þar í bezta lagi. Nú sem stendur, er jörðin notuð sem upprekstrarland. Upprekstrartekjur um 50 krónur. Auk þess nokkur slægjunot, frá næstu bæjum. Hjaltadalur var innsti bær í F<n>jóskadalnum, 3 km innar en Snæbjarnarstaðir.<sup>351</sup>

Sala Hálshrepps á jörðinni til bænda á Snæbjarnarstöðum og Sörlastöðum virðist ekki hafa verið þinglesin, en 27. ágúst 1950 var gerð yfirlýsing um skipti Hjaltadals milli síðarnefndu jarðanna.<sup>352</sup> Yfirlýsingin er svohljóðandi:

<sup>350</sup> Skjal nr. 2 (174).

<sup>351</sup> Skjal nr. 2 (43).

<sup>352</sup> Skjöl nr. 4 (42) og 4 (43) a-b.

Við undirritaðir eigendur eyðingarinnar Hjaltadals í Hálsheppi í Suður Þingeyjarsýslu höfum komið okkur saman um að skipta henni á milli okkar þannig:

Jón Ólafsson á Snæbjarnarstöðum á Hjaltadal, vestan Hjaltadalsár og Krókana, vestan fyrsta Hrauntungufjalls.

Ólafur Pálsson á Sörlastöðum á Hjaltadal austan Hjaltadalsár og Austur Krók og Timburvalladal, vestan Timburvalladalsár.

Landamerkin eru norðan í miðju fyrsta Hrauntungufjalli.<sup>353</sup>

Hjaltadalshluti Snæbjarnarstaðabónda var seldur Hálsheppi ásamt Snæbjarnarstöðum 24. júní 1958.<sup>354</sup> Sá hluti Hjaltadals, sem féll undir Sörlastaði, mun vera kallaður Kambfellskjálki. Þann hluta seldi eigandi Sörlastaða Þórðarstaðabónda 23. júlí 1955.<sup>355</sup> Þar er eftirfarandi sagt um landamerki:

Að austan og sunnan háfjöll, að vestan í miðja fyrstu Hrauntungu, síðan Hjaltadalsá, að norðan lína um hæstan Kirkjuhól í norðvesturhorn Kambfellsahnjúks.

Þórðarstaðabóndi seldi Hálsheppi Kambfellskjálka með sömu landamerkjalyðingu 9. maí 1966.<sup>356</sup>

Að sögn Jóns Sigurðssonar í Yztafelli er Hjaltadalur mikil jörð að landi og hafði nýttar inn um allan dal. Síðasti ábúandi hafi flutt þaðan árið 1908. Jón getur nokkurra tófta á Hjaltadal vestan ár, Grænutóttu, 4 km sunnar Hjaltadal og Stíflhólasel, nálægt 2 km sunnar Grænutóttum. Um þær séu engar sagnir. Nálægt 10 km suður frá Hjaltadalsbæ séu miklar, sléttar mýrar, nefndar Bæjarstæðismýrar, sem liggja um 400 m yfir sjó og þó góðar engjar. Þar hafi oft verið heyjað á seinni öldum. Fólk í Hjaltadal muni skömmu eftir aldamótin 1800 hafa legið þar við grös. Þá voru tóttir enn svo glöggar þar, sem hét Bæjarstæði, upp við fjallið, að tjaldað var brekánnum yfir eina tóttina. Bjó grasafólkið þar. Gerði mikla rigningu og fór fólk heim, en þegar um var vitjað, hafði skriða hlaupið yfir tæturnar og farangurinn.<sup>357</sup>

## 5.22 Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár

Engar heimildir eða sagnir virðast um býli eða selstöður á austanverðum Bleiksmýrardal, inn frá Tungu.<sup>358</sup>

Halldór Loftsson prestur gaf Grundarkirkju í Eyjafirði 8. desember 1403. (Ekki kemur fram hvorum megin Fnjóskár þetta er):

<sup>353</sup> Skjal nr. 22 (4).

<sup>354</sup> Skjal nr. 21 (4).

<sup>355</sup> Skjal nr. 22 (5).

<sup>356</sup> Skjöl nr. 4 (49) a-b og 22 (6).

<sup>357</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 152-153.

<sup>358</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 149-150.

lx. yxnaRekstur j bleiksmyrardal.<sup>359</sup>

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar var tekin saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510). Þar kemur fram að Munkaþverárklaustur eigi í Fnjóskadal:

bleiksmyrardalr allr firir avstan aa. jardareign med ollum gædvm a mille soluagils oc seyru þeirrar sem ofan fellr vm mitt brunagerde.<sup>360</sup>

Óvíst er hvort síðari setningin í tilvitnuninni á við jörðina Brúnagerði eða Bleiksmýrardal.

Í Sigurðarregistri er það hins vegar orðað svo að Munkaþverárklaustur eigi:

bleiksmyrardal fyrir austan áá med jardar eign og ollum giædum áa milli soluagils og seyru þeirrar er fellu ofan vm mitt hraunagerdi.<sup>361</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir um Munkaþverá árið 1712:

Afrjettarland liggur undir klaustrið, Bleiksmýrardalur austan framm, er liggur fram frá Fnjóskadal. Þángað er rekið á sumur hross, og hefur so áður venja verið.<sup>362</sup>

Ekki verður séð, að Jarðabókin minnst á nýtingu klausturjarða á Bleiksmýrardal. Hið sama er að segja um sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu, sem gerðar voru á vegum Hins íslenzka bókmenntafélags um 1840 eða síðar.

Hins vegar kemur fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í umfjöllun um Illugastaði árið 1712:

Afrjettarland á kirkjan eður jörðin fram úr Fnjóskadal hálfan Bleiksmýrardal fyrir framan klausturlandið. Engin not hefur nú jörðin þessa afrjettar, en ýmsir láta þángað hesta sína í leyfisleysi.<sup>363</sup>

Um þessa eign Illugastaðakirkju urðu síðan málaferli um miðja 19. öld sem síðar verður vikið að.

Sýslumaður (varalögmaður) bauð íbúum í Fnjóskadal Munkaþverárklausturs „afréttardali“ fyrir billegan lambatoll, nefnilega hálfan Bleiksmýrardal, Timburvalladal og Hjaltadal á manntalsþingi að Hálsi 30. maí 1722: Hvar til allir sameiginlega svöruðu að þeir lambatollana fyrir næstliðið og komandi ár við sýslumanninn ánægjanlega forlíka vilja.<sup>364</sup>

Þriðjungur Bleiksmýrardals austan Fnjóskár var heimaland Tungu í Fnjóskadal en ábúendur í Tungu höfðu nýtt hina tvo þriðjunga dalsins eins og kemur fram í álitserð sýslumanns og skoðunarmanna 16. júlí 1819, en miklar skemmdir urðu á Tungu í stórrigningum 11. júlí 1818. Þar segir:

<sup>359</sup> Skjal nr. 2 (85).

<sup>360</sup> Skjal nr. 2 (102).

<sup>361</sup> Skjal nr. 2 (114).

<sup>362</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 288.

<sup>363</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 83.

<sup>364</sup> British Library Add 11096. Dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724, bl. 219v-222v.

Rydum vjer fram, fyrer vestann Fnjótská, á sokalladann Bleiksmýrardal, til að géta þess betur sjed og skodad þaug Spjöll og Landbrot, sem nefndann dag skédu á tjeðrar Jardar bithaga og afréttarlandi, hvör vjer fundum að vera soleidis: Frá gamallri Tíð hefir það vered venja, að hjerumm 10 til 14 bændur í Fnjótskadal hafa árlega feinged afrétt, fyrer lömb sín og gélldfé, hjá ábúendum Tungu, hvörjer sjerilagi hafa leigt tvo þridjúnga af Bleiksmýrardals austare kjálka, enn sá eine þridjungur, sem nærst liggur byggdinni, fyrir austann Fnjótská, heim frá so nefndum Hamarslæk, er Jörðinni afskamtað heimaland; þessa lands fremste og betste Partur, ...<sup>365</sup>

Útdráttur úr úttektabók vesturhluta Munkaþverárklostursjarða var lagður fram í aukarétti að Grund í Eyjafirði 26. janúar 1825 og vitnar Gunnlaugur Briem sýslumaður að uppskriftin sé samhljóða frumritinu. Úttektin fór fram 10.-11. september 1824 og aftan við það, sem skoðað var, er eigna getið sem ekki komu fram í úttektinni sökum fjarlægðar þeirra frá klaustrinu. Þar á meðal er „afréttarland“ á Bleiksmýrardal sem liggur næst klausturjörðinni Tungu í Fnjótskadal en vegna náttúrlegra orsaka hefur enginn notað það í langan tíma.<sup>366</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 17. maí 1841 var lesið upp bréf A. Sæmundssonar klausturhaldara, dagsett 22. apríl 1841, um útmælingu og aðra álitsgjörð yfir part Munkaþverárklosturs á Bleiksmýrardal öllum hlutaðeigandi til umhugsunar. Inntak bréfsins er ekki tilgreint.<sup>367</sup> Klausturhaldarinn lét lesa annað bréf á manntalsþingi á Hálsi 19. maí 1841. Það fjallaði um útmælingu og álitsgjörð til þess að setja niður nýlendur á þeim hluta Bleiksmýrardals sem tilheyrði Munkaþverárklostri svo að viðkomandi aðilar gætu undirbúið sig.<sup>368</sup> Bændum á Svalbarði var tilkynnt um fyrirhugaða áreiðargjörð á Bleiksmýrardal á manntalsþingi þar 22. maí 1841.<sup>369</sup>

Var þetta í framhaldi af umsókn Höskulds Jónssonar (1792-1863) til rentukammers um að mega byggja á Bleiksmýrardal, en hann fékk afsvar árið 1842.<sup>370</sup>

Við áreiðargerð 16. júlí 1841 mætti m.a. Kristján Jónsson á Illugastöðum. Taldi umboðsmaður hann gagnkunnugan og vildi taka tillit til þess að Kristján meinti sig hafa einhvern rétt til Bleiksmýrardals að austanverðu. Var kannað land fyrir framan Hamarslæk, þar sem hluti Munkaþverárklosturs var álitinn byrja. Á svonefndri Bleiksmýri fannst engin afgerandi hindrun móti nýlendubyggingu, þar var túnstæði, slægjuland, bæjarstæði, vatnsból, velta til byggingarinnar og ekki stórkostleg snjóflóðahætta úr fjallinu fyrir ofan. Vegurinn frá byggð og fram á Bleiksmýri var álitinn 3 mílur, en mjög tæpur og hættulegur víða, svo að ófært mátti

<sup>365</sup> Skjal nr. 2 (146) a-b.

<sup>366</sup> Skjal nr. 2 (128), sbr. skjal nr. 2 (193) a-b.

<sup>367</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.29).

<sup>368</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.31).

<sup>369</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.32).

<sup>370</sup> *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr* III, bls. 29-30.

álíta með flutning, en illskárra virtist að vestanverðu við Fnjóská. Umboðsmaðurinn bað bókað, þó að nýlendustofnun væri möguleg á þessum stað, væri hún samt óstofnandi fyrir fátækling, sem ekki kynni almennustu og mest áriðandi sveitar- og landvinnu, en Höskuldur Jónsson á Ráeyrarkoti væri sagður fullkomlega ókunnandi að slætti. Áreiðarmenn álitu ógerandi að reyna nýbyggingu á Bleiksmýri nema fyrir efna- og dugnaðarmenn vegna afstöðunnar, einkum vegalengdar og erfiðleika frá mannabyggð.<sup>371</sup>

Illugastaðir í Fnjóskadal voru meðal jarða þeirra, sem konungur seldi Henrik Bjelke 3. apríl 1674.<sup>372</sup>

Á manntalsþingi á Hálsi 1. júní 1844 var lesin lögfesta fyrir jörðinni Illugastöðum ásamt hjáleigum og Bleiksmýrardal austan Fnjóskár. Bjarni Guðmundsson í Tungu mótmælti hvað snerti landspartinn á milli Sölvagils og Seyru. Annars er inntaks lögfestunnar ekki getið.<sup>373</sup>

Friðlýsing Bjarna Guðmundssonar ábúanda í Tungu á landi Tungu og Bleiksmýrardals austanverðs var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi 22. maí 1849. Einnig var lesin upp sættargerð milli Bjarna og séra Jóns Kristjánssonar í Ystafelli um sameiginleg „afreittarnot“ á austanverðum Bleiksmýrardal og mótmælti presturinn friðlýsingunni að því leyti sem hún stríddi gegn umræddri sættargerð.<sup>374</sup>

Árið 1850 ætlaði umboðsmaður Munkaþverárklosturs, Ari Sæmundsson, að bjóða afreittarlandið upp til leigu á manntalsþingi. Þá hafði hann fengið pata af því, að hálfur Bleiksmýrardalur hefði verið seldur með Illugastöðum og tilkynnt amtmanni, sem skipaði honum, samkvæmt tillögu umboðsmanns, að leigja dalinn í 5 ár. Eigandi Illugastaða, Þuríður Aradóttir, gerði forboð gegn því, þar eð hún hefði keypt landið með jörðinni Illugastöðum og lagði fram afsalsbréf því til sönnunar.<sup>375</sup> Hafði eigandi Illugastaða „samkvæmt Sigurdarregistri“ lögfest Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská og allt land milli Sölvagils og Seyru, sem féll ofan um mitt Brúnagerði árið 1844.<sup>376</sup> Ekki náðust sættir í málinu og stóðu málaferlin yfir árin 1850-1855. Fór það tvisvar fyrir landsyfirrétt.

Aukahéraðsréttur dæmdi 11. ágúst 1851:

Sameigendum jardarinnar Illugastada i Fnjotskadal ekkjunni Þuridi Aradottur [leiðrétt úr: Arnadóttir] og ómyndugum syni hennar Arngrimi Andressýni, ber Afreittarlandid á Bleiksmýrardal öllum austan ár frá Vothamar til Odeilu.<sup>377</sup>

<sup>371</sup> Skjal nr. 2 (148).

<sup>372</sup> J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, bls. 446.

<sup>373</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.37).

<sup>374</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.40).

<sup>375</sup> Skjöl nr. 2(195) a-b, 2(196) a-b og 2(198) a-b.

<sup>376</sup> Skjal nr. 2(204) a-b.

<sup>377</sup> Skjal nr. 2 (156).

Landsyfírréttur vísaði þessum dómi aftur heim í hérað því að dómariinn hefði dæmt hann einn án meðdómsmanna. Aukahéraðsréttur 25. nóvember 1853 dæmdi hins vegar:

Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og suður á öræfi, á að tilheyra Munkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Mæðgininum Þuríði Aradóttur og syni hennar Arngrími Andressyni, ber að greiða klaustrinu sanngjarna borgun fyrir not þau og brúkun, sem þau hafa haft af dalnum, síðan þau fyrst voru ákærð um brúkun hans, eptir kunnugra og óvilhallra af rjettinum útnefndra manna mati.<sup>378</sup>

Landsyfírréttur staðfesti dóm undirréttar í máli Illugastaðamanna gegn Munkaþverárklaustri 25. júní 1855, þó þannig að Illugastaðamenn ættu upprekstur fyrir geldfénað á Bleiksmýrardal austan Fnjóskár ókeypis.<sup>379</sup> Í forsendum dómsins segir að áfrýjendur hafi ekki fært rök að því að Munkaþverárklaustur hafi eignast Bleiksmýrardal ásamt jörðinni Illugastöðum. Séu allar líkur fremur fyrir því að klaustrið hafi eignast dalinn austan Fnjóskár með sérstakri heimild. Vísað er til máldaga Ólafs Rögnvaldssonar og Sigurðarregisturs og sagt:

En hinir tveir tilvitnuðu máldagar sýna með ljósum og berum orðum, að Munkaþverárklaustur átti á 15. og 16. öld það umþrætta afréttarland austan Fnjóskár, og það ekki sem eigandi Illugastaða, heldur ex titulo speciali, því Illugastaðir og Bleiksmýrardalur eru í Ólafs máldaga taldar sem aðskildar eignir, og hvort út af fyrir sig, sem ljósast vottast af því, að aðgreiningsmerki er í þessum máldaga (eftir hinu framlagða, sannaða eftirliti [svo, hlýtur að vera misritun eða misprentun fyrir: eftirriti]) millum Illugastaða og Bleiksmýrardals, er ekki gat átt sér stað, ef hin síðartalda eign hefði verið einn kvótartur eður integrerandi hluti úr jörðunni Illugastöðum. Og þegar svona er ástatt, er eðlilegast að skilja orð máldagans, eins og þau liggja, þegar að öðru leyti ekki eru neinar þær ástæður fyrir hendi, sem leiða til þess að skilja orðin annað hvort í þrengra eða rýmra skilningi en næst liggur eftir þeim sjálfum eða orðaskipuninni. Samkvæmt Ólafsmáldaga verður það yngra Sigurðarregistur einnig að skiljast, hvað og er því auðveldara sem orð og orðaskipun er því nær hin sama.

Hins vegar var varakrafan um geldfjárrekstur í „oftnefnt afréttarland“ á sumrum tekin til greina.<sup>380</sup>

Í yfirmatsgerð árið 1850 segir m.a. varðandi framlagðar kærur:

Einnig frá Umbodsmanni A. Sæmundssen, uppástand um það að þrætuland á Bleiksmýrardal, austan verðum; verði hjer í Sysslu metid á samt Hálshrepps jörðum, hvar það liggur. -<sup>381</sup>

<sup>378</sup> Skjal nr. 2 (163).

<sup>379</sup> Skjal nr. 1 (8).

<sup>380</sup> Skjal nr. 1 (8).

<sup>381</sup> Skjal nr. 2 (40) a-b.

Í yfirliti yfirmatsnefndar um mat á jörðum segir síðast í umfjöllun um Hálshrepp:

2, eptir uppástandi Umbodmannsins A. Sæmundsens er hjer sieri lagi ad meta þrætulandid, austanverdan Bleiksmýrardal sem ádur ómetinn med Illugastöðum, og þýkir þessi afrejtta partur hæfilega metinn 75 [rd]--<sup>382</sup>

Ráðist var í að semja lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklosturs í Hálshreppi og er hún dagsett 1. maí 1878. Í lýsingu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár segir að framan við svokallaðan Hamarslæk sé allmikið „afréttarland“ og það sé álitid vera göður „afréttur“. Talið er að sumri til sé dalurinn ekki ofsettur þó að þar gangi 20 trippi og 800-900 fjár. Af þeim sökum er talið að hækka mætti leiguna úr 12 krónum í 24 krónur. Bleiksmýrardalur kemur einnig við sögu í lýsingu á Tungu en þar segir að heyskapur sé notaður langt fram á Bleiksmýrardal og með mikilli fyrirhöfn megi ná þaðan um 100 hestum heys.<sup>383</sup>

Um skeið, a.m.k., var hálfur Bleiksmýrardalur, 4 hundruð að mati, byggður með jörðinni Tungu eins og kemur fram í byggingarbréfi 19. júní 1911.<sup>384</sup>

Í virðingargjörð sinni fyrir Þeistareykjalandi, frá 30. júní 1914, bera virðingarmennirnir matið á landinu í jarðabókinni frá 1860 [hér er væntanlega átt við jarðabókina 1861] saman við önnur „afréttar-“ og öræfalönd í sýslunni. Þau lönd sem þeir telja upp eru eftirfarandi; Svínadalssand, Svartárkotsland, Bleiksmýrardalur og Framfjöll.<sup>385</sup>

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 var Austur-Bleiksmýrardalur þjóðeign. Umráðamaður var Pétur Jónsson á Gautlöndum en notandi Sigtryggur Jónsson í Tungu. Landið var, ásamt Vestur-Bleiksmýrardal, 9,6 hundruð að dýrleika. Matsmenn mátu Austur-Bleiksmýrardal á 300 krónur en landið á Vestur-Bleiksmýrardal á 650 krónur. Eftirfarandi upplýsingar um Austur-Bleiksmýrardal eru einnig fengnar úr matinu:

Land þetta, sem er afréttarland, liggur fram af Tungu landi austan Fnjóskár, fram til öræfa, og er afar langt, en víðast hvar mjótt og fremur snögglent, einkum eftir því, sem fram dregur, þó talið mikið fremur kjarnagott sauðland, en afréttin erfið vegna legu sinnar.<sup>386</sup>

Fyrir hönd hreppsnefndar Hálshrepps skrifaði Guðni Þorsteinsson Stjórnarráðinu bréf, dagsett 6. maí 1918, þar sem hann fór þess á leit að Hálshreppur fengi keyptan „afréttarkjálkann“ svonefndan Austur-Bleiksmýrardal. Hann tók jafnframt fram í bréfi sínu að hreppsnefndin hafi beðið átekta þangað til ljóst varð að ábúandi Tungu næði ekki kaupum á „afréttinum“. Einnig gat hann þess að kaupbeiðni

<sup>382</sup> Skjal nr. 2 (40) a-b.

<sup>383</sup> Skjal nr. 2 (133).

<sup>384</sup> Skjal nr. 20 (5).

<sup>385</sup> Skjal nr. 2 (210).

<sup>386</sup> Skjal nr. 2 (43).



hreppsins væri með fullu samþykki téðs ábúanda sem myndi halda ábúðarrétti sínum á „afréttinum“ með óbreyttum kjörum þó svo að hreppurinn eignaðist hann. Hann sagðist vonast til þess að Stjórnarráðið samþykkti málaleitan hreppsnefndar því að eðlilegast og heillaríkast væri að hrepparnir hefðu fullt umráðavald yfir „afréttum“ sínum. Með bréfi sínu lét hann fylgja nokkur skjöl. Þar á meðal var útdráttur úr aðalfundargerð sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu frá 1.-4. mars 1916. Þar voru lagðar fram umsóknir um kaup á Þjóðjörðum, m.a. frá ábúanda Tungu. Sýslunefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að selja ábúandanum „afréttarland“ það sem hann hafi haft á leigu ásamt ábúðarjörð sinni. Hún lýsti því hins vegar yfir að hún væri samþykk því að Hálshreppur keypti þetta „afréttarland“. Einnig fylgdi með umsögn Péturs Jónssonar umboðsmanns Norðursýslu sem dagsett er 3. júlí 1918. Hann var samþykkur því að sveitarstjórn Hálshrepps fengi keypt „afréttarlandið“ sem fylgi Þjóðjörðinni Tungu í Fnjóskadal, nefnilega hálfan Bleiksmýrardal. Loks fylgdi með bréfi hreppstjóra útdráttur úr virðingargerð Þjóðjarðarinnar Tungu ásamt „afréttarkjálkanum“ Austur-Bleiksmýrardal sem gerð var í marsmánuði 1916. Í virðingunni kemur m.a. eftirfarandi fram:

Afréttardalurinn Austur-Bleiksmýrardalur liggur suður frá Tungu landi, austan Fnjóskár, og greinist, er fram dregur, í fleiri drög og teygjur fram á sanda. Hefir verið talið, að þangað mætti reka 12-14 hundruð fjár, og aðrar nytjar en upprekstur sauðfjár, verða eigi af afréttinni hafðar. Afréttina má telja sæmilega góða.<sup>387</sup>

Stjórnarráðið seldi Sigtryggi Jónatanssyni jörðina Tungu og er afsalið dagsett 15. júní 1918. Þar er sérstaklega tekið fram að „afréttarhlutinn“, þ.e. Austur-Bleiksmýrardalur fylgi ekki með í kaupunum. Stjórnarráðið ákvað 29. september 1919 að selja Hálshreppi „afréttarlandið“ Austur-Bleiksmýrardal fyrir 300 krónur. Umboðsmanni Norðursýsluumboðs var með bréfi samdægurs tilkynnt um að Hálshreppi hafi verið afsalaður Austur-Bleiksmýrardalur.

Samkvæmt afsali 29. september 1919 var Hálshreppi selt:

téð afréttarland eins og það er undanskilið við sölu jarðarinnar Tungu.<sup>388</sup>

Illugastaðir héldu upprekstrarréttinum um sinn, t.d. samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Illugastaði og Kotungsstaði frá 24. maí 1886 sem þinglesið var 4. júní sama ár. Þar kemur eftirfarandi fram:

...

(~~Ennfremur eiga ofanskrifaðar jarðir frá upprekstur fyrir geldfenað sinn á sumrum á Austur-Bleiksmýrardal austan Fnjóskár.~~)

Jóhann Fr. Jóakimsson skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir hönd eiganda. Stephan Stephensen umboðsmaður Munkaþverárklausturs samþykkti einnig bréfið

<sup>387</sup> Skjal nr. 2 (176).

<sup>388</sup> Skjöl nr. 2 (176), 4 (34 og 35) og 20 (4).

þ.e. þann hluta þess sem vék að því að Illugastaðir með Kotungstöðum ættu frian upprekstur fyrir geldfénað sinn á Austur-Bleiksmýrardal. Ítakinu var ekki lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953 og taldist því niður fallið.<sup>389</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Illugastaða hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Illugastaði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar ... Jörðin á rétt til uppreksturs á Austur-Bleiksmýrardal.<sup>390</sup>

Sigurður Draumland segir í greininni „Örnefni á Austur-Bleiksmýrardal“:

Innstu drög Bleiksmýrardals er gróðurlaust verpi, með fremur lágum melhálsnum aðliggjandi, sem þó hækkar er neðar kemur í drögin. Þarna seytlar Bleiksmýrardalsáin upp á milli steinanna, og er þegar furðu stór lækur. Uppspretturnar eru í fyrstu nær eystri hálsinum, en beygja næstum því óðara til vesturs, fyrir suður-odda *Einstöku-torfu* (21), og renna síðan vestan-við hana. .... Það virðist vera óskráð lög meðal allra haustfjallgangnamanna, að fara aldrei lengra en á Einstöku-torfu, nema kindur sjáist sunnar. En það ber oft við. Af torfunni er frek klukkutímareið suður úr draginu.<sup>391</sup>

Í tímaritinu *Súlur* er grein um göngur á Bleiksmýrardal, byggð á frásögn eftir Magnús Aðalsteinsson frá Grund í Eyjafirði, sem ólst þar upp og var einnig bóndi á árunum 1935-1948. Í inngangi að greininni segir, að Grundarbændur, fleiri búendur úr Grundarplássi og norðar úr hreppnum (Hrafnagilshreppi) hafi rekið fé sitt til sumarbeitar í „afréttina“ á eystri Bleiksmýrardal um langt árabil. Hafi reksturinn austur yfir Vaðlaheiði hafist strax að rúningi loknum, sem jafnaðarlega fór fram um mánaðamót júní-júlí. Rekstrarleiðinni á Bleiksmýrardal er lýst í innganginum. Einnig segir, að þeir sem lengst fóru í göngur, þ.e. fram á svonefnda Sanda, hafi nánast alltaf farið af stað í fyrstu göngur 15. september, og fyrir þá verið um þriggja daga göngur að ræða.<sup>392</sup>

Í ritinu *Göngur og réttir IV* segir:

Bleiksmýrardalur er lengstur allra dalanna á suðurafrétt Fnjóskadals. Er talið, að hann muni um 70 km á lengd. Vestur- og Austur-Bleiksmýrardalur er nefnt eftir því, hvorum megin ár er átt við. Heitir á Austur-Bleiksmýrardal Tungufjall frá Tungu suður að læk þeim, er Hamarslækur heitir, Miðpartur þaðan og suður að Svartá. Kemur hún úr Svartárdal, sem skerst suðaustur úr Bleiksmýrardal. Frá Svartá heita Austursandar suður að svonefndri Einstökutorfu. Það er syðsti hagabletturinn á dalnum.<sup>393</sup>

Einnig segir í ritinu:

<sup>389</sup> Skjal nr. 2 (127) a-b.

<sup>390</sup> Skjal nr. 2 (43).

<sup>391</sup> Skjal nr. 20 (6).

<sup>392</sup> *Súlur. Norðlenskt tímarit XXIV. árgangur, 37. hefti, bls. 10-13.*

<sup>393</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir IV*, bls. 256.

Á Bleiksmýrardal var legið úti tvær nætur í göngunum. Var farið af stað í fyrstu göngur frá syðstu bæjum, Reykjum og Tungu, ekki seinna en um hádegi 15. september. Tjaldað var suður á Austur-Söndum dálítið sunnan við Svartá. [...]

Svo var lagt á hestana og riðið hart suður á Sanda, því að vegurinn er þar betri en heimar á dalnum. Farið var suður á Einstökutorfu, en vanalega snúið þar við.<sup>394</sup>

Loks segir:

Á Bleiksmýrardal taka göngur 3 daga. [...]

Síðan 1968 hefir flest haust verið farið með tvo gangnamenn í fyrstu göngur á bíl suður Bárðardal og áfram Sprengisandsleið allt að Kiðagilsdrögum. Þaðan er ekið vestur á Bleiksmýrardalsdrög og eru það um 13 km af Sprengisandsvegi á austurbrún Bleiksmýrardals við Einstökutorfu. Þar eru fremstu hagar á Bleiksmýrardal og er það regla gangnamanna, ef ekki sést til kinda á Einstökutorfu, þá er þar snúið við. Ekki er það óalgengt að fremstu kindur séu á drögum sunnan við torfunu.<sup>395</sup>

### 5.23 Sel

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns getur óvída selja á þessu svæði. Nefnt er Sandhaugasel, sem kallaðist forn selför en þá stekkjarsæði heimajarðarinnar. Þar væri girðing í kring eigi ólík fornum túngarði og ætluðu sumir því að þar hefði í fyrndinni verið byggt ból.<sup>396</sup> Hlíðarendi, sem þá kallaðist Syðra-Eyjardalsársel, var forn eyðihjáleiga suður frá staðnum á Eyjardalsá í úthögum, hafði verið í eyði í 30 ár. Syðra-Eyjardalsársel kallaðist stekkjarsæði staðarins út frá staðnum.<sup>397</sup> Öxarársel hét forn selstaða Öxarár, sunnarlega í landinu. Fyrir 30 árum lá fátæk kona með börn sín við þessi selhús eitt eða tvö ár.<sup>398</sup> Skíðagerði var nýbyggt á selstæði Bakka, út frá heimajörðinni.<sup>399</sup> (Sjá nánar kafla 5.17 um Bakkasel).

Svo er að sjá sem Munkaþverárklaustur hafí fyrr á öldum haft selstöðu á Bleiksmýrardal, væntanlega austanverðum. Í skrá yfir eignir Munkaþverárklausturs árið 1446 er Bleiksmýrardals ekki getið sérstaklega sem eignar en meðal reka og ítaka klaustursins er talið:

Manaðar halld öllu fé annat mal j bleiks myrar dal ok þriggja tigu geldneyta  
Rekstur<sup>400</sup>

<sup>394</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* IV, bls. 256.

<sup>395</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* IV, bls. 270.

<sup>396</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 138.

<sup>397</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 137.

<sup>398</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 136.

<sup>399</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 87.

<sup>400</sup> Skjal nr. 2 (99).

Þessi réttindi eru talin á Bleiksmýrardal vestan Fnjóskár í biskupavísitasíum og öðrum yngri heimildum. Klaustrið hefur því haft selstöðu á Bleiksmýrardal og nýtt landið beggja megin Fnjóskár á seljatíma.

Sóknalýsing árið 1840 segir Eyjardalsá eiga selstöðu fram á Eyjardal, ekki notaða þá. Líka sé auðvelt að reka búsmala í dalinn að heiman. Á Mýri sé árlega tíðkuð selstaða, 3-4 vikur, fyrir slátt í svokölluðu Sellandi milli Mýrar og Mjóadals.<sup>401</sup>

Jón Sigurðsson nefnir nokkur sel í bók sinni *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*. Hefur það flest verið tekið upp í lýsingar einstakra jarða en selin skulu talin hér upp til áréttingar: Grund eða Stóruvallasel í landi Stóruvalla. Segir Jón það vera fornbyli mitt á milli Hlíðskóga og Stóruvalla. Þar hyggi menn að verið hafi bær, sem nefndur er Grund í fornsögum, og sennilega verið fyrr byggður en Vellir (Stóruvellir). Grund hafi farið í eyði snemma á öldum en sel verið þar lengi og síðar beitarhús.<sup>402</sup> Sörlastaðasel, Skarðssel og Bakkasel í landi Sörlastaða, Bjarnarsel og Smáhólasel í landi Kambfells/Hjaltadals, Stífhólasel í landi Hjaltadals.

Að sögn Daniels Bruun var haft í seli frá Mýri á Hátúni fram um 1850 og kallað Mýrarsel.<sup>403</sup>

## 5.24 Afréttir og afréttarnot

### 5.24.1 Almenn

Á Helgastaðapingi árið 1639 báðu Jón Gissurason prófastur og séra Guðmundur Bjarnason um að skorið yrði úr fyrir dómi hvort þeir mættu ekki halda þeim rekum, „afréttum“ og ítökum sem væru eign kirkna þeirra samkvæmt máldögum. Dómur var ekki kveðinn strax upp í málinu, því að talið var að fleiri þyrftu að vera viðstaddir, en stuttu eftir að beiðni Jóns og Guðmundar kom fram sendu Þorbergur Hrólfsson og Hrólfur Sigurðarson sýslumenn frá sér tilkynningu þar sem fram kom að þeim þætti þetta réttlát krafa.<sup>404</sup>

Á manntalsþingi á Húsavík 1. maí 1775 var lesið upp bann við því að menn úr þingsókninni reki sauðpening sinn á „afrétt“ fyrir vestan Skjálfafljót eða með nokkrum hætti orsaki að pestveikur fænaður fari eða færist hingað í hrepp.<sup>405</sup>

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenninum“ frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki

<sup>401</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 102.

<sup>402</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 216.

<sup>403</sup> Daniel Bruun: „Nokkurar eyðibygðir í Árnessýslu og Bárðardal. Rannsakaðar sumarið 1897“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1898*, bls. 73.

<sup>404</sup> Skjal nr. 2 (124) a-b.

<sup>405</sup> Skjal nr. 2 (138) a-b.

sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.<sup>406</sup> Steingrímur Jónsson sýslumaður Þingeyjarsýslu svaraði bréfinu 6. apríl 1920:

Eftir því sem ég hefi heyrt munu vera taldir þessir almenningar á öræfum hér í sýslu:

1. Vestan megin Skjálfandafljóts land alt suður af Íshóls og Mjóadals löndum.

...

Af öðrum afréttarlöndum mun Bleiksmýrardalur suður af Fnjóskadal og Hálsmannatungur á Flateyardalsheiði (nú eign Hálshrepps) eigi hafa tilheyrt neinu lögbýli.

Um aðra almenninga en þessa er mér ekki kunnugt, en vel má vera, að í óbygðum Norður-Þingeyjarsýslu séu einhver lönd, sem rétt sé að telja almenninga, þó mér reyndar þyki það fremur ólíklegt. Einnig má vera, og er enda líklegt, að suður af Fnjóskadal, vestanvert við afrétt Bárðdæla, séu svæði sem telja beri til almenninga.<sup>407</sup>

Svarið virðist byggt á eigin þekkingu sýslumanns því að ekkert kemur fram sem sýnir að það sé byggt á svörum hreppstjóra eða oddvita.

Sýslumaður í Þingeyjarsýslu, Jóhann Skaptason, tók saman „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“.<sup>408</sup> Þar er skrá yfir „afrétti“ í umsjá hreppsnefndar Bárðdælahrepps höfð eftir oddvita:

Afrjettarland vestan Skjálfandafljóts: Að norðan ráða landamerki milli Mýrar og Bólstaðar annarsvegar en Íshóls og Mjóadals hinsvegar. Að austan Skjálfandafljót. Að vestan og sunnan ráða hagar með öllum þeim ám og lækjum er í Mjóadalsá og Skjálfandafljót falla.

Um Ljósavatnshrepp er haft m.a. eftir oddvita:

Ennfremur 5/11 „Vesturafrietta“ í Bárðardal. Erfið í notkun vegna langræðis.

Að sögn oddvita Hálshrepps voru „afréttir“:

Timburvalla- Hjalta- og Bleiksmýrardalur.

Oddviti Bárðdælahrepps sagði hreppinn eiga „afréttina“ vestan Skjálfandafljóts að 6/11 hlutum móti Ljósavatnshreppi, sem ætti 5/11. Auk þess mundi Ljósavatn eiga einhver ítök í svæðinu frá Galthól að Kiðagili. Tók oddviti Ljósavatnshrepps undir um eignarhaldshlutann á „Vesturafrétt“.

Um afréttaeign í Hálshreppi var haft eftir oddvita:

Austur-Bleiksmýrardalur: Eign Hálshrepps. Hjaltadalur að vestan: Eign Hálshrepps. Að austan (Kambfellskjálki) eigandi Jónas Þórðarson.

<sup>406</sup> Skjal nr. 2 (125).

<sup>407</sup> Skjal nr. 2 (126).

<sup>408</sup> Skjal nr. 4 (81).

Timburvalladalur. Að vestan, eign Hálshrepps. Að austan hálfur eign Hálshrepps, hálfur eign Sigurðar Árnasonar frá Höfnum.

Engar ákveðnar reglur giltu um upprekstrarrétt í Bárðdælahreppi, og notkun byggðist á venju og hefð, en í Ljósavatnshreppi var landið notað samkvæmt mjög fornri venju, án takmarkana.

Að sögn oddvita Hálshrepps var upprekstur á „afréttir“ hreppsins að mestu háður sérstöku leyfi árlega af hálfu afréttareigenda eða umráðaaðila. Suðurdalirnir (í Fnjóskadal) voru sagðir liggja að öræfum, en göngur gerðar svo langt sem talið væri, að fé kynni að finnast. Hið sama væri um eftirleitir.

Félagsmálaráðuneytið sendi öllum sveitarstjórnnum bréf árið 1989 og spurðist fyrir um, hvort íbúar sveitarfélagsins ættu upprekstrarrétt í einhvern „afrétt“, hvað „afrétturinn“ hétu, hver væru mörk hans og hvort íbúar annarra sveitarfélaga ættu upprekstrarrétt í sama „afrétt“.<sup>409</sup>

Í svari oddvita Bárðdælahrepps segir, að Bárðdælir eigi upprekstrarrétt á Bárðardalsafrétti eystri og vestri. Mörkum Bárðardalsafréttar vestri er lýst svo:

Bárðardalsafréttur eystri. Vesturmörk: Skjálfafljót, meginkvísl. Norðurmörk: Sandá. Austurmörk: Lönd jarðanna Mýrar og Litlutungu. Vesturmörk: Vatnaskil milli Mjóadalsár og Kiðagilskvísla okkar megin og upptakakvísla Fnjóskár hinum megin. (Hálshreppur) Sunnar vatnaskil Skjálfafljóts og Bergvatnkvíslar. Suðurmörk: óljós. Bárðdælingar hafa leitað Tómasarhaga og Jökuldal (Nýjadal) við Tungnafellsjökul.

Ljósavatnshreppur eigi 5/11 hluta upprekstrar á Bárðardalsafrétt vestri, enda hrepparnir eitt sveitarfélag til ársins 1907 og Ljósavatnshreppur hafi fengið þennan hluta upprekstrarréttarins við hreppaskilin. Ljósvefningar hafi nýtt sér upprekstrarrétt á vesturafrétt. Bárðdælingar hafi haft lögsögu yfir afréttunum eystri og vestri og Ljósvefningar ekki vefengt hana, en Mývetningar skipt sér meir af málum austurafréttarins. Tekið er fram að Bárðdælir taki ekki afstöðu til hver séu hreppamörk á öræfum utan upprekstrarlanda.<sup>410</sup>

Oddviti Ljósavatnshrepps sagði hreppinn eiga upprekstrarrétt á „afrétt“ Vestur-Bárðdæla, Bárðdælaafrétt. Mörk hans væru frá landamerkjum Mýrar til jökla og eignarhlutföll væru Bárðdælahreppur 6/11 og Ljósavatnshreppur 5/11.<sup>411</sup>

Í svari oddvita Hálshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um „afrétti“ árið 1989 segir að hreppsúar eigi upprekstrarrétt á Framdali, þ.e. Bleiksmýrardal, Hjaltadal og Timburvalladal. Mörkin séu þau sömu og hreppamörk samkvæmt korti. „Afrétturinn“ nái u.þ.b. 70 km suður fyrir byggð, nær upptökum Þjórsár. Öll afréttarlönd í Hálshreppi séu háð fullkomnum eignarrétti.<sup>412</sup>

<sup>409</sup> Skjal nr. 4 (3).

<sup>410</sup> Skjal nr. 4 (4).

<sup>411</sup> Skjal nr. 4 (6).

<sup>412</sup> Skjöl nr. 4 (3) og 4 (5).

Í yfirliti yfir fjallskil í vestri hluta Þingeyjarsveitar gerðu í febrúar 2007 kemur fram að fjallskiladeild Vestur-Bárðardals nái yfir Vestur-Bárðardal auk bæjanna Öxarár, Ljósavatns, Vatnsenda, Arnstapa, Stórutjarna og Hriflu. Markist skil milli heimalanda og „afréttar“ af girðingu úr Skjálfandafljóti í norðausturhorn Íshólsvatns norður í Mjóadalsá í mynni Mjóadals. Vestan Mjóadalsár eigi fé úr Bárðardal greiða leið fram í „afrétt“. Heimalönd jarða smali ábúendur hver fyrir sig, allt að vatnaskilum milli Bárðardals og Fnjóskadals.<sup>413</sup>

Í sama yfirliti segir að fjallskiladeild í fremri hluta Fnjóskadals tilheyri jarðirnar Kamsstaðir, Birningsstaðir, Birkihlíð og Sigríðarstaðir í Ljósavatnsskarði, Háls og Viðivellir og allar bújarðir og „afréttarlönd“ frammar í dalnum. Sameiginleg sumarbeitilönd afmarkist að norðan af girðingu úr Fnjóská skammt sunnan við Belgsá til austurs til fjalls og úr girðingu úr Fnjóská skammt sunnan Reykja vestur til fjalls. Fé sé flutt eftir þörfum suður fyrir girðingar að vori. Svipaður háttur hafi verið á hafður síðustu 50 ár. Smalað sé beggja vegna Fnjóskár sunnan girðingar allt að efstu gróðurmörkum.<sup>414</sup>

Hér á eftir verður fjallað um þetta landsvæði í tvennu lagi, þ.e. upp af Bárðardal annars vegar og inn af Fnjóskadal, enda um aðskilin fjallskilasvæði að ræða.

### 5.24.2 Bárðardalur

Takmarkaðar heimildir eru um landið inn af Bárðardal. Þar hefur verið byggð eftir landnám en sennilega lagst tiltölulega fljótt í eyði.

Í lýsingu Eyjardalsár- og Lundarbrekkusókna árið 1840 segir í dalalýsingu:

Suður úr Bárðardalnum liggja tveir byggðir dalir, þó ei nema sinn bær í hvörjum. Báðir eru þeir dalir fyrir vestan Fljótið. Ísólf- til forna máske Rangár- eða Hofgarðsdalur. Tjáist þar hafa verið gamalt eyðibýli, Hof- eður Horngarðar, og skyldi þar hafa verið kirkjustaður, jafnvel prestssetur. Í þessum dal stendur bærinn Íshóll hjá Íshólsvatni. Vestar liggur Mjóidalur. ... Fyrir sunnan byggð liggur báðu megin upp með Skjálfandafljóti dalur sá er Krókdalur heitir, af Helga krók sem bjó að Helgastöðum. Til annarra eyðingarða vita menn ekki í því plássi. ... Dalur þessi, sem vestan Fljótsins er eignaður Ljósavatnskirkju, hallast dálítið til suðvesturs og nær allt fram að Kiðagili sem kemur sunnan af Sprengisandi.<sup>415</sup>

Þorvaldur Thoroddsen fór um Króksdal árið 1884 og segir:

<sup>413</sup> Skjal nr. 4 (2).

<sup>414</sup> Skjal nr. 4 (2).

<sup>415</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 95.

Nokkru fyrir norðan opið á Yxnadal, að vestanverðu við fljótið, eru rústir af Helgastöðum í Króksdal.<sup>416</sup>

Árbók Hins íslenska fornleifafélags fylgdi árið 1898 fylgirit eftir Daniel Bruun, sem í íslenskri þýðingu nefnist „Nokkurar eyðibygðir í Árnassýslu, Skagafjarðardölum og Bárðardal rannsakaðar sumarið 1897 af Daniel Bruun.“ Þar segir um Helgastaði:

Nú segja menn, að Helgastaðir hafi verið í nánd við Kiðjagil, 6-7 klukkustunda reið suður frá Íshóli, og þykjast menn geta bent á staðinn, þar sem bærinn var, en engar tóftir sjást þar, enda er allur jarðvegur blásinn burt af þessu svæði, hálfa leið heim undir Íshól, úr því eru að eins fáeinar grasflesjar eftir.<sup>417</sup>

Á Hofgörðum segir Bruun, að sjáist miklar tóftir og margar, en á Hólkoti hafi sést rústir til skamms tíma, en nú komnar í sand. Þegar bær var reistur í Mjóadal fyrir nær 100 árum, hafi verið þar fyrir gamlar tóftir og girðingar; án efa rústir af Mjóadalskoti. Og um Hátún hefur Daniel Bruun þetta:

Hátún var neðst í Mjóadal; var haft þar í seli frá Mýri og selið kallað Mýrarsel, en nú eru tæp 50 ár síðan því var hætt. Sagt er, að leifar hins forna túngarðs sjáist þar enn.

Enn segir Bruun, að í tungunni milli Fiskiár, er rennur úr Íshólsvatni, og Mjóadalsár, skammt frá ámótunum, hafi fyrir fáum árum komið í ljós alls 7 tóftir. Allar nema ein virðist hafa verið sérstök hús. Í þremur fundust eldstór, kol og aska. Einnig fundust nokkrir gripir í þessum tóftum.<sup>418</sup>

Matthías Þórðarson segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1909, að fundist hafi tveir fornlegir gripir á Helgastöðum (líklega árið 1909), hnífsskafi með tanga og flatt járn með tanga, e.t.v. pottskafi.<sup>419</sup>

Í máldaga Ljósavatnskirkju árið 1380 segir:

fylgier heimaa laande krogsgaalur fraa gaalltar grof fram aad kidaagile<sup>420</sup>

Króksdalur, með þessum mörkum, fylgdi heimalandi Ljósavatns við sölu 2. júní 1431.<sup>421</sup>

Þverá í Laxárdal var seld, 12. apríl 1477, með ítökum, þar á meðal:

gielldfienadar rekstr til afriettar aa kroksdal arlega.<sup>422</sup>

<sup>416</sup> Þorvaldur Thoroddsen. *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898* I, bls. 349. (Útgáfa 1913).

<sup>417</sup> Daniel Bruun: „Nokkurar eyðibygðir í Árnassýslu og Bárðardal. Rannsakaðar sumarið 1897“, bls. 72.

<sup>418</sup> Daniel Bruun: „Nokkurar eyðibygðir í Árnassýslu og Bárðardal. Rannsakaðar sumarið 1897“, bls. 73-74.

<sup>419</sup> Matthías Þórðarson: „Merkur fornmenjafundur. Fundið fornt gangsilfur“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1909*, bls. 25.

<sup>420</sup> Skjal nr. 2 (91).

<sup>421</sup> Skjal nr. 2 (96).

<sup>422</sup> Skjal nr. 2 (209).



Ætla má, að hér sé átt við dalinn austan Skjálfandafljóts, en ráða má af síðari heimildum að fé hafi verið rekið vestur yfir fljótið á „afrétt“. Raunar hefur ekki fundist nema þessi eina heimild um afréttarítak Þverár á Króksdal.

Í biskupsvísitasíu Ljósavatnskirkju árið 1828 kemur m.a. fram að kirkjan eigi 30 hundruð í heimalandi og að tvö gömul skjöl geymi upplýsingar um eignir og ítök kirkjunnar. Víkið er að Króksdal (nefndur Krossdalur) í því síðara:

„Þeim góðu mönnum sem þetta bréf síá edur heyra sendum ver prestar Sra Teitur Magnússon Sr Einar Hallsson, Jón Ólafsson, Þorolfur Jónsson qvediu Guds og sína, kunnugt gjörandi að ver sáum og yfirlásum svo skrifadann máldaga Liósavatns ord eptir ord sem hér eptir stendur: Anno Domini MCCCCLXXX reiknadist svo gots og ítök Liósavatns bædi kirkjunnar og bæarins þa Logi Jónsson [leiðrétt úr, Jóhnnsson] var. ... af alfu Þorgils Gudmundssonar fylgir heimalandid Krossdalur frá Galtargröf frammi að Kidugili ... til sanninna hér um setium ver undirskrifadir prestar vor Insigli fyrir þetta inscripta bréf, hvört skrifad var í Skridu i Reykjadal þridja dag Páska árum eptir Guds burd 1530.“<sup>423</sup>

Nokkuð er fjallað um þetta landsvæði í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1712. Ekki er minnst á eign Ljósavatnskirkju í lýsingu Ljósavatns, því að þar segir:

Fleiri ítök á kirkjan og staðurinn eftir máldaganum, en þau hafa engin brúkast í manna minni, svo hér nálægir viti, og eru menn því í efa hvort þau muni undir staðinn aftur komast nokkurn tíma.<sup>424</sup>

Síðar er fjallað um landið inn af Mýri:

Mjóidalur kallast eitt dalland sem liggur fram frá Mýri og er almennings afrjettur Bárðardalshrepps fyrir vestan fljótið út að Djúpa, so sem rómast, hefur og brúkast til uppreksturs fyrir lömb og geldfje. Þessi almenníngur tekur alt austur í Skjálfandafljót fyrir framan bygðina so langt á fjall suður sem grös eru, og er þetta furðu víðátta.

Króksdalur, sem nú kallast Smiðjuskógur, hefur áður eignaður verið Ljósavatni, en ekki notið þess so menn viti. Þessi dalur liggur í nefndum almenníngi.

Mioadalskot og Hólkot kallast tvö eyðiból á Mjóadal fyrir vestan ána, og sjást enn nokkur byggíngamerki á báðum þeim, bæði tóftarústa og túngarða.<sup>425</sup>

Horngardur eður Hofgardur heitir fornt eyðiból hjer [fyrir framan Íshól] skamt fyrir framan, þar eru mikil garðalög og margar rústir, og atla menn að þetta hafi stór jörð verið. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er að kalla alt víði vaxið.

<sup>423</sup> Skjal nr. 2 (86) a-b.

<sup>424</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, 134.

<sup>425</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, 142.

Nokkru fyrir norðan opið á Yxnadal, að vestanverðu við fljótið, eru rústir af Helgastöðum í Króksdal.<sup>416</sup>

Árbók Hins íslenska fornleifafélags fylgdi árið 1898 fylgirit eftir Daniel Bruun, sem í íslenskri þýðingu nefnist „Nokkurar eyðibygðir í Árnassýslu, Skagafjarðardölum og Bárðardal rannsakaðar sumarið 1897 af Daniel Bruun.“ Þar segir um Helgastaði:

Nú segja menn, að Helgastaðir hafi verið í nánd við Kiðjagil, 6-7 klukkustunda reið suður frá Íshóli, og þykjast menn geta bent á staðinn, þar sem bærinn var, en engar tóftir sjást þar, enda er allur jarðvegur blásinn burt af þessu svæði, hálfa leið heim undir Íshól, úr því eru að eins fáeinar grasflesjar eftir.<sup>417</sup>

Á Hofgörðum segir Bruun, að sjáist miklar tóftir og margar, en á Hólkoti hafi sést rústir til skamms tíma, en nú komnar í sand. Þegar bær var reistur í Mjóadal fyrir nær 100 árum, hafi verið þar fyrir gamlar tóftir og girðingar; án efa rústir af Mjóadalskoti. Og um Hátún hefur Daniel Bruun þetta:

Hátún var neðst í Mjóadal; var haft þar í seli frá Mýri og selið kallað Mýrarsel, en nú eru tæp 50 ár síðan því var hætt. Sagt er, að leifar hins forna túngarðs sjáist þar enn.

Enn segir Bruun, að í tungunni milli Fiskiár, er rennur úr Íshólsvatni, og Mjóadalsár, skammt frá ámótunum, hafi fyrir fáum árum komið í ljós alls 7 tóftir. Allar nema ein virðist hafa verið sérstök hús. Í þremur fundust eldstór, kol og aska. Einnig fundust nokkrir gripir í þessum tóftum.<sup>418</sup>

Matthías Þórðarson segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1909, að fundist hafi tveir fornlegir gripir á Helgastöðum (líklega árið 1909), hnífsskafi með tanga og flatt járn með tanga, e.t.v. pottskafi.<sup>419</sup>

Í máldaga Ljósavatnskirkju árið 1380 segir:

fylgier heimaa laande krogsgaalur fraa gaalltar grof fram aad kidaagile<sup>420</sup>

Króksdalur, með þessum mörkum, fylgdi heimalandi Ljósavatns við sölu 2. júní 1431.<sup>421</sup>

Þverá í Laxárdal var seld, 12. apríl 1477, með ítökum, þar á meðal:

gielldfienadar rekstr til afriettar aa kroksdal arlega.<sup>422</sup>

<sup>416</sup> Þorvaldur Thoroddsen. *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898* I, bls. 349. (Útgáfa 1913).

<sup>417</sup> Daniel Bruun: „Nokkurar eyðibygðir í Árnassýslu og Bárðardal. Rannsakaðar sumarið 1897“, bls. 72.

<sup>418</sup> Daniel Bruun: „Nokkurar eyðibygðir í Árnassýslu og Bárðardal. Rannsakaðar sumarið 1897“, bls. 73-74.

<sup>419</sup> Matthías Þórðarson: „Merkur fornmenjafundur. Fundið fornt gangsilfur“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1909*, bls. 25.

<sup>420</sup> Skjal nr. 2 (91).

<sup>421</sup> Skjal nr. 2 (96).

<sup>422</sup> Skjal nr. 2 (209).

uppleið Forbodsbréf frá Hreppstjóra Jonasi Jonssyni fyrir þeim parti af Afréttinni sem Hreppnum tilheyir.<sup>429</sup>

Ef til vill hefur landið, sem hreppstjórinn „forbauð“ árið 1841 verið „almennigurinn“ Melar, sem fjallað var um á Ljósavatnsþingi 28. apríl 1807:

5. Frammfærðu Hreppstjórar þessa Hrepps, að under þessa Sveit Liggja almenningspartur, í Bárðardals-afrétt, fyrir vestann Skjálfafljót, kallaður Melar, sem varla nægi til Sumarhaga tveimur Hundrudum af rosknu fé; klaga þeir að í þetta Landspláts reki nockrer Hreppsbændur so mikenn Fénad, að þar af orsakest mikill Skadi og Átroðningur þeim Bændum, sem búa nærster Afréttinni; Fyrirspyrja þeir sig hvört þeir ecke megi heimta Lamba Toll af þeim, sem ár epter ár reka í þetta Landspláts og leggja hann Hreppsins fátækum til góða; Hvaruppá Syslumadurenn gëfur þann úrskurd, að Hreppstjórar í Ljósavatns Hrepp skule einer ráða fyrir að byggja þennan Almennings Part þeim Hreppsins búendum sem hellst með þurfa, til Gjeldfjár haga á Sumar, fyrir edur án betalings, sem þá Leggest Hreppnum til Nota, og skulu Hreppstjórar under eins sjá til að Lands-parturenn verde ecki ofsettur.<sup>430</sup>

Í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu segir Sigurður Árnason prestur á Hálsi eftirfarandi um landið milli Fnjóskadal og Bárðardals:

Til beggja hliða í Ljósavatnsskarði liggja fjöll, þaug nyrðri til Kinnarfjalla, og hin syðri, allt frá Hálsnhjúk til suðurs austan við fram-Fnjóskadal, til Bárðardalsfjalla og svo fram til meginöræfa norðvestan undir Sprengisand. Norður milli byggðanna eru í fjallaklasa þessum nokkrir þverdalir með langdrögum og grasteygjum fyrir fé, einkum þeim er upp liggja frá Bárðardal að austan.<sup>431</sup>

Halldór Björnsson, prestur á Eyjardalsá, segir í lýsingu Eyjardalsár- og Lundarbrenkusókna, sem barst Bókmenntafélaginu árið 1840:

32. *Afréttarlöndin* eru fyrir ofan byggðina beggja megin Fljótsins. Mývetningar hafa geldfjárupprekstur fyrir austan það og nokkrir Reykdælingar, en Bárðælingar fyrir vestan, bæði á Mjóadal, Íshólsdal, í Melum og á Krókdal. Almennigur er nefndur partur sunnan af Mjóadal og reka Bárðælingar tollfrítt í hann geldfé sitt. Krókdal eignar sér Ljósavatnskirkja, en til hinna landanna, sem fyrir afrétt brúkast, eiga tiltölu efstu bæirnir í byggðinni, svo sem Íshóll, Litlatunga og Mjóidalur fyrir vestan Fljótið, ... Aðalrétt Bárðælinga er á grjóthæð nokkurri rétt austur af Mýri, fyrir utan Litlutungu. Sækja menn almennt þangað þriðjudaginn þegar fullar 5 vikur lifa

<sup>429</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.30). Guðni Hallgrímsson var bóndi á Ljósavatni (Þing. VII. 6. Manntalsbók 1837-1845). Líklega sonur Hallgríms Þorlákssonar. Ekki er búið að finna tengsl Þorgríms og Eiríks við Ljósavatn.

<sup>430</sup> Skjal nr. 2 (142) a-b.

<sup>431</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 53.

sumars. Fyrir utan Bárðdælinga ei nema tveir eða þrír bændur úr Mývatnssveit sem tíðka upprekstur vestan Fljótsins.<sup>432</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er að finna eftirfarandi umfjöllun um Ljósavatnshrepp:

... Í Bárðardal ... og landkjarni viðasthvar í betralagi, ef hans mætti viðnjóta fyrir ágángssakir af afrjettar fje því, er sækjir þaðan í búfjár haga, einnig er sumarahagi fyrir gjeldfje sveitarmanna þegar mjög eyddur af sandfoki. ...<sup>433</sup>

Jarðamatið 1849-1850 segir um Íshól:

Til kosta má telja afrjettar part, til lítils aflags og hrossa haga.<sup>434</sup>

Ekkert er minnst á „afrétt“ í beinum tengslum við aðrar jarðir í Bárðardal vestan Fljóts í þessu jarðamati, en kvartað er yfir ágangi afréttarfjár á Mýri og Halldórsstöðum.<sup>435</sup>

Ekki hafa allir bændur í Bárðardal vestanverðum þurft að notfæra sér Bárðdælaafrétt. Amtmaður í Norður- og Austuramti segir í bréfi 28. janúar 1861 vegna umsóknar Ljósavatnsbónda um að fá Öxará í makaskiptum fyrir nokkrar jarðir, þar sem hann minnst á kosti Öxará:

Med Hensyn til dens Beskaffenhed og Tilliggende maa jeg iøvrigt henwise til Godsforvalterens Erklæring af 19de i d. M., idet jeg i Henseende til de i Andragendet nævnte Servituter skal tilføie, at det er mig forebragt, at Eieren af Ljosavatns Kirke kan benytte en Axará tilhørende Deel som Overdrev for Lam og golde Faar, ...<sup>436</sup>

Árið 1874 bað Stóruvallabóndi um að mega fá Íshól í makaskiptum fyrir Heiðarhús á Flateyjardal. Í bréfi til Laufásprests, 7. mars s.á., sagði hann (sjá að öðru leyti Íshól):

Eins og yður er kunnugt, þá liggur Laufáskirkju umboðsjörð yðar Íshóll, innst allra jarða hjer í Bárðardal, við afrjettarlönd okkar bárðdælinga. En af því þessi afrjettarlönd eyðileggjast árlega, af sandfoki, þá er hjer, að verða hinn mesti skortur á sumarahögum fyrir gjeldfjenað vorn. Líka höfum við opt óhagræði af ábúðinn<i> á Íshóli með það, hvað afrjettarfje okkar styggist úr sínum högum, sem náttúrulegt er: og rennur fyrir það til byggða út í sveitina.<sup>437</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 31. maí 1904 var þinglesin „skrá yfir Afréttarlönd suður af Bárðardal vestan Skjálfandafljóts“ sem oddviti Ljósavatnshrepps hafði gert í umboði hreppsnefndarinnar 23. mars sama ár og verið

<sup>432</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 102-103.

<sup>433</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>434</sup> Skjal nr. 2 (36).

<sup>435</sup> Skjal nr. 2 (36).

<sup>436</sup> Skjal nr. 2(190) a-h.

<sup>437</sup> Skjal nr. 2(181) a-c.

samþykkt af eiganda og ábúanda Ljósavatns vegna Ljósavatnskirkju og eigendum Litlutungu og Mýrar. Er hún svohljóðandi:

1. Sameiginleg takmörk hinna síðartöldu afréttar hluta:

Að austan ræður Skjálfandafljót frá ósi Mjóadalsár suður gegnt hrauninu, sunnan við Marteinsflæðu.

Að sunnan ræður bein stefna þaðan að upptökum Kiðagilsár. Að vestan ræður fjallgarðurinn vestan við Kiðagils drög og Mjóadalsárdrög norður að upptökum Syðri-Bótarár. Að norðan ræður Syðri-Bótará að ósi, og svo Mjóadalsá að ósi hennar.

2. Innan þessara takmarka sem nefnd eru hér að ofan eru eftirfylgjandi jarðarhlutar:

A. *Litlutunguland* (eign Mýrar í Bárðardal). Takmörk þess eru: Að Austan Skjálfandafljót frá ósi Mjóadalsár suður að merkilágum. Að sunnan bein stefna úr Merkilágum yfir miðjan hólmann í Ishólsvatni að Mjóadalsá lítið sunnan við ós syðri Bótarár, að vestan ræður Mjóadalsá að ósi hennar.

B. *Ishólsland*. (eign Ljósavatnshrepps) Takmörkin eru: Að austan: frá hólmanum í Ishólsvatni að Rangárósi, þá Rangá að línu þeirri sem liggur frá Galthól að Sjónarhól á Mjóadal sem er merkjalína að sunnan. Að vestan ræður Mjóadals á frá sjónarhól að merkjalínunni milli Íshóls og Litlutungu, að Norðan ræður Merkjalinan, sem talin er að sunnan í Litlutungu landamerkjum.

C. *Mjóadalsland* (eign Ljósavatnshrepps). Takmörk þess eru: Að austan er Mjóadalsá frá syðri Bótará að Tungufellsá. Að sunnan ræður Tungufellsá að Þvergili, þá ræður Þvergil uns það þrýtur. Að vestan ræður bein stefna vestan við öll drög er liggja að Lambám og Grjótá að botni Syðri Botarár [upphaflega skrifað: Botnár]. Að Norðan ræður syðri Botará [upphaflega skrifað: Botná] að ósi hennar.

D. *Ítak Ljósavatnskirkju*: (eign Ljósavatnskirkju) Takmörk þess eru: Að austan er Skjálfandafljót frá Galthól suður að Kiðagilsá, að sunnan er Kiðagilsá, að botni Kiðagils. Að vestan há grjótin milli Mjóadals og Smiðjuskógskjálkans. Að norðan bein lína frá Galthól er miðar á Sjónarhól.

E. *Almenningar* (eign Ljósavatnshrepps)

I. Stykkið milli Skjálfandafljóts að austan og Ishólslands að vestan, Merkilága að Norðan og línunnar milli Galthóls og sjónarhóls að sunnan.

II. Allur Mjóidalur sunnan við Tungufellsá og Þvergil vestan Mjóadalsár, og alt land sunnan við Sjónarhól austan Mjóadalsár.

III. Alt land sunnanvið Kiðagilsá suður að Merkjunum móts við Marteinsflæðu (sjá sameiginlegu takmörkin að sunnan).<sup>438</sup>

<sup>438</sup> Skjal nr. 4 (80).

Sören Jónsson, meðeigandi Litlutungu, mótmælti skjalinu að því leyti sem það snerti land jarðar hans og sérstaklega þar sem aðeins tveir af fimm sameigendum Litlutungu höfðu skrifað undir það.<sup>439</sup>

Í landamerkjabréfi Stórutungu í máli 1/2007 segir:

Lönd þau, er liggja að Stórutungulandi eru:

...

b. Syðst að vestan er Almennigur eður eign Ljósavatnshrepps.<sup>440</sup>

Meðal þeirra, sem skrifa undir bréfið, er K. E. Friðriksson hreppstjóri. Má ætla að hann hafi skrifað undir vegna Almenningsins.

Afréttarland framan við Bárðardalsbyggð vestan fljóts er talið meðal eigna sveitarsjóðs Ljósavatnshrepps í efnahagsreikningum í fardögum 1897 og 1898. Mjóidalur er talinn sérstaklega meðal eigna í reikningnum 1897 og Mjóidalur og Íshóll sérstaklega í reikningum 1898.<sup>441</sup> Eignaskrá Bárðdælahrepps í fardögum 1908 getur afréttarlandsins sérstaklega og einnig landeignar jarðanna Íshóls og Mjóadal, sem virðast hvor um sig virtar á 700 kr.<sup>442</sup> Afréttarland vestan Fljóts er talið meðal eigna Bárðardalshrepps í fardögum 1918 en ekki minnst á Mjóadal og Íshól sérstaklega.<sup>443</sup> Hins vegar eru Íshóll og Mjóidalur nefndir meðal eigna í fardögum 1919 en ekki minnst á afréttarlandið.<sup>444</sup>

Jarðirnar Íshóll og Mjóidalur voru komnar í eyði þegar fasteignamatið 1916-1918 fór fram. Tekið er þá fram um jarðir í Bárðdælahreppi að þær eigi rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar,<sup>445</sup> og hið sama er um jarðirnar Vatnsenda, Arnstapa og Stórutjarnir, sem eru í Ljósavatnshreppi,<sup>446</sup> en síðan koma ýmsar viðbætur við einstakar jarðir. Skal öðru fremur bent á það, sem sagt er um Ljósavatn og Kamsstaði.

Mýri:

Jörðin liggur á sveitarenda með afrétt á aðra hönd, og er því ágangur af afréttarfé.

Stóruvellir:

Ágangur er mikill af afréttarfé.

Sandhaugar:

Ágangur nokkur af afréttarfé.

Eyjardalsá:

<sup>439</sup> Sbr. skjal nr. 2, (A.6.58).

<sup>440</sup> Skjal nr. 2 (208) a-b.

<sup>441</sup> Skjöl nr. 33 (9) og nr. 33 (10).

<sup>442</sup> Skjal nr. 33 (20).

<sup>443</sup> Skjal nr. 33 (28).

<sup>444</sup> Skjal nr. 33(28).

<sup>445</sup> Skjal nr. 2 (41).

<sup>446</sup> Skjal nr. 2 (42).

Jörðin hefir upprekstur á Eyjardal, en notar þó stundum rétt sinn til upprekstrar á afrétt sveitarinnar.

Öxará:

Jörðin hefir nægilegt upprekstrarland fyrir sig heima. ... Ágangur nokkur af afréttarfé.

En um Ljósavatn segir:

Jörðin á stórt upprekstrarland á Bárðdælaafrétt, vestan Skjálfandafljóts. ... Upprekstur fyrir fé í Náttfaravíkum og reka ítak, hvorttveggja lítills virði.

Vatnsendi:

Nokkur ágangur af afréttarfé.

Kambsstaðir:

Kambárdalur sem liggur upp í fjallið, væri nægilegt upprekstrarland fyrir jörðina.

Birningsstaðir: Afréttur eða upprekstrarland eru ekki nefnd í fasteignamati 1916-1918.

Jóhann Skaptason getur um upphaf fjárleita Bárðdæla suður á Sprengisand í Árbók Ferðafélags Íslands 1969. Tómas Sæmundsson hafi fundið Tómasarhaga og séð til Jökuldals sumarið 1835.

Þessar fréttir vöktu athygli Bárðdæla, sem stundum þóttu heimtur sínar slæmar. Grunaði þá, að hagar kynnu að leynast sunnar en venja var að leita í haustgöngum. Fóru þeir því könnunarferð haustið 1846 á þær slóðir, sem Tómas hafði orðið dalsins var, og fundu þá dal þann, sem gengur suðaustur með suðvestanverðum Tungnafellsjökli og nefndu hann Jökuldal nýja. ... Í dalnum eru sæmilegir hagar, og þar fundust beinagrindur úr fé, sem hafði orðið þar úti.

Frá þeim tíma tókust upp göngur úr Bárðardal suður um Sprengisand, með efstu Þjorsárkvíslum og í Jökuldal. Um skeið gengu Bárðdælir allt suður á Háumýrar og hittu þá Rangæinga þar. En það lagðist fljótt niður.

Á heimleiðinni var svo leitað um Tómasarhaga, norðanverðan Sprengisand, öraefin norður af Tungafellsjökli og síðan um Mjóadal, Íshólsdal og Fljótsdal til Bárðardals.<sup>447</sup>

Hjörleifur Guttormsson hefur fjallað stuttlega um göngur á Vesturafrétti Bárðdæla og vísast til þess.<sup>448</sup>

Í *Göngum og réttum* er öllu fyllri lýsing á fyrirkomulagi gangna eins og þær voru fyrrum. Segir þar að Bárðdælir hafi um allan skeið gert reglulega göngur suður

<sup>447</sup> Jóhann Skaptason: *Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótsheiðar*, Árbók Ferðafélags Íslands 1969, bls. 151.

<sup>448</sup> Skjal nr. 32.

í Jökuldal í Tungnafellsjökli. Voru á tímabili sendir þrír menn í göngurnar og voru 5 daga úr byggð. Síðar voru aðeins tveir menn sendir og voru þá degi lengur og gistu tvær nætur í Jökuldal. Daginn á milli leituðu þeir suður með jöklinum að vestan vestur á Sand og víðar. Síðar styttust göngurnar í 5 daga en mönnum ekki fjölgað.

Lagt var af stað í Jökuldalsgöngur 11. september og farið í náttstað við Kiðagil. Næsta dag var farið í Jökuldal og smalað með Þjórsárkvíslum á suðurleið. Þriðja daginn var Jökuldalur genginn og kindahagar norður af Tungnafellsjökli allt norður að Tjarnardragi. Þar var þriðji náttstaðurinn og komu þangað svonefndir framgangnamenn á móts við Jökuldalsmenn. Næsta dag fóru nokkrir menn norður með Fljóti, norður að Kvíum og gistu þar. Hinir fóru vestur á Klyfberadrag og Hældrag og vestur á Kiðagilsdrög, sem voru leituð norðaustur og fé því, sem þar fannst, komið í veg fyrir þá, sem með fljóti gengu, venjulega sunnan í Kiðagilshnjúk. Þaðan héldu þeir vestur á bóginn, vestur í kringum Gvendarhbjúk, norður Fremrimosa og á Ytrimosa og gistu þar. Mættu þeim þar Mjóadalsgangnamenn. 15. september héldu Kvíamenn áfram smölun norður með Fljóti en hinir um Mjóadal og Íshólsdal. Lauk göngum það kvöld.<sup>449</sup>

Jón Sigurðsson segir um afréttarmál Ljósavatnshrepps hins yngra (1950):

Afrétti á sveitin allgóða, í Náttfaravíkum og uppi á dölum Kinnarfjalla og á vesturafrétt Bárðdæla að 5/11 móti Bárðdælahreppi. Sá afréttur var áður árlega notaður úr öllum syðri hluta hreppsins, norður að Gvendarstöðum, en nú eigi nema af fáum bæjum.<sup>450</sup>

### 5.24.3 Fnjóskadalur

Í ritinu *Göngur og réttir* segir eftirfarandi um Suðurafrétt Fnjóskdæla: „Suður frá byggð í Fnjóskadal liggja þrír dalir: Timburvalladalur austast suður frá Sörlastaðum; Hjaltadalur í miðið, suður frá eyðibýlinu Hjaltadal, og Bleiksmýrardalur vestast, suður frá Tungu og Reykjum. Nú er Tunga í eyði. Allir hafa dalir þessir frá ómunatíð verið notaðir sem afréttarlönd Suður-Fnjóskdælinga, mjög margra Eyfirðinga og nokkurra manna úr öðrum sveitum.

Að öðru leyti eru fyrirbyggjandi heimildir um afréttarnot á dölunum, sem ganga inn úr Fnjóskadal, þ.e. Bleiksmýrardal, Hjaltadal og Timburvalladal raktar í köflunum hér á undan um Sörlastaði, Kambfell, Hjaltadal og Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, og vísast þangað.

Hjörleifur Guttormsson hefur lýst landslagi á dölunum, Bleiksmýrar-, Hjalta- og Timburvalladal, og gert grein fyrir Fnjóskdælingaafréttum og fjallskilum í greinargerð, sem unnin hefur verið fyrir óbyggðanefnd og vísast til hennar.<sup>451</sup>

<sup>449</sup> Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir* IV, bls. 286-287.

<sup>450</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 175.

<sup>451</sup> Skjal nr. 32.



#### 5.24.4 Fjallskilareglugerðir

Elsta fjallskilareglugerð fyrir vesturhluta Þingeyjarsýslu, þ.e. Suður-Þingeyjarsýslu og Kelduneshrepp í Norður-Þingeyjarsýslu, er frá árinu 1893 og tók gildi 1. janúar 1894.<sup>452</sup>

Var þá svæðinu öllu skipt í þrjú fjallskilafélög: 1. Svæðið milli Jökulsár og Skjálfafljóts. 2. Svæðið vestan Skjálfafljóts og norðan Ljósavatnsskarðs, vestur í Fnjóskadal hjá Skógum og þaðan yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd. 3. Svæðið vestan Skjálfafljóts ofan við Ljósavatnsskarð. Hvert fjallskilafélag gat skipt í deildir eftir því sem hagar, fjöll og vatnsföll deildu. (1. gr.).

Allt land skiptist í „afréttir“ og heimalönd. Hreppsnefndir í hverjum hreppi ákváðu, hvað skyldu vera „afréttir“ og takmörk milli „afréttar“ og heimalanda. (3 gr.).

Hreppsnefndir skyldu gangast fyrir sveitarsamþykktum um, hvort nota skyldi heimalönd til upprekstrar fyrir geldfé eða lömb. Skyldi tekið skýrt fram, hver þau lönd væru og tala fjár, er í þau mætti reka. Heimalönd, sem heimild væri til fyrir að nota til upprekstra, skyldi skoða sem „afrétti“, enda væru þau notuð á þann hátt af fleiri en landeigendum sjálfum (4. gr.).

Ef tveir eða fleiri menn ættu „afrétti“ saman, skiptust afréttartollar milli þeirra eftir tiltölu hvers og eins í „afrétti“, þótt einn leyfði frekar en aðrir. (9. gr.).

Fjárleitir á öræfi, sem ekki gætu talist til nokkurra „afrétta“, skyldu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir. (29. gr.).

Ný fjallskilareglugerð var sett árið 1904.<sup>453</sup> Mikilvægasta breytingin var á 3. grein, en fyrri málsgrein hennar var svohljóðandi:

Allt land skiptist í öræfi, afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrjetti, ef nauðsyn ber til, eptir tillögum hreppsnefnda og með samþykkt landeiganda.

Næstu fjallskilareglugerðir voru settar árin 1913 og 1920 (dálítil breyting gerð 1924).<sup>454</sup> Engar breytingar voru þá gerðar, sem ástæða er til að nefna hér, en árið 1929 var svæðið gert að einu fjallskilafélagi eða eins og segir í 1. grein:

Suður-Þingeyjarsýsla, ásamt Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag, sem skiftist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum sveitarfélaga.

Stjórn og umsjón fjallskilamála breyttist samkvæmt 3. grein:

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri úr sínum flokki til að hafa á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála hreppsins og nefnast þeir fjallskilastjórar.

<sup>452</sup> Skjal nr. 4 (11).

<sup>453</sup> Skjal nr. 4 (12).

<sup>454</sup> Skjöl nr. 4 (13), nr. 4 (14) og nr. 4 (15).

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði hreppsnefnda.<sup>455</sup>

Næsta fjallskilareglugerð, árið 1937, var fyrir Suður-Þingeyjarsýslu eina, sem og frá árunum 1952, 1959 og 1974, en árið 1952 var Húsavík orðin að kaupstað og því nefnd sérstaklega eftir það.<sup>456</sup> Breytingar, sem ástæða þykir til að nefna eru eftirtaldar:

Árið 1959 varð 4. grein svohljóðandi:

Allt land skiptist í öræfi, afréttir og heimalönd. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki hreppsnefndar komi til, enda hafi það aldrei áður í byggð verið.

Sýslunefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum hreppsnefndar, enda liggja samþykki landeigenda fyrir.<sup>457</sup>

Nýrri málsgrein var aukið í 4. grein í fjallskilareglugerðinni árið 1974:

Enn fremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir.<sup>458</sup>

Núgildandi fjallskilasamþykkt er frá árinu 1996 og er fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar, þ.e. Tjörnes-, Reykja-, Aðaldæla-, Reykdæla-, Skútustaða-, Bárðdæla-, Ljósavatns- og Hálshreppa og Húsavík. Hljóðar 4. grein svo:

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í almenninga, afrétti og heimalönd. Héraðsnefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum sveitarstjórna og með samþykki landeigenda. Ennfremur geta sveitarstjórnir með samþykki héraðsnefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki héraðsnefndar komi til. Héraðsnefnd ákveður mörk á afréttum og almenningum.<sup>459</sup>

<sup>455</sup> Skjal nr. 4 (16).

<sup>456</sup> Skjöl nr. 4 (17) - nr. 4 (20).

<sup>457</sup> Skjal nr. 4 (19).

<sup>458</sup> Skjal nr. 4 (20).

<sup>459</sup> Skjal nr. 4 (21).

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Sameiginleg atriði á svæði 6

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrirbyggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þessara gagna við það mál sem hér er til umfjöllunar. Í framhaldinu verður einnig sérstaklega hugað að því hvort í nýjum dómum um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afréttarsvæða megi greina áherslumun sem tilefni gefi til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.<sup>460</sup> Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (svæði 1), er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum nr. 1-5/2001 (svæði 2) er í kaflanum *Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1-9/2003 (svæði 3), 1-6/2004 (svæði 4) og 1-5/2005 (svæði 5). Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum nr. 1-5/2007 (svæði 6).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og samræmi við áður nefndar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, og vísar til þeirra, sbr. einnig kafla 6.1.2 - 6.1.3 hér á eftir.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 31. maí 2006, nánar tiltekið kafla 6.1.1 í málum nr. 1-6/2004 (svæði 4), var þannig fjallað sérstaklega um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr.

<sup>460</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 32, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 29. maí 2007, nánar tiltekið kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), tók óbyggðanefnd einnig afstöðu til þess hvort þeir dómar sem þá lágu fyrir gæfu tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki. Þá skal þess getið að í sömu málum, kafla 6.1.2, var gerð almenn grein fyrir stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi.

Frá því óbyggðanefnd kvað upp síðastnefnda úrskurði, í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænaþjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á framangreindri niðurstöðu, þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

### 6.1.3 Afréttir einstakra jarða og stofnana

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sbr. kafla 6.1.1. og viðauka. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4 og 4.5 í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnotafréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra

jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu Þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð Þjóðlendum og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenninga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í Þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afréttar og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu

manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenna, Merkurungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrir og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafréttta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að

þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almennungum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðháttu, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrjú dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskups-tungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitafæni af þessum toga að

eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlaugar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>461</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffellslambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum Landnámu sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

## 6.3 Birningsstaðir, Kambsstaðir, Stóru-Tjarnir, Arnstapi, Vatnsendi, Ljósavatn, Öxará, Eyjardalsá, Sandhaugar, Hlíðskógar, Stóruvellir, Lækjarvellir, Litluvellir, Halldórsstaðir, Mýri, Bólstaður, Sörlastaðir, Bakki, Bakkasel og Belgsá

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Birningsstaða, Kambsstaða, Stóru-Tjarna, Arnstapa, Vatnsenda, Ljósavatns, Öxará, Eyjadalsár, Sandhauga, Hlíðskóga, Stóruvalla, Litluvalla, Halldórsstaða, Mýrar, Sörlastaða, Bakka, Bakkasels og Belgsár gera tilkall til. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2-3.13.

Landsvæði það er hér um ræðir er samfelldur fjallgarður, að mestu úr blágrýti. Fjallgarðurinn hefur leguna norður – suður og liggur sunnan frá Sprengisandi norður að Ljósavatnsskarði og að austan heitir Vallafjall (779 m) á löngum kafla, nafnið tekið eftir Stóruvöllum. Hæstu hnjúkar eru Háafell (917 m) sunnan Ljósavatnsskarðs, Belgsárfjall (853 m), Bakkaselsfjall (853 m), Bæjarfjall (745 m), Litluvallafjall (737 m) og Pílagrímsfell (818 m) sem liggur vestan Þorvaldsdals en norðan þess liggja Pílagrímsmosar og Fremri-Slakkhæðir (777-795 m). Upp af Sörlastöðum norður að Vatnsenda eru hlíðar fjallsins allbrattar en hallaminni að austanverðunni. Frá Háfelli að norðanverðu suður í Pílagrímsfell eru tæpir 34 km mælt í beinni loftlínu.

<sup>461</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hliðar þeirra verið numdar í öndverðu en landnám hafi ekki tekið til fjalla og síðan öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Ekki er fallist á merkjalýsingar Mýrar, Halldórsstaða, Litluvalla, Stóruvalla, Hlíðskóga, Sandhauga, Eyjardalsár, Öxarár, Ljósavatns, Vatnsenda, Arnstapa, Stórutjarna, Kambsstæða, Birningsstaða og Bakka umfram 500 m hæðarlínu. Er hér m.a. á því byggt að svæðið ofan kröfulínunnar hafi ekki verið numið í öndverðu og hafi ekki verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé. Því er haldið fram að lýsingar jarða til fjalls takmarkist við brúnir í 500 m hæð en nái ekki til háfjallsins. Rétt sé að benda á að einungis nokkrar jarðir sunnanvert í Bárðardal hafi samþykki jarða á móti til fjallsins en slíku virðist ekki til að dreifa vegna jarða norðan til. Njóti landamerkjalyýsingar jarðanna Vatnsenda, Arnstapa og Stórutjarna ekki stuðnings annarra jarða á lýsingum í háfjöllum. Að því er Sörlastaði varðar er litið svo á að jörðin hafi ekki átt land sunnan Heimaraklettagils í Timburvalladal, með vísan til þjóðlendusjónarmiða en svæðið standi hátt og fjarri byggð auk þess sem ekki njóti við eldri heimilda um slíkt eignarhald. Þá er einnig vísað til óljósrar lýsingar Sörlastaða um suðurmörk, þ.e. „eyðigrjót og sandar“, sjá einnig til hliðsjónar leyfi Munkaþverárklosturs frá árinu 1773 til heyskapar en þá virðist sem fram hafi komið að ýmsir aðrir hafi nýtt Timburvalladal án sérstaks leyfis.

Varðandi ríkisjarðirnar Bakkasel og Belgsá er byggt á því að merki þeirra nái ekki hærra en í 500 m hæðarlínu í brúnum Háafells, Belgsárfjalls og Bakkaselsfjalls vestanverðum.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. þinglýstra eigenda Kambsstæða, Arnstapa, Öxarár, Eyjardalsár, Sandhauga, Hlíðskóga, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum gögnum sem lögð hafi verið fram. Hafa beri í huga þá viðurkenndu sönnunarreglu íslensks eignarréttar að sá sem fari með fullkomin umráð landareignar, hafi gert það um áratuga skeið og hafi þinglýsta eignarheimild, þurfi ekki frekari sönnunargagna við. Sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem véfengi slíkar eignarheimildir landeigandans, sbr. einnig almennar niðurstöður óbyggðanefndar og dóm Hæstaréttar í máli nr. 48/2004. Krafa íslenska ríkisins sé ekki studd neinum sögulegum sönnunargögnum né heldur réttarlegum gögnum. Aðeins séu settar fram örökstuddar tillögur að því hvernig óbyggðanefnd skuli úrskurða um mörk milli þjóðlendu og eignarlanda. Ekki sé heldur að finna í kröfulýsingu íslenska ríkisins neinn lagalegan rökstuðning fyrir því hvers vegna eignarréttur samkvæmt þinglýstum landamerkjabréfum skuli víkja. Einnig er á því byggt að fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreind landamerki voru gerð. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda noti enginn landið með nokkrum hætti nema eigendur þess á hverjum tíma. Þá verður að telja að það hafi mikla þýðingu að eigendur hafi um langt

skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. þinglýstra eigenda Vatnsenda, Stóruvalla, Litluvalla og Halldórsstaða auk ábúenda Mýrar er byggt á landamerkjabréfum og öðrum eignarheimildum sem þeir hafi. Því er sérstaklega mótmælt að „eingöngu dalir og hlíðar hafi verið innan landnáms.“ Það komi fram í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en hæpið sé að draga ályktanir á grundvelli takmarkaðra lýsinga Landnámu. Hafi þessar niðurstöður nefndarinnar verið staðfestar af dómstólum. Ekki séu heimildir um annað en að jarðirnar hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja þeirra hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland almennt. Fjallendið hafi ekki verið undanskilið. Engin gögn bendi til þess að land vestan kröfulínu íslenska ríkisins, innan merkja jarðanna, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land innan merkja þeirra. Lögð sé áhersla á að þegar óbyggðanefnd meti hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra sem styðji tilkall þeirra til beinna eignarréttinda innan merkja jarðanna. Þá sé ljóst að landsvæðið sem lýst sé í landamerkjabréfum hafi verið innan landnáms Gnúpa-Bárðar og því mótmælt að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja verði dregin í efa. Með landamerkjalögum frá 1882 hafi stjórnvöld í fyrsta sinn haft frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Elstu upplýsingar um landamerki verði ekki til fyrr en í kjölfar laganna. Eru kröfur byggðar á eignarheimildum sem grundvöll eigi í fyrrnefndum lögum. Á því er jafnframt byggt að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrár séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum ríkisins. Með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnábylgjagætlags sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að axla hana. Þá er því haldið fram að eftir að ríkisvald hafi stofnast hér á landi hafi handhafar þess margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Loks er byggt á réttmætum væntingum og hefð.

Ábúendur Mýrar mótmæla sérstaklega kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna Mýrar. Falli kröfulýsingin alfarið að þjóðlendukröfum. Ábúendur telja afar óeðlilegt að svo skuli að málum staðið þar sem ekki verði fram hjá því litið að þeir eigi allir sömu hagsmuna að gæta.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Birningsstaða, Stórutjarna, Ljósavatns, Bakka og Sörlastaða, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því

framangreindum landamerkjabréfum var þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Eignarheimildir hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna. Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Samrýmist þá í engu þessari grundvallarreglu réttarríkis að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi margsinnis í aldanna rás viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur eigendum framangreindra jarða þá sé hún niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Í ljósi þeirra gjörninga sem fyrir liggja um ráðstöfun jarðanna er því haldið fram nægar heimildir hafi verið færðar fram fyrir eignartilkalli þinglýstra eigenda þeirra. Vísast einnig til almennra niðurstaðna óbyggðanefndar þar sem segi að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum, og landamerkjalyfing fari ekki í bága við eldri heimildir, sé beinum eignarrétti háð. Sá er haldið öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkjabréfa sé ekki beinum eignarrétti háð. Þá er byggt á réttmætum væntingum, jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslulaga og hefð. Loks er byggt á því að telja verði röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til fjalla algerlega ósannaðar enda séu þær ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Birningsstaða, Kamsstaða, Stóru-Tjarna, Arnstapa, Vatnsenda, Ljósavatns, Öxarár, Eyjardalsár, Sandhauga, Hlíðskóga, Stóruvalla, Litluvalla, Halldórsstaða, Mýrar, Sörlastaða, Bakka, Bakkasels og Belgsár er rakin í köflum 5.2 til 5.18. Af þeim heimildum sem þar er getið má ráða að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.<sup>462</sup> Flestar koma þær þar fyrst fram á 14. öld en einnig nokkrar á 15. öld.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum þeirra og hvað ráðið verður af þeim fáu eldri heimildum um sama efni sem fyrir hendi eru. Athugun þessi tekur til merkja jarðanna inn til landsins, á kröfusvæði íslenska ríkisins. Fyrst verður litið til merkja jarða í Ljósavatnsskarði en talið frá norðri til suðurs eru þetta Birningsstaðir, Kamsstaðir, Stóru-Tjarnir, Arnstapi, Vatnsendi og Ljósavatn. Þá verður litið til merkja jarða sem liggja í Bárðardal en það eru, talið frá norðri til suðurs, Öxará, Eyjardalsá, Sandhaugar, Hlíðskógar, Stóruvellir, Litluvellir, Halldórsstaðir og Mýri. Að því búnu verða merki jarðarinnar Sörlastaða í Fnjóskadal skoðuð en stór hluti kröfusvæðis vegna hennar er einnig í Timburvalladal. Loks verður litið til merkja þeirra jarða í Fnjóskadal sem

<sup>462</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

norðar liggja, en það eru, talið frá suðri til norðurs, Bakki, Bakkasel og Belgsá. Að fenginni niðurstöðu um landamerki umræddra jarða með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Af þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar liggja Birningsstaðir vestast í Ljósavatnsskarði. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 2. júní 1890 og þingl. 16. júní sama ár. Til austurs „... ræður Kambsá en úr gilsopinu ræður bein lína að Sigríðarstaðalandamerkjum. Að sunnan ræður bein lína eftir miðju fjalli, eða þar sem vötn skilja.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Kambsstaða.

Jörðin Kambsstaðir liggur austan Birningsstaða. Merkjum hennar er fyrst lýst í lögfestu frá 7. maí 1796. Merkjum er lýst svo: „... ad sunnann verdu er su Gröf er heiter Nóngröf, og so beinleidis þar ofan til LitluTiarnar Lækjar, gagnvart Landamerkia Gile ad austan verdu; Enn ad utann Rædur KambsAa, er Rennur i Aminstann Læk.“ Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Kambsstaði en merkjum er lýst í afsalsbréfi frá 7. október 1915 þegar hluti af landi jarðarinnar var seldur til Stóru-Tjarna en einnig í afsali frá 25. nóvember 1968. Í fyrra afsalinu segir m.a. um merkin: „Úr merkjagróf að austan á milli nónbekks og Steinholts eftir vörðum eða girðingum norðvestur í vinkilkrók vestan við svokallað Hólagerði.“ Í seinna afsalinu segir um merki til vesturs: „Kambsá, frá Tungusporði að gilopi, þaðan bein lína í merki Sigríðarstaða ...“ Síðan segir um suðurmerkin: „... vatnaskil, svo sem vötn draga.“

Jörðin Stóru-Tjarnir liggur austan og norðan Kambsstaða og vestan Arnstapa. Til er vitnisburður um merki Sigríðarstaða og Vestritjarna (Stóru-Tjarna) frá 14. ágúst 1468. Þar kemur fram um jörðina „vestritjarnir“ sem liggur í „losavazskarde ok reiknade hennar iardar eign ecki leingra austr en ath þeim stora læk sem utan geingr epter skardeno ok sudur fellur i liosavatn.“ Í landamerkjabréfi fyrir Stórutjarnir, frá 16. janúar 1883 og þingl. 19. júní 1884, er merkjum gagnvart Kambsstöðum lýst svo: „Eftir merkigróf í fjallinu fyrir ofan bæinn og beina stefnu í garðstúf niður í Mó.“ Á milli Stóru-Tjarna „að vestan og Arnstapa að austan: „Úr Briðjuhól í Nýpuhól og síðan beina stefnu niður í Stýflugarð í mýrinni og svo beint í Litlu-Tjarnalæk.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Litlutjarna, Arnstapa og Kambsstaða.

Jörðin Arnstapi liggur austan Stórutjarna, norðan Kambsstaða og vestan Vatnsenda. Merkjum hennar er fyrst lýst í lögfestu frá 30. apríl 1810. Merkjum er lýst þannig: „... ad Sunnann rædur Lækjarmoldfall, edur gróf, sem fellur úr so Kölludum Svarthamre, og so fast sem sá Lækur heldur, allt i Liósavatn, enn frá Svarthamre réttssyne á Fiall upp; ad nordannverdu allt i Nyphól, [...] enn frá tjedum Nyphól ad ofannverdu, rétta sjónhendíng á FjallsEgg.“ Í landamerkjabréfi Arnstapa, frá 16. janúar 1883, er merkjum lýst „að austan milli Arnstapa og Stóru-Tjarna að vestan. Úr Briðjuhól í Nýphól og síðan beina stefnu niður í stíflugarð í mýrinni og svo beint í Litlu-Tjarnalæk. Að vestan milli Vatnsenda og Arnstapa að austan. Úr Skaftá og vestan vert í Dauðatanga (Stapa).“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Stórutjarna og Vatnsenda.

Jörðin Vatnsendi liggur austan Arnstapa og Kambsstaða og vestan Ljósavatns. Landamerkjum er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 30. apríl 1885 og þingl. 9. júní 1886. Merkjum til vesturs „ræður bein stefna úr Stapa og austanvert í Dauðatanga.“ Að austan ræður „Geitá alla leið vestur á fjall.“ Að suðvestan og sunnan ræður „fjallsbrúnin.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Arnstapa og Ljósavatns.

Jörðin Ljósavatn liggur austan Vatnsenda, Kambsstaða og Belgsár og norðan og vestan Öxarár. Jörðinni er fyrst lýst í máldaga Ljósavatnskirkju frá 1380. Þar segir: „Ræður diupaa oc lioasaavatn oc geitaa firi vtaann vppaa fiaall til vppsprettu aauxaraa aallt j fliot ...“ Einnig er merkjum lýst í vísitasíu Ljósavatnskirkju frá 1828. Þar kemur eftirfarandi fram um mörk jarðarinnar: „... alt landid itölulaust, frá tvígardi og sudur í Öxará ...“ Síðar segir: „... og Geitá fyrir utann, uppa fiall til uppsprettu Auxarár alt í Fliót á Auxará.“ Loks er merkjum Ljósavatns lýst í landamerkjabréfi frá 12. júní 1890, óþinglýst. Þar stendur að Öxará ráði merkjum að sunnan „... þangað til Öxará- og Eyjardalir mætast; þaðan beina stefnu vestur á hágrjót þar til vötn falla til vesturs, og svo beina línu norður grjótin í „Geitá“ og ræður hún merkjum ofan fyrir fjallsrætur, þaðan svo aptur eptir miðfarveg árinna í Ljósavatn ..“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Öxarár, Eyjardalsár og Vatnsenda. Nú tilheyrir hluti þess landsvæðis sem lýst er í framangreindum merkjalýsingum jörðinni Öxará, sbr. afsal frá 6. apríl 1901.

Þá er lokið yfirferð yfir merki jarða í Ljósavatnsskarði. Næst verður fjallað um merki jarða í Bárðardal en þær eru nánar tiltekið, talið frá norðri til suðurs, Öxará, Eyjardalsá, Sandhaugar, Hlíðskógar, Stóruvellir, Litluvellir, Halldórsstaðir og Mýri.

Jörðin Öxará liggur sunnan og austan Ljósavatns, austan Belgsár og Bakkasels og norðan Eyjardalsár. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 3. júní 1890 og þingl. degi síðar. Er merkjum lýst þannig að ráði „... gamall garður upp á há brún, og síðan sama stefna vestur yfir grjótin og að Öxaránni. Þaðan skilur Öxaráin lönd Öxarár og Ljósavatns alla leið að kvíslinni og síðan ræður kvíslin að svonefndum Grjótgarði ...“ Bréfið er áritað um samþykki vegna eigenda Ljósavatns. Nýtt landamerkjabréf var útbúið fyrir Öxará 18. maí 1901 en þá hafði hluta af landi Ljósavatns verið afsalað til eigenda Öxarár. Þar er merkjum lýst svo: „... ræður Öxará merkjum suður Öxarárdal alla leið suður í „Dalamót“ og þaðan beina stefnu vestur á hágrjót, svo norður grjótin að upptökum Ljósavatnsár. Að norðan ræður forn merkigardur austan frá kvísl upp móinn og hjá syðri Hraungarðsenda, þá ræður sami garður upp fjallshlíðina til Ljósavatnsár í fjalli uppi, þaðan ræður áin merkjum til áðurgreindra upptaka.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Eyjardalsár og Ljósavatns.

Jörðin Eyjardalsá liggur sunnan Öxarár, austan Bakka og Sörlastaða og norðan Sandhauga. Samkvæmt landamerkjabréfi Eyjardalsár, frá 2. júní 1886 og þingl. í júní 1887, er merkjum lýst til suðurs úr Helmingshöfða „á fjall upp yfir þveran Eyjardal til vesturgjóta, og á þau þar til vötn falla vestur þaðan ...“ Þaðan er svo farið í norðurátt

„ ... norður grjótin ... “ Til norðurs fylgja merkin „garðbroti“ úr Kárasteini „ ... upp fjallshlíðina, og ræður það landamerkjum meðan það endist, og þá bein lína vestur yfir austurgjót allt til Öxarár, þaðan eftir því sem áin liggur suður á áðurnefnd dælumót [Eyjardals og Öxarárdals].“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Sandhauga, Ljósavatns og Öxarár. Annað landamerkjabréf var gert fyrir Eyjardalsá 22. maí 1907 og þingl. næsta dag. Það er í samræmi við eldra bréfið og lýsir merkjum: „ ... vestur á há fjallið ... “ og „ ... norður á dælumót ... “ Einnig er merkum Eyjardalsár lýst í tveimur eldri heimildum. Í lögfestu frá 2. maí 1753 segir um mörk inn til landsins: „ Vestur a fiall upp.“ Þá eru merki miðuð við vatnaskil í lögfestu frá 1817 og einnig að farið sé “ ... upp til vestara Fialls ... “---

Jörðin Sandhaugar liggur sunnan Eyjardalsár, austan Sörlastaða og norðan Hlíðskóga. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 2. júní 1890 og þingl. 27. maí 1891. Merki til suðurs eru lína „ ... frá Yztakletti vestur yfir fjallið í Biskupsvörðu, þaðan í sömu stefnu vestur yfir Eyadal og á hágrjótin.“ Þaðan er merkjum lýst „Að vestan: Hágrjótin á fjallinu norður til Eyadalsárland<s>. Að norðan: Bein lína úr hágrjótunum á fjallinu, yfir þveran Eyardal, þaðan austur yfir fjallið í Helmingshöfða ... “ Bréfið er áritað um samþykki vegna Eyjardalsár og Stóruvalla.

Jörðin Hlíðskógar liggur sunnan Sandhauga, austan Sörlastaða og norðan Stóruvalla. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Hlíðskóga en jörðin á útskiptan nyrsta hluta Stóruvallalands sem rúmast innan landamerkjabréfs Stóruvalla. Verður því fjallað í einu lagi um merki beggja jarðanna. Jörðin Stóruvellir liggur sunnan Hlíðskóga, austan Sörlastaða og norðan Litluvalla. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 17. október 1883 og þingl. 24. maí 1889. Til suðurs fylgja merkin Sexhólsstaðagili og úr því ræður „ ... bein stefna til vesturs uppá Vallnafjall og svo langt vestur sem vatnsfjöll deila sveita á milli ... “ Vesturmerkin fylgja svo síðastnefndu fjalli til norðurs „ ... gegnt svonefndri Biskupsvörðu, sem er óumþrætt land milli Stóruvalla og Sandhauga frá ómunatíð.“ Þá eru merki til norðurs: „ ... bein stefna austur í svonefnda Biskupsvörðu, og úr henni ræður sama stefna ofan fjallið í klett þann, sem norðast stendur í klifinu milli Stóruvalla og Sandhauga og sem hér eftir nefnist merki klettur ... “ Bréfið er áritað um samþykki vegna jarðanna Sörlastaða, Litluvalla og Sandhauga.

Jörðin Litluvellir liggur sunnan Stóruvalla, austan Sörlastaða og norðan Halldórsstaða. Henni er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 18. maí 1885 og þingl. 28. maí sama ár. Merkjum til norðurs er lýst í Sexhólsstaðagil og síðan „ ... bein stefna til vesturs uppá Vallafjall og svo langt, sem Vatnsföll deila sveita á milli ...“ Til vesturs fylgja merkin Suðurfjallinu þar til komið er gegnt „svonefndu Sleikjulækjargili.“ Til suðurs er svo farið úr Suðurfjallinu „ ... í áðurnefnt Sleikjulækjargil, sem þá ræður merkjum til fjallsróta.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Stóruvalla og Halldórsstaða.

Jörðin Halldórsstaðir liggur sunnan Litluvalla, austan Sörlastaða og norðan Mýrar. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Halldórsstaði né aðrar eldri heimildir um merki jarðarinnar en landamerkjabréf Litluvalla og Mýrar er áritað vegna Halldórsstaða.

Jörðin Mýri liggur sunnan Halldórsstaða, vestan Sörlastaða og norðan Mjóadals. Hún er síðasta jörðin sem fjallað verður um hér sem liggur í Bárðardal. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 20. maí 1885 og þingl. 14. júní 1890. Til suðurs eru merki miðuð við Syðri-Bótará. Til vesturs er farið úr „ ... norðvestustu upptökum Bótarár [og] liggja svo merkin norður há fjallið eftir því sem vatnsföll deila sveita á milli, norður gegnt svonefndum Stóralæk og er þar nú sett merkivarða.“ Til norðurs er miðuð við að tekin sé „ ... bein stefna úr áður nefndri vörðu í efri krókinn á Stóralæk, svo lækurinn að neðri króknum ...“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Halldórsstaða, Sörlastaða og Mjóadals.

Næst verður litið til merkja jarðarinnar Sörlastaða í Fnjóskadal en hluti kröfusvæðis hennar er einnig í Timburvalladal. Á eftir þeirri umfjöllun verður fjallað um merki jarðanna Bakka, Bakkasels og Belgsár en þær eru í Fnjóskadal.

Jörðin Sörlastaðir liggur norðan Mjóadals, vestan Mýrar, Halldórsstaða, Litluvalla, Stóruvalla, Hlíðskóga, Sandhauga og Eyjardalsár, sunnan Bakka og austan Kambfellstungu. Merkjum Sörlastaða er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 19. apríl 1884 og þingl. 18. júní sama ár. Til norðurs fylgja merkin gömlum merkjagarði „ ... er liggur frá austri til vesturs á hinu svonefnda Langholti, og beint til fjalls í grjótvörðu, sem hlaðin er á hól nokkru ofar fjallsrótum, er sýnir beina stefnu í næsta mel, sem liggur í fjallsbrúninni fyrir norðan hina svonefndu Grákolluskál.“ Til austurs er merkjum lýst svo: „Til austurs á Vallnafjall eiga Sörlastaðir land að Bæargilstjörn, að Grettistaki, að Fremraskarðsdragi, að Hvítárdragi, að Pílagrímsmosum og að Pílagrímsfjalli.“ Um suðurmerkin segir þetta: „Að sunnan liggja eiðigrjót og sandar.“ Til vesturs fylgja merkin Timburvalladalsá og Bakkaá. Bréfið er áritað um samþykki vegna Bakka, Hjaltadals, Snæbjarnarstaða, Stóruvalla og Sandhauga.

Jörðin Bakki liggur norðan Sörlastaða, vestan Eyjardalsár og sunnan Bakkasels. Henni er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 1. nóvember 1883 og þingl. 18. júní 1884. Að norðan eru merkin miðuð við „Fossgil í fjalli.“ Til austurs er miðuð við að merki nái „ ... á fjall upp og þar til Eyjardalsárlands, sem ódeilt er ...“ Til suðurs ræður „ ... gamall merkigarðsstúfur [...], eru merkin frá eystri enda hans þverstefnu til fjalls í vörðu, sem hlaðin er á litlum grjóthól hól neðst í fjallinu og þaðan beint upp á fjallið ...“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Bakkasels og Sörlastaða.

Jörðin Bakkasel liggur norðan Bakka og sunnan Belgsár. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 1. nóvember 1883 og þingl. 18. júní 1884. Merki til suðurs eru miðuð við „fossgil í fjalli“. Til austurs ræður „mitt fjallið“. Til norðurs eru mörkin „ ... Belgsá á Belgsárdal og miðfarvegur hennar ...“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Bakka og Belgsár.

Jörðin Belgsá liggur norðan Bakkasels, vestan Öxarár og Ljósavatns og sunnan Kambsstaða. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 16. janúar 1883 og þingl. 18. júní 1884. Um merki til norðurs, suðurs og austurs segir þetta: „Að norðan ræður Botnagil og úr því Víðilækur og þaðan beint í Fnjóská [...]. Að sunnan ræður miðfarvegur Belgsár. [...]. Að austan Fjallið.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Bakkasels.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan eru rakin er merkjum milli jarða almennt lýst „á fjall upp“, „á hágrjót“, „upp á brún“ eða í vatnaskil. Hafa þessar lýsingar stuðning af eldri heimildum í þeim tilvikum sem þeirra nýtur við. Ekkert landamerkjabréf er þó til fyrir Halldórsstaði en landamerkjabréf Litluvalla og Mýrar, sem liggja norðan og sunnan Halldórsstaða, eru árituð vegna Halldórsstaða. Hér ber þess að geta að svæðið er samfelldur fjallgarður, að mestu úr blágrýti, sem liggur sunnan frá Sprengisandi að Ljósavatnsskarði og heitir Vallafjall (779 m) á löngum kafla, nafnið tekið eftir Stóruvöllum. Hæstu hnjúkar eru Háafell (917 m) sunnan Ljósavatnsskarðs og Litluvallafjall (737 m). Víðast hvar eru hlíðar hamralausar og gróið upp á brúnir nema þar sem jarðvegur hefur blásið ofan í grjót og klungur.

Óbyggðanefnd telur að framangreindar heimildir og staðhættir bendi til þess að merki jarða á umræddu landsvæði, þ.e. sunnanverðu Ljósavatnsskarði, vestanverðum Bárðardal og austanverðum Timburvalladal og Fnjóskadal, hafi náð þar saman, fremur en að þau lægju umhverfis fjallgarðinn í hlíðum hans, svo sem haldið hefur verið fram af hálfu íslenska ríkisins. Umræddur hluti af þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu telst því allur innan merkja jarða. Afmörkun þeirra er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins.

Verður þá næst fjallað sameiginlega um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi árið 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Bréfin voru



þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem hér geti skipt máli. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur jarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að land á þessu svæði hafi a.m.k. verið numið að hluta. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Jarðir þær sem hér um ræðir liggja að öðrum jörðum, þar á meðal á fjallseggjum. Heimildir um afréttarnot á þessu svæði eru almenns eðlis og endurspeglar fremur beitarnot á hálendari hlutum jarðanna. Þær benda ekki til þess að land innan merkjalýsinga jarða á þessu svæði hafi haft stöðu afréttar að lögum. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Ekki eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlenduþrófussvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra og verða staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjallendis jarðanna hafi, eðli máls samkvæmt, verið takmarkaðri en láglendis þeirra, leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>463</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber

<sup>463</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar um merki felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur jarðanna Kambsstæða, Stórutjarna, Arnstapa, Vatnsenda, Ljósavatns, Öxarár, Eyjardalsár, Sandhauga, Hlíðskóga, Stóruvalla, Litluvalla, Halldórsstæða, Mýrar, Sörlastaða, Bakka, Bakkasels, Belgsár og Birningsstæða gera eignarlandskröfur til, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.4 Íshóll

### 6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem Þingeyjarsveit gerir tilkall til sem eignarlands Íshóls, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.15. Landsvæðið það sem hér um ræðir liggur í yfir 400 m hæð og afmarkast af Skjálfafljóti til austurs. Hrafnabjargafjall liggur þar norðaustast og Lækjardalir þar suður af. Íshólsdalur liggur vestan Hrafnabjargafjalls og Lækjardala og hefur leguna norður–suður. Hann er allvíður og eftir honum rennur Rangá. Þrátt fyrir jarðvegseyðingu er víða gróið á Íshólsdal, votlendi, vallendi og sendnar torfur með grávíði og sandtöðu.

### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu. Landnám hafi ekki tekið til fjalla og öræfa sunnan þeirra á þessu svæði. Heimildir greini frá því að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Þjóðlendukrafan fylgi merkjum Íshóls að Mjóadalsá sem ráði merkjum að vestan. Þaðan sé fylgt merkjum Íshóls að Syðri-Bótará sem ráði merkjum Mýrar. Með þessu sé fallist á að Íshóll, innan framangreindra marka, sé fullkomið eignarland.

Af hálfu Þingeyjarsveitar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á skrá yfir afréttarlönd frá árinu 1904 og öðrum skráðum eignarheimildum, auk þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki í mót. Við rannsókn hafi komið í ljós að afréttarlýsingin nái langt inn í land Íshóls en jafnframt er höfð hliðsjón af staðsetningu bæjarhúsarústa jarðarinnar. Þá sé skilyrðum hefðar fullnægt. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not landsins og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim. Vísað er til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar

gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það fái ekki samrýmst grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti og hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur aðilum þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Vísað er í Almennar niðurstöður óbyggðanefndar og dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004, í máli nr. 48/2004, um að sönnunarbyrðin hvíli á þeim er véfengi landamerkjalyásingar og elstu heimildir um eignarhald á landsvæði. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Íshóls hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Notkun lands geti gefið vísbendingar um það hvort land sé eignarland eða ekki en þó megi ekkert alhæfa út frá því. Einnig er vísað í Hæstaréttardóm frá 16. maí 2007. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi hvorki náð til heiða né Íshóls enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til þoku fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka á Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhá hefð og venjurétti. Vísað er til ákvæða Grágásar og Jónsbókar. Þá er því haldið fram að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Loks er vísað til eignarréttarákvæðis Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994, eignarréttarákvæðis og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Íshóls er rakin í kafla 5.19. hér að framan, samanber einnig kafla 5.24. um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 16. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða en hún mun hafa farið í eyði árið 1897 og verið nýtt til beitar síðan.<sup>464</sup> Ágreiningur aðila í máli þessu varðar afmörkun jarðarinnar til suðurs og austurs. Skeikar þá verulegu á kröfugerð íslenska ríkisins og kröfugerð eigenda Íshóls.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verði af heimildum um afmörkun Íshóls. Athugun þessi tekur til merkja jarðarinnar til vesturs, suðurs og austurs en

<sup>464</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

óumdeilt er að nyrsti hluti kröfussvæðis Íshóls sé eignarland. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að kröfussvæði Íshóls til vesturs og suðurs en að austan er það skýrt afmarkað af Skjálfandafljóti. Til vesturs er kröfussvæði Mjóadals til suðurs er kröfussvæði „afréttarlands í Þingeyjarsveit“. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Íshóls með tilliti til ágreiningssvæðis málsaðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Einu heildstæðu lýsinguna á merkjum Íshóls er að finna í þinglesnu skjali sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttarlönd suður af Bárðardal vestan Skjálfandafljóts“ frá 1904. Skráin er gerð af oddvita Ljósavatnshrepps en hreppurinn hafði keypt jörðina árið 1897.

Í afréttaskránni frá 1904 er mörkum Íshóls til vesturs lýst þannig: „að vestan ræður Mjóadals á frá sjónarhól að merkjalínunni milli Íshóls og Litlutungu [...]“. Í landamerkjabréfi Mjóadals frá 8. maí 1897 sem þinglýst var 29. júní sama ár er merkjum Mjóadals til austurs lýst svo að Mjóadalsá skilji lönd Mjóadals og Íshóls. Bréfið var samþykkt vegna Íshóls. Samræmi er því milli afréttaskrárinnar frá 1904 og landamerkjabréfs Mjóadals um að vesturmörk Íshóls séu þau sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á í máli þessu.

Í afréttaskránni frá 1904 er merkjum Íshóls til suðurs lýst svo að lína sú „sem liggur frá Galthól að Sjónarhól á Mjóadal“ sé „merkjalína að sunnan“. Í sömu heimild er fjallað um landsvæðið vestan Skjálfandafljóts og sunnan Galthóls sem „ítak Ljósavatnskirkju“. Norðurmörkum „ítaks Ljósavatnskirkju“ er þar lýst svo að þau marki „bein lína frá Galthól er miðar á Sjónarhól“. Þessi afmörkun Íshóls að beinni línu sem dregin er milli Galthóls og Sjónarhóls kemur heim og saman við afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á jörðinni til suðurs.

Austurmörkum Íshóls er lýst svo í afréttaskránni frá 1904: „frá hólmanum í Ishólsvatni að Rangárósi, þá Rangá að línu þeirri sem liggur frá Galthól að Sjónarhól á Mjóadal sem er merkjalína að sunnan“. Í sömu heimild er getið um að „stykkið milli Skjálfandafljóts að austan og Ishólslands að vestan, Merkilága að Norðan og línunnar milli Galthóls og sjónarhóls að sunnan“ tilheyri „Almenningum“ sem séu eign Ljósavatnshrepps. Land Íshóls er þannig afmarkað skemur til austurs í afréttaskránni en krafa eigenda Íshóls gerir ráð fyrir, þ.e. að Rangá í stað Skjálfandafljóts.

Ekki eru fyrirbyggjandi eldri heimildir um afmörkun Íshóls til vesturs, suðurs og austurs en þær sem hér hafa verið raktar. Óbyggðanefnd telur að líta beri til þess að afréttaskráin 1904 var gerð af oddvita Ljósavatnshrepps skömmu eftir að Íshóll komst í eigu hreppsins. Í skránni er einnig getið um „Almenninga“ sem eign hreppsins, aðliggjandi landi Íshóls að austanverðu. Þessi tvískipta umfjöllun um það landsvæði sem nú er gerð krafa um vegna Íshóls, þ.e. annars vegar sem Íshólslands og hins vegar sem „Almenninga“ bendir eindregið til þess að landsvæðið austan Rangár hafi verið utan þess lands Íshóls sem hreppurinn fékk afsalað árið 1897. Engar heimildir eru um að það hafi nokkru sinni heyrt undir jörðina Íshól.

Krafa eigenda Íshóls um að merki jarðarinnar og beinn eignarréttur þeirra nái austur fyrir Rangá verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um afmörkun Íshóls en um önnur atriði sem krafa þessi er studd við verður fjallað síðar. Landsvæðið vestan Rangár sem deilt er um í máli þessu er hins vegar innan marka Íshóls eins og þau verða ráðin af afréttaskránni frá 1904 og öðrum heimildum.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan greindra marka Íshóls, þ.e. vestan Rangár og línu sem dregin er frá ósi hennar í hólmann í Íshólsvatni. Ekki er véfengt af hálfu íslenska ríkisins að Íshóll hafi stöðu jarðar að lögum. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu. Óbyggðanefnd telur að miða beri mörk jarðarinnar til vesturs, suðurs og austurs við það sem fram kemur í afréttaskránni frá 1904, þ.e. að Mjóadalsá ráði vesturmörkum, lína dregin beina stefnu milli Sjónarhóls og Galthóls ráði norðurmörkum að Rangá, austurmörkum ráði síðan Rangá að ósi og síðan lína sem dregin er þaðan í hólmann í Íshólsvatni.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að nyrðri hluti þessa landsvæðis hafi verið numinn en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur.

Heimildir þær um afréttarnot sem íslenska ríkið vísar til kröfum sínum til stuðnings og taka til Íshóls endurspeгла fremur beitarnot á Íshóli eftir að jörðin komst í eigu Ljósavatnshrepps. Þær benda ekki til þess að land innan marka Íshóls hafi haft stöðu afréttar að lögum. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Að öllu framangreindu virtu verður lagt til grundvallar að jörðin Íshóll hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma þar til hún fór í eyði árið 1897 og komst í eigu Ljósavatnshrepps. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1904, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur Íshóls farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á svæðinu ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að vestan framangreindrar merkjalínu sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>465</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

<sup>465</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Kemur þá sérstaklega til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis innan kröfusvæðis Íshóls sem liggur austan Rangár og línunnar sem dregin er frá ósi hennar í hólmann í Íshólsvatni, þ.e. utan marka Íshóls eins og þau verða ráðin af afréttaskránni frá 1904 og öðrum heimildum. Í afréttaskránni eru nefnd þrjú mismunandi svæði sem teljist til „Almenninga“ og séu „eign“ Ljósavatnshrepps. Eitt þeirra er „stykkið milli Skjálfandafljóts að austan og Íshólslands að vestan, Merkilága að norðan og línunnar milli Galthóls og sjónarhóls að sunnan“. Frekari heimildir er ekki að finna um afmörkun þessa landsvæðis og engar heimildir eru um að það hafi nokkru sinni verið innan marka Íshóls. Ekki liggja heldur fyrir heimildir um að það hafi verið innan marka annarra jarða. Þvert á móti er svæðið í afréttaskránni frá 1904 nefnt meðal „Almenninga“ ásamt hluta þess landsvæðis sem fjallað er um í kafla 6.7 um Vesturafrétt Bárðdæla. Það bendir til þess að staða landsvæðisins að lögum hafi verið talin sú sama og „Almenninga“ að öðru leyti. Í kafla 6.7 er komist að þeirri niðurstöðu að á Vesturafrétti Bárðdæla sé um að ræða þjóðlendu og afrétt og á umfjöllun þess kafla jafnframt við um það svæði sem hér er til skoðunar. Samkvæmt gögnum þessa máls og skýrslutökum hafa nýttar af landsvæði þessu austan Rangár einskorðast við sumarheit fyrir búfé og eftir atvikum önnur takmörkuð not. Það bendir til þess að þar sé afréttur í þeim skilningi að um sé að ræða óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.<sup>466</sup>

Ekki liggur fyrir hvernig Ljósavatnshreppur er kominn að rétti sínum til þessa svæðis. Ekki hefur verið sýnt fram á annað en að hann hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarheitar fyrir búpening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á landsvæði þessu austan og utan marka jarðarinnar Íshóls, svo sem þeim er lýst í afréttaskránni frá 1904, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>467</sup> Heimildir benda hins vegar til þess að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Ljósavatns- og Bárðdælahreppum. Er þá einkum um að ræða afréttarskrána frá 1904.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæðið sem afmarkað er hér á eftir og liggur austan og utan við austurmörk jarðarinnar Íshóls en innan kröfusvæðis eigenda Íshóls í máli þessu teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá Skjálfandafljóti við Hrafnabjörg er dregin bein lína norðvestur í hólmann í Íshólsvatni og þaðan suður í ós Rangár. Þaðan er Rangá fylgt að línu sem*

<sup>466</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>467</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*dregin er beina stefnu milli Galthóls og Sjónarhóls. Frá þeim stað sem sú lína sker Rangá er línunni fylgt austur í Galthól við Skjálfandafljót og þaðan stystu leið í fljótið. Frá Skjálfandafljóti við Galthól er fljótinu fylgt til norðurs í upphafspunkt við Hrafnabjörg.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Bárðdæla- og Ljósavatnshreppum, nú Þingeyjarsveit, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

## 6.5 Mjóidalur

### 6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem Þingeyjarsveit gerir tilkall til sem eignarlands Mjóadals, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.16. Landsvæðið það sem hér um ræðir liggur í yfir 400 m hæð upp af vestanverðum Mjóadal. Mjóidalur gengur í um 15 km í suðsuðvestur og rennur Mjóadalsá um hann. Mjóadalsá verður til þar sem Mosakvísl og Tungufellsá renna saman við Tungufellssporð. Svæðið hallar til vesturs og er fjalllent. Vesturhlíð dalsins er skorin giljum þar sem um renna nokkrar smáar til austurs í Mjóadalsá. Er þar að nefna Ytri- og Syðri-Lambá, og Grjótá norðan þeirra. Dalurinn er vel gróinn.

### 6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu. Landnám hafi ekki tekið til fjalla og öræfa sunnan þeirra. Heimildir greini frá því að stór hluti þjóðlendukröfussvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur og að Mjóidalur sé meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps og Bárðdælahrepps. Í því sambandi er vísað til afréttaskrár frá árinu 1904 og til umfjöllunar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um afréttarsvæði á Mjóadal. Þar sé þess getið að landið sé almennings afréttur. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé.

Af hálfu Þingeyjarsveitar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á landamerkjabréfi Mjóadals, dags. 8. maí 1897 og þinglýst 29. júní 1897, og öðrum skráðum eignarheimildum, auk þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Eldri

heimildir mæli þeim almennt ekki í mót. Samkvæmt landamerkjalogum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að hafa frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau væru skráð og leyst yrði úr ágreiningi væri hann fyrir hendi. Landamerkjálýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Það eigi við um þetta svæði. Þessum lýsingum hafi svo verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem leiði til þess að þarna hafi orðið til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Í samræmi við fyrri niðurstöður óbyggðanefndar hvíli því sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landsvæðinu á ríkisvaldinu. Þá sé skilyrðum hefðar fullnægt. Landeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not landsins og öll nýting verið háð leyfi frá þeim. Vísað er til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggji eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það fái ekki samrýmst grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti og hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur aðilum þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis.

Vísað er í Almennar niðurstöður óbyggðanefndar og dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004, í máli nr. 48/2004, um að sönnunarbyrðin hvíli á þeim er véfengi landamerkjálýsingar og elstu heimildir um eignarhald á landsvæði. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Mjóadals hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Notkun lands geti gefið vísbendingar um það hvort land sé eignarland eða ekki en þó megi ekki alhæfa út frá því. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi hvorki náð til heiða né Mjóadals, enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til þoku fortíðarinnar. Ekki sé hægt að byggja á Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Vísað er til ákvæða Grágásar og Jónsbókar. Þá er því haldið fram að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Loks er vísað til eignarréttarákvæðis Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994,



eignarréttarákvæðis og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Mjóadals er rakin í kafla 5.20 hér að framan, samanber einnig kafla 5.24 um afrétti og afréttarnot. Örnefnið Mjóidalur sést fyrst í umfjöllun um Mýri í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1712. Þar er einnig getið Mjóadalskots og Holkots sem muni vera eyðiból á Mjóadal. Mjóadals er fyrst getið sem býlis í lýsingu Eyjardalsár- og Lundarbrennkusókna árið 1840 en þar kemur fram Mjóidalur hafi áður verið nefndur Mjóadalskot. Byggð virðist hafa verið á Mjóadal frá árinu 1812 eða 1813 og til ársins 1894. Einnig virðast Mjóadalskot og Holkot hafa verið byggð um óþekktan tíma fyrir 1712. Mjóidalur er nú nýttur sem beitiland fyrir sauðfé. Málsaðila greinir á um hvort Mjóidalur hafi stöðu jarðar að lögum.<sup>468</sup>

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verði af heimildum um afmörkun Mjóadals. Einkum verður litið til landamerkjabréfs Mjóadals frá 8. maí 1897 sem þinglýst var 29. júní sama ár. Athugun þessi tekur til heildarmerkja Mjóadals en umrætt svæði er allt innan þess sem íslenska ríkið gerir kröfu um að teljist þjóðlenda. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Mjóadal en þar eru kröfusvæði Hjaltadals, Kambfellskjálka og Sörlastaða til vesturs, Mýrar til norðurs og Íshóls til austurs. Til suðurs er landsvæði sem krafa er gerð til sem afréttarlands í Þingeyjarsveit. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Mjóadals verður fjallað um eignarréttarlega stöðu hans.

Í landamerkjabréfi Mjóadals er merkjum til austurs lýst svo að Mjóadalsá skilji lönd Mjóadals og Íshóls. Bréfið var samþykkt vegna Íshóls. Ekki eru til eldri heimildir en landamerkjabréfið um þessi merki. Í „skrá yfir afréttarlönd suður af Bárðardal vestan Skjálfafljóts“ frá 1904 er því lýst að Mjóadalsá ráði austurmörkum Mjóadalsslands frá Syðri-Bótará að Tungufellsá. Í sömu heimild er mörkum Íshólsslands til vesturs lýst svo að Mjóadalsá ráði frá Sjónarhóli að merkjalínunni milli Íshóls og Litlutungu. Þannig er samræmi milli landamerkjabréfs Mjóadals og afréttaskrárinnar um mörk Mjóadals til austurs.

Merkjum Mjóadals til suðurs er lýst svo í landamerkjabréfinu að Tungufellsá, svo Þvergil og síðast bein stefna úr því vestur á hágrjót skilji Mjóadalssland og „almennig“. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna þeirra landsvæða sem liggja sunnan greindra marka Mjóadals. Ekki eru til eldri heimildir en landamerkjabréfið um suðurmörk Mjóadals og ekki liggja fyrir aðrar heimildir um afmörkun aðliggjandi landsvæðis að sunnanverðu, þ.e. Vesturafréttar Bárðdæla, en afréttarskráin frá 1904. Í henni er mörkum milli Mjóadals og afréttarins lýst þannig að Tungufellsá ráði að

<sup>468</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Þvergili, þá ráði Þvergil uns það þrjóti. Í sömu heimild er því lýst að til almenninga teljist meðal annars „allur Mjóidalur sunnan við Tungufellsá og Þvergil vestan Mjóadalsár, og allt land sunnan við Sjónarhól austan Mjóadalsár.“ Gagnaðilar íslenska ríkisins hafa staðsett hornmark Mjóadals til suðvesturs, á „hágrjóti“, með tilteknum hætti á vatnaskilum. Rannsókn óbygðanefndar bendir ekki til annars en að „hágrjót“ séu rétt staðsett af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins á vatnaskilum og það kemur heim og saman við það sem fram kom við skýrslutökur í málinu. Því er samræmi milli landamerkjabréfs Mjóadals og afréttaskrárinnar um mörk Mjóadals til suðurs.

Vesturmerkjum Mjóadals er lýst svo í landamerkjabréfinu að frá hágrjóti liggja merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna þeirra landsvæða sem liggja vestan greindra marka Mjóadals. Ekki eru fyrir hendi eldri heimildir en landamerkjabréfið um vesturmörkin en í afréttaskránni frá 1904 er þeim lýst þannig að bein stefna ráði vestan við öll drög er liggja að Lambám og Grjóta að botni Syðri-Bótarár. Samræmi er þannig milli landamerkjabréfsins og afréttarskrárinnar um vesturmörk Mjóadals. Vestan kröfusvæðis Mjóadals eru kröfusvæði Hjaltadals, Kambfellskjálka og Sörlastaða. Í landamerkjabréfi Hjaltadals frá 16. janúar 1883 sem þinglýst var 18. júní 1884, segir: „Að sunnan eru Örafi.“ Landamerkjabréfið er ekki undirritað vegna Mjóadals. Það landsvæði sem nú er gerð krafa um vegna Kambfellskjálka var auk kröfusvæðis Hjaltadals innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfi Hjaltadals. Samkvæmt landamerkjabréfi Sörlastaða, frá 19. apríl 1884 sem þinglýst var 18. júní 1884, liggja „eiðigrjót og sandar“ að sunnan. Landamerkjabréfið er ekki áritað vegna Mjóadals. Af þessum lýsingum er ekki ljóst hve langt til suðurs og suðausturs land Sörlastaða og Hjaltadals hefur verið talið ná. Heimildirnar svara því ekki hvort þau hafi náð allt að vatnaskilum til móts við land Mjóadals. Allt að einu mæla þær ekki í mót lýsingu landamerkjabréfsins á vesturmörkum Mjóadals.

Norðurmerkjum Mjóadals er lýst svo í landamerkjabréfinu að Syðri-Bótará skilji lönd Mjóadals og Mýrar. Bréfið var samþykkt vegna Mýrar. Ekki eru fyrir hendi eldri heimildir en landamerkjabréfið um norðurmörk Mjóadals. Í afréttaskránni frá 1904 er þeim lýst þannig að Syðri-Bótará ráði að ósi hennar. Í landamerkjabréfi Mýrar sem útbúið var þann 20. maí 1885 og þinglesið 14. júní 1880 er merkjum Mýrar til suðurs lýst svo að Syðri-Bótará skilji lönd Mýrar og Mjóadals að sunnan. Bréfið var áritað um samþykki vegna Mjóadals. Hér skal þess og getið að ekki eru fyrir hendi eldri heimildir um afmörkun Mýrar en landamerkjabréf þeirrar jarðar. Þannig er samræmi milli landamerkjabréfs Mjóadals og annarra fyrirliggjandi heimilda um mörk Mjóadals til norðurs svo langt sem þær heimildir ná.

Hér skal þess getið að frásögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns af „Mjóadal“ verður ekki talin mæla afmörkun Mjóadals í landamerkjabréfinu í mót en um frásögnina verður nánar fjallað hér á eftir.

Samkvæmt því sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Mjóadals. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins og eldri heimildir mæla henni ekki í mót.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf Mjóadals var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn til þess að merkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst. Bréfið var undirritað af umráðamanni Mjóadals, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Mjóadals, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Ljóst er að fyrirsvarsmenn Mjóadals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að nyrðri hluti þessa landsvæðis hafi verið numinn en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur.

Verður nú sérstaklega litið til þess hvort Mjóidalur hafi stöðu jarðar að lögum. Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til umfjöllunar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 og skráar yfir afréttarlönd suður af Bárðardal og vestan Skjálfandafljóts frá 1904 því til stuðnings að Mjóidalur hafi stöðu afréttar. Í

Jarðabókinni segir svo: „Mjóidalur kallast eitt dalland sem liggur fram frá Mýri og er almennings afrijettur Bárðardalshrepps fyrir vestan fljótið og út að Djúpá [...] Þessi almenníngur tekur alt austur í Skjálfandafljót fyrir framan bygðina so langt á fjall suður sem grös eru, og er þetta furðu víðátta [...] Króksdalur, sem nú kallast Smiðjuskógur [...] liggur í nefndum almenníngi“. Í sömu heimild er minnst á eyðibólin Mjóadalskot og Holkot þar sem segir: „Mioadalskot og Holkot kallast tvö eyðiból á Mjóadal fyrir vestan ána, og sjást enn nokkur byggíngarmerki á báðum þeim, bæði tóftarústa og túngarða. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi og so fjarska við bygðina.“

Samkvæmt framangreindu er örnefnið „Mjóidalur“ notað í víðtækri merkingu í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og látið taka til landsvæðis sem liggur a.m.k. að verulegu leyti mun austar og sunnar en það landsvæði sem landamerkjabréf Mjóadals tekur til. Mjóadalskot og Holkot sem nefnd eru í Jarðabókinni kunna allt eins að hafa verið byggð út úr Mýri eins og á afréttinum.

Sem fyrr segir er talið að Mjóidalur hafi verið í byggð á árunum 1812–1894. Í lýsingu Eyjardalsár- og Lundarbrennkusókna árið 1840 kemur fram að bærinn Mjóidalur, áður nefndur Mjóadalskot, standi hér um bil mílu sunnar en Mýri, sé hjáleiga frá Mýri og metinn með Mýri. Þar sé „landgott og víðslægt en framar vetrarhart“. Í Jarðtali J. Johnsens frá árinu 1847 segir að Mjóadals sé ekki getið í jarðabókunum en samkvæmt sýslumanni sé hann afbýli frá Mýri. Samkvæmt jarðamati í Ljósavatnshreppi (síðar Bárðdæla- og Ljósavatnshreppum) 1849 var „Mjóidalur byggdur úr Mýrar landi fyrir 36 árum en ómetin“. Samkvæmt því mun það hafa verið um 1813. Í matinu kemur fram að á Mjóadal sé landrými sæmilegt og landkostir til málnytu og þrifa séu í betra lagi. Í Nýrri jarðabók fyrir Ísland, sem var staðfest árið 1861, er Mjóidalur metinn sér til dýrleika. Fram kemur að fornt mat á jörðinni Mjóadal sé 6 hundruð en hið nýja 9,9 hundruð.

Í uppboðsbók sýslumannsins í Þingeyjarsýslu 1876–1889 kemur fram að 21. maí 1880 hafi verið haldið opinbert uppboðsþing að Ljósavatni. Þar hafi jörðin Mjóidalur í Ljósavatnshreppi tilheyrandi dánarbúi Jóns Jónssonar verið seld hæstbjóðanda, Kristjáni Jónssyni á Úlfsbæ. Mjóidalur er einnig nefndur jörð í yfirskrift landamerkjabréfs Mjóadals frá 8. maí 1897. Í kaupsamningi fyrir Mjóadal frá 4. júní sama ár er Mjóidalur einnig nefndur jörð og skýrt kveðið á um að verið sé að kaupa og selja landareign jarðar. Tekið er fram að hún sé 9,9 hundruð að dýrleika að nýju mati og engin hús eða kúgildi fylgi heldur sé aðeins keypt landeign jarðarinnar. M.a. er áskilið að seljandinn, Kristján Jónsson, greiði alla áfallna skatta og opinber gjöld af jarðeigninni auk þess sem honum er gert að annast löggilda merkjaskrá vegna hennar. Eftir að kaupin höfðu farið fram, þ.e. 29. júní 1897, var landamerkjabréfinu svo þinglýst.

Í bréfi hreppsnefndar Ljósavatnshrepps til prestsins á Halldórsstöðum 3. nóvember 1900 varðandi greiðslu lambfóðurs og preststíundar kemur fram að

hreppurinn hafi aldrei keypt jörðina Mjóadal í heild sinni heldur einungis landeign hennar. Kúgildi, hús og mannvirki hafi verið undanskilin.

Í afréttaskránni frá 1904 er Mjóidalur talinn upp meðal jarðarhluta. Þar kemur einnig fram að meðal almenninga sé „allur Mjóidalur sunnan við Tungufellsá og Þvergil vestan Mjóadalsár“. Landsvæðið sunnan Tungufellsár og Þvergils er utan þess svæðis sem krafa er gerð til vegna Mjóadals í máli þessu. Frásögn afréttarskrárinnar bendir til þess að litið hafi verið svo á að landsvæðin sunnan og norðan Tungufellsár og Þvergils, sem örnefnið Mjóidalur tekur til, hefðu ólíka stöðu að lögum. Skráin var gerð eftir að Ljósavatnshreppur hafði keypt Mjóadal svo sem hann er afmarkaður í landamerkjabréfinu frá 1897 og tekið að nýta hann sem beitiland.

Árið 1907 var Ljósavatnshreppi skipt í tvo hreppa, samnefndan hrepp og Bárðdælahrepp. Í efnahagsreikningum Bárðdælahrepps frá árunum 1912–1920 er talað um Mjóadal sem jörð en þar er „landeign jarðanna Mjóadals og Íshóls“ talin upp meðal eigna hreppsins.

Í svarbréfi sýslumannsins í Þingeyjarsýslu til Stjórnarráðsins, dags. 6. apríl 1920, segir að Stjórnarráðið hafi beiðst skýrslu sýslumannsins um þau svæði í sýslunni sem talin hafi verið almenningar og um afréttarlönd sem sannanlega hafi ekki tilheyrt né tilheyri nokkru lögbýli. Telur sýslumaðurinn þá til almenning vestan megin Skjálfandafljóts suður af Íshóls og Mjóadalslöndum en ekki Mjóadal sjálfan.

Í skjali sem ber yfirskriftina „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ sem var fylgiskjal með bréfi Sigurðar Gizurarsonar, sýslumanns, til dómismálaráðuneytisins, 14. nóvember 1985 segir m.a. að almenningar séu: „Vestanmegin Skjálfandafljóts land allt suður af Íshóls og Mjóadalslöndum.“ Það land sem nú er gerð krafa um vegna Mjóadals er sem sagt ekki þar á meðal.

Mjóidalur er innan þess landsvæðis sem oddviti Bárðdælahrepps tilgreindi sem „Bárðardalsafrétt vestri“ í bréfi til félagsmálaráðuneytisins 10. apríl 1989. Þar kemur fram að Ljósavatnshreppur eigi 5/11 hluta upprekstrarréttar á afréttinn. Efnislega kemur hið sama fram í bréfi oddvita Ljósavatnshrepps til ráðuneytisins þann 20. sama mánaðar.

Hér að framan hafa verið raktar þær fyrirliggjandi heimildir sem veita vísbendingu um stöðu þess landsvæðis að lögum sem krafa er gerð til vegna Mjóadals. Hin elsta fyrirliggjandi heimild um Mjóadal, þ.e. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712, tekur ekki af tvímæli um hver sú staða hafi þá verið. Þar er minnst Mjóadal í tengslum við almenningsafrétt Bárðardalshrepps. Jafnframt er minnst á Mjóadalskot og Holkot sem „eyðiból“ en ekki kemur fram hver afmörkun lands þeirra hafi verið eða saga þeirra að öðru leyti. Með tilliti til þess hve óljós frásögn Jarðabókarinnar er að þessu leyti getur sá hluti hennar sem nefnir Mjóadal í tengslum við almenningsafrétt Bárðardalshrepps ekki haft svo afgerandi þýðingu að hún vegi þyngra en aðrar yngri heimildir sem ótvírætt tala um Mjóadal sem jörð.

Heimildir frá 19. og 20. öld benda ótvírátt til þess að a.m.k. frá fyrri hluta 19. aldar hafi verið litið á Mjóadal sem jörð. Samkvæmt þeim mun Mjóadal hafa verið skipt út úr Mýri og byggð hafist þar að nýju 1812 eða 1813 en ekki eru fyrir hendi heimildir um afmörkun Mýrar fyrir þann tíma. Kristján Jónsson í Úlfsbæ sem gerði landamerkjabréf Mjóadals 1897 og seldi hann Ljósavatnshreppi sama ár leiddi rétt sinn til Jóns Jónssonar. Sá var sonur Jóns ríka sem 1839 var talinn eiga Mýri. Eftir að Ljósavatnshreppur keypti Mjóadal er ljóst að farið var að nýta landsvæðið sem sumarbeitiland á vegum hreppsins. Sú skipan mála hélt áfram eftir að Ljósavatnshreppi var skipt upp í samnefndan hrepp og Bárðdælahrepp 1907.

Að Mjóadal liggja jarðir til austurs, vesturs og norðurs, þar á meðal á fjöllum uppi. Heimildir þær um afréttarnot sem íslenska ríkið vísar til kröfum sínum til stuðnings, og á annað borð er ljóst er að taka til þess landsvæðis sem hér er til skoðunar, endurspegla fremur beitarnot á Mjóadal en benda ekki til þess að land innan landamerkja Mjóadals hafi haft stöðu afréttar að lögum. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Ekki er fyrir hendi sjálfstæð afmörkun á afrétti sem tekur til lands innan landamerkja Mjóadals. Þá liggja ekki fyrir heimildir um að eigendur Mjóadals hafi litið svo á að hluti af landsvæði því sem afmarkað er í landamerkjabréfi Mjóadals væri afréttur fyrr en eftir að Ljósavatnshreppur keypti jörðina 1897 og tók að nýta hana sem beitiland. Samkvæmt framangreindu telur óbyggðanefnd ekki sýnt fram á að land innan landamerkjabréfs Mjóadals hafi að einhverju leyti stöðu afréttar að lögum.

Að framan hafa verið raktar fyrirbyggjandi heimildir um Mjóadal. Í heimildum frá 19. öld og síðar er ítrekað talað um Mjóadal sem jörð en aldrei sem afrétt fyrr en eftir að hann komst í eigu Ljósavatnshrepps skömmu fyrir aldamótin 1900. Af heimildum sem eru eldri en frá 19. öld og taka til Mjóadals er einkum til Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 að taka en frásögn hennar er óljós varðandi stöðu þess landsvæðis sem hér er deilt um. Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd nægjanlega fram komið að Mjóadalur hafi stöðu jarðar að lögum. Lagt verður til grundvallar að Mjóadal hafi verið skipt út úr jörðinni Mýri og hafi eftir það verið byggður og nýttur eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Ekki er annað fram komið en að hið sama hafi gilt um Mýri áður en Mjóadal var skipt út úr henni. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1897, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur Mjóadals farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja Mjóadals sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>469</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Mjóadals, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.6 Hjaltadalur og Kambfellskjálki

### 6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem Þingeyjarsveit gerir einnig kröfu til sem eignarlanda sinna, Hjaltadals og Kambfellskjálka. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.17 og 3.18.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 500 m hæð og hefur leguna norður – suður og skiptist upp í tvær tungur að norðanverðu sem skildar eru að af Hjaltadal. Eystri tungan, Kambfellstunga, afmarkast af bröttum hliðum Kambfells (945 m) og breikkar land til suðurs. Að austan afmarkast land af Timburvalladalsá og er land bratt til vesturs upp af henni. Ofan á og upp af tungunum er land hallalítið. Vestari tungan liggur austan í Bæjarkjálka inn með Hjaltadal. Vestanvert í Kambfelli liggja nokkur stór gil og ber þar helst að nefna Fossgil, sem er nyrst, Stíflhólagil og Sláttugil. Sunnan Sláttugils liggja nokkuð langir dalir er kallast einu nafni Krókar. Á vestari króknum eru tvö stór gil, Fremra- og Heimara-Kollugil. Sunnan Fremra-Kollugils skiptast Krókar um Hrauntungur. Norðan Heimara-Kollugils liggur Sláttugil og þar norðan Axlargil og bungan Öxl þar upp af á fjallinu. Austur-Krókur hefur leguna norðvestur-suðaustur og um hann rennur Austur-Króksá. Upp af giljum og dölum ofan Hrauntungna er land hallalítið. Suðaustan til á svæðinu liggur Austur-Króksfjall (939 m).

### 6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hliðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla og síðan öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Að því er Hjaltadal og Kambfellskjálka varðar er því hafnað að eignarland jarðanna nái umfram fjallsbrúnir í 500 metra hæð en umrædd fjöll séu allt að 1000 metra há. Fjarlægð frá byggð og landshættir að öðru leyti, auk óljósrar lýsingar til suðurs, styðji og að um þjóðlendu sé

<sup>469</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

að ræða. Byggt er á heimildum um að Hjaltadalur hafi frá ómunatíð verið notaður sem afréttarland Fnjóskdæla, sbr. til hliðsjónar afréttarlýsingu Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi, enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarþeirrar fyrir búfé.

Af hálfu Þingeyjarsveitar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á landamerkjabréfi, dags. 16. janúar 1883 og þinglýst 18. júní 1884, og yfirlýsingu um skiptingu jarðarinnar, dags. 27. ágúst 1950. Jafnframt er byggt á öðrum skráðum eignarheimildum og þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki í mót. Samkvæmt landamerkjalogum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að hafa frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau væru skráð og leyst yrði úr ágreiningi væri hann fyrir hendi. Landamerkjálýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfarið á lögnum frá 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum máldögum og eldri landamerkjabréfum. Það eigi við um þetta svæði. Þessum lýsingum hafi svo verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem landeigendur telji að leiði til þess að þarna hafi orðið til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Í samræmi við fyrri niðurstöður óbyggðanefndar hvíli því sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landsvæðinu á ríkisvaldinu. Þá sé fullur hefðartími liðinn frá því að landamerkjabréfi var þinglýst. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not landsins og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim. Vísað er til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti og hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur aðilum þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Vísað er í almennar niðurstöður óbyggðanefndar og dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004, í máli nr. 48/2004, um að sönnunarbyrðin hvíli á þeim er véfengi landamerkjálýsingar og elstu heimildir um eignarhald á landsvæði. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Hjaltadals hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Notkun lands geti gefið vísbendingar um það hvort land sé eignarland eða ekki en þó megi ekkert alháfa út frá því. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.



Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi hvorki náð til heiða né Hjaltadals enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til þoku fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka á Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Vísað er til ákvæða Grágásar og Jónsbókar. Þá er því haldið fram að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarétti háð. Loks er vísað til eignarréttarákvæðis Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994, eignarréttarákvæðis og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnáráðslulaga nr. 37/1993.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarétti og nýtingar Hjaltadals og Kambfellskjálka er rakin í kafla 5.21 hér að framan, samanber einnig kafla 5.24 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að Hjaltadalur hefuri verið sjálfstæð jörð.<sup>470</sup> Kambfellskjálka var skipt út úr Hjaltadal með yfirlýsingu sem dagsett er 27. ágúst 1950 en hið forna Kambfell virðist hafa verið hjáleiga frá Hjaltadal þar til það lagðist í eyði í kjölfar náttúruhamfara 1818.

Ekki er véfengt af hálfu íslenska ríkisins að Hjaltadalur og Kambfellskjálki hafi stöðu jarða að lögum. Ágreiningur málsaðila varðar hins vegar afmörkun eignarlands Hjaltadals og Kambfellskjálka til suðurs. Skeikar þá verulegu á kröfugerð íslenska ríkisins og kröfugerð eigenda Hjaltadals og Kambfellskjálka.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi Hjaltadals, frá 16. janúar 1883 sem þinglýst var 14. júní 1884, en engar eldri merkjalýsingar hafa fundist utan virðingar Kambfells frá 1804 en þar er merkjum ekki lýst á heildstæðan hátt. Athugun þessi tekur til merkja Hjaltadals til allra átta að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru kröfusvæði Sörlastaða til austurs, Mjóadals til suðausturs og kröfusvæði Bleiksmýrardals til vesturs og suðurs. Að norðan eru Snæbjarnarstaðir. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hjaltadals með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Merkjum Hjaltadals til norðurs er lýst svo í landamerkjabréfi jarðarinnar: „Að norðan merkjaragður, er liggur miðja vegu milli Snæbjarnarstaða og Hjaltadals.“ Bréfið var áritað um samþykki vegna Snæbjarnarstaða. Í landamerkjabréfi Snæbjarnarstaða frá árinu 1885 segir um norðurmörk jarðarinnar gagnvart Hjaltadal: „Að sunnan milli Hjaltadals liggur merkjaragður um miðja vega, er ræður merkjunum.“ Bréfið var áritað um samþykki vegna Hjaltadals. Afmörkun gagnaðila

<sup>470</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

íslenska ríkisins á Hjaltadal í máli þessu fær þannig stoð í landamerkjabréfi Hjaltadals og öðrum heimildum um mörk jarðarinnar að þessu leyti.

Í landamerkjabréfi Hjaltadals er merkjum til austurs lýst svo: „Að austan ræður Timburvallaá.“ Suðurmerkjunum er ekki lýst að öðru leyti en svo: „Að sunnan eru Öräfi“. Bréfið er m.a. áritað um samþykki vegna Sörlastaða en ekki vegna Mjóadals. Í landamerkjabréfi Sörlastaða frá 19. apríl 1884, sem þinglýst var 18. júní sama ár, er merkjum Sörlastaða til vesturs lýst svo að „Að vestan skiftir Sörlastaðalandi frá Hjaltadalsslandi og Snæbjarnarstaðalandi Timburvalladalsá og Bakkaá“. Í bréfinu segir einnig: „Að sunnan liggja eiðigrjót og sandar“. Bréfið var samþykkt vegna Hjaltadals. Í landamerkjabréfi Mjóadals frá 8. maí 1897 sem þinglýst var 29. júní sama ár er vesturmerkjum Mjóadals lýst svo að frá hágrjóti „liggja svo merkin norður háfjallið, eptir því sem vatnsföll deila sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár, sem að norðan skilur lönd Mjóadals og Mýrar“. Bréfið var ekki áritað vegna Hjaltadals.

Sjá má að lýsing landamerkjabréfs Hjaltadals á norðanverðum austurmörkum jarðarinnar fær samrýmst landamerkjabréfi Sörlastaða hvað varðar mörkin suður að upptökum Timburvallaár við Pílagrímsfell. Suðausturmörk Hjaltadals og Kambfellskjálka gagnvart Mjóadal þarfnast hins vegar nánari skoðunar. Sem fyrr segir er þeim ekki lýst í landamerkjabréfi Hjaltadals að öðru leyti en „að sunnan eru öräfi“. Vesturmörk Mjóadals eru samkvæmt landamerkjabréfi Mjóadals miðuð við vatnaskil. Þá er talað um „eyðigrjót og sanda“ að sunnan í landamerkjabréfi Sörlastaða. Þannig eru landamerkjabréf Hjaltadals og Sörlastaða óljós um afmörkun jarðanna til suðurs þar sem ekki er miðað við ákveðin náttúruleg kennileiti í landslagi heldur vísað til almennra staðhátta sem einkenna fjallendið á svæðinu. Á þessu svæði eru ekki skörp skil af náttúrunnar hendi milli gróðurlendis og ógróins fjallendis. Þegar upp úr Hjaltadal er komið eru staðhættir þar nokkuð einsleitir á stóru svæði en um er að ræða fjallendi sem er víðast hvar gróðursnautt en hallalítið og liggur í 800–1000 m hæð. Það á við um landsvæðið allt suður og austur fyrir vatnaskil á Austur-Króksfjalli. Landamerkjabréf Mjóadals er skýrara en bréf Hjaltadals þar sem þar er miðað við vatnaskil sem staðsetja má með allmikilli nákvæmni. Þar sem ekki er við annað að styðjast en það sem hér hefur verið rakið um afmörkun Hjaltadals og Kambfellskjálka til suðurs telur óbyggðanefnd rétt að skýra heimildirnar á þann veg að land það sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hjaltadals og landið sem afmarkað er í landamerkjabréfi Mjóadals liggi saman frá þeim stað þar sem sunnanverðu landi Sörlastaða sleppir. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Hjaltadal í máli þessu fær þannig stoð í landamerkjabréfi Hjaltadals og öðrum heimildum um mörk jarðarinnar að þessu leyti.

Merkjum Hjaltadals til vesturs er lýst svo í landamerkjabréfi jarðarinnar: „Að vestan ræður Fjallið“ og um suðurmörkin segir eins og áður rakið: „Að sunnan eru Öräfi“. Vestan og sunnan kröfusvæðis Hjaltadals liggur kröfusvæði Bleiksmýrardals.

Bréfið var ekki áritað vegna Bleiksmýrardals og ekki er til landamerkjabréf fyrir það landsvæði. Ekki kemur fram í landamerkjabréfinu nánari staðsetning á „Fjallinu“. Þá eru ekki fyrir hendi heimildir um afmörkun Bleiksmýrardals að þessu leyti. Landamerkjabréf Hjaltadals er þannig óglögg varðandi afmörkun til suðurs og vesturs gagnvart Bleiksmýrardal og ekki liggja fyrir aðrar heimildir sem koma að gagni hvað þetta varðar. Með tilliti til þess sem áður er rakið varðandi mörk Hjaltadals og Kambfellskjálka til suðausturs gagnvart Mjóadal og þess að ekkert annað er komið fram í málinu sem leggja mætti til grundvallar um afmörkun Hjaltadals að þessu leyti telur óbyggðanefnd rétt að skýra landamerkjabréfið svo að land Hjaltadals nái til vesturs og suðvesturs að vatnaskilum vatnasviða Hjaltadalsár og Fnjóskár eins og gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á í málinu. Afmörkun þeirra á landi Hjaltadals til vesturs og suðurs fær þannig stoð í landamerkjabréfi Hjaltadals.

Samkvæmt því sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á landi Hjaltadals og Kambfellskjálka eigi sér stoð í landamerkjabréfi Hjaltadals. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins. Ekki eru fyrir hendi heimildir sem mæla landamerkjabréfinu í mót og verður því miðað við að merkjunum sé þar rétt lýst.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf Hjaltadals var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirbyggjandi gögn ekki til annars en að merkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst. Bréfið var undirritað af umráðamanni Hjaltadals, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki Hjaltadals, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við fyrirsvarsmenn aðliggjandi landsvæða. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Ljóst er að fyrirsvarsmenn Hjaltadals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að nyrðri hluti þessa landsvæðis hafi verið numinn en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3–4/2004 á svæði 4 og 2–3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að hluti af því landsvæði sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hjaltadals hafi stöðu afréttar að lögum. M.a. er byggt á því að Hjaltadalur hafi frá ómunatíð verið notaður sem afréttarland ásamt Bleiksmýrardal og Timburvalladal sem Suðurafréttur Fnjóskdæla. Hjaltadalur og Kambfellskjálki liggja að öðrum jörðum til allra átta nema suðvesturs. Þar er Bleiksmýrardalur sem óbyggðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að sé eignarland sbr. kafla 6.6. Heimildir þær um afréttarnot í Hjaltadal sem íslenska ríkið byggir á benda til þess að hluti þess lands sem nú er gerð krafa til vegna Hjaltadals og Kambfellskjálka hafi í gegnum tíðina verið nýtt sem afréttur. Heimildirnar gefa til kynna að sú nýting hafi farið fram undir stjórn eigenda Hjaltadals sem innheimt hafi afréttartolla af þeim sem rekið hafi á afréttinn. Til marks um það er jarðamatið 1804 sem segir um Hjaltadal: „Ársteckjur af „afrétt“ eru 1 ríkisdalur og 32 skildingar.“ Ekki eru fyrir hendi heimildir um sjálfstæða afmörkun á afrétti innan merkjalýsingar Hjaltadals og slíka afmörkun leiðir ekki heldur af staðháttum. Þá eru ekki heimildir um að eignarréttarleg staða þess hluta Hjaltadals sem nýttur var sem afréttur hafi verið önnur en annarra hluta Hjaltadals. Afréttarlandið virðist því hafa tilheyrt jörðinni með sama hætti og annað land hennar. Svo virðist sem það hafi fyrst verið eftir að Hjaltadalur lagðist í eyði og komst í eigu Hálshepps á 20. öld sem nýting alls lands jarðarinnar fór að einkorðast við afréttarnot. Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki sýnt fram á að land innan landamerkjabréfs Hjaltadals hafi að einhverju leyti haft stöðu afréttar að lögum og að umræddar heimildir endurspegli fremur beitarnot á hálendari hlutum jarðarinnar. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Að öllu framangreindu virtu verður lagt til grundvallar að jörðin Hjaltadalur, eins og hún var afmörkuð áður en Kambfellskjálka var skipt út úr henni, hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka

sem tilgreind eru 1883, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðanna hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting heiðarlands jarðanna hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandshlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hjaltadals og Kambfellskjálka sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>471</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Hjaltadals og Kambfellskjálka, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.7 Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár**

### **6.7.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem Þingeyjarsveit gerir einnig kröfu til sem eignarlands síns, tilheyrandi Bleiksmýrardal eystri, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.19.

Landsvæðið það sem hér um ræðir liggur í yfir 380 m hæð á austurhluta Bleiksmýrardals og hefur leguna norður – suður. Að vestan afmarkast svæðið af Fnjóská og rís land til austurs upp frá henni. Nokkur gil skerast í hlíðar fjallsins og ber þar helst að nefna Heimara- og Fremra-Mógil. Af Bleiksmýrardal, innan Skessugils, skerast suðaustur í fjöllin dalverpið Svartárdalur og rennur Svartá um hann til norðvesturs. Inn af Bleiksmýrardal liggja Bleiksmýrardrög og ná gróðurteygingar þar upp í 650–700 m hæð með árbökkum Fnjóskár. Upp af dölum og giljum svæðisins er land hallalítið, gróðursnautt og öldótt.

### **6.7.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla og öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Vísað er til dóms Landsyfírréttar Íslands

<sup>471</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

frá 11. júlí 1885 í máli nr. 1/1855, í máli eigenda Illugastaða gegn Munkaþverárklausri. Í málinu hafi einkum verið deilt um eignarrétt til afréttarplássins Bleiksmýrardals austan Fnjóskár sem eigendur Illugastaða hafi talið að fylgt hafi jörðinni við sölu. Dómurinn staðfesti afréttareign Illugastaða í Bleiksmýrardal en ekki verði ráðið af dómnum að hann staðfesti beinan eignarrétt Munkaþverárklausurs að Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, heldur eingöngu afréttarréttindi. Samkvæmt landamerkjabréfi frá árinu 1885 sé afréttarland Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal, allur sá hluti dalsins sem liggja fyrir vestan Fnjóská, frá Skarðsá og suður á örfæfi. Þá er litið til gjafabréfs frá árinu 1403 til Grundarkirkju, sem virðist hafa verið gefinn uxnarekstur á Bleiksmýrardal. Heimildir geti þess að Bleiksmýrardalur hafi frá ómunatíð verið notaður sem afréttarland, sbr. til hliðsjónar afréttarlýsingu Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal. Fjarlægð frá byggð og landshættir að öðru leyti styðji og að um þjóðlendu sé að ræða. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé.

Af hálfu Þingeyjarsveitar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á nefndum dómi Landsyfirréttar Íslands frá 11. júlí 1885 auk afsals, dags. 22. október 1919 og þingl. 1. nóvember 1919. Jafnframt er byggt á öðrum skráðum eignarheimildum og þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki í mót. Samkvæmt landamerkjalögum, nr. 5/1882 og 41/1919, hafi opinberum aðilum verið falið að hafa frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau væru skráð og leyst yrði úr ágreiningi væri hann fyrir hendi. Landamerkjalýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfarið á lögunum frá 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Það eigi við um þetta svæði. Þessum lýsingum hafi svo verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem landeigendur telji að leiði til þess að þarna hafi orðið til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétt þinglýstra eigenda. Í samræmi við fyrri niðurstöður óbyggðanefndar hvíli því sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landsvæðinu á ríkisvaldinu. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not landsins og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim. Vísað er til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggji eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti og hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur aðilum þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Vísað er í almennar niðurstöður óbyggðanefndar og dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004, í

máli nr. 48/2004, um að sönnunarbyrðin hvíli á þeim er véfengi landamerkjalyásingar og elstu heimildir um eignarhald á landsvæði. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Bleiksmýrardals hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Notkun lands geti gefið vísbendingar um það hvort land sé eignarland eða ekki en þó megi ekkert alhæfa út frá því. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi hvorki náð til heiða né Bleiksmýrardals enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til þoku fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka á Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Vísað er til ákvæða Grágásar og Jónsbókar. Þá er því haldið fram að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort landsvæðið sé allt beinum eignarrétti háð. Loks er vísað til eignarréttarákvæðis Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994, eignarréttarákvæðis og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Bleiksmýrardals er rakin í kafla 5.22, samanber einnig kafla 5.24 um afrétti og afréttarnot.

Svo sem fram hefur komið af hálfu málsaðila liggur fyrir í máli þessu dómur Landsyfírréttar Íslands frá 11. júlí 1885, í máli nr. 1/1855, þar sem staðfestur var dómur héraðsréttar Þingeyjarsýslu varðandi eftirfarandi:

Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Múnkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Landsyfírréttur breytti hins vegar niðurstöðu undirréttar varðandi uppreksrarrétt eigenda Illugastaða á Bleiksmýrardal en í dómsorði segir:

Illugastaða menn eiga upprekstur á Bleiksmýrardal austan Fnjóskár fyrir geldfénað sinn á sumrum ókeypis.

Undirréttur hafði komist að þeirri niðurstöðu að eigendum Illugastaða:

ber ad greiða klaustrinu sanngjarna borgun fyrir not þau og brúkun, sem þau hafa haft af dalnum, síðan þau fyrst voru ákærð um brúkan hans, [...]

Í dómi Landsyfírréttar kemur fram að eigendur jarðarinnar Illugastaða hafi áfrýjað dómi héraðsréttarins gengnum

út af eignarrétti Munka-Þverárklausurs til afréttarplázins Bleiksmýrardals austan Fnjóskár sem áfrýjendurnir ætla, að liggi undir og tilheyrir eignarjörð þeirra Illugastöðum.

Eigendur Illugastaða byggðu einkum á því að

Munka-Þverárklausur hafi eignast hið umþrætta afréttarland ásamt með jörðunni Illugastöðum, en ekki með einstakri heimild, og þar af leiði, að þegar konungur árið 1675 seldi téða jörð undan klaustrinu hafi nefnt afréttarland sem einn hluti úr eigninni horfið undan klaustrinu ásamt jörðunni.

Landsyfírréttur hafnaði þessari málsástæðu sem ósannaðri. Síðar segir:

Í annan stað verður heldur engin sönnun leidd fyrir eign Illugastaða til dalsins austan Fnjóskár í þeim tilvitnuðu ummælum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í jarðabók þeirra, að Illugastaðir eigi almenning í dalnum, þar þessi ummæli votta ljóslega, að dalurinn, sem um er þráttáð, austan Fnjóskár þá ekki var álitinn að heyrja undir Illugastaði, heldur að jörð þessi aðeins ætti þar upprekstur fyrir geldfé sitt á sumrin [...]. Hér við bætist og það atriði, að það er full sönnun fyrir því, að umboðsmenn klausursins ekki alllöngu eftir að jörðin var seld undan klaustrinu fóru að hafa afskipti af dalnum austan Fnjóskár sem eign klausursins og létu lögfesta hann hvað eftir annað sem tilheyrandi því samkvæmt máldögum þess. [...] En hinir tveir tilvitnuðu máldagar [Auðunar biskups frá 1318 og Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461] sýna með ljósum og berum orðum, að Munkaþverárklausur átti á 15. og 16. öld það umþrætta afréttarland austan Fnjóskár, og það ekki sem eigandi Illugastaða, heldur ex titulo speciali, því Illugastaðir og Bleiksmýrardalur eru í Ólafs máldaga taldar sem aðskildar eignir og hvort út af fyrir sig, [...].

Síðan segir í niðurstöðu dómsins:

En þegar áfrýjendurnir þannig ekki hafa getað fært sönnur á eign þeirra til þess umþrætta afréttarlands, og málsfærsla þeirra að öðru leyti um afnot Illugastaðajarðar eigenda af landinu ekki kemur heim við það, sem undir málinu er upplýst með þeirri teknu vitnaleiðslu, sem yfir höfuð ber með sér, að eigendur téðrar jarðar aldrei hafa notað sér það umþrætta land eða notað það að öðru leyti en fyrir geldfé sitt á sumrum, getur aðalréttarkrafa þeirra ekki tekist til greina.

Síðan segir um varakröfuna um upprekstarrétt á Bleiksmýrardal:

Hvað vararéttarkröfu þeirra þar á móti snertir, að þeim dæmist réttur til að reka á oftnefnt afréttarland geldfé sitt á sumrum, virðist þar á móti í þeim tilvitnuðu ummælum, samanbornum við þau bréf, sem undir málsfærslunni eru fram komin, ástæða til að taka hana til greina, þannig að þeim beri fyrir sjálfa sig upprekstur á það umþrætta afréttarland, Bleiksmýrardal austan Fnjóskár fyrir geldfénað sinn á sumrum. Í þessu tilliti er þannig undirréttarins dómi að breyta en að öðru leyti að staðfesta.



Óbyggðanefnd telur ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í nefndum dómi Landsyfírréttar ásamt þeim takmörkuðu eignarréttindum sem eigendum Illugastaða voru dæmd. Þannig liggur fyrir úrlausn þar til bær yfirvalds samkvæmt réttarskipan þess tíma um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár. Eins og hér stendur á telur óbyggðanefnd að líta verði á dóm þennan sem bindandi um úrslit sakarefnisins. Krefjendur beins eignarréttar í máli því sem hér er til úrlausnar leiða rétt sinn frá Stjórnarráðinu sem seldi Hálshreppi Bleiksmýrardal 29. september 1919. Nefndin telur að dómurinn hafi vakið réttmætar væntingar dómhafa um að beinn eignarréttur þeirra væri fyrir hendi og nyti viðurkenningar og verndar opinbers valds. Þjóðlendukröfugerð íslenska ríkisins nú fær ekki samrýmst því, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004, þar sem fjallað er um Tunguheidi og úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 2/2005 þar sem fjallað er um Laugavelli.

Til afmörkunar þess hluta Bleiksmýrardals sem dæmt er um í málinu er ekki tekin afstaða í dómnum að öðru leyti en því sem áður greinir, þ.e. „fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og suður á öræfi“. Eftir stendur að leysa úr um afmörkun eignarlands á Bleiksmýrardal til suðurs og austurs.

Kemur þá fyrst til skoðunar hver sé afmörkun eignarlands á Bleiksmýrardal til suðurs. Samkvæmt íslenskri orðabók merkir orðið „öræfi“ eyðimörk, óbyggðir eða ónytjað hálendi lands.<sup>472</sup> Ekki er fram komið við skýrslutökur eða í gögnum málsins að orðið „öræfi“ taki til staðbundins kennileitis á þessum slóðum sem örnefni. Ekki er heldur fram komið að um staðbundna málvenju sé að ræða um notkun orðsins. Óbyggðanefnd telur að í þeim heimildum sem talað er um að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár takmarkist að sunnanverðu við „öræfi“ feli notkun orðsins í sér skírskotun til gróðurfars og nýtingarmöguleika. „Afréttarlandið“ Bleiksmýrardalur hafi náð svo langt suður sem það var nýtilegt sem beitiland. Það kemur heim og saman við byggingarbréf til Sigtryggs Jónatanssonar vegna Tungu og hálf Bleiksmýrardals frá 19. júní 1911 þar sem fram kemur að afréttarland umboðsins á Bleiksmýrardal nái „eins langt suður og drög og teygjur“. Mat á því hvar gróður hafi þrotið árið 1855 þegar dómur Landsyfírréttar féll er eðli málsins samkvæmt erfiðleikum bundið. Í greinargerð náttúrufræðings um staðhætti og gróðurfar á svæðinu sem gerð var að tilhlutan óbyggðanefndar kemur fram að „gróðurteygingar“ nái upp í 650–700 m hæð í Bleiksmýrardalsdrögum.

Í vitnisburðum sem fram komu í máli því sem lauk með fyrrnefndum dómi Landsyfírréttar Íslands var borið um að land Bleiksmýrardals hefði náð dalinn á enda fram á „Sanda“. Í örnefnaskrá fyrir Bleiksmýrardal kemur fram að „Sandar heiti einu nafni dalurinn sunnan við Svartá.“ Frá ósi Svartár þar sem hún fellur í Fnjóská eru um 17 km í beinni loftlínu suður að mynni Fremra-Landsuðurgils þar sem gangnamannakofinn Bleiksþúð stendur í um 700 m hæð.

<sup>472</sup> *Íslensk orðabók 2002*, Reykjavík, 2002, bls.1875.

Sunnan Bleiksbúðar og Fremra-Landsuðurgils er Einstakatorfa. Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1933-1936* kemur fram að Einstakatorfa sé „allstór jarðvegshnaus, sem staðizt hefur stormhrynur aldanna og sómir sér prýðilega þarna í draginu. Mun hún vera um þrjár dagsláttur að flatarmálsstærð. Það virðist vera óskráð lög meðal allra haustfjallgangnamanna, að fara aldrei lengra en á Einstökutorfu, nema kindur sjáist sunnar.“ Þá kemur fram í ritinu *Göngur og réttir IV* að Einstakatorfa sé „syðsti hagabletturinn á dalnum“. Þar segir einnig um göngurnar: „Þar eru fremstu hagar á Bleiksmýrardal og er það regla gangnamanna, ef ekki sést til kinda á Einstökutorfu, þá er þar snúið við.“ Það að Einstakatorfa marki endimörk afréttarlandsins á Bleiksmýrardal til suðurs samræmist því sem fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd um tilhögun leita á svæðinu. Samkvæmt því sem að framan er rakið ná gróðurteygingar á austanverðum Bleiksmýrardal ekki lengra til suðurs en Einstakatorfa en hún er í rúmlega 700 m hæð. Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að gróður á svæðinu hafi náð lengra til suðurs um miðja 19. öld þegar dómur Landsyfírréttar féll. Óbyggðanefnd telur því rétt að miða við að orðið „öræfi“ sem notað er í dómnum um sunnanverð mörk Bleiksmýrardals, taki til landsvæðisins sunnan Einstökutorfu og hún falli innan eignarlands Bleiksmýrardals og marki endimörk þess til suðurs.

Kemur þá til skoðunar hver séu takmörk eignarlands á Bleiksmýrardals til austurs. Sem fyrr segir kemur ekki fram í dómi Landsyfírréttar hver þau séu. Jörðin Hjaltadalur liggur austan Bleiksmýrardals að norðanverðu. Í landamerkjabréfi Hjaltadals frá 16. janúar 1883 sem þinglýst var 14. júní 1884 er merkjum þeirrar jarðar til vesturs lýst svo: „Að vestan ræður Fjallið“. Fjallgarðurinn sem skilur að dalina Hjaltadal og Bleiksmýrardal nær upp í um 1000 m hæð. Ekkert er fram komið í málinu um afmörkun jarðarinnar Hjaltadals og eignarlands Bleiksmýrardals gagnvart fjallgarðinum annað en nefnt landamerkjabréf fyrir Hjaltadal. Orðalagi þess svipar til þess sem oft má sjá í landamerkjabréfum þar sem jarðir ná saman á fjöllum og merki þeirra eru miðuð við fjöllin. Óbyggðanefnd telur að sé orðalag bréfsins skýrt í ljósi staðháttá á svæðinu sé rétt að miða við að lönd Hjaltadals og Bleiksmýrardals liggja þar saman.

Sunnan Hjaltadals er hornmark milli kröfusvæða Bleiksmýrardals, Hjaltadals, Mjóadals og afréttarlands í Þingeyjarsveit á vatnaskilum í um 1000 m hæð á „hágrjóti“ sem svo er nefnt af gagnaðilum íslenska ríkisins. Óbyggðanefnd hefur aflað upplýsinga um vatnaskil á svæðinu frá Vatnamælingum Orkustofnunar. Vatnaskil sem afmarka vatnasvið Fnjóskár í suðaustanverðum Bleiksmýrardal liggja um þann punkt á „hágrjóti“ sem gagnaðilar ríkisins miða við og þaðan til suðvesturs með nánar tilteknum hætti, víðast hvar í yfir 900 m hæð eftir gróðursnaudu fjallendi. Þar sem ekkert annað er komið fram í málinu sem frekar mætti leggja til grundvallar um afmörkun Bleiksmýrardals að þessu leyti, og hún verður heldur ekki ráðin af staðháttum, telur óbyggðanefnd rétt að miða við umrædd vatnaskil. Með því njóta

gagnaðilar íslenska ríkisins þess vafa sem uppi er um hver takmörk eignarlandsins séu að þessu leyti. Sú niðurstaða fær einnig stuðning af því að í landamerkjabréfi Mjóadals frá 8. maí 1897 sem þinglýst var 29. júní 1897 er merkjum Mjóadals gagnvart aðliggjandi landsvæðum til vesturs lýst á þann veg að vatnaskil ráði frá „hágrjóti“ til norðurs.

Að þeirri niðurstöðu fenginni að suðurmörk Bleiksmýrardals skuli dregin sunnan Einstökutorfu og sunnanverð austurmörk hans liggi á vatnaskilum liggur nú fyrir að leysa úr því hvar mörk eignarlands á austanverðum Bleiksmýrardal skuli dregin þar á milli, þ.e. frá Einstökutorfu að vatnaskilum. Sunnan Einstökutorfu er gil og eftir því rennur lækur vestur í Fnjóská. Þar sem ekkert annað er komið fram í málinu sem fremur má leggja til grundvallar um afmörkun eignarlands á Bleiksmýrardal að þessu leyti verða mörk þess dregin stystu leið frá upptökum lækjarins í vatnaskil.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan marka Bleiksmýrardals, svo sem þeim hefur verið lýst hér að framan, sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>473</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess lands sem gerð er krafa til af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins en fellur utan marka Bleiksmýrardals samkvæmt framangreindri afmörkun, þ.e. landsvæði sem nær frá vatnaskilum og austur að kröfulínu gagnaðila ríkisins vegna „afréttarlands í Þingeyjarsveit“ og frá Einstökutorfu suður að kröfulínunni.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja ólíklegt að land á þessu svæði hafi verið numið. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Í „skrá yfir Afréttarlönd suður af Bárðardal vestan Skjálfandafljóts“ frá 1904 er fjallað um sameiginleg takmörk afrétta Ljósavatnshrepps. Þar er vesturmörkum þeirra lýst svo að fjallgarðurinn vestan við Kiðagilsárdrög og Mjóadalsárdrög ráði. Þá kom fram við skýrslutökur í máli þessu að afréttarlönd Bárðdæla og Fnjóskdæla séu talin ná saman á vatnaskilum á þessum slóðum. Uppdráttur Vatnamælingasviðs Orkustofnunar af vatnaskilum á svæðinu sýnir hins vegar að línan sem gagnaðilar íslenska ríkisins draga milli Bleiksmýrardals og „afréttarlands í Þingeyjarsveit“ er

<sup>473</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

dregin talsvert austar en vatnaskilin eru í raun. Sami aðili, Þingeyjarsveit, gerir kröfu vegna beggja landsvæðanna og miðast kröfugerðin við að eignarland á Bleiksmýrardal og „afréttarland í Þingeyjarsveit“ nái saman. Um svæðið austan umræddrar kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins er fjallað í kafla 6.8. um afréttarland í Þingeyjarsveit. Umfjöllun þess kafla á einnig við um svæðið vestan línunnar sem skilur kröfusvæði Bleiksmýrardals frá kröfusvæði „afréttarlands í Þingeyjarsveit“ og austan nefndra vatnaskila sem afmarka eignarland á Bleiksmýrardal til austurs.

Ekkert liggur fyrir um það hvernig Ljósavatnshreppur er upphaflega kominn að rétti til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar en fellur utan þess sem dæmt var eign Munkaþverárklosturs 1855. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt landsvæði innan kröfusvæðis vegna Bleiksmýrardals en utan þess landsvæðis sem dæmt var eign Munkaþverárklosturs 1855, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að landsvæðið sé þjóðlenda.<sup>474</sup> Af fyrirliggjandi gögnum sem nánar er fjallað um í kafla 6.8. um afréttarland Þingeyjarsveitar verður hins vegar ráðið að það sé hluti af afrétti jarða í fyrrum Bárðdæla- og Ljósavatnshreppum.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði innan kröfusvæðis vegna Bleiksmýrardals en austan og sunnan þess sem dæmt var eign Munkaþverárklosturs 1855, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Frá þeim stað þar sem kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins vegna Bleiksmýrardals á hágrjóti liggur um vatnaskil vatnasviða Fnjóskár og Mjóadalsár er kröfulínunni fylgt til suðurs og vesturs í sveitarfélagamörk Þingeyjarsveitar og Eyjafjarðarsveitar. Sveitarfélagamörkunum er síðan fylgt til norðurs í Fnjóská. Fnjóská er síðan fylgt til norðurs að gili sem liggur við Einstökutorfu sunnanverða. Þaðan er gílinu fylgt inn í innstu drög þess. Þaðan er línan dregin stystu leið í vatnaskil og vatnaskilum svo fylgt í upphafspunkt á hágrjóti.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Bárðdæla- og Ljósavatnshreppum, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr.

<sup>474</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 7. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

## **6.8 Afréttarland í Þingeyjarsveit**

### **6.8.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig er gerð krafa til sem afréttarlands Þingeyjarsveitar, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.20.

Landsvæðið það sem hér um ræðir er víðfeðmt og liggur í yfir 500 m hæð og hefur leguna norðaustur – suðvestur. Suður af Mjóadal og Íshól og suður á Sprengisandi er land öldótt. Öldur þessar eru fremur óreglulegar að lögun og gerð, sumar vaxnar blökkum og hörðum mosaskófum en fleiri eru þó naktar grjótauðnir. Víðast hafa þær leguna norður – suður og eru margar þeirra aflangar. Syðst á svæðinu liggur Tungnafellsjökull og norðan hans liggur Fjórðungsalda (976 m). Norðvestan undir henni er allstórt skeifulaga vatn með afrennsli austur í Jökulfall. Gróðurleysi er eitt helsta einkenni svæðisins en gróður er helst að finna þar sem vatn er fyrir.

### **6.8.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hliðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla eða öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Þau lönd hafi hins vegar orðið samnotafréttir. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Fjarlægð frá byggð og landshættir að öðru leyti styðji og að um þjóðlendu sé að ræða. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarstarfa fyrir búfé. Þá kom fram við aðalmeðferð málsins að ríkið gerði engar athugasemdir varðandi kröfur um afrétti einstakra landsvæða.

Krafa Þingeyjarsveitar, gagnaðila íslenska ríkisins, um afnotarétt í þjóðlendu byggist á venjubundnum afnotum að fornu og nýju sunnan eignarlanda á svæðinu. Byggt er á heimildum um afmörkun afrétta á svæðinu, einkum ritinu *Göngur og réttir* og þinglýstu skjali sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttarlönd suður af Bárðardal vestan Skjálfandafljóts“ frá árinu 1904. Í *Göngum og réttum* sé því lýst að Ljósavatnshreppur eigi ásamt Bárðdælahreppi Vesturafrétt inn af Bárðardal. Sé þar afar mikið landflæmi, Mjóidalur allur, Íshólsdalur og hagarnir meðfram Skjálfandafljóti að vestan, ásamt drögum á Sprengisandi, allt suður í Jökuldal í Tungnafellsjökli.

### 6.8.3 Niðurstaða

Í kafla 5.24 eru raktar heimildir um afréttarnot á þeim svæðum sem fjallað er um í máli þessu, þar á meðal Vesturafrétti Bárðdæla. Málsaðila greinir ekki á um að um þjóðlendu sé að ræða en krafa Þingeyjarsveitar lýtur einungis að óbeinum eignarréttindum innan hennar. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á þessu svæði en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.<sup>475</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Landsvæðið sem hér um ræðir liggur sunnan kröfussvæða tilheyrandi Íshól, Mjóadal og Bleiksmýrardal. Að vestan takmarkast það af vesturmörkum Þingeyjarsveitar gagnvart Eyjafjarðarsveit. Að sunnan er Holtamannaafréttur sem fjallað er um í máli nr. 1/2003 hjá óbyggðanefnd, Vatnajökull að suðaustan og að austan er Skjálfandaflljót.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands á svæðinu. Líkt og áður er rakið gerir sveitarfélagið Þingeyjarsveit ekki kröfu um beinan eignarrétt að því, einungis að viðurkennt verði að það sé afréttur. Kemur því til skoðunar hvernig landsvæðið hefur verið nýtt af jörðum í hreppnum og hver mörk afréttar séu innan þess, sé hann þar að finna.

Heimildir allt frá árinu 1380 greina frá réttindum Ljósavatnskirkju í Króksdal. Hins vegar er Króksdalur talinn innan „Mjóadals“ sem sé „almenningsafréttur Bárðardalshrepps“ í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712. Þar er því einnig lýst að „þessi almenníngur tekur alt austur í Skjálfandaflljót fyrir framan byggðina so langt á fjall suður sem grös eru, og er þetta furðu víðáttu.“

Fyrir hendi er þinglýst skjal frá árinu 1904 sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttarlönd suður af Bárðardal vestan Skjálfandaflljóts“ gerð af oddvita Ljósavatnshrepps í umboði hreppsnefndarinnar sama ár. Þar er sameiginlegum takmörkum afréttarhlutanna lýst þannig: „Að austan ræður Skjálfandaflljót frá ósi Mjóadalsár suður gegnt hrauninu, sunnan við Marteinsflæðu. Að sunnan ræður bein stefna þaðan að upptökum Kiðagilsár. Að vestan ræður fjallgarðurinn vestan við Kiðagils drög og Mjóadalsárdrög norður [...]“. Ekki eru fyrir hendi eldri heimildir en afréttaskráin frá 1904 um mörk afréttar á svæðinu.

Í ritinu *Göngur og réttir IV* er því lýst að Vesturafréttur inn af Bárðardal sé „mikið landflæmi [...] hagarnir meðfram Skjálfandaflljóti að vestan, ásamt drögum á Sprengisandi, allt suður í Jökuldal í Tungnafellsjökli“.

Í skjali sem sýslumaður Þingeyjarsýslu, Jóhann Skaptason, tók saman og ber yfirskriftina „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ er skrá

<sup>475</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

yfir „afrétti“ í umsjá hreppsnefndar Bárðdælahrepps höfð eftir oddvita. Þar segir: „Að vestan og sunnan ráða hagar með öllum þeim ám og lækjum er í Mjóadalsá og Skjálfandafljót falla.“ Hinn sami Jóhann Skaptason getur um upphaf fjárleita Bárðdæla suður á Sprengisand í *Árbók Ferðafélags Íslands 1969*. Þar greinir hann frá því að eftir að Tómas Sæmundsson hafi fundið Tómasarhaga og séð til Jökuldals sumarið 1835 hafi verið farin könnunarferð 1846 og Jökuldalur fundist suðaustur með suðvestanverðum Tungnafellsjökli. Greint er frá því í ritinu að þar séu sæmilegir hagar. Frá þeim tíma hafi tekist upp göngur úr Bárðardal suður um Sprengisand, með efstu Þjórsárkvíslum og í Jökuldal. Um skeið hafi Bárðdælir gengið allt suður á Háumýrar og hitt Rangæinga þar en það lagst fljótt niður. Á heimleiðinni hafi svo verið leitað um Tómasarhaga, norðanverðan Sprengisand, öræfin norður af Tungnafellsjökli og síðan um Mjóadal, Íshólsdal og Fljótsdal til Bárðardals.

Í svari oddvita Bárðdælahrepps við erindi félagsmálaráðuneytisins 1989 kemur fram að suðurmörk afréttarins séu óljós. Í svari oddvita Ljósavatnshrepps við samskonar erindi kemur hins vegar fram að mörk afréttarins séu „frá landamerkjum Mýrar til jökla“. Loks kom fram við skýrslutökur í máli þessu að leitað sé allt suður í Nýjadal (Jökuldal) sunnan Tungnafellsjökuls ár hvert.

Eins og að framan er rakið eru elstu heimildir óljósar um mörk afréttar á svæðinu til suðurs. Afréttaskráin frá 1904 miðar þau við línu sem dregin er frá hrauninu sunnan Marteinsflæðu beina stefnu að upptökum Kiðagilsár. Yngri heimildir greina hins vegar frá fjárleitum allt suður í Nýjadal (Jökuldal) sunnan Tungnafellsjökuls allt frá miðri 19. öld til þessa dags. Óbyggðanefnd telur nægilega sýnt fram á viðvarandi nýtingu landsvæðisins allt suður í Nýjadal til sumarbeitar fyrir búfé eigenda jarða í fyrrum Bárðdæla- og Ljósavatnshreppum.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998, þó þannig að jökull verður eðli málsins samkvæmt ekki notaður til sumarbeitar fyrir búfé. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi að öðru leyti mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að afréttarland í Þingeyjarsveit, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá þeim stað þar sem kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins vegna Bleiksmýrardals á hágrjóti sker vatnaskil milli Fnjóskár og Mjóadalsár er nefndri kröfulínu fylgt suður og vestur að vesturmörkum Þingeyjarsveitar gagnvart Eyjafjarðarsveit. Þaðan er sveitarfélagamörkunum fylgt að hornmarki milli Þingeyjarsveitar, Eyjafjarðarsveitar og Rangárþings ytra. Þaðan er mörkunum milli*

*Pingeyjarsveitar og Rangárþings ytra fylgt að jaðri Vatnajökuls. Jökuljaðrinum er síðan fylgt að upptökum Skjálfandafljóts við jaðar Rjúpnabrekkujökuls. Skjálfandafljót er síðan fylgt að Galthóli. Frá Galthóli er fylgt línu sem dregin er beina stefnu í upphafspunkt á hágrjóti.*

Sama landsvæði, að undanskildum Tungnafellsjökli er afréttur jarða í fyrrum Bárðdæla- og Ljósavatnshreppum í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Að því leyti sem afrétturinn liggur að þjóðlendu á Tungnafellsjökli, svo sem skilgreint hefur verið fyrir í úrskurði þessum og í úrskurðarorðum, telur óbyggðanefnd fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda og afréttur er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

## 6.9 Hluti Vatnajökuls

Hér verður tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þess hluta Vatnajökuls sem til umfjöllunar er í máli þessu, sbr. kafla 2.2 hér að framan og kafla 6.12 í máli nr. 1/2007. Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umrætt jökulsvæði sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1.1. Aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi innan jökuljaðars.

Óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að um eignarréttarlega stöðu jökulsvæða almennt fari eftir sömu reglum og um önnur landsvæði.<sup>476</sup> Að því er varðar þann hluta Vatnajökuls sem hér um ræðir, er ekkert sem bendir til að þar hafi stofnast til beins eignarréttar eða takmarkaðra eignarréttinda fyrir nám, hefð eða með öðrum hætti.<sup>477</sup>

Að því leyti sem jökulsvæði þetta liggur að afrétti í þjóðlendu, svo sem skilgreint hefur verið fyrir í úrskurði þessum og í úrskurðarorðum, telur óbyggðanefnd fullnægjandi að miða einfaldlega og án nánari afmörkunar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði þetta á Vatnajökli, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

<sup>476</sup> Sjá umfjöllun um jökla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>477</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



*Að austan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Rjúpnabrekkujökuls, við upptök Skjálfandafljóts, og til suðausturs í Svíahnjúk eystri.*

*Að vestan er miðað við línu sem dregin er úr Svíahnjúk eystri í Bárðarbungu í 2009 m hæð og þaðan er fylgt línu sem dregin er beina stefnu í átt að Deili þar til hún sker jökuljaðarinn.*

*Að norðan, á milli framangreindra austur- og vesturmarka við jaðar Vatnajökuls, er jökuljaðrinum fylgt og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll.*

### **6.10 Um málskostnað**

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmonnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

## 7 ÚRSKURÐARORÐ <sup>478</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. afréttarland í Þingeyjarsveit, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá Skjálfandafljóti við Hrafnabjörg er fljótinu fylgt til upptaka við jaðar Rjúpnabrekkujökuls. Þaðan er jökuljaðrinum fylgt til vesturs að mörkum Þingeyjarsveitar og Rangárþings ytra og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll. Þaðan er sveitarfélagamörkunum fylgt að hornmarki milli Þingeyjarsveitar, Eyjafjarðarsveitar og Rangárþings ytra. Þaðan er sveitarfélagamörkunum Þingeyjarsveitar og Eyjafjarðarsveitar fylgt þangað sem Fnjóská sker þau í Bleiksmýrardrögum. Þaðan er Fnjóská fylgt að gili sem liggur við sunnanverða Einstökutorfu. Því gili er síðan fylgt inn í innstu drög þess og þaðan er línan dregin stystu leið í vatnaskil Mjóadalsár og Fnjóskár. Vatnaskilunum er svo fylgt þar til þau skera beina línu sem dregin er frá Galthóli í Sjónarhól og áfram í sömu stefnu til vesturs. Nefndri línu er fylgt þaðan til austurs að Rangá. Þaðan er Rangá fylgt að ósi. Frá ósi Rangár er dregin bein lína í hólmann í Íshólsvatni og þaðan í upphafspunkt í Skjálfandafljóti við Hrafnabjörg.*

Sama landsvæði, að undanskildum Tungnafellsjökli er afréttur jarða í fyrrum Bárðdæla- og Ljósavatnshreppum, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. hluti Vatnajökuls, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Að austan er miðað við línu sem dregin er frá jaðri Rjúpnabrekkujökuls, við upptök Skjálfandafljóts, og til suðausturs í Sviahnjúk eystri.*

*Að vestan er miðað við línu sem dregin er úr Sviahnjúk eystri í Bárðarbungu í 2009 m hæð og þaðan er fylgt línu sem dregin er beina stefnu í átt að Deili þar til hún sker jökuljaðarinn.*

*Að norðan, á milli framangreindra austur- og vesturmarka við jaðar Vatnajökuls, er jökuljaðrinum fylgt og miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

<sup>478</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Eigendur Hlíðskóga, Sandhauga, Eyjardalsár, Öxarár, Ljósavatns, Arnstapa og Kamsstaða, kr. 800.000 vegna Gunnars Sólness hrl.

Eigendur Bakka, Birningsstaða, Bleiksmýrardals austan Fnjóskár, Kambfellskjálka, Hjaltadals, Íshóls, Mjóadals, Stóru-Tjarna, Sörlastaða og Tungu, kr. 1.200.000 vegna Sigurðar Jónssonar hrl.

Eigendur Vatnsenda kr. 210.000, eigendur Mýrartorfu kr. 250.000, eigendur Stóruvallatorfu kr. 235.000, eigendur Litluvalla kr. 225.000, eigendur Halldórsstaðatorfu kr. 255.000 og eigendur Hvarfs kr. 30.000, vegna Friðbjörns Garðarssonar hdl.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Karl Axelsson

---

Allan V. Magnússon

---

Sif Guðjónsdóttir


**VIÐAUKI**






**Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (Uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (Sveitarfélagið Hornafjörður).**






*Sjá bls. 181-245.*







**FYLGISKJÖL****I. Kort****II. Aðilaskrá****III. Skjalaskrá**



-  Mörk þjóðlendu skv. úrskurði bygginganefndar
-  Mörk aftréttareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði bygginganefndar
-  Aðalkrafa ríkisins um þjóðlendumörk
-  Varakrafa ríkisins um þjóðlendumörk
-  Þrautavarakrafa ríkisins um þjóðlendumörk

-  Krafur gagnaðila ríkisins
-  Varakrafur gagnaðila ríkisins
-  Almörkun á krotfugerð ábúenda
-  Skörun á krotum gagnaðila ríkisins
-  Örnefni eða landamerki skv. skrá lögmannna eða mælingum gagnaðila

-  Vatnaskil
  -  Afurkulluð krafa ríkisins um þjóðlendumörk
  -  Mörk sveitarfélaga
- Um tölusetta krotulínupunkta vísað til krotulýsinga mátaðila.  
 Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.
- Mælikvæði 1:100.000 / A1    Dags 6. júní 2008    Blað nr. M3-01a    LANDFORM.ÍDUR



**ÞJÓÐLENDUMÁL**  
Svæði 6 - Mál 3

Kortagrámi: 15501 (samt með hefi) Landmælinga Íslands (L05040305)

- Mörk þjóðlendu skv. úrskurði öbygðanefndar
- Mörk afrettareignar innan þjóðlendu skv. úrskurði öbygðanefndar
- Aðalkrata ríkisins um þjóðlendumörk

- Kröfur gagnaðila ríkisins
- Mörk sveitarfélaga

Um tölusetta kröfulínupunkta vísaat til kröfulýsinga málsaðila.  
Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.



## II. Aðilaskrá

Þjóðlendum	Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins
Afréttarland í Þingeyjarsveit	Þingeyjarsveit
Arnstapi	Þorgeir Halldórsson
Bakkasel	Skógrækt ríkisins
Bakki	Gunnar Sigurður Valtýsson
Bakki	Sigurlína Hrönn Halldórsdóttir
Bakki	Stefán Kristjánsson
Belgsá	Skógrækt ríkisins
Birningsstaðir	Svavar Þór Sigurðsson
Birningsstaðir	Þórhalla Bragadóttir
Bleiksmýrardalur eystri	Þingeyjarsveit
Bólstaður	Héðinn Höskuldsson
Bólstaður	Ingileif Ólafsdóttir
Engi	Svanhildur Sigtryggsdóttir
Engi	Tryggvi Valdemarsson
Eyjardalsá	Baldur Vagnsson
Halldórsstaðir I	Ásmundur Valdemarsson
Halldórsstaðir I	Svanhildur Sigtryggsdóttir
Halldórsstaðir I	Tryggvi Valdemarsson
Halldórsstaðir II	Bergljót Þorsteinsdóttir
Halldórsstaðir II	Ingvar Ketilsson
Hjaltadalur	Þingeyjarsveit
Hlíðskógar	Lífsvall ehf.
Íshóll	Þingeyjarsveit
Kambfellskjálkaland	Þingeyjarsveit
Kamsstaðir	Þórhallur Hermannsson
Litluvellir	Pétur R. Kristjánsson
Ljósavatn	Hreinn Þórhallsson
Lækjarvellir	Kristín Ketilsdóttir
Lækjarvellir	Sigurður Pálsson
Mjóidalur	Þingeyjarsveit

---

Mýri	Guðrún Sveinbjörnsdóttir
Mýri	Tryggvi Höskuldsson
Mýri	Ríkissjóður Íslands
Sandhaugar	Lífsvall ehf.
Snæbjarnarstaðir	Þingeyjarsveit
Stóru-Tjarnir	Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Stóru-Tjarnir	Laufey Skúladóttir
Stóruvellir I og III	Garðar Jónsson
Sörlastaðir	Eiríkur Þóroddsson
Sörlastaðir	Gylfi Friðriksson
Sörlastaðir	Ólöf Eiríksdóttir
Sörlastaðir	Þingeyjarsveit
Sörlastaðir	Þórarinn Baldursson
Tunga	Þingeyjarsveit
Vatnsendi	Helgi Ingason
Vatnsendi	Jenný Karitas Ingadóttir
Vatnsendi	Jón Ingason
Vatnsendi	Þórhallur Ingason
Þórðarstaðir	Skógrækt ríkisins Vöglum
Öxará	Elín Inga Þórisdóttir
Öxará	Þórir Kristinn Agnarsson

### III. Skjalaskrá<sup>1</sup>

#### Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 1.11.2006.
- 1(1) Skjalaskrá, ódags. en móttekin 7.11.2006.
- 1(2) Tilvísanaskrá, dags. 1.11.2006.
- 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 15.6.2006. Tilkynning um meðferð á svæði VI.
- 1(4) Beiðni lögmans fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um frest til skila á þjóðlendukröfum á svæði VI, austanvert Norðurland, dags. 6.9.2006.
- 1(5) Bréf óbyggðanefndar til lögmans fjármálaráðuneytisins, frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði VI, dags. 14.9.2006.
- 1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmans fjármálaráðuneytisins, frekari frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði VI, dags. 12.10.2006.
- 1(7) Útprintun af kirkjujarðaskrá Kirkjueignanefndar S-Þingeyjarsýslu, ódags. en mótt. 7.11.2006.
- 1(8) Dómur Landsyfírréttar, dags. 25.6.1855, í máli nr. 1/1855 (Bleiksmýrardalur). Hefi VII, bls. 223.
- 1(9) Greinargerð, dags. 11.6.2007.
- 1(10) Svar við frávisunarkröfu Sigurðar Jónssonar hrl. vegna Stóru-Tjarna, dags. 26.2.2007. Sjá skjal nr. 17(5).
- 1(11) Landamerki afréttarlands Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal, dags. 1.4.1885, óstaðfest uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 1(12) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um þjóðlendukröfur á svæði VI, austanvert Norðurland, dags. 1.11.2006.
- 1(13) Skýring á þjóðlendukröfulínu við Íshól, ásamt uppdrætti, dags. 23.5.2008.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 16.11.2007.

##### *Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

- 2(1) Arnstapi í Ljósavatnsskarði, dags. 16.1.1883. (*Merkt 1*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(2) Bakkasel í Fnjóskadal, dags. 1.11.1883. (*Merkt 2 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(3) Bakki í Fnjóskadal, dags. 1.11.1883. (*Merkt 3 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(4) Belgsá í Fnjóskadal, dags. 16.1.1883. (*Merkt 4*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(5) Birningsstaðir í Ljósavatnsskarði, dags. 2.6.1890. (*Merkt 5 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(6) Eyjardalsá í Bárðardal, dags. 2.6.1886. (*Merkt 6 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(7) Eyjardalsá í Bárðardal, dags. 22.5.1907. (*Merkt 7*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(8) Háls í Fnjóskadal, dags. 2.6.1890. (*Merkt 8 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(9) Hjaltadalur í Fnjóskadal, dags. 16.1.1883. (*Merkt 9*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(10) Hvarf í Bárðardal, dags. 22.5.1907. (*Merkt 10*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

<sup>1</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í réttu númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(11) Sátt um landamerki Kambsstæða og Birkihlíðar, dags. 14.11.1968. (*Merkt 11*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(12) Litlatunga í Bárðardal, dags. 10.6.1890. (*Merkt 12*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(13) Litluvellir í Bárðardal, dags. 18.5.1885. (*Merkt 13 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(14) Lundur í Fnjóskadal, dags. 2.11.1883. (*Merkt 14 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(15) Landamerki milli Lunds og Vagla, dags. 24.11.1921. (*Merkt 15*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(16) Mjóidalur í Bárðardal, dags. 8.5.1897. (*Merkt 16*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(17) Mýri í Bárðardal, dags. 20.5.1885. (*Merkt 17 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(18) Mótmæli gegn afréttarskrá Mýra og Litlutungu í Bárðardal, dags. 15.6.1904. (*Merkt 18*).
- 2(19) Sandhaugar í Bárðardal, dags. 2.6.1890. (*Merkt 19 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(20) Snæbjarnarstaðir í Fnjóskadal, dags. 16.1.1885. (*Merkt 20 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(21) Stóru-Tjarnir í Ljósavatnsskarði, dags. 16.1.1883. (*Merkt 21 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(22) Stóruvellir í Bárðardal, dags. 17.10.1883. (*Merkt 22 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(23) Sörlastaðir í Fnjóskadal, dags. 19.4.1884. (*Merkt 23 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(24) Tunga í Fnjóskadal, dags. 16.1.1885. (*Merkt 24 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(25) Vatnsendi í Ljósavatnsskarði, dags. 30.4.1885. (*Merkt 25 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(26) Lýsing á samningi milli jarðanna Þórðarstaða og Fjósatungu, dags. 26.5.1885. (*Merkt 26 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(27) Þórðarstaðir í Fnjóskadal, dags. 16.1.1883. (*Merkt 27 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(28) Öxará í Bárðardal, dags. 13.6.1890. (*Merkt 28*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(29) Öxará í Bárðardal, dags. 18.5.1901. (*Merkt 29 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(127) Illugastaðir og Kotungsstaðir, dags. 24.5.1886. (*Merkt 30 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(208) Stóratunga í Bárðardal, dags. 3.3.1884, ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. (*Merkt mál 1/2007, 9 a-b*).
- Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*
- 2(30) Landamerkjabréf Arnstapa, dags. 16.1.1883. (*Merkt 1*).
- 2(31) Lögfasta Arnstapa, dags. 30.4.1810, ásamt uppskrift. (*Merkt 2*).
- a-b
- 2(32) Leyfi til heyskapar á Timburvalladal, dags. 24.6.1773, ásamt uppskrift. (*Merkt 3*).
- a-b
- 2(33) Mat á Sörlastöðum í Fnjóskadal til peningaverðs, dags. 2.5.1891. (*Merkt 4*).
- 2(34) Landamerkjabréf Tungu í Fnjóskadal, dags. 16.1.1883. (*Merkt 5*).
- 2(35) Landamerkjabréf Vatnsenda í Ljósavatnsskarði, dags. 30.4.1885. (*Merkt 6*).
- Landskiptabækur (skjalaflokkur A.4.):*
- 2(207) Uppboð á Mjóadal, dags. 21.5.1880. Uppboðsbók 1876-1889. (*Merkt 4*).
- Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*
- 2(36) Jarðamat 1804 úr Ljósavatnshreppi: Litlatunga, Íshóll, Mýri, Halldórsstaðir,

- a-b Litluvellir, Stóruvellir, Sandhaugar, Eyjardalsá, Hlíðarendi, Hvarf, Öxará, Ljósavatn, Vatnsendi, Arnstapi og Stórutjarnir, ásamt uppskrift. (*Merkt 7 a-l*).
- 2(37) Jarðamat 1804 úr Hálsahreppi: Kambsstaðir, Birningsstaðir, Vaglir, Lundur, Þórðarstaðir, Belgsá, Bakkasel, Bakki, Sörlastaðir, Kambfell, Hjaltadalur, Snæbjarnarstaðir, Tunga og Háls, ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-p*).
- 2(38) Jarðamat í Ljósavatnshreppi (síðar Bárðdæla- og Ljósavatnshreppum) 1849: Litlitunga, Íshóll, Mjóidalur, Mýri, Halldórsstaðir, Litluvellir, Stóruvellir, Sandhaugar, Hlíðarendi, Eyjardalsá, Hvarf, Öxará, Ljósavatn, Vatnsendi, Arnstapi og Stórutjarnir. Einnig er vikið að þrætulandi milli Stóruvalla og Sandhauga. Þá fylgir verðmat á þessu þrætulandi. Í sveitarlýsingu er landi lýst og talað um ágang af afréttarfé, en ekkert fjallað sérstaklega um afrétti, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-h*).
- 2(39) Jarðamat úr Hálsahreppi 1849: Kambsstaðir, Birningsstaðir, Háls, Vaglir, Lundur, Þórðarstaðir, Belgsá, Bakkasel, Bakki, Sörlastaðir, Hjaltadalur, Snæbjarnarstaðir, Tunga og Illugastaðir. Illugastaðir eru teknir með, þar sem gerð var krafa til afréttar á Bleiksmýrardal, en á það er raunar ekki minnst í jarðamatinu. Í sveitarlýsingunni segir, að sveit þessa megi sjálfæra kalla að afréttarlandi, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-i*).
- 2(40) Við yfirmat árið 1850 voru lagðar fram kærur frá ýmsum aðilum. Þar á meðal frá Ara Sæmundssyni, umboðsmanni Munkaþverárklosturs, sem krafðist þess, að þrætuland á austanverðum Bleiksmýrardal yrði metið með jörðum í Hálsahreppi. Var svo gert, en í verðskrá yfirmatsins segir, að landið væri áður ómetið með Illugastöðum í Fnjóskadal. Einnig er þarna minnst á kærur í öðrum sveitarfélögum (þ.e. öðrum svæðum), en inntak kæranna kemur ekki fram, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-h*).
- 2(41) Jarðamat í Bárðdælahreppi (áður Ljósavatnshreppi) 1916-1918: Mýri, Halldórsstaðir, Litluvellir, Stóruvellir, Sandhaugar, Hlíðarendi, Eyjardalsá, Hvarf. (*Merkt 4 a-h*).
- 2(42) Jarðamat í Ljósavatnshreppi 1916-1918: Öxará, Ljósavatn, Vatnsendi, Arnstapi og Stórutjarnir. (*Merkt 5 a-e*).
- 2(43) Jarðamat í Hálsahreppi 1916-1918: Kambsstaðir, Birningsstaðir, Háls, Vaglir, Lundur, Þórðarstaðir, Belgsá, Bakkasel, Bakki, Sörlastaðir, Hjaltadalur, Snæbjarnarstaðir, Tunga. Einnig er lýsing og mat Austur-Bleiksmýrardals, sömuleiðis Illugastaða, sem áttu rétt til uppreksturs á Austur-Bleiksmýrardal. (*Merkt 6 a-o*).
- Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*
- 2(138) Manntalsþing að Húsavík á Tjörnesi, dags. 1.5.1775. Þingmönnum bannað að reka sauðfé sitt úr þingsókninni yfir Skjálfandafljót á afrétt vegna pestveiks fænaðar, ásamt uppskrift. (*Merkt 5*).
- 2(139) Manntalsþingsréttur að Ljósavatni, dags. 6.5.1796. Lesin upp lögfesta Ljósavatnskirkju fyrir eign sinni á Framfjöllum vestan fljóts sem Bárðdælingar mótmæla, ásamt uppskrift. (*Merkt 9 a-c*).
- 2(140) Manntalsþing að Ljósavatni við Bárðardal, dags. 15.5.1797. Landaþrætumál milli Ljósavatns og Bárðdælinga varðandi Króksdal, ásamt uppskrift. (*Merkt 11 a-b*).
- 2(141) Virðing Kambfells, dags. 4.9.1804 til tíunda og skuldaútsvars en jörðin var byggð fyrir fimm árum eftir að hafa legið í eyði meira en öld, ásamt uppskrift. (*Merkt 16 a-b*).
- 2(142) Manntalsþingsréttur á Ljósavatni, dags. 28.4.1807. Hreppstjórar kvarta yfir því að nokkrir hreppsændur reki of mikinn fænað í almenningspart, í Bárðardalsafrétt fyrir vestan Skjálfandafljót, sem kallaður er Melar sem valdi skaða og átroðningi hjá þeim bændum sem næst búa afréttinni, ásamt uppskrift. (*Merkt 17 a-b*).
- 2(143) Manntalsþingsréttur að Hálsi í Fnjóskadal, dags. 9.5.1809. Þingsvitni tekið um

- a-b ástand Þórðarstaða, jarðar Munkaþverárklosturs, ásamt uppskrift. (*Merkt 18 a-b*).
- 2(144) Virðing Stóruvalla í Bárðardal, dags. 6.10.1815 til lækkunar tíundargjalds vegna a-b skemmda af skriðuföllum og vatnsgeftri, ásamt uppskrift. (*Merkt 22 a-b*).
- 2(145) Álits- og skoðunargjörð, dags. 16.7.1819 að beiðni leiguliða um niðurfærslu a-b landskuldar á klausturjarðirnar Hjaltadal og eyðikotið Kambfell vegna skriðufalla, ásamt uppskrift. (*Merkt 23 a-b*).
- 2(146) Álits- og skoðunargjörð, dags. 16.7.1819 að beiðni leiguliða um niðurfærslu a-b landskuldar á klausturjarðirnar Tungu vegna skriðufalla, ásamt uppskrift. (*Merkt 24*).
- 2(147) Aukahéraðsréttur að Hálsi, dags. 14.7.1841. Áreið á Bleiksmýrardal undirbúin a-b og gerð en fyrirhugað var að tiltaka og ákvarða takmörk þess parts af dalnum sem tilheyrði Munkaþverárklostri og meta hversu margar nýlendur mætti byggja Tunguábuanda að skaðlausu, ásamt uppskrift. (*Merkt 33 a-c*).
- 2(148) Aukahéraðsréttur að Illugastöðum, dags. 16.7.1841. Niðurstöður áreiðarinnar á a-b Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 34 a-d*).
- 2(149) Aukaréttur að Skógum, dags. 21.6.1859. Jón Gunnlaugsson eigandi Sörlastaða a-b auglýsir vitnisburð Sigurlaugu Guðmundsdóttur frá 28. maí síðastliðnum um notkun Timburvalladal frá Sörlastöðum. (*Merkt 35*).
- 2(150) Aukahéraðsréttur að Hálsi, dags. 28.9.1850. Deila Munkaþverárklosturs og a-b Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 41 a-c*).
- 2(151) Aukahéraðsréttur að Hálsi, dags. 14.10.1850. Deila Munkaþverárklosturs og a-b Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 42 a-b*).
- 2(152) Aukaping að Húsavík, dags. 7.1.1851. Deila Munkaþverárklosturs og Illuga- a-b staða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 43 a-c*).
- 2(153) Aukahéraðsréttur að Hálsi, dags. 8.5.1851. Deila Munkaþverárklosturs og a-b Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 44 a-i*).
- 2(154) Aukahéraðsréttur að Hálsi, dags. 30.5.1851. Deila Munkaþverárklosturs og a-b Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 45 a-b*).
- 2(155) Aukaping að Hálsi í Fnjóskadal, dags. 24.7.1851. Deila Munkaþverárklosturs a-b og Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 46 a-b*).
- 2(156) Aukahéraðsréttur á Húsavík, dags. 11.8.1851. Dómur í deilu Munkaþverár- a-b klosturs og Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 47 a-f*).
- 2(157) Aukahéraðsréttur að Sigríðarstöðum, dags. 29.9.1853. Áframhald á deilumáli a-b Munkaþverárklosturs og Illugastaða um Bleiksmýrardal eftir að málinu hafði verið vísað heim í hérað af Landsyfírrétti, sbr. Landsyfírréttar og hæstaréttar- dómur VI, bls. 389-390, ásamt uppskrift. (*Merkt 48 a-f*).
- 2(158) Aukahéraðsréttur á Tungu, dags. 30.9.1853. Áframhald deilu Munkaþverár- a-b klosturs og Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 49 a-e*).
- 2(159) Aukahéraðsréttur að Lundi, dags. 1.10.1853. Áframhald deilu Munkaþverár- a-b klosturs og Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 50 a-c*).
- 2(160) Aukahéraðsréttur, dags. 24.10.1853 að Fornastöðum. Áframhald deilu Munka- a-b þverárklosturs og Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 51 a-b*).
- 2(161) Aukahéraðsréttur að Fornastöðum, dags. 24.10.1853. Áframhald deilu Munka- a-b þverárklosturs og Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 52 a-b*).
- 2(162) Aukahéraðsréttur að Fornastöðum, , dags. 26.10.1853. Áframhald deilu Munka- a-b þverárklosturs og Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 53 a-b*).
- 2(163) Aukahéraðsréttur á Húsavík, dags. 25.11.1853. Dómur í deilu Munka- a-b þverárklosturs og Illugastaða um Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 54 a-m*).
- 2(164) Dómatkvæði héraðsdómara S. Schulesen í Bleiksmýrardalsmálinu, ódags., ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 55 a-h*).

- 2(165) Landamerkjadómur að Kambsstöðum, dags. 14.11.1968. Landamerkja-ágreiningur milli Kambstaða og Birkihlíðar. Endar með svohljóðandi sátt varðandi landamerki Kambstaða og Birkihlíðar: “Bein lína úr vörðu, sem er 40 metra norðvestan við vesturenda Fletjugarðs, þar sem nú er girðingarhorn í Sikisós við Kamsbá. Síðan ræður Kamsbá landamerkjum jarðanna austur að austurmörkum Kambstaðalands.” (*Merkt 56 a-b*).
- 2(166) Aukadómþing, dags. 3.7. og 1.8.1973. Skútustaðahreppur gegn hreppssjóði Reykdælahrepps. Skútustaðahreppur krefst fjórðungs af útlögðum kostnaði vegna landamerkjagirðingar frá Sandvatni að sandgræðslugirðingu vestan við Gæsafjöll. Fram koma upplýsingar um girðingaframkvæmdir á afréttarmörkum milli afréttarlands Skútustaðahrepps og afréttarlands lágsveitanna Reykdæla-, Aðaldæla-, og Kelduneshrepp. (*Merkt 57 a-f*).
- 2(194) a-b Bréf. A. Sæmundsen til S. Schulesen sýslumanns. Svar við bréfi, dags. 24.6.[1850]. Uppskrift af bréfi sýslumanns er fölginn í svarbréfi A. Sæmundsen. Svör sýslumanns vegna spurninga um nauðsyn þess að kalla Arngrím Andrésson fyrir réttinn ásamt fjárráðamanni og nauðsyn þess að vísa [Bleiksmýrardals]málinu fyrir rétt náist ekki sættir. Framlagt við aukarétt að Hálsi, dags. 28.9.1850, ásamt uppskrift. (*Merkt 60 a-b*).
- 2(195) a-b Bréf. Til A. Sæmundsen frá Th. Jónassen, settum amtmanni, dags 21.5.1850]. Svar til A. Sæmundsen, við bréfi dagsettu sama dag, frá Th. Jónassen, vegna frestunar á uppboði, er fara átti fram á manntalsþingi að Hálsi þann 16.5.1851, á Munkaþverárklausturseign, afréttinni Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 61 a-c*).
- 2(196) a-b Sóknarskjal. Ítarleg og yfirgripsmikil málsútlitun og réttarkrafa samkvæmt henni. A. Sæmundsen til aukahéraðsréttar í Suður-Þingeyjarsýslu. Hálsi í Fnjóskadal, dags. 28.9.1850, ásamt uppskrift. (*Merkt 62 a-g*).
- 2(197) a-b Varnarskjal. Séra Jón Kristjánsson f.h. mæðginanna á Illugastöðum, Þuríðar Aradóttur og Arngríms Andréssonar, ítarlegt varnarskjal á 12 síðum. Að Hálsi, dags. 14.10.1850. Framlagt sama dag og ár við aukahéraðsrétt að Hálsi, ásamt uppskrift. (*Merkt 63 a-l*).
- 2(198) a-b Útdráttur af Suður-Þingeyjarsýslu auctionsprotocol. Framlagt við aukahéraðsrétt að Hálsi, dags. 14.10.1850, ásamt uppskrift. (*Merkt 64 a-b*).
- 2(199) a-b Þingsvitni, varnarskjal, vitnisburður 12 vitna um landamerki afréttarlands klaustursins [að Munkaþverá]. A. Sæmundsen til aukahéraðsréttarins í Suður-Þingeyjarsýslu. 7 bls. Akureyri, dags. 22.5.1851. Framlagt við aukarétt að Hálsi, dags. 30.5.1851, ásamt uppskrift. (*Merkt 65 a-g*).
- 2(200) a-b Bréf. Um ómerkingu hins konunglega landsyfírréttar á héraðsréttardómi í Bleiksmýrardalsmáli og endurupptöku málsins. J. Jónsson Munkaþverá, til velbyrðugs herra sýslumannsins S. Schulesen, dags. 30.8.1853, ásamt uppskrift. (*Merkt 66 a-b*).
- 2(201) a-b Útskrift af Landsyfírréttardómi, dags. 29.9.1853, ásamt uppskrift. (*Merkt 67 a*).
- 2(202) a-b Spurningar til vitnisins Gríms Guðmundssonar á Sellandi, 26 talsins, dags. 29.9.1853, ásamt uppskrift. (*Merkt 68 a-d*).
- 2(203) a-b Spurningar til vitnisins Kristínar Jónsdóttur í Tungu við vitnaleiðslu þar, dags. 30.9.1853, í hinu svonefnda Bleiksmýrarmáli. 27 spurningar. Einnig spurningar til vitnisins mad. Hólmfríðar Jónsdóttur í Lundi, vitnaleiðsla þar þann 1.10.1853. 14 spurningar, ásamt uppskrift. (*Merkt 69 a-d*).
- 2(204) a-b Lögfestur, ásamt uppskrift. (*Merkt 70 a-b*).
- 2(205) a-b Varnar-framhald. Að Fornastöðum staddur, dags. 26.10.1853, Jón Kristjánsson, ásamt uppskrift. (*Merkt 71 a-d*).
- Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*
- 2(44) a-b Lögfesta Björns Schevings á Eyjardalsá, dags. 2.5.1753. Lögfesta Stefáns Þórarinssonar fyrir Eyjardalsá, dags. 10.5.18??, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-d*).

- 2(45) Útdráttur úr kirkjustól Eyjardalsár. Lögfesta Björns Schevings 1754. Samhljóða áður nefndri lögfestu. Einnig vitnisburður Þorkels Eiríkssonar um merki Öxarár og Eyjardalsár, dags. 2.3.1631 og vitnisburður Jóns Grímssonar um sama frá árinu 1631. Jón Austmann vottar, dags. 4.2.1856, að þetta skjal sé skrifað upp eftir kálfskinsbréfi með tveimur innsiglium, en það þriðja glatað. (*Merkt 2 a-d*).
- 2(46) Bréf umboðsmanna Munkaþverárklosturs um Fnjóskadalsskóga, dags. a-b 16.5.1748, ásamt uppskrift. (*Merkt 3*).
- 2(47) Vitnisburðarbréf séra Gottskálks Jónssonar og tveggja presta annarra um máldaga Hálskirkju 1506 (1312) á skinni. Afrit af bréfinu, gert meðan það var í Landsbókasafni. Hér eru nefndar eignarjarðir Háls þ.e. Birningsstaðir, Kambsstaðir og Sandhaugar, sjöttungur í reka í Náttfaravík milli Hvanndala og Svinár og afrétt á heiði út, Hálsmannatungur. Bréf þetta er tortryggilegt, því að engir prestar með þessum nöfnum eru þekktir í upphafi 16. aldar skv. *Íslenzkum æviskrám*. (*Merkt 4 a-b*).
- 2(48) Hálskirkjubréf og máldagar í Fnjóskadal 1574 með vitnisburði Jóns Illugasonar a-b og Odds Jónssonar að hafa séð dóm um lambselði um allan Fnjóskadal fyrir Hálsstað frá árinu 1565, sem og dómurinn, einnig bera þeir vitni um að hafa séð vitnisburð Ólafs Hjaltasonar um máldaga Hálskirkju. Vitnisburður Ólafs er þar einnig, ásamt uppskrift. (*Merkt 5 a-b*).
- 2(49) Staðfest afskrift, dags. 12.6.1608, af dómi um lambselði Hálsstaðar í Fnjóskadal a-b 1565 og máldaga Ólafs Hjaltasonar 1565. Síðan er afskrift af vitnisburði séra Guðmundar Skíðasonar, dags. 25.10.1581, um máldaga Hálsstaðar, ásamt uppskrift. (*Merkt 6*).
- 2(50) Lögfesta Ólafs Tómassonar fyrir Hálsstað 1629-1630, 1631 og lögfesta Tómasar a-b Ólafssonar fyrir Hálsstað, án ártals. Báðar óstaðfestar, ásamt uppskrift. (*Merkt 7*).
- 2(51) Lögfesta Þorgríms Jónssonar prests á Hálsi á Hálsstað, 21.5.1726, ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-b*).
- 2(52) Lögfesta Jóns Þorgrímssonar á Hálsstað, dags. 7.4.1744, ásamt uppskrift. (*Merkt a-b 9 a-b*).
- 2(53) Lögfesta Jóns Þorgrímssonar á Hálsstað, dags. 18.5.1745. (*Merkt 10 a-b*).
- 2(54) Lögfesta Jóns Þorgrímssonar prests á Hálsi á Hálsstað, dags. 7.6.1770. Einnig hefur Sigurður Árnason prestur á Hálsi bætt við árið 1839, að samhljóða þessari séu lögfestar 1726, 1774, 1763, 1779 og 1830. (*Merkt 11 a-b*).
- 2(55) Lögfesta Jóns Þorgrímssonar prests á Hálsi á Hálsstað, dags. 3.6.1779. Efnislega að mestu samhljóða fyrri lögfestum, en fyllri hvað varðar land milli Þverár og Fnjóskár, Þingmannalækjar og Markdælar. (*Merkt 12 a-b*).
- 2(56) Lögfesta Jóns Þorgrímssonar prests á Hálsi á Hálsstað, dags. 4.10.1782. (*Merkt a-b 13 a-b*).
- 2(57) Lögfesta Sigurðar Árnasonar prests á Hálsi á Hálsstað, dags. 1.6.1830. (*Merkt 14*).
- 2(58) Lögfesta Gunnlaugs Gunnlaugssonar prests á Hálsi á Kambsstöðum, dags. a-b 7.5.1796, ásamt uppskrift. (*Merkt 15*).
- 2(59) Vísitasia Björns Þorleifssonar biskups í Laufási, dags. 21.5.1701, ásamt uppskrift. (*Merkt 16 a-d*).
- 2(60) Afrit af skilum Geirs Markússonar á tekjum Laufáskirkju, dags. 2.9.1730. a-b Minnst er á Íshól, ásamt uppskrift. (*Merkt 17 a-c*).
- 2(61) Greinargerð um Laufásprestakall 1782. Minnst er á Íshól, ásamt uppskrift. a-b (*Merkt 18 a-b*).
- 2(62) Greinargerð um Laufásprestakall 1795. Minnst er á Íshól, ásamt uppskrift. a-b (*Merkt 19 a-b*).
- Vísitásiubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):*
- 2(63) Háls í Fnjóskadal [1595]. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar 1590- a-b 1616, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-b*).
- 2(64) Munkaþverárklosturjarðir, kúgildi og landskuldir árið 1590. Máldagabók



- a-b Guðbrands biskups Þorlákssonar 1590-1616, , ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-d*).
- 2(65) Háls í Fnjóskadal, dags. 16.8.1631. Vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-d*).
- a-b Eyjadalsá 1631. Vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-b*).
- 2(66) Háls í Fnjóskadal, dags. 16.8.1631. Vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631, ásamt uppskrift. (*Merkt 5 a-d*).
- a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 9.8.1680. Vísitásiubók Gísla Þorlákssonar 1659-1683, ásamt uppskrift. (*Merkt 6 a-c*).
- 2(68) Laufás, dags. 10.4.1686. Vísitásiubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. (*Merkt 7 a-e*).
- a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 12.4.1686. Vísitásiubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-b*).
- 2(69) Eyjadalsá, dags. 13.4.1686. Vísitásiubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. (*Merkt 9 a-b*).
- a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 3.8.1687. Vísitásiubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. (*Merkt 10 a-b*).
- 2(70) Laufás, dags. 13.8.1687. Vísitásiubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. (*Merkt 11 a-c*).
- a-b Laufás, dags. 4.8.1694. Vísitásiubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695, ásamt uppskrift. (*Merkt 12 a-c*).
- 2(71) Eyjadalsá, dags. 29.8.1694. Vísitásiubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695, ásamt uppskrift. (*Merkt 13 a-c*).
- a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 30.8.1694. Vísitásiubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695, ásamt uppskrift. (*Merkt 14 a-e*).
- 2(72) Háls í Fnjóskadal, dags. 24.8.1702. Vísitásiubók Björns Þorleifssonar 1699-1710, ásamt uppskrift. (*Merkt 15 a-e*).
- a-b Eyjadalsá, dags. 20.9.1702. Vísitásiubók Björns Þorleifssonar 1699-1710, ásamt uppskrift. (*Merkt 16 a-c*).
- 2(73) Laufás, dags. 11.8.1715. Vísitásiubók Steins Jónssonar 1713-1735, ásamt uppskrift. (*Merkt 17 a-d*).
- a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 29.8.1715. Vísitásiubók Steins Jónssonar 1713-1735, ásamt uppskrift. (*Merkt 18 a-c*).
- 2(74) Eyjadalsá, dags. 25.8.1722. Vísitásiubók Steins Jónssonar 1713-1735, ásamt uppskrift. (*Merkt 19 a-c*).
- a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 29.6.1748. Vísitásiubók Halldórs Brynjólfssonar 1747-1750, ásamt uppskrift. (*Merkt 20 a-d*).
- 2(75) Ljósavtn, dags. 3.8.1760. Vísitásiubók Gísla Magnússonar 1757-1769, Jóns Teitssonar 1781 og Sigurðar Stefánssonar 1790-1794, ásamt uppskrift. (*Merkt 21 a-c*).
- a-b Laufás, dags. 30.8.1760. Vísitásiubók Gísla Magnússonar 1757-1769, Jóns Teitssonar 1781 og Sigurðar Stefánssonar 1790-1794, ásamt uppskrift. (*Merkt 22 a-e*).
- 2(76) Eyjadalsá í Bárðardal, dags. 9.8.1828. Vísitásiubók Steingríms Jónssonar og Helga Thordersens 1828-1850, ásamt uppskrift. (*Merkt 23 a-c*).
- a-b Ljósavtn, dags. 10.8.1828. Vísitásiubók Steingríms Jónssonar og Helga Thordersens 1828-1850, ásamt uppskrift. (*Merkt 24 a-e*).
II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 6. júní 2008 er tekið fyrir mál nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, varaformaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Hulda Árnadóttir og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna.

(Andri Árnason hrl.)

Hálsbú ehf. vegna Háls.

Flosi Gunnarsson og Unnur Pétursdóttir vegna Hrafnstaða.

Marteinn Sigurðsson vegna Kvíabóls.

(Friðbjörn Garðarsson hdl.)

Ólafur Ingólfsson vegna Hlíðar.

Alfreð Schiöth o.fl.vegna Yztafells I.

Sigurveig Erlingsdóttir og Kolbrún Bjarnadóttir vegna Yztafells II.

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Ásta Pétursdóttir og fleiri vegna Bjarga.

Aðalgeir T. Stefánsson og fleiri vegna Knarrareyrar.

Aðaldælahreppur og Þingeyjarsveit vegna Kotamýra.

Ásta Pétursdóttir vegna Naustavíkur-Vargsness.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Þingeyjarsveit og fleiri vegna Austari-Króka.

Kristján Ingjaldur Tryggvason vegna Árlands.

Sigurgeir Jónsson vegna Árteigs.

Ártúnsbú ehf. vegna Ártúns.

Friðrik Steingrímsson og Lára Sólveig Svavarsdóttir vegna Birkihlíðar.

Arnór Benediktsson vegna Borgartúns.

Sigurður Arnar Jónsson vegna Draflastaðarlands á Gönguskarði.

Baldvin Einarsson vegna Engihlíðar.

Árný Garðarsdóttir og Tryggvi Berg Jónssonvegna Fellssels og Selfells.

Jón Hermann Hjaltason vegna Finnsstaða og Hjaltastaða.

Bergsveinn Jónsson og fleiri vegna Fornastaða, Garðs og Sólvangs.

Fornhólar ehf. vegna Fornastaða og Fornhóla.

Ártúnsbú ehf. og fleiri vegna Granastaða I.

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

Ártúnsbú ehf. og Sigurgeir Jónsson vegna Granastaða II.  
 Þingeyjarsveit vegna Grímslands, Hálsmannatungna og Knarrareyrar.  
 Ásgeir Harðarson og fleiri vegna Gvendarstaða.  
 Hriflubú sf. vegna Halldórsstaða.  
 Tryggvi Stefánsson vegna Hallgilsstaða.  
 Kristján Valdimarsson og fleiri vegna Kambsmýra.  
 Karen O. Hannesdóttir og fleiri vegna Kross.  
 Kristbjörg Ingólfssdóttir og fleiri vegna Landamóts.  
 Benedikt Bragason og fleiri vegna Landamótssels.  
 Kári Karlsson vegna Nípár.  
 Einar Kristjánsson og Svanhildur Baldursdóttir vegna Ófeigsstaða.  
 Baldvin K. Baldvinsson og fleiri vegna Rangár.  
 Edda Petrína Olsen og Hermann R. Herbertsson vegna Sigríðarstaða.  
 Benedikt Karlsson og fleiri vegna Syðri-Hóls.  
 Ingibjörg Jónasdóttir og fleiri vegna Syðri-Leikskálaár.  
 Brynhildur Þráinsdóttir vegna Torfuness.  
 Karl Björnsson vegna Veisu.  
 Flaumur ehf. vegna Veisusels.  
 Benedikt Karlsson og Friðrika Karlsdóttir vegna Ytri-Hóls.  
 Margrét Jónsdóttir vegna Ytri Leikskálaár.  
 Áttahagafélagið Eiður ehf. vegna Þóroddsstaðar.  
 (Sigurður Jónsson hrl.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

## 2.2 Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 15. júní 2006, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á austanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjötta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar. Hér skal þess getið að vesturmörkum svæðisins var breytt, að ósk fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins. Í stað þess að fylgja suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar er Fnjóská fylgt frá ósum þar til hún sker vesturmörk Þingeyjarsveitar. Er þeim mörkum fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl.

Að austan afmarkast svæðið af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að ármótum við Kreppu. Þaðan er Kreppu fylgt þar til komið er að ármótum við Kverká og hinni síðarnefndu fylgt að upptökum í Brúarjökli.<sup>2</sup> Þaðan er dregin lína til suðvesturs, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs. Þar er hornmark.

Framangreind afmörkun til vesturs endar í Fjórðungakvísl. Að sunnan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvíslar til austurs í punkt við Nýjadal/Jökuldal. Þaðan eftir dalnum, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvíslar. Þaðan úr austasta punkti í hæðarpunkt 1115 m. Þaðan í Deili, hæð 1125 m, og áfram, inn á Vatnajökul, í Bárðarbungu, hæð 2009 m, þaðan í Sviahnjúk eystri og loks í stefnu á miðja Breiðubungu, þar til kemur að hornmarki við austurmörk. Hornmark þetta kemur fram á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands, sem staðfest var 10. maí 1999, og er þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker línu þá sem liggur á milli miðrar Breiðubungu og Sviahnjúka eystri. Suðurmerki svæðis 6 hjá óbyggðanefnd byggja á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína. Þetta á m.a. við um framangreint hornmark suður- og austurmerkja, en tekið skal fram að austurmerki eru hér að öðru leyti dregin nokkru austar en lína sú á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands sem áður var nefnd.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 15. september 2006 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Grýtubakkahrepps, Svalbarðsstrandarhrepps, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps, Tjörneshrepps og þess hluta hins nýja sveitarfélags Norðurþings, sem áður tilheyrði sveitar-

<sup>2</sup> Svokölluð Krepputungu, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan árinna Kreppu, er þannig innan svæðis 6 en hún var á sínum tíma skilin undan svæði 5 hjá óbyggðanefnd, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998. Sjá nánar í máli nr. 1/2007.



félögunum Húsavíkurkaupstað og Kelduneshreppi, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfúlýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2006 og síðar til 1. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfúlýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á norðanverðu Austurlandi bárust 1. nóvember 2006. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 10. nóvember 2006, og síðan í fleiri blöðum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 12. febrúar 2007. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var fyrst framlengdur til 12. mars og síðan lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfúlýsingar í júlí 2007.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík og á Akureyri, frá 20. júní til og með 20. júlí 2007, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 27. júlí 2007. Framangreind kynningar-gögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfúlýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 5 hlutum og 6 kröfúlýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 162 kröfúlýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

### 2.4 Mál nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun; mál nr. 2/2007, Tjörnes og Þeistareyki, mál nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs; mál nr. 4/2007,

Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár, og mál nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár.

Mál nr. 4/2007 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 26. apríl 2007. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipaði í málinu þeir Kristján Torfason formaður, Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Einnig var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Loks var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga.

Við aðra fyrirtöku málsins, 11. júní 2007, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til 9. ágúst 2007 til skila á greinargerðum. Formaður gat þess að athygli lögmanna hefði verið vakin á þeim svæðum þar sem engar kröfur, öndverðar við þjóðlendukröfur ríkisins, hefðu borist óbyggðanefnd. Lögmenn voru og minntir á að setja á kort þá punkta sem nefndir væru í kröfulýsingum. Af hálfu Ragnars Aðalsteinssonar hrl. var gerður fyrirvari vegna óskráðra skjala sem til væru samkvæmt upplýsingum frá Árnastofnun og áskildi hann sér rétt til þess að krefjast endurupptöku máls eftir að umrædd skjöl hefðu verið skráð.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. ágúst 2007, voru lagðar fram greinargerðir vegna fjölda jarða. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Þá voru kynntar þær breytingar að í stað Kristjáns tók Karl Axelsson varaformaður óbyggðanefndar við formennsku í þessu máli og Hulda Árnadóttir tók sæti Allans. Engar athugasemdir voru gerðar af því tilefni.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 29. ágúst 2007, voru lögð fram frekari gögn, leitast við að upplýsa málið frekar og undirbúa aðalmeðferð þess.

Aðalmeðferð fór fram dagana 24.-25. september og fólst í vettvangsferð, skýrslutökum og munnlegum málflutningi, sjá nánar í köflum 4.3. og 4.4. um fyrstnefndu tvö atriðin. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 29. maí 2008 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### 3 KRÖFUGERÐ<sup>3</sup>

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda, sbr. meðfylgjandi kröfukort: Fyrsti punktur á kröfusvæðinu er í Krossöxl, í um 500 metra hæð (1). Þaðan er fylgt um 500 metra hæðarlínu til norðurs í Hrafnstaðaöxl, við Gönguskarð (2), þaðan er haldið til norðurs að upptökum Seljadalsár (2a). Frá þeim punkti er haldið til norðurs í Sperðlagil (2b), en þaðan beina stefnu í Granastaðanípu (3). Úr þeim punkti er haldið í Skessuskál, í austanverðu Skessufjalli (4). Þaðan er farið í norður austan við Skessufjall með Skarðsá í Kotadal (5). Þaðan er fylgt 500 metra hæðarlínu til norðurs í upptök Ytri-Rauðavíkurár (6). Þaðan er haldið í austur til sjávar við Lendingarklett (7). Þaðan er fylgt sjávarborði norður og vestur að punkti á móts við Eyrarvík norðan Hágangna ytri (8). Þaðan er 500 metra hæðarlínu fylgt til suðurs að Stóruskriðu (9). Þaðan er Stóruskriðu fylgt til vesturs að Dalsá (10). Þaðan er farið í Skeiðislæk við merki Austari-Króka (11). Þaðan er farið í 500 metra hæð í Siggju og Viggju (12). Þaðan er fylgt til suðurs 500 metra hæðarlínu vestan í Siggju og Viggju, að Ytri-Uxaskarðsá (13) og þaðan áfram í 500 metra hæð til suðurs að Tungusporði í Gönguskarði að um það bil 500 metra hæðarpunkti (14). Þaðan er fylgt sömu hæð í Grænahnjúk til suðurs að Mjóadal (15). Frá Mjóadal er síðan haldið með brúnum Fornastaðafjalls til vesturs, og síðan suðurs fyrir fjallið allt til upphafspunkts í Krossöxl.

Af hálfu íslenska ríkisins er gerð sú varakrafa að miðað verði við 400 m hæðarlínur eða brúnir Austur- og Vesturheiðar vegna Grímslands, Hálsmannatungna og Kambsmýra.

#### 3.2 Kröfur Ásu D. Hólmgeirsdóttur o.fl. vegna Knarrareyrar (Eyrar)

Þær kröfur eru gerðar að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis, að hluti lands Knarrareyrar teljist til þjóðlendu og jafnframt er krafist viðurkenningar á eignarrétti aðila innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta: Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp, og að neðan beint úr gílinu niður miðja skriðuna í Dalsá. Að vestan ræður Dalsá (1) alla leið til sjávar (2). Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðholu í Haugshorni (3) og þaðan beint upp á hæsta fjallhrygginn (4).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

<sup>3</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna jarðanna Kviabóls og Syðri-Leikskálaár. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.3 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Knarrareyrar

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Knarrareyrarlands innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil (1) og úr því bein stefna á fjall upp og að neðan beint úr gilinu niður miðja skriðuna í Dalsá (2). Að vestan ræður Dalsá (3) alla leið til sjávar. Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðholu (4) í Haugshorni (5) og þaðan beint upp á hæsta fjallshrygginn (6).

Afsal, frá 4. júlí 1953, fyrir spildu úr Knarrareyri: „Eyrarfjall“ (7), land þetta takmarkast af „Stóruskriðu“ (8) að sunnan „Urðargili“ (9) að norðan „Dalsá“ að vestan og Háfjalli að austan (10).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.4 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Grímslands

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Grímslands innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan ræður Ytri-Jökulsá (1). Að vestan Dalsá (2). Að norðan ræður Stóraskriða (3), eða Stóruskriðulækur(4). Að austan er fjallsbrúin(5).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.5 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Hálsmannatungna

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Hálsmannatungum innan eftirtalinna merkja með vísan til meðfylgjandi uppdráttar:

Að norðan: Ytri-Jökulsá. Að austan: Fjallsbrún. Að sunnan: Syðri-Jökulsá. Að vestan: Dalsá.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.6 Kröfur Sigríðar Valdimarsdóttur o.fl. vegna Kambsmýra

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Kambsmýra innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan ræður merkjum Skeiðislækjargil (1) ofan af fjalli og úr því bein stefna á merkivörðu á Miðhólum (2). Að vestan ræður bein lína frá nefndri merkjavörðu norður á miðjan Almannakamb (3), þá Dalsá (4) norður til Syðri-Jökulsár (5) norðan ræður Syðri-Jökulsá frá því hún fellur í Dalsá og á fjall upp. Að austan ræður hæsta fjallsbrúnin (6).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.7 Kröfur Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Kotamýra

Þær kröfur eru gerðar að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis að hluti lands Kotamýra teljist til þjóðlendu og jafnframt er krafist viðurkenningar á eignarrétti aðila innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta: Að norðan gagnvart Naustavík og Vargsnesi fylgja landamerkin Náttfaralæk frá sjó (1) upp að götum, nú vegi, (2) og þaðan beina línu syðst í Nónfjall (3) og þaðan norður og upp á hrygg sunnan dalverpis upp úr Naustavík (4) og eftir háhryggnum uppeftir svo langt sem nær og síðan beina stefnu í hyrnu sem skilur að Naustavíkur- og Kotabotna (5) og þaðan í Hágrjót (6). Að jörðinni að vestan er Grímsland. Landamerkjum þess lýst þannig í landamerkjabréfi dags. 16.1.1885: „Að austan er fjallsbrún.“ Sunnan Grímslands taka við Hálsmannatungur og eru merki þeirra til austurs í eðlilegu framhaldi af mörkum Grímslands og Kotamýra, þ.e. fjallsbrún. Þar fyrir sunnan er jörðin Kambsmýrar. Landamerkjabréf hennar er frá 20. apríl 1885 og segir þar um austurmörk jarðarinnar: „Að austan ræður hæsta fjallsbrúnin.“ Merki Kotamýra liggja samkvæmt þessu í hornpunkt sem markar syðsta punkt jarðarinnar (7). Að sunnan og austan ráða landamerki Bjarga frá 2. september 1891, en þau eru samþykkt af

Kotamýrum. Merki Kotamýra liggja þannig úr framangreindum punkti 7 allt til sjávar (8).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.8 Kröfur Ástu Pétursdóttur vegna Naustavíkur-Vargsness

Þær kröfur eru gerðar að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis, að hluti lands Naustavíkur-Vargsness teljist til þjóðlendu og jafnframt er krafist viðurkenningar á eignarrétti aðila innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta: Að norðan og vestan gagnvart Knarrareyri eru merkin í Rauðholu í Haugshorni (1) og þaðan beint upp á hæsta fjallhrygginn (2). Að vestan gagnvart Grímslandi er línan dregin um hæsta fjallhrygginn (3). Að sunnan fylgja landamerkin Náttfaralæk (4) frá sjó upp að götum, nú vegi (5), og þaðan beina línu syðst í Nónfjall (6) og þaðan norður og upp á hrygg sunnan dalverpis uppúr Naustavík (7) og eftir háhryggnum uppeftir svo langt sem nær og síðan beina stefnu í hyrnu sem skilur að Naustavíkur- og Kotabotna (8) og þaðan í Hágrjót (9).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.9 Kröfur Þingeyjarsveitar o.fl. vegna Austari-Króka

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Austari-Króka innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Austari-Krókar eiga land til norðurs að Kambsmýrarlandi (1). Merki þar á milli er: Úr vörðu á Ytri-Miðhólum (2) austur skeið (3), beint í Skeiðslæk, þar sem hann rennur ofan eftir gili á milli Skeiðishryggja (4) og í þeim læk austur svonefndan Ytridal (5) og þaðan sömu stefnu á fjall upp. Að austan ræður merkjum hæsti fjallshryggurinn (6), suður að Uxaskarði (7). Að sunnan greinir Ytri-Uxaskarðsá (8) Króklund frá Garðssellandi, uns hún rennur í Árbaugsá (9). Þá eru merkin í Árbaugsá þar til Króká (10) rennur í hana að norðan, austur frá bænum Þúfu. Frá þeim ármótum eru þau í Króká út á milli Krókabæjanna (11), og þaðan aðskilur lönd Austari-Króka og Vestari-Króka, bein stefnulína norður eftir Miðhólum (12) í vörðu þá, sem fyrr er nefnd.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.10 Kröfur Bergsveins Jónssonar o.fl. vegna Garðs

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Garðs innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Merkin að utan milli Garðs og Austari-Króka, eru Uxaskarðsá hin ytri (1) svo og Árbaugsá (2). Merkin að neðan eða vestan eru Árbaugsá eða Þverá (3) og svo Fnjóská (4) frá Þverá til Ytri-Hólsmerkja (5). Að sunnan milli Garðs og Ytra-Hóls eru merki beint frá Fnjóská í Sandgil (6), frá því gili um reiðgötur (7), beint í merkistein (8) utan og neðan í Geithól (9), þaðan í miðjan Lynghól (10), þaðan í miðjan Sjónarhól (11), þaðan rétt lína yfir Vaðmýri (12) í Hólsá (13), beint undan Vegarlág (14) í Tungusporði (15). Að ofan eða austan eru merkin í Grjótá (16), svo í Gönguskarðsá (17) og Hólsá (18) fram að Ytri-Hólsmerkjum, sem áður eru talin.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.11 Kröfur Benedikts Karlssonar og Friðriku Karlsdóttur vegna Ytri-Hóls

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Ytri-Hóls innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Merkin að norðan á milli Ytra-Hóls og Garðs, eru beint frá Fnjóská og í Sandgil, frá því um reiðgötur í stóran stein utan og vestan við Geithól, frá þeim steini í miðjan Lynghól, þaðan í miðjan Sjónarhól, þaðan beina línu og austur á miðja Vaðmýri og á Hólsá undan vegalág. Merkin að neðan ræður Fnjóská. Merkin á milli Ytra-Hóls og Syðra-Hóls eru beint frá Fnjóská og í vörðu á Undirmósbrekku, þaðan í vörðu á Veituholti, þaðan í vörðu sunnan við Gróf og þaðan í Snjóbolla. Landinu fyrir ofan Hólsbrún er óskipt til beitar á milli jarðanna Ytra-Hóls og Syðra-Hóls, en til slæгна á Ytri-Hóll Grafarmýrarnar utan á hálsinum allt fyrir utan Hafragróf og allar Selbrekkurnar fram í gegn og upp í vörður þær, sem eru á Selbrekkubrununum frá Hafragróf fram að öxlinni. Hólsdalinn eiga báðar jarðirnar Ytri-Hóll og Syðri-Hóll bæði að austan og vestan. Merki hans eru að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og



austur að Þrengingum, að austan ræður fjallsbrún fram að gili, sem er gagnvart Mjóadal. Að vestan og framan ræður Mjóagilsá og fram til fjalls.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.12 Kröfur Benedikts Karlssonar o.fl. vegna Syðri-Hóls**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Syðri-Hóls innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Merkin að norðan á milli Ytra-Hóls og Syðra-Hóls, eru beint frá Fnjóská og á vörðu á Undirmósbrekku, þaðan í vörðu á Veituholti, þaðan í vörðu sunnan við Gröf og þaðan í Snjóþolla. Að vestan eru merkin í Fnjóská. Að sunnan eru merkin: á milli Böðvarsness og Syðrahóls ræður Fossá merkum frá Fnjóská til fjallsbrúnar. Á milli jarðanna Syðra-Hóls og Ytra-Hóls, er landi óskipt fyrir ofan Hálsbrún til beitar, en til slæгна á Syðri-Hóll allar Axlarmýrarnar austur að vörðum á Selbrekkubrúnum og út að vörðum að Hafragróf.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.13 Kröfur Karls Björnssonar vegna Veisu**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Veisusels innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Milli Veisu og Veisusels að sunnan eru merkin í svonefndum Stóralæk (1). Milli Veisu og Végeirsstaða að norðan, eru merkin í læk, sem líka er nefndur Stórilækur (2). En breidd Veisulands nær frá fjallsbrún (3) ofan að Fnjóská (4).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.14 Kröfur Flaums ehf. vegna Veisusels

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Veisusels innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti: Að utanverðu til móts við Veisu ræður Stórilækur (1) í fjallinu og ytri kvísl hans frá fjallsrótum (2) til Fnjóskár (3). Að vestanverðu við Fnjóská suður gegnt Miðrönd á mónum (4), þaðan til móts við Hallgilsstaði í Grundargil (5) í fjallinu beint á fjall upp. Samt tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.15 Kröfur Tryggva Stefánssonar vegna Hallgilsstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Hallgilsstaða innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti, sbr. landamerkjabréf fyrir Hallgilsstaði frá 28. mars 1884, þinglesið 18. júní 1884, yngra landamerkjabréf sem er frá 12. desember 1922, afsal hluta lands Hallgilsstaða vegna Sólvangs, dags. 21. júlí 1946, afsal vegna hluta úr landi Veisusels dags. 15. okt. 2001.

„Eldra bréfið: Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil í fjallinu og bein lína vestur frá því eftir „Markbrekkuhólum“ til „Þingmannalækjar“.

Að vestan ræður lækurinn til móts við Hálsland, þar til hann fellur í Fnjóská, ræður svo mið Fnjóská gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel á fjall upp.

Yngra bréfið: Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil og bein lína eftir Marksbrekkuhólum til Þingmannalækjar. Að vestan ræður lækurinn til móts við Háls, þar til hann fellur í Fnjóská, en hún ræður til þess gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel, til fjalls upp. Auk þess tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar við Veisuselstún.

Afsalið vegna Sólvangs: Að norðan ræður suðurarmur túngirðingar Hallgilsstaða um svonefndan Grjóthól, þaðan sömu stefnu til háfjalls. Að vestan úr suðurhorni túngirðingar Hallgilsstaða suður vestan farvegar svonefnds Merkjalækjar í vörðu á Markabrekku. Að sunnan ráða landamerki milli Fornastaða og Hallgilsstaða.

Afsalið vegna viðbótarlands úr Veisuseli: Að norðan eru merki Hallgilsstaða við Veisu um Stóralæk frá Fnjóská að þjóðvegi. Þaðan í miðjum þjóðvegi á móti Veisuseli og suður Háuskriðulæk og síðan eftir honum á fjall upp. Lína þessi liggur síðan með stefnu Háuskriðulæks að merkjum við Ljósavatnshrepp. Að vestan ræður

Fnjóská merkjum. Veidiréttur í Fnjóská fylgir með í kaupum þessum. Að öðru leyti ræður eldri landamerkjalysing jarðanna.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.16 Kröfur Bergsveins Jónssonar o.fl. vegna hálfra Fornastaða og Sólvangs

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Fornastaða og Sólvangs innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti, sbr. landamerkjabréf fyrir Hallgilsstaði frá 28. mars 1884, þinglesið 18. júní 1884, yngra landamerkjabréf frá 12. desember 1922 og afsal hluta lands Hallgilsstaða vegna Sólvangs dags. 21. júlí 1946:

„Eldra bréfið: Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil í fjallinu og bein lína vestur frá því eftir „Markbrekkuhólum“ til „Þingmannalækjar“. Að vestan ræður lækurinn til móts við Hálsland, þar til hann fellur í Fnjóská, ræður svo mið Fnjóská gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel á fjall upp.

Yngra bréfið: Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil og bein lína eftir Marksbrekkuhólum til Þingmannalækjar. Að vestan ræður lækurinn til móts við Háls, þar til hann fellur í Fnjóská, en hún ræður til þess gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel, til fjalls upp. Auk þess tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar við Veisuselstún.

Afsalið: Að norðan ræður suðurarmur túngirðingar Hallgilsstaða (6) um svonefndan Grjóthól (4), þaðan sömu stefnu til háfjalls (5). Að vestan úr suðurhorni túngirðingar Hallgilsstaða (3) suður vestan farvegar svonefnds Merkjalækjar í vörðu á Markabrekku. Að sunnan ráða landamerki milli Fornastaða og Hallgilsstaða.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.17 Kröfur Fornhóla ehf. vegna Fornhóla og hálfra Fornastaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Fornhóla og Fornastaða innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan til móts við Sigríðarstaði ræður Merkiá (1) af fjalli og frá fjallsrótum bein stefna eftir Merkiáfarvegum (2) til Þingmannalækjar (3).

Að norðan til móts við Hallgilsstaði ræður Syðragil í fjallinu (4), þaðan bein lína eftir Markbrekkuhólum (5) vestur til Þingmannalækjar, er þá ræður merkjum að vestan til móts við Hálsland.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.18 Kröfur Hermanns R. Herbertssonar og Eddu P. Olsen vegna Sigríðarstaða**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Sigríðarstaða innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að austan ræður: Merkgil og bein lína úr því í Litlutjarnalæk yfir um stein í Mýrinni. Að sunnan ræður: Litlutjarnalækur, sem út frá kallast Kambsá og svo bein lína, sem hugsast dregin frá vörðu á Móhorni (1) austur í mitt Sandberg í Kambsstaðalandi (2) og er lína þessi nú afmörkuð með vörðum, svo ræður Þingmannalækur (3). Að vestan ræður: Merkjárgil (4) og lína sem hugsast dregin í Svartsholtssenda (5) og verður hlaðin þar varða er gamla varðan stóð. Að norðan ræður Sigríðarstaðafjall (6). Sbr. einnig landamerkjabréf dags. 4. ágúst 1935.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.19 Kröfur Láru Sólveigar Svavarsdóttur og Friðriks Steingrímssonar vegna Birkihlíðar**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Birkihlíðar innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan ræður norðurarmur girðingar um Litlu-Sigríðarstaði (1) og beint framhald af henni upp í merki jarðarinnar að austan. Á áðurnefndum girðingararmi að norðan, liggja merkin beina línu í vörðu 40 m norðan við vesturenda Fletjugarðs (2). Að vestan er bein lína úr áðurnefndri vörðu í Sikisós (4) og þaðan bein lína austarlega í berg við Kambá (5). Að sunnan: Úr Merkgili (6) í stóran, einstakan stein í Mýrinni (7) og bein stefna í Litlutjarnarlæk (8). Sbr. einnig sátt um landamerki milli Kambsstaða og Birkihlíðar dags. 21. nóvember 1968.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.20 Kröfur Berglindar Bragadóttur o.fl. vegna „óskipts“ lands Landamótssels og Borgartúns**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Landamótsseli og Borgartúni innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan ræður merkjum varða, sem stendur niður við braut þá, sem liggur suður neðanvert við holtarætur (1), frá nefndri vörðu, beina stefnu í vörðu, sem stendur í brekkuröðinni sunnanvert við þriðju lág frá Stekkjarlæk (10), og þaðan stefnu í vörðu sem stendur við gróf í fjallsbrúninni norðan á Krossöxl (9). Að austan eru merkin frá fyrstnefndri vörðu suður meðfram nefndri braut, stefnu í vörðu sem stendur yst í Stakholti (2). Þaðan ræður bein stefna í vörðu sem stendur við lækinn Gegni (3), sem ber sunnanvert við bæinn Hriflu. Þaðan ræður Gegnir (4) merkjum suður í Djúpá (5). Að sunnan ræður Djúpá merkjum í Kíl (6), sem er norðvestur af tóftarbroti er stendur ofarlega á Haganum, sunnan Djúpár, frá nefndum Kíl beina stefnu neðst í Merkilæk (7) og eftir honum eru merkin í Merkigróf í Krossöxl og þaðan upp á háfjall (8). Að vestan ráða Hágrjót merkjum (8).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.21 Kröfur Ragnhildar H. Ingólfssdóttur o.fl. vegna Landamóts**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Landamótum innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan ræður Rauðilækur (1) frá fjallsbrún til Gegnis (2). Að austan ræður Gegnir merkjum frá Rauðalæk til vörðu, sem stendur í Lækjarbakkanum, sem ber sunnan við bæinn Hriflu (3). Að sunnan, frá nefndri vörðu, beint í vestur í vörðu, sem stendur neðst á Stakholti (4-5). Að vestan frá Stakholtsvörðu (4-5), með holtarótum (6) norður til vörðu sem stendur neðan við holt, sem er sunnan við þriðju lág frá Stekkjarlæk (7) (og vörðu) norðan á Krossöxl (8). Að vestan ræður merkjum há (grjót) fjall (8).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.22 Kröfur Hriflubús sf. vegna Halldórsstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Halldórsstöðum innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti: Að austan eru merkin í Gegni (1) út að Merkihól (2), þaðan ráða vörður upp fellid (3), beina stefnu í Merkivörðu (5), þaðan ráða vörður út fellid, hæst út að vörðu þeirri sem nefnist Hornvarða (6). Að norðan eru merkin úr Hornvörðu, eftir vörðunni ofan fellid að vestan, þá taka við vörður ofan mýrina (7) og liggja þær, er kemur upp í vesturbrekkuna (8) meðfram lækjarsprænu, sem nær upp að Grásteinsmýri (9) og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótási (10) og þar vestur á grjót (11). Að sunnan eru merkin í Rauðalæk (12), neðan frá Gegni og upp að því, sem hann skiptir sér, og þaðan beina stefnu í vörðu, sem stendur upp á fjallsbrúninni og síðan sjónhending á grjót upp. „Jörðin Halldórsstaðir eiga 1/6 - einn sjötta - part úr afréttarlandinu Finnsstaðadal.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.23 Kröfur Jóns Hermanns Hjaltasonar vegna Hjaltastaða, Finnsstaða og Finnsstaðadals

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á „óskiptu“ landi Hjaltastaða og Finnsstaða og á „sameiginlegu“ landi á Finnsstaðadal innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti: Að austan ræður Kinnarfell (1) merkjum þar sem það er hæst suður að vörðu þeirri sem nefnist Hornvarða (2). Að sunnan eru merkin úr Hornvörðu eftir vörðum ofan fjallid (3), þá taka við vörður ofan mýrina (4), og liggja þær, er kemur upp í vesturbrekkuna, meðfram lækjarsprænu (5), sem nær upp að Grásteinsmýri (6), og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótási (7) og þar vestur á grjót (8). Að norðan eru merkin í vörðum, sem standa vestan í Kinnarfelli (9) allt ofan að svonefndum Merkihól (10), þaðan ræður garður (11) yfir mýrina ofan í Bollastaðaá (12), þá ræður hún upp fyrir brún á vestur fjallinu (13) og allt þangað til hún liggur í suður, þar sem heitir Bræðradalur (14) og taka þá við vörður upp á grjót. Að vestan ráða grjóthálsar þeir, hvaðan vötnum hallar vestur til Fnjóskadals (15). Jörðinni fylgir ennfremur

afreitarlandið Finnsstaðadalur (16) að 5/6 hlutum. Takmörk hans eru að sunnan við ána, sem eftir honum rennur. Mjóadalsá (17) að innan, en norðan við ána gil (18) nokkurt sem liggur gagnvart Mjóadal.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.24 Kröfur Kristjáns Ingjalds Tryggvasonar vegna Árlands

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Árlandi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að austan ræður Skjálfandafljót (1) merkjum og sú meginkvísl þess, er fellur norðaustur úr Grænhyl. Að sunnan austan í Kinnarfelli (2) milli Barnafells og Fellssels ræður Umsvalalækur (3) og Umsvalagarður (4) er liggur upp með honum upp að upptökum læksins, þá taka við vörður upp fellið og yfir það gagnvart garði þeim, sem liggur upp fellið að vestan upp í Merkihól (5). Þaðan ræður garðurinn yfir í mýrina ofan í Bollastaðaá (6); Merkihól. Þá ræður hún upp á brún á vesturfjallinu (7), og allt þangað til hún liggur í suður þar sem heitir Bræðradalur (8) og taka þá við vörður upp á grjót. Að vestan ráða merkjum grjóthæðir hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal (9). Að norðan og austan í Kinnarfelli, ráða vörður merkjum milli Ystafells og Fellssels; liggja þær upp hlíðina frá fljótinu og upp á brún, rétt norðan við Setberg, þaðan yfir fellið og niður að Rangá (10). Vestan við Rangá skiptir gamall garður merkjum milli jarðanna syðst í Heyvallarfít; ofan við fitina ráða vörður (11) upp fjallsræturnar beint í krók einn á Heyvallargróf. Úr því ræður grófin merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða vörður upp Skollhóla (12) og vestur á háfjall (13). Sbr. einnig afsal frá 5. júlí 1956.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.25 Kröfur Tryggva Bergs Jónssonar og Árnýjar Garðarsdóttur vegna Fellssels og Selfells

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Fellsseli og Selfelli innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að austan ræður Skjálfandafljót (1) merkjum og sú meginkvísl þess, er fellur norðaustur úr Grænhyl (2). Að sunnan austan í Kinnarfelli (3) milli Barnafells

og Fellssels ræður Umsvalalækur og Umsvalagarður er liggur upp með honum upp að upptökum læksins, þá taka við vörður upp fellið og yfir það gagnvart garði þeim, sem liggur upp fellið að vestan upp í Merkihól. Þaðan ræður garðurinn yfir í mýrina ofan í Bollastaðaá; Merkihól. Þá ræður hún upp á brún á vesturfjallinu (4), og allt þangað til hún liggur í suður þar sem heitir Bræðradalur og taka þá við vörður upp á grjót. Að vestan ráða merkjum grjóthæðir hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal. Að norðan og austan í Kinnarfelli, ráða vörður merkjum milli Ystafells og Fellssels; liggja þær upp hliðina frá fljótinu og upp á brún, rétt norðan við Setberg (5), þaðan yfir fellið og niður að Rangá (6). Vestan við Rangá skiptir gamall garður merkjum milli jarðanna syðst í Heyvallarfít (7); ofan við fitina ráða vörður (8) upp fjallsræturnar beint í krók einn á Heyvallargróf (9). Úr því ræður grófin merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða vörður upp Skollhóla (12) og vestur á háfjall (13).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.26 Kröfur Helga Birgis Schiöth o.fl. vegna Ystafells I, Kolbrúnar Bjarnadóttur og Jónasar Jónssonar vegna Ystafells II og Ólafs Ingólfssonar vegna Hlíðar**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Ystafelli I og II og Hlíð innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti: Ystafell I og II: Frá Rangá (1) til vesturs eftir vörðum upp fjallsrætur beint í krók (2) á Heyvallargróf, úr því ræður grófin sjálf merkjum upp á fjallsbrún (3), þaðan ráða merkjavörður upp Skollhóla og vestur á háfjall (4). Þaðan eftir vatnaskilum gagnvart Finnsstaðadal norður á Vesturfjall í merkjapunkt (5) Ystafells og Hlíðar. Úr honum eftir vörðum norðanvert við Botnamýri í Botnakíl (6) og þaðan eftir Gljúfurá niður í Rangá (7).

Hlíð: Frá Rangá (8) í beinni línu vestur á fjallsbrún (9), og áfram vestur eftir merkjavörðum upp Guðmundarstaðahóla og upp á svonefnt Vesturfjall (10) þar sem komið er í vatnaskil gagnvart Finnsstaðadal. Úr þeim punkti suður eftir vatnaskilum í punkt (5) á mörkum Ystafells. Úr honum eftir vörðum norðanvert við Botnamýri í Botnakíl (6) og þaðan eftir Gljúfurá niður í Rangá (7).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.



Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.27 Kröfur Kristínar Helgadóttur o.fl. vegna Gvendarstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Gvendarstöðum innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að austan ráða merkjum milli Hóls og Guðmundarstaða reiðgötur (1) þær, er liggja neðarlega í Kinnarfelli (2) skammt ofan við Rangá (3). Að sunnan skiptir gamall garður (4) löndum fjallinu milli Ystafells og Guðmundarstaða neðan frá Rangá og upp á fjallsbrún (5), þar fyrir vestan ráða merkjavörður (6) upp Guðmundarstaðahól (7) og upp á svonefnt Vesturfjall (8). Að vestan ræður hábrún Vesturfjalls (9). Að norðan skiptir löndum lækur sá eða gil (10), er liggur ofan fjallið norðan við Guðmundarstaðatungu (11), er lækur sá merkilækur milli Guðmundarstaða og Hrappsstaða, allt neðan frá Rangá og vestur á Selás (12) ofan við Guðmundarstaðamýrar (13), suður frá Hrappstaðaöxl (14). Frá Selás og upp á Vesturfjall ráði vörður merkjum milli jarða þessara.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.28 Kröfur Unnar Pétursdóttur og Flosa Gunnarssonar vegna Hrafnstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Hrafnstöðum innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan í gróf þá er liggur af fjalli ofan í ytri Guðmundarstaðaá (1) þaðan ræður áin á móts við garðinn, þaðan réttlínis í garð sem liggur austur frá Rangá (2) og upp í Fell hinum megin við Reiðgötur (3) þaðan réttlínis vestan við miðjan Hálsmel (4) í garð þann sem liggur úr Hrappsstaðavallargarði að utanverðu (5) og ræður garður þessi merkjum milli Hóls og Hrappsstaða. Ræður síðan garðurinn merkjum til fjalls á meðan endist (6) frá garðenda í á þá er rennur af Gönguskarði til norðurs (Seljadalsá) (7) og eftir ánni þar til lækur fellur í hana fyrir neðan Hálsel (8) þaðan réttlínis í hól þann sem stendur við eystra Tjarnarhverfi (9) þaðan óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnanverðu allt í hóla í miðju Gönguskarði (10) og þaðan upp á fjallið og þaðan liggja merkin á móti Finnsstaðadal og Gvendarstöðum á vatnaskilum og ofan í gróf og þaðan í ytri Gvendarstaðaá.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.29 Kröfur Hálsbús ehf. vegna Háls**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Hálsi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti: Úr Grandakíl (1) um merkigaráð og merkivörður til Skollahnjúks (2) þaðan áfram sömu stefnu þar til komið er á móts við skriðu í Gönguskarði fyrir vestan Hálsfel (3) þaðan í Skriðuna (4) og í stefnu hennar til Gönguskarðsár (4) síðan ræður áin merkjum þar til komið er á móts við Hrappsstaðasel (5) og þaðan yfir Hrappstaðasel í krók á gróf fyrir norðan Garðshornstún (6) þaðan ráða vörður í merkigaráð og eftir garðinum í réttri stefnu til Grandakíls (7).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.30 Kröfur Brynhildar Þráinsdóttur vegna Torfuness**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Torfunesi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti: Að norðan nálægt miðsvegar milli Ófeigsstaða, hjáleigu frá Þóroddsstað, og Torfuness, ræður gamall merkjagarður (5) ofan frá fjallsbrún og niður að Rangá (4), í svonefndan Ófeigsstaðakíl (3), er svo ræður merkjum eins og hann liggur austur eftir Fætinum (6) að vesturendanum á svo nefndum Ófeigsstaðamerkjagarði (2) er skilur lönd á milli Hóls í Kinn og Ófeigsstaða austur við Skjálfandafljót (1). Frá austurenda garðs þessa liggur kílfar, sem enn er kallað gamli Rangárfarvegur (7) suðvestur eftir Fætinum og skilur hann lönd að sunnan milli Hóls og Torfuness þar til sá garður kemur í hann að ofan frá Rangá, sem liggur á móti þeim landamerkjagarði, er kemur ofan úr fjallinu vestan Rangár og skilur land á milli Hóls (á trúlega að vera Háls) og Torfuness (8) upp á fjallsbrún. Þá er upp á fjallsbrún kemur, ráða merkjum að utan og sunnan beinar línur úr hinum áður nefndu merkjagörðum yfir Seljadal (10) þveran upp á brúin vesturfjalla (9).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.31 Kröfur Einars Kristjánssonar o.fl. vegna „óskipts lands“ Ófeigsstaða og Rangár og „sameignarlands“ á Gönguskarði (Tjarnahverfi)**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á „óskiptu landi“ Ófeigsstaða og Rangár auk „sameignarlands“ með Þóroddsstað á Seljadal og Gönguskarði innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan frá Skjálfandafljóti (1) ræður Merkjagarður milli Hóls og Ófeigsstaða (2) vestur í Ófeigsstaðakíl (3), ræður hann svo norðvestur Fótinn (4) uns komið er gegnt Torfunessmerkjum (5). Greina þar löndin merkjavörður vestur til Rangár (6) í garð vestan árinna, er síðan ræður merkjum á fjallsbrún (7). Þaðan bein stefna yfir Grjótin og Seljadal (8) þveran upp á hábrúnir Vesturfjalla (9). Á Seljadal vestan ár eiga Ófeigsstaðir 1/3 hluta lands milli merkja Torfuness og Syðri-Leikskálaár og er sú spilda syðst afmörkuð af vörðum (10). Að austan ræður Skjálfandafljót, syðst meginfljótið en síðan austurkvísl, austan að Staðarbakka (11). Að norðan eru merkin eftir vörðum yfir Staðarbakka og þaðan eftir vírgirðingu yfir Fótinn (12) í vörðu við brekkurætur (13), þaðan bein lína í hávestur yfir Grjótin og Seljadalsá. „Sameignarland“ Ófeigsstaða, Rangár og Þóroddsstaðatorfu á Gönguskarði (14).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.32 Kröfur Áttahagafélagsins Eiða ehf. og Baldvins Einarssonar vegna „óskipts lands“ Þóroddsstaðar og Engihlíðar (Þóroddsstaðatorfu) og „sameignarlands“ á Gönguskarði (Tjarnahverfi)**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á „óskiptu landi“ Engihlíðar og Þóroddsstaðar auk „sameignarlands“ með Ófeigsstöðum og Rangá á Seljadal og Gönguskarði innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan eru merkin í vörðu sem stendur á bakkanum vestan Skjálfandafljóts (1), þaðan stefna syðst í Augnakíl (2) og eftir vörðum upp fjallið vestur í Seljadalsá(3). Þá ræður nefnd á merkjum uns komið er gegnt Sandskarðsgróf (4), en hún ræður merkjum milli Þóroddsstaða að norðan og Syðri-Leikskálaár alla leið vestur í Sperðlagil (5). Að vestan ráða merkjum hágrjótin vestan Seljadals (6), uns landeign Ófeigsstaða tekur við eftir því sem vörður á merkjum vísa til. Að austan ræður Skjálfandafljót (7), meginfljótið nyrst að

Staðarbakka (8), þá í miðja kvísl austan Staðarbakka (9) að Ófeigsstaðamerkjum í Bakkanum (10). Að sunnan eru merkin eftir vörðum yfir Staðarbakka þveran, þaðan í vörðu á Vesturbakka Skjálfafljóts (11), sem stendur við vírgirðingu (12) þá, sem nú ræður merkjum yfir „Fót“ (13). Þá beint í vörðu sem stendur í holtarótum ofan við mýrina vestan Rangár (14). Þaðan eftir vörðum þvert upp fjallið vestur í Seljadalsá. Á Seljadal vestan árinna tilheyrir Þóroddsstað 2/3 af landeigninni milli merkja Torfuness að sunnan og Syðri-Leikskálaár að norðan. Er landareign Þóroddsstaða á þessu svæði nyrðri hlutinn aðgreindur með merkjavörðum (15).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.33 Kröfur Margrétar Jónsdóttur vegna Ytri-Leikskálaár

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarétt aðila á Ytri-Leikskálaá innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdætti: Á milli Granastaða og Ytri-Leikskálaár ræður svokölluð merkiklöpp (1) sem stendur við fjallsræturnar rétt ofan við mýrina og úr henni bein stefna vestur í Trantadali í Landheiðarbrún (2) og síðan í Stakhól á Hrossahjalla (3). Úr Stakhól ræður hin sama stefna suðvestur í fjallgarð svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls (4). Til austurs úr Merkiklöpp, ræður skurður í Mýrinni (5) að Kíl þeim er fellur út mýrina í Granastaðakvísl (6). Milli Ytri-Leikskálaár og Syðri-Leikskálaár, ræður hin sama stefna í austur í vörðu sem hlaðin er [...] á grundinni fyrir norðan Skálará (7) og þaðan sama stefna suður í áðurnefnda á. Síðan ræður Skálará (8) merkjum suðvestur að Sperðlagili (9) og loks Sperðlagil á grjót upp (10).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.34 Kröfur Sigurgeirs Jónssonar o.fl. vegna Ártúns, Árteigs, Granastaða I og II (Granastaðatorfu)

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarétt aðila á „óskiptu landi“ landi Ártúns, Árteigs, Granastaða I og II (Granastaðatorfu) innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdætti: Að norðanverðu ræður merkjum í fjallinu móts við Níparland Níparáin (1) þar til hún fellur fram úr

gljúfrunum sunnan við bæinn Nípá (2). Þaðan ræður bein stefna í hásuður úr fossi neðst í nefndum gljúfrum (3) í utanverða Kiðey í Skjálfandafljóti (4). Að sunnan móti Ytri-Leikskálaá ræður Merkiklöpp (5), sem stendur við fjallsræturnar rétt ofan við mýrina (6), og úr henni bein stefna til suðvesturs í Trantadali (7) í Sandheiðarbrún (8) og svo í Stakhól(9) á Hrossahjalla (10). Úr Stakhól ræður enn sama stefna suðvestur í fjallgarð (11), svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls. Til austurs úr Merkiklöpp ræður skurður í mýrinni (12) að kíl (13) þeim, sem fellur út mýrina í Granastaðakíl (14). Ræður killinn merkjum að austan móti Syðri-Leikskálaá út að gömlum garði (15), sem liggur frá kílnum beint til fljóts skammt sunnan við svokallaða Sandá (16). Svo ræður mitt Skjálfandafljót (17) út til áðurgreindra ummerkja. Að vestan ráða Kinnarfjöll (18).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.35 Kröfur Kára Karlssonar vegna Nípár

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Nípár innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan ræður Kollsárgil (1) í Gljúfrum (2), úr Gljúfrum beina stefnu eftir vörðum að Nípá (3) þá ræður Nípá til Fljóts. Að austan ræður Skjálfandafljót (4). Að sunnan ræður merkjum, í fjallinu móts við Granastaðaland (5), Nípáin þar til hún fellur fram úr Gljúfrum sunnan við bæinn á Nípá, þaðan ræður bein stefna í háaustur úr fossi neðst í nefndum gljúfrum (6), í utanverða Kiðey (7) í Skjálfandafljóti. Að vestan ræður Purká (8) merkjum.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### 3.36 Kröfur Sigurðar Freys Sigurðssonar o.fl. vegna Bjarga

Þær kröfur eru gerðar að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis, að hluti lands Kotamýra teljist til þjóðlendu og jafnframt er krafist viðurkenningar á eignarrétti aðila innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta: Að sunnan ræður Kallsárgil (1-2) í Gljúfrum, úr Gljúfrum bein stefna eptir vörðum að Nípá (3); þá ræður Nípá til Fljóts (4); að austan ræður mitt Skjálfandafljót; á sjávarsandi er rekamerki (5) þar sem

fyrst sér Sellandafjall undan Garðsnúp. Að norðan ræður sjór frá rekamerki að Litlafjörubjargi (6) þá beint í vestur norðan að Litlufjörutorfu (7) til háeygjar (8); þaðan bein stefna úr fjallsegginni á Svíná (9) við ytri endann á Sjómannaklauf (10); að vestan ræður Svíná frá Sjómannaklauf til Jökuls (11) – tilheyrir Björgum allt land innan þessara merkja.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

### **3.37 Kröfur Sigurðar Arnars Jónssonar vegna Draflastaðalands á Gönguskarði**

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Draflastaðalandi innan eftirtalinna merkja með vísan til meðfylgjandi uppdráttar: Að austan eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar upp báðumegin. Merkin að vestan eru: a. að norðanverðu Grjótá, svo Gönguskarðsá inn úr Þrengingum að Hólsmerkjum b. að sunnanverðu Gönguskarðsöxlin þar sem Hólsdalur byrjar.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-50 ásamt undirskjölum eða samtals 714 skjöl, auk 18 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitaefti.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins í þokkalegu skyggni 24. september 2007, í fylgd með lögmonnum, tilteknum málsaðilum og Hjörleifi Guttormssyni náttúrufræðingi, sem annaðist leiðsögn ásamt heimamönnum.

Haldið var af stað frá Akureyri að morgni en til stóð að skoða kröfuvæði á Flateyjardalsheiði sem liggur bæði í máli 4 og 5/2007. Ekið var að Þverá í Dalsmynni og síðan upp á Flateyjardalsheiði, veg nr. F899. Staðnæmst var hjá Kambsmýrum en þaðan sást til Höfðagils (syðra) og Þvergils. Áfram var haldið og næst numið staðar við Véskvíar hjá Finnbogakambi. Ekið var áfram út Flateyjardalsheiði en skyggni var lítið og lágskýjað þegar komið var á kröfuvæðið vegna Eyvindarár og Knarrareyrar. Þegar utar kom sást í Hágöng ytri og Eyrarfjall að austan. Um hádegisbil var komið að Brettingsstöðum. Mjög var lágskýjað og sást illa í 500 m hæð, en við þá hæðarlínu var kröfulína íslenska ríkisins miðuð. Síðan var sama leið ekin til baka.

Komið var aftur að Þverá og síðan ekið um Dalsmynni og Ljósavatnsskarð út í Kinnina. Ekið var að Ystafelli og síðan upp á Kinnarfell, og horft vestur yfir Kinnarfjöllin. Þaðan sást í Hrafnstaðaöxl, en sunnan undir henni er Gönguskarð og sunnan þess er Finnsstaðadalur. Þá var ekið ofar í Kinnarfellið, þaðan sem sjá mátti í Skollahnjúk og fleiri kennileiti. Síðan var ekið niður af fellinu út á veg (Kinnarþjóðveg) og í Út-Kinn. Næst var farið að Árteigi og síðan eftir svokölluðum rafstöðvarvegi sem liggur upp Granastaðafjall. Farið var upp í u.þ.b. 320 m hæð yfir sjávarmáli. Þar sást í Granastaðanipu og Skessuskálarfjall. Síðan var ekið niður fjallið aftur og áfram út Kinnina að Björgum. Ekið var út í fjöru þar sem sést í Hágöng ytri og yfir að Vargsnesi og Naustavík. Síðan var sama leið farin til baka og vettvangsferð lauk um kvöldmatarleytið.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Guðmundur A. Hólmgeirsson, einn eigenda Knarrareyrar; Hlödver Pétur Hlödversson, einn eigenda Bjarga; Sigurgeir Jónsson, eigandi hluta Granastaðatorfunnar; Kristján Ingjaldur Tryggvason, einn eigenda Árlands; Bergsveinn Jónsson, einn eigenda Sólvangs og Garðs; Þórólfur Kristjánsson, einn eigenda Kambsmýra; Tryggvi Stefánsson, Hallgilsstöðum og Þorvaldur Pálsson, ábúandi Fitja á Granastaðatorfu og leigutaki Ytri-Leikskálaár.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.



## 5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt efnisþáttum og síðan tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.<sup>4</sup>

### 5.1 Landnám

Ýmsir vilja telja Náttfara í Náttfaravík fyrsta landnámsmanninn á Íslandi, en Landnámugerðum ber ekki saman um frásagnir af honum, og raunar eru tvær frásagnir í Sturlubókargerðinni. Náttfari er sagður hafa verið á skipi með Garðari Svavarssyni. Segir Sturlubók fyrst af vist Garðars á Húsavík og eftirveru Náttfara á þessa leið:

Hann [Garðar] var um vetrinn norðr í Húsavík á Skjálfanda ok gerði þar hús. Um várit, er hann var búinn til hafs, sleit frá honum mann á báti, er hét Náttfari, ok þræl ok ambátt. Hann byggði þar síðan, er heitir Náttfaravík.<sup>5</sup>

Hauksbókartextinn er svohljóðandi:

Hann [Garðar] kom á fjörð þann, er hann kallaði Skjálfanda; þar skutu þeir báti ok gekk á Náttfari þræll hans; þá slitnaði festrin, ok kom hann í Náttfaravík fyrir útan Skuggabjörg. En Garðarr kom öðrum megin fjarðarins ok var þar um vetrinn; því kallaði hann þar Húsavík. Náttfari var eptir með þræl sinn ok ambátt; því heitir þar Náttfaravík.<sup>6</sup>

Nafnið Skuggabjörg þekkist nú ekki, en mun eiga við kletta sunnan við Náttfaravík.<sup>7</sup>

Í umfjöllun Sturlubókar um landnám í Þingeyjarþingi er síðan þetta:

Eyvindur kom í Húsavík skipi sínu ok nam Reykjadal upp frá Vestmannsvatni; hann bjó at Helgastöðum er þar heygðr. Náttfari, er með Garðari hafði út farit, eignaði sér áðr Reykjadal ok hafði merkt á viðum, en Eyvindr rak hann á braut ok lét hann hafa Náttfaravík.<sup>8</sup>

Jakob Benediktsson segir þessa frásögn einnig vera í Reykdæla sögu, en þar sé stuðst við forna Landnámugerð, eldri en Sturlubók, og vísar til bókar Jóns Jóhannessonar, „Gerðir Landnámabókar“.<sup>9</sup>

<sup>4</sup>Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 46. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

<sup>5</sup>Íslendingabók. Landnámabók, Íslenzk fornrit I, bls. 36.

<sup>6</sup>Íslendingabók. Landnámabók, bls. 35.

<sup>7</sup>Íslendingabók. Landnámabók, bls. 35.

<sup>8</sup>Íslendingabók. Landnámabók, bls. 276.

<sup>9</sup>Íslendingabók. Landnámabók, bls. 277.

Hauksbók Landnámu getur um brottrekstur Náttfara úr Reykjadal, en nefnir ekki, að hann hafi fengið Náttfaravík eftir það.<sup>10</sup>

Velta má vöngum yfir, hvort ítaksréttur Helgastaða, Grenjaðarstaðar og Múla í Náttfaravíkum sé í einhverjum tengslum við hrakning Náttfara úr Reykjadal í vikurnar, því að Eyvindur hinn áðurnefndi bjó á Helgastöðum, Áskell sonur hans var tengdasonur Grenjaðar Hrappssonar landnámsmanns á Grenjaðarstöðum og Hávarður Fjörleifarson í Fellsmúla (síðar Múla) var dóttursonur Eyvindar, þ.e.a.s. ef sagnir og ættfærslur Landnámabókar eru teknar gildar.<sup>11</sup>

Landnáma segir Þóri snepil Ketilsson brimils landnámsmann í Kaldakinn. Eru Sturlubók og Hauksbók nær orðrétt samhljóða um landnámið,<sup>12</sup> en hér er tekinn texti Sturlubókar:

Þórir nam Kaldakinn á milli Skuggabjarga ok Ljósavatnsskarðs; hann nam þar eigi ynði og fôr á braut; þá kvað hann þetta:

Hér ligg, kjóla keyrir,/ Kaldakinn of aldr,/ en vit förum heilir,/ Hjalmun-Gautr, á braut.

Þorfinnur máni nam land fyrir neðan Eyjardalsá í Bárðardal og til Landamóts:

Þorfiðr máni hét maðr, son Áskels torfa; hann nam land fyrir neðan Eyjardalsá til Landamóts ok sumt um Ljósavatnsskarð ok bjó at Öxará.<sup>13</sup>

Sturlubók Landnámu getur landnámsmannsins Þóris Grímssonar gráfeldarmúla, sem numið hafi land um Ljósavatnsskarð. Þetta telur Jakob Benediktsson rangt, Þorfinnur máni hafi einn numið land í Ljósavatnsskarði, en greinin um Þóri hafi verið sett inn á rangan stað í Sturlubók.<sup>14</sup>

Þórir snepill áðurnefndur fór úr Kaldakinn í Fnjóskadal eða eins og Sturlubók segir:

Þórir nam síðan Hnjóskadal allan til Ódeilu ok bjó at Lundi; hann blótaði lundinn.<sup>15</sup>

Orðamunur er í Hauksbók en ekki efnis.<sup>16</sup>

Sturlubók og Hauksbók nefna báðar Loðin öngul, sem fór til Íslands fyrir ofríki Hákonar jarls Grjótgarðssonar og dó í hafi:

... en Eyvindr son hans nam Flateyjardal upp til Gunnsteina ok blótaði þá. Þar ligg Ódeila á milli ok landnáms Þóris snepils.<sup>17</sup>

<sup>10</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 277.

<sup>11</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 274, 276-278, sbr. XVIII. og XIX. ættskrá.

<sup>12</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 270, 271.

<sup>13</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 274.

<sup>14</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 275.

<sup>15</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 270.

<sup>16</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 271.

<sup>17</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 273.

Jón Sigurðsson í Ystafelli segir ekki vafa á, að Ódeila hafi verið á vatnaskilum sunnan Kambsmýra og Flateyjardalur þá verið talinn svo sem vötn falla norður, en heiðin aðeins hið hæsta milli Króka og Kambsmýra.<sup>18</sup> Og í bókinni „Í strandbyggðum norðan lands og vestan“ segir Valgarður Egilsson:

Utan við Króka [þ.e. Austaríkróka] eru miklir malarhólar í miðjum dal, gamlar ísaldarmenjar, en breið lægðasund með hlíðum beggja vegna. Og nú fer að nálgast vatnaskil norður á Heiðinni. Þar eru víðlendir flatir móar og grundir, kallast þar Skeiðið. ... En á Skeiðinu hlýtur að hafa verið Ódeila sú, sem nefnd er í Landnámu enda víta lækir stundum ekki hvort þeir ætla inn til Eyjafjarðar eða út til Skjálfanda.<sup>19</sup>

## 5.2 Knarrareyri og Eyrarfjall

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar var tekin á tímabilinu 1461-1510. Þar kemur fram um Draflastaði:

lukti magnus benedictsson kirkjune a draflastodum jordena eyri er liggur j flateyardaal med ollum rekum firir vtan land þeim sem henni fylgia fyrir. xxx. hundrada og þar til. x. kugillde malnytu ...<sup>20</sup>

Fram kemur í vísitásium Draflastaðakirkju frá árunum 1687, 1715 og 1748 að kirkjan eigi Eyri á Flateyjardal.<sup>21</sup> Hið sama segir vísitasia kirkjunnar frá 1828 en þar kemur einnig fram að kirkjan eigi allan reka fyrir Eyrarlandi.<sup>22</sup>

Samkvæmt reikningsskap nývígðrar Draflastaðakirkju 26. september 1538, sem var vottaður 2. mars 1540, átti kirkjan jörðina Eyri á Flateyjardal sem var reiknuð 30 hundruð.<sup>23</sup> Hið sama kemur fram í reikningum bændakirkna í Hólabiskupsdæmi 1569.<sup>24</sup>

Fram kemur í vísitásiu Draflastaðakirkju 25. ágúst 1760:

Hvad Vidvykur Eignum Kyrkiunnar eru þær somu sem fyrre biskupa Visitatiur tiltaka, ad því undanteknu, sem Olafs biskups Rognvaldssonar Maldage Eignar kyrkiunne nl. 30 hndr. i heimalande (fyrer utan Jardernar Vegeyrstade 20 hndr. og Eyre a Flateyardal 10 hndr. ad dyrleika). Greindar Jarðer Vegeyrstade og Eyre alytur herra biskupenn sem bigdar ad fornu ur heimalande, og hid sama sem þau 30 hndr. i heimalande þejr gömlu máldagar kyrkiune ánafna, Þar 1. Þeirra Evangelsku biskupa Visitatiur segia ei Contrarium, nema ef heita skal það sem Sal. biskup Haldor i sinni Visitation

<sup>18</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 273. Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 111.

<sup>19</sup> Valgarður Egilsson: *Í strandbyggðum norðan lands og vestan*, Árbók Ferðafélags Íslands 2000, bls. 204.

<sup>20</sup> Skjal nr. 2 (201).

<sup>21</sup> Skjöl nr. 2 (148) a-b, (158) a-b og 2 (165) a-b.

<sup>22</sup> Skjal nr. 2 (172) a-b.

<sup>23</sup> Skjal nr. 2 (223).

<sup>24</sup> Skjal nr. 2 (235).

1748 umgetur refererande sig þó einasta til Olafs Rognvaldssonar máldaga. 2. Hefur Heimajorden Drablastader med Grimsgerde ætyd tyundast sem bondaeygn fyrir 60 hndr. hvad medal annars af þessa herads Syslumanns Seigneur Jons Benedictssonar Jarðabók under hans hende og Signete bevisast, hvör hann i Paategning Vottar sie Conforme odrum 2ur Jarðabókum, er Velnefndur Sysslumann under höndum hafe af 1695 og 1718. 3° Vottar herra Biskupen, sem nu er Proprietarius þessarar kyrkiu Vegna konu sinnar, med skilrykum Documenter sig bevisa kunna, ad Heimagarduren Draflastader Med Grimsgerde hafe i Arf efter biskup Sal. Einar reiknud Vered Syne hans Sal. Sigurde fyrir 60 hndr. hvad ei munde giört hafa vered, hefde Menn þá þeckt ad Kyrkian ætte 30 hndr. i Heyma lande fyrir utan Vegeyrstade og Eyre. Á sama hátt hefur hefur herra biskupenum reiknad vered i Mund konu sinnar Drabla stade fyrir 60 hndr. Altsaa uppastendur hann heima Jordena Drablastade Med afbylenu Grimsgerde vera sitt og sinna en ei Kyrkiunnar Gots, enn Eyre og Vegeyrstade Kyrkueign til samans 30 hndr. ...<sup>25</sup>

Í lýsingu Þönglabakka- og Flateyjarsókna árið 1839 segir prestur um Eyri:

Jörð þessari tilheyrir mikið og víðlent beitoland til fjalls, ... Rekaland mikið undir þeim hryllilegu Hágöngum. Kemur því að litlum notum sökum mannhættu og örðugleika að koma honum heim eða bjarga honum undan sjó og aldrei er á reka þessa farið nema sjóleiðis. Jarðar ábúandi hefur selanótlögur fyrir landi.<sup>26</sup>

Í vísitasíu Draflastaða frá 1892 kemur fram:

Kirkjunni tilheyra auk þess sem hún á í heimalandi; Kirkjujarðirnar. ... og Knarareyri á Flateyjardal ... og er landamerkjalyking fyrir þessum eignum samin og þinglesin.<sup>27</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 hefur m.a. þetta um Eyri:

Engjar eru mjög litlar nálægt bænum, en nokkrar framm á dalnum, og er þangað mjög erfitt og ilt að sækja tvívegis og þrívegis yfir Dalsá, því annað verður ei komist fyrir ógöngu klettum. Úthagarnir eru litlir og hrjóstrugir heim um sig, en góðir og miklir framm á dalnum, en þeirra verður ei notið fyrir ógönguklettum, nema selför sje brúkuð.<sup>28</sup>

Síðar segir sama Jarðabók um Víðivelli í Fnjóskadal:

Víðivallaengi kallast lítill landspartur utarlega á Flateyjardalsheiði austantil við ána, sem þessi jörð á. Þar er lítill heyskapur, sem ekki verður brúkaður

<sup>25</sup> Skjal nr. 2 (169) a-b.

<sup>26</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844, bls. 72.

<sup>27</sup> Skjal nr. 2 (179) a-b.

<sup>28</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 68.

fyrir fjarlægðar sakir, og hafa ábúendur því ljeð hann stundum fyrir x álna virði.<sup>29</sup>

Eyri sem var Draflastaðakirkjujörð er sögð 10 hundruð í jarðamatinu 1804.<sup>30</sup> Í jarðamatinu 1849-1850 segir um sömu jörð:

Eyri nú talin 10 hndr. ad dýrleika. ... Eingi lítid og lánq sókt ... Landid er mikid ad vidáttu i beztalagi til þrifa, en sídur til mjólkur. – Dálítill hlunnindi má telja af geldfjárupprekstri. – Til ókosta er talid: gripagánga litil og lánqsókt; ... Þess má geta ad i landi jardar þessarar liggur litill partur millum svonefndra Víðivalla-gilja er tilheyrir jördinni Víðivöllum. ...<sup>31</sup>

Vikið er að eignarhlut Víðivalla í Eyrarlandi í jarðamati 1849-1850:

N<sup>o</sup> 52 Víðuvellir talid 15 hndr. ad dýrleika ... Jörd þessari tilheyrir litill landspartur, i jardarinnar Eyrar landi á Flateýardal.<sup>32</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Knarrareyrar hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Knarrareyri eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar eru fremur grasgefnar, sléttar, en sumpart deiglendar á dreif um bithaga og afrétt. Engjavegur langur og ógreiðfær. ...

Búfjárhagar. Beitland, fyrir allan búfénað, bæði gott og víðlent, fjarri bænum, en sama og ekkert nærri og því erfitt til nytja. ... Fénaðarferð mjög erfíð, þar afrétt er á aðra hönd. ... Upprekstrarland fylgir jörðinni fyrir 400-500 fjár. Torfrista er allgóð, en í fjarlægð. Reki nokkur fyrir landi jarðarinnar. Á hún 2/3, en 1/3 er eign landssjóðs. ... Ágangur er mikill af afréttarfé.<sup>33</sup>

Ekkert er minnst á eignarhlut Víðivalla í fasteignamatinu 1916-1918.

Landamerkjabréf Knarrareyrar var útbúið 16. apríl 1885. Það var þinglesið 27. maí sama ár. Í því stendur eftirfarandi:

1. Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp, og að neðan beint úr gilinu niður miðja skriðuna í Dalsá.
2. Að vestan ræður Dalsá alla leið til sjávar.
3. Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðhol í Haugshorni og þaðan beint uppá hæsta fjallhrygginn.<sup>34</sup>

Hannes Friðriksson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði eiganda Knarrareyrar. Bréfið var samþykkt af: Stefáni Jónssyni umráðamanni kirkjujarðarinnar Vargsness og Geirf. Tr. Friðfinnssyni sem samþykkti að landamerkjalyfingin væri rétt viðkomandi Grímslandi.

<sup>29</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 76.

<sup>30</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>31</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>32</sup> Skjal nr. 2 (67).

<sup>33</sup> Skjal nr. 2 (71).

<sup>34</sup> Skjal nr. 2 (29).

Eyri fór í eyði árið 1941.<sup>35</sup>

Eyrafjall, eða sá hluti jarðarinnar, sem var í Hálshreppi, var afsalað Hálshreppi 4. júlí 1953.<sup>36</sup> Mörkum þess er lýst svo í afsalinu:

Land þetta takmarkast af „Stóruskriðu“ að sunnan „Urðargili“ að norðan „Dalsá“ að vestan og Háfjalli að austan.

Jón Sigurðsson í Ystafelli segir svo:

Eyrafjall var að vísu talið heimaland Eyra á Flateyjardal en fylgdi þó Hálshreppi eftir hreppaskiptin. Aldrei vita menn til byggðar þar. ... Draflastaðakirkja átti Eyrafjall.<sup>37</sup>

Þann 20. maí 1975 var kveðinn upp eignardómur í aukadómþingi Þingeyjarsýslu í máli bræðranna Hólmgeirs Árnasonar og Stefáns Árnasonar gegn krefjanda eignarréttar. Málið var rekið sem eignardómsmál og dómur kveðinn upp í því á grundvelli 220. gr. þágildandi laga um meðferð einkamála nr. 85/1936. Í dómsorði segir:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanna [svo], Hólmgeirs Árnasonar og Stefáns Árnasonar, að jörðinni Eyri (Knarrareyri) á Flateyjardal í Hálshreppi.<sup>38</sup>

### 5.2.1 Almenningar undir Hágöngum

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir:

Almenningar hafa verið haldnir fyrir einu fjalli, sem kallast Innri Hágöng og liggur inn frá Eyra eður Draflastaða reka að Staðar reka, en nálægir kunna ekki að undirretta greinilega mörk þessa almennings. Rekavon er góð fyrir þessum almenningi, en festifjara mjög lítil, og tekur jafnótt út þó nokkru skoli upp.<sup>39</sup>

Þóroddsstaðarprestur víkur að þessum almenningi í sóknalýsingu sinni árið 1840:

Náttfaravíkur kallast land það sem liggur meðfram Skjálfandaflóa að vestan frá Skjálfandafljótsósi hinum forna eður Hurðarbjargshellir til Ófeigshellirs. (Þar norður af eru Náttfaravíkur. Almenningar þar heyrast undir Flateyjardal.)<sup>40</sup>

Þetta kemur ekki heim við máldaga Þóroddsstaðar og Munkaþverár (sjá undirkafla um þessa staði í kaflanum um Náttfaravíkur), því að samkvæmt þeim áttu kirkjurnar þar samfellda reka um Náttfaravíkur allt til Mjósyndis (þ.e. Dalsáróss, sbr.

<sup>35</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 158.

<sup>36</sup> Skjöl nr. 4 (64) og 29 (4).

<sup>37</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 129-130.

<sup>38</sup> Skjal nr. 11(3).

<sup>39</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 68-69.

<sup>40</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 86.

lýsingu á eignum Þóroddsstaðarkirkju árið 1599, sjá undirkafla um Þóroddsstað í Náttfaravíknakaflanum).

Landamerkjabréf Knarrareyrar, sem undirritað er af umráðamanni Vargsness, segir lönd Knarrareyrar og Vargsness liggja saman og ekki er þar minnst á Almennina.

### 5.3 Grímsland

Bréf er til um Efstafell/Fremstafell í Kaldakinn, 4. mars 1363. Fram kemur að Efstafell sé selt með ítölum í annarra manna land:

... ok haalft grims stada lannd aa flatæyiar dals hæidi.<sup>41</sup>

Í bréfi frá 24. maí 1433 kemur fram að systkini tvö selja 24 hundruð í Efstafelli/Fremstafelli í Kinn:

med aullum þeim gaugnum ok gjædum sem henni hefer fylkt at forno ok nyio at til reiknaudo grimstada lande ok afrett aa flateyardals heide<sup>42</sup>

Hálft Fremstafell var selt 30. nóvember 1485 (10. janúar 1486) með ítölum þ.á m.:

... afrett ollu gelldfæ a flateyardals heidi og halft grimstada lannd.<sup>43</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 er eftirfarandi um Grímsland:

Grímsland er þar næst fyrir utan [þ.e. Kambsmýrar], það er kallað heimaland Fremstafells í Kinn, og var bygt um fáein <ár> fyrir vel 40 árum, en hvörki áður nje síðan so menn viti.

Dýrleikinn rómast að sje v hndr., en ekki atla menn að kotið hafi tíundast.

Landskuld xxx álnir í landaurum til bóndans á Felli.<sup>44</sup>

Síðan kemur þessi viðbót í lýsingu Fremstafells:

Fimm hundraða land, aðrir segja tíu hundraða land, er sagt að jörðin eigi á Flateyardalsheiði austan framm, sem Grímsland heiti, af því hefur ábúandi ekki gagn, með því það liggur í fjarska, en áður hafa þeir fengið eftir þetta land x eður xx álna virði.<sup>45</sup>

Í jarðabók Munkaþverárklosturs frá 1760 kemur fram að eyðibýlið Grímsland á Flateyardalsheiði tilheyrir Fremstafelli. Jörðin sé metin fimm hundruð að dýrleika

<sup>41</sup> Skjal nr. 2 (188).

<sup>42</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>43</sup> Skjal nr. 2 (213).

<sup>44</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 104.

<sup>45</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 125.

þó aðrir telji dýrleikann 10 hundruð. Landskuld á Grímslandi var 30 álnir og henni fylgdi hálf kúgildi.<sup>46</sup>

Grímsland er talið meðal bæja eða byggðra jarða í lýsingu Laufássóknar árið 1840, en þar segir:

Grímsland í afréttarlandi út á Flateyjardalsheiði, tilheyrandi Fremstafelli í Köldukinn. Hefur það legið í eyði nærri því nú næstliðin 40 ár, til í fyrra.<sup>47</sup>

Ráðist var í að semja lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklosturs í Hálshreppi og er hún dagsett 1. maí 1878. Í lýsingu Fremstafells segir:

... jörð þessari fylgir selland út á Flateyjardalsheiði, er nefnist Grímsland, sem ómögulegt er að nota frá heima jörðinni sökum fjarlægðar, og hefur ýmist verið í eyði eða einhverjir fátæklingar hýrst þar og þá leigt fyrir 30 al. en þar sem nefnt selland liggur í miðri Flateyjardalsheiðar-afrétt, virðist það alveg rangt að hafa þar byggð lengur, heldur leigja það alveg sérstaklega sem afréttarland, og álitst að leigja mætti það fyrir 40 álnir ...<sup>48</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er að finna eftirfarandi athugasemd:

Þess hefur gleymst að viðgjeta við lýsingu jarðarinnar Fremstafells hjer að framan, að tjeðri jörð tilheyrir gömul selstaða á svo kallaðri Flateyar dals heiði innan Hálshrepps, sem nú er orðin að bygðu bóli, mót eptirgjaldi til Fremstafells ábúanda, og verður býli þetta, að nafni Grímsland, er hefur sín vissu takmörk, metið í Hálshrepp.<sup>49</sup>

Annars staðar í jarðamatinu stendur:

Grímsland kallad 5 hundrada land, er liggur undir jörðina Fremstafell í Ljósavatnshrepp, en er nú leygt þaðan til ábúdar. – Tún er her ekki að telja, en nokkrar úteingisslægjur nær og fjær; nokkurt landrými, gott til þrifa og málnýtu; stakleg vetrar og vorhardindi, hvorsvegna kot þetta álitst óbyggilegt að mestu. Ahofn hæfileg er talin 2 malnytukugyldi og 2 hndr. í geldpeningi.<sup>50</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Grímslands hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Grímsland eru einnig fengnar úr matinu:

Jörðin hefir verið í eyði mjög lengi og hús öll og mannvirki gersamlega horfin. Tún og engi var lítið, en landrými talsvert og kjarngott, nú óhugsandi að hafa landsins önnur not, en sem upprekstrarland, sökum legu sinnar á Flateyjardalsheiði svo nefndri, sem er afar snjóþung og frámunalega harðindasöm, enda allar jarðir þar lagstar í eyði. Sem stendur mun upprekst<r>argjald gefa bruttó 15 krónur. Landið metið Kr. 200.00.<sup>51</sup>

<sup>46</sup> Skjal nr. 2 (257).

<sup>47</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 29.

<sup>48</sup> Skjal nr. 2 (256).

<sup>49</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>50</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>51</sup> Skjal nr. 2 (70).



Samkvæmt matinu á Kristján Jónsson í Fremstafelli Grímsland.

Landamerkjabréf „afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremstafelli“, var útbúið 16. janúar 1885. Það var þinglesið 27. júní sama ár:

Að sunnan ræður Ytri-Jökulsá. Að vestan Dalsá. Að norðan ræður Stóraskriða, eða Stóruskriðulækur. Að austan er fjallsbrúnin.

Stephan Stephensen (umboðsmaður) skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Jónssyni. Við nafn hans stendur:

Ofanskrifuðu samþykkur, það sem snertir landamerki Laufáskirkjujarðarinnar Heiðarhúsa („að vestan Dalsá“) ...

Landamerkjabréfið var einnig samþykkt af Péttri Jónssyni (presti á Hálsi). Við nafn hans stendur:

Þetta samþykki eg fyrir Hálsmannatungur „Að sunnan ræður Ytri-Jökulsá“<sup>52</sup>

Hannes Friðriksson, vegna eiganda Knarrareyrar, samþykkti einnig landamerkjabréfið.

Á það skal bent að Stephan Stephensen skrifaði undir landamerkjabréf Heiðarhúsa, væntanlega vegna Grímslands.

Annað skjal með upplýsingum um landamerki Grímslands er að finna meðal jarðaskjala úr Þingeyjarsýslu. Það er óársett og náskyld landamerkjabréfinu frá 1885 en mun ítarlegra. Þar segir að Grímsland sé landspartur úr Flateyjarðalsheiði sem heyri undir klausturjörðina Fremstafell. Eftirfarandi upplýsingar er að finna um landamerkin:

Næst sunnan við Grímsland á Hálskirkja land, og er hin svokallaða Ytri-Jökulsá merki þar á milli. Að vestan – eða á móti – liggur Heiðarhúsa land, sem Laufáskirkja á, og er Dalsá (áin sem rennur út Flateyjarðalsh.) merki þar á milli. Að utan er (Knarar) Eyrarland, og á Stefán yngri Stefansson á Hálsi það land. Merki þar á milli er: Stóruskriðulækur eða Stóraskriða. Að austan er: Fjallsbrúnin merki, og liggur þar að Naustavíkur og Vargsnes-land. Þeir bæir eru nyrzt í Koldukinn. Merkin eru öll skýr og ljós.<sup>53</sup>

Virðingargerð var framkvæmd á þjóðjörðinni Fremstafelli 31. október 1914 vegna fyrirhugaðrar sölu. Þar kemur m.a. fram að Fremstafell er 20,7 hundruð að dýrleika og eyðijörðin Grímsland á Flateyjarðalsheiði í Hálsahreppi, sem sé byggð með Fremstafelli og hafi ætíð fylgt þeirri jörðu, sé 3,6 hundruð að dýrleika. Virðingarmenn mátu Fremstafell ásamt eyðijörðinni Grímslandi á Flateyjarðalsheiði, með öllu því er eignunum fylgt hafði og fylgja bæri að undanskilinni notkun vatnsafls í Djúpá og Skjálfafljóti, til söluverðs á 4,350 kr. Í þeim gögnum sem lögð voru fyrir

<sup>52</sup> Skjal nr. 2 (17) a-b.

<sup>53</sup> Skjal nr. 2 (55).

Stjórnarráðið er ljóst að Fremstafell var selt ásamt Grímslandi sem ávallt hafði fylgt því þó svo að í afsalinu frá 9. október 1915 sé aðeins minnst á Fremstafell.<sup>54</sup>

Grímsland var selt með Fremstafelli árið 1941 samkvæmt yfirlýsingu árið 1953.<sup>55</sup> Síðar eða árið 2001 keypti Hálshreppur landið.<sup>56</sup>

Jón Sigurðsson segir um Grímsland:

Landið milli Stóruskriðu og Jökulsár nyrðri er nú nefnt Grímsland. Það hefur með vissu verið eign Fremstafells í Kinn síðan um 1400. ... [Vikið er að umsögn Jarðabókar Árna og Páls um byggð þar]. Næsta byggð þar var 1838, ... Tveir bændur bjuggu þar til 1862. Eftir það var jörðin í eyði fram yfir 1870, og höfðu Höfðhverfingar þar selstöðu. ... Fastur búskapur var þarna frá 1875-1893. En eftir það er þar talin húsmennska og eitthvert hokurbú og stundum auðir kofar fram til 1904, að yfirgefið er að fullu og öllu.<sup>57</sup>

Páll G. Jónsson segir nokkuð frá búskap í Grímslandi í bók sinni *Flateyjarðalsheiði* en getur ekki um ártöl.<sup>58</sup>

#### 5.4 Hálsmannatungur

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar biskups frá 1318 kemur fram að Hálskirkja eigi:

afriett ä heydi vt. halsmanna Tungur.<sup>59</sup>

Þetta er staðfest í máldögum Péturs Nikulásssonar frá 1394<sup>60</sup> og máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510.<sup>61</sup>

Í jarðaskjölum Þingeyjarsýslu er að finna mjög skaddað bréf sem er stílað á Odd Ólafsson. Þar er minnst á Hálsmannatungur. Meira er sagt frá þessu máli í kaflanum um Þverá.

Í eignaskrá Hálskirkju sem talin er frá því um 1523 segir að kirkjan eigi „afrétt“ á heiði út (þ.e. Hálsmannatungur).<sup>62</sup>

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

Kyrkia a Haalse I fnioskadal

Hun aa ... afriett a heidi vt, hallz manna tungur. ...<sup>63</sup>

Upplýsingarnar sem hér hefur verið vísað í er ekki aðeins að finna í máldaga Guðbrands og ýmsum öðrum skjölum heldur einnig í vísitasíum Hálskirkju sem

<sup>54</sup> Skjöl nr. 2 (278) og nr. 2 (300).

<sup>55</sup> Skjal nr. 4 (40).

<sup>56</sup> Skjöl nr. 4 (41), 22 (4-5).

<sup>57</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 130.

<sup>58</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjarðalsheiði*, bls. 105-106.

<sup>59</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>60</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>61</sup> Skjal nr. 2 (203).

<sup>62</sup> Skjal nr. 2 (98) a-b.

<sup>63</sup> Skjal nr. 2 (130) a-b.

skráðar eru í vísitasíubækur Þorláks Skúlasonar, Gísla Þorlákssonar, Jóns Vigfússonar, Einars Þorsteinssonar, Björns Þorleifssonar og Steingríms Jónssonar.<sup>64</sup>

Varðveitt er vitnisburðarbréf séra Gottskálks Jónssonar, Jóns Gottskálkssonar og Ólafs Tómassonar sem gert var á Hólum í Hjaltadal 25. júlí 1506. Þar segjast ofan nefndir prestar hafa séð máldaga Hálskirkju í Fnjóskadal frá árinu 1312 sem þeir skrifuðu orðrétt upp. Máldagi þessi er að mestu samhljóða máldaga Auðunar rauða frá 1318 en þar eru að finna nokkrar viðbætur sem ekki koma Hálsmannatungum við. Í máldaganum er þess getið að Hálskirkja eigi „afrétt“ á heiði út, þ.e. svokallaðar Hálsmannatungur. Vitnisburðurinn er þó að öllum líkindum falsbréf því að engir prestar með þessum nöfnum eru þekktir frá þessum tíma. Hann var þó lesinn á héraðsþingi á Hálsi 3. maí 1740 og á manntalsþingi á sama stað 24. maí 1743.<sup>65</sup> Af lögfestu séra Jóns Þorgrímssonar fyrir Hálsstað frá 7. apríl 1744 má sjá að fyrirnefnt falsbréf hefur verið lagt fram í máli sem dæmt var í 4. maí 1740 því þar hafa viðaukar falsbréfsins skilað sér inn í lögfestuna í krafti fyrirnefnds dóms.<sup>66</sup>

Um Hálsmannatungur segir í vísitasíu Hálskirkju 29. ágúst 1715:

Kirkiann á heimaland alt ... afriett á heide ut; Hals manna tungur (Þær helldur heidarlegur Senior Sr Jon Tómasson ad Sieu plátz, sem á flatEýardalsshiede er nu kallad almenningur), ...<sup>67</sup>

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir um Háls:

Prestagardurenn hefur litla heibiörg, land Koste j Medallage fyrer fenad Vetur og Sumar Reka fiarlægann til gagns, ... AfRiettarpart á flatEýardals heide under prætention.<sup>68</sup>

Í vísitasíu Hálskirkju frá 29. júní 1748, í tíð Halldórs Brynjólfssonar, er minnst á Hálsmannatungur þegar skjöl kirkjunnar eru talin upp:

1° Maldage a pappír med 3ur hangande innsiglumm og Vitnis burdur um Maldagann herra Olafs Hialtasonar med einu Hangande innsigle.

...

4° 2 vitnisburder a Pergament annar þeirra med Einu, annar med 2 Hang. innsiglumm um Hálsmana Tungur og Einn a papir med 2 hangande innsiglum, það 3 burt, item interlocutorium af 24 Maij 1743 ahrærandi sama, Nefnel. Hálls mana tungur a Flateiardals Heide. ...<sup>69</sup>

Fram kemur í innfærslu í kirkjustól Hálskirkju frá því um 1748:

<sup>64</sup> Skjöl nr. 2 (133) a-b, 2 (139) a-b, 2 (144) a-b, 2 (153) a-b, 2 (154) a-b og 2 (173) a-b.

<sup>65</sup> Skjal nr. 2 (95).

<sup>66</sup> Skjal nr. 2 (102) a-b.

<sup>67</sup> Skjal nr. 2 (163) a-b.

<sup>68</sup> Skjal nr. 2 (243) a-b.

<sup>69</sup> Skjal nr. 2 (166) a-b.

„III°Innfærest hier til vitnesburder og þess háttar vidvýkiande Hálsmannatungum huar þær ligge á Flateýar dals heide, sem k(ir)kiunnar skiöl nefna, og lýtur hier ad“

[Síðan koma vitnisburðir Ísaks Brandssonar og Leifs Ásmundssonar og Indriða Árnasonar frá 1591]

„3° hinn þridie vitnesburdur Dat. 1614. Sub. lit. C.

Þ(at) medkenner eg Þorkiell Sigmundsson átrædur m(ad)ur at all dri at eg er barnfæddur aa Vatnsleisu i Fnióskadal, oc eg hefe hier i sueit uppalest og búid og i Laufás þjngaa oc höfda huerfe verid nær allan minn alldur, oc þ(at) hef eg vitat og heirt halldit fir full sannindi, ad allt þ(at) land á millum Jökuls ána aa Flateýardalsheidi ut sem kallast háls manna tungur: sie oc hafe verid eign Jtölulus Haals stadar k(ir)kiu i Fnióskadal, oc alldrei hef eg heirt hier nockurn efa á vera, eg man þ(at) og ad kennimenn fra Haalse lietu Reka þängad Sýna Peninga, Sira Halldor Benedix Son, Syra Bessi Biornsson oc þ(ei)r brædur Syra Jon & Syra teitur Magnus Sýnir, & Sýra Olafur Tomasson, Nu sýdaan hann kom t(il) Haals, þ(ei)r hafa & leift þ(ei)m m(önn)um at Reka, sem þess hafa bedest af þ(ei)m oc hier epteir mä eg sueria ef þurfa þiker á sunnudagen næstan fir Thorláks m(ess)o umm Sumarid Anno 1614.

Þat medkennunst vid Arne Geirmundsson Tomas Sigurdsson & Halldor Tomasson ad vier vorum þar vidstadder j k(ir)kiunnj á Halse j fnióskadal med ödrum góðum m(onn)um á Sunnudagen næstan fir Thorláks m(ess)o um sumared 1614. ad Þorkell Sigmundsson gaf Syra olafe Tomassýne med handsöllum So látandj Vitnesburd sem hier firer ofann skrifadur stendur, og til sannenda hier umm Setium Vier Vor Jnnicgle fir Nedann þetta Vitnesburdar bref, Skrifad á sama deige og äre sem Stad sem firr Seiger.

(L. S.)                      (L. S.)

Þesser þrýr hier Nærst firer framanskrifader Vitnesburder eru so äsigkomner sä firste er á kalfsskinne med Einu óskiertu Vaxinsigle annar er & á Membrana med tueimur hangandj Vax Jnsiglum þridie er á Papýr Med 2ur hriadum hangandj Vax Jnsiglum á [E]enrj Reim.

aller eru Vitnesburder þesser, til þýnga auglýster 24. Maij 1743.<sup>70</sup>

4° lýtur hier ad manntals þýngs Act geingen ad Haalse j Fnióskadal þann 24 Maii 1743. Sub. Lit. D. “ [Væntanlega hið sama og kemur fram i skjali nr. 2 (109) a-b en sä texti fylgir hér á eftir].

Háls var vísiteraður af prófasti 3. október 1751. Í vísitásiunni segir:

4°. Adur mentionerud Document eru þesse efterfylgiande ...

<sup>70</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b. Halldór Benediktsson hélt Háls fyrir 1540 er Bessi Björnsson tók við staðnum og hélt til um 1544, en á eftir honum hélt Jón Magnússon staðinn fram til 1553 er Teitur Magnússon tók við en hann er farinn þaðan fyrir 1577. Ólafur Tómasson hélt staðinn frá 1577-1628, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 296-297. Skjal nr. 2 (108) a-b (uppskrift séra Sigurðar Árnasonar á lögfestu Ólafs Tómassonar og vitnisburðunum 1591 og 1614).

II°. Um Hálsmannatungur á Flateyardals heide 1°. Jsáks brandssonar Vitne, de dato 1591 med einu hangande Jnnsigle, 2°. tveggja Manna Vitne á Pergament med 2ur hangande Jnnsiglum under Sama dato. 3°. Þriggia Manna Vitne á Pappír med 2ur hangande Jnnsiglum og einu burtkomnu um Vitnisburd Þorkels Sigmundssonar Sama efne áhrærande dat. 1614. 4°. Aftal fyrer Rette her á Háls Þinge þann 24 Maji 1743 um greindt afrettar Jtak med vidfestum bilager – Þesse Skilrýke noterud Lit. A B-C.D.<sup>71</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir í umfjöllun um Draflastaði:

Ítök kirkjunnar eru þessi: ... Hálfar Lambatúngur, liggja á millum Jökulsáanna austan fram á sömu heiði. Hálfur Lángimór á sömu heiði fyrir vestan ána. Engin not hafa nú ábúendur þessra afrjettarlanda, nema mjög fáa lambatolla af Kambsmýrum og Lambatúngum.<sup>72</sup>

Hér mun átt við Hálsmannatungur.

Ekki virðist Hálsstaður hafa nýtt þetta land mikið, því að í Jarðabók Árna og Páls segir í umfjöllun um ítakaeignir kirkjunnar:

Afrjettarland á Flateyardalsheiði, sem máldaginn kallar Hálsmannatungur. Enginn veit nú hvar sá afrjettur er, og aldrei hefur staðurinn hans notið, svo menn viti.<sup>73</sup>

Guðmundur Skíðason prestur á Bægisá segist í vitnisburði frá 25. október 1581 hafa séð gamlan máldaga Hálskirkju á Hólum. Sá vitnisburður hefur varðveist í afskrift séra Gamla (Gamaliels) Ólafssonar á Þóroddsstað og tveggja annarra manna sem gerð var á Hóli í Kinn 12. júní 1608. Þar segir að Hálskirkja eigi „afrétt“ á heiði út, þ.e. Hálsmannatungur.<sup>74</sup>

Leifur Ásmundsson og Indriði Árnason gáfu út vitnisburðarbréf að bón séra Ólafs Tómassonar á Hálsi í Fnjóskadal 20. apríl 1591. Þeir voru báðir barnfæddir í Fnjóskadal og höfðu dvalið þar alla sína tíð og sögðust hafa vitað, heyrt og haldið fyrir full sannindi að:

... land þat allt aa mille jokuls aanna aa flateyiar dals heide wt sem kallazt hals manna tungur sie og hafe verid eign j tolulaus hals stadar kirkiu j fnioska dal, og alldrei hofum vid heyrta hier nockurn efa aa vera og slykt hid sama hafa ockar forfedur sagt og borid ockur vngum aaheyrande. hefur og þesse jtala fyllid verid jafnann j ockar minne, af hals stadar kirkiu formonnum. suo leinge sem huer þeirra hefur stadinn halldid.<sup>75</sup>

<sup>71</sup> Skjal nr. 2 (247) a-b.

<sup>72</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 72.

<sup>73</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 91.

<sup>74</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b.

<sup>75</sup> Skjal nr. 2 (96) a-b.

Ísak Brandsson, 77 ára að aldri, sem var barnfæddur í Fnjóskadal og hafði mestan hluta ævi sinnar dvalið þar, sagðist aldrei hafa heyrt nein tvímæli eða vafa leika á því að:

... það land a mille jokuls anna allt vt a flateyardalz heide, huert ed kallad er hals manna tungur, være ei eda verid hefde eign hals stadar kirkju j fnjóskadal med öllu jtölu laust. Slýkt hid sama bar brandr heitinn fader minn. hafa & þeir prestar sem j mýnu minne hafa þann hals stad halldit þessa sýna jtölu ad lambarekstre & odrum skyllidum arliga uppfyllt, & þeim mönnum lofad þangad ad reka er þess hafa bedist af þeim ...<sup>76</sup>

Vitnisburðurinn var bréfaður að Hálsi í Fnjóskadal 20. apríl 1591.

Í kirkjustól Háls kemur fram að vitnisburðirnir frá 1591 hafi verið lesnir á þingi 1743 og vitnað er til þinghalds sama ár.

Í óársettri lögfestu séra Tómasar Ólafssonar fyrir Hálsstað lögfestir hann m.a. „afrétt“ á heiði út, Hálsmannatungur en ekki er minnst á það í óársettri lögfestu föður hans, séra Ólafs Tómassonar, fyrir Hálsstað sem er að finna á sama blaði. Hvorug lögfestan ber merki þess að hafa verið lesin upp á þingi eða við kirkju en lögfesta séra Ólafs virðist hafa verið lesin 1629, 1630 og 1631 þó að ekki sé getið við hvaða tækifæri.<sup>77</sup>

Séra Þorgrímur Jónsson lögfesti Hálsstað á manntalsþingi 8. júní 1724, land, reka og ítök til ummerkja þar á meðal land á Flateyardalsheiði á millum Jökulsáanna sem kallast Hálsmannatungur. Hann fyrirbauð alla óleyfða notkun á téðu landi og ítökum meðan þau eftir lögum ei aftur gangi annars lagði hann sektir þar við eftir lögum. Inntaks lögfestunnar er að öðru leyti ekki getið en fram kemur að hún hafi verið uppáskrifuð.<sup>78</sup>

Þorgrímur prestur lögfesti aftur Hálskirkjueignir 6. júní 1725. Þar segir um Hálsmannatungur:

So og lögfeste eg afriett ä Flateyardals Heide ut, sem er allt land það er liggur ä millum Jökuls äнна, og kallast Hals manna Tungur, effter þeim skiölum og Documentis er eg þar fyrer Hefe, og eg býst vid effter lögum under mitt Beneficium ad Hallda, þar til þesse Jtök undann Stadnumm gänga ef Nockur það Riettleaga atelur.<sup>79</sup>

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi samdægurs og svo aftur á sama stað 24. maí 1743.

<sup>76</sup> Skjal nr. 2 (97) a-b.

<sup>77</sup> Skjal nr. 2 (100) a-b. Ólafur Tómasson var prestur á Hálsi 1577-1628 en Tómas Ólafsson var aðstoðarprestur séra Ólafs föður síns en tók við Hálsi 1628 og hélt til 1656, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófesta*, bls. 297.

<sup>78</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Lögfesta þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096.

<sup>79</sup> Skjal nr. 2 (110) a-b.

Þorgrímur Jónsson Hálsprestur lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar enn 21. maí 1726. Þar á meðal:

... afriett ä Flateiardals Heide ut, Sem er allt Land það, er liggur ä millum Jökulsäanna, og kallast Hälsmanntungur ...<sup>80</sup>

Lögfestan var lesin upp samdægurs fyrir réttinum á Hálsi í Fnjóskadal.

Jón Þorgrímsson prestur lögfesti Hálsstað 7. apríl 1744 en sú lögfesta er ólík fyrri lögfestum að því leyti að aukið hefur verið við hana. Það er gert í krafti dóms sem Jón Benediktsson sýslumaður kvað upp 4. maí 1740 en svo virðist sem að falsbréf frá 25. júlí 1506 hafi verið lagt fram í málinu og tekið gilt. Um Hálsmannatungur segir í lögfestunni:

... afriett ä Heide út Haalsmannatungur, Sem er effter út þrickelegum Documentis Kyrkiunnar, allt Land ä Millum Jöckulsanna ä FlatEyardals Heide út, er Riettenum, ä Nærstlidnu Haalz Manntalz þynge Virtest hættu laust ad Nýta Og brúka firer Prestenn Vegna Haals Beneficii effter frammlögdum Documenter þä j Stad.<sup>81</sup>

Lögfestan var lesin upp samdægurs að aflokinni guðsþjónustu við Hálskirkju og við lok guðsþjónustu við Draflastaðakirkju tólfta sama mánaðar. Einnig var hún lesin upp á manntalsþingi að Hálsi 28. apríl 1744 og á sama stað 29. apríl 1752.

Lögfesta séra Jóns fyrir Hálsstað frá 18. maí 1745 er efnislega samhljóða þeirri frá 7. apríl 1744 að undanskilinni eftirfarandi viðbót:

Sömuleidis firer býd eg Einkanlegast Afriettarland Kyrkiunnar ä Flateyardals heide Millum Jökuls äнна, Einum og Sierhuörum, Nefnelegast þo Abylis Manne Þuerär Vid Fnióskadal edur Nockrum af hanns hälfu, Nema Mitt kome þar leife til ...<sup>82</sup>

Lögfestan var lesin samdægurs fyrir manntalsþingi á Hálsi og aftur á sama stað 14. apríl 1746.

Raunar má ætla að ágreiningur um Hálsmannatungur hafi verið byrjaður nokkru fyrr, samanber það sem segir framur í þessum kafla í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 að afréttarpartur á Flateyardalsheiði sé undir „prættion“.

Jón prestur Þorgrímsson á Hálsi skrifaði Oddi Ólafssyni lögréttumanni á Þverá í Dalsmynni bréf 21. maí 1743. Efni bréfsins varðar þrætuland milli Jökulsáanna á Flateyardalsheiði sem hann taldi tilheyra Hálskirkju samkvæmt skjölum hennar og segist hann ekki munu sleppa því undan kirkjunni svo lengi sem dómur hnekki ekki skilríkjum hans. Hann hafi hins vegar orðið þess áskynja síðastliðið sumar að Oddur

<sup>80</sup> Skjal nr. 2 (101) a-b.

<sup>81</sup> Skjal nr. 2 (102) a-b. Sami prestur lögfesti Hálsstað á ný 18. maí 1745, 7. júní 1770, 3. júní 1779 og 4. október 1782 en þær lögfestur eru efnislega samhljóða lögfestunni frá 7. apríl 1744 og því er innihalds þeirra ekki getið, sbr. skjal nr. 2 (103) a-b – skjal nr. 2 (106). Flestar þessara lögfesta voru lesnar upp oft en einu sinni.

<sup>82</sup> Skjal nr. 2 (103) a-b.

vildi eigna umboðs- og ábýlisjörðu sinni Þverá í Fnjóskadal allt ofannefnt land eða nokkurn hluta þess. Þar sem eignartilkall Ólafs stangist á við eignarheimildir Hálskirkju þá sé ekki um annað að ræða en láta dómstóla skera úr um hvort sé réttara. Hann minnir því Ólaf á loforð hans um að mæta á manntalsþingi að Hálsi 24. maí næstkomandi með öll sín skilríki til þess að fá úrskurð í málinu fyrir dómi.<sup>83</sup>

Þeir séra Jón og Oddur mættu á þingi á Hálsi 24. maí 1743 og lagði Jón ofannefnt bréf fyrir réttinn. Oddur lagði fram innlegg þar sem hann fór fram á að málið yrði ekki tekið fyrir nú og að beðið yrði með allar vitnaleiðslur varðandi landið milli Jökulsáanna á Flateyjarðalsheiði sem hann segir að hafi í langan tíma legið undir Þverá og Draflastaði. Ástæðan var elliburðir hans og það að hann hefði engin fyrirmæli fengið frá húsbónda sínum Bjarna Péturssyni. Hann bað því um að málið yrði tekið fyrir eftir næstkomandi alþing og lofaði að vera búinn, fyrir þann tíma, að leita svars hjá húsbónda sínum um hvernig hann vildi láta taka á því.

Því næst spurði séra Jón Odd hvort hann hafi ekki sjálfur notað og leyft öðrum að nota umrætt þrætuland síðastliðið sumar þrátt fyrir að prestur hafi síðastliðið vor í návist Odds lögfest umrætt land Hálskirkju. Oddur játar að hafa notað landið því að hann hafi ekki betur vitað en sér væri það óhætt því að það tilheyrði leigu- og ábýlisjörðu sinni Þverá til helminga móti Draflastöðum. Hálsprestur krafðist þess að eignarheimildir kirkju hans væru lesnar upp fyrir réttinum.<sup>84</sup>

Þeir Vigfús Pétursson á Hömrum í Reykjadal og Eyjólfr Tómasson á Vatnsleysu í Fnjóskadal, sem votta að ofangreind skjöl séu rétt skrifuð upp, sögðust aðspurðir hafa með leyfi séra Þorgríms heitins Jónssonar rekið lömb sín í áðurgreint land milli Jökulsáanna á Flateyjarðalsheiði árið 1723, sama ár og þeir staðfestu afritin.

Með skjölum sínum og vitnisburðum taldi séra Jón sig hafa sýnt fram á að Hálsmannatungur, þ.e. allt land milli Jökulsáanna á Flateyjarðalsheiði liggjandi fyrir innan Grímsland en fyrir utan Kambsmýrarland, tilheyrðu Hálskirkju. Þrátt fyrir að Oddur Ólafsson hafi haft tvö ár til þess að ráðfæra sig við húsbónda sinn, Bjarna Pétursson á Skarði á Skarðsströnd, hefði hann engin gögn lagt fram til þess að hnekkja eignarheimildum Hálskirkju. Engu að síður hefði hann notað landið leyfislaut árið 1742 en ekki 1741 er hann lögfesti það þó að séra Jón hafi ekki komist að því fyrr en síðastliðið haust í lambaréttum. Hann segist þó tilbúinn að horfa í gegnum fingur sér varðandi þessa aðtekt Odds, þótt hún sé ólögleg, vegna vinsamlegrar framkomu hans. En þar sem hann viti ekki til þess að hefð séra Þorgríms Jónssonar, forvera síns og

<sup>83</sup> Skjal nr. 2 (109) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (180) a-b.

<sup>84</sup> Skjölín sem lesin voru upp og eru ekki nefnd hér eru vitnisburður Ólafs biskups Hjaltasonar um máldaga Hálskirkju frá 21. október 1565, sbr. ÍF XIV, bls. 422, þriggja presta vitnisburður frá 1506, sbr. skjal nr. 2 (95), afrit af máldögum Auðunar rauða biskups frá 1318, Péturs Nikulássonar biskups frá 1394 og Ólafs Hjaltasonar biskups frá 1461-1510, sbr. ÍF II, bls. 439, ÍF III, bls. 572, ÍF V, bls. 298, vitnisburðir Ísaks Brandssonar, Leifs Ásmundssonar og Indriða Árnasonar allir frá 20. apríl 1591, sbr. skjal nr. 2 (96) a-b – Skjal nr. 2 (97), og óársett lögfesta Ólafs Tómassonar upplestin 1629-1631, sbr. skjal nr. 2 (100) a-b. Afrit af þessum skjölum voru gerð af Vigfúsi Péturssyni á Hömrum í Reykjadal og Eyjólfi Tómassyni á Vatnsleysu í Fnjóskadal 11. september 1723. Einnig fylgdi með lögfesta séra Þorgríms Jónssonar fyrir Hálsstað frá 6. júní 1725.



föður, á landinu milli Jökulsáanna á Flateyjardalsheiði sé lögformlega kærð, auk þess sem ekkert hafi komið fram sem kynni að veikja hefð séra Þorgríms, þá væntir hann þess að hafa óraskanlega hefð á landinu fyrir hönd Hálsstaðar sem skjöl kirkjunnar sýni að nái aftur um 208 ár og máldagabréfin frá 1312 til 1739.

Þar sem svo sterk og forn hefð sé á þessu landi þá spyr hann réttinn hvort hann eigi að láta það af hendi vegna óreglulegrar notkunar og án þess að nokkur skjöl séu fyrir hendi sem sýni að umrætt land tilheyri Þverá að öllu leyti. Að endingu biður séra Jón réttinn um úrskurð sem sýni að Hálsmannatungur milli Jökulsáanna á Flateyjarheiði sé óraskanleg eign Hálsstaðar.

Rétturinn ákvað að þar sem eigandi Þverár væri fjarverandi þá væri réttast að biða með að fella dóm í málinu. Oddur og séra Jón komust því að samkomulagi um að Oddur gerði Bjarna Péturssyni á Skarði viðvart og útvegaði endanlegt svar hans upp á málefnið fyrir lok ágústmánaðar. Þangað til virtist réttinum þó hættulaust að séra Jón notaði umþrætt land vegna Hálsstaðar í krafti framlagðra skjala.<sup>85</sup>

Í jarðaskjölum Þingeyjarsýslu er að finna mjög skaddað bréf sem er stílað á Odd Ólafsson. Ekki er lengur hægt að sjá hvenær bréfið var skrifað en fullvíst má telja að það sé skrifað í beinu framhaldi af framannefndum atburðum og í seinasta lagi rétt fyrir 29. október 1750 en þá var Oddur borinn til grafar. Nafn þess sem skrifar hefur einnig tapast en sjá má af bréfinu að hann hefur líkast til verið umboðsmaður Bjarna Péturssonar á Skarði á Skarðsströnd. Hann getur þess að hafa fengið bréf frá Bjarna, sem hann sendir Oddi, en í því minnst hann á landsreit nokkurn á Flateyjardalsheiði sem hann kallar Lambatungur. Þær telur Bjarni tilheyra jörðu sinni Þverá í Dalsmynni að hálfu til móts við Draflastaðakirkju. Bréfitari heldur áfram og segir:

... Nu mun yður kunigt ad Halsprestar Eigna [svo, réttara væri: vegna] Halsstadarkirkíu Eygna sier landzreit a somu heidi (eg meyna) so kalladar Halsmannatungur, j hvern landz reit presturenn Sal. sira Þorgrymur Jonsson leifde nockrum bændum lamba uppRekstra fyrer [skjal skert, tilgáta afritara: nokkrum, en plássið virðist of lítið til að það gangi upp] árum. Skilldest mier þa so sem Lambatungur þessar skilldu vera þessar Halzmannatungur þar ohægt være ad upp[götva edur a]ætla hvar þær annarz være þar i þui landz platze og hyggur landsete muni a [skjal skert]umm fortalldie mier þetta edur nafns landplatsins umm breiting huerrar iardar kirkiu eg epter innzigludumm skiolum og maldogumm eigna halfar þessar Lambatungur. Eg meina epter skiolum a motz vid þuerarmenn at þuer[armenn epter] skiolum og maldogum Eyg[na sier] nordur til Sal. Indr[ida] Flouentssonar [versific]eradar copiuur [skjal skert]<sup>86</sup>

<sup>85</sup> Skjal nr. 2 (110) a-b.

<sup>86</sup> Skjal nr. 2 (58). Fylgt er uppskrift Jóns Þorkelssonar og Hannesar Þorsteinssonar eftir illa fögnu forriti sem einnig fylgir með. Viðtakandi bréfsins er vafalaust Oddur Ólafsson lögréttumaður (um 1676-skömmu fyrir 29. október 1750) en hann bjó að Þverá í Dalsmynni, sbr. Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*, bls. 400; Indriði Indriðason, *Ættir Austfirðinga I*, bls. 17. Bjarni Pétursson ríki

Bréfritari sagðist hafa heyrt að séra Jón, sonur ofangreinds séra Þorgríms, sé farinn að endurnýja þrætuna. Þess vegna vilji Bjarni á Skarði að bréfritari fái sér öll þau skjöl er hann kynni að hafa fyrir Þverá fyrir utan það sem hann hafi ávíkið en öll þau skjöl séu hjá Bjarna Indriðasyni á Draflastöðum. Þar geti Oddur nálgast þau og nýtt sér til þess að sýna að Þverármenn hafi, eftir innsigliðum skjölum, verið eignaðar umræddar Lambatungur að hálfu sem hafi fylgt jörðinni óátalið í langan tíma. Fleira segist bréfritari ekki hafa í höndunum fyrir jörðinni. Hann biður Odd þó um að aðgæta eftirfarandi atriði:

1° Um nafn landsplátsins, því þér (kannske) eignid ydar ábýli ekkert af Hálsmannatungum 2° Um datum á mínum skjölum og því presturenn hefur sínu eptirkalli til ástæðu 3° Um vissu og fjölda innsiglanna á hvorumtveggja documentanna h[já] yður segja mínar Copiur ádurtaaldar, sem þér hafid uppá að byggja [skjal skert, áframhald illæsilegt og samhengislaust] ...<sup>87</sup>

Lögfesta séra Sigurðar Árnasonar fyrir Hálsstað frá 1. júní 1830 er efnislega samhljóða þeirri frá 7. apríl 1744. Henni var þó mótmælt er hún var lesin upp fyrir manntalsþingi á Ljósavatni 2. júní 1830 af eiganda Draflastaða sem frambar að kirkjan þar ætti hálfar Hálsmannatungur til móts við Hálsmenn.<sup>88</sup>

Þann 2. júní 1890 var útbúið landamerkjabréf fyrir kirkjujörðina Háls en þinglýst þann 16. sama mánaðar. Þar koma fram eftirfarandi upplýsingar um Hálsmannatungur:

Afrétt fylgir Beneficis á Flateyardalsheiði. Hálsmannatungur - Landamerki þeirra eru:

Að norðan: Ytri-Jökulsá

Að austan: Fjallsbrún

Að sunnan: Syðri-Jökulsá

Að vestan: Dalsá.<sup>89</sup>

Pétur Jónsson, prestur á Hálsi skrifaði undir landamerkjalytingu „afréttarinnar“. Lýsingin var samþykkt af; Geirf. Tr. Friðfinnssyni vegna Grímslands, Magnúsi Jónssyni fyrir Heiðarhús og Karli Friðrikssyni vegna Kambsmýra.

Þórhallur Bjarnarson biskup skrifaði prófasti í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi 25. janúar 1910 og svaraði spurningu hans um hversu háa leigu skyldi taka fyrir

(1681-1768) bjó á Skarði á Skarðsströnd frá um 1705-1748 og á Staðarhóli 1748-1756, en fluttist þá aftur að Skarði og bjó þar til dauðadags. Bjarni var fæddur á Þverá í Dalsmynni og hefur eflaust átt jörðina, sjá Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* I, bls. 188. Umræddur séra Þorgrímur Jónsson (1687-17. febrúar 1739) var prestur á Hálsi í Fnjóskadal og séra Jón sonur hans (1714-1798) vígðist aðstoðarprestur hans 30. september 1736 og fékk brauðið við fráfall föður síns. Hann mun hafa átt í langvinnum deilum um skóglendi Hálsstaðar, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 312 og V, bls. 136. Indriði Flóventsson (f. um 1650) var hreppstjóri og bjó á Draflastöðum, sonur hans hét Bjarni (f. um 1680), sbr. *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 354.

<sup>87</sup> Skjal nr. 2 (58).

<sup>88</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b.

<sup>89</sup> Skjal nr. 2 (23).

svonefndar Lambatungur sem væru ítak frá Hálskirkju í Fnjóskadal á Flateyjardalsheiði. Biskup svaraði því til að í síðasta mati væru Hálsmannatungur „afréttarpartur“ taldar öðrum leigðar og væru þær og Lambatungur eitt og hið sama enda væri eftirgjaldið jafn hátt.<sup>90</sup>

Hreppstjóri Hálsahrepps skrifaði sýslumanni Þingeyjarsýslu þann 16. nóvember 1914 og sendi honum afgjaldaskrá kirkjueigna í hreppnum fyrir árið. Hann gat þess að þetta væri líkast til í síðasta skipti sem hann sendi frá sér slíka afgjaldaskrá þar sem ábúendur Birningsstaða og Kambsstæða hafi fengið leyfi til að kaupa jarðir sínar. Að vísu stæði þá eftir sú landspilda á Flateyjardalsheiði sem Hálsmannatungur nefnist en ekki hafi tekist að leigja þær út nema sum ár síðan hann tók við umsjá kirkjueigna. Enda sé ekki við öðru að búast eftir að öll byggð lagðist niður á Flateyjardalsheiði. Eftir að það gerðist sé umræddur landskiki ekki notaður til annars en upprekstrar en þar í kring séu „afréttarlönd“ yfirdrifin. Eins og horfi við með eyðijarðirnar á Flateyjardalsheiði gerir hreppstjóri sér engar vonir um að Hálsmannatungur muni gefa landssjóði nokkrar tekjur í framtíðinni. Hann hafi hins vegar borið það upp við hreppsnefnd Hálsahrepps hvort hún hefði ekki áhuga á að kaupa þennan landskika og telur það ekki ólíklegt ef verðið verði á bilinu 50-75 krónur. Ekkert formlegt tilboð liggi þó fyrir enda hafi fasteign hreppsins þar í kring, Kambsmýrar og Almanningur, engar tekjur gefið af sér í fleiri ár og því sé skiljanlegt að hreppsmenn sýni ekki ákafan áhuga að auka landeign sína á svæðinu. Hreppstjóri var þó ekki vonlaus um að hreppurinn kynni að kaupa fyrir áðurnefnt verð enda sé vilji hreppsþúa að hafa umráð yfir sem mestu af „afréttinni“. Hreppstjóri spyr hvort sýslumaður sé samþykktur sölunni og hvort hann sé til í að koma erindinu áleiðis. Hann telur óþarft að láta fara fram virðingu á Hálsmannatungum, þrátt fyrir að lögin kveði á um það, enda þekki sýslumaður aðstöðu og ásigkomulag eyðijarðanna á Flateyjardalsheiði nógu vel til þess að geta verið með eða móti sölunni. Að endingu getur hann þess að ástæður hans fyrir að mæla með sölunni séu þær að það sé landssjóði fyrir bestu og langeðlilegast og heillavænlegast sé að „afréttarspilda“ þessi sé í umsjá og eigu hreppsfélagsins sem hún liggi í.

Sýslumaður skrifaði Stjórnarráðinu 24. nóvember 1914 og mælti með því að hreppnum yrðu seldar Hálsmannatungur fyrir 50-75 krónur. Hann sagðist ókunnugur þessum „afréttarlöndum“ og vissi því ekki hversu mikið verðmæti landspildunnar væri í raun og veru. Hins vegar væri honum fullljóst að litlar líkur væru á því að eyðijarðirnar umhverfis spilduna á Flateyjardalsheiði byggðust að nýju og enn þá minni líkur á því að kirkjujarðasjóður fengi nokkrar tekjur af landinu, a.m.k. fyrst um sinn. Einnig væri hann sammála því að eðlilegast væri að þetta „afréttarland“ yrði eign Hálsahrepps líkt og eyðijörðin Kambsmýrar. Hann taldi ónauðsynlegt að leggja í þau umsvif og kostnað sem fylgdu virðingargerð og mælti loks með því að Hálshreppi

<sup>90</sup> Skjal nr. 2 (284).

yrði selt landið fyrir 75 krónur. Stjórnarráðið skrifaði sýslumanni 11. febrúar 1915 og tilkynnti að það væri fúst til að selja Hálsmannatungur fyrir 75 krónur.<sup>91</sup>

Hreppsnefnd Hálsahrepps skrifaði hreppstjóra 6. ágúst 1915 og tilkynnti honum að hreppsnefndin hefði tekið málið fyrir á fundi og komist að þeirri niðurstöðu að hreppinum væri ekki þörf á að kaupa Hálsmannatungur. Ástæðan væri sú að þær yrðu ekki notaðar til annars en upprekstrar og „afréttarlönd“ hreppsins væru yfirdrifið. Hins vegar hafi nefndin verið sammála um að eðlilegast væri að hreppurinn hefði eignarumráð yfir landspildunni því að þannig stæði hann best að vígi með að geta haft einhver not af henni fyrr eða síðar. Hreppurinn væri þó ekki tilbúinn til þess að bjóða meira í hana en 50 krónur.

Hreppstjóri tilkynnti sýslumanni niðurstöðu hreppsnefndar með bréfi 27. júlí 1915. Í því mælti hann með að salan færi fram þar sem um lítið og nytjarýrt land væri að ræða og litlar líkur á því að hægt væri að leigja það út. Sýslumaður tilkynnti Stjórnarráðinu þetta með bréfi 6. ágúst 1915 en skrifað hefur verið á bréfið í Stjórnarráðinu að óþarf sé að slá af verðinu þó svo að hreppsnefndin reyni að prúttu. Stjórnarráðið bað sýslumann, í bréfi frá 2. febrúar 1916, að tilkynna hreppsnefndinni að verðið fyrir Hálsmannatungur væri 75 krónur og það yrði ekki lækkað.<sup>92</sup>

Að sögn Jóhanns Skaptasonar árið 1969 eru Hálsmannatungur afréttarland Fnjóskdæla.<sup>93</sup> Er allvíða sagt að landið sé eign Hálsahrepps, en ekki hefur fundist afsal sem staðfestir það.

Um Hálsmannatungur segir Jón Sigurðsson í Ystafelli í bókinni *Suður-Pingeyjarsýsla*.<sup>94</sup>

Svo nefnist landið milli Jökulsáanna, sem báðar koma úr háfjallaskálum með jökulfönnum nálægt 1000 m yfir sjó. ... Hálsmannatungur eru frítt land og engjar góðar með nautgæfum heyjum. Bezti hluti tungnanna heitir Lambagrænur. Þar vildi Baðstofu-Jón helzt byggja, en fékk fullt afsvar hjá Hálspresti. En Hálskirkja hefur átt land þetta frá ómunatíð, og eru þar engar byggðarsagnir.

## 5.5 Kambsmýrar

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir í umfjöllun um Draflastaði:

Ítök kirkjunnar eru þessi: Selstöðu á Gönguskarði á Þrengingaseli, og hefur áður brúkast en nú ekki í nokkur ár. Kambsmýrar á Flateyjardalsheiði austan framm milli Jökulsár og gömlu rjetta. Á þessu landsplássi hefur hjáleiga bygð

<sup>91</sup> Skjal nr. 2 (282).

<sup>92</sup> Skjal nr. 2 (283).

<sup>93</sup> Jóhann Skaptason: *Suður-Pingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótsheiðar*, Árbók Ferðafélags Íslands 1969, bls. 83.

<sup>94</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Pingeyjarsýslu. Suður-Pingeyjarsýsla*, bls. 130.

verið, og skrifast hún í hjáleigna röðinni. Hálfar Lambatúngur, liggja á millum Jökulsána austan fram á sömu heiði. ... Engin not hafa nú ábúendur þessra afrjettarlanda, nema mjög fáa lambatolla af Kambsmýrum og Lambatúngum.<sup>95</sup>

...

Kambsmýrar, eyðihjáleiga, Bygð í afrjettarlandi út á Flateyardalsheiði hjer um fyrir 50 árum, og varaði bygðin inn til næstu 6 ára.

Dýrleikinn óviss því kotið tíundaðist ekki.

...

Útigangur er oftast enginn fyrir fannlögum, og efast menn því að þetta kot muni aftur byggjast, annars er landið gott og grösugt.<sup>96</sup>

Draflastaðir voru vísiteraðir af prófasti 5. október 1751. Í vísitasíunni segir:

4°. Um Eigner Kyrkiunnar frammkemur her ej annad, enn nærsta Biskups Visitatia Hr. Halldórs Brinjólfssonar af 29 Junii 1748 ...

... Enn hvert Lamba tollar af Kambsmýra Landi á flateyardalsheide, heyra Kyrkiunne eda Jördunne til, þar um frammkemur eckert eptertakanlegt hier i stad.<sup>97</sup>

Erlendur Jónsson prófastur seldi, eftir umboði Gísla Magnússonar biskups, Draflastaði, 60 hundruð að dýrleika, með hjáleigunni Grímsgerði ásamt Kambsmýri og meðfylgjandi kúgildi. Gjörningurinn fór fram 29. júní 1773 og keypti Árni Hallgrímsson jarðirnar fyrir þrjú stórhundruð ríkisdali specie.<sup>98</sup>

Á Alþingi 1798 var lesið upp afsalsbréf Guðrúnar Þórarinsdóttur frá 19. febrúar 1796 fyrir jörðinni Kambsmýri, fimm hundruð að dýrleika, til Sigurðar Bjarnasonar fyrir 30 ríkisdali courant.<sup>99</sup>

Lögfesta fyrir Kambsmýrum var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi 25. maí 1804 og átalín af Jóni Þorkelssyni eigandi Austarikróka. Hvorki inntaks lögfestu né mótmæla er getið.<sup>100</sup>

Á manntalsþingi á Hálsi 17. maí 1818 lét ónafngreindur prestur lesa upp lögfestu fyrir eignarjörð sinni Kambsmýrum. Inntak lögfestunnar kemur hins vegar ekki fram.<sup>101</sup>

Sauðabjórnaðarmál bræðranna Jóns og Rafns Þorsteinssona var tekið fyrir í aukarétti á Hálsi 16. og 18. júní 1831. Þeir bræður, synir Oddnýjar Rafnsdóttur ekkju á Kambsmýrum, játuðu að hafa á síðastliðnu sumri, nokkru eftir fráfarur eða í

<sup>95</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 72.

<sup>96</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 73.

<sup>97</sup> Skjal nr. 2 (248) a-b.

<sup>98</sup> Skjal nr. 2 (295).

<sup>99</sup> Skjal nr. 2 (297).

<sup>100</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.29).

<sup>101</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.43).

sláttarbyrjun, handsamað þrjú aðkomulömb á kvíunum á Kambsmýrum, borið þau inn í fjárhús og afmarkað þau undir mark móður sinnar. Af því búnu ráku þeir lömbin út í „afréttina“ í hverri kotið lá. Hin afmörkuðu lömb tilheyrðu bændunum á Garði og Breiðabóli sem sögðust hvorki hafa fengið Kambsmýramæðginunum lömb síðastliðið sumar né gemlinga í vetur.<sup>102</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er sjálfseignarjörðin Kambsmýrar sögð 5 hundruð. Árstekjur af afréttarleigu eru einn ríkisdalur.<sup>103</sup>

Fjallað er um Kambsmýrar í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur m.a. fram:

Kambsmýrar. talin 5 hndr. ad dyrleika. ... Uteingi og landvidd mikil ad ummáli; landskostir til þrifa og málmytu i betralagi; utheyskapur bædi á þurru og votu töluverdur, ... dalitil not af fjallagrösum til heimilisbrúkar. ...<sup>104</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Kambsmýra hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Kambsmýrar eru einnig fengnar úr matinu:

Jörð þessi sem hefir verið í eyði til langs tíma, og hús þar og mannvirki niðurfallin, liggur innantil á Flateyjardalsheiði. Er þar afar snjóþungt, vorharðindasamt og illviðragjarnt. Landrými er geysimikið og sumarland hið bezta. Slægjur líka fjarska víðlendar og allgrasgefnar, samfeldir mýraflákar, mólendi og hálfdeigjur, nokkuð eflaust véltækt. Undanfarið hefur landið verið notað til upprekstrar og slægna, en tiltölulega lítið, þar eð upprekstrarlönd eru allmikil umhverfis, en erfitt um heyskap sökum fjarlægðar, vegleysu og enda vangæfra þurka. Landið metið Kr. 800.00<sup>105</sup>

Samkvæmt matinu á og notar Valdimar Valdimarsson í Bøðvarsnesi Kambsmýrar.

Landamerkjabréf fyrir Kambsmýrar var útbúið þann 20. apríl 1885 og þinglýst 27. maí sama ár. Þar stendur:

Að sunnan ræður merkjum Skeiðislækjargil ofan af fjalli og úr því bein stefna á Merkivörðu á Miðhólum. Að vestan ræður bein lína [strikað yfir, stefna] frá nefndri merkivörðu norður á miðjan Almannakamb, þá Dalsá norður til Syðri-Jökulsár. Að norðan ræður Syðri-Jökulsá frá því hún fellur í Dalsá og á fjall upp. Að austan ræður hæsta fjallsbrúin.<sup>106</sup>

Karl E. Friðriksson skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir hönd Hólmsfríðar Halldórsdóttur. Það var samþykkt af: Hannesi Friðrikssyni fyrir hönd eiganda Austaríkróka, Péttri Jónssyni fyrir hönd Hálskirkjulands og Birni Bjarnasyni fyrir hönd Vestaríkróka.

<sup>102</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.).

<sup>103</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>104</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>105</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>106</sup> Skjal nr. 2 (28) a-b.

Kambsmýrar komust um skeið í eigu Hálsahrepps, en voru seldar bónda í Bööðvarsnesi árið 1916.<sup>107</sup>

Í umfjöllun Jóns Sigurðssonar í bókinni *Suður-Þingeyjarsýsla* er vitnað til Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um byggð og byggðarmöguleika. Einnig kemur fram, að byggð hafi verið komin þar á árið 1806. Megi ætla, að þar hafi verið oftast búið til ársins 1896. Jörðin var í eyði 1896-1918, en í byggð 1918-1929. Síðan var stundum sumarvist í Kambsmýrum við heyöflun og jafnvel selför. Var selstöðunni ekki að fullu lokið fyrr en skömmu fyrir 1940.<sup>108</sup>

## 5.6 Kotamýrar

Fram kemur í kvörtunarbréfi séra Odds Bjarnasonar á Þóroddsstað skrifuðu á Alþingi 6. júlí 1673 að Björn Magnússon hafi byggt eða byggja látið út úr landi Náttfaravíkur jörðina Kotamýrar sem hann segist ekki vita betur en sé land Þóroddsstaðar. Í bréfi séra Eiríks Þorleifssonar sem hélt Þóroddsstað á 19. öld kemur fram að ráða megi af kvörtunarbréfinu og byggingarbréfi sem sé líklega frá 1638, að:

Heila landed mót Vestre Hafe Vered það sem Sviná Heldur framm til Fialla afrettar land Vykum til Heirande, Og so Vel Halded Þóroddsstaðar Kyrkiu eign sem Hitt Landstikked frá Svináróse, Og Náttfara læk til Ofeigshellirs, Jafnvel þótt lykur Dragest [yfirstrikað: til] ad því, ad þetta Hafe sá lands partur Vered, sem i fyrstu Hafe giefenn vered til Stadanna i Reikiadal fyrer afrettar land, enn Hafe þó Öndverd lega fyrer Siálfra þeirra Hyrdu Og af skipta leise frá þeim Horfed til Þóroddsstaðar, unns Hann það aptur Miste til Skridu Eyganda i tyd Sr. Gunnlaugs Jons sonar.<sup>109</sup>

Land þetta, sem hafi verið í byggð í meira en 100 ár, hafi með gjöf Jóns Benediktssonar sýslumanns á dánarbeiði orðið fasteign fátækra í Reykjadal. Hann efast þó um að Rauðaskriða hafi með löglegum hætti:

... ad komest á lande því i Öndverdu Haft eptir Orækum máldaga, því lysa gamlar lóg festur Hér, sem yfergrípa Heila Kotaland fyrer Vestann Ána, Og Siálfann bæenn þar med, Hvórium bádir þeir Fedgar Og þá eigendur Kotalands Lögmadur Benedict af 22 Maí, 1726. Hefir þynglyst á Liósavatne og Prótócolerad á kiærulaust, Og Sómu leides Sonur Hanns Sýslumadur Jon n<o>ckrum sinnum i afa Myns Sira Sæmundar Sál. tyd, Og Mót mælte þeim alls ecke.<sup>110</sup>

<sup>107</sup> Skjal nr. 28 (4).

<sup>108</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 132.

<sup>109</sup> Skjal nr. 2 (77). Oddur Bjarnason hélt Þóroddsstað á árunum 1665-1677/78 en séra Gunnlaugur 1660-1665, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 298. Umræddur Björn Magnússon er líkast til samnefndur sýslumaður og klausturhaldari á Munkaþverá 1662-1695, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár* I, bls. 235-236. Skriða sú sem talað er um er líkast til Rauðaskriða í Aðaldælahreppi.

<sup>110</sup> Skjal nr. 2 (77). Jón Benediktsson sýslumaður í Þingeyjarþingi andaðist í Rauðaskriðu 1. maí 1776, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár* II, bls. 59. Séra Sæmundur Jónsson hélt Þóroddsstað 1748-

E. Þorleifsson og Pétur Jónsson votta að bréf Odds sé rétt skrifað eftir frumritinu á Þóroddsstað 4. ágúst 1828. Fjórir menn votta svo að rétt sé skrifað eftir skjölum Þóroddsstaðarkirkju en sá vitnisburður er ódagsettur.

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er eftirfarandi:

Kotamyre kallast eyðikot utantil við Sviná í áðursögðum afrjett [Náttfaravikum]. Bygt hjer um fyrir 40 árum á fornu selstæði að forlagi Björns Magnússonar að Múkaþverá, sem vildi eigna Skriðu kirkju þennan part afrjettarins, en síðan reyndist hann eign Staðarkirkju og hinna staðanna sem hjer eiga ítök [Grenjaðarstaðar og Múla]. Bygðin varaði fáein ár, því kýtingur var um kotið.

Landskuld meinast að verið hafi 40 álnir í landaurum. ...

Aftur má hjer byggja sem áður segir um Naustavík, þó hjer sje miður til sjávarafra komið.<sup>111</sup>

Í erfðaskrá Jóns Benediktssonar sýslumanns, sem dagsett er 25. september 1775, ánafnar hann fátækum, guðsvoluðum þurfamönnum sem bornir og barnfæddir eru í Reykjadalshreppi Kotamýrar, hjáleigu eða heimaland Rauðaskriðu og 10 hundruð að dýrleika, ásamt landi á Hurðarbaki en að fráskildum reka.<sup>112</sup>

Lögfesta fyrir Kotamýrum var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi 11. maí 1810. Inntaks lögfestunnar er ekki getið en fram kemur að enginn hafi mótmælt henni.<sup>113</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 5. júní 1816 var lesin upp lögfesta Gísla Jónssonar hreppstjóra á Breiðumýri, fyrir Kotamýrum sem sé fátækraeign Helgastaðahrepps. Inntaks er hins vegar ekki getið.<sup>114</sup>

Lögfesta fyrir kristfjárjörðinni Kotamýrum, fátækraeign Helgastaðahrepps, var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1828. Inntaks lögfestunnar er hins vegar ekki getið.<sup>115</sup> Á sama manntalsþingi var lesin upp lögfesta séra Eiríks Þorleifssonar fyrir Þóroddsstaðar beneficio, heimalöndum þess auk lands- og rekaitökum en hann taldi að sum þeirra væri flestum mönnum ókunn. Inntaks lögfestunnar er ekki getið en Jakob Pétursson hreppstjóri Helgastaðahrepps mótmælti lögfestunni því að hann taldi að hún gengi upp á Kotamýraland, suður fyrir garð þann sem liggja fyrir utan Náttfaralæk.<sup>116</sup>

Jakob Pétursson hreppstjóri var einn af þeim sem mótmælti lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar, fyrir eignum og ítökum Þóroddsstaðarprestakalls, vegna

1784 og sonarsonur hans séra Eiríkur Þorleifsson 1826-1842, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 299.

<sup>111</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 111.

<sup>112</sup> Skjal nr. 2 (287).

<sup>113</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.31).

<sup>114</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.41).

<sup>115</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.45).

<sup>116</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.46).



Kotamýra fátækraeignar. Inntaks lögfestunnar, sem lesin var upp á manntalsþingi á Helgastöðum 4. júní 1832, er ekki getið.<sup>117</sup>

Lögfesta fyrir jörðinni Björgum frá árinu 1679 var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 19. maí 1855. Inntaks er ekki getið en sýslumaður sá ástæðu til þess að geyma fátækraeigninni Kotamýrum allan sinn rétt til löglegra mótmæla því að lögfestan lýsi landeign Bjarga að Svíná.<sup>118</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 23. maí 1856 var lesin upp lögfesta Kotamýra, fátækraeign Helgastaðahrepps, sem dagsett var 25. maí 1822 og þinglesin þremur dögum síðar. Inntaks lögfestunnar er ekki getið en henni var mótmælt af Jóni Einarssyni, ábúanda Bjarga, með tilliti til landeignar Kotamýra á Hurðarbaki til Purkár.<sup>119</sup> Sömu leiðis var þá lesin upp óstaðfest afskrift af lögfestu Bjargalands frá 1679 sem var mótmælt af J. Péturssyni, umráðamanni Kotamýra, að því leyti sem hún stangaðist á við lögfestu Kotamýra.<sup>120</sup>

Tveir menn votta um vitnisburð Magnúsar Þorvaldssonar sem svarinn var á Þóroddsstað 10. maí 1821. Þar segir Magnús að frá því hann muni fyrst eftir sér, þ.e. í um 40 ár, hafi selanætur verið lagðar fyrir norðan Svíná sem sumir kalli Kotafjöru. Eigendur nótanna og þeir sem hafa lagt þær hafi ætíð fengið leyfi til þess hjá Þóroddsstaðarpresti og greitt honum, en ekki eiganda Kotamýra, ákveðið gjald fyrir. Þessu til frekari staðfestu greinir hann frá því að bræðurnir Sveinn og Jón á Kotamýrum lögðu eitt sinn selanætur sínar fyrir innan Svíná (sem nú er kölluð Purká) með leyfi sýslumannsins Jóns Benediktssonar á Rauðaskriðu. Næturnar sáu þeir aldrei aftur en Magnús segir að þeir hefðu aldrei ráðist í þessa framkvæmd ef sýslumaður, sem var húsbóndi þeirra, hefði haft nokkurn rétt til að leigja þeim nótlog fyrir utan umrædda á.<sup>121</sup>

Þrír menn votta að vitnisburður Magnúsar sáluga, sem var í Naustavík, áhrærandi lagningu selanóta og afgangur þar af fyrir norðan Svíná sé réttur. Mennirnir segjast hafa heyrt og vitað þetta í mörg ár, þ.e. Einar Erlendsson á Björgum í 34 ár, Jón Einarsson á sama bæ í jafn mörg ár, Jón Sturluson á Nípá í 30 ár, Þorvaldur Magnússon á Kaldbak í 40 ár, Sören Jónsson á Geirbjarnarstöðum í 35 ár og Hjalti Illugason á Granastöðum í 31 ár. Umræddur vitnisburður var bréfaður 20. desember 1820.<sup>122</sup>

Eiríkur Þorleifsson prestur á Þóroddsstað var mjög ósáttur við að Þóroddsstaður ætti ekki Kotamýrar. Hann samdi 30. janúar 1829 athugasemdir við það sem það sem hann kallaði munnsögn Margrétar, en prestur hafði undir höndum afrit af kaupbréfi Margrétar nokkurrar frá því um 1500 er hún seldi Rauðaskriðu. Hún

<sup>117</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.50).

<sup>118</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.57).

<sup>119</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.61).

<sup>120</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.62).

<sup>121</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>122</sup> Skjal nr. 2 (77).

mun hafa sagt kaupvottum til landamerkja og eigna jarðanna en þeir skrifað frásögn hennar niður síðar eins og bréf þeirra vitnar til um. Í máli hennar segir um eignir Rauðaskriðu:

Sagde þrátt nefnd Margriet, að Skrida ætte af Riett á Hurðarbake, og þar allann Reka, Fyrer því af Riettar Lande ...<sup>123</sup>

Prestur segir að ljóslega komi fram að rekinn sé fyrir öllu landi en nái þó ekki lengra suður en til Galtahellis. Af því er ljóst að landið í vestanverðu fjallstaglinu hafi ekki heldur náð lengra suður því að annars hefði rekinn átt að ná til Litlufjörú suður. Það hafi hins vegar aldrei verið tilfellið heldur hafi forvaði Galtahellis verið rekamark Rauðaskriðu að sunnan frá fyrstu tíð. Hann heldur áfram og segir þessi:

... tvi tekenn Orda tiltæke Margrétar; og þar, og aptur, Fyrer því lande, Syna lióslega land Vógstenn i fiallenu að Vestan, sem allur grase gröenn á þeirre tíð, Hefur Vered nógur fyrir fiár af Rétt frá Skridu ...<sup>124</sup>

Prestur segir jafnframt að mögulegt sé að kaupvottarnir hafi misheyrt orð Margrétar og hún sagt Urðarbak en ekki Hurðarbak. Urðarbak sé hins vegar réttnefni því að fyrir meiri hluta rekans liggi urð sem beri heitið Stóraurð en af henni hefði rekinn mátt taka nafnið Urðarreki. Í þeim fjallshala að austan sem liggi fyrir rekanum hafi aldrei graslendi verið heldur aðeins meitilberg og urð allt á brún upp þannig að fjallsheitið hafi af því með réttu mátt kallast Urðarhali en aldrei Hurð. Einnig bendir séra Eiríkur á að Margrét eignir Rauðaskriðu allan reka þó að Grenjaðarstaður eigi þar ¼ hluta í hval. Það sýni að Margrét gæti hafa haft rangt fyrir sér í fleiri atriðum en þessu og sömuleiðis sé ekki að sjá að Margrét hafi kallað til votta til þess að sanna orð sín og því sé kaupbréfið byggt á vottlausri sögn Margrétar sem geti ekki jafngilt óhnekkjanlegum máldaga.

Hann heldur áfram og segir að Björn Magnússon eigandi Rauðaskriðu hafi fyrstur manna eignað sér land vestan Svinár, vestur frá nefndum fjallshala á árunum 1654-1665 og hafi þá byggt þar kotið. Síðan hafi Benedikt Þorsteinsson lögmaður útvegað sér vitnisburði um að sú bygging hefði ekki verið ákærð og að eigandi Rauðaskriðu hafi tekið landskuld af kotinu. Jón sýslumaður, sonur Benedikts, muni svo hafa sagt séra Sæmundi Jónssyni, afa séra Eiríks, og látið það víðar út berast að í máldaga Rauðaskriðu stæði:

Skrida á allt það land sem að Hurd hilur.<sup>125</sup>

Hann hafi því gegn betri vitund breytt orðum Margrétar og eignað sér alla framdali mót vestri, og þ. á m. hið forna Helgastaðasel, sem sýni enn þann dag í dag þá afstöðu hvar „afrétt“ staðanna í Reykjadal hafi til forna verið. Það komi því ekki á

<sup>123</sup> Skjal nr. 2 (78) a-b.

<sup>124</sup> Skjal nr. 2 (78) a-b.

<sup>125</sup> Skjal nr. 2 (78) a-b.

óvart að hann á dánarbeði sínu gæfi fátækum þetta illa fengna land til þess að friða samviskuna.

Einnig getur séra Eiríkur þess að Jakob Pétursson, sem sé búinn að vera hreppstjóri í um 11 ár, hafi helgað sína hreppstjórn með því að lögfesta og brúka Austurdal suður frá Skriðureka og Skarðsmýrar suður í gegn. Síðan hafi hann lögfest og boðið upp land Þóroddsstaðar og fjörugögn fyrir norðan Svínárós til brúkonar.

Umsögn sína endar séra Eiríkur með því að segja að hann hafi sýnt fram á hvernig kot hafi verið byggð og menn síðan smám saman fært sig upp á skaftið með rangri sögn og tálskrift í formi lögfesta sem byggðar voru á ásælni en engum rétti. Hann segir að ofangreindar upplýsingar varðandi máldaga Rauðaskriðu séu að mestu leyti skrifaðar eftir Jóni Jónssyni bónda á Rauðaskriðu. Þær séu þó einnig sumpart samhljóða vitnisburði Þóroddsstaðarskjala einkum varðandi þann tíma er séra Gunnlaugur Jónsson hélt staðinn<sup>126</sup> en í hans tíð gekk hvað mest undan staðnum og kirkjunni, hvorttveggja eignarland og lausir aurar.<sup>127</sup>

Eiríkur Þorleifsson Þóroddsstaðarprestur skrifaði Þorsteini Pálssyni aðstoðarpresti á Hálsi 30. janúar 1836 m.a. um Náttfaravíkur. Þar lýsti hann gremju sinni yfir því hversu illa forverar hans hefðu varið eignir kirkjunnar og ekki komið í veg fyrir að ítölur kæmist á land kirkjunnar.

Taldi Eiríkur að Kotamýrar hefðu verið hluti af því landi en sýndist torvelt að ná þeim aftur undir kirkju sína en Björn Magnússon eigandi Rauðaskriðu byggði þær úr eyði og eignaði Rauðaskriðu sem hjábýli í tíð séra Gunnlaugs Jónssonar sem var ekki maður til þess að hindra það. Eftirmaður hans, séra Oddur Bjarnason, kлагаði þetta á Alþingi 1673 fyrir biskupi og landfögeta Jóhanni Klein. Þeir hefðu úrskurðað landið Þóroddsstað og séra Oddur notað það fyrir „afréttarfé“ eftir sem áður og við það hefði kotið farið aftur í eyði. Það hefði því aldrei komist nein veruleg hefð á kotið undan Þóroddsstað fyrr en að sýslumanni Jóni Benediktssyni látnum en á banasæng sinni hafi hann gefið fátækum í Reykjadal það. Það gerðist í tíð séra Sæmundar Jónssonar, afa séra Eiríks, en að hans sögn grátbað Halldóra systir hans, ekkja Jóns sýslumanns, að svipta ekki látinn eiginmann sinn ærunni fyrir tiltækið. Eiríkur segist ekki muna hverjir voru til heimilis á Þóroddsstað á þessum tíma, aðrir en foreldrar hans sálugir, enda var hann barn að aldri og þeir líkast til allir fallnir frá. Hitt mundi hann að opinberlega var um þetta rætt svo að viðstaddir heimilismenn hafi getað heyrt um það talað. Við það hafi staðið síðan. Þótt faðir hans sálugi, séra Þorleifur Sæmundsson, hafi ekki kært það til þings þá hafi hann lýst því á þingi að tiltækið væri ólöglegt en sýslumaður hafi ekkert gert í því frekar. Hins vegar megi ljóslega sjá á jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að þar séu Kotamýrar ekki taldar með hjábýlum Rauðaskriðu heldur Þóroddsstaðar eins og von var. Einnig sýni jarðabók

<sup>126</sup> Gunnlaugur Jónsson hélt Þóroddsstað á árunum 1660-1665, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófesta*, bls. 298.

<sup>127</sup> Skjal nr. 2 (78) a-b.

Skúla Magnússonar landfógeta berlega að hvorki Benedikt lögmaður né sonur hans Jón sýslumaður hafi þorað opinberlega að telja Kotamýrar með hjábýlum Rauðaskriðu eða sem eign sína. En staðfestir máldagar sýni að Rauðaskriða hafi aldrei átt svo mikið sem þverfótarbreidd í því landi heldur aðeins Þóroddsstaður sem hafi leigt kotslandið öðrum m.a. undir „afréttarfé“.

Frá því að Björns Magnússon byggði Kotamýrar hafi ákærur staðið upp á þær frá feðgunum Benedikt og Jóni. Eiríkur prestur hefur eftir Sören Jónssyni að faðir hans Jón Árnason hafi, þegar hann var vinnumaður hjá Jóni sýslumanni, heyrt sýslumann formæla þeim forna landamerkjagarði milli Naustavíkur og Kotamýra. En afstaða landamerkjagarðsins olli því að honum tókst ekki að klófesta landið út að þeim garði ásamt verstöðu Náttfaravíkur sem að fornu hafi verið lendingarstaður kotsins. Menn hafi þó fært sig upp á skaftið og í tíð forvera séra Eiríks reynt að ná landinu út í garð þennan og verstöðunni með. Hann vonaðist til þess að það yrði til þess að kotið yrði aftur fært undir Þóroddsstað en ekki sé enn komin 100 ára hefð fátækra á landinu. Ef samin yrði bænarskrá til konungs um málið þá myndi hann eflaust telja að kirknafénu hafi verið stolið handa fátækum. Hann segir ef Jón Kristjánsson verði aðstoðarprestur sinn og fái staðinn eftir sig muni faðir hans tæpast geta styrkt hann til þess að það gerðist. Fái séra Þorsteinn á Hálsi, viðtakandi bréfsins, hins vegar staðinn þá skuli hann líta á bréfið sem hugvekju skrifada í vinsemdarskyni.<sup>128</sup>

Kotamýrar ber á góma í greinargerð séra Eiríks Þorleifssonar um Náttfaravíkur, frá 11. desember 1840, og vísast því á umfjöllun í Þóroddsstaðarhlutanum í Náttfaravíknakaflanum.

Eiríkur Þorleifsson skráði í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905 að Kotamýraból væri eyðihjáleiga Þóroddsstaðar. Einnig stendur:

... Jtolurnar, sem maldagar nefna fyrir austan fliót og á Flióts Sandi millum ósanna, hafa verið endurgjalds Jtölur eptir ingeingnum Samningum, [úti á blaðjaðri er bætt við: n. b. og sennilega vísað niður en þar er skert og verður fyrsta orðið alls ekki lesið með vissu: fyrir? fiár rekstr í vykna afrétt fyrir Kotamýra landi og fleira] og þær allar hafa við komandi Staðir fyrir laungu síðan undir sig tekið, og þar með þeim Skiptum siálfir svo uppsagt at þeir framur ekki hafa rétt til, eptir nokkru í landi at lýsa hiá þessum Stað í Máldaga skini. ...<sup>129</sup>

Kotamýrar (Kotamýri) teljast tilheyra fátækum í Helgastaðahreppi, gefnar af Jóni Benediktssyni heitnum sýslumanni, samkvæmt jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að jörðin sé sögð 10 hundruð og að þar fôðrist sex sauðir. Árstekjur af

<sup>128</sup> Skjal nr. 2 (111) a-b. Jón Kristjánsson varð aðstoðarprestur á Þóroddsstað 17. júlí 1836 og fékk staðinn eftir séra Eirík Þorleifsson, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófesta*, bls. 299. Faðir séra Jóns Kristjánssonar var Kristján Jónsson dannebrogsmaður og umboðsmaður á Illugastöðum, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár* III, bls. 212-213.

<sup>129</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

afréttarleigu eru einn ríkisdalur. Í jarðamatinu er einnig minnst á að skriður skemmi úthaga.<sup>130</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Kotamýrar:

Kotamýrar kristsfjórð talin 10 hndr. að dýrleika. ... Eingi nokkuð að víðáttu, bæði þurru og votu, fremur reitingslegt, sæmilega heygott. Landrými sæmilegt; gjeldfjárupprekstur til hagræðis; allgóð málnytta ... Þræta er hjer á landshluta nokkrum milli Bjarga, um hvað seinna verður gjetid. ...<sup>131</sup>

Einnig er minnst á að

Þrætulandið milli Kotamýra og Bjarga liggur vestan við sokallaðan bakránga; og álytst nægur afrjettur handa 100 lömbum.<sup>132</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnst þinglesin landamerki eyðijarðarinnar Kotamýrar. Eftirfarandi upplýsingar um Kotamýri eru einnig fengnar úr matinu:

Jörð þessi, sem hefir verið í eyði síðan 1909, liggur í dalverpi upp til fjalla, afar afskekkt. Engjar litlar mjög og tún fallið í órækt. Landrými nokkurt og landskostir góðir, en afar snjóþungt. Hús eru niðurfalinn og hafa eigendur leigt nytjar landsins undanfarin ár fyrir 15-20 krónur.<sup>133</sup>

Þann 23. maí 1890 var landamerkjapræta Bjarga og Kotamýra tekin fyrir í aukarétti Þingeyjarsýslu. Eftir að málsaðilar höfðu tekist nokkuð á fyrir réttinum, m.a. með vitnaleiðslum, komu þeir sér saman um að málinu skyldi frestað meðan þeir reyndu til þrautar að ná sáttum sín á milli.<sup>134</sup> Virðist það hafa tekist, því að umboðsmaður Kotamýra skrifaði undir landamerkjabréf Bjarga árið 1891.

Um Helgastaði á Kotadal segir Jón Sigurðsson í Ystafelli:

Innarlega á Kotadal, og skammt frá jökli, heita Framdalsmóar. Þar segja sagnir, að verið hafi 8 bæir og heil kirkjusókn. Ekki sést þó djarfa þar til rústa nema á einum stað, og nefnist þar Helgastaðir, og er ekki öðrum stöðum nafn gefið. Ekki eru þarna meiri rústir en svara mætti vænum heygarði. Heyja mætti þarna sem svarar 30 heyhestum.<sup>135</sup>

Eftir að byggð þeirri lauk, sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, munu Kotamýrar hafa legið í eyði til ársins 1787. Eftir það var byggðin samfelld (eða nær því) til ársins 1910. Engin byggð hefur verið þar síðan.<sup>136</sup>

Eiríkur Þorleifsson talar um Helgastaðasel, sem Kotamenn kalli nú Helgastaði, og vitnar til nokkurra nafngreindra manna í greinargerð sinni 11. desember 1840.<sup>137</sup> Sjá undirkafla um Þóroddsstað í Náttfaravíknaflaum.

<sup>130</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>131</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>132</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>133</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>134</sup> Skjal nr. 2 (3).

<sup>135</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 180.

<sup>136</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 179-180.

<sup>137</sup> Skjal nr. 2 (74) a-b.

Landamerkjum Kotamýra og Naustavíkur er lýst í skjali frá árinu 2007. Sjá Naustavík.

### 5.7 Náttfaravíkur (Naustavík)

Eins og sagt var í umfjöllun um landnám eru ýmsar sagnir af Náttfara í Náttfaravík í Landnámu. Bæði Sturlubók og Hauksbók segja Náttfara hafa verið með Garðari Svavarssyni í Íslandsferð hans. Í Sturlubók er þetta:

Um várit, er hann [Garðar] var búinn til hafs, sleit frá honum mann á báti, er hét Náttfari, ok þræl ok ambátt. Hann byggði þar síðan, er heitir Náttfaravík.<sup>138</sup>

Hauksbók segir Náttfara hafa komið í Náttfaravík fyrir utan Skuggabjörg þegar skipsbátur Garðars slitnaði frá skipinu. Síðar segir:

Náttfari var eptir með þræl sinn ok ambátt; því heitir þar Náttfaravík.<sup>139</sup>

Sturlubók segir síðar m.a. um landnám í Reykjadal:

Náttfari, er með Garðari hafði út farit, eignaði sér áðr Reykjadal ok hafði merkt á viðum, en Eyvindr rak hann á braut ok lét hann hafa Náttfaravík.<sup>140</sup>

Jakob Benediktsson segir þessa frásögn einnig vera í Reykdæla sögu, en þar sé stuðst við forna Landnámugerð, eldri en Sturlubók, og vísar til bókar Jóns Jóhannessonar, *Gerðir Landnámabókar*.<sup>141</sup>

Í landnámskaflanum eru einnig vangaveltur um réttindi staðanna, Helgastaða, Grenjaðarstaða og Múla í Náttfaravíkum og hugsanleg tengsl þeirra við landnámsmenn.

Elsta heimild, sem fundist hefur um Náttfaravíkur í Íslenzku fornbréfasafni, er í skrá um landamerki Haftralækjar, Garðs, Skriðu og ýmissa fleiri jarða í Þingeyjarsýslu sem talin er frá því um 1263. Þar segir að Garður í Aðaldal eigi:

... gelldfiar Rextur i kalfagrufur j vikur sem þarf ...<sup>142</sup>

Ekki verður séð að minnst sé á þennan rétt í beinum tengslum við Garð annars staðar, enda hefur ekki verið leitað sérstaklega að skjölum varðandi Garð. Hins vegar vikur Eiríkur Þorleifsson að þessu á nokkrum stöðum í skrifum sínum, sem oft verður vitnað til hér á eftir.

Allnokkrir kirkjustaðir áttu réttindi í Náttfaravíkum, Grenjaðarstaður í Aðaldal og Helgastaðir í Reykjadal áttu þar „afrétt“ og Grenjaðarstaður önnur ítök að auki, Múli í Aðaldal átti þar „rekstur gömlu fé“, Þóroddsstaður átti þar, samkvæmt

<sup>138</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 36.

<sup>139</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 35.

<sup>140</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 276.

<sup>141</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 277.

<sup>142</sup> Skjal nr. 2 (301). Í öðru handriti stendur: „Kálfagrafer“.

máldögum, reka og gerði að auki kröfur um eignarhald á Náttfaravíkum, sem virðist hafa verið viðurkennt a.m.k. að nokkru leyti, Háls- og Ljósavatnskirkjur áttu þar rekaítök svo og Munkaþverárklaustur og Ljósavatnskirkja „geldfjárrekstur“ að auki. Bera máldagar Auðunar rauða Þorbergssonar Hólabiskups frá árinu 1318 vitni um réttindi allra þessara kirkna. Sömuleiðis er getið um þau í máldögum Péturs Nikulássonar biskups frá 1394 og máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar 1461-1510, nema reki Ljósavatnskirkju er ekki nefndur í Pétursmáldögum og Ljósavatn er ekki í máldagabók Ólafs, en hins vegar er þar talað um Ljósvetningareka sem Hálsmenn eigi í.

Til þess að fá sem gleggsta yfirsýn yfir þessi ítök og réttindi einstakra staða hefur verið brugðið á það ráð að fjalla um hvern kirkjustað fyrir sig og síðan þær jarðir sem byggðust í Náttfaravíkum, Kotamýrar, Naustavík og Vargsnes, en alltaf verður einhver skörun þar á milli.

Um rekaréttindi í Náttfaravíkum er þess að geta að Hálskirkja átti reka milli Hvanndala og Svínár (síðar Purkár), Munkaþverárklaustur reka frá Ófeigshelli til Svínár og frá Ófeigshelli til Mjósýndis og í skjölum Þóroddsstaðar er líka talað um reka út frá Ófeigshelli til Mjósýndis. Mjósýndi var samkvæmt uppskriftum Skúla Tómassonar og Eiríks Þorleifssonar af skýrslu um eignir Þóroddsstaðar frá 1599 hið sama og Dalsárós. Í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar er talað um Eyrarreka sem hluta af Náttfaravíknarekum.

Oft kom upp ágreiningur um réttindi í Náttfaravíkum og tengdust þau fyrst og fremst Þóroddsstað en prestar þar töldu Náttfaravíkur heimaland Þóroddsstaðar. Mest er til af skjölum og skjalauppskriftum frá dögum Eiríks Þorleifssonar, sem hélt Þóroddsstað 1827-1843, en hann var prestssonur frá Þóroddsstað.<sup>143</sup> Þorleifur Sæmundsson, faðir Eiríks, var aðstoðarprestur og síðar prestur á Þóroddsstað 1774-1808<sup>144</sup> og Sæmundur Jónsson, afi Eiríks, var þar prestur 1747-1784.<sup>145</sup> Átti Eiríkur í ýmsum deilum, svo sem við Múlaprest vegna landamerkja Múlarjarðanna Syðri-Leikskálaár og Geirbjarnarstaða og við Hálsprest vegna ítaka Hálskirkju. Einnig vildi Eiríkur meina að Kotamýrar tilheyrðu í rauninni Þóroddsstað. Skrifaði hann allmikið um þessi mál, sem tekið verður upp hér á eftir í undirkafla um Þóroddsstað og köflum um Kotamýrar og Vargsnes. Er þar þó um ýmsa skörun að ræða.

Til er vitnisburður og staðfesting Ólafs biskups Hjaltasonar á ítakarétti Granastaða í Hólastaðarjörð, 2. september 1561, 29. júlí 1597. Ólafur segir að hann hafi 8. maí 1561 séð nær 114 ára gamalt bréf með heilum og ósködduðum innsiglium og þar hafi m.a. komið fram:

<sup>143</sup> Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 427.

<sup>144</sup> Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* V, bls. 187.

<sup>145</sup> Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 383-384.

ad jordin Granastader ætti afrett j Nat[t]faravikur aullum gelldfenadi. þar j mot skylldu Granastadamenn halda vpp rettum gomlvn sem retta skylldi fie a haustin.<sup>146</sup>

Ekki hafa komið fram frekari upplýsingar um þetta ítak Granastaða í Náttfaravíkum.

Árið 1580 var dæmt um réttindi Helgastaða í Náttfaravíkum. Er um það fjallað í undirkafla um Þóroddsstað hér á eftir. Þar er einnig dómur um réttindi Grenjaðarstaðar árið 1597 og sömuleiðis álit Guðbrands biskups Þorlákssonar vegna réttinda Grenjaðarstaðar og Þóroddsstaðar í Náttfaravíkum 1613, þar sem hann segist ekki kunna betur að skilja en kirkja á Stað eigi land og reka fyrir Náttfaravíkum hátt og lágt og Náttfaravíkur sé honum sagðar að kallist land allt milli Ófeigshellis og lækjar þess, sem kallist Svínalækur ef hann minni rétt.

Til eru tvær efnislega samhljóða skýrslur um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá árinu 1599, þar sem segir að Þóroddsstaðar heimalandi fylgi frá aldaöðli allur miðhluti Náttfaravíkna með öllum landsleigugögnum og gæðum til fjalls og fjöru milli Svínar og Ófeigshellis. Um þær er fjallað í undirkaflanum um Þóroddsstað hér á eftir.

Á Helgastaðþingi árið 1639 báðu Jón Gissurarson, prófastur í Múla, og séra Guðmundur Bjarnason á Grenjaðarstað um að dæmt yrði um hvort þeir mættu ekki halda þeim rekum, afréttum og ítökum sem væru eign kirkna þeirra samkvæmt máldögum. Dómur var ekki kveðinn strax upp í málinu, því talið var að fleiri þyrftu að vera viðstaddir, en stuttu eftir að beiðni Jóns og Guðmundar kom fram sendu Þorbergur Hrólfsson og Hrólfur Sigurðarson frá sér tilkynningu þar sem fram kom að þeim þætti þetta réttlát krafa.<sup>147</sup> Má líta til þessa með tilliti til þess að kirkjurnar í Múla og Grenjaðarstað áttu ítök í Náttfaravíkum.

Ljóst er að byggð hefur verið í Náttfaravíkum fyrir 1670 að óvilja Helgastaðaprests, sbr. lögfestu hans árið 1669.<sup>148</sup> Sjá undirkaflann um Helgastaði hér á eftir.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 stendur eftirfarandi:

Náttfara Vijkur, kallast almennilega Vijkur, heitir eitt landspláss eður aftrjettarland út frá Björgum og þeirrar jarðar landi millum Svínar og Ófeigshellirs.

Eigandi þessa lands Staður í Kinn, fyrir utan það sem aðrir staðir eiga hingað ítök í þennan aftrjett.

Rekavon er í betra lagi fyrir þessum aftrjett, en hepnast misjafnt, því festifjara er lítil, og á Múnkaþverár klaustur og Grenjaðarstaður ítök í þessum reka eftir máldögum.

...

<sup>146</sup> Skjal nr. 2 (228).

<sup>147</sup> Skjal nr. 2 (250) a-b.

<sup>148</sup> Skjal nr. 2 (118) a-b.



Upprekstur hefur ekki brúkast í þennan afrjett í lánga tíma, nema einstöku sinnum af Staðarkirkju sóknarmönnum eður fáeinum austan yfir fljótið, og var þá afrjettartollur lítill og óákveðinn.

Naustavíkj heitir eyðikot í þessum afrjett, byggt fyrir manna minni, en hefur nú í eyði legið næstu 5 ár.

Dýrleikinn óviss, því kotið tíundaðist ekki.

Eigandinn beneficium Staður í Kinn ut supra.

Landskuld var hæðst 1x álnir, oftast minni, xl álnir og stundum xxx álnir. Betalaðist í landaurum heim til staðarins.

Að auk áðursagðrar landskuldar galt ábúandi, þegar að hann hafði nokkurn pening töluverðan, til Grenjaðarstaðar xl álnir og til Múla xxx álnir fyrir beit í afrjettinum, því staðirnir eiga hingað geldfjár upprekstur, en ekki vita menn hvörsu lengi þetta gjald stóð.

...

Verstöður hafa verið þrjár, ein hjer í heimalendingunni, önnur í Skálavík þar út frá, þriðja í Rauðuvík þar fyrir utan ...

Vertollur var lóðarfiskur ... og tók staðarhaldarinn helmíng þessra lóðarfiska, en annan helmíng presturinn á Grenjaðarstað, sem til hans kallaði sinnar kirkju vegna. Að fornu er sagt að Staðarprestur hafi notið þeirra allra, og hafi þá skipin gengið færri.

...

Aftur má byggja, þó heyskapur sje lítill, vildu staðarhaldararnir að Múla og Grenjaðarstað það samþykkja, en þeir ömuðust heldur við þessari byggð, og þótti hún ekki vera að lögum í afrjettinum.<sup>149</sup>

Naustavík er meðal hjáleigna Þóroddsstaðar samkvæmt jarðamatinu 1804. Þar má hafa þrjá veturgamla sauði. Einnig kemur fram í matinu að jörðin hefur nokkrar tekjur af sjávarfangi, þ.e. selveiði sem gefur 8 kúta lýsis og þorskveiði á sumrin, en hún er ætluð 2 vættir í hlut.<sup>150</sup>

Við afhendingu Þóroddsstaðar árið 1809 var eftirfarandi skráð:

Undir þetta Beneficium liggja Híáleigurnar Ofeigstadir med 1u Kúgilde og 80u ál. Landskuld og Torfunes dto med 1u Kúgilde, og 50 al. Landsk. samt Náttfaravýk med 60 ál. Landsk. og engu Kugýlde.<sup>151</sup>

Þorvaldur Magnússon bréfaði vitnisburð um landeign Naustavíkur, kirkjujarðar Þóroddsstaðarkirkju, að Kaldbak 21. apríl 1822. Þar segir hann að Naustavík hafi notað:

<sup>149</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 109-110.

<sup>150</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>151</sup> Skjal nr. 2 (176) a-b.

... áfrju laust allt land fyrir Nordan læk þann er Nattfara lækur Var Kalladur í þaug 40 ár er eg til þess visse, enn þó á Seinustu árum er eg þar Var, brúkade Kotamýra ábúande lytinn Part fyrir Nordann Nefndann læk, lyklega með leife Stadar prests ...<sup>152</sup>

Þorsteinn Bergþórsson vottar 12. maí 1822 á Granastöðum að vitnisburður Þorvalds sé sannur og órækur að svo miklu leyti sem hann þekki til en hann hafði verið 22 ár í Naustavík. Loks var það vitnisburður Sigurðar Þorsteinssonar á Kotamýrum sem einnig var bréfaður 12. maí 1822. Þar segir hann að ofangreindir vitnisburðir séu sannir og að í þau rúmu 20 ár, sem hann hafi verið á Kotamýrum, hafi hann aldrei slegið ofangreindan landskækil, sem sé bæði vesæll og afraksturslítill, án leyfis Þóroddsstaðarprests sem hafi leigt honum hann fyrir bón fyrrverandi húsbónda síns, Gísla heitins Jónssonar klausturhaldara.<sup>153</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur:

Naustavík með Vargsnesi ómetin. ... Eingi lítið og reitingslegt fremur ógrasgjefið, en allvel heygott, vegna afstöðu þess verður aðflutningur heis örðugur. Landrými allmikið og gott bæði til þrifa og málnytu. Frián upprekstur fyrir eigin skjepnur. Vargness tún er lítið, sljett, fremur ógrasgjefið, en líklegt til ræktunar; fôðrar ½ kú; að öðruleiti er lýsingin á eingi og úthaga hin sama og á Naustavík. ...<sup>154</sup>

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 er hreppstjóri Ljósavatnshrepps umsjónarmaður kirkjujarðarinnar Naustavíkur. Þinglesin landamerki finnast ekki, en land óskipt við Vargsnes, að öðru en túni og engjum. Eftirfarandi upplýsingar um Naustavík eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar: Þó heyskapur líka sóttur í fjarlægð, til fjalls, reitingslegur.

Búfjárhagar: Land víðlent og kjarngott. Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Heimaland notað til upprekstrar, eptir sveitarsamþykkt.<sup>155</sup>

Nöfn ábúenda í Naustavík eru þekkt, frá því um móðuharðindi og til ársins 1938, þegar jörðin fór í eyði. Raunar var þar búið fardagaárið 1940-1941, en ekki lengur.<sup>156</sup>

Virðing á kirkjujörðinni Naustavík ásamt eyðibýlinu Vargsnesi var framkvæmd 3. júlí 1918 vegna áformaðrar sölu. Virðingarmennirnir segja að tún jarðarinnar sé ekki véltækt sökum þess að það liggi í allmiklum halla og sé mjög grýtt. Ekki er mögulegt að stækka túnið því að sunnanverðu eru gil og grjótskriður, að ofan stórgrýttir hávaðar til fjalls, að norðan mýrlendi og að neðan sjór. Engjarnar eru að mestu hallfleyttar, blautar mýrar og hálfdeigjur í einu lagi norður frá túninu og eru

<sup>152</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>153</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>154</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>155</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>156</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 178-179.

þær óaðgengilegar heyrinnu vélum vegna þess hversu illfært þar er og sökum halla landsins auk þess sem hætt er við grjóthruni úr snarbröttum fjallakömbum og urðarskriðum. Auk aðalengisins í „Víkinni“ sjálfri eru slægjur nokkrar utar og ofar í fjallinu. Gripahagar eru fremur litlir og lélegir í giljum og hvilftum milli Naustavíkur og eyðibýlisins Kotamýra. Vetrararbeit er sögð stopul eftir komu fyrstu haustsnjóa. Nokkra útbeit mætti þó hafa ef beitarhús væru höfð í fjallinu þar sem þau voru til skamms tíma. En þaðan mætti ná til þess hluta landsins sem er hvað jarðsælastur en ekki hægt að nota að heiman vegna langræðis og bratta. Mór, sem ávallt var tekinn upp í fjallinu, er nú genginn til þurrðar. Fremur lélegur mór hefur hins vegar fundist milli Naustavíkur og Kotamýra og er hann tekinn árlega. Eyðibýlið Vargsnes var í byggð á árunum 1843-1904. Það var ysti bær í Náttfaravíkum og telst hjáleiga frá Naustavík án sérstaks dýrleika en land er óskipt milli jarðanna nema tún og engjar. Þess er getið að ábúandi Naustavíkur hafi haft Vargsnes á leigu undanfarin ár og noti hann túnblett og engjareitur til upprekstrar fyrir sjálfan sig og leigi þar að auki hreppsbum „afreitarland“.<sup>157</sup>

„Kirkjujörðin“ Naustavík með Vargsnesi, 23,5 hndr. með húsum og öllum gögnum og gæðum, var seld af ráðherra 10. maí 1922.<sup>158</sup> Bjargabóndi eignaðist jarðirnar í makaskiptum árið 1954 og var þá gerður samningur til 80 ára um leigu á upprekstri í landið til bænda á Granastöðum I og II, Ártúni og Nípá.<sup>159</sup>

Landi í Naustavík lýsir Jón Sigurðsson í Ystafelli svo:

Landið er vítt og vel gróið til fjallsins, engjar allmiklar, hagar góðir og fjörubeit, og landkjarni mikill. ... Í skjölum frá 15. og 16. öld sést, að Naustavík hefur þá öðruhvori verið í eyði. En rústir fjögurra eyðibýla, rétt í kringum túnið, sýna, að hér hefur einhvern tíma verið höfuðból með fjórum hjáleigum. Rústirnar líta út sem samaldra og eru mjög fornlegar, með aðgreindum girtum tünnum. Einnig sjást þar sérstakar girðingar, aðgreindar frá eyðibýlarústunum, sem sennilega gætu verið akurgerði.<sup>160</sup>

Árið 2007, 13. mars, voru skráð landamerki Naustavíkur/Vargsness og Kotamýra. Stóðu að því fulltrúar eigenda Naustavíkur/Vargsness og bræður tveir, Sigtryggur (f. 1924) og Sigurjón (f. 1928) Kristjánssynir, fæddir í Naustavík og uppaldir þar til ársins 1938:

Heimildum Nau<s>avíkurbræðra ber fyllilega saman við alkunn merki [yfyrstrikað: merki] Naustavíkur/Vargsness lands að norðan, enda voru það hreppamörk, eða nánar Haugsker í sjó, þaðan í Ófeigshelli í Haugshorni og eftir Haugsgili til hábungu Hágangna. Ber þessu saman við landamerkjabréf Knarrareyra<r>, þó þar sé knappar lýst og notað örnefnið Rauðhola í stað Ófeigshellis.

<sup>157</sup> Skjal nr. 2 (276).

<sup>158</sup> Skjöl nr. 2 (276) og nr. 13 (5).

<sup>159</sup> Skjöl nr. 9 (5-6).

<sup>160</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 177-178.

Ágreiningslaus er<u> merki þessara jarða að vestan, þ.e. á hæðstu grjótum sem skilja að Náttfaravíkur og Flateyjardal.

Landamerki milli Naustavíkur/Vargsness og Kotamýra, fylgja Náttfaralæk frá sjó upp að götum, nú vegi og þaðan beina línu syðst í Nónfjall og þaðan norður og upp á hrygg sunnan dalverpis upp úr Naustavík og eftir háhryggnum uppeftir svo langt sem nær og síðan beina stefnu í hyrnu sem skilur að Naustavíkur- og Kotabotna og þaðan í hágrjót. Sjá uppdrátt á bakhlið.

Bræður mundu ótrúlega glöggð öll kennileiti í Náttfaravíkum og studdu mjög vel fyrrgreind landamerki með kunnnum örnefnum.<sup>161</sup>

### 5.7.1 Þóroddsstaður

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar Hólabiskups árið 1318 segir að Þóroddsstaðarkirkja eigi reka:

j vijk wt þridiungur af Toltfengi alls huals. sijdann skal þridiungur alls huals til þessara kyrkiu. Aull trie skemre enn. xx. feta. Tueir hlutir hins stærra vidar ...<sup>162</sup>

Máldagi Péturs Nikulássonar frá 1394 segir Þóroddsstaðarkirkju eiga:

Reki j vijk vt. þridiungur af toltfengi alls huals til þessar kyrkiu. aull trie skemri enn. xx. feta. Tueyr hluter hins stærra vidar vt fra Ofeygshelli til miosyndis halfur attungur hualreka og vidar j flutningu millum Osahals. halfur attungur huals og vidar huort sem er fluttur eda rekinn.<sup>163</sup>

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá árunum 1461-1510 er að mestu samhljóða:

Reki j vik vt þridiungr af toltfengi allz huals. sidan skal þridivngr allz huals til þessar kirkiu. aull tre skemre en. xx. feta tueir hluter hins stærra vidar. vt fra ofeigshelli til miosyndis halfr attungur hualreka oc vidar ok j flutningum.<sup>164</sup>

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

Kyrkia a Stad I Kinn

Hun a allt heima land, ... Reki I vük vt, þridiungur af toltfengi allz huals, Sýdan skal þridiungr allz huals til þessarar kirkiu, öll trie skiemri enn 20 feta tueir hlutir hinz stærra vidar, vt fra ofeigs helli, til miosyndis, haalfur aattungur hualreka og vidar, og I flutningum, millum ösa, haalfur flutningur huals og vidar, huort sem er fluttur eda rekinn, vestur fraa Biarnar aa til Sennungar vükur, haalfur aattungur hualz og vidar, huort sem er fluttur eda Rekinn, torf

<sup>161</sup> Skjal nr. 12 (2).

<sup>162</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>163</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>164</sup> Skjal nr. 2 (201).

skurdur I Bergstada landj 4 tolf fedmingar, vidum I Stadarholtt Anno christi 1471: ...<sup>165</sup>

Skoðunargerð á Staðarkirkju 26. febrúar 1686 sem er í vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, er þessu samhljóða, hvað rekaréttindin varðar.<sup>166</sup>

Vísitasía Jóns biskups Vigfússonar á Stað í Kinn 11. ágúst 1687 er ekki alveg samhljóða:

Enn Maldaga Book Su Sem fir [Strikað yfir, af] er anefnd I þessare visitatiu og herra Thorlakur er fyrerskrifadur helldur ad til þessarar kyrkiu Liggie heimaland, ... reki I Vijkum Vt, af oskiptum hual toltfungur alls hvals, Sijdann Skal Þridiungur alls huals til þeirrar kyrkiu leggiast, Trie tuttuğu feta, og þadann af Skiemra, Tueir hluter hins Stærra Vidar, Vt fra ofeigs Heller til miósindis, halfur attungur hualreka, Vida og flutninga, millum ósa. Enn halfur attungur huals og vidar huort sem er fluttur eda rekenn, Vestur fra Biarnaraa til Semmingar Vijkur halfur áttungur huals og Vida, Huort sem er fluttur eda rekenn. ... Hier ad auke frammlagde nu presturenn Sr Jón Þorgrijms Son, dóm Sal. Herra Gudbrands med 3 hangandj Insiglum Vidvijkandi Gagnsmunum af NáttfaraVijkum. ...<sup>167</sup>

Árið 1597 var á prestastefnu á Helgastöðum í Reykjadal dæmt að Grenjadarstaðarkirkja ætti auk annarra ítaka, sem stæðu í máldögum, eftirfarandi ítölu í Náttfaravíkum: Hálftr fiskiver, þ.e. hálftr lóðarfiska og lóðarlykkjur af hákarlsafla og viðun að helmingi eða eldiviðartak, skálastöðu og skips, sem að fornu verið hafði, allt til móts við Staðarkirkju í Kinn. Bar Grenjadarstaðarprestur fyrir sig meira en 200 ára gamlan máldaga, gamalla manna vitnisburði og langt hefðarhald forvera sinna. Dómur þessi var staðfestur af Guðbrandi biskupi Þorlákssyni og fimm mönnum öðrum 17. febrúar 1601.<sup>168</sup> Guðbrandur átti eftir að komast að á aðra skoðun árið 1613, sjá hér síðar.

Í Þóroddsstaðarskjölum er skýrsla um eignir Þóroddsstaðarkirkju 1599 í uppskrift séra Eiríks Þorleifssonar með athugasemdum hans:

... Þoroddstadar heimalande fylger og svo frá alldaödle allur midhlute Náttfaravíkna med öllum Landsleigu gögnumm og giædumm til Fjalls og Fjörü mille Svínár og Ófeigshellirs ... Reke í víkumm mille Svínár-óss og Ofeigs Hellirs, á þar Grenjadarstadur 3, Múkaþvera 4, enn Þóroddstadur 5 tólftru parta alls Hvals ítölulausa, þar á Þverár klaustur þridjung Stórvida, þeirra trjáa sem meire eru enn 10 álna, enn Þóroddstadur á þar öll 10. álna tré og þadann af Smærre tiltölulaus annarstadar ad og óskérdda 2/3 parta allra stórvida út frá Ófeigs Hellir til Mjósyndis edur dalsáróss, allur 16de partur Hvalreka og vidar, og flutninga, Mille Miósyndis og Bjarnarárósa sömuleidis

<sup>165</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.

<sup>166</sup> Skjal nr. 2 (140) a-b.

<sup>167</sup> Skjal nr. 2 (147) a-b.

<sup>168</sup> Skjal 2 (303).

allur 16 partur Hvals og vida, hvört sem er fluttur eda rekenn, og enn nú hálfur áttunde þad er allur hinn 16de partur hvals og vida hvort sem er rekinn eda fluttur vestur frá Bjarnara til Senníngar – edur Deilu-víkur, allt í Hafra giá vestur, liggur vík sú, epter Gritubakka kyrkju Máldaga, frá austannverdu urdarness hornu út frá Kadalstódum í Hvalvatnsfyrde til forvada vestan við Hafragiá, sem er takmark midle Kadalstada og Víkur-reka á Flateyardal.<sup>169</sup>

Ennfremur segir að fyrir viðun í Staðarholti í Garðslandi fái Garður geldingarekstur í Kálfagrafir í vikum út. Þeir votta ennfremur að póstur, sem tekinn er úr úrskurði Jóhanns Péturssonar Klein landfógeta og Gísla Þorlákssonar biskups um Náttfaravíkur á Alþingi 1673 og fylgir með, sé réttilega afritaður.

Samhljóða skýrsla yfir eignir Þóroddsstaðar er varðveitt í afriti séra Skúla Tómassonar af uppskrift dags 21. mars 1831 og staðfestri af E(íríki) Þorleifssyni, Pétri Jónssyni og Sigurði Benediktssyni hreppstjóra. Hún ber með sér að hafa verið send biskupi 10. febrúar 1843.<sup>170</sup> Neðan við þá skýrslu er tilfærður póstur úr úrskurði Jóhanns Péturssonar Klein og Gísla biskups Þorlákssonar á Alþingi 1673 vegna klögunar séra Odds Bjarnasonar á Þóroddsstað. Í annarri grein úrskurðar síns komust þeir að þeirri niðurstöðu eftir auglýstum skjölum að „afrétt“ Þóroddsstaðarkirkju í Náttfaravíkum væri allt land til fjalls og fjöru milli Svínár og Ófeigshellis.

(Samkvæmt sóknarlýsingu Þóroddsstaða- og Ljósavatnssókna árið 1840 er Ófeigshellir undir Hágöngum.<sup>171</sup> Einnig er rétt að vekja eftirtekt á því, að Mjósyndi, sem talað er um í máldögum, er sagt vera Dalsárós á Flateyardal í áður nefndri skýrslu frá árinu 1599).

Í bréfabók Jóns Gissurarsonar virðast á einni síðu taldir upp allmargir ákæruliðir varðandi Seljadal og Víkur (Náttfaravíkur) með meiru, ásett af Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði um 1633. Ekkert kemur þar fram hver hinn ákærði sé, en ætla má að um prest á Þóroddsstað sé að ræða, og þá væntanlega Illuga Helgason. Ákæruliðirnir varðandi Náttfaravíkur eru:

...

3. Hann first hefur leýftt og tollad vókr so örtröd hefur ordid ad og p(en)ingar þar f(yrir) hollda þarfnest
- 4 Hann þ(ad) afrettar land Nu að bygd giorer og giort her j 3 edur 4 Aa[r] [Síðan kemur texti sem strikað hefur verið yfir og því ekki skrifaður upp]
- 5 Hann Nu f(yrir) býður þ(ar) itölu mönnum sýna peninga þangad láta etc.
- 6 Hans formælings og okiennemannsslig O edla j brefum
- 8 Hann bydr insetia afréttar pening etc.!
- 9 Þar ma eý bygd vera þvi þær saler setiast sudur j hejdur þ(ad)ann

<sup>169</sup> Skjal nr. 2 (76) a-b. Sbr. skjal nr. 2 (178) a-b, gamla máldagaskýrslu skrifaða 1599 af séra Ólafi Tómassyni og séra Gamaliel Ólafssyni.

<sup>170</sup> Skjal nr. 2 (90) a-b.

<sup>171</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 83.

10 verður ey þ(ess) vitijad þar mega lyk rotna ografinn<sup>172</sup>

Árið 1640 lofaði séra Illugi Helgason á Þóroddsstað að hætta allri byggingu í Náttfaravíkum svo lengi sem hann héldi staðinn. Þetta gerði hann eftir boði og áminningu Þorláks biskups Skúlasonar til þess að jafna ágreining sem staðið hafði þar um. Hann lofaði séra Jóni Gissurarsyni í Múla að halda þetta loforð að því tilskildu að hann leyfði þeim, sem séra Illugi hafði byggt þar, að vera þar áfram til næstu fardaga og lofuðu að ónáða ekki „afréttarmanninn“. Þorbergur Hrólfsson og Hrólfur Sigurðsson sýslumenn í Þingeyjarsýslu votta að séra Jón í Múla hafi óskað álits þeirra um þessa skuldbindingu séra Illuga, hvort lög og réttur skylduðu hann til þess að halda hana og aftaka alla byggð í Náttfaravíkum, „afrétt“ kirknanna. Sýslumennirnir upplýsa að séra Jón hefði áður klagad þetta mál fyrir þeim og að þeir geti ekki annað ályktað eftir lög málinu en að séra Illugi sé skyldugur að láta af þeim nýjungum og bólfestu í fyrrnefndum Náttfaravíkum. Vottorð þeirra er skrifað á Helgastaðarþingstað 13. ágúst 1640. Skjalið er svohljóðandi:

Mekienne Eg Sr. Jlluge Helga Son, ad eg aldeilis lofa, ad Afsla fullkom lega allre biggýngu af náttfaravýk, hiedan J fra, og So leinge Sem effter þetta verd rädande, Ad hafa þennann Stad J Kinn, So þar giörest ey Þrætu Efne Af framar meyr, helldur Eflest fridseme, Effter Bode og Aminnýngu Biskupsinz Herra Thorlákz Skula Sonar. Þessu lofa Eg Prestenum Sr. Jone Gýssurssýne, uppa tru og æru ad hallda, og tilskil hann leife minna vegna þeim sem þar nu Eru, ad þeir meige þar vid hýrast, til næstu fardaga Af homum ohindrader, og lofa Eg fyrrer þa um þennann týma af fyrerbioda þeim, ad göra afriettar manne nockurn бага. ...

Med kiennem vid Þorbergur Hrolfz Son og Hrolfur Sigurdz Son, ad Sr. Jon GissurSon hefur b[e]dest Alitz um þessa forplictan Sr. Jlluga Sem hier fyrrer ofan skrifud stendur, hvort ad lög og riettur skillda hann til hana ad hallda, og bigd aldeiliz af ad taka J þessum náttfaravýkum, Kirknanna Afriett, hvar um Sr. Jon hefur og eýrnenn fyrrer, firer ockur klagad. Kunnum vid eckj effter lögmälenu annad ad alichta, Enn Sr. Jlluge skilldest til, ad läta af þeim nýjungum, og ból festu J fyrrnefndum výkum, og hafa riettelega hloted, J Sinne for plichtan lögmälenu ad hlýða. výkiande eýrnenn þessare ockar alicktan til lögmansinz herra Magnusar Biörnssonar.<sup>173</sup>

Skúli Þorláksson prestur á Grenjaðarstað kom fyrir prestastefnu á Helgastöðum 12. september 1660 og kærði hálfá lóðarfiska og skálastöðu í Náttfaravíkum sem honum þótti tilheyra Grenjaðarstað eftir máldaga kirkjunnar og dómi Guðbrands biskups frá 1601. Hann lét einnig lesa upp bréf séra Bjarna Gamlasonar þar sem hann eignar kirkju á Grenjaðarstað þessa hálfá lóðarfiska í Náttfaravíkum. Gunnlaugur Jónsson prestur á Þóroddsstað lagði ekki fram nein skjöl kirkju sinnar sem kynni að hrinda skjölum Grenjaðarstaðarkirkju þrátt fyrir kröfu

<sup>172</sup> Skjal nr. 2 (249) a-b.

<sup>173</sup> Skjal nr. 2 (116).

biskups þar að lútandi. Því var dæmt að séra Skúli mætti í krafti skjala kirkju sinnar taka að sér hálfu lóðarfiska og skálastöðu í Náttfaravíkum til móts við kirkjuna á Þóroddsstað.<sup>174</sup>

Gísli biskup Þorláksson skipaði, 15. ágúst 1665, Grenjaðarstaðakirkju hálfu lóðarfiska til móts við kirkjuna á Þóroddsstað þangað til að annað kæmi í ljós. Skipun sína byggði hann á dómi Guðbrands biskups Þorlákssonar frá 1601 og eigin álitum þar á byggðu frá 12. september 1660. Fram kemur ef Þóroddsstaðarprestur neiti að hlýða skipuninni þá skuli hann sektast eftir lögum.<sup>175</sup>

Þóroddsstaður var vísiteraður af prófasti 7. október 1705. Í vísitasíunni stendur:

5° Effterspurde Prófasturenn vmm Kirkiunnar Stól, og framm lagde Heidurlegur Sr. Jón Thorgrýmsson 1) Dóm Her. Gudbrands vmm Náttfaravýkur Med þremur innsiglumm. 2) Vitnesburd Gunnsteins Stullasonar vmm lóðarfiska J Náttfaravýkumm med tueymur Jnnsiglum 3) Vitnesburd Olafs prests Thomassonar med einu innsigle 4) Vitnesburd Einars Runólfs Sonar med einu Jnnsigle, alla Viduýkiannde Náttfaravýkumm, A pergamennt 5° Kirkiunnar Máldaga A pergamennt Rotenn med einu Jnnsigle 6) Copiu Af Máldagabók Thorláks Biskups Vnnderskrifada, Vmm landeygn kirkiunnar, Reka og Skóg. 7) VppSkrift Kirkiunnar og Stadarenn, giorda af Sal. Prófastenumm Sr. Skula Thorlákssine Anno 1677 11 Julij. 8) frammvísade Heidurlegur Sr. Jón Thorgrýmsson vppskrifud bref og Skilrýke Stadarkirkiu af Sr. Jlluga Helgasine, enn Vnnderskriffud af tueymur Mönnum. Sturla Arnasine, og halldore Torfasine, og tíær Sig ecke kunna ad giöra Meyre Skil A Kirkiustólnum.<sup>176</sup>

Minnst er á í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi, er ná yfir tímabilið febrúar 1723–febrúar 1724, að Þóroddsstaðarprestur segist gera reikning fyrir lóðargjaldi af Náttfaravíkum 5 álnir.<sup>177</sup>

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir um Þóroddsstað í Kinn:

Prestagardurenn hefur Sæmeliga heibiörg, ... land nóg umm Sumur, og góða haga gagnligann Reka Nockud fiarlægann, Skóg gagnlýtenn, Afriett j Náttfara Vjkumm, fiskatoll ad helminge þar af 3ur Skipum.<sup>178</sup>

Aðspurðir m.a. um vogrek svöruðu þingmenn, á manntalsþingi á Ljósavatni 18. júní 1738, því til að vogrek hefði borið upp á kirkjureka Þóroddsstaðar í Náttfaravíkum árið áður.<sup>179</sup> Á sama manntalsþingi gáfu íbúar Ljósavatnshrepps

<sup>174</sup> Skjal nr. 2 (292). Bjarni Gamalielsson hélt Grenjaðarstað 1595-1635, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 304.

<sup>175</sup> Skjal nr. 2 (293).

<sup>176</sup> Skjal nr. 2 (237) a-b.

<sup>177</sup> Skjal nr. 2 (244) a-b.

<sup>178</sup> Skjal nr. 2 (242) a-b.

<sup>179</sup> Skjal nr. 2 (262) a-b.



vitnisburð sinn um ærlega umgengni Þórðar Jónssonar á Litlulaugum bæði í uppvexti hans í hreppnum sem og við sjó í Náttfaravíkum.<sup>180</sup>

Úttekt var gerð á Þóroddsstað þann 23. júlí 1748. Í henni kom m.a. fram:

Epter spurde Uttektarmadurenn hvert Kyrkiunne og Beneficio filgde nokkur Skiöl og Document, og frammvísade Æru Verdigur Sr. Sæmundur Jonsson 5 Kalfskins Bref, eitt þeirra daterad 1580 med þremur Jnnsiglum ad mestu heilum, en 4um afbrotnum, sem er álit Hr. Gudbrands B(isku)ps um Eigner þessa Beneficii i Víkum ut, annad er Vitnisburdur um Máldaga utskriffit StadarKyrkiu af Hóla DómKyrkiu-Bockum under tveggia Manna Jnnsiglum, annad þeirra heillt hitt i burtu, daterad 1599. Þridia er Vitnisburdur Einars Runolfssonar med heilu Jnnsigle 1567 um lodarfiska tekiur Stadar Presta í Natffara Víkum - fiórda Vitnisburdur Gunnsteins Stullasonar og Þorgríms Þolleifssonar med 2ur heilum Jnnsiglum um Sama efne, dat. 1601. fimta er Vitnisburdur Olafs Prests Thomassonar um hid sama med heilu Jnnsigle 1604. Eirnenn frammvísadest hier á pappir umþeinking Hr. Gudbrandz um Stadar eigner i Víkum dat. 1613. med hans Eigenn underskriffit. [Síðan eru taldar visitaziur og úttekt]. Auk þessa framm koma hier Vitnesburder ymsra Manna um Máldaga og eigner Stadar Kyrkiu med gamallre hönd á Pappír í quartforme a 12 blöðum. ...<sup>181</sup>

Meðal þess sem minnst er á í eignauúttekt Þóroddsstaðarkirkju frá 1748 er:

...

Öðrum Landeignar og Reka Jtökum sem máldagenn nafngreiner be helldur Beneficium Enn Nu, Nema hvad længsam legur Ägreiningur Hefur Verid og Er enn Nu ä millum Grenjadar stadar og Þorodd stadar Presta um Lódar fiska tekiu i Natffaravýkum, ...<sup>182</sup>

Náttfaravíkur eru innifaldar í lögfestu séra Sæmundar Jónssonar fyrir löndum Þóroddsstaðarkirkju frá 6. júní 1761. Þar segir:

... So eirnenn lög feste eg Allt land i Natffara výkum til Fialls og Fiöru med öllum þeim Rekum Veideskap, Hlunnendum og giædum til lands og Siäfar sem þvj lande filger og filgt hefur, og Þorodd stadar Kýrkia er framast ad eigande ordenn frá allda ödle, og ej er med lögum frá henne geinged, ad undann teknum þeim Jtökum sem adrer menn edur Kýrkiur þar med rettu eiga.

Endelega lögfeste eg þar sama stadar allar Búder alla búdar tolla lódar fiska og lódar lickiur, Jtem Halfann ättung, Hvalreka og Vidar utfrá OfeigsHeller til miósindes, og i flutningum millum Ósa Halfann ättung Hvals og Vidar,

<sup>180</sup> Skjal nr. 2 (263) a-b.

<sup>181</sup> Skjal nr. 2 (245) a-b.

<sup>182</sup> Skjal nr. 2 (174) a-b.

Hvert sem er Fluttur edur rekenn, So og Vestur frá Biarnarä til Senningar vökur, Halfann ättung Hvals og Vidar, Hvert sem er fluttur edur rekenn ...<sup>183</sup>

Þeir séra Sæmundur Jónsson á Þóroddsstað og séra Hannes Scheving á Helgastöðum gerðu með sér samning um nýtingu „Náttfaravíkurafréttar“ 15. maí 1786. Þar segir að séra Sæmundur megi nota „afréttina“ á sama hátt og hann hafði gert fram til þessa í krafti þeirra skjala sem hann hafði í höndum. En séra Hannes skyldi hafa friland í „afréttinni“ fyrir eigin „afréttarfé“ og tveggja annarra manna í krafti máldaga Helgastaðakirkju. Samningurinn skyldi gilda jafn lengi og þeir lifðu svo lengi sem að ekkert kæmi fram sem drægi úr trúverðugleika skjala þeirra.<sup>184</sup> Hafði Hannes lögfest „afrétt“ Helgastaða í Náttfaravíkum stuttu áður (sjá kaflann um Helgastaði).

Við afhendingu Þóroddsstaðar árið 1809 eftirfarandi skráð:

Undir þetta Beneficium liggja ... Náttfaravök með 60 ál. Landsk. og engu Kugýlde.<sup>185</sup>

Tveir menn votta um vitnisburð Magnúsar Þorvaldssonar sem svarinn var á Þóroddsstað 10. maí 1821. Þar segir Magnús að frá því hann muni fyrst eftir sér, þ.e. í um 40 ár, hafi selanætur verið lagðar fyrir norðan Svíná sem sumir kalli Kotafjöru. Eigendur nóтана og þeir, sem hafi lagt þær, hafi ætíð fengið leyfi til þess hjá Þóroddsstaðarpresti og greitt honum, en ekki eiganda Kotamýra, ákveðið gjald fyrir. Þessu til frekari staðfestu greinir hann frá því að bræðurnir Sveinn og Jón á Kotamýrum lögðu eitt sinn selanætur sínar fyrir innan Svíná (sem nú er kölluð Purká) með leyfi sýslumannsins Jóns Benediktssonar á Rauðaskriðu. Næturnar sáu þeir aldrei aftur en Magnús segir að þeir hefðu aldrei ráðist í þessa framkvæmd ef sýslumaður, sem var húsbóndi þeirra, hefði haft nokkurn rétt til að leigja þeim nótlög fyrir utan umrædda á.<sup>186</sup>

Þrír menn votta að vitnisburður Magnúsar sáluga, sem var í Naustavík, áhrærandi lagningu selanóta og afgjald þar af fyrir norðan Svíná sé réttur. Mennirnir segjast hafa heyrt og vitað þetta í mörg ár, þ.e. Einar Erlendsson á Björgum í 34 ár, Jón Einarsson á sama bæ í jafn mörg ár, Jón Sturluson á Nípá í 30 ár, Þorvaldur Magnússon á Kaldbak í 40 ár, Sören Jónsson á Geirbjarnarstöðum í 35 ár og Hjalti Illugason á Granastöðum í 31 ár. Umræddur vitnisburður var bréfaður 20. desember 1820.<sup>187</sup>

Í lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar fyrir eignum og ítökum Þóroddsstaðarkirkju frá 12. maí 1828 segir um Náttfaravíkur:

<sup>183</sup> Skjal nr. 2 (72) a-b.

<sup>184</sup> Skjal nr. 2 (127) a-b.

<sup>185</sup> Skjal nr. 2 (176) a-b.

<sup>186</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>187</sup> Skjal nr. 2 (77).

... Lögfeste eg allt Land til fialls og fiöru, Med öllum Landsleigugögnum og giæðum í öllum Midparte [-a í parte, ofan línu] Náttfara víkna, nordann frá Ófeigs hellir á Haugshorni, Sudur til Svínáróss, og þaðann frá til Náttfaralækjar, sem þaðann af Rædur Landa Merkium ad Sunnan og í Nefndu takmarki. Lögfestist sofelldur Reki af óskiptum Qval 12ti partur alls Qvals, síðan skal eptir authorizerudum Máldögum þridiungur eins úrReiknadur öllum Qval ad fráteknum skurdar Manna launum, til Þóroddsstadar Kyrkiu leggiast, þegar þá Greniadarstadir skillde hafa eins úr-reiknadann fiórda part, og Múkaþverár klaustur Sömuleidis sinn Qvalreka þridiung í þessu takmarki; þá er Qvalrekanum uppskipt. af triárekanum í tiedu takmarki, Lögfestast öll trie 20u feta og þaðann af Smærre, tveir 3iu partar hins stærra Vidar, þegar fyrrnefnt klaustur á nú þridiung þeirra stórvida, sem Meira eru enn 10u alna, þá er og Uppskipt triárekanum, Út frá Ófeigshellir til Miósundis edur Nausta Óss hiá Eiri á Flateiárdal. Lögfestest hálfur 8de það er 16de partur Qvalreka, Vida og flutninga, frá Miósundis Óse til Biarnar-ár Oss, og svo 16de partur qvals og vida hvört sem er fluttur eda Rekinn, vestur frá Biarnar á til Hafragiár í Senningar vík, enn þá hálfur 8de edur 16de partur Qvals og Vida, hvört sem fluttur er eda Rekinn.<sup>188</sup>

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi 16. maí 1828 og var henni að nokkru leyti mótmælt af umráðamönnum Kotamýralands og eigenda Skriðu í Aðaldal. Ekki er þó getið nánar hvað fólst í umræddum mótmælum.

Séra Eiríkur Þorleifsson skrifaði Steingrími Jónssyni biskupi 11. september 1828 og aftur 2. febrúar 1829 og sendi honum m.a. afrit af skjölum er vörðuðu eignarheimildir kirkjunnar og athugasemdir hans við sum þeirra. Tilgangurinn var að gera skjölin aðgengileg í skjalasafni stiftisins svo að háyfírvöldin gætu annaðhvort komist að niðurstöðu í málinu eða þá biskup byggði á þeim bænarskrá til konungs fyrir hönd Þóroddsstaðarkirkju um að fjárhaldsmenn hennar mættu njóta eigna hennar innan tilnefndra takmarka ítölu- og ákærulaust til lands og sjávar fyrir annarra tilkalli. Sömuleiðis rekaitölunnar frá Ófeigshelli út um Flateyjardal auk alls sem henni með réttu tilheyrði. Að lokum óskaði prestur eftir staðfestum afskriftum af máldögum Hálskirkju sem hann þurfi nauðsynlega á að halda. Aftur skrifaði prestur 11. september 1829 og rak eftir svari.

Biskup svaraði bréfinu 17. október 1829 og tilkynnti séra Eiríki að hin innsendu skjöl hefðu verið lögð upp í skjalasafni stiftisins en stiftsyfírvöld gætu ekki byggt úrskurð á þeim einum því að þau sýni aðeins eina hlið málsins og jafnframt minnr hann á tilskipun frá 11. júlí 1800 sem banni að leggja á úrskurði í málum einstaklinga og málum sem séu líkleg til þess að fara fyrir dómstóla. Var það ein ástæða þess að biskupi fannst ekki við hæfi að semja bænaskrá fyrir hönd Þóroddsstaðarkirkju. Biskup getur bréfa Þóroddsstaðarprests til Gríms Jónssonar amtmanns um rekaskipti í Náttfaravíkum og segist biskup hafa sent amtmanni, að bón

<sup>188</sup> Skjal nr. 2 (75) a-b.

hans, staðfest afrit af máldaga Hálskirkju með tilliti til rekaréttindanna. Með því telur biskup ósk séra Eiríks um afrit af máldögum Hálskirkju uppfyllta. Loks getur hann þess að hafa tilkynnt amtmanni að nauðsynlegt væri að gera uppdrátt af umþráttuðum rekafjörum ef hann í svo mikilli fjarlægð frá þeim ætti að geta myndað sér skoðun í deilu viðkomandi kirkna sem báðar beita fyrir sig máldögum sínum.<sup>189</sup>

Eins og fram kemur hér á undan lét séra Eiríkur Þorleifsson skrifa upp allmikið af skjölum varðandi Náttfaravíkur frá ýmsum tímum árið 1828. Einnig skrifaði hann inn í kirkjustóla Þóroddsstaðar ýmsar hugleiðingar sínar varðandi réttindamál Þóroddsstaðar. Rétt þykir að halda þessum skjölum séra Eiríks sem sérstökum flokki, svo að þau verði skoðuð í samhengi en vísað til þeirra í tímaröð.

Meðal skjalanna, sem Eiríkur lét skrifa upp árið 1828 eru: 1) Vitnisburður séra Einars Hallssonar um eign Þóroddsstaðar í Náttfaravíkum 1560 lagður fram vegna dóms 1580, 2) vitnisburður Einars Runólfssonar 1561 um lóðarfiskatekju lagður fram vegna sama dóms, 3) dómsályktun Guðbrands Þorlákssonar um eign Þóroddsstaðar í Náttfaravíkum vegna deilu við Helgastaðaprest, 4) afrit af máldögum 1399 og 1471, staðfestu 1599, 5) vitnisburður Gunnsteins Sturlusonar um lóðarfiska 1601, 6) vitnisburður séra Ólafs Tómassonar um lóðarfiska 1604, 7) vitnisburður séra Ólafs Tómassonar um ágreining Grenjaðarstaðar- og Þóroddsstaðarpresta um lóðarfiska 1613, 8) vitnisburður Jóns Þórarinssonar um sama 1613, 9) ályktun Guðbrands Þorlákssonar um eignir Þóroddsstaðar og Grenjaðarstaðar í Víkum 1601, 10) vitnisburður séra Odds Jónssonar um sama 1614, 11) umfjöllun um byggingarbréf fyrir Víkum 1638, 12) svokölluð eiginhandarskjöl séra Illuga Helgasonar 1644 um Þóroddsstaðarkirkju o.fl., 13) vitnisburður fjögurra manna um lóðarfiska 1665, 14) úr klögun séra Odds Bjarnasonar yfir séra Gunnlaugi Jónssyni 1673, 15) vitnisburður Magnúsar Þorvaldssonar um nótlög utan Svínár 1820, 16) þrjár vitnisburðir um landeign Naustavíkur.

Guðbrandur Þorláksson biskup kallaði saman sex presta á Helgastöðum í Reykjadal föstudaginn fyrir krossmessu á hausti 1580 [9. september] til þess að greiða úr deilu séra Sigfúsar Guðmundssonar á Þóroddsstað og séra Halldórs Benediktssonar á Helgastöðum um Náttfaravíkur. Prestarnir sex lögðust yfir máldaga kirknanna og eftir lestur Helgastaðamáldaga gátu þeir ekki séð:

... ad Helgastadur ætti í greindumm Vjkumm, utann afriettar Gaungu fyrir alla þá penjnga sem í afrétt mættu ad lögumm vera, og Helgastada Prestur og Kyrkjann þar ættu ...<sup>190</sup>

Þeir báðu séra Halldór að framvísa þeim skjölum sem hann hefði til að styðja sinn máldaga en hann kvaðst engin slík skjöl undir höndum hafa. Því næst skoðuðu þeir máldaga Þóroddsstaðar en þar kom fram:

<sup>189</sup> Skjal nr. 2 (73) a-b. Grímur Jónsson var amtmáður í Norður- og Austuramti 1824-1833 og 1841-1849, sbr. Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö I*, bls. 39.

<sup>190</sup> Skjal nr. 2 (77).

Ad Kyrkjan þar ætti i opt nefndum vjkumm öll 20u Fóta Trie, og þadan af smærri, eru það þá leigulida gögn, sem lands drottni til heyra hafi han eingumm ad leigu seldt.<sup>191</sup>

Prestarnir spurðu séra Sigfús hvort hann hefði einhver skjöl til að styrkja framburð máldagans og framvísaði hann tveimur vitnisburðum ráðvandra manna. Annar var prestur, sem haldið hafði Stað í Kinn (Þóroddsstað) og vafalaust títtnefndar Náttfaravíkur, eða Víkur eins og þær voru kallaðar, en hinn hafði alist upp þar í sveit og lengst af róið til sjávar í Víkum en til Staðar hefðu allir lóðarfiskar goldnir verið og leyfi fengið hjá Staðarpresti án nokkurs ágreinings. Prestarnir álitu vitnisburðina skilvísu og mynduga og þar sem engin skjöl stönguðust á við þá ályktuðu þeir og gerðu út um téðan ágreining með svohljóðandi niðurstöðu:

Ad Helgastada Kyrkja ætti ad eins, og átt hefði haga og heimila Beyt þar i Vjkumm Fyrir Alla þa gripi frá Helgastöðum sem í Af-riett meiga ad Lögumm vera í sinn tjma en ecki þar meira. Enn Stad í Kinn og hanns Kyrkju, til sögdumm Vér og eignudumm Wijkurnar til fialls og fiöru, og til allra giæda, svo sem lands drottni og eignar Manni á Jördu sinni, ad undan teknumm þeim J tölum sem adrir Menn edur Kyrkjur ættu í greindumm vjkumm.<sup>192</sup>

Guðbrandur biskup samþykkti þessa niðurstöðu og setti innsigli sitt undir gjörningsbréfið sem var skrifað að Múla í Aðaldal 19. desember 1580.

Þeir vitnisburðir sem séra Sigfús á Þóroddsstað framvísaði voru annars vegar vitnisburður séra Einars Hallssonar sem gefinn var út á Öxará í Bárðardal 16. apríl 1560. Þar segist hann svo lengi sem hann minnst kunnir og hinir elstu menn í Norðursveitum hafi tjáð honum þá hafi hann heyrt og hyggi satt:

... ad Stadur í Kinn eigi, og ad öndverdu Átt Hafí náttfaravjkur, sem liggja út Frá Stad, ad þeirri öslitinni fialls Hljð sem Stadur stendur undir ad Mörgumm þeim adhnjgandi Gögnnum, sem ej í minn Vitnisburd ad svo prófudu setja læt. Hielt eg Stad í kinn og þar Med sagdar Vjkur, svo ómakslaust, sem siálfan Stadinn Heima, svo ljka þeir Prestar, sem fyrir Mig vóru og eptir komu, vissumm Hvörki nie Heyrdumm ad Stadur ætti ej Vafalaust Natffaravjkur, ad undan teknumm þeim í tölumm er Stadirnir í Reikjadal þar eiga skildu eptir snum Máldögumm, Enn eji veit eg þar Sannleika á, eda Hvad í Stadinn er komid. Svo er mér og ej ókunnugt Hvörja Uppsprettu ad áklögum þeirra Helgastadar Manna Hefur þartil, ad eigna Helgastadar Kyrkju greindar Vjkur; þvj eg var þá í Presta stefnu, er Sr. Teitur Magnús Son Benificator Helgastadar, Enn Þjnga prestur Sr. Péturs i Múla Hóf upp til kall med ad stod Sr. Péturs til þessara Vjkna, Hvad öllumm óvart kom, Enn þó Sr. Magnús Klerkur frá Stad veitti nockurt Forsvar, þá stodadi Hann það eji, og fyrir nockurs mót þróa sakir, var ábóti Helgi og vestann Prestarnir, enn ej vér

<sup>191</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>192</sup> Skjal nr. 2 (77). Sjá einnig skjal nr. 2 (174) a-b.

Nordannad til kalladir ad semja millumm Stadanna umm nefndar Vjkur, En Hwad þeir Hafa þar umm samid, skrifad, eda innsiglad, veit eg alls ekki, þvj Fyrir vist var þar umm einginn Dómur geinginn eda uppsagdur, nie af Biskupi Jóni úr skurdadur í það sama sinn, og ej Higg eg ad Stadur í kinn eigi nú sjdur sagdar Vjkur enn Ádur ...<sup>193</sup>

Þessi texti er tekinn úr uppskriftinni frá 1828 en aðeins er ritháttarmunur frá þeim, sem prentað er í Íslenzku fornbréfasafni.

Einar prestur segist treysta minni sínu og samvisku nægilega vel til þess að sanna vitnisburð sinn með eiði.

Hins vegar var það vitnisburður Einars Runólfssonar sem gefinn var út á Þóroddsstað sunnudaginn fyrir Andrésarmessu 1567 [23. nóvember]. Í honum segir Einar:

Svo felldan vitnisburd ber eg Einar Runolfsson ad það eg fyrsta minnst kann nu i minne elle þar sem eg olst upp i Reykiadal og Kinn. heyrde eg eingvann efa ä því ad Stadur i Kinn ætte Nättfaravikur ut. og ätt hefde æfinnlega. og ad hann hefde þar staded med ogleymdu nafne Vargsnese. Ofeigshellir þar ut frá. og Ofeigsstader fyrer sunnann stadenn heima. Var eg til siöar i Vijkum ä skipe Þorarens heitens Steindorssonar ä Laugum. voru af hanns skipe til Stadar aller lodarfiskar gollner. og leyfe teked. So og hiä Þorkele heitnum Magnussyne ä Granastöðum slijkt hid sama til Stadar aller lodarfiskar gollner. bæde af hanns skipe og hvöriu ödru sem ad gieck til siös i vijkum. hvad mier alkunnugt var því eg var leinge hiä Þorkele heitnum. Og til sannenda hier umm veite eg og set mitt jnnsigle fyrer nedann þennann minn vitnesburd. Skrifadur og utgefenn ä Stad i Kinn. sunnudagenn næstann fyrer Andresmessu Anno 1567.<sup>194</sup>

Hér er valin útgáfa í Íslenzku fornbréfasafni, er þar aðeins ritháttarmunur frá uppskriftinni 1828.<sup>195</sup>

Tveir menn votta samdægurs að vitnisburður Gunnsteins Sturlusonar sem svarinn var á Þóroddsstað 3. febrúar 1601 sé rétt hafður eftir honum. Í umræddum vitnisburði segist Gunnsteinn vera fæddur á Björgum í Kinn og hafa dvalið í sveitinni í 28 ár. Þeir Þóroddsstaðarprestar, sem hann mundi frá þessum árum, voru Jón Jónsson Helgfelllingur, Magnús Einarsson og Sigurður Þorsteinsson. Hann segist aldrei hafa heyrt annað né vitað á þeim tíma en að lóðarfiskar allir af öllum þeim

<sup>193</sup> Skjal nr. 2 (77). Sjá einnig skjal nr. 2 (178) a-b. Séra Einar Hallsson hélt Þóroddsstað frá því fyrir 1530 að því talið er en lét af embætti fyrir 1551, séra Teitur Magnússon fékk Helgastaði fyrir 1528 og tók Háls í Fnjóskadal fyrir 1544 og slepti 1553. Óljóst er nákvæmlega hvenær séra Pétur hélt Múla en það var fyrir 1551 og á sama tíma og séra Teitur hélt Helgastaði. Ekkert er hins vegar kunnugt um séra Magnús á Þóroddsstað nema hvað að hann var eftirmaður séra Einars og hefur látið af embætti fyrir 1551, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 297-298 og 306-307. Umræddur Helgi ábóti er líklega Helgi Höskuldsson á Þingeyrum 1516-1550, sbr. *Saga biskupsstólanna*, bls. 858 og Jón Arason biskup var tekinn af lífi 7. nóvember 1550, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* III, bls. 41.

<sup>194</sup> Skjal nr. 2 (232).

<sup>195</sup> Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (174) a-b.

skipum sem reru til sjávar úr Náttfaravíkum væru goldnir Þóroddsstaðarpresti.<sup>196</sup> Með vitnisburðarbréfi skrifuðu á Hálsi í Fnjóskadal 9. júlí 1604 vottar séra Ólafur Tómasson að hafa verið viðstaddur að Þóroddsstað 3. febrúar 1601 og heyrð á fyrrgreindan vitnisburð Gunnsteins Sturlusonar.<sup>197</sup>

Í vitnisburði séra Ólafs Tómassonar sem bréfaður var á Þóroddsstað fimmtudaginn í hvítasunnu 1613 segist hann hafa verið viðstaddur um haustið á Helgastöðum þegar séra Bjarni á Grenjaðarstað og séra Sigfús á Þóroddsstað töluðust við. Þeir hafi rætt um þá hálfu lóðarfiska í Náttfaravíkum en séra Ólafur segist ekki hafa heyrð neinn dóm um það ganga. Hann segist ennfremur hafa heyrð séra Sigfús segja:

... ad Herra Gudbrandur skyldi vid sig Ráda umm þá Hálfa lóðar fyska á Medann Sa. Sigfús Være Rádande yfir Stadar Kyrkiu enn ecke leingur þá syn Vid miste.<sup>198</sup>

Í vitnisburði Jóns Þórarinssonar sem gefinn var út á Þóroddsstað sjötta sunnudag eftir trinitatis 1613 segist hann hafa verið viðstaddur í kirkjunni á Helgastöðum um haustið þegar séra Bjarni Gamalielsson og séra Sigfús Guðmundsson áttu málum að skipta um lóðargjaldið í Náttfaravíkum. Hann segir að m.a. hafi verið ámalgað að vottar séra Bjarna skyldu sverja vitnisburð sinn áður en endanleg sátt yrði gerð milli prestanna um þá hálfu lóðarfiska sem séra Bjarni gerði tilkall til og var ágreiningsefni þeirra. Jón segir að Þorgeir Pétursson hafi einnig verið viðstaddur en man ekki eftir að séð Tómas Þorkelsson þar. Umræddur Þorgeir hafi bannað honum og öðrum þar viðstöddum að sverja nokkurn eið um það sem þar hefði fram farið og hann vissi ekki til þess að nokkur hafi gert það.<sup>199</sup> Um þennan vitnisburð skrifar séra Eiríkur Þorleifsson hugleiðingu, sem tekin verður upp hér á eftir.

Í bréfi til séra Þorsteins Illugasonar prófests í Múla frá 3. ágúst 1613 biður Guðbrandur biskup Þorláksson hann um að setja niður ágreining séra Bjarna Gamalielssonar á Grenjaðarstað og séra Illuga Helgasonar á Þóroddsstað um Náttfaravíkur. Biskup segist hafa kynnt sér málið, borið saman máldaga kirknanna og yfirvegað það betur en áður er sama deilumál var tekið til athugunar á Helgastöðum. Hann viðurkennir að sú niðurstaða sem þá fékkst í málið hafi e.t.v. ekki verið nægilega vel ígrunduð. Guðbrandur útskýrir sína afstöðu til málsins með eftirfarandi hætti:

<sup>196</sup> Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (174) a-b.

<sup>197</sup> Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (174) a-b. Ólafur var prestur á Hálsi 1577-1628, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 297.

<sup>198</sup> Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>199</sup> Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (178) a-b. Bjarni Gamalielsson hélt Grenjaðarstað 1596-1635 en Sigfús Guðmundsson Þóroddsstað 1554-22. desember 1597, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 298 og 304. Umræddur samfundur á Helgastöðum hlýtur því að hafa átt sér stað á bilinu 1596-1597.

... eg kann ecke betur ad skilia, enn Kirkia á Stad eige Land Og Reka fyrer Náttfaravíkum hátt og lágt, enn það Múkaþvera Og so adrar Kyrkiur eigna sier, sé eignar i tak i það land, Hvórt það er i Reka edur afrettenne.

2, Náttfaravíkur er Mier sagt ad Kallest land allt Mille Ofeigshellirs og lækiar þess sem Kallast Svínalækur, ef Mig rett Minner.

3, J þessu takmarke skulu vera 5 Víkur þar Menn Hafa firr Meir haft Skipa upp sátur, og skulu enn síást Naust Og tófter þar Siómanna búder Hafa staded.

4, Og skilst Mier þessar Víkur Mune Vera það sem i Máldaga Kallast ból, bæli edur bigd, Höfud ból Kallast stædsta bigd, biggt ból þar Menn eru edur búa.

5, Nú Nefnir í Máldagnum Midból Og Ytstabool, þar fyrer skilst Mier hid sama vera Hvort þar stendur, Víkur, þar Menn Hafa Skipa uppsátur Haft eda ból, og so sem sú ytsta Vík nefnest ytsta bool, því má þá su sidsta ecke lyka Kallast sidsta ból, enn su Vikenn sem er i Midiu Midból, þar 2 Víkurnar eru út frá, enn tvær Sudur frá; því Hvad má annad Med riettu Kallast Midból, enn sú Vík eda Veide stada sem er i Midiu, Hvóriu Nafne sem nú Heitir hún, Og kann eg ecke Greniastada Máldaga Ödrúvise ad skilia enn so: ad Greniastada Kyrkia eigie Fiórdung Hvalreka fyrer Öllum þeim bólum edur Víkum, Og Öll Flutning fyrer Ytstu Vík, enn i Mid bóle, það Held eg þá Vík edur Veidestódu, sem i Midiunne er, Og 2 bólen síást út frá, Önnur tvó Sudur frá, þar Held eg Greniadarstada Kyrkia eigie Hálfu Flutninga, Fyskever ad Helminge (eda lódar fysk so sem Menn Hafa Nú skiled það) lyka Vidun eda elde Vidar tak ad Helminge. Eige Greniadarst. Kyrkia þetta, þá Held eg Hún eigie það fyrer þaug Skip sem i þessu Midbóle ganga, enn ecke i Hinum bólunum edur Víkunum.

Þar Og Fyrer Skála

Bögulega talad, Og ecke veit eg Hvór sa skále er, enn bevysast það med Sannindum, ad þar Heite skála ból eda Skála vók Önnur enn sú Midvík eda Midból, þá mun Riettast ad það sie under sama skilmála Og Meiningu. Umm Vitnes burd þeirra Þorkiels Og Thómasar, þar Held eg Of frekt bored og i mót máldögum ad Greniadarst. Kyrkia eigie Hálfu lód, Hvad er það annad enn alt Hálfu land til Fialls og Fióru! Þad er á móte Helgastada samþikt Anno 1580. 2, Eru þeir Vitnes burder Oskyrer, Meine þeir umm allar Náttfaravíkur, þær 5. er ádur greiner, þá er það berl. rángt, enn Meine þeir Midbool, þá er það ecke utann eitt, Og má því það ecke Kallast Víkur, edur Vykum.

3, J þridia læge, Hafe Annar Hvór þeirra Þorgeir af sagt ad sveria eptir synum Framburde, þá Held eg þann Vitnes burd ecke Mindugann. 4, Umm Hefð Síra Sigurdar kann eg ecke ad tala Margt, Og Held eg það Of frekt bored, ad Sa. Fúse Hafe ecke átaled eda umm talad, Og Med því þeirra Vitnes burder Veik*>*ast i einu, þá vil eg Síra Biarne Halde þeim ecke Fram; Jeg seige fyrer Mig, Hafe ecke annad Framkomed á Helgast. af Hende Greniadarst.



Kyrkiu enn þeir, Anno 1597. Þá tek eg aptur Myna Sampickt, Og bid eg Síra Biarna ad taka mitt Jnnsigle þar i frá, Nema því eins ad Önnur Skiól Og skilryke Kome framm, þaug Mindugre eru enn þessir Vitnes burder.

Sitt Hvórt er, allar Výkur Mille Ofeigshellirs Og læker, eda Midból /: Midvikenn, Hún er ein, Hinar 5. Og fyrer þessar greiner, Og það Annad ad Sera Fúse Heitenn á Stad kom Nú ecke framm Anno 1597. med þá fyrre sampickt sem giórdest 1580, Né þá gamallra Manna Vitnes burde sem þá Komu framm, þá er það Rád mitt ad Þier med fleirum góðum Mönnum setied þetta Nidur Med þeim Prestum, i þann máta ad Annad Hvórt Hafe Síra Biarne Hálfu lódar fyska Og Hálfu Vidun fyrer þeirre Veide stódu sem med Riettu Hefir Vered i Midiumm þeim Náttfaravikum, Og ádur greiner, af þeim skipum þar gánga, enn ecke Annar stadar; Ellegar hann Hafe sitt Skip frj alleina Hvar þar geingur i þeim Víkum. Skylde Eg Dóm á leggja, þá Dæmde eg það firra, en sie það Vinsaml. Nidursleiged, á Sampicke eg það seirna.<sup>200</sup>

Biskup segist treysta séra Þorsteini til þess að skera úr um þetta og hafi sér ekki verið greint rétt frá eða hann misskilið eitthvað varðandi þessi fimm ból eða víkur þá neyðist prófastur til að taka nokkra góða menn með sér í vettvangsferð og athuga staðhætti í Náttfaravikum.

Þessi umþenking biskups er einnig innfærð í kirkjustól Þóroddsstaðar en þar er þetta niðurlag:

Sr. Magnus seiger mier ad þær Výkur sieu iij sem eg Helld þeir Hafa kallad ádur Ból, og Hvert sem þær siäst iij eda v, þá kiemur og lender i einum stad, Su sem i midiumne er Hun hefur þá kallast midból, Hveriu Nafne sem nu Heiter Hun

Sie þar nu su Vyk sem Nefnest Skála Vyk, þa er ecke frá því það sie su Vyk, sem Ska [hér er langt orðabil, sem gæti bent til þess, að eitthvað torlæst hafi verið í forriti] Hefur vered kalladur, Og i þeim tveimur er eg ecke langt frá ad Greniast. eige þetta Jtak, en Vüst Ecke annar stadar; Nema flut. fyrer ýstabóle. Jeg kann hier Ecke ödru viis ad Skinia Nie Skrifa.<sup>201</sup>

Oddur Jónsson prestur gaf út vitnisburð á Ljósavatni um hausið 1614 að viðstöddum þeim séra Jóni Magnússyni og Jóni Þórarinssyni. Þar segist hann hafa frétt að nafn hans væri að finna undir Helgastaðasamþykkt milli Þóroddsstaðar og Grenjaðarstaðar varðandi Náttfaravíkur. Hann segist hins vegar aldrei hafa verið kallaður til þess að vera viðstaddur slíka samþykkt, aldrei samþykkt neitt um þennan ágreining og aldrei sett innsigli sitt undir slíkan vitnisburð.<sup>202</sup>

Í máldaga séra Illuga Helgasonar fyrir Þóroddsstaðarkirkju frá 1644 segir um Náttfaravíkur:

<sup>200</sup> Skjal nr. 2 (77). Sjá einnig skjal nr. 2 (174) a-b.

<sup>201</sup> Skjal nr. 2 (174) a-b.

<sup>202</sup> Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (178) a-b. Oddur Jónsson var prestur á Lundarbrekku frá 1572-1625, sbr. Sveinn Niélsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 300.

Nú er að skrifa umm Reka ítókenn sem liggja í Náttfaravíkum Og út umm Flatejar Dal, Hvað alt samann Máldagarner báder Skyrast Herma, sem Hier fyrer framann skrifader standa, so eg kann þar aungva liósare grein á að gióra, enn eg Hefe epter þeim Coperad, sem Og Eirnenn í tóluna í Biargalande, Og Higg eg Nú Mune Mest alt upp taled það sem eg Minnast kann um Kyrkiunnar Og Stadarennis eign Hier Heima, epter filger umm Torfunes Og Náttfaravíkur.<sup>203</sup>

Eldri máldagar kirkjunnar sem séra Illugi minnst hér á hafa ekki verið látnir fylgja með í þessari uppskrift og því er ekki hægt að segja til um frá hvaða ári þeir voru. Máldaga séra Illuga til staðfestu settu þeir Sturli Árnason og Halldór Torfason nöfn sín.

Fjórir menn votta að hafa verið í Víkum í Skálavík 30. júní 1665 er séra Oddur Bjarnason krafðist lóðarfiska af sjómönnum þar. Hann brýndi fyrir þeim að ef samviska þeirra segði þeim til um að einhver annar en hann ætti rétt á umræddum lóðarfiskum þá skyldu þeir afhenda honum þá. En þar sem að sjómennirnir vissu að lóðarfiskarnir tilheyrðu Þóroddsstaðarpresti þá afhentu þeir séra Oddi þá.<sup>204</sup>

Í bréfsþósti dagsettum á Alþingi 6. júlí 1673 tíundar séra Oddur Bjarnason það sem gengið hafði undan Þóroddsstaðarkirkju í embættistíð forvera hans, séra Gunnlaugs Jónssonar. Þar kemur fram að í Náttfaravíkum sé genginn undan kirkjunni meiri hluti gagnsamra lóðatolla og hálfir búðartollar. Einnig hafi Björn Magnússon byggt eða látið byggja út land við Náttfaravík, nefnilega Kotamýrar sem hann viti ekki betur en að sé land Þóroddsstaðar. Að þessum bréfsþósti víkja bæði Skúli Tómasson og Eiríkur Þorleifsson varðandi eignir Þóroddsstaðarkirkju frá 1599, sjá hér síðar. E. Þorleifsson og Pétur Jónsson votta að rétt sé skrifað eftir frumritinu á Þóroddsstað 4. ágúst 1828. Fjórir menn votta svo að rétt sé skrifað eftir skjölum Þóroddsstaðarkirkju en sá vitnisburður er ódagsettur.

Í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905 er að finna athugasemd frá séra Eiríki Þorleifssyni varðandi vitnisburð Jóns Þórarinssonar frá 1613:

á síðast nefndann vitnisburð vikur urskurður Biskups Herra Guðbrands af 1613 og allir syna þeir ásamt, hve veil og ræk at se Sampíkket su sem Sr. B Gamla Son skapaði Grenjaðar Stað fyrir hálfum Nattfara vykum. í sameiningu með þeim vitnisburðum er sami Biskup ágrundaði dóm sin af 1580. um Kotamyri synir Klagan Sr. Odds Biarna Sonar at þá Biörn Magnuss Son eygnadi Skridu þá Jörd, hafi eingin maður annað vitað enn það at Staður ætti þat land með réttu, og at Skriðu Eygendur alldrej hafi opinberlega þorat at eygna Skriðu nefnda Jörd, syna Konúnglegar Jarðabækur, því Jarðabokin af 1702 Assessors Arna Magnussonar og Páls lögmanns Widalins synir berlega at fyrst skrifaður máldagi hafi á þingstefnunni eptir þeirra skriflegri kröfu framvysaður og afhendtur verit, því su Jarðabók fylgir svo nákvæmt elldsta

<sup>203</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>204</sup> Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (174) a-b.

Maldaganum í tilliti þessa Staðar hiábóla á hans, nefnilega Staðarins, torfu, eður heimalandi, því þá hann hefur önnur hiábyli nefnt, og síðast Naustavyk öde Jord, bætir hann við þessum orðum: „Vassnees og Kotamyre tvende öde Jörder hér í Egnen“, þat er rétt utlaggt hér (nefnilega ) á Staðarins eýgnartorfu eður heima landi, og enn þá, at Syslu maður Jón Benedicts son ekki hafí þorað í opinberum Skrifum at eygna sér, sem Eyganda Skriðu Kotamyrrar, synir Jarðabok landfogeta Skúla Magnuss Sonar, sem kennd, er við árit 1760, skömmu fyrir Syslumansins dauðatið, á hvörri hann testamenteraði slíka Sálugiöf Fátækum i Reikiadal þá hann af ollu hefur útseð, at Skriða alldrej mundi því landi haldit geta.<sup>205</sup>

Í beinu framhaldi af bréfspósti Odds Bjarnasonar 6. júlí 1673 virðist koma bréf séra Eiríks Þorleifssonar en hann segir að fyrrgreint byggingarbréf (sem er ekki tilgreint nánar, e.t.v. er það frá árinu 1638) og klögunarbréf séra Odds sýni að með vissu megi ráða að:

Heila landed mót Vestre Hafe Vered það sem Svíná Heldur framm til Fialla afrettar land Vykum til Heirande, Og so Vel Halded Þóroddsstadar Kyrkiu eign sem Hitt Landstikked frá Svínáróse, Og Náttfara læk til Ofeigshellirs, Jafnvel þótt lykur Dragest [yfirstrikað: til] ad því, ad þetta Hafe sá lands partur Vered, sem i fyrstu Hafe giefenn vered til Stadanna i Reikiadal fyrir afréttar land, enn Hafe þó Öndverd lega fyrir Siálfra þeirra Hyrdu Og af skipta leise frá þeim Horfed til Þoroddsstadar, unns Hann það aptur Miste til Skridu Eyganda i tyd Sr. Gunnlaugs Jons sonar.<sup>206</sup>

Umrætt land hafí verið byggt í meira en 100 ár og sé nú orðið fasteign fátækra í Reykjadal eftir að Jón Benediktsson gaf það á banasæng sinni. Hann telur þó að Rauðaskriða:

... Naumlega hafe löglega ad komest á lande því i Öndverdu Haft eptir Orækum máldaga, því lya gamlar lóg festur Hér, sem yfergrípa Heila Kotaland fyrir Vestann Ána, Og Siálfann bæenn þar med, Hvórium bádir þeir Fedgar Og þá eigendur Kotalands Lögmatur Benedict af 22 Maí, 1726. Hefir þynglyst á Liósavatne og Prótócolerad á kærulaust, Og Sómu leides Sonur Hanns Syslumatur Jon n<o>ckrum sinnum i afa Myns Sira Sæmundar Sál. tyd, Og Mót mælte þeim alls ecke.<sup>207</sup>

<sup>205</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>206</sup> Skjal nr. 2 (77). Oddur Bjarnason hélt Þóroddsstað á árunum 1665-1677/78 en séra Gunnlaugur 1660-1665, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasti*, bls. 298. Umræddur Björn Magnússon er líkast til samnefndur sýslumaður og klausturhaldari á Munkaþverá 1662-1695, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár I*, bls. 235-236. Skriða sú sem talað er um er líkast til Rauðaskriða í Aðaldælahreppi.

<sup>207</sup> Skjal nr. 2 (77). Jón Benediktsson sýslumaður í Þingeyjarþingi andaðist í Rauðaskriðu 1. maí 1776, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár II*, bls. 59. Séra Sæmundur Jónsson hélt Þóroddsstað 1748-1784 og sonarsonur hans séra Eiríkur Þorleifsson 1826-1842, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasti*, bls. 299.

Afrit Eiríks Þorleifssonar prests úr gamalli máldagabók Norðursýslu á Grenjaðarstað og ályktanir Eiríks um Náttfaravík er að finna í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905:

Ur gamallri norður Sýslu Kyrkna Máldagabok, sem liggur á Grenjaðar Stað að líkindum eptir Sigurð prest Jóns Son Biskups AraSonar, Staðar Kyrkiu Máldagi

Kyrkia á Stað i Kinn helguð Maríu og Nicolao á allt Heimaland, og Ofeigstaði Torfunes, Tiarnahverfi hið eystra og vestra, hálfshundraðs skógur í Mánafelli, Reki í Wyk út, þriðjungur af tólftungi alls Hvals, Síðan skal þriðjungur alls Hvals til þessarar Kyrkiu, Øll skemri Tök enn tuttugu Feta, tveir hlutir hins stærra viðar og í Flutningum öllum, milli Ósa hálfur attungur Hvals og viðar hvört sem er rekin eða fluttur, Torfskurður i Bergstaðaland fiórir tólf Feðmingar, Síðan (þetta orð hefur rángskrifast af Endurritara í staðin fyrir Viðun) í Staðarholti. – [Síðan virðast koma athugasemdir og hugleiðingar séra Eiríks]: Þessi máldaga afskrift berest samanvið originalin á Grenjaðarstað sem Presturinn er skyldugur at sýna svo síást mégi og lagast ef smáorð í vantar eða bókstaf, eða sé nokkru aukið

At ofannskrifat Máldagabrot sé eptir aungann anan enn Sr. Sigurð, synir Eptir maður hans Sr. Biarni GamlaSon, er ut feingnu?? Biskups Skrifara til Prófasts Sr. Þorsteins Illugasonar tók fyrir til Samanburðar, þessa Staðar, og Reikiadals Staða Máldaga, sem han frá sinum Formani Sr. Sigurði hefur hiá sér haft, og af þeim Samanburði leitast hann við at syna fyrstur allra þat, at Reikiadals Staðir mundu eyga landit allt eða mest allt, enn Þóroddstaður litit í því eður ekkert.

Enn ekki að síður mætti sýnast at Sr. Sigurður hafi vitat at landit i vykum vera einn part af heimalandi Þóroddstaðar Kyrkiu, og því hafi hann með þessa Maldaga orðatiltæki Öll Tök viliað syna þat kyrkia hér enn aungvir aðrir ættu þar allar lands drottna leigu tekiur á Fiöru, og þat i Flutningum öllum, sem landi eins og landsdrottnei einum tilkemur að lögum at eyga

[Sat]ta Samningur Sr Biarna við Sr Illhuga eptir Biskups Skrifit af 1613, er svohlióðandi sem her eptir skrifat sýnir,

Eg vil í nafni Drottins öllum hugmóð og óvild afslá, og allri á klögun, enn þó með soddan Skil mála Sem nú eptir fylgir:

Fyrst að Eg Kyrkjunnar vegna, haldi Fiorðungi úr Hvalreka fyrir öllum náttfaravykum, kunní að landi að bera, Eg vil og halda öllum Flutningum fyrir Itstabóli, en fyrir Miðbóli hálfum af Hvölum og viðum, eptir hlióðan Maldaga Kyrkiunnar á Greniaðstoðum, og eptir dómi og urskurði Hr. Guðbrands Þorlakssonar, sem hann sendi til Múla í Firra Sumar, og hefur síðan endurníat með Bréfum sínum nu i vetur. -

Annar Skilmáli er þessi: Að eg vil mitt Skip hálfat eða heilt sé friálst og áfgialds laust til Staðarkyrkiu, i þeirri veiðistöðu, sem nú kallast Skálavyk,

hvar menn hafa til haldið í nærstu 80 ár, hafi friðsann Skála, hiall og fiskigarða, líka eldivið til að síóða fyrir Síómenn, eða þurka þeirra Föt. Gre.st. 1614 Biarni Gamla Son

Til Sr. Illhuga Helgasonar

*Athugasemdir*

- a) Þessi Samningur synir auglióslega at þá slíkur Frekiu maður sem Sr. Biarni var, ekki lýsir í honum eptir afrétt í [hér kemur orð ofan línu, sem ekki verður lesið, má gizka á: bóla] vykum at hún hafi þar alldrej fyrir hans daga frá Gr.st. kölluð verit og at hann síðar hafi eptir Samanburð máldaganna, sem eru í síálfum sér ógreinilegir [hér er einhver blekklessa við ó-ið, svo e.t.v. hefur átt að strika það út], og nefna samhlióða í náttfaravyk, teigt þá nefning af hatri við sr. Illhuga út ýfir heila landit, [yfirstrikað: þá] þó teds Stadar máldagar syna at afréttar Jtalann hafi takmörkuð verit í vissu Platsi, þar sem hvalreka tiltalann se fyrir heila landinu, afrettin alltsvo á dölum sem liggia til aðal náttfaravykur, og hafa af henni nafn fengit.
- b) eins og þeir fornaldar vitnisburðir sem Dómurin af 1580 grundar sig á, svo sýnir og framanskrifaður máldagi með orðatiltækinu öll Tok, eður allar Tekiur, bæði að Sr. Sigurður hafi goldit lóðarfiska til Staðar og 2 hluti af Flutningum eins og aðrir eptir eldsta Máldaganum, hvors orð hér eru brúkuð, og hann altsvo Sr. Sigurði þekktur [hér hefur verið skotið inn orðum undirstrikuðum: er sinir, sem virðast merkingarlaus] og Samningur þessi synir at Sr. Biarni þorir þar ekki segia at Grenjadstaur hafi [yfirstrikað: þar] i vykum nokkurs notið í þaug 80 ár sem þá lifandi vitni hafa getað um borit, þó hann Sr. Biarni heimti at Eyga þar bæði Flutning og friálst útræði.<sup>208</sup>

Eiríkur Þorleifsson skráði minnisgrein um Þóroddsstað og eignir hans einhvorn tíma á tímabilinu 1832-1834. Þar stendur:

Þareð miög margt af áriðandi Fornalda Sk<i>öllum þessarar Kyrkiu er sumpart giörsamlega tapað, enn sumt, það nefnilega af því ennþá til verandi, sem ei hefr verið innfært hér að framann liggur við töpun, þess vegna in færist hér í hugleiðing af Prófasts Skipan hér að framan dateraðri að Laufasi þann 15da Des 1749 eptir fylgiandi Máldaga Skrá er og ásamt öðru innfærast þarf varúðar vegna í þann orskamt [torlæst í forriti] upp rettanlega nía KyrkiuStól af þeim sem auðnast að upp byria hann, hvört það væri Eg, eður annar maður

Kyrkian á Þóroddstöðum i Kinn er helguð Mariu og Nicolao, til þessarar Kyrkiu liggur allt Heimaland, hvar i að eru þessi Hiábýli: Staðarbakki, LoddaStaðir, Gyssurshús, ÓfeigStaðir, Torfunes, Árgerðis Land tiarnahverfi hið eýstra og hið vestra, (nb. I Forntiða Skial segir svo Árgerðis Sel á gaunguskarði) Naustavyk, Wargsnes, Kotamyri; þessari Kyrkiu tilheirir og Reki í Vykum út, af óskiptum Hvali 5 tólftu partar alls Hvals, öll Skemri tók

<sup>208</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

enn 20 Feta, öll Tré 20 Feta og þadann af Skémri, tveir þridiupartar hins Stærra vidar, og i Flutningum öllum.

Millum ósa hálfur Attúngur Hvals og vidar, hvört sem er fluttur eða rekin, út frá ófeigs hellir til Miósyndis hálfur Áttúngur Hvals og triáreka og i Flutningu, Sömuleidis, vestur frá Biarnará til Senningarvökur, sem liggur frá urðarness tá austur til Forvaða við Hafra giá, Hálfur Áttúngur Hvals og vidar hvört Sem er rekinn eða Fluttur, Hálfur Hundraðs Skógur i Mánafeili, Móturfsskurður i Bergstaðalandi 4ir tólf Feðmíngar, vidun i Stadarholti i Garðs landi i Adaldal, Skógur allur i Felli fyrir nedan götur.

...

að ofanskriðuð Máldaga Skrá sé rétt samhlióða þessa Staðar Kyrkiu Máldögum yfir höfuð samanteknum eða lesnum og samanbornum við annara Stiptana Máldaga, sem og konúnglegar Jarðabækur Árna og Skúla Magnuss sona. vitnar

E Thorleifson

n. b. götu, Hátún, Hnausa, Geitagerði, Finnsbæ, nefna hvörki Maldagar né Jarðabækur alltsvo hafa þaug Hiabyli alldrej lögbyli verið.

Hiáteiknanir við framanskrifaðann Máldaga og Jarðabóka útdrátt.

1) að Fornalda Skýrsla eður Máldagi fyrir Heimalandi þessa Staðar segir það vera ... og allt bú land i Vykum milli Hvanndala og Svinár undantekningar laust, eg eins undantekningarlausir eru allir Máldagar áhrærandi rekan inn frá ófeigs hellir til Flióts óss, eða Galta fialls hellirs i hið minsta sagt.

2) að ej hafi verið hér fleiri enn 11u býgðir Bær i Sókninni þá Auðun Biskup visiteraði hér árið 1318 sýnir sá Máldagi og þar á meðal af hiábylum þessa Staðar einungis Ófeigstaðir og Torfunes, öllum öðrum þá óbyggðum hiábylum og Jörðum So samsleingir sá Máldagi við heimalandið siálft [hér kemur viðbót utan af spássíu: sem þessa Staðar jtölulausri Eygn] án þess að nefna þaug sér i lagi, og téðs Máldaga, eða Sr. Stulla þess, sem þá var hér Prestur, ógreinilegu frásogn um þessa Staðar Eygnir, hafa yngri tíða Byskupar eptir skrifað. Þó sýnir sá Máldagi saman borin við önnur Skiöl her að þessa Staðar menn hafa þá brúkað landið i vykum sem Heimaland, einkum til Selveiða þegar þá verandi Kyrkiu [yfirstrikað, Kyrkiu] bækur hér, eða meðal þeirra su allra helgasta guð spialla bokin, sem i Páfadóme var átrunaðar goð voru hér á Selskinn skrifaðar, sem sem lýsir slíkri gnægð Selskinna hér á þeirri tíð, að menn hafa leitast við að tilsniða þaug og hag nyta til sem flestra hluta, annars nefnir Máldaginn hér þaug Kúa rað, að Kálf Skin nóg hefði til reiða mátt i bækur ella, og berlega segir og sýnir Máldagi þessi það, að öll lands leigu gögn i triárekanum hafi þá legið undir þennann Stað og af endur gialds Jtölum frá öðrum Stöðum hingað sýnir Jnnlandið? [torlæst i forriti] siálft þessa Staðar E[ygendom] [út á spássíu er bætt við: n.b. samanborinn við önnur Skiöl, sem sýna landið i vykum þessa Staðar einungis Eygn á öllum

Páfadóms öldum yfir höfuð] enn sterkari upplýsingar, af öðrum maldogum þessa staðar Eýgnar rétt a landinu yfir það heila tekið leifir ekki blað þetta hér að framfæra.<sup>209</sup>

Eiríkur Þorleifsson skráði eftirfarandi í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905:

Aðrar áriðandi Skyrslur eru infærðar í þann firri Kyrkiustól, fleyrstar allar sem Eg nú fæ mynnst, Jarðabókin af 1760 telur Þóroddstaða Bújörð 25 hundruð að dírleika og henni fylgiandi öll hin sömu hiából sem í þeim fyrsta Máldaga eru nefnd a nafn, og af hvöríum nú er 3 býggð, nefnilega Naustavyk með 60 alna landskuld og 6t úngi vöðu Sels veiða í Eptirlag úr landtogs nótlögum, þar á og með réttu að vera þat Kýgyldi, sem nú er á Staðnum, og í nærstliðins árs Spesifikation talit með túnsendakoti. [síðan eru talin upp býli bæði byggð og óbyggð] Gata, Hatun, Hnausar og Túnsendakot, hafa og, þó hvörki Máldagar né Jarðabækur géti þess, verit byggð einhvörn tíma í Gamladaga, sömuleiðis Skálavyk; Ytra – og – Syðra Samtýni og Finns bær í vykum, ... Wargsnes í vókum væri enn þá býggilegt enn Naustavyk ma ei missa þat ella býggdist hun ej, því landit er þar svo af sér geingit vorðið, Kotamýraból og land er Kyrkiunni ránglega frákomit einsog yfirlýst er í nærstliðins árs Spesifikation, og fleyra, og eru nu talin öll þau hiából er þessum Stað hafa fylgt at fornu, svo vel óbyggð sem byggð Byli nu.

Jtölnar, sem maldagar nefna fyrir austan fliót og á Flióts Sandi millum ósanna, hafa verit endurgialds Jtölur eptir ingeingnum Samningum, [úti á blaðjaðri er bætt við: n. b. og sennilega vísað niður en þar er skert og verður fyrsta orðið alls ekki lesið með vissu: fyrir? fiár rekstr í vykna afrétt fyrir Kotamýra landi og fleira] og þær allar hafa við komandi Staðir fyrir laungu síðan undir sig tekið, og þar með þeim Skiptum síalfir svo uppsagt at þeir frammar ekki hafa rétt til, eptir nokkru í landi at lýsa hiá þessum Stað í Máldaga skini.

Jtölnar á náttfara vykur almenningum, og ytst á Flatejar dal í Vykur reka hafa þessa Staðar Prestar ekki feingit, alltsvo er tilhlyðilegt at auk þeirra Skiala sem Capellan minn Sr. Jón innfærði hér að framan eptir fydimeruðum afskriftum, séu og hér fyrir aptan inn færð önnur er syna hvað fráleitlega hafi til forna farit um Eýgnir þessa Stadar. Þess vegna infæríst her eptir sem fylgir:  
...<sup>210</sup>

Í afriti séra Eiríks Þorleifssonar á óársettum máldaga Þóroddsstaðar eftir bréfi í kirkjustól kirkjunnar segir:

Þessi er Máldagi Kyrkjunnar að Þóroddstöðum í Kinn, þá Ingimundur Prestur Einarsson Fóstri Gudmundar Biskups Góða var þar á Stadnum, að: Kyrkjan á Þóroddstöðum í Kinn, er helgud Marju og Nicolao; Til Kyrkju þessarar liggur allt heimaland, hvarí að eru þessi hjábýli: Stadarbakki, Loddastadir,

<sup>209</sup> Skjal nr. 2 (177) a-b.

<sup>210</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

Gissurshús, Ofeigstadir, Torfunes, Argerdis- Selför edur Tjarna-hverfi hid eýstra og hid vestra, Naustavík, Vargsnes, Kotamýri; Reki í Víkum út, af óskiptum Hvali, fimm tolfu partar alls Hvals, öll skemri Tök enn tuttugu Feta, öll Tré 20 Feta og þadan af skémri, tveir þridju partar hins stærra Vidar, og í Flutningum öllum; milli Osa-háls, hálfur áttungur Hvals og Vidar, hvort sem rekinn er eða fluttur; út frá Ofeigshellir til Mjosýndis hálfur áttungur Hvals og Vidar-Reka og í Flutningu; ...<sup>211</sup>

Við máldagann gerir séra Eiríkur þær athugasemdir að máldagi Ólafs Rögnvaldssonar bæti við orðunum:

... vestur fra Biarnará til Senningarvökur hálfur áttungur Hvals og vidar hvört sem er rekin eða fluttur.<sup>212</sup>

Þetta máldagaspor eins og séra Eiríkur kallar það var skrifað inn í kirkjubókina aftan við önnur skjöl því forritið var orðið gamalt og slitið. Hann segir að máldaginn hafi ekki:

... frá Hólum feingist, nema Máldaga Útskrift, er sídar má sýnast at af þessu hafi útdrægin verit epter þat at Jtala var ákomin i síalfu Kota landinu, (vegna þess at þat var þá eydi bóla land ordit) Milli Hvandala og Svinár fra Liósavatne og Hálsi) þegar sá Samningur, allra fyrst fór at breittast i Reka til tölu, því sá maldagi sýnir, at þá hafi sér i lagi verit farit at skipta lnum 12t únge af þessa Stadar reka parti Hvals alls i Vókum, af hvöríum Audunnar Máldagi, er adrir Biskupar sidann hafa eptir skrifat, syner at 2r/3iu Partar hafi burtlátin verit ...<sup>213</sup>

Að hans mati er augljóst að máldaginn, í frumriti eða afriti, hafi verið lagður fyrir Árna Magnússon. Í jarðabók hans séu nefnilega talin upp sömu hjábýlin að undanskildum þeim sem óbyggð hafi verið á tímum Ingimundar prests en voru þó til forna byggð í heimalandinu, þ.e. Gata, Hátún, Hnausar, Geitagerði, Samtún og Skálavík. Þar eru ítrekuð orð máldagans um heimalandið og hjábólin í því þegar hann síðast nefnir:

... Naustavök óde Jord, og ségir sidan „Watsnæs (rettara Vargsnes) og Kotamyre tvende ode Jorder her i egnen“ edur i heimalandinu, i Þoroddsstadar Eygnar landi.<sup>214</sup>

Máldaginn sýni enn fremur að enginn ítala Þóroddsstaðar hafi þá verið komin á fljótsós Hálsreka eða þeim langa sandtanga sem fljótsósinn hafi myndað frá Hraunshorni fyrir aðal sandinum og vestur undir björgin en við þau hafir hann fyrst runnið út til sjávar. En Ljósavatsrekinn liggir fyrir háls- eða tangaplássinu. Þetta segir hann sýna að Kotalandið í Víkum hafi þá verið byggt milli Hvanndala og Svinár en

<sup>211</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (175) a-b. Ingimundur Þorgeirsson hélt Þóroddsstað 1177-1179, sbr. Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasti*, bls. 298.

<sup>212</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>213</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>214</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.



eftir að hjábýlin hafi öll í farið í eyði hafi verið farið að óska eftir því að fá að reka fé í landið á sumardag. Við þeirri ósk hafi verið orðið og Ljósavatns og Hálsmenn greitt sjöttung af reka sjöttungi fyrir rekstur í Kotalandið. Þetta fyrirkomulagi hafi þó ekki verið lengi við lýði því að báðir staðirnir áttu hægari „afrétt“ og landið byggðist við og við. Þeir hafi því kosið áður nefnda tiltölu í Víkurrekanum fyrir jafna tiltölu úr sínum reka við þær endurgjaldsítölur sem Reykjadalstaðirnir létu árlega ganga þangað af meginsandinum í afréttarleiguna frá sér. En máldaginn sýni að það hafi skeð áður en hjábýlin fóru í eyði.

Af þessu öllu saman telur séra Eiríkur ljóst að Grenjaðarstaðarmáldagar séu settir saman meðan hjábýlin voru í byggð því að þeirra sé ekki getið sem eyðibóla heldur sem byggðra bóla á þeim tíma sem þau urðu til. Honum sýnist að landinu sé greinilega sundurdeilt, „afrétt“ sé nefnd á vissum parti, síðan séu nefndar tvær ítölur og sé önnur þeirra fyrir öllu landinu. En í því sé nefnt Ystaból og Miðból eða Ystibær og Miðbær en séra Eiríkur telur að ból þýði það sama og bær eða býli.<sup>215</sup>

Eiríkur Þorleifsson hafði meira að segja um málefni sem tengdust hinum óársetta máldaga Þóroddsstaðarkirkju. Hugleiðingar sínar skráði hann í opnu í kirkjustól Þóroddsstaðar sem hefur orðið auð við innfærslu prófastsvisitasíu árið 1804. Fyrst kemur texti sem er nánast samhljóða fyrstu línunum í óársetta máldaganum (skjali nr. 2 (79) a-b) en síðan koma ályktanir Eiríks um ítök í Náttfaravíkum. Þ.e. ítök fimm kirkjustaða og Garðs í Aðaldal í Náttfaravíkur og gagnkvæm ítök eða réttindi Þóroddsstaðar. Þóroddsstaður eigi hjá Reykjadalstöðum (Grenjaðarstað, Helgastöðum og Múla) ítölur, sem svarað hafi árlegum afréttartolli til Þóroddsstaðar fyrir fjárrekstur þeirra í Víknaafrétt, og hið sama hjá Garði í Aðaldal, Ljósavatni og Hálsi fyrir fjárrekstur í búfjárhaga hjábýlanna, Naustavíkur, Vargssness og Kotamýra, milli Svínár og Hvanndala, eftir að þau fóru í eyði.

„Afréttin“ hafi í „gamla daga“ ekki álitist ala öllu fleira hagagöngufé en frá Reykjadalstöðunum:

... og hefur hun þa verid brúkuð á austanverðum náttfaravykur dölum endilaungum til vesturdals ár milli síóar og Jökla, enn upprekstur þangað úr siálfri náttfaravýk þegar Fé var á Sió þangað flutt utani bakrángafiall, eður upp nátt fara vykur Skarð á Siálfa dalina, ella hefur sú af rétt á hvanndölum verið.

Þessar ítölur taldi prestur niður fallnar, þar sem Reykjadalstaðir (þá á hann við Grenjaðarstað og Múla) hefðu tekið undir sig ítölur Þóroddsstaðar í rekum á Fljótssandi og endurgjald Helgastaða, skógur í Mánafeili, löngu eytt og hafi ítakið því fallið niður eða eins og segir í ályktun séra Eiríks:

... hvörn skóg Helgastaða menn hafa i ond verdu keipt fyrir hálf hundrad til þess að hans árlegu nytjar héðan árlega skyldu borga HelgaStaðar afrettartoll,

<sup>215</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b.

og að HelgaStaðar afréttar Jtala hafi þá með öllu niður lagst sýna fornallda vitniss burðir haalldraðra ráð vöndustu manna (og það svo leingi að 100 ára öldum hefur skipt, uns prestar síðar er ekkert af þessu vissu hófu að niu að kalla til afréttar fyrir ekkert þegar sú þekking var alldeilis töpuð að þeir vissu það hvar eða hvar i vykum su sana afrett þa væri.

Segir Eiríkur staðfesta máldaga Háls, Ljósavatns og Garðs sýna, að „afréttin“: hafi slett ekki verið i þeim parti milli hvandala og Svinar endilángrar ...

Ennfremur að Reykjadalssstaðir hafi aldrei átt „afrétt“ í Kálfagrafaparti. Það staðfesti Helgastaðamáldagar, og Grenjaðarstaðarmáldagar skilji þá „afrétt“ frá bóla-eða býlalöndum, þar sem þeir eignuðu sér aðrar ítölur. Þetta staðfesti vitnisburðir Einars Hallssonar og Einars Runólfssonar, og sá fyrri sýni, að á dögum Jóns biskups Arasonar hefði öllum komið á óvart tilkall Reykjadalssstaða til „afréttar“ í hjábýlalandinu milli Svínár og Hvanndala.<sup>216</sup>

Í tilraun sinni til að komast til botns í því hver ætti réttmætt tilkall til Náttfaravíkna samdi séra Eiríkur Þorleifsson gríðarlanga greinargerð sem er dagsett 11. desember 1840. Hann greinir þar frá því að máldagar Grenjaðarstaðarkirkju, sem nefni „afrétt“ í Náttfaravíkum og í beinu framhaldi hvalítak fyrir alla Náttfaravík, sýni ljóslega að í elstu tíð hafi hluti landsins verið byggt og ekki verið kallað „afréttarland“. Það sem máldagarnir kalli ból, þ.e. Ystaból og Miðból, telur hann að eigi að skilja sem bæi því að annars hefðu máldagarnir talað um vermannaból. En landið hafi af sýnilegum merkjum og bæjaheitum verið byggt er þessi gjöf var gefin úr „afréttinni“ og byggðarlandinu forna, sem hafi aflagst eða verið komið í eyði þegar í tíð Auðunar biskups. Nefnilega Vargsnes hjá ystu lendingu og Samtún hjá mið lendingu en fyrir Syðstabóli eða Naustavík hafi Grenjaðarstaður aldrei átt neitt.

Svo virðist sem þegar máldagar Múlakirkju geti þeirrar fornu „afréttar“ staðanna í Reykjadal þá vísi þeir til réttar afstöðu vestur af Fljótssandi. Það komi heim og saman við hið til forna á Vesturdal eða fyrir vestan Svíná kallaða Helgastaðasel sem Kotamenn kalli nú bæði Helgastaði og annað prestssetrið þrátt fyrir það að engin merki séu sjáanleg um að þar hafi nokkurn tíma staðið bær og þaðan af síður kirkja eða grafreitir ólíkt Ytra-Samtúni. Því enn séu menn á lífi, Þorsteinn Bergsson, Jón Sturlason og Guðmundur Pétursson, sem hafi heyrt að þar hafi Helgastaðasel staðið til forna. Þeir tveir fyrstnefndu hafi komið á staðinn og segja augljóst að þar hafi aldrei bær staðið heldur lítil og mjög forn selstaða.

Hann segir að máldagar þessir hagi orðum eins og aðrir máldagar sem eignir sér lönd og reka fyrir löndum eða ítölur í löndum og rekum fyrir eða beint undir sömu löndum. Ekki sé hægt að mótmæla því enda segi Landnáma berum orðum að landnám Þóris hafi verið fyrir innan Skuggabjörgin öll og sé einungis Kinnin milli Skuggabjarga og Ljósavatnsskarðs við takmörk Landamóts því að þangað hafi að

<sup>216</sup> Skjal nr. 2 (175) a-b.

framan Ljósavatnsskarð verið numið. Af þessu megi því ljóst vera að Skuggabjargaparturinn yfir þvert landið austur frá Skjálfandafljótsósi og til vestara fjallgarðs á Náttfaravíkur „afréttardöllum“ hafi tilheyrt Náttfaravíkum til forna. Nánar tiltekið innan frá Fljótsósi og út að Svínárósi sem við Galtafjallshorn í aðal Náttfaravík til sjávar fellur skammt fyrir sunnan hinn forna „afréttar-“ eða byggðarlands vörslugarð.

Af þessu megi sjá að bæði máldagar Grenjaðarstaðar og Múla noti sams konar orðalag þegar þeir nefna „afréttargeldfjár“ tiltölu sína í Náttfaravík. Hann telur þar rétt að orði komist því aðal Náttfaravíkin, eftir hverri sú heila síða hafi tekið nafn sitt, og lendingarfjörur hennar beggja vegna Svínáróss liggja sunnan við hinn forna byggðarlands vörslugarð. „Afréttarpartur“ staðanna, sem ekki sé hægt að sanna að hafi nokkurn tíma náð svo langt út vestan við Svíná, heldur Kálfagrafaparturinn sem ystur var í „afréttinni“ og ætíð fylgdi landi býlanna meðan þau voru í byggð, sá svokallaði partur liggja fyrir lendingafjöru Náttfaravíkur. Af ofanskriðu og máldögum Grenjaðarstaða megi sanna að eftir að þeir geta „afréttarinnar“ í Náttfaravík breyti þeir strax orðalaginu og eignu Grenjaðarstað hvalreka tiltölu fyrir allri Náttfaravík. En hægt sé að sanna að engir máldagar bregði fyrir sig svo ólíku orðalagi þegar þeir tali um einn og sama hlutinn. Hér komi máldagar Helgastaða til bjargar en þeir sýni ljóslega að umrædd „afrétt“ þessa þriggja staða sé sameignarland þar sem Helgastaðir eigi alla grasnyt sem landið í fornaldarblóma sínum sýndist geta framfært fleira fé en tiltekið var að hinir staðirnir skyldu á þeirri tíð eiga. Það sanni að þessi „afrétt“ hafi verið þar og hennar sé einungis að leita þar sem land Náttfaravíkur nái hvergi að sjó. Að öðrum kosti hefðu Helgastaðir átt allan bitþarann með bithaganum, móvið allan og allt sjávarúthald eða lóðarfisk vermannna í verstöðuvíkunum þar og allan reiða fyrir landi þar. Máldagarnir eignu hins vegar Helgastöðum nú ekkert landsleigugagn sem til sjávar nái. „Afréttarinnar“ sé því annað hvort að leita á Náttfaravíkurdal fram frá Illagili fyrir vestan Svíná eða þá úti á Hvanndöllum.

Eiríkur telur að hægt sé að fá fulla vissu fyrir því að þeir máldagar, sem lýsi tiltölu Grenjaðarstaðar til hvals fyrir allri Náttfaravík, án þess að geta örnefna, meini alla sjávarsíðuna til „bríkur annes út“. Sjálf lögum landsins mæli svo með því að sannast myndi hvað dómendur dæmdu þar um ef réttur uppdráttur væri gerður af landinu þaðan og inn til Litlufjöru. En nú komi til máldagar sem innan þessara höfuðtakmarka nefni líka önnur kennimerki eftir stærð þeirra tiltölu, t.d. Munkaþverár sem lýsi því að eign klaustursins sé milli Svínáróss og Ófeigshellis. Þóroddsstaðarmáldagar sýni hins vegar að Munkaþverá eigi ekki trjáreka í Víkum og það sama eigi við um hvalrekann þegar máldagar Grenjaðarstaðar komi í sameignarrekafélagið á þessum parti. Í máldögum klaustursins segir: „Um alla Náttfara vyk frá Svína til Ófeigshellirs“. Það sanni hins vegar ekki að sjávarsíðan fyrir utan og innan þessi örnefni hafi ekki líka verið kennd við Náttfaravíkur. Enda sé þetta

alllangur partur sem átt var við í daglegu máli þegar sjómenn sögðust ætla að ferðast út í Vík eða út í Víkur af því að bátslendingar- og sjávarúthaldsfjörur hófust fyrst við Svíná. Svíná nefni staðfestir máldagar í Náttfarvík en ekki við hana, einnig í Víkum en ekki við Víkur. Því noti Munkaþverárklaustursmáldagar orðalagið um alla Náttfaravík meðan máldagar Þóroddsstaðar orði það á eðlilegri hátt, þ.e. ekki sem heilt land heldur sem hluta úr landi.

Þóroddsstaðarprestur segist hafa sýnt fram á eftirfarandi atriði annars staðar:

a) Háls hafi til forna aldrei dirfst að eigna sér tilkall til hval- og trjáviðarreka milli Svínár og Ófeigshellis.

b) Hvílíkt ósanninda tálskrif það sé sem eignir Hálsi sjöttung alls reka sem fyrst eigi að takast af þvert á móti vitnisburði máldaga Þóroddsstaðar sem ljóslega segi að eignarhluti Þóroddsstaðar sé:

... alls Hvals það er af ollum Hvalreka og í triárekanum égi hann, öll tre skemri enn 20 feta, og 20 Feta fullra enn óskérda 2 þriðjunga alls stærri vidar

...

Samkvæmt því eigi klaustrið einn þriðja part rekans óskertan.

c) Hálsmáldagar hafi aldrei til varúðar verið við Þóroddsstaðarskjöl því að engin ítala hafi þaðan frá fornri tíð í Víkum krafin verið fyrr en séra Jón Þorgrímsson tók upp á því. Hans bréf hafi síðan verið að finna við Þóroddsstað og sýni þau best sjálf hversu réttmætt hans tilkall sé í samanburði við máldaga.

d) Að orð máldaganna séu ljós og sýni að þessi tiltala sé nefnd í Náttfaravík, þ.e. í sjálfu landinu en ekki í reka né öðru en um réttan skilning orðalags þeirra fæst við skoðun Ljósavatnsmáldaga.

e) Hann hafi sýnt á háum stöðum að Þóroddsstaðarmáldagar ávísu rétt hvalskipti milli reka hlutaðeigenda í Víkum, þ.e. að Þóroddsstaður eigi fyrstu vættina af hverjum tólf, svo skuli halda áfram að vega fjórar vættir í þann köst, síðan klaustrinu fjórar vættir í annan köst, svo Grenjaðarstað þrjár vættir og byrja svo aftur á Þóroddsstað. Samkvæmt því hefði Þóroddsstaður átt að fá 50 vættir í sinn hlut af hvalnum sem rak fyrir utan Svíná 1780 en klaustrið 40 vættir og Grenjaðarstaður 30. En séra Jón hafi eignað sér undir réttinda yfirsíni sjöttung með nú augljósri lygi í opinberu bréfi um eignarrétt í rekum milli Svínár og Hvanndalaár, jafnvel hinar ytri frá Hálsi sem fyrst ætti úr að skipta rekum þessum bæði af hval og trjávið. Þetta átti að vera gert í krafti máldaganna til þess að sýna fram á réttmætan málstað í bréfinu frá 1780 en fráleitt orðalag máldaganna sem þar er tilfært sýni að séra Jón hafi ekki treyst sér að sækja það á hendur réttum eigendum ef þeir hefðu viljað halda. Þrátt fyrir þetta hafi honum tekist að vefja málið fyrir Sigurði Oddssyni á Ljósavatni sem átti ekkert tilkall þar í. Hann segir að þau ungu skjöl, sem finnast á Hálsi og séu ósamhljóða skinnmáldögum, séu runnin undan rifjum séra Jóns og orðin til í því þrætumáli sem hann átti í við Sigurð. Þetta megi sjá af því að enginn af þeim eldri biskupum hafi séð þessi skjöl á Hálsi og innfært þau sem máldaga fyrr en núverandi biskup gerði það

vegna þess að hann fann það ekki sem máldaga við biskupsskjalasafnið en þaðan hafi hann sent amtinu staðfest afrit af hinum réttu máldögum.

Krafa Jóns árið 1780 var samþykkt þannig að af 120 vættum var honum eftir lýsingu bréfsins skipt 20 vættum þótt hann ætti ekkert að fá fyrir en hann útvegaði staðfest afrit máldagans sem hann aldrei gerði. Grenjaðarstaður fékk af 100 25 og síðast klaustrið 25 af þeim 75 sem eftir voru. Þannig missti Grenjaðarstaður 5 en klaustrið 15 vættir en Þóroddsstaður náði sínum 50 vættum svo að Háls hefði enga hefð til hluta hans í hval. Hann bendir á að eftir skiptin hafi Lárus heitinn Scheving klausturhaldari komið til Þóroddsstaðar og verið bálvondur yfir þeim og því ættu þau nú að álitast ófrjáls aðtekt og þjófsgjöf frá opinberum aðilum til Hálsmanna. Það sé óforsvaranlegt samkvæmt vitnisburði máldaga að ætla að Háls eigi nokkurn rétt til þess eins og amtið hafi úrskurðað í málinu 10. nóvember 1829. Skjöl Þóroddsstaðar sanni að hefðarlýsing séra Jóns geti allt eins verið röng en þau beri með sér og geti þess hvergi að þessi ítala í rekanum milli Svínár og Hvanndala hafi þekkt til forna og í raun ekki fyrir enn séra Jón tók upp á því þrátt fyrir að séra Ólafur Tómasson á Hálsi hafi verið mjög héraðsrikur á sinni tíð og sonur hans séra Gamaliel hafi haldið Þóroddsstað.<sup>217</sup>

Séra Eiríkur segir að máldagi Garðs í Aðaldal sé langelstur allra höfuðmáldaga og sé eldri en Auðunar máldagar. Þar komi fram að Garður eigi

... afrettar gaungu fyrir sitt afrettarfé í Kalfagrafa Partinum sem ystur var í Náttfaravykna fornu afrétt, og lá fyrir Nattfara vykur afrettardals megin á svinar vestur sidu og fyrir Nattfaravykur lendingar fiöru til afrettar gards ute, vill auglioslega sýna að á þeirri tíð þá hann saminn var hafi ytra landið byggt verid og haft her sína afrett, enn stadirnir í Reikiadal hafi átt sína samEygner afrétt þar fyrir framann á Náttfaravykur afréttar dölum, i hvörri alls aungvir menn adrir hafa svo mikid sem eina þúfu fyrir afrettar fé með réttu átt ...<sup>218</sup>

Hann bendir á þó að landkostir virðist litlir nú fyrir svo margt fé þá hafi landið verið mun gróðursælla áður fyrir því að nú sé svo mikið af því blásið upp í blámel, skriður og grjót. Sömuleiðis hafi landið verið gróið kjarnmiklu grasi hátt og lágt og að féð hafi komist út í Kálfagrafapartinn og einnig í ytra landið þótt garður hafi hlíft landinu þá hafi hann varla náð svo hátt til fjalls að ekki mætti komast fyrir hann með tíð og tíma. Einnig hafi féð komist inn í „afréttarfjöll“ Granastaða og jafnvel fram á Seljadal. Hann telur að staðirnir í Reykjadal hafi til forna ekki nýtt sér reglulega umrædda „afrétt“ á framanverðum Náttfaravíkurdölum og því hafi verið uppi talsverð óvissa um þeirra rétta eignarland. Einkum og sér í lagi með hliðsjón af Þóroddsstaðarmönnum sem virðist hafa eignað sér alla vestanverða „afréttardali“ Náttfaravíkur, þ.e. af vestur fjallabrún til Svínár niður og svo langt sem hún ráði fram

<sup>217</sup> Ólafur Tómasson hélt Háls 1577-1628 og Gamaliel sonur hans Þóroddsstað 1599-1608, sbr. Sveinn Niélsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 297-298.

<sup>218</sup> Skjal nr. 2 (74) a-b.

til jökla. Aðallega vegna þess að landamerki fornra og nýrra skjala Þóroddsstaðar, sem fá staðfestingu af staðfestum máldögum Hálsstaðar, séu líkt og máldagarnir undantekningarlaust um endilanga Svíná. Engu að síður hafi landið verið notað nógu oft af Reykjadalssstöðunum til þess að þeir vissu hvar „afrétt“ þeirra var forðum. Þetta megi sjá á sáttasamningsbréfi séra Illuga Helgasonar er hann skrifaði séra Bjarna Gamlasyni á Grenjaðarstað 1614 sem sýni notkun í heilan mannsaldur eða 80 ár. Eiríkur telur þó að séra Bjarni hefði ekki hikað við að gera tilkall til „afréttarinnar“ líkt hann gerði tilkall til verstöðuvíkna landsins hefði hann treyst sér til þess og ekki vitað að Grenjaðarstaðar „afréttarítölu“ var þar hvergi að vænta. Þetta sýni bann séra Illuga frá 1638 þar sem fram komi að flestir, sem rekið hafi í Víkur með leyfi Þóroddsstaðarprests, hafi aldrei rekið „afréttarreksturinn“ lengra en út fyrir Svíná, ýmist í fjöruna fyrir sunnan „afréttargarðinn“ eða á dalina áður en Kotamýrabýlið var byggt í Kálfagrafapartinum. En nú sé aðeins eftir af Kálfagrafapartinum sá landstrimill er sjá megi milli „afréttargarðs“ og Galtafjallsenda eða Svínárós við áðurnefnt horn og Náttfaralækjar til fjallgarðs upp. En í þessum landstrimli eigi Garður í Aðaldal „afréttarítölu“ fyrir fé sitt, þ.e. aðeins í Þóroddsstaðarlandi en ekki landi hinna sem að fornu ráku ætíð fé sitt yfir Náttfaravíkurskarð og hleyptu því aðeins yfir ána í sameignarparta sína og skildu oft við það austan við téða á. Því eins og bréf séra Bjarna sanni yfir 80 ár, sanni innsiglaðir vitnisburðir í dómi Guðbrands biskups frá 1580 ekki aðeins að í tíð máldaga Ólafs biskups hafi Þóroddsstaður átt verstöðuvíknalandið allt til fjalls og fjöru, heldur sanni vitnisburður séra Einars Hallssonar enn lengra aftur, þ.e. til daga Péturs biskups. Þar komi fram að fyrstu deilur út af verstöðuvíkunum hafi verið runnar undan rifjum Helgastaðaprests í tíð biskups Jóns Arasonar. Sú deila hafi komið öllum á óvart, jafnt eldri sem yngri mönnum, og allra elstu menn hafi hvorki vitað til né heyrð allra elstu menn í sínu ungdæmi halda öðru fram en að Þóroddsstaður hefði átt allt verstöðuvíknalandið sem vitnisburðurinn sanni fram á daga Péturs biskups. Þeir hrekkir, sem beitt var í málinu, sanni enn betur að Reykjadalsprestar hafi séð hvað allir myndu bera um þetta atriði og hvað prestar norðanlands myndu dæma í því máli. Því létu þeir reyna á hvort ekki myndi betur ganga ef ókunnugir prestar yrðu kallaðir til en ljóst er að ekki hefur það skilað þeim tilætluðum árangri því að Helgi ábóti, sem átti að dæma í málinu, sá að tilkallið var óréttmætt og setti því deiluna niður.

Af máldögnum megi ráða að byggð hafi að mestu lagst af í Víkum í tíð Auðunar biskups og að byggðarlandið hafi verið notað frá Þóroddsstað sem „afrétt“ er fylgdi heimalandinu. Á þeirri tíð muni hafa þótt gott að eiga göngufé í Víkum og þar sem Ljósavatn fylgdi tíðast Þóroddsstað frá upphafi þá sé sennilegt að Þóroddsstaðarprestar hafi lénað Ljósvetningum sjöttungs umráð í landinu til geldfjárgöngu gegn gjaldi. Nú eða þá að Þóroddsstaðarprestar hafi sjálfir lénað Hálsmönnum þriðjung þar af og að þessi samningur hafi verið kominn á þegar í tíð Auðunar biskups og því verið innfærður í máldaga. Það sé alls ekki ólíklegt því að á

Hálsi hafi þá verið svo mikið húsatimbur að fá sem gagnast hafi bæði Ljósvetningum og Þóroddsstaðarprestum. Vitnisburður séra Einars Hallssonar virðist líka benda til þess að hann hafi vitað að viss ítala til geldfjárgöngu hafi fyrir rétt endurgjald verið lénað í verstöðuvíkunum, t.d. Garði í Aðaldal, upp af verstöðu þeirri sem lá fyrir „afréttinni“ fornu en viðun í Staðarholti borgaði það og Ljósvetningum sjöttungs umráð á heila landinu sem Reykjadalssstaðirnir áttu ekkert í. Staðfestir máldagar Hálskirkju sýni ljóslega takmörk landsins frá norðri til suðurs sem sé:

... milli Qvandala (edur rettara sagt á millum Jnnraqvandals) og Svínár, [yfístrikað: nefnilega] það er frá hædstu brún og middiki Hágangna fjalls í millum innra Qvandals og Hágaung[u?] lágur á sunnanv[erdu] fjallinu, edur af Há fjallinu beint nedan Ófeigshellir [í inn?]ra Haugshorni til Svínár undanþekningar laust allt svo endilángrar, í það minsta til Jllagils, þágangad sem Kálfagrafa Parturinn forni náði sem ad gamallra manna sögn til heirdi ytra landinu þar til kot það var býggt er í afrettinni fornu stendur nú ...<sup>219</sup>

Orðalag í þessum staðfestu máldögum og í fornum og nýjum skjölum Þóroddsstaðar bendi til þess að Þóroddsstaður eigi alla Náttfaravíkurdali þeim megin Svínár fram í gegn. Þessir staðfestu máldagar, sem séu jafn gamlir og máldagar Reykjadalssstaðanna, þ.e. úr tíð Auðunar biskups, tiltaki Þóroddsstaðarland með skýrum takmörkum til fjalls á báðar síður þar sem Garður í Aðaldal, Ljósavatn og Háls hafi ítölu notið á þeirri tíð. Máldagar Grenjaðarstaðar sýni njótendunum ljóslega að „afrétt“ staðanna sé á ákveðnum stað sem máldagar Helgastaða upplýsi að staðirnir þrír eigi saman út af fyrir sig. Þessi „afrétt“ staðanna sé, samanborið við höfuðmáldaga Þóroddsstaðar og forna hefð sem teygi sig aftur fyrir elstu höfuðmáldaga, ekki þar sem landið nær til sjávar en orðalag Grenjaðarstaðamáldaga virðist hvað þetta varðar vera samhljóða Helgastaðamáldaga og það myndu Grenjaðarstaðarprestar sjá ef þeir horfðu rétt á.

En nú virðist allt stefna í að landið verði með ofríki ranglega haft af Þóroddsstað líkt og þegar séra Bjarni Gamlason útbjó falsvitni til rangs dóms. Þess var krafist að sá dómur yrði rifinn og honum eytt en það hafi ekki enn þá gerst. Séra Eiríkur mótmælir því öllum þeim skjölum Reykjadalssstaðanna sem varði umrædda „afrétt“ í Víkum og séu runnin undan rifjum séra Bjarna ásamt yngri skjölum sem af þeim séu leidd. Hann krefst þess að þau verði gerð ógild og þeim eytt svo að þau komi ekki til með að villa um fyrir aðfluttum prestum sem viti ekki betur en að skjölin, sem upphaflega urðu til af ásælni og ágirni, séu réttmæt.

Næst snýr séra Eiríkur sér að kaupbréfi Skriðu sem hann segir að sé einungis byggt á sögn Margrétar um að Skriða ætti „afrétt“ fyrir sjálfa sig á Hurðarbaki. Ekki sé ljóst að átt sé við allt landið heldur aðeins landið fyrir rekanum í vestanverðu fjallinu sem þá hafi allt verið gróið kjammiklu grasi. Kotamýramenn segi að grasgeirar þeir, sem þar sé enn að sjá en fari nú þverrandi, séu enn í dag miklu betri en

<sup>219</sup> Skjal nr. 2 (74) a-b.

landið vestan við ána og vel megi vera að með Hurðarbaki sé átt við urðarbak. Margrét hafi því misheyrt á tal gamalla karla um að fjallið upp yfir rekanum hafi fyrrum verið kallað Urðarhali. Þar sem að orðin séu svo lík og Urðarhali réttnefni þurfi að sýna fram á fleiri trúverðug fornskjöln en einungis þetta eina kaupbréf þar sem Hurðarbak komi fyrir. Hvað sem því líður þá sýni máldagar Munkaþverár að reki Þóroddsstaðar nái úr Svínárósi til Ófeigshellis og Hálsmáldagar að sami reki sé milli Hvanndala og endilangrar Svínár. Þetta sýni jafnframt klagan séra Odds á Alþingi um byggingu Kotamýra af Birni Magnússyni eiganda Skriðu að á þeirri tíð hafi enginn maður vitað annað en að Þóroddsstaður ætti með réttu þetta land eins og Hálsmáldagar sanna sé lagður réttur skilningur í þá. Þrátt fyrir að þessi bygging hafi hvorki verið kærð af stöðunum í Reykjadal né Þóroddsstað, en séra Oddur slepti skömmu síðar brauðinu og fór til Möðruvallaklausturs, þá hafi óánægjan yfir þessu verið mikil. Því hafi m.a. verið lýst að Skriða ætti ekki með réttu land þeim megin Svínár því að annars hefði Benedikt lögmaður ekki leitað vitnis um það sem sanni þó ekki meira en ofanefnd klagan. Þ.e.a.s. að Björn Magnússon eigandi Skriðu hafi látið byggja þetta kot, að eigendur Skriðu og engir aðrir hafi tekið landskuld af því og að byggingin hafi ekki verið kærð til þings.

Hann segir að enn séu á lífi menn eins og Stefán Hallsson, uppalinn á Kotamýrum, sem heyrt hafi það nefnt að Kálfagrafirnar sjálfar hafi kallaðar verið í og undir fjallbugtinni upp frá bænum á Kotamýrum og út og suður.<sup>220</sup> Einnig hafi gamlir menn sagt að Skriðuland fyrir austan ána hafi ekki náð lengra suður en í Sjómannaklauf og Björn hafi eignað sér í Illagil hinum megin vegna hversu líkt það var. Menn hefðu því rekið á framdalin einn og áður allt þar til Jón sýslumaður lögfesti hann allan undir Skriðu jafnt að austan sem vestan. Þá jafnt sem nú hafi verið deilt um land þetta og sýslumaður vitað innst inni að Skriða ætti ekki landið með réttu. Í erfiðri banalegu gaf hann jörðina fátækum í sömu sveit, sem hann vissi að voru réttir eigendur, til þess að lina þungann af þessari byrði. Síðan hafi landið verið í eigu fátækra og nú vanti aðeins 30 ár upp á að kotið, sem byggt var í embættistíð séra Gunnlaugs Jónssonar, verði 200 ára. Reykjadalstaðir hafi því sannanlega ekki þeirra sameignar „afrétt“ átt svo að hún sé þeim ekki fyrir fullt og allt töpuð en hennar sé ómótmælanlega ekki að leita fyrr en á Hvanndölum. Það sýni bæði Grenjaðarstaðarmáldagar, sem haldi fram ítölulýsingum sínum þar frá norðri og suður eftir, og Helgastaðarmáldagar sem berlega sýni að „afrétt“ staðanna sé hvergi þar sem Helgastaðir hafi í hennar skyni getað náð til fjörugagna.

Séra Eiríkur segir að sjá megi á máldaga Auðunar biskups frá 1318 að jarðirnar Ófeigsstaðir, Torfunes og Gönguskarðslandið séu ekki heimaland

<sup>220</sup> Stefán Hallsson (1. júní 1790-3. mars 1862) fæddur á Reykjum en fór ungur í föstur til Sigurðar Þorsteinssonar á Kotamýrum. Hann var bóndi í Tungugerði á Tjörnesi 1816-1817, Kvíslarhóli 1817-1821, flutti að Naustavík 1830 og þaðan inn í Fjörður en árið 1844 flutti hann með séra Magnúsi Sigurðssyni suður í Borgarfjörð en er kominn aftur 1860 og er þá vinnumaður á Héðinshöfða, sbr. Indriði Indriðason og Brynjar Halldórsson: *Ættir Þingeyinga* XIV, bls. 41.



Þóroddsstaðar heldur lönd sem kirkjan hafi fengið að gjöf. Hann telur að leiða megi líkur að því að annaðhvort hafi sá Ófeigur, sem Ófeigsstaðir séu kenndir við, fyrst búið í Víkum og átt allt land utan frá Ófeigshelli og inn í Hvanndal til Svínár áður en hann byggði Ófeigsstaði eða hann hafi eignast land þetta síðar og lagt það að lögum undir Ófeigsstaði. Ófeigur hafi þá einnig tekið af lögbyggð þar og að ytra takmarkið á landeign hans í Víkum, þ.e. Ófeigshellir, hafi líkt og Ófeigsstaðir þegið nafn sitt af honum. Sá partur hafi síðan fylgt Ófeigsstöðum þangað til að þeir með öllu landi þar og hér urðu eign Þóroddsstaðar. Þetta telur séra Eiríkur vera ástæðu þess að séra Sturla, sem greindi Auðuni biskupi frá eignum staðarins, hafi ekki nefnt umræddar vikur sérstaklega því að hann hafi álitnið það sem annað Ófeigsstaðaland sem hann segði allt saman undantekningarlaust tilheyrði Þóroddsstaðarkirkju. Það staðfestist enn fremur þegar kemur að rekanum en samkvæmt máldaganum á Þóroddsstaður öll álnarlöng kefli og smærri tiltölulaust. Þau kefli, segir hann, tilheyri ómótmælanlega hverri jörð og séu eign landsdrottins samkvæmt lögum, sem séu enn í gildi,<sup>221</sup> og eftir öllum máldögum. En þar sem máldaginn undanskilur hvort tveggja 20 feta tré og 2/3 hluta af tólf tung í hvalreka, sem tilheyri þó Þóroddsstað, sýnir það að þetta hafi verið lénað einhverjum, líkast til Hálsi. Þessi 2/3 hluti af tólf tungi svari til þess að Hálsmenn hafi haft þriðjungs not af sjöttungs léni Ljósvetninga í landinu sem Þóroddsstaður lénaði þeim. Hafi Þóroddsstaðarprestar í velvildarskygni lénað þeim samskonar hlut af hvalrekanum auk allra 20 feta trjáa gegn því að fá timbur úr Hálsskógi eins og vitnisburður séra Einars Hallssonar staðfesti. Háls máldagar gátu með sama rétti nefnt sjöttung saman við Ljósvetninga hér þó að þeir hefðu ekki hálf not heldur þriðjungs not. Séra Eiríkur telur þó líklegast að Þóroddsstaðarmenn hafi hvort tveggja lénað Ljósvetningum tvo hluti af ofan nefndum sjöttung úr landi í Víkum milli Hvanndala og Svínár til geldfjargöngu og Háls mönnum, en ekki Ljósvetningum, þriðjungs not öll af sama sjöttungi í landi þessu ásamt ofan nefndum rekahlunnindum. Að ofangreindum ástæðum sé því ekkert að marka þó að séra Sturla hafi næstum gleymt að minnast á ítölu Þóroddsstaðar út frá Ófeigshelli.

Hvað máldaga Péturs biskups og Ólafs biskups varðar hefur séra Eiríkur ekkert að athuga nema hvað að sjá megi á máldaga Ólafs biskups að kirkjunni hafi áskotnast í talan frá Bjarnará til Senningarvíkur. Af máldaga Jóns biskups Arasonar fyrir Ljósavatni megi sjá að sjöttungi Ljósavatns í Víkum hafi verið skilað Þóroddsstað aftur. Yngri máldagar Þóroddsstaðar sýni það sama hvað Hálsstað varðar og sérstaklega þriðjung hans af sjöttungi hvalreka sem og 20 feta tré úr trjárekanum sem Háls mönnum virðist hafa verið lént af reka í Víkum frá Þóroddsstað gegn einhverju í staðinn. Þessir máldagar sýni þó ljóslega að sá samningur sé ekki lengur í gildi. Máldagarnir, sem eru miklu eldri en Sigurðarregistur, voru árið 1580

<sup>221</sup> Í Jónsbók segir: „Ef maður kaupir reka af landi manns að lögmáli réttu og skilja þeir það eigi gjör en svo, þá á landeigandi af fjöru þeirri álnarlöng kefli öll og þaðan af smæri.“, sbr. *Jónsbók. Lögbók Íslendinga. Hver samþykkt var á Alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578*, bls. 200.

viðurkenndir sem órækir og gamlir er Guðbrandur biskup dæmði þá gilda. Í dómnum tilfæri biskup orð máldaganna um öll tré 20 feta og þaðan af skemmri, en dómnum verði ekki hnekktt vegna þess, því að allir staðfestir máldagar geti Þóroddsstaðar, sem landsdrottinn og eignarmanni téðrar lóðar og lands tilheyri að lögum öll álmarkefli og öll sönn landsleigugögn til lands og sjávar.<sup>222</sup>

Eiríkur Þorleifsson skráði í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905 að Naustavík og Vargsnes væru hjáleigur Þóroddsstaðar. Fyrra býlið sagði hann í byggð en ekki hið síðara. Einnig kemur fram hjá honum að Staðarprestar hafi ekki fengið ítölur í Náttfaravíkurménningum og í Víkurreka yst á Flateyjardal. Meira er sagt um málið í kaflanum um Þóroddsstað.<sup>223</sup>

Ágreiningur um rekaitök Háls í Fnjóskadal í Náttfaravíkum stóð alllengi (sjá kaflann um Háls hér á eftir). Hér á eftir verður tekið upp það, sem varðveitt er í Þóroddsstaðarskjölum:

Eiríkur Þorleifsson Þóroddsstaðarprestur skrifaði Þorsteini Pálssyni aðstoðarpresti á Hálsi 30. janúar 1836 m.a. um Náttfaravíkurménningum. Þar sagðist hann gramur yfir því hversu illa forverar hans hafi varið eignir kirkjunnar og ekki komið í veg fyrir að ítölur kæmist á land kirkjunnar. Ítölur þessar telur hann svo fráleitir að allir réttir máldagar, sumir með berum orðum en aðrir með samanburði, sýni veruleg ósannindi. Þar með vill hann telja tilkall Hálsstaðar til sjöttungs reka í Víkum (Náttfaravíkum) sem skuli fyrst takast af. Ekki eingöngu staðfestir máldagar Þóroddsstaðarkirkju heldur einnig máldagar Hálskirkju sýni berlega að það sé ósatt. Borið saman við Ljósavatnsmáldaga megi sjá að Ljósveitingum hafi verið fenginn sjöttungs hlutur í búfjárhaga hjábýla Þóroddsstaðar milli Hvanndala og Svínár til geldfjárgöngu á sumardag og bátsuppsátur í Náttfaravík við Svíná. Þessi hjábýli, þ.e. Kotamýri, Naustavík, Samtýni, Skálavík og Vargnes, hafi þá öll legið í eyði. Í staðinn hafi Þóroddsstaður fengið 16 part alls hval- og trjáreka á Ljósavatnsreka og líka alla flutninga uppflutta á sama reka. Þóroddsstaðarprestur segir að þessi staður hafi sama hlutfall haft annars staðar á Fljótssandi, sem í máldögum og í daglegu tali kallist í millum ósa, hjá Grenjaðar- og Múlastöðum. Það ítak eins og máldagarnir sýni að það hafi verið hefur á þeirra tíðar rekaárum þótt nægilegt árlegt endurgjald fyrir:

... allra hér nefndra Stada lientu endur gialds Itolur, svo vel Liósavatns í bufiár Haga, sem hinna í afréttarlandi fyrir sunnann Svíná, nefndum Skiptum hafa nú fyrir laungu sidan allir þessir Stadir upp sagt siálfir, með því að taka undir sig nefndt Endurgjald, er Liosvetningum serilagi hefur erfídt þókt til fullnustu einungis af sínum Parti ad svara, og hafa því feingid Hálsmanna Samþikki til þess, ad það til Jafnadar og svo mætti takast af þeirra Parti, enn þeir skyldu þar á móti hafa Jöfn not vid Liósveitinga af þeirra endurgjalds itolu hiá Býla landi þessa Stadar milli Hvandala og Svínár, þessar Sönnur

<sup>222</sup> Skjal nr. 2 (74) a-b.

<sup>223</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

liggia bædi i hlutarins nátturu sem nefndra Stada Máldaga samann burdi við sömu tidar máldaga hér, er og sýna innbýrdis samanbornir, að nefnd ítala frá Liosavatni og Hálsi í ádurteðu hiá býla landi, hefur verid stöpul, líklega sökum bædi þess, að landid hafi stundum býgt verid, edur og hins, að þá bádir sídarst nefndir Stadir áttu sér öllu hægri afrétt, hafi þeir medan þessi Stadur naut hiá þeim ádur nefndrar Endur gialds Jtölu, heldur tilkosid sér 2/3iu parta af 12túngi Rekahval og öll þaug tré, sem þessi Stadur einnsaman átti leingst i Rekanum nefnilega þau sem voru rétttra 20 feta edur 10 ál., enn það Pergaments Skial á Hálsi, hvört að lysir eptir reka 6ungi hvals og vidar i Vykum er fyrst skuli af takast, verður bædi af öllum Máldögum, og sér i lagi þess undir skrift áhrærandi Sr. Ólaf Thómasson, eptir hvörn og liggia vitnisburdir her á Stadnum sannad að vera falskt svo og hafa nefndir Stadir þessa stadar Jtölu hiá sér, undir sig tekid, eins og hinir adrir, og skiptum þessum þar með upp sagt á bádar sidur ...<sup>224</sup>

Þóroddsstaðarprestur er þeirrar skoðunar að hlutaðeigendur hafi verið í fullum rétti með að segja upp ítölunum en ekki megi taka þær upp að nýju án samþykkis staðarmanna þó svo að hið forna og ónýta endurgjald væri goldið fyrir.<sup>225</sup>

Síðan kemur umfjöllun um Kotamýrar (sjá kaflann um þær).

Þorsteinn aðstoðarprestur á Hálsi skrifaði séra Eiríki á Þóroddsstað 20. desember 1839 um Náttfaravíkur. Því bréfi svarar hann 11. janúar 1840 og ræðir sátt sem þeir séra Eiríkur og séra Sigurður á Hálsi höfðu gert með sér. Hann segist ekki kannast við að vera skyldugur öðrum en séra Sigurði þann tíma sem hann var honum samtíða og hafði umráð Þóroddsstaðar eins lengi og sættin ber með sér. Hann segir að eftirlátsemi sín við séra Sigurð hafi sumpart verið bróðernissamningur en sumpart tollur fyrir frekryði sín við hann en ætti alls ekki að skoðast sem máldagi. Það geti heldur ekki staðist þar sem hann um leið afsalaði undan sér og Hálsi sama tilkalli í klausturrekann milli Svínár og Ófeigshellis. En það sé einmitt í sama rekarúmi og Grímur Jónsson amtmaður skipaði viðkomandi klausturhöldurum bréflega að inntala rekarétt frá Hálsi ítölulaust undir klaustrið.

Séra Eiríkur segist ekki vita til þess að Hálsstaður hafi fyrir rekanum staðfesta máldaga heldur aðeins eitt stakt skjal sem sé að vísu skrifað á skinn og innsiglað en yfirgnæfandi líkur séu á því að það sé falsbréf. Því til stuðnings megi benda á að það eigi að vera skrifað 1312, þ.e. áður en Auðunar máldagi frá 1318 var bréfaður en samt hafi bréfinu ekki verið framvísað við máldagagerðina 1318. Umrætt bréf á alla tíð að hafa verið geymt á Hólum en þrátt fyrir það hafi enginn Hólabiskup fært það inn í máldagabækur sínar. Það á að hafa fundist á Hólum árið 1506 af séra Ólafi Tómassyni en hann var prestur á Hálsi við lok 16. og upphaf 17. aldar eins og vitnisburður frá

<sup>224</sup> Skjal nr. 2 (111) a-b.

<sup>225</sup> Skjal nr. 2 (111) a-b. Jón Kristjánsson varð aðstoðarprestur á Þóroddsstað 17. júlí 1836 og fékk staðinn eftir séra Eirík Þorleifsson, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 299. Faðir séra Jóns Kristjánssonar var Kristján Jónsson dannebrogsmáður og umboðsmaður á Illugastöðum, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár* III, bls. 212-213.

1604 og 1613 sýni glögglega. Hann á að hafa fundið það 1506 en samt sé þess ekki getið í dómi Guðbrands biskups Þorlákssonar frá 1580 né ályktun hans frá 1613. Hann segir að fáir munu trúa því að bréfið hafi komið að Hálsi 1506 en svo dulist þar í svo langan tíma.

Hann bendir á að séra Sigurður hafi ekki lagt fram nein gömul skjöl við sættina heldur aðeins eina lögfestu séra Jóns Þorgrímssonar og óstaðfest afrit af lögfestu eignaðri séra Ólafi Tómassyni með hendi séra Jóns. Það sanni í raun ekki mikið og ef tilkall sé gert í rekaplássið þá snerti það ekki einungis hagsmuni Þóroddsstaðar heldur einnig klaustursins og Grenjaðarstaðar og yrði að vinnast með lögum þó vitnisburður máldaganna gefi tæpast færi á því.<sup>226</sup>

Aftur svarar séra Eiríkur bréfi séra Þorsteins á Hálsi 17. febrúar 1840. Þar segir hann að í síðasta bréfi sínu hafi komið fram að gildistími sammings þeirra séra Sigurðar miðaðist við embættistíð þeirra en ekki eftirmenn hans á Hálsi. Háls geri tilkall til rekæignar milli Svínár og Ófeigshellis sem þrír aðilar hafi staðfesta og óræka máldaga fyrir. Hinn mesti vafi leiki hins vegar á þessu tilkalli og mun meiri en hann gat um í síðasta bréfi sínu. Það segi sig hins vegar sjálfst að hann geti hvorki bannað séra Sigurði að fá Þorsteini, aðstoðarpresti sínum, umræddan þræturekapart til afnota meðan hann haldi Þóroddsstað né séra Þorsteini að njóta hans. Hann vill hins vegar fá að kaupa hann eftir sannsýnu mati vilji hann eða þurfi hann þess og hyggist þeir selja áskilur hann sér forkaupsrétt.<sup>227</sup>

Aðstoðarprestar Þóroddsstaðar og Hálsstaðar, þeir Jón Kristjánsson og Þorsteinn Pálsson, gerðu með sér samkomulag um hlut Háls í reka í Náttfaravíkum. Samkomulagið frá 1. júní 1841 er svohljóðandi:

... með því Háls kirkja eignar sér Sjöttúng Viðreka fyrir Þoroddsstaða kirkjujarðarlandi Naustavík, - skuli nauðungarlaust fá útskiptan Sjöttúng úr Helmíngi Vogreks þess, sem á Naustavíkur fjörur uppbarst nærstliðinn Vetur, með svo feldu móti að Helft sú verði mín Eígn; þvínæst að Prestinum Síra Eíríkj Þorleifssyni sé það ekki mótfallið, og loksins að hans Háæruverðugheitum Herra Biskupinum virðist eí ráðlegra að Domstólar skéri úr þessu umtalsefni milli áminstra kirkna ...<sup>228</sup>

Til vitnis um samþykki sitt á ofangreindu samkomulagi hefur séra Eiríkur sett nafn sitt undir það.

Sigurður Sigurðsson umboðsmaður Þóroddsstaðar skrifaði stjórnarráðinu 2. apríl 1920. Þóroddsstaður hafði verið lagt niður sem prestssetur og því vildi hann vita hvort jörðinni ætti að fylgja öll, eða sum, þau ítök sem henni fylgdu áður sem prestssetur, hvort þau ættu að fylgja hinu nýja prestssetri á Vatnsenda eða þá

<sup>226</sup> Skjal nr. 2 (112) a-b. Jón Þorgrímsson hélt Háls 1739-1795, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 297.

<sup>227</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b.

<sup>228</sup> Skjal nr. 2 (114) a-b.

prestakallinu. Meðal þeirra ítaka, sem hann nefndi, var trjáviðarreki fyrir Náttfaravíkum og upprekstrarland í Náttfaravíkum.

Sigurður umboðsmaður skrifaði sýslumanni 2. september 1920 og svaraði spurningum hans um notkun ítakanna undanfarið, þýðingu þeirra fyrir búskap á Þóroddsstað og um afnot og leiguréttindi þeirra. Hann svaraði því til að notkun ítakanna hafi verið nokkuð mismunandi en þau hafi venjulega verið notuð af hinum þjónandi presti þegar hann sjálfur hafi rekið búskap á Þóroddsstað. Annars hafi þau verið leigð ýmsum en ætíð þá verið ráðstafað af prestinum sjálfum eða umráðamanni prestakallsins. Þýðingu ítakanna fyrir búskapinn taldi hann ekki sérlega mikla því að heimajörðin sjálf ætti nægan „afrétt“ fyrir sig. Það væri helst rekahlunnindi sem hefði hvað mesta þýðingu þegar reki fengist. Um afnot og leiguréttindi sagði hann að prófastur hefði leigt bónda í sveitinni öll ítökin að undanskildu ítakinu á Gönguskarði sem ekki yrði tekin afstaða til fyrr en það málefni, sem hér um ræddi, yrði til lykta leitt.

Sýslumaður skrifaði stjórnarráðinu um þetta 27. september 1920. Sjálfur taldi hann enga ástæðu til þess að ítökin fylgdu Þóroddsstað áfram og áleit réttast að sá prestur, sem fengi veitingu fyrir prestakallinu, nyti ítakanna. Hins vegar gæti komið til greina að þau yrðu seld Ljósavatnshreppi (upprekstrarlandið) eða jarðeigendum, nema rekaítakið sem hann taldi sjálfsagt að yrði látið fylgja hinu nýja prestakalli. Stjórnarráðið skrifað sýslumanni 18. janúar 1921 og tilkynnti honum að umrædd ítök skyldu framvegis fylgja hinu nýja prestssetri Þóroddsstaðarprestakalls, Vatnsenda.<sup>229</sup>

Í bréfi og greinargerð prests á Vatnsenda í Þóroddsstaðarprestakalli til Biskupsskrifstofunnar 1. febrúar 1954 segir um ítök Þóroddsstaðarkirkju:

Reki í Vík út (Náttfaravík) þriðjungur af tólfungi alls hvals síðan þriðjungur alls hvals. Öll tré skemmri en 20 fet. Tveir hlutar hins stærri viðar.

Eftirfarandi texta hefur svo verið bætt inn handskrifuðum:

Deila hefur staðið um þetta ítak milli prests, og eiganda Naustavíkur. Stjórnarráðið úrskurðaði presti í vil, en eigendur mótmæltu.<sup>230</sup>

Hinn 4. maí 1954 ritaði Biskup Íslands sýslumanninum í Þingeyjarsýslu bréf og lýsti ítökum Laufáskirkju, sbr. lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Þar segir um ítökin:

## 2. Þóroddsstaðarkirkja

a. Reki í Vík út (Náttfaravík) þriðjungur af tólfungi alls hvals, síðan þriðjungur alls hvals. Öll tré skemmri en 20 fet. Tveir hlutir hins stærra viðar. [...]

Það er og metið presti til tekna í brauðamatsgjörð 15. apríl 1920.

c. Afréttarland í Náttfaravíkum..<sup>231</sup>

<sup>229</sup> Skjal nr. 2 (285).

<sup>230</sup> Skjal nr. 2 (319).

<sup>231</sup> Skjal nr. 2 (320).

### 5.7.2 Grenjaðarstaður

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar kemur fram að Grenjaðarstaðarkirkja eigi:

afriett j nattfara vijk halfu fiorda hundrade sauda. ... þridiung j Reka firir alla nattfaravijk. oc aull fluttning fyrer ysta Bol. En fyrer midbol half. oc so vidum oc fiskuer ad helmingi. oc so fyrer skala Reka a sandi.xij. hundrud fadma med aullum fridendum.<sup>232</sup>

Sama er í máldögum Péturs Nikulássonar 1394 um „sauðaafréttina“. Hins vegar eru breytingar varðandi rekann:

fiordvng or hvalreka firir alla nattfaravik oc avll flvtning firir yztabol. en firir midbol half oc suo vidvm. fiskver ath helmingi þar oc suo fiskiskala.<sup>233</sup>

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar er nokkurn veginn samhljóða Pétursmáldögum, svo og Sigurðarregistur 1525.<sup>234</sup>

Samkvæmt afhendingarskrá Grenjaðarstaðar, 29. maí 1391 (27. febrúar 1393) á kirkjan:

afriett i nattfaravijk halfu fiorda hundrade sauda ... þridiungur ur hvalreka firir alla nattfaravijk og öll flutning firir istabol. enn firir Midbol half og so vidum oc fiskever ad helminge þar og so firir Skaalä.<sup>235</sup>

Í visitasíu á Helgastöðum 1429 kemur fram að kirkjan eigi:

afrett j nattfaravik. ok ær þar jtala af græniadarstadh oc mulastadh.<sup>236</sup>

Í Þóroddsstaðarhluta Náttfaravíknakaflans er vikið að deilum Grenjaðarstaðarprests við Þóroddsstaðarprest vegna ítaka í Náttfaravík og skjölum þar að lútandi frá árunum 1597, 1613 og 1614 og vísast til þess.<sup>237</sup>

Grenjaðarstaðarkirkju voru dæmdir hálfir lóðarfiskar og skálastaða í Náttfaravíkum til móts við Þóroddsstaðarkirkju á prestastefnu á Helgastöðum 12. september 1660.<sup>238</sup> Sömuleiðis skipaði Gísli biskup Þorláksson, 15. ágúst 1665, á grundvelli dóms Guðbrands biskups Þorlákssonar 1601 og dómnum 1660 Grenjaðarstaðarkirkju hálfra lóðarfiska til móts við kirkjuna á Þóroddsstað þangað til annað kæmi í ljós.<sup>239</sup> Sjá einnig undirkaflann um Þóroddsstað varðandi þetta.

Halldór Einarsson sýslumaður auglýsti á manntalsþingi á Ljósavatni 25. maí 1705 bón prestanna að Grenjaðarstað, Múla og Helgastöðum um að hann sjái til þess

<sup>232</sup> Skjal nr. 2 (183).

<sup>233</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>234</sup> Skjöl nr. 2 (202) og nr. 2 (220).

<sup>235</sup> Skjal nr. 2 (193).

<sup>236</sup> Skjal nr. 2 (145).

<sup>237</sup> Skjöl nr. 2(303), 2 (162) a-b og 2 (77). Sjá skjöl nr. 2 (178) a-b og 2 (174) a-b.

<sup>238</sup> Skjal nr. 2 (292). Bjarni Gamalielsson hélt Grenjaðarstað 1595-1635, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 304.

<sup>239</sup> Skjal nr. 2 (293).

að ekki sé byggt í „afrétt“ þeirra Náttfaravíkum. Þar sem séra Jón á Stað (líkast til Jón Þorgrímsson á Þóroddsstað) hafi neitað Magnúsi hér eftir um þá búð sem hann hafði léð honum, skipsstöðu og eldiviðartak þá bannar sýslumaður öllum, hér í sveit sem annars staðar, að ljá Magnúsi nokkuð sem hann kunni í „afrétt“ annarra við að lifa þeim og öðrum auk peninga þeirra í „afréttinni“ til бага. Sýslumaður bannar Magnúsi, sem í nokkur ár hefur haldið sér uppi í nefndri „afrétt“, og öllum öðrum að setja niður byggð í eða beita „afréttina“ og minnir á hvernig tekið sé á því samkvæmt Jónsbók.<sup>240</sup>

Í sundurliðunarreikningi Grenjaðarstaðar frá 1724 og 1725 kemur fram að kirkjan eigi:

Afrjett fyrir gelldfje í Náttfaravíkum, item hálfá Lód þar og Lóðarfisks gialld ad helfmíngi, sem nú er alls af þremur Skipum ...<sup>241</sup>

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir um Grenjaðarstað:

Prestagardurenn hefur heibiörg góða og mikla, ... afriett fyrir gielldfje j Náttfara Víkumm, item hálfá lód þar og lóðar fisks gialld ad helminge, sem Nú er allz af þremur Skipum, ...<sup>242</sup>

Í útdrætti úr úttekt á Grenjaðarstaðarkirkju 1742 kemur eftirfarandi fram:

Extract um Kirkiuna ad Greniadarstad Af Uttektar skriife sama Beneficii daterudu þann 12ta Junii Anno 1742 og Vidimerudu af Profastenum i ÞingEyarþingje Sr Þorleife Skaptasyne. ...

En framar Extraheradur Sömu Uttekt og Afhending Greniadarstadar. Hier uppá voru Profastenum Sr Birne afhendt Skiöl kirkiunnar þesse

...

3° 3 bref á Pergament Áhrærande Náttfaravýkur, 2 af þeim med 1 Insigne, en það 3ia med 4. ...<sup>243</sup>

Lögfesta séra Þórðar Guðmundssonar fyrir ítökum Grenjaðarstaðarkirkju út í Náttfaravíkum og Þóroddsstaðarkirkjusókn var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 8. júní 1736. Það sem Grenjaðarstaðaprestur lögfesti var:

1° Fiskever ij öllumm Vijkunumm ad helminge móts vid Stadar kyriuku [svo]. 2° Skálastödu og skipa ad helminge. 3° Elldevidartak fyrir skip sem þar Róa, Og so ad helminge móts vid Þóroddstada kyrkiu ...<sup>244</sup>

Skrifað var á lögfestuna, sem var dagsett 24. maí sama ár, að hún hafi verið lesin upp fyrir réttinum.

Á manntalsþingi á Ljósavatni 19. maí 1855 var lesin upp lögfesta séra Sigurðar Grímssonar á Helgastöðum, séra Skúla Tómassonar í Múla og séra Jóns

<sup>240</sup> Skjal nr. 2 (260) a-b.

<sup>241</sup> Skjal nr. 2 (81).

<sup>242</sup> Skjal nr. 2 (239) a-b.

<sup>243</sup> Skjal nr. 2 (164) a-b.

<sup>244</sup> Skjal nr. 2 (261) a-b.

Jónssonar á Grenjaðarstað fyrir Náttfaravíkum. Inntaks hennar er ekki getið en fram kemur að séra Jón Kristjánsson á Þóroddsstað hafði mótmælt henni.<sup>245</sup>

Í umfjölluninni um Helgastaðakirkju í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590–1616<sup>246</sup>, sem er að finna í undirkaflanum um Helgastaði, og vísitasíum Helgastaðakirkju frá 1631<sup>247</sup>, 1672<sup>248</sup>, 1687<sup>249</sup>, 1702<sup>250</sup>, 1715<sup>251</sup>, 1748<sup>252</sup> og 1828<sup>253</sup> er minnst á afnotarétt (ítölu) Grenjaðarstaðar af afrétt í Náttfaravíkum. Sömu sögu er að segja um vísitasíu Helgastaðakirkju frá 1694. Þar segir:

... Kyrkian á allt heima land og Jördena Hamra Landsk. 100 al. og Selfor í Hörgsdal, ÞingEy hálfu og Þyngstad ummframm, afriett í Náttfara Vyk, og er ítala frá Greniastad og Múlastad ...<sup>254</sup>

Biskuparnir Þorlákur Skúlason og Jón Vigfússon fjalla í Grenjaðarstaðarvísitasíum sínum á árunum 1631 og 1687 almennt um ítök kirkjunnar og vísa til fornra máldaga um réttindi hennar.<sup>255</sup>

Í biskupavísitasíum 1694 og 1702 er Grenjaðarstaðarkirkja sögð eiga fjórðung úr hvalreka fyrir allri Náttfaravík.<sup>256</sup>

Fram kemur í vísitasíu Grenjaðarstaðarkirkju frá 1715:

Anno eodem d. 20 Augustj [1715] In ordinaria Visitatione VelEdla herra Biskupsenss Herra Steins Jonssonar var kirkiann ad Greniadarstad i AdalReikiadal, Sem helgud er med Gude hinum h. Marteine Biskupe, álitenn og uppskrifud, ...

Þesse eru Heimalönd Kirkiunnar, Nu óbigd; geitafell, ... afriett í náttfara vyk halfu fiórda hundrade Sauda, helming ... Þesser eru Rekar Kirkiunnar. Fiórðungur ur hvalreka fyrer alla náttfaravyk ...<sup>257</sup>

Meðal þess sem minnst er á í eignáttækt Þóroddsstaðarkirkju frá 1748 er:

... Ödrum Landeignar og Reka Jtökum sem mäldagenn nafngreiner be helldur Beneficium Enn Nu, Nema hvad længsam legur Ägreiningur Hefur Verid og Er enn Nu ä millum Grenjadar stadar og Þorodd stadar Presta um Lódar fiska tekiu i Nattfaravükum, ...<sup>258</sup>

<sup>245</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.56). Um prestana sjá, Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 299, 305, 306 og 308.

<sup>246</sup> Skjal nr. 2 (131) a-b.

<sup>247</sup> Skjal nr. 2 (137) a-b.

<sup>248</sup> Skjal nr. 2 (138) a-b.

<sup>249</sup> Skjal nr. 2 (145) a-b.

<sup>250</sup> Skjal nr. 2 (156) a-b.

<sup>251</sup> Skjal nr. 2 (160) a-b.

<sup>252</sup> Skjal nr. 2 (168) a-b.

<sup>253</sup> Skjal nr. 2 (170) a-b.

<sup>254</sup> Skjal nr. 2 (152) a-b.

<sup>255</sup> Skjöl nr. 2 (134) a-b og 2 (146) a-b.

<sup>256</sup> Skjöl nr. 2 (150) a-b og 2 (155) a-b.

<sup>257</sup> Skjal nr. 2 (162) a-b.

<sup>258</sup> Skjal nr. 2 (174) a-b.



Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 er Grenjaðarstaðarprestur umsjónarmaður samnefndrar jarðar. Eftirfarandi upplýsingar um Grenjaðarstað eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar og einnig í Náttfaravíkum.

Jörðin er talin eiga þessi ítök: ... Afrétt í Náttfaravík, áður nefnda.<sup>259</sup>

Í greinargerð prests á Grenjaðarstað til Biskupsskrifstofunnar 31. mars 1954 segir:

6. Afrétt í Náttfaravík hálfu fjórða hundraði sauða.

Neðan við þetta er handskrifað:

Ónotað a.m.k. í öld.<sup>260</sup>

### 5.7.3 Háls

Varðveitt er vitnisburðarbréf séra Gottskálks Jónssonar, Jóns Gottskálkssonar og Ólafs Tómassonar sem gert var á Hólum í Hjaltadal 25. júlí 1506. Þar segjast ofanefndir prestar hafa séð máldaga Hálskirkju í Fnjóskadal frá árinu 1312 sem þeir skrifuðu orðrétt upp. Máldagi þessi er að mestu samhljóða máldaga Auðunar rauða frá 1318 en þar eru að finna nokkrar viðbætur, t.d. að kirkjan fengi fyrst sjöttung sinn af Ljósavatsreka. Í máldaganum segir að Hálskirkja eigi sjöttung í reka í Náttfaravík milli Hvanndala og Svínár. Vitnisburðurinn er þó að öllum líkindum falsbréf því að engir prestar með þessum nöfnum eru þekktir frá þessum tíma. Hann var þó lesinn á héraðsþingi á Hálsi 3. maí 1740 og á manntalsþingi á sama stað 24. maí 1743.<sup>261</sup> Af lögfestu séra Jóns Þorgrímssonar fyrir Hálsstað frá 7. apríl 1744 má sjá að fyrrnefnt falsbréf hefur verið lagt fram í máli sem dæmt var í 4. maí 1740 því þar hafa viðaukar falsbréfsins skilað sér inn í lögfestuna í krafti fyrrnefnds dóms.<sup>262</sup>

Máldagar Auðunar rauða Þorbergssonar eru frá 1318. Þar kemur fram að Hálskirkja eigi sjöttung reka við Ljósvetninga:

j nattfaravijk. millum huandala är oc suijnär.<sup>263</sup>

Hið sama kemur fram í máldaga Péturs Nikulásssonar 1394 og máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar 1461-1510.<sup>264</sup>

Í máldaga Hálsstaðar, sem líkast til er frá árinu 1523, kemur fram að kirkjan eigi sjöttung við Ljósvetninga í Náttfaravíkum milli Hvanndala og Svínár.<sup>265</sup>

<sup>259</sup> Skjal nr. 2 (69).

<sup>260</sup> Skjal nr. 2(318).

<sup>261</sup> Skjal nr. 2 (95).

<sup>262</sup> Skjal nr. 2 (102) a-b.

<sup>263</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>264</sup> Skjöl nr. 2 (191) og 2 (203).

<sup>265</sup> Skjal nr. 2 (98) a-b.

Samkvæmt máldaga Hálskirkju 21. september 1565 fylgja staðnum rekar:

siettingur vid Liosvetninga j Nattfaravíkjum j millum Hvandala og Svínár.<sup>266</sup>

Sama kemur fram í gömlum máldaga Hálskirkju sem séra Guðmundur Skíðason á Bægisá segist í vitnisburði frá 25. október 1581 hafa séð á Hólum í Hjaltadal.<sup>267</sup> Sá vitnisburður hefur varðveist í afskrift séra Gamla Ólafssonar á Þóroddstað og tveggja annarra manna sem gerð var á Hóli í Kinn 12. júní 1608.

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

Kyrkia a Haalse I fnjóskadal

Hun aa ... Reka a flíótz sandi, siettingur bædi hualreka og vidreka, fra flíotz ose, nær til midz sandz, siettingur vid liosvetninga, I naattfara výk, millum Huamz dala og Svínár, ...<sup>268</sup>

Í vísitasíum Hálskirkju í Fnjóskadal sem skráðar eru í vísitasíubækur Þorláks Skúlasonar, Gísla Þorlákssonar, Jóns Vigfússonar, Einars Þorsteinssonar, Björns Þorleifssonar, Steins Jónssonar og Steingríms Jónssonar er ítrekað að Hálskirkja eigi sjöttung reka við Ljósvefninga í Náttfaravíkum milli Hvanndala og Svínár.<sup>269</sup>

Ólafur Tómasson prestur á Hálsstað lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar með óársettri lögfestu sem virðist hafa verið lesin upp 1629, 1630 og 1631. Vottar að lögfestunni voru þeir Finnur og Jón Ívarssynir en engar áteignanir eru um upplestur hennar. Þar lögfestir séra Ólafur:

... sietting vidreka oc Hual reka j ollum náttfara výkjum fra suýnä oc vestur at Huandolum.<sup>270</sup>

Á sama blaði er óársett lögfesta séra Tómasar Ólafssonar á Hálsi en í henni er samhljóða klausa og í lögfestu séra Ólafs um Náttfaravíkur. Ekki hefur verið skrifað á lögfestuna að hún hafi verið lesin upp, hvorki á þingi né við kirkju.<sup>271</sup>

Í lögfestu séra Þorgríms Jónssonar fyrir Hálsstað frá 6. júní 1725 lögfestir hann sjöttung reka í Náttfaravíkum milli Svínár og Hvanndala. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi samdægurs og svo aftur á sama stað 24. maí 1743.<sup>272</sup> Þorgrímur lögfesti Hálsstað einnig 21. maí 1726 eftir öllum þeim skjölum sem hann hafði fyrir sér. Þar segir m.a. um eignir og ítök staðarins:

<sup>266</sup> Skjal nr. 2 (231).

<sup>267</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b.

<sup>268</sup> Skjal nr. 2 (130) a-b.

<sup>269</sup> Skjöl nr. 2 (133) a-b, 2 (139) a-, 2 (144) a-b, 2 (153) a-b, 2 (154) a-b, 2 (163) a-b og 2 (173) a-b.

<sup>270</sup> Skjal nr. 2 (100) a-b. Ólafur Tómasson var prestur á Hálsi 1577-1628, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófesta*, bls. 297.

<sup>271</sup> Skjal nr. 2 (100) a-b. Tómas Ólafsson var aðstoðarprestur séra Ólafs föður síns en hann tók við Hálsi 1628 og hélt til 1656, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófesta*, bls. 297.

<sup>272</sup> Skjal nr. 2 (110) a-b.

Reke ä flíóts sande nordur, Siöttungur bæde Hual reka og vidreka, frá flíóts óse, nær til mids sands Siöttungur vid Liósvetninga, So og i náttfara vykum, i midlum Suinär og Huanddala ...<sup>273</sup>

Lögfestan var lesin upp samdægurs fyrir réttinum á Hálsi.

Jón Þorgrímsson prestur lögfesti Hálsstað 7. apríl 1744 en sú lögfesta er ólík fyrri lögfestum að því leyti að aukið hefur verið við hana. Það er gert í krafti dóms sem Jón Benediktsson sýslumaður kvað upp 4. maí 1740 en svo virðist sem að falsbréf frá 25. júlí 1506 hafi verið lagt fram í málinu og tekið gilt. Um Náttfaravíkur segir í lögfestunni:

So og Siettung hualz og Vidar j Náttfara Vykum, Millumm Huanddala og Suinär, Og skal allur Sä Siettungur first aftakast ...<sup>274</sup>

Er það þessi viðauki sem Eiríkur Þorleifsson víkur m.a. að í umfjöllun sinni um Náttfaravíkur (sjá undirkaflann um Þóroddsstað). Lögfestan var lesin upp samdægurs að aflokinni guðsþjónustu við Hálskirkju, og við lok guðsþjónustu við Draflastaðakirkju tólfta sama mánaðar. Einnig var hún lesin upp á manntalsþingi að Hálsi 28. apríl 1744 og á sama stað 29. apríl 1752.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Hálskirkju eiga sjöttung hval- og trjáreka um allar Náttfaravíkur milli Svinár og Hvanndala, en staðurinn hafi ekki not þeirra ítaka svo að menn viti.<sup>275</sup>

Háls var vísitaraður af prófasti 14. júní 1714. Í vísitasúnni er minnst á deilu Háls og Þóroddsstaðar um reka í Náttfaravík:

Enn frammar Effter spurde Profasturenn, hvert ad Nochud være það, Sem heidurlegur Sokna Presturenn Sr. Þorgrýmur, So sem Embættess verk, hefde vid Sig ad tala? So sem k(ir)kiunne og hennar ornamentis, Beneficio og Hanns til heirandi documentis, Jnnstædu, edur Sier hveriu því odru, Sem Nefnast kinne, vid vikiande. Andsvarar Presturenn, ad Hann Sie Med allt þetta vel for nægdur, ad því einu undann teknu, ad Misklid tilfalle Nockur umm reka Mork Kirkiunnar Millumm Stadar halld arans á Stad i Kinn, Sem Nu Sie fader Sinn, og Sýn, þ(ad) Natffara výtka reka, vidvikur. Andsvarar Profastur, ad Presturenn Skule hafa og hallda effter skiölum Kirkiunnar, og Sýnu Collations brefe, öllu því, Sem Kirkiu þessare, edur Stadnumm til heire Med riettu, og ad Hann Skule forsvara það med Lögum fyrer áseilne allra Manna, lyka eirnenn Födur Sýns: Vitande það, ad Konunglegt Logmál fyrer biode, það Nochud fragange Kirkiunne, er henne ber ad hallda med riettu. Lýser Profasturenn framm logdumm Skiöllum Hals Kirkiu, Sem effter Hr.

<sup>273</sup> Skjal nr. 2 (101) a-b.

<sup>274</sup> Skjal nr. 2 (102) a-b. Sami prestur lögfesti Hálsstað á ný 18. maí 1745, 7. júní 1770, 3. júní 1779 og 4. október 1782 en þær lögfestur eru efnislega samhljóða lögfestunni frá 7. apríl 1744 og því er innihalds þeirra ekki getið, sbr. skjal nr. 2 (103) a-b – Skjal nr. 2 (106). Flestar þessara lögfesta voru lesnar upp aftur oftár en einu sinni. Lögfesta séra Sigurðar Árnasonar fyrir Hálsstað frá 1. júní 1830 er einnig efnislega samhljóða þeirri frá 7. apríl 1744 og því verður innihald hennar ekki birt.

<sup>275</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 91.

Stiftt befałnýngs Mannsens fullmeğtugs befałnýngu, Sieu Sier ásamt herlegheitumm Stadanna í þessare Syslu fyrer Sioner færđ, af Sal. Sr. Jóna Þorvaldssyne, það ár 1711. Í Hveriumm auglioslega Sie ad Siá hvad Hals Kirkiu tilkome í Nattfara vókumm: Og Sínde Nú Profasturenn Prestenum Sr. Þorgrýme það, So Hann las það. ...<sup>276</sup>

Fram kemur í prófastsvísitasíu Háls frá 1781:

c) frá Kjrkjunne er geingenn effter dome Syslu Manns Sr. Vigfusar Jonssonar, Hálfur Siöttungur Reka í Nattfaravókum mote Hefdar og Eigenndoms Rette, er vjtne Eidsvarenn utvýsa, hvad til Hä yfer Valldanna aliktunar stendur<sup>277</sup>

Jóni Arnórssyni sýslumanni í Snæfellssýslu var falið að reka mál séra Jóns Þorgrímssonar á Hálsi vegna hvalreka. Á Alþingi 17. júlí 1782 lagði hann fram stefnu þar sem Vigfúsi Jónssyni sýslumanni í Þingeyjarsýslu og meðdómsmönnum hans var gert að verja dóm sem þeir höfðu látið ganga á Ljósavatni 21.-22. maí 1781 áhrærandi rekaréttindi Hálskirkju í Náttfaravíkum. Einnig var Sigurði Oddssyni eiganda Ljósavatns stefnt til þess að verja gjörðir sínar í héraði. Þar sem enginn hinna stefndu var mættur var málinu frestað til 20. sama mánaðar.

Ekkert var því til fyrirstöðu að taka málið fyrir 20. júlí 1782. Fram kemur hjá Jóni Arnórssyni að með dómnum 21.-22. maí 1781 hafi kirkjunni að Ljósavatni verið dæmdur til eignar að helmingi við Háls sjöttungur hvala og víða sem reka á land í Náttfaravíkum milli Hvanndala og Svínár. Einnig var séra Jóni Þorgrímssyni gert að greiða Sigurði Oddssyni, Ljósavatnskirkju vegna, helming af sjöttungi þess hvals sem upp bar í Náttfaravíkum 1780. Jón lagði fram gögn í málinu og krafðist þess að því yrði vísað heim í hérað til nánari rannsóknar. Magnús Gíslason, verjandi Sigurðar Oddssonar, sagði að ljóst væri af vitnisburðum í málinu hvar rekaplássið væri, þ.e. á milli Hvanndala og Svínár, og krafðist þess að endanlegur dómur yrði kveðinn upp.

Þann 22. júlí 1782 kvað Stefán Þórarinsson varalögmaður upp dóm í málinu. Þar kemur fram að til þess að hægt sé að álykta með vissu í málinu vanti ákveðin gögn. Fyrst nefnir hann uppdrátt af svæðinu sem myndi upplýsa þá málðagapósta sem innfærðir séu í héraðsdóminn og því eigi málspartarnir að láta gera slíkan uppdrátt og vera báðir viðstaddir gerð hans. Inn á uppdráttinn eigi að færa nöfn, mið og takmörk við sjávarsíðuna sem komi fram í máldögnum. Sérstaklega eigi að koma fram hvort Keranes og Gniparhús, sem vísitasía Ólafs biskups Rögnvaldssonar á Þverárstað nefni og héraðsdómurinn sé að mestu leyti byggður á, sjáist úr Náttfaravíkum eða ekki. Hvort svonefndur Eyrarreki, sem sama vísitasía nefnir, liggi í Náttfaravíkum eða ekki. Einnig hverjir Gunnsteinn og Þorljótur, sem sama vísitasía nefni, hafi verið og hvort þeir hafi verið ábúendur Háls eða ekki. Í öðru lagi taldi hann mikilvægt hvort ekki mætti leiða fram gögn eða vitni um að Ljósavatnskirkju eða Ljósvetningum tilheyri, eða hafi tilheyrt, 5/6 hlutar af öllum reka í Náttfaravík milli Hvanndala og Svínár.

<sup>276</sup> Skjal nr. 2 (238) a-b.

<sup>277</sup> Skjal nr. 2 (181) a-b.

Hvort Ljósvetningar, sem máldagarnir nefna, og Ljósavatnskirkja séu eitt og hið sama. Einnig hvort nokkrir aðrir en eigendur Háls- og Ljósavatnskirkna eigi rekartilfall innan nefndra takmarka í hinni eiginlegu Náttfaravík. Loks beri að athuga hvort máldagar Ljósavatnskirkju innihaldi ekki frekari upplýsingar um rekaréttindi hennar sem gætu hjálpað við að skilja þá útdrætti úr máldaga Hálskirkju sem sé að finna í héraðsdómnum. Í þriðja og síðasta lagi bendir Stefán á að þar sem séra Jón á Hálsi geti sýnt fram á 100 ára hefð upp á sjöttung reka í Náttfaravík þá eigi, eftir 16. lið embættisbréfs biskupa, málið fyrst að koma undir álit stiftamtmanns og biskups áður en að hægt sé að dæma í því á Alþingi. Málinu var því vísað frá og þess getið að dómurinn frá 1781 ætti ekki að koma Hálskirkju til skaða.

Á Alþingi 1783 var lesin upp samningur milli þeirra séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar og Sigurðar Oddssonar um hvalrekamálið sem komið hafði fyrir Alþingi árið áður. Samningurinn var dagsettur 23. maí 1783 og kvað á um að hvalrekamálið væri fráfallið og dautt. Sáttargjörðinni fylgdi samþykki séra Jóns Þorgrímssonar, dagsett 23. júní 1783, um að eigandi Háls héldi rekanum í Náttfaravíkum. Einnig hafði L.A. Thodal stiftamtmaður samþykkt sáttargjörðina með sinni uppáskrift 17. júlí 1783.<sup>278</sup>

Eiríkur Þorleifsson Þóroddsstaðarprestur skrifaði Þorsteini Pálssyni aðstoðarpresti á Hálsi 30. janúar 1836 m.a. um Náttfaravíkur. Nánari umfjöllun um þetta er að finna í þeim hluta Náttfaravíknakaflans sem fjallar um Þóroddsstað.<sup>279</sup> Þar er einnig vikið að frekari bréfaskiptum þeirra á milli og samkomulagi aðstoðarpresta á Þóroddsstað og Hálsi 1. júní 1841 um hluta Háls í reka í Náttfaravíkum.<sup>280</sup>

Þann 2. júní 1890 var útbúið landamerkjabréf fyrir kirkjujörðina Háls. Því var þinglýst þann 16. sama mánaðar. Þar segir um reka kirkjunnar:

~~(Kirkjan á reka ... svo og sjöttung hvals og víðar í Náttfaravíkum millum Hvannsdals og Svinár (Purkós) ... Teigur fylgir staðnum norður í Kinn í Finnstaðalandi. Kirkjan á Hálsi á lambseldi um allann Fnjóskadal.)~~

Á spássíunni við hlið hinnar yfirstrikuðu ítakalýsingar stendur að þessum ítökum (þeim yfirstrikuðu) hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20. 5.1953 og séu því niður fallin. Undir skrifar J. Skaptason.<sup>281</sup>

#### 5.7.4 Helgastaðir

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar segir að Helgastaðakirkja eigi:

afriett j nattfara wijk. og er þar jtala fra Greniadarstad oc Mwlastad<sup>282</sup>

<sup>278</sup> Skjal nr. 2(296).

<sup>279</sup> Skjal nr. 2 (111) a-b.

<sup>280</sup> Skjöl nr. 2 (112) a-b, 2 (113) a-b og 2 (114) a-b.

<sup>281</sup> Skjal nr. 2 (23).

<sup>282</sup> Skjal nr. 2 (185).

Sama kemur fram í máldögum Péturs Nikulássonar 1394<sup>283</sup> og vísitasíu á Helgastöðum árið 1429.<sup>284</sup>

Dæmt var í máli Helgastaða- og Þóroddsstaðarpresta um Náttfaravíknafrétt árið 1580, sjá undirkafla um Þóroddsstað í Náttfaravíknakaflanum.

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

Kyrkian a Helgastodum

Hun a allt heimaland og selför I horks dal, þýngfor haalfa og þýngstad vmfram, afriett I naattfara vþk, og er Itala fraa greniastad z mulastad.<sup>285</sup>

Það sem sagt er um afréttinn í Náttfaravíkum, Grenjaðarstað og Múlastað í útdrættinum úr máldagabók Guðbrands er endurtekið í vísitasíum Helgastaðakirkju 1631<sup>286</sup>, 1672<sup>287</sup>, 1686<sup>288</sup>, 1687<sup>289</sup>, 1694<sup>290</sup>, 1702<sup>291</sup>, 1715<sup>292</sup>, 1748<sup>293</sup> og 1828.<sup>294</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir við Helgastaði:

Upprekstur fyrir allan afrjettarpening staðarins í Náttfaravíkur hefur áður brúkast, nú ekki.<sup>295</sup>

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir um Helgastaði:

Prestagardurenn hefur litla Heibiörg, ... afriett j Náttfaravýkumm, ...<sup>296</sup>

Helgastaðir voru vísiteraðir af prófasti 21. júlí 1751. Þá kvaðst prestur ekkert gagn hafa af Náttfaravíknaítakinu.<sup>297</sup>

Halldór Einarsson sýslumaður auglýsti á manntalsþingi á Ljósavatni 25. maí 1705 bón prestanna að Grenjaðarstöðum, Múla og Helgastöðum um að hann sæi til þess að ekki væri byggt í „afrétt“ þeirra Náttfaravíkum. Nánari umfjöllun um þetta er að finna í þeim hluta Náttfaravíkurkaflans sem fjallar um Þóroddsstað.<sup>298</sup>

Gísli Jónsson prestur á Helgastöðum bað sýslumann, á manntalsþingi að Helgastöðum 16. maí 1705, um að sjá til þess að „afrétt“ í Náttfaravíkum væri opin og liðug þeim sem þangað rækju fé sitt, naut eða sauðfé. Ennfremur að því yrði ekki grandað þar af mönnum eða að nokkur setti bústað sinn í „afréttinni“.<sup>299</sup>

<sup>283</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>284</sup> Skjal nr. 2 (145).

<sup>285</sup> Skjal nr. 2 (131) a-b.

<sup>286</sup> Skjal nr. 2 (137) a-b.

<sup>287</sup> Skjal nr. 2 (138) a-b.

<sup>288</sup> Skjal nr. 2 (141) a-b.

<sup>289</sup> Skjal nr. 2 (145) a-b.

<sup>290</sup> Skjal nr. 2 (152) a-b.

<sup>291</sup> Skjal nr. 2 (156) a-b.

<sup>292</sup> Skjal nr. 2 (160) a-b.

<sup>293</sup> Skjal nr. 2 (168) a-b.

<sup>294</sup> Skjal nr. 2 (170) a-b.

<sup>295</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 178.

<sup>296</sup> Skjal nr. 2 (241) a-b.

<sup>297</sup> Skjal nr. 2 (246) a-b.

<sup>298</sup> Skjal nr. 2 (260) a-b.

<sup>299</sup> Skjal nr. 2 (259) a-b.

Bjarni Jónsson prestur á Helgastöðum í Reykjadal lögfesti ítök og eignir kirkju sinnar 3. júní 1638. Í lögfestunni kemur m.a. fram:

... Hórdalsz land framm a heide, afrett J nattfaravýkur ...<sup>300</sup>

Gísli Jónsson prestur á Helgastöðum lögfesti 13. júní 1669 „afrétt“ kirkjunnar í Náttfaravíkum eftir því sem kirkjumáldagi og skjöl hennar greindu. Hann bannaði öllum að byggja, selja á leigu, slá eða yrkja umrætt land án síns leyfis. Jafnframt það hann þá sem næstir byggju „afréttinni“ að vera hvorki meinsamir við gripí sína sem villtust í land þeirra né að reka þá í annarra manna lönd heldur reka féð aftur í „afréttina“ eins og 53. kafli Jónsbókar kvæði á um. Einnig taldi hann nauðsynlegt að rifja upp fyrir þeim, sem í Náttfaravíkum eflt hafi byggð, hvernig 46. kafli landsleigubálks hljóði en þar komi fram að aðeins þeim, sem ítölu eigi í „afrétt“, skuli heimilt að reka málnytu sína þangað. Þetta biður hann þá að hafa í huga og svo að Helgastaðakirkju sé að því leyti enginn óréttur gjörður. Neðan við lögfestuna skrifar Gísli samdægurs að séra Oddur Bjarnason á Þóroddsstað hafi útskýrt sér til málsbóta að hann hafi ekki byggt Náttfaravíkur í trássi né óvilja heldur hafi hann trúað sögu leiguliða síns um samþykki Helgastaðaprests. Vegna vinsamlegrar framkomu séra Odds í sinn garð þá leyfi hann þeim, sem í Náttfaravíkum búi, að vera þar út árið allt til næstkomandi fardaga svo lengi sem þeir greiði fyrir gripum sínum frekar en hitt.<sup>301</sup>

Í lögfestu séra Gísla Jónssonar fyrir Helgastaðaprestakalli sem lesin var 20. júní 1669 fyrir söfnuðinum á Helgastöðum kemur fram að lögfest sé m.a. „afrétt“ í Náttfaravíkum.<sup>302</sup>

Hannes Lauritsson Scheving lögfesti 4. maí 1786 „afrétt“ Helgastaða í Náttfaravíkum sem Grenjaðarstaður og Múlastaður áttu ítölu í. Í kjölfarið fylgja hefðbundnar lögfestuformúlur og er þeim, sem kynnu að mótmæla lögfestunni, stefnt til þess að mæta fyrir rétti í Náttfaravíkum með fimm náttu fresti. Lögfestan var lesin upp samdægurs fyrir manntalsþingsréttinum að Ljósavatni og mótmælti séra Þorleifur Sæmundsson henni fyrir hönd föður síns, séra Sæmundar Jónssonar á Þóroddsstað. Vegna anna sá Björn Tómasson sýslumaður sér ekki fært að mæta á tilsettum tíma til

<sup>300</sup> Skjal nr. 2 (115) a-b.

<sup>301</sup> Skjal nr. 2 (118) a-b.

<sup>302</sup> Skjal nr. 2 (117). Það sama kemur fram í lögfestu séra Gísla sem lesin var á uppstigningardag 1707, sbr. skjal nr. 2 (119). Í lögfestu séra Ólafs Jónssonar kemur það sama fram nema bætt er við „sem hingað til“ en hún var lesin upp á Helgastaðapingi 7. júní 1715, við Helgastaðakirkju 2. júlí 1716, 18. júní 1719, 13. júlí 1721, 6. maí 1723, á Helgastaðapingi 13. maí 1730 og við Helgastaðakirkju 24. júní 1733, sbr. skjal nr. 2 (120). Lögfesta séra Ólafs Jónssonar frá 19. júní 1740 er samhljóða þeirri frá 7. júní 1715 hvað Náttfaravíkur varðar en hún var lesin upp við Helgastaðakirkju 11. júní 1741 og 10. júní 1742, sbr. skjal nr. 2 (121). Lögfesta séra Jóns Jónssonar fyrir Helgastöðum frá 9. júní 1764 er samhljóða lögfestu séra Ólafs frá 7. júní 1715 en hún var lesin við Helgastaðakirkju 10. júní 1764, á Helgastaðapingi 8. maí 1765, 3. júní 1767, 21. júní 1769 og við Helgastaðakirkju 7. apríl 1771, sbr. skjal nr. 2 (122). Lögfesta séra Hannesar Lárussonar Scheving frá 22. júní 1782 var lesin á Helgastaðapingi samdægurs en þar var lögfest afrétt í Náttfaravíkum, sbr. skjal nr. 2 (123). Í lögfestu séra Þorsteins Erlendssonar Hjálmarsens fyrir Helgastöðum frá 17. maí 1828 segist hann lögfesta á ný afrétt Helgastaða í Náttfaravíkum, en lögfestan var lesin á Skútustaðapingi 28. maí og á Helgastöðum 30. maí sama ár, sbr. skjal nr. 2 (124).

Náttfaravíkna og frestaði því málinu fram í ágúst.<sup>303</sup> Mun því hafa lokið með þeim hætti að séra Sæmundur Jónsson á Þóroddsstað og séra Hannes Scheving á Helgastöðum gerðu með sér samning um nýtingu „Náttfaravíkurafréttar“ 15. maí 1786.<sup>304</sup> Sjá kaflann um Þóroddsstað.

Jón Stefánsson prestur á Helgastöðum lögfesti 2. maí 1812 „afrétt“ kirkju sinnar í Náttfaravíkum þar sem Grenjaðarstaður og Múli áttu einnig ítölu. Lögfestan var lesin upp fyrir manntalsþingsrétti á Ljósavatni 5. maí sama ár og mótmælti Þóroddsstaðarprestur, séra Einar Hjaltason, því að séra Jón leyfði öðrum að reka geldfé í umrætt „afréttarland“. Hann mætti einungis reka þangað eigið fé eða svo mikla ítölu sem Helgastaðakirkja kynni að eiga eftir löggildum máldögum.<sup>305</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 19. maí 1855 var lesin upp lögfesta séra Sigurðar Grímssonar á Helgastöðum, séra Skúla Tómassonar í Múla og séra Jóns Jónasonar á Grenjaðarstað fyrir Náttfaravíkum. Inntaks hennar er ekki getið en fram kemur að séra Jón Kristjánsson á Þóroddsstað mótmælti henni.<sup>306</sup>

Í lögfestu séra Jörgens Krøyer fyrir eignum og ítökum Helgastaða frá 17. júní 1867 er ekki minnst á Náttfaravíkur.<sup>307</sup>

Sýslumaður Þingeyjarsýslu skrifaði stjórnarráðinu 20. júní 1911 um umsjón með kirkjujörðum Grenjaðarstaðar- og Helgastaðaprestakalla. Stjórnarráðið svaraði 25. september sama ár og greindi m.a. frá því að upprekstrarréttur Helgastaðaprests í Náttfaravíkum ætti framvegis að fylgja Helgastöðum.<sup>308</sup>

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 var hreppstjóri Reykdælahrepps umsjónarmaður kirkjujarðarinnar Helgastaða. Eftirfarandi upplýsingar um Helgastaði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar og afrétt í Náttfaravíkum.<sup>309</sup>

Í landamerkjabréfi Helgastaða í Reykjadal sem var þinglýst 25. júní 1927 stendur:

1. (Helgastaðir eiga Þingey hálfu og þingstað að auki (og frían upprekstur í Náttfaravíkur. Fossselsbóndi skal hafa fría beit fyrir gripi sína í landi Helgastaða vestan Fljótsheiðar. (NB. ekki sauðfje)).

Fríðrik Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið vegna Helgastaða. Það var samþykkt af; Hólmgeiri Björnssyni vegna Fosssels og Jóni Kr. Eyjólfssyni vegna Hamra.

<sup>303</sup> Skjal nr. 2 (126) a-b.

<sup>304</sup> Skjal nr. 2 (127) a-b.

<sup>305</sup> Skjal nr. 2 (128) a-b. Sbr. einnig skjal nr. 2, (A.6.37).

<sup>306</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.56). Um prestana sjá, Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 299, 305, 306 og 308.

<sup>307</sup> Skjal nr. 2 (125).

<sup>308</sup> Skjal nr. 2 (305).

<sup>309</sup> Skjal nr. 2 (69).



Á spássíunni við hlið hinnar yfirstrikuðu ítakalýsingar kemur fram að ítakinu hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953 og sé því niðurfallið. Undir þetta skrifar J. Skaptason.

### 5.7.5 Ljósavatn

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Hálskirkja eigi sjöttung reka við Ljósvetninga:

j nattfaravijk. millum huandala är oc suijnär.<sup>310</sup>

Auk þess segir máldagi árið 1380 að Ljósavatnskirkja eigi:

skaalaagierd oc skipstodu j vijkum vid svijninn gielldfiar rekstur j naattfaaraa vijkur vmm sumaar.<sup>311</sup>

Jóni Arnórssyni sýslumanni í Snæfellssýslu var falið að reka mál séra Jóns Þorgrímssonar á Hálsi vegna hvalreka. Á Alþingi 17. júlí 1782 lagði hann fram stefnu þar sem Vigfúsi Jónssyni sýslumanni í Þingeyjarsýslu og meðdómsmönnum hans var gert að verja dóm sem þeir höfðu látið ganga á Ljósavatni 21.-22. maí 1781 áhrærandi rekaréttindi Hálskirkju í Náttfaravíkum. Einnig var Sigurði Oddssyni eiganda Ljósavatns stefnt til þess að verja gjörðir sínar í héraði.<sup>312</sup> Nánari umfjöllun um þetta er að finna í Hálshluta Náttfaravíkurkaflans.

Í vísitásiu Ljósavatnskirkju frá 1828 kemur fram að kirkjan eigi geldfjárrekstur í Náttfaravík um sumar samkvæmt máldaga Loga Jónssonar frá 1480.<sup>313</sup>

Í vísitásiu Ljósavatnskirkju árið 1828 kemur m.a. fram að kirkjan eigi 30 hundruð í heimalandi og að tvö gömul skjöl geymi upplýsingar um eignir og ítök kirkjunnar. Samkvæmt því síðara (frá 1530) á Ljósavatn tölverð réttindi í Náttfaravíkum.

Þeim góðu mönnum sem þetta bréf síá edur heyra sendum ver prestar Sra Teitur Magnússon Sr Einar Hallsson, Jón Ólafsson, Þorolfur Jónsson qvediu Guds og sína, kunnugt giörandi ad ver saum og yfirlásu svo skrifadann máldaga Liósavatns ord eptir ord sem hér eptir stendur: Anno Domini MCCCCCLXXX reiknadist svo gots og ítök Liósavatns bædi kirkjunnar og bæarins þa Logi Jónsson [leiðrétt úr, Jóhnnsson] var. ... Skálagiörd og Skipstödu í Vikum vid Svíná, géldfjárrekstur í Náttfara vikur um sumar; ... til sanninnda hér um setium ver undirskrifadir prestar vor Insigli fyrir þetta inscripta bréf, hvört skrifad var í Skridu i Reykjadal þridja dag Páska árum eptir Guds burd 1530.<sup>314</sup>

<sup>310</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>311</sup> Skjal nr. 2 (189).

<sup>312</sup> Skjal nr. 2 (296).

<sup>313</sup> Skjal nr. 2 (86) a-b.

<sup>314</sup> Skjal nr. 2 (307) a-b.

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnist þinglesin landamerki fyrir Ljósavatn en að land sé óskipt milli Ljósavatns og Holtakots. Eftirfarandi upplýsingar um Ljósavatn eru úr sama mati:

Búfjárhagar: Land víðáttumikið, skjólasamt og fremur kjarngott. ...  
 Upprekstur, fyrir fé, í Náttfaravíkum og reka ítak, hvortveggja lítills virði.<sup>315</sup>

Í bréfi og greinargerð prests á Vatnsenda í Þóroddsstaðaprestakalli til Biskupsskrifstofunnar 1. febrúar 1954 segir:

Um ítök Ljósavatnskirkju er það að segja að þau tilheyra kirkjunni ekki lengur, heldur jörðinni Ljósavatni. Þegar kirkjan var afhent eða seld söfnuðinum (um aldamótin) voru ítökin undanskilin.<sup>316</sup>

### 5.7.6 Munkaþverá

Í máldögum Auðunar rauða frá 1318 kemur fram að Munkaþverárklaustur eigi:

so ad aullu vm Liosvetninga Reka. Vm alla náttfaravik fra Ofeygzhelle til Suijnär þridiungur hualreka oc vidreka. þeirra Trie er meire eru. enn. x. alna. fra ofeygzhelle til miosyndis .iij attunga bæde j hualreka oc vidreka oc flutningar.<sup>317</sup>

Í máldögum Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510 er minnst á tengsl Þóroddsstaðar-, Grenjaðarstaðar-, Múla- og Hálskirkna við Náttfaravíkur.<sup>318</sup> Þar kemur einnig fram hvað Munkaþverárklaustur eigi:

j liosvetningaReka eiga halsmenn siettung. sidan a þuerár stadr halfann Reka vidar ok flutningar. Um alla nattfaravik fra svináá til ofeigshellis þridiung hualreka ok storvida þeirra tria er meira eru en .x. alna. fra ofeigshelle til suinalækiar vid miosynde þria attunga bæde hualreka ok vidreka ok flutningar. ... Um alla nattfaravik sem fyr seger. oc skal af naustot hinne eystri rettsynes kidiastapi yfer titlingasker. þat heiter eyrarreki til þess er keranes framan vert liggur vit gniparhusum. J þessum reka eigu halsmenn siettung. en sidan hafa liosuetningar haft þat (at) helminge uit gunstein oc þorliot. Þa er settbergsklettur kemur fram sem fyst ma sia vndan skridnafelle þat heiter mannareki. þenna reka halfan hafdi joreidr heiman. enn halfan tokv þær þorey j erfð epter fodur sin oc fylgde þetta ecke liosavatne.<sup>319</sup>

Sigurðarregistur frá 1525 er þessu samhljóða.<sup>320</sup>

Þórður Björnsson sýslumaður bar upp fyrirspurn, á manntalsþingi á Ljósavatni 15. maí 1819, frá Kristjáni Jónssyni á Illugastöðum umboðsmanni

<sup>315</sup> Skjal nr. 2 (306).

<sup>316</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>317</sup> Skjal nr. 2 (187).

<sup>318</sup> Skjöl nr. 2 (201), nr. 2 (202) og nr. 2 (203).

<sup>319</sup> Skjal nr. 2 (204).

<sup>320</sup> Skjal nr. 2 (219).

Munkaþverárklausturs- og Norðursýslujarða. Hann spurði um hverjir hefðu umsjón með eða leigðu rekaítök Munkaþverárklausturs innan hreppsins, sér í lagi Náttfaravíkum og út með vesturströnd Skjálfandafjarðar og hvort nokkuð hefði borið upp á þessa reka. Þingmenn svöruðu seinni spurningunni neitandi en hvað hina fyrri varðar sögðust þeir ekki vita hver hefði umsjón með rekunum né hver leigði þá en tekið var fram að bændurnir í Naustavík og þeir, sem búi á ystu bæjunum í hreppnum, séu ekki til staðar á þinginu.<sup>321</sup>

Á manntalsþingi að Ljósavatni 11. maí 1835 voru boðin upp þau rekaítök Munkaþverárklausturs sem lágu innan þingsóknarinnar en þ.á m. var öll Náttfaravík frá Svíná út að Ófeigshelli þriðjungur úr öllum trjám stærri en 10 álnir. Hlutskarpastur var J. Pétursson umboðsmaður sem bauð sex fiska fyrir ársleigu.<sup>322</sup>

Viðarrekaítök Munkaþverárklausturs, m.a. um alla Náttfaravík frá Svíná út að Ófeigshelli voru boðin upp til fimm ára á manntalsþingi á Ljósavatni 15. júní 1860.<sup>323</sup>

Ófeigshellir er samkvæmt sóknalýsingu Þóroddsstaða- og Ljósavatnssókna árið 1840 undir Hágöngum.<sup>324</sup>

### 5.7.7 Múli

Að sögn máldaga Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 á Múlakirkja rekstur á:

Gomlu fie j nattfaravijk clxxx.<sup>325</sup>

Sama kemur fram í máldögum Péturs Nikulássonar 1394, máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461 til 1510 og Sigurðarregistri frá 1525 og sömuleiðis í máldaga Múlakirkju 8. september 1563.<sup>326</sup>

Vísitasíubók Þorláks Skúlasonar 1631 greinir frá eftirfarandi:

Kyrkia mariæ ad Mula, hun a ... Lambarekstur a Hvamz Heyde, gomlu fie j nattfaravykur, ...<sup>327</sup>

Í vísitasíu Múlakirkju frá 1694 er texti sem er nánast samhljóða því sem kemur fram í vísitasíubók Þorláks.<sup>328</sup> Hið sama má segja um vísitasíu Múlakirkju frá 1715.<sup>329</sup>

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir um Múla:

Prestagardurenn hefur heibiörg, bæde góða og Mikla, .... gielldfiár Rekstur j Náttfaravýkur fyrrer 1 hndr. 80 gielldings, Reka, og Rekaparta allmarga, þá bestu j fiarlægd, ...<sup>330</sup>

<sup>321</sup> Skjal nr. 2 (273) a-b.

<sup>322</sup> Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.53).

<sup>323</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.64, sjá einnig A.6.67 uppboð rekaítaka m.a. um alla Náttfaravík frá 12. júní 1879 á Ljósavatni).

<sup>324</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 83.

<sup>325</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>326</sup> Skjöl nr. 2 (191), nr. 2 (202), nr. 2 (221) og nr. 2 (230).

<sup>327</sup> Skjal nr. 2 (135) a-b.

<sup>328</sup> Skjal nr. 2 (151) a-b.

<sup>329</sup> Skjal nr. 2 (161) a-b.

<sup>330</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

Gísli Einarsson prestur í Múla lögfesti þann 6. júní 1693:

... Eign Och Jtak J Nattfaravýkum Och Stadar Kyrchiu Sókn liggjande Sem ehr hundrad och attatýger gamal fiár ganga logfeste eg Aadur nefnt Mula Kyrchiu Jtak med holltum og haga och ollum Lands nýtium ehr greindu Jtakie eiga ad fylgia och fylgt hafa ad fornu och Nýu til Ummmerchia þeirra ehr adrer menn eiga J Moote firrsagdre Mula Kyrchiu eign.<sup>331</sup>

Halldór Einarsson sýslumaður auglýsti á manntalsþingi á Ljósavatni 25. maí 1705 bón prestanna að Grenjaðarstöðum, Múla og Helgastöðum um að hann sjái til þess að ekki sé byggt í „afrétt“ þeirra Náttfaravíkum.<sup>332</sup> (Sjá undirkafla um Þóroddsstað).

Í sundurliðuðum reikningi séra Skúla Tómassonar yfir Múlaprestakall frá 1. júlí 1839 kemur m.a. eftirfarandi fram:

GeldfjársRekstur i Nattfaravykur, handa 180 Saudum, er fyrirbodenn, frá Þóroddstad.<sup>333</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 19. maí 1855 var lesin upp lögfesta séra Sigurðar Grímssonar á Helgastöðum, séra Skúla Tómassonar í Múla og séra Jóns Jónssonar á Grenjaðarstað fyrir Náttfaravíkum. Inntaks hennar er ekki getið en fram kemur að séra Jón Kristjánsson á Þóroddsstað mótmælti henni.<sup>334</sup>

## 5.8 Vargsnes

Vargsnes er nefnt í vitnisburði frá árinu 1567 um að Staður í Kinn eigi Náttfaravíkur og lóðarfiskar teknir en samhengið er óljóst.<sup>335</sup> Verður því ekkert sagt um byggð þar út frá þeim vitnisburði.

Í ódagsettri umfjöllun séra Eiríks Þorleifssonar um byggingarbréf séra Illuga Helgasonar fyrir Víkum frá árinu 1638 segir hann að í einni afskrift komi fram að Vatnsnes hafi þá verið í byggð. Af vitnisburði Einars Runólfssonar frá 1567 megi sjá að Vatnsnes þetta sé þar með réttu kallað Vargsnes. En þess sé getið í sömu andrá og Ófeigsstaða en báðar jarðirnar séu án nokkurs vafa eign Þóroddsstaðar. Vargsnes hafi líkast til frá fornu fari verið þjóðkunnugt lögbýli í Náttfaravík. Byggingarbréfið sýni að árið 1638 hafi tvö önnur lögbýli verið í Náttfaravíkum, nefnilega Skálavík og Naustavík. Séra Eiríkur heldur því fram að sá garður sem liggja:

... fyrer Nordan Náttfaralæk umm þvert frá Sió til fialls upp af adalvíkenni þeirra ynstu Og stædstu sem veru lega er Vid Náttfara kend til þessa Dags Og adal Náttfaravik Kóllud af Hvörre Heile armurenn edur fiardar sydann tekur

<sup>331</sup> Skjal nr. 2 (93) a-b.

<sup>332</sup> Skjal nr. 2 (260) a-b.

<sup>333</sup> Skjal nr. 2 (94) a-b.

<sup>334</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.56). Um prestana sjá, Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófesta*, bls. 299, 305, 306 og 308.

<sup>335</sup> Skjal nr. 2 (232).

Nafn, að sá gardur ytrekast Hier Med Hafe vorslu gardur fyrer afett vered, enn alls ecke landa Merkia gardur, þar því Kóllunar nafne Hefir á þeirre týd alls ecke Hneckt Vered sem þíód kunnumm Hlut.<sup>336</sup>

Í umfjöllun sinni lætur séra Eiríkur fylgja smá bút úr umræddu byggingarbréfi frá 1638 þar sem segir:

Fyrst Þordur vill ei leingur i Wykum vera, þá á Steingrímur (á Vargsnese) að hafa þá kofa sem i Skálavík eru, Og Samtíinn bæde til slægna og beitar, Og utann af Naustavík, það sem Þorkell gietur ei yfer komest. Skipa eg Steingríme að inn setia þá peninga sem i Wykur rekast ólóglega og i forbode Mýnu, Hvór sem þá aa, til urslagiálda eptir lógum, utann þeir Halde uppe Vorslugardenum eptir því sem laugenn skipa.<sup>337</sup>

Þetta byggingarbréf segir séra Eiríkur sýna að:

... allur landsens Mid Hlute Hafe til ádur Nefndrar tydar vered biggt land Þorodds Stad til Heirande framann úr Fyrnd ásamt lands parte af afrétt fyrer sunnann Nefndan vórslu gard til Svjnar óss og Náttfaralækjar sem þar Hiá Fellur til Sióar, vid Hvórn að Skipa uppsátur Og út ræde til Fyskefanga Hefir brúkad Vered framann úr Fyrnd til þessa Dags alt að ádur Nefndum Áróse, so sem i þeirre ynstu Veide stódu ...<sup>338</sup>

Þar hafi allt lóðargjald frá fornu fari tilheyrt Þoroddsstað eins og annars staðar í Náttfaravíkum eins og ofangreindir vitnisburðir beri með sér.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir:

Vassnes heitir eyðibúð skamt inn frá verstöðunni Rauðuvík, sem byggðist um fáein ár og fylgdi þessari búð lítil eða engin grasnyt, nema hafi hjer verið nokkrar ær.

Búðarleiga var engin áskilin, galtst og engin.

Skip átti búðarmaðurinn sem hann fleytti, og lifði mestan part á þeim afla, sem hann fjekk á bátinn.<sup>339</sup>

Um Naustavík með Vargsnesi segir í jarðamati 1849-1850:

N<sup>o</sup> 54 Naustavík með Vargsnesi ómetin. ... Landrými allmikið og gott bæði til þrifa og málnytu. Frían upprekstur fyrir eigin skjepnur. Vargness tún er lítið.; að öðruleiti er lýsingin á eingi og úthaga hinsama og á Naustavík.<sup>340</sup>

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 var hreppstjóri Ljósavatnshrepps umsjónarmaður kirkjujarðarinnar Vargsness. Jörðin hafði verið í eyði síðan árið 1904, en nýttar hennar nú leigðar ábúanda Naustavíkur fyrir 20 króna árgjald. Þinglesin

<sup>336</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>337</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>338</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>339</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 110-111.

<sup>340</sup> Skjal nr. 2 (65).

landamerki fundust ekki, en land óskipt við Naustavík að öðru en túni og engjum. Eftirfarandi upplýsingar um Vargsnes eru einnig fengnar úr matinu:

Jörðin liggur austanvert í Víknafjöllum, vestan fram með Skjálfanda. Landrými mikið. Landkostir góðir. Landið notað undanfarið fyrir afrétt. Hús öll fyrir löngu niðurfalín.<sup>341</sup>

Hvað varðar aðrar upplýsingar er bent á kaflann um Náttfaravíkur (Naustavík).

Eyðibýlið Vargnes var selt ásamt Naustavík 10. maí 1922. Í virðingargerð sem gerð var 3. júlí 1918 vegna fyrirhugaðrar sölu kemur fram að jörðin hafi verið í byggð á árunum 1843-1904. Jörðin sem sé ysti bær í Náttfaravíkum teljist hjáleiga Naustavíkur og sé land þeirra óskipt að frátöldu túni og engjum. Jafnframt kemur fram að ábúandi Naustavíkur hafi haft Vargsnes á leigu undanfarin ár og notað túnblett og engjareitur til upprekstrar fyrir sjálfan sig og leigt þar að auki hreppsúbum „afréttarland“.<sup>342</sup>

Jón Sigurðsson í Ystafelli segir m.a. um Vargsnes í bókinni *Suður-Þingeyjarsýsla*, að í Rauðavík, rétt fyrir norðan Vargsnesbæ, sjáist fyrir 18 verbúðum fornunum. Hið nyrsta af Vargsneslandi sé „afréttur“ kallaður. Landkostir hafi verið annálaðir á Vargsnesi, sauðir svo feitir, að með fádæmum þótti og sama gilti um málnytu, en lítið gefið af heyjum flesta vetur, bæði verið jarðsælt á landkjarna og fjörubeit. Ekki sé vitað um byggð aðra en þá, sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar, fyrr en árið 1843 og byggðin verið samfelld til 1904. Síðan var búið þar á árunum 1920-1933, þegar býlið fór endanlega í eyði.<sup>343</sup>

Landamerki jarðanna Vargsness og Naustavíkur voru skráð árið 2007. Sjá kaflann um Náttfaravíkur (Naustavík). Þá skal þess getið að umráðamaður kirkjujarðarinnar Vargsness (Þóroddsstaðarprestur) skrifaði undir landamerkjabréf Eyrar/Knarrareyrar á Flateyjardal.<sup>344</sup>

## 5.9 Austari-Krókar

Krókar í Fnjóskadal í Draflastaðapingum 30 hndr. voru lagðir í kaupmála, 12. nóvember 1467.<sup>345</sup>

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar eftir Guðna Jónsson andaðan árið 1508 kemur fram meðal jarðagóss fyrir norðan:

oc atta .c. j krokum.<sup>346</sup>

Að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 var grastekja bjargleg í Stórukrókum og úthagarnir miklir og góðir.<sup>347</sup>

<sup>341</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>342</sup> Skjal nr. 2 (276).

<sup>343</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 176-177.

<sup>344</sup> Skjal nr. 2 (29).

<sup>345</sup> Skjal nr. 2 (208).

<sup>346</sup> Skjal nr. 2 (214).

<sup>347</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 103.

Á manntalsþingi að Hálsi 27. maí 1721 var lesin upp og uppáskrifuð lögfesta Lárusar Schevings sýslumanns, frá 22. apríl 1720, fyrir fjórum hundruðum í Austari-Krókum sem Halldór Jónsson áður átti. Grími Ásmundssyni, ábúanda jarðarinnar, var sagt að rétta sig eftir þessari lögfestu og gjalda engum öðrum en Scheving sýslumanni landskuld af þessum fjórum hundruðum því að innfærsludómurinn, sem um þetta mál hefði gengið, væri orðinn in appellabilis og hefði allareidu yfirstaðið sin fatalia.<sup>348</sup>

Sjálfs eignarjörðin Eystrikrókar, sem að hálfu er í eigu ábúanda, er sögð 20 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804.<sup>349</sup>

Jón Þorkelsson eigandi Austari-Króka mótmælti lögfestu fyrir Kambsmýrum sem var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi 25. maí 1804. Hvorki inntaks lögfestu né mótmæla er getið.<sup>350</sup>

Fjallað er um Austari-Króka í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

Austarikrókar talin 20 hndr. ad dýrleika. ... Landrými og afnot til þrifa og málnytu í betra medallagi, og sumarhagar godir fyrir allann búfenad - ...<sup>351</sup>

Landamerkjabréf fyrir Austari-Króka var útbúið þann 28. mars 1885 og þinglýst 27. maí sama ár. Þar stendur eftirfarandi:

Austari-Krókar eiga land til norðurs að Kambsmýralandi. Merki þar á milli eru: úr vörðu á Ytri-Miðhólum austur skeið, beint í Skeiðislæk, þar, sem hann rennur ofan eftir gili á milli Skeiðishryggja og í þeim læk austur svonefndan Ytridal og þaðan sömu stefnu á fjall upp. Að austan ræður merkjum hæsti fjallshryggurinn, suður að Uxaskarði. Að sunnan greinir Ytri-Uxaskarðsá, Krókaland frá Garðssellandi, unz hún rennur í Árbaugsá. Þá eru merkin í Árbaugsá þar til Krókaá rennur í hana að norðan, austur frá bænum Þúfu. Frá þeim ármótum eru þau í Króká út á milli Krókabæanna, og þaðan aðskilur lönd Austari-Króka og Vestari-Króka, bein stefnulína norður eftir Miðhólum í vörðu þá, sem fyr er nefnd.<sup>352</sup>

Friðrik Gottskálksson, eigandi jarðarinnar, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: B. Bjarnasyni fyrir hönd eiganda Vestarikróka, Gísla Ásmundssyni fyrir hönd eigenda Garðs og Karli E. Friðrikssyni vegna eiganda Kambsmýra.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Austari-Króka hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Austari-Króka eru einnig fengnar úr matinu:

<sup>348</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Lögfesta þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096.

<sup>349</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>350</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.29).

<sup>351</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>352</sup> Skjal nr. 2 (2) a-b.

Búfjárhagar. Landið mjög víðáttumikið og kjarngott. Sumarheit ágæt fyrir allan búpening, en afar snjóþungt og engin vetrarheit. Vorhart mjög og fjárgeymsla erfið. Jörðin hefur upprekstrarland fyrir sig, en lítið meira. ... Jörðin liggur afskekkt við afrétt í fremur óþurkasömu plássi. ... Mikill ágangur afréttarfjár gerir skaða þar allt er ógirt.<sup>353</sup>

Hálfir Austari-Krókar voru afsalaðir Hálshreppi 18. janúar 1951.<sup>354</sup>

Jón Sigurðsson segir Austari-Króka fornbylí, getið þegar á 15. öld, og muni hafa verið í stöðugri byggð til 1946, þegar jörðin lagðist í eyði, og ættir fastar í ábúð.<sup>355</sup>

## 5.10 Garður

Elsta heimild, sem fundist hefur um Garð í Fnjóskadal er að jörðin var gefin 2. maí 1562.<sup>356</sup>

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir m.a. um Garð:

... Grasatekja bjargleg fyrir heimilið.

Engið liggur nokkuð upp undir Gönguskarði, og er þangað nokkuð erfitt að sækja. Úthagarnir góðir og miklir.<sup>357</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að sjálfseignarjörðin Garður sé sögð 30 hundruð. Einnig stendur þar að árstekjur af afréttarleigu séu 64 skildingar og að skriður skemmi úthaga.<sup>358</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Garð:

Gardur talin 30 hndr. ad fornum dyrleika. ... Eingja vidatta er i meiralagi, bædi á votu og þurru, en slitrótt og ad meira parti langsokt, ... Landrymi er i betralagi, og afnot þess til mjólkur og þrifa i medallagi. ... Til okosta telst: ... snjóflód og skriduföll til mikils skada. - ...<sup>359</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Garðs hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Garð eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar fremur grasgefnar og greiðfærar. Víðáttumiklar á dreif um landið. Sumar nærtækar fremur, en sumar langsóttar og þangað erfiður vegur og vondur. ...

<sup>353</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>354</sup> Skjöl nr. 4 (66) og 14 (5).

<sup>355</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 133.

<sup>356</sup> Skjal nr. 2 (229).

<sup>357</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 102.

<sup>358</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>359</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.



Búfjánhagar: Landrymi mikið og kjarngott. Sumarhagar mjög góðir fyrir allan búfénað. ... Upprekstrarland fyrir jörðina sjálfa, en lítið meira. ... Afréttarfé gerir usla töluverðan, þar eð girðingu vantar.<sup>360</sup>

Landamerkjabréf Garðs var útbúið þann 2. janúar 1884 og þinglesið 4. júní 1886. Þar kemur fram:

1. Merkin að utan milli Garðs og Austaríkróka, eru Uxaskarðsá hin Ytri og svo Árbaugsá.
2. Merkin að neðan eða vestan eru Árbaugsá eða Þverá og svo Fnjóská frá Þverá til Ytrihólsmerkja.
3. Að sunnan milli Garðs og Ytrahóls eru merki beint frá Fnjóská í Sandgil, frá því gili um reiðgötur, beint í merkistein utan og neðan í Geithól, þaðan í miðjan Língból, þaðan í miðjan Sjónarhól, þaðan rétt lína yfir Vaðmýri í Hólsá, beint undan Vegarlág í Tungusporði.
4. Að ofan eða austan eru merkin í Grjótá, svo í Gönguskarðsá og Hólsá, fram að Ytrihólsmerkjunum, sem áður eru talin.<sup>361</sup>

Gísli Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði eiganda. Það var samþykkt af: Hannesi Friðrikssyni eiganda Austaríkróka, Jóni Jónssyni og Guðnýju Sigurðardóttur eigendum Ytrahóls. Hannes Friðriksson og Björn Bjarnarson samþykktu bréfið sem umboðsmenn eiganda Draflastaða vegna kirkjulandsins á Gönguskarði og Gísli Ásmundsson vegna Þverárlandseignar.

Jón Sigurðsson í Ystafelli hefur þetta um land Garðs:

Jörðin á alla tunguna norður innan árbugsins [á Fnjóská] og mikið land bak við Garðsfell, austan Hólsár, hið vestasta af Gönguskarði og hlíðina norður frá því að Krókalandi. Þar er engi mikið og meira en heima, og heitir þar Selland. Garður er mikil útbeitarjörð og hátt metin að fornu.<sup>362</sup>

Garður fór í eyði árið 1961.<sup>363</sup>

## 5.11 Ytri-Hóll

Hóll (Ytrihóll, Ytri-Hóll) m.m. var goldinn eiginkonu í stað málajarða, sem eiginmaður hafði selt, 10. janúar 1445 (7. september 1446).<sup>364</sup>

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar eftir Guðna Jónsson andaðan 1508 kemur fram að meðal jarðagóss fyrir norðan sé: „holar tvennir“. Óvíst að hér sé átt við Hólana í Fnjóskadal.<sup>365</sup>

<sup>360</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>361</sup> Skjal nr. 2 (15) a-b.

<sup>362</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 169.

<sup>363</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 158.

<sup>364</sup> Skjal nr. 2 (199).

<sup>365</sup> Skjal nr. 2 (214).

Lýsing kosta og ókosta Ytra-Hóls í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 á við báða Hólana, Ytri- og Syðri-, sem þá voru hvor um sig 15 hundruð. Þar segir m.a.:

Grasatekja bjargleg fyrir heimilið.

... Slægjur eru og nokkrar á Hólsdal, og liggur hann oft undir snjó fram á sumar, og er sá heyskapur því svipull og erfiður til að sækja. Úthagarnir eru grösugir og búgóðir.<sup>366</sup>

Á manntalsþingi að Hálsi 23. maí 1788 var auglýst útvegum Sigurðar Árnasonar sem nýbýlings til eyðijarðarinnar Ytra-Hóls gegn peningastyrk.<sup>367</sup>

Jörðin Ytri-Hóll er sögð 10 hundruð í jarðamatinu 1804. Einnig kemur þar fram að skriður skemmi úthaga.<sup>368</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er umsögn um Ytra-Hól. Þar stendur:

Itrihóll firrmeir talin 10 hndr. ad dyrleika - ... Eingja vídátta er nokkur, en í slitringi. – Landrymi í betralagi, og gott til þrifa og mjólkur. ...<sup>369</sup>

Landamerkjabréf Ytra-Hóls var útbúið þann 16. maí 1886 og þinglýst 4. júní sama ár. Þar kemur fram:

1. Merkin að norðan á milli Ytrahóls og Garðs er beint frá Fnjóská og í Sandgil, frá því, um reiðgötur í stóran stein utan og vestan við Geithól, frá þeim steini í miðjan Linghól, þaðan í miðjan sjónarhól, þaðan beina línu og austur á miðja Vaðsmýri og á Hólsá undan vegalág.

2. Merkin að neðan ræður Fnjóská.

3. Merkin á milli Ytrahóls og Syðrahóls eru beint frá Fnjóská og í vörðu á Undirmós [strikað yfir, mýri] brekku, þaðan í vörðu á Veituholti, þaðan í vörðu sunnan við gróf og þaðan í Snjóbolla.

4. Landinu fyrir ofan Hólsbrún er óskift til beitar á milli jarðanna Ytrahóls og Syðrahóls, en til slæгна á Ytrihóll Grafarmýrarnar utan á hálsinum allt fyrir utan Hafragróf og allar Selbrekkurnar fram í gegn og upp í vörður þær, sem eru á Selbrekkubrúnunum frá Hafragróf fram að öxlinni.

Hólsdalinn eiga báðar jarðirnar Ytri-Hóll og Syðri-Hóll bæði að austan og vestan. Merki hans eru að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og austur að Þrengingum, að austan ræður fjallsbrún fram að gili, sem er gagnvart Mjóadal. Að vestan og framan ræður Mjóagilsá og fram til fjalls.<sup>370</sup>

Eigendur jarðarinnar, þau Jón Jónsson og Guðný Sigurðardóttir, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Guðlaugi Kristjánssyni eiganda Syðrahóls, Gísla Ásmundssyni vegna eiganda Garðs, Hannesi Friðrikssyni og Birni Bjarnarsyni

<sup>366</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 102.

<sup>367</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.16).

<sup>368</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>369</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>370</sup> Skjal nr. 2 (48) a-b.

vegna eiganda Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði og Kristjáni Kristjánssyni [væntanlega á Finnsstöðum] eiganda Finnsstaðadals.

Eigendur Ytra-Hóls skrifuðu undir landamerkjabréf Finnsstaða árið 1886. Sjá Finnsstaði.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Ytra-Hóls hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Ytrahól eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar snögglendir hálfdeigjur á víð og dreif um landið, sumpart all langsóttar og engjavegur ógreiðfær. ...

Búfjárhagar: Landrymi mikið og kjarnaland. Sumarheit ágæt fyrir allan búfénað, en snjóþungt og því lítil vetrarheit. Fjárgæmsla erfíð. ... Upprekstrarland fylgir, sem jörðinni nægir.<sup>371</sup>

Að sögn Jóns Sigurðssonar í Ystafelli á Ytri-Hóll mikið fjalllendi. Síðan segir hann:

Ofan við bæinn er lágur háls og skammt að fara yfir á Hólsdal. Á jörðin þar mikið land á mótum afréttardala. Ármótin þar efra eru litlu einu hærra yfir sjó en Hólsbærinn. Þar er engi mikið og sauðland, og voru þar stundum beitarhús áður fyrr.<sup>372</sup>

## 5.12 Syðri-Hóll

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar eftir Guðna Jónsson andaðan árið 1508 kemur fram að jarðagóss fyrir norðan sé: „holar tvennir“. Óvist að hér sé átt við Hólana í Fnjóskadal.<sup>373</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir um Syðra-Hól:

Þessi bær er bygður fyrst fyrir um 50 árum í Ytra Hóls landi, sem þá hjet Hóll, skamt fyrir sunnan túnið, og er nú haldinn helmíngur allrar jarðarinnar, og er túninu einasta skift á milli bæjanna, en engi og úthögum óskift.<sup>374</sup>

Lýsing kosta og ókosta Ytra-Hóls í Jarðabók Árna og Páls á við báða Hólana, Ytri- og Syðri-, sem hvor um sig voru 15 hundruð að dýrleika, grasatekja var bjargleg fyrir heimilið, slægur voru nokkrar á Hólsdal og úthagar grösugir og búgóðir.<sup>375</sup>

Á manntalsþingi að Hálsi 23. maí 1788 var auglýst útvegum Sigurðar Bessasonar sem nýbýlings til eyðijarðarinnar Syðra-Hóls gegn peningastyrk.<sup>376</sup>

Sjálfs eignarjörðin Syðri-Hóll, sem sögð er 10 hundruð, hefur kjarrskóg til eigin nota samkvæmt jarðamatinu 1804.<sup>377</sup>

<sup>371</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>372</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 168.

<sup>373</sup> Skjal nr. 2 (214).

<sup>374</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 101.

<sup>375</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 102.

<sup>376</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.16).

<sup>377</sup> Skjal nr. 2 (63).

Í jarðamatinu 1849-1850 er að finna umsögn um Syðra-Hól. Þar stendur:

Sidrihóll 10 hndr. ad dyrleika. – ... Eingi er nær og fjær á votu og þurru, slitrótt ... Landrými sæmilegt, og í betralagi til mjólkur og þrifa. ...<sup>378</sup>

Landamerkjabréf Syðra-Hóls var útbúið þann 16. maí 1886 og þinglesið 4. júní sama ár. Þar stendur:

1. Merkin að norðan á milli Ytra-Hóls og Syðrahóls eru beint frá Fnjóská og á vörðu á Undirmósbrekku, þaðan í vörðu á Veituholti, þaðan í vörðu sunnan við Gröf og þaðan í Snjóbolla.

2. Að vestan eru merkin í Fnjóská.

3. Að sunnan eru merkin: á milli Böðvarsness og Syðrahóls ræður Fossá merkjum frá Fnjóska til fjallsbrúnar.

4. Á milli jarðanna Syðra-Hóls og Ytra-Hóls, er landi óskift fyrir ofan Hálsbrún til beitar, en til slæгна á Syðri-Hóll allar Axlarmýrarnar austur að vörðum á Selbrekkubrúnum og út að vörðum við Hafragróf.

5. Hólsdalinn eiga báðar jarðirnar í sameign, bæði að austan og vestan, Syðrihóll og YtriHóll. Merki hans eru að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og austur að Þrengingum. Að austan ræður fjallsbrún fram að Gili sem er gagnvart Mjóadal. Að vestan eru merkin Mjóadalsá og fram til fjalls að framan.<sup>379</sup>

Guðlaugur Kristjánsson, jarðareigandi, skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af: Jóni Jónssyni og Guðnýju Sigurðardóttur eigendum Ytra-Hóls, Hannesi Friðrikssyni og Birni Bjarnarsyni vegna eiganda Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði, Gísla Ásmundssyni vegna eiganda Garðslands, Kristínu Sigurðardóttur vegna eigenda Böðvarsness, Kristjáni Kristjánssyni (væntanlega á Finnsstöðum) eigenda Finnsstaðadals.

Eigandi Syðra-Hóls skrifaði undir landamerkjabréf Finnsstaða árið 1886. Sjá kaflann um Finnsstaði.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Syðra-Hóls hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Syðra-Hól, sem þá var nýttur með Ytra-Hóli eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar fremur snögglendir hálfdeigjur og móar, sum part þýft. Liggja á víð og dreif um landið, sumt til fjalls. Engjavegur því misjafn, og sumpart ógreiðfær. ...

Búfjárhagar: Landrými mikið en liggur fjarri meginíð. Sumarhagar góðir fyrir allar skepnur, en gripahagar nokkuð langsóttir. ... Fjárgeymsla erfið. ... Upprekstrarland hefur jörðin fyrir sig.<sup>380</sup>

<sup>378</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>379</sup> Skjal nr. 2 (39).

<sup>380</sup> Skjal nr. 2 (70).

Jón Sigurðsson í Ystafelli hefur eftirfarandi um Syðra-Hól:

Syðrihóll var byggður úr landi Hóls um 1660, og fengu þá bæði bæjanöfnin forskeytin. Landi jarðanna var eigi skipt. Syðrihóll fór í eyði eftir Bóluna, en þar var þó samfelld byggð síðan nálega 200 ár.<sup>381</sup>

Syðri-Hóll fór í eyði árið 1971.<sup>382</sup>

### 5.13 Veisa

Veisa er nefnd í Ljósvetninga sögu, sem Björn Sigfússon telur frá miðri 13. öld.<sup>383</sup>

Veisa var látin í jarðaskiptum 6. apríl 1532.<sup>384</sup>

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir jörðina 30 hundruð síðan selið var frá, úthaga í minna lagi en nokkurn veginn bjarglega, grösuga neðarlega, en hrjóstruga til fjallsins.<sup>385</sup>

Manntalsþing að Hálsi 30. maí 1722. Oddur Ólafsson lögréttumaður bauð Veisu til ábúðar á manntalsþingi að Hálsi 30. maí 1722 en enginn af þingsóknarmönnum hafði áhuga vegna merkilegrar spillingar jarðarinnar.<sup>386</sup>

Sjálfseignarjörðin Veisa er sögð 20 hundruð í jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að skriður ógni úthaga.<sup>387</sup>

Minnst er á Veisu í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

Veisa 20 hndr. ad fornum dyrleika. ... Til okosta er talid litid land, og lelegt til þrifa og málnytu; uppblástur á land ad ofan. ...<sup>388</sup>

Landamerkjabréf jarðarinnar Veisu var útbúið þann 30. nóvember 1886. Það var þinglesið 11. júní 1887. Þar segir:

Milli Veisu og Veisusels að sunnan eru merkin í svonefndum Stóralæk. Milli Veisu og Vegeirsstaða að norðan, eru merkin í læk, sem líka er nefndur Stórilækur. En breidd Veisulands nær frá fjallsbrún ofan að Fnjóská. (~~Vegeirsstaðir eiga rétt til stórgripagöngu í Veisulandi~~).<sup>389</sup>

Guðmundur Hjaltason, eigandi Veisu, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Stefáni Stefánssyni ráðanda Végeirsstaða og Jóni Austmann eiganda Veisusels.

<sup>381</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 169. Með bólunni er væntanlega átt við Stórubólu 1707-1709.

<sup>382</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 158.

<sup>383</sup> *Ljósvetninga saga, Reykdæla saga ok Víga-Skútu, Hreiðars þáttur*, Íslensk fornrit X, bls. XLVI-L, 63.

<sup>384</sup> Skjal nr. 2 (222).

<sup>385</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 99.

<sup>386</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Lögfesta þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096.

<sup>387</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>388</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>389</sup> Skjal nr. 2 (41) a-b.

Á spássíunni við yfirstrikaða textann kemur fram að ítakinu hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20. 5. ‘53 og sé því niður fallið. J. Skaptason skrifar undir þetta.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Veisu hafi verið þinglesin 1887. Eftirfarandi upplýsingar eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland fremur þröngt. Sumarhagar dágóðir. ... Fjárgeymsla heldur hæg.<sup>390</sup>

Nýtt landamerkjabréf fyrir Veisu var útbúið 3. nóvember 1944. Þar stendur:

Milli Veisu og Veisusels að sunnan eru merkin í Stóralæk, í Ytri Kvísl, Milli Veisu og Végeirsstaða að norðan eru merkin í læk, sem líka er nefndur Stórilækur. Báðir þessir lækir renna í Fnjóská og ráða merkjum.

Breidd Veisulands er frá fjallsbrún niður að Fnjóská.

Beitartak Végeirsstaða, til stórgripagöngu í Veisulandi, er niður fallið.<sup>391</sup>

Ólafur Tryggvason, eigandi Veisu, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Karli Kr. Arngrímssyni, eiganda Végeirsstaða, og Gunnlaugi Jónssyni Veisuseli.

Þessi landamerki Veisu og Veisusels munu hafa verið þinglesin 3. nóvember 1944.<sup>392</sup>

## 5.14 Veisusel

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir árið 1712 um Veisusel, sem sumir kalla Skollagerði og var 10 hundruð að dýrleika:

Partur af Veisu.

Bygð hjer um fyrir 50 árum á selstæði heimajarðarinnar, sem menn atla að sje fornt eyðiból, með því hjer er girðing um völinn, og reiknast þetta býli fjórðungur allrar jarðarinnar, afdeilt að öllum landsnytjum.<sup>393</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að sjálfseignarjörðin Veisusel sé sögð 10 hundruð og að skriður ógni úthaga hennar.<sup>394</sup>

Veisusel er samkvæmt jarðamatinu 1849-1850 talið:

10 hndr. að dýrleika. ... Landsnytjar til mjólkur þrifa og vetrarbeitar í minnalagi. – Til okosta telst lítid land og liggir allt undir áföllum af snjóflodum, grjot og leýrskridum ...<sup>395</sup>

Í matinu stendur einnig:

<sup>390</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>391</sup> Skjal nr. 2 (42) a-b.

<sup>392</sup> Skjal nr. 4 (101).

<sup>393</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 98.

<sup>394</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>395</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

Þrætulands er ennframar að geta, sem er stykki nokkurt milli jarðanna Hallgilstada og Veisusels, er nota má bæði til slægna og beitar, og álist þenna þrætupart hæfilegt að meta til 5 rd. árlegs ágoda, hvorri jörðinni sem hann tilfellur.<sup>396</sup>

Landamerkjabréf fyrir Veisusel var útbúið 28. mars 1884 og þinglýst 18. júní sama ár. Þar stendur eftirfarandi:

Að utanverðu til móts við Veisu ræður Stórilækur í fjallinu og ytri kvísl hans frá fjallsrótum til Fnjóskár. Að vestan verðu við Fnjóská suður gegnt Miðrönd á mónum, þaðan til móts við Hallgilsstaði í Grundargil [leiðrétt m. öðru bleki, e.tv. úr Gvendargil] í fjallinu beint á fjall upp. Samt tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.<sup>397</sup>

Sigurður Guðnason skrifaði undir landamerkjabréfið sem umboðsmaður Jóns Austmanns. Það var samþykkt af: Kristjáni Ingjaldssyni ábúanda Hallgilsstaða, Elínu Bjarnadóttur ábúanda Veisusels og Sigurgeiri Jónssyni ábúanda Veisu.

Síðar hefur verið bætt við að ítakinu hafi verið lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953. J. S. skrifar undir það.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Veisusels hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Veisusel eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland ekki vel rúmt en gott. Sumarhagar gripa dágóðir. ... Fjárgeymsla hæg.<sup>398</sup>

Nýtt landamerkjabréf fyrir Veisusel var útbúið þann 14. desember 1922. Þar kemur fram:

Að norðan til móts við Veisu ræður Stórilækur og ytri kvísl hans frá fjallsrótum til Fnjóskár. Að vestan ræður Fnjóská gegnt Miðrönd og þaðan gegnt Hallgilsstöðum í Grundargil í fjallinu, beint á fjall upp. Samt tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.<sup>399</sup>

Gunnlaugur Jónsson, ábúandi Veisusels, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jens Kr. Buck ábúanda og eiganda Veisu og Róberti Bárðdal ábúanda Hallgilsstaða. Engar upplýsingar um þinglestur eru færðar í landamerkjabókina.

Á spássiunni við landamerkjalyfinguna kemur fram að ítakinu hafi verið lýst 6. janúar 1954. J. Skaptason skrifar undir þetta.

<sup>396</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>397</sup> Skjal nr. 2 (43) a-b.

<sup>398</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>399</sup> Skjal nr. 2 (44) a-b.

Ný landamerki Veisu og Veisusels munu hafa verið þinglesin 3. nóvember 1944.<sup>400</sup> Sjá Veisu.

Spilda úr landi Veisusels var seld Hallgilsstaðabónða 15. október 2001. Landamerki breyttust samkvæmt því:

að norðan eru merki Hallgilsstaða við Veisu um Stóralæk frá Fnjóská að þjóðvegi. Þaðan í miðjum þjóðvegi á móti Veisuseli og suður að Háuskriðulæk og síðan eftir honum á fjall upp. Lína þessi liggur síðan með stefnu Háuskriðulæks að merkjum við Ljósavatnshrepp.

Að vestan ræður Fnjóská merkjum.

Veidiréttur í Fnjóská fylgir með í kaupum þessum.

Að öðru leiti ræður eldri merkjalýsing jarðanna.<sup>401</sup>

### 5.15 Hallgilsstaðir

Vitnisburðir voru gefnir um jarðakaup Brynjólfs Magnússonar, sem keypti Hallgilsstaði, 19. og 27. október 1483. Þá sagði seljandi, Helgi Sigurðsson:

landamerki ä jordune ut at jllu kelldu fyrir sunan skollagerde ok sudur at merkigili ok ofan j iardarkross fyrir nedan ok sionhending j halgilsstadaklauf. ok sudr j þingmannalæk er gatan liggur vt j.<sup>402</sup>

Hallgilsstaðir, 36 hundruð að dýrleika, voru látnir í jarðaskiptum 26. nóvember 1569.<sup>403</sup>

Jón Þorgrímsson prestur á Hálsi í Fnjóskadal lögfesti eignarjörð sína Hallgilsstaði þann 6. maí 1760 á manntalsþingi að Hálsi. Þar í segir hann:

... lögfeste eg tiedrar Jardar, hús og tún, Tödur og Eingiar, hollt og haga, Skóg og afriett, Vötn og Veidestade, og allar landz Nitiar til fialls og läglendes, Sem þeirre Jördu eiga ad filgia, og filgt hafa ad fornu og N[yu til ummmer]kia þeirra er adrar Jarde i móte Eiga effter [ski]lvýsre Skiala útvýsan, sem Endelegre Dóms ä[lyktan] afsagdre ad Hallgilstödum 1748. þann 5ta Augusti, Rædur landa Merkium ad utanverdu Illukielda er liggur firer Sunan Weisusel, og Sudur ad Merkegile edur Sidragilenu firer Sunnann Hallgilstade Sýdann Markbrecka ofann til Reidgatna Sem liggia Millum Hallgilstada og Fornastada, Enn frá Markbrecku Enda Vestare bein Síonhending vid Hallgilstada Klauf og ofann j Þýngmannalæk.<sup>404</sup>

<sup>400</sup> Skjal nr. 4 (101).

<sup>401</sup> Skjal nr. 25 (5).

<sup>402</sup> Skjal nr. 2 (212).

<sup>403</sup> Skjal nr. 2 (234).

<sup>404</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b. Jón Benediktsson sýslumaður vottar að lögfestan hafi verið lesin á manntalsþingi 6. maí 1760.



Séra Jón bannaði sérhverjum að nýta sér ofangreint landsvæði á nokkurn hátt án síns leyfis. Lögfestan skyldi standa í tólf mánuði eða svo lengi sem henni væri ekki hrundið með löglegum hætti.

Lesin var upp lögfesta hreppstjórans Kristjáns Jónssonar fyrir Hallgilsstöðum á manntalsþingi á Hálsi 27. maí 1829. Inntaks lögfestunnar er hins vegar ekki getið.<sup>405</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir dýrleika Hallgilsstaða 36 hndr., grasatekju litla, úthaga víðlenda og heilnæma fyrir sauðfé en graslitla fyrir stórgripi.<sup>406</sup>

Skriðuföll ógna úthaga sjálfseignarjarðarinnar Hallgeirsstaða (Hallgilsstaða) sem sögð er 20 hundruð. Þetta kemur fram í jarðamatinu 1804.<sup>407</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Hallgilsstaði:

Hallgilstadir 20 hndr. ad dýrleika. ... Landsnýtjar til vetrarbeitar og þrifa i betralagi, einnig málnya i medallagi. ...<sup>408</sup>

Í matinu stendur einnig:

Þrætulands er ennframar ad geta, sem er stykki nokkurt milli jardanna Hallgilstada og Veisusels, er nota má bædi til slægna og beitar, og álist þenna þrætupart hæfilegt ad meta til 5 rd. árlegs ágoda, hvorri jördinni sem hann tilfellur.<sup>409</sup>

Landamerkjabréf Hallgilsstaða var útbúið þann 28. mars 1884 og þinglesið 18. júní sama ár. Þar stendur:

Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil í fjallinu og bein lína vestur frá því, eftir „Markbrekkuhólum“ til „Þingmannalækjar“. Að vestan ræður lækurinn til móts við Hálsland, þar til hann fellur í Fnjóská, ræður svo mið Fnjóská gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel á fjall upp.

Auk þess tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.<sup>410</sup>

Sigurður Guðnason skrifaði undir landamerkjabréfið sem umboðsmaður Jóns Austmanns. Það var samþykkt af: Jóni Jónssyni ábúanda Fornastaða, Kristjáni Ingjaldssyni ábúanda Hallgilsstaða og Elínu Bjarnadóttur ábúanda Veisusels.

Aftan við landamerkjálýsinguna kemur fram að ítakinu hafi verið lýst samkvæmt áskorun 20. 5. '53 þann 6. janúar 1954. J. S. skrifar undir þetta.

<sup>405</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.48).

<sup>406</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 96-97.

<sup>407</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>408</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>409</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>410</sup> Skjal nr. 2 (20) a-b.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Hallgilsstaða hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Hallgilsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar á dreif um landið og fremur langsóttar: Fjalllendislágar, mýrablettir og hálfdeigjur, heldur ógreiðfærar. Engjavegur slæmur. ...

Búfjárhagar. Beitland víðáttumikið og gott sauðland. Kvistlendi mjög mikið. Gripahagar ekki viðfeldnir. ... Fjárgeymsla allerfið. ... Jörðinni tilheyrir nú allar slægjur úr þrætulandi, sem var milli Hallgilsstaða og Veisusels.<sup>411</sup>

Nýtt landamerkjabréf fyrir Hallgilsstaði var útbúið þann 12. desember 1922 og þinglýst 1923. Þar stendur:

Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil og bein lína eftir Marksbrekkuhólum til Þingmannalækjar. Að vestan ræður lækurinn til móts við Háls, þar til hann fellur í Fnjóská, en hún ræður til þess gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel, til fjalls upp. Auk þess tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.<sup>412</sup>

Róbert Bárðdal, eigandi Hallgilsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Jónssyni eiganda Fornastaða og Gunnlaugi Jónssyni ábúanda Veisusels.

Á spássíunni við landamerkjalyfinguna kemur fram að ítakinu hafi verið lýst 6. janúar 1954. J. Skaptason skrifar undir þetta.

### 5.16 Fornastaðir (Fornhólar og Sólvangur)

Fornastaða er getið í Ljósvetninga sögu, sem Björn Sigfússon telur frá miðri 13. öld. Þá bjó þar Þorvarður Höskuldsson, Þorgeirssonar Ljósvetningagoða.<sup>413</sup>

Fornastaðir eru taldir upp í jarða- og kúgildaskrá Hólastóls 1449.<sup>414</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Fornastaði 20 hndr. að dýrleika og Hólastólsjörð, úthaga næga fyrir sauðfé en haglitla fyrir stórgripi.<sup>415</sup>

Fornastaðir tilheyra hinum aflagða Hólastól samkvæmt jarðamatinu 1804. Einnig kemur fram að þeir séu sagðir 20 hundruð og að skriðuföll og landbrot ógni úthaga og beutilandi.<sup>416</sup>

Um Fornastaði segir í jarðamatinu 1849-1850:

<sup>411</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>412</sup> Skjal nr. 2 (21) a-b.

<sup>413</sup> *Ljósvetninga saga*, bls. XLVI-L, 62.

<sup>414</sup> Skjal nr. 2 (200).

<sup>415</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 95-97.

<sup>416</sup> Skjal nr. 2 (63).

Fornastadir 20 hndr. ad dýrleika. ... Land er hér gott til þrifa en sidur til malnytu. – Med okostum má telja: uppblástur á landi, ...<sup>417</sup>

Landamerkjabréf Fornastaða var útbúið 28. mars 1884 og þinglesið 18. júní sama ár. Þar kemur fram:

Að sunnan til móts við Sigríðarstaði ræður Merkiá af fjalli og frá fjallsrótum bein stefna eftir Merkiárfarvegum til Þingmannalækjar. Að norðan til móts við Hallgilsstaði ræður Syðragil í fjallinu, þaðan bein lína eftir Markbrekkuhólum, vestur til Þingmannalækjar, er þá ræður merkjum að vestan til móts við Hálsland.<sup>418</sup>

Sigurður Guðnason skrifaði undir landamerkjabréfið sem umboðsmaður Jóns Austmanns. Það var samþykkt af: Skúla Kristjánssyni ábúanda Sigríðarstaða, Jóni Jónssyni ábúanda Fornastaða og Kristjáni Ingjaldssyni ábúanda Hallgilsstaða.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Fornastaða hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Fornastaði eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar fremur snöggendar á dreif um landið. ... Meginið þurt: grundir, hálfdeigjur og fjalllendislágar. Engið nokkuð langsótt sumt. ...

Búfjárhagar: Beitland víðáttumikið, kjarngott og víðfeldið fyrir sauðfé. Gripahagar sæmilegir. ... Fjárgeymsla eigi erfið eptir stærð landsins. ... Ágangur mikill á engi af nágranna gripum og hestum ferðamanna.<sup>419</sup>

Nýbýlið Fornhólar var stofnað árið 1948 á helmingi Fornastaða, austurhluta. Árið 1980 var Fornastöðum skipt milli Fornhóla og Sólvangs. Fengu Fornhólar allt tún Fornastaða og helming óræktaðs lands, en helmingur úthagans lagðist til Sólvangs.<sup>420</sup> Var skrifað undir afsöl til eigenda þeirra jarða 27. september 1981,<sup>421</sup> en gengið frá landmerkjum Fornhóla og Sólvangs með gerningi 17. september s.á. svohljóðandi:

Frá bugðu á Þingmannalæk, austan Fnjóskadalsvegar, ræður girðing allt að fjallsrótum Fornastaðafjalls. (sjá ljósmynd í vörzlu Landnáms ríkisins) Í fjallinu eru ekki ákveðin merki, en þar skiptist landið til helminga milli jarðanna.<sup>422</sup>

## 5.17 Sigríðarstaðir

Samkvæmt máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510) tilheyrðu Sigríðarstaðir Munkaþverárklausri.<sup>423</sup>

<sup>417</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

<sup>418</sup> Skjal nr. 2 (13) a-b.

<sup>419</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>420</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 113. Skjal nr. 4 (36) a.

<sup>421</sup> Skjöl nr. 20 (8 og 9).

<sup>422</sup> Skjal nr. 20 (10).

<sup>423</sup> Skjal nr. 2 (207).

Svohljóðandi vitnisburður gaf Jón Ásmundsson Einari ábóta um landamerki Sigríðarstaða og Vestritjarna (Stórutjarna) 14. ágúst 1468:

ath greindr ion uisse ei annath sannara en sigridarstader i liosavazskarde ætte alla iord mille merkia aanna. ok svo uisse hann hafa uerith haft ok halldit. svo ei sidur sagdiz fyrr nefdur ion áásmundzson hafa verit hia þa er gamli bonde Marteinson selde magnuse oddasyne iordena vestri tiarner er liggur i liosavazskarde ok reiknade hennar iardar eign ecki leingra austr en ath þeim stora læk sem utan geingr epter skardeno ok sudur fellur i liosavatn. en hvorki reiknade gamle bonde iardar eign ok aungvar adrar itaulur yfer vmm lækenn i hlidena tilheyra iordunne vestrum tiornum.<sup>424</sup>

Samkvæmt lista yfir Munkaþverárklostursjarðir í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 tilheyra Sigríðarstaðir klaustrinu.<sup>425</sup>

Arngrímur Andrésson ábúandi klausturjarðarinnar Sigríðarstaða skrifað kóngi 24. júlí 1838 og óskaði eftir að fá ábýlisjörð sína keypta fyrir 800 ríkisdali. Hann hafði búið á jörðinni í 50 ár og gengist fyrir miklum jarða- og húsabótum sem hann útlistar samviskusamlega. Hann getur þess að allt hafi verið í niðurníðslu þegar hann tók við jörðinni, þ.e. bæði hús, tún og engi. Þar sem jörðin liggja við alfaraveg og mikill umgangur af fólki og hestum þá þurfti hann að hlaða garð til þess að verja túnið sem ferðamenn fóru þvert yfir. Jörðin (20 hundruð að dýrleika) var seld hæstbjóðanda á opinberu uppboði 19. maí 1840 og varð Björn Jónsson í Lundi hlutskarpastur með boð upp á 910 ríkisdali. Konungsúrskurður um söluna er dagsettur 31. mars 1841. Takmarka er hvergi getið í skjölum varðandi söluna.<sup>426</sup>

Að sögn Jarðabókar Árna og Páls frá 1712 var dýrleiki Sigríðarstaða 20 hndr., jörðin konungseign, úthagar víðlendir og búgóðir.<sup>427</sup>

Munkaþverárklostursjörðin Sigríðarstaðir er sögð 20 hundruð í jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að jörðin hafi kjarrskóg til eigin nota og sé undirlögð skriðum og snjóflóðum.<sup>428</sup>

Minnst er á Sigríðarstaði í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur:

Sigridarstadir 20 hndr. ad dýrleika - ... Landvídd i betralagi, en til þrifá og málnytu i góðu medallagi. ...<sup>429</sup>

Landamerkjabréf fyrir Sigríðarstaði var útbúið þann 15. október 1886. Því var þinglýst 6. júní 1888. Þar kemur eftirfarandi fram:

Að austan ræður: Merkigil og bein lína úr því í Litlutjarnalæk yfir um stein í Mýrinni. Að sunnan ræður: Litlutjarnalækur, sem útfrá kallast Kamsá og svo bein lína, sem hugsast dregin frá vörðu á Móhorni austur í mitt Sandberg í

<sup>424</sup> Skjal nr. 2 (209).

<sup>425</sup> Skjal nr. 2 (132) a-b.

<sup>426</sup> Skjal nr. 2 (299) a-b.

<sup>427</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 94-95.

<sup>428</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>429</sup> Skjal nr. 2 (67) a-b.

Kambstaðalandi og er lina þessi nú afmörkuð með vörðum, svo ræður Þingmannalækur. Að vestan ræður: Merkjárgil og lina sem hugsast dregin í Svartsholtssenda og verður hlaðin þar varða er gamla varðan stóð. Að norðan ræður Sigríðarstaðafjall.<sup>430</sup>

Skúli Kristjánsson, eigandi og umráðamaður Sigríðarstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Pétri Jónssyni presti að Hálsi fyrir land Háls og kirkjujarðanna Birningsstaða og Kamsstaða, Stephan Stephensen umboðsmanni sem samþykkti vegna Munkaþverárklaustursjarðarinnar Litlutjarna í Ljósavatnshreppi og Jóhanni (Einarssyni) á Víðivöllum sem skrifaði undir fyrir hönd Helgu Austmann eiganda jarðarinnar Fornastaða.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Sigríðarstaða hafi verið þinglesin 1888. Eftirfarandi upplýsingar um Sigríðarstaði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland, víðlent, kjarngott og viðfeldið. Sumarheit góð fyrir allan búfénað. ... Fjárgeymsla erfið.<sup>431</sup>

Árið 1927 afsalaði Sigríðarstaðabóndi Skógrækt ríkisins skóglendi á jörðinni, Sigríðarstaðaskógi, með skóglausum geira inni í skóginum, en hélt skógargeirum, sem sköguðu út úr skóginum.<sup>432</sup>

## 5.18 Birkihlíð

Nýbýlið Birkihlíð var stofnað árið 1934 úr austanverðu landi Sigríðarstaða.<sup>433</sup>

Landamerkjabréf var samið í Birkihlíð 4. ágúst 1935 og þinglesið á manntalsþingi næsta ár:

Að norðan ræður norðurarmur girðingar um Litlu-Sigríðarstaði, og beint framhald af henni, upp á merki jarðarinnar að austan. Á áðurnefndum girðingararmi að norðan, liggja merkin beina línu í vörðu 40 metr. norðan við vesturenda Fletjugarðs.

Að vestan, er bein lina úr áðurnefndri vörðu í Síkisós, og þaðan bein lina austarlega í Berg við Kamsá.

Að sunnan: Úr Merkjigili í stóran einstakan stein í Mýrinni, og bein stefna í Litlutjarnalæk.<sup>434</sup>

Undir bréfið skrifa í viðurvist tveggja votta: Bragi Ingjaldsson (í Birkihlíð), Róbert Bárðdal (á Sigríðarstöðum), Hermann Tryggvason (á Kamsstöðum) og Einar Sigurbjörnsson (á Litlutjörnum).<sup>435</sup>

<sup>430</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

<sup>431</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>432</sup> Skjal nr. 4 (23).

<sup>433</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 115.

<sup>434</sup> Skjal nr. 2 (206).

<sup>435</sup> Heimilisföng eru skráð samkvæmt sóknarmannatali Háls árið 1935. Skjalasöfn presta og prófasta. Háls BC/7.

## 5.19 Landamótssel

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Landamótssel byggt fyrir manna minni, afdeilt aðeins að túni og engjum og reiknast þriðjungur jarðarinnar Landamóts.<sup>436</sup>

Sjálfsseignarjörðin Landmótssel er sögð 6 hundruð í jarðamatinu 1804.<sup>437</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Landamótssels, sem eigi séu talin vel glögg, hafi verið þinglesin 1901. Eftirfarandi upplýsingar um Landamótssel eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland fremur létt fyrir allan búfenað. Gripahagar þó allgóðir. Þrönglent, næðingasamt. ... Fjárgeymsla hæg. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar.<sup>438</sup>

Landamerkjabréf fyrir Landamótssel var útbúið þann 18. maí 1901. Því var þinglýst tveimur dögum síðar. Í því koma eftirfarandi upplýsingar fram:

Að norðan ræður merkjum varða, sem stendur niður við braut þá, sem liggur suður neðan vert við holtarætur; frá nefndri vörðu, beina stefnu í vörðu, sem stendur í brekkuröðinni sunnan vert við þriðju lág frá Stekkjarlæk, og þaðan stefnu í vörðu sem stendur við gróf í fjallsbrúninni norðan á Krossöxl.

Að austan eru merkin frá fyrstnefndri vörðu suður meðfram nefndri braut, stefnu í vörðu sem stendur yzt og [strikað yfir: neðst] í „Stakholti“. Þaðan ræður bein stefna í vörðu – sem stendur við lækinn „Gegni“ – sem ber sunnan vert við bæinn Hryflu. Þaðan ræður Gegnir merkjum suður í Djúpá.

Að sunnan ræður Djúpá merkjum í kíll, sem er norðvestur af tóptarbroti er stendur ofarlega í Haganum, sunnan Djúpár, frá nefndum kíll, beina stefnu neðst í Merkilæk og eftir honum eru merkin í Merkigróf í Krossöxl og þaðan upp á háfjall.

Að vestan ráða hágrjót merkjum.<sup>439</sup>

Helga Jónsdóttir, eigandi Landamótssels, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Sig. Sigurðssyni eiganda Landamóts, G. Ásmundssyni ábúanda Fremstafells, Birni Jóhannssyni eiganda Ljósavatns og Sigurjóni Jónssyni ábúanda Kross.

Landamótsseli var skipt árið 1947. Fékk Borgartún helming lands, en ekki hafði verið gengið formlega frá þeirri skiptingu um 1985.<sup>440</sup> Byggingarbréf fyrir

<sup>436</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 128.

<sup>437</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>438</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>439</sup> Skjal nr. 2 (33).

<sup>440</sup> Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 200.

Þessum helmingi Landamótsþess var gefið út síðla árs 1951.<sup>441</sup> Samkvæmt byggingarbréfinu og skiptayfirlýsingu árið 1999 eru engjar og bithagi Landamótsþess óskipt með Borgartúni.<sup>442</sup>

## 5.20 Landamót

Landamót er nefnt í Landnámu sem norðurtakmark í landnámi Þorfinns mána.<sup>443</sup>

Bæjar á Landamóti er getið í Ljósvetninga sögu, sem Björn Sigfússon telur frá miðri 13. öld.<sup>444</sup>

Þau Björn Benediktsson og Sólveig Þorgrímsdóttir áttu með sér jarðakaup á Einarstöðum í Kræklingahlíð þann 3. október 1608. Þá seldi Sólveig Birni jörðina Landamót í Kinn, 20 hundruð að dýrleika, með eftirfarandi landamerkjum:

Fyrir sunnan ræður landamerkjum grofin fyrir utan Kross, til fjalls upp í steininn hálfrauða, en neðra suður í ána sem rennur úr Ljósavatni. So og á Landamót alla botna ofan frá ánni. Í Gegnir í þann neðsta farveg læk(j)arins. En að utan ræður lækjargilið í fjallinu sem næst er Halldórustöðum og so ofan í lækinn Gegnir. Reiknaði Solveig Þorgrímsdóttir skógarhögg í Barnafellslandi og 20 sauða göngu í Flatey um sumar, en Fell aptur mánaðar hestagöngu í Landamó(t)s land um vetur.<sup>445</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Landamót með Landamótsþess 20 hndr. að dýrleika, en heimajörðina reiknast 13 hndr, 40 álnir. Úthaga næga.<sup>446</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er sjálfseignarjörðin Landamót sögð 14 hundruð. Einnig kemur fram að skriður skemmi úthaga.<sup>447</sup>

Fjallað er um jörðina Landamót í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

Landamót 20 hndr. að dýrleika ásamt Landamótsþessi. ... landlítið og lítil málnytta. ...<sup>448</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Landamóts hafi verið þinglesin 1901. Eftirfarandi upplýsingar um Landamót eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Land fremur þröngt. Sumar og vetrarþing fyrir sauðfé og gripi sæmilega kjarngóð. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar.<sup>449</sup>

<sup>441</sup> Skjal nr. 32 (6).

<sup>442</sup> Skjöl nr. 4 (73) og nr. 32 (7).

<sup>443</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 274.

<sup>444</sup> *Ljósvetninga saga*, bls. XLVI-L, 50.

<sup>445</sup> Skjal nr. 2 (59). Skjal þetta var upphaflega skrifað á skinn og var með einu heilu hangandi innsigli, en afskrift sú sem hér er farið eftir er gerð eftir afskrift sem þeir Magnús Þorvaldsson og Gísli Magnússon gerðu að Grenjadarstað 20. maí 1728.

<sup>446</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 127-128.

<sup>447</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>448</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>449</sup> Skjal nr. 2 (68).

Landamerkjabréf fyrir Landamót var útbúið þann 12. júní 1897. Það var þinglesið 20. maí 1901. Þar kemur eftirfarandi fram:

Að norðan ræður Rauðilækur frá fjallsbrún til Gegnis“

Að austan ræður Gegnir merkjum, frá Rauðalæk til vörðu, sem stendur á lækjarbakkanum, sem ber sunnan við bæinn Hryflu.

Að sunnan, frá nefndri vörðu, beint í vestur í vörðu, sem stendur neðst á „Stakholti“.

Að vestan frá Stakholtsvörðu, með holtarótum norður til vörðu sem stendur neðan við holt, sem er sunnan við þriðju lág frá Stekkjarlæk (og vörðu) norðan á Krossóxl.

Að vestan ræður merkjum há (grjót) fjall.<sup>450</sup>

Geirf. Tr. Friðfinnsson, eigandi Landamóts, skrifaði undir bréfið. Sömuleiðis eigendur Halldórsstaða þeir Sigurður, Friðfinnur Sigurðsson og Kristján Sigurðssynir. Það var samþykkt af: Jóni Jónssyni umboðsmanni landsjóðsjarðarinnar Fremstafells og Jóni Kristjánssyni eiganda Landamótssels.

Landamót er sagt eiga allvíðlent fjallendi.<sup>451</sup> Seint á 19. öld var spilda norðan af Landamótslandi seld til Halldórsstaða.<sup>452</sup>

## 5.21 Halldórsstaðir

Í afsalsbréfi fyrir Efstafelli/Fremstafelli, 4. mars 1363, er m.a. minnst á ítölu:

haalfs manadar eng j halltoru stada jörd.<sup>453</sup>

Í afsalsbréfi fyrir hluta í Efstafelli/Fremstafelli (24. maí 1433), 24 hundruðum, kemur fram að í kaupunum fylgi m.a. hálfsmánaðarengi í Halldórustaðajörð.<sup>454</sup>

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir Halldórsstaði 10 hundruð, gragatekju varla teljandi og landþröngt mjög.<sup>455</sup>

Sjálífseignarjörðin Halldórsstaðir er sögð 8 hundruð í jarðamatinu 1804.<sup>456</sup>

Meðal þeirra jarða sem minnst er á í jarðamatinu 1849-1850 eru Halldórsstaðir. Í umfjölluninni kemur m.a. fram:

Haldórstaður 8 hndr. að dýrleika. ... land mjög lítið útbeit eingin á vetrum.<sup>457</sup>

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 voru landamerki Halldórsstaða þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Halldórsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

<sup>450</sup> Skjal nr. 2 (32) a-b.

<sup>451</sup> *Byggðir og bú. Aldarminning Búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum*, bls. 298.

<sup>452</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 194.

<sup>453</sup> Skjal nr. 2 (188).

<sup>454</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>455</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 127.

<sup>456</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>457</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.



Búfjárhagar. Landþröngt fremur, en all skjólasamt. Gripahagar heldur litlir. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. Auk þess fylgir 1/6 af svo nefndum Finnsstaðadal, en af honum fást engar tekjur.<sup>458</sup>

Landamerkjabréf fyrir Halldórsstaði var útbúið þann 20. maí 1885. Því var þinglýst 28. maí sama ár. Í því stendur eftirfarandi:

Að austan eru merkin í Gegnir út að Merkihól; þaðan ráða vörður upp Fellið, beina [strikað yfir, leið] stefnu í Merkivörðu, þaðan ráða vörður út fellið hæðst út að vörðu þeirri sem nefnist Hornvarða.

Að norðan eru merkin úr Hornvörðu eftir vörðum ofan Fellið að vestan, þá taka við vörður ofan mýrina og liggja þær, er kemur upp í vesturbrekkuna meðfram lækjarsprænu, sem nær upp að Grásteinsmýri og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótás og þar vestur á grjót.

Að sunnan eru merkin í Rauðalæk, neðan frá Gegnir og upp að því, sem hann skiftir sér, og þaðan beina stefnu í vörðu, sem stendur uppá fjallsbrúninni og síðan sjónhending á grjót upp.

Jörðin Halldórsstaðir eiga 1/6 – einn sjötta – part úr afréttarlandinu Finnsstaðadal.<sup>459</sup>

Gísli Jónasson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Kristjáni Kristjánssyni vegna Finnsstaðalands að norðan, Jónasi Jóhannessyni vegna Landamóts að sunnan og Stephani Stephensen vegna Fremstafells.

Að sögn Jóns Sigurðssonar í Ystafelli var jörðin áður mjög lítil. Seint á 19. öld keyptu Halldórsstaðabændur 1/6 hluta Finnsstaðalands og Finnsstaðadals og spildu norðan af Landamóti.<sup>460</sup>

## 5.22 Finnsstaðir

Máldagar Auðunar biskups rauða eru frá 1318. Þar kemur fram í umfjöllun um Hálskirkju að:

Teygur fylgir j kinn norður vt fra finnz stodum.<sup>461</sup>

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394.<sup>462</sup>

Máldagar Ljósavatskirkju frá 1380<sup>463</sup> og 1390<sup>464</sup> geta um mánaðarteig í Finnsstaðajörð.

Finnsstaðir eru nefndir í jarða- og kúgildaskrá Hólastóls 1449.<sup>465</sup>

<sup>458</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>459</sup> Skjal nr. 2 (19) a-b.

<sup>460</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 196. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 194.

<sup>461</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>462</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>463</sup> Skjal nr. 2 (189).

<sup>464</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>465</sup> Skjal nr. 2 (200).

Fram kemur í máldaga Hálskirkju, sem er líklega frá árinu 1523, að henni fylgi teigur í Kinn norður út frá Finnsstöðum og þýfiteigur innan garða.<sup>466</sup>

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

Kyrkia a Haalse I fnioskadal

... teigur fylgier I kinn Nordur, vtfraa finnstöðum, og þývi teigur Innan garda, afriett a heidi vt, hallz manna tungur. ...<sup>467</sup>

Upplýsingarnar sem hér hefur verið vísað í er ekki aðeins að finna í máldagabók Guðbrands og ýmsum öðrum skjölum heldur einnig í vísitásiúm Hálskirkju sem skráðar eru í vísitásiubækur Þorláks Skúlasonar, Gísla Þorlákssonar, Einars Þorsteinssonar, Björns Þorleifssonar, Steins Jónssonar og Steingríms Jónssonar.<sup>468</sup>

Guðmundur Skíðason prestur á Bægisá segist í vitnisburði frá 25. október hafa séð gamlan máldaga Hálskirkju á Hólum. Sá vitnisburður hefur varðveist í afskrift séra Gamla Ólafssonar á Þóroddsstað og tveggja annarra manna sem gerð var á Hóli í Kinn 12. júní 1608. Þar segir að Hálskirkju fylgi teigur norður í Kinn út frá Finnsstöðum og þýfiteigur innan garða.<sup>469</sup>

Þorgrímur Jónsson prestur á Hálsi lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar 6. júní 1725. En þ.á m. var teigur í Kinn norður út frá Finnsstöðum og þýfiteigur innan garða. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi samdægurs og svo aftur á sama stað 24. maí 1743.<sup>470</sup>

Í lögfestu séra Þorgríms Jónssonar fyrir kirkju sinni frá 21. maí 1726 kemur fram að Hálsstaður eigi teig í Kinn, norður út frá Finnsstöðum og þýfiteig innan garða. Lögfestan var lesin upp samdægurs fyrir réttinum á Hálsi í Fnjóskadal.<sup>471</sup>

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir grasatekju litla á Finnsstöðum, úthaga góða og mikla en um Finnsstaðadal segir:

Finnstaðadalur kallast eitt dalland í fjöllunum milli Fnjóskadals og hjer. Hann hefur áður verið eignaður Finnstöðum, so sem sjá má af gömlum lögfestum. Hann er nú ekki brúkaður nema lítill<eg>a til hestagöngu á sumrin.<sup>472</sup>

Finnsstaðir, sem tilheyra hinum aflagða Hólastól, eru samkvæmt jarðamatinu 1804 sagðir 12 hundruð.<sup>473</sup>

<sup>466</sup> Skjal nr. 2 (98) a-b.

<sup>467</sup> Skjal nr. 2 (130) a-b.

<sup>468</sup> Skjöl nr. 2 (133) a-b, 2 (139) a-b, 2 (153) a-b, 2 (154) a-b, 2 (163) a-b og 2 (173) a-b.

<sup>469</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b.

<sup>470</sup> Skjal nr. 2 (110) a-b.

<sup>471</sup> Skjal nr. 2 (101) a-b. Eftirmaður séra Þorgríms, Jón Þorgrímsson, lögfesti Hálsstað á ný 7. apríl 1744, 18. maí 1745, 7. júní 1770, 3. júní 1779 og 4. október 1782 en þær lögfestur eru efnislega samhljóða lögfestunni frá 7. apríl 1744 og því er innihalds þeirra ekki getið, sbr. Skjal nr. 2 (103) a-b – Skjal nr. 2 (106). Flestar þessara lögfestna voru lesnar upp aftur oftar en einu sinni. Lögfesta séra Sigurðar Árnasonar fyrir Hálsstað frá 1. júní 1830 er einnig efnislega samhljóða þeirri frá 7. apríl 1744 og því verður innihald hennar ekki birt.

<sup>472</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 126.

<sup>473</sup> Skjal nr. 2 (61).

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Finnsstaði. Þar stendur m.a.:

Finnsstaðir 12 hndr. að dýrleika. ... Landrými og málnyta í meðallagi. Utbeit lítil. ...<sup>474</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Finnsstaða hafi verið þinglesin 1887. Eftirfarandi upplýsingar um Finnsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland sæmilega rúmt og meðallagi kjarngott. Gripahagar góðir. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. Auk þess 5/6 af svo nefndum Finnsstaðadal.<sup>475</sup>

Á 19. öld var sjöttungur Finnsstaðalands sem og Finnsstaðadals keyptur undir Halldórsstaði.<sup>476</sup>

Landamerkjabréf fyrir Finnsstaði var útbúið þann 5. apríl 1886. Því var þinglýst 13. júní 1887. Þar kemur eftirfarandi fram:

Að austan ræður Kinnarfell merkjum þar sem það er hæst suður að vörðu þeirri, sem nefnist Hornvarða.

Að sunnan eru merkin úr Hornvörðu eftir vörðum ofan Fellið, þá taka við vörður ofan mýrina, og liggja þær, er kemur upp í vesturbrekkuna, meðfram lækjarsprænu, sem nær upp að Grásteinsmýri, og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótás og þar vestur á grjót.

Að norðan eru merkin í vörður, sem standa vestan í Kinnarfelli allt ofan að svonefndum „Merkihól“. Þaðan ræður garður yfir mýrina ofan í Bollastaðaá, þá ræður hún upp fyrir brún á vestur Fjallinu og allt þangað til hún liggur í suður, þar sem heitir Bræðradalur og taka þá við vörður upp á grjót.

Að vestan ráða grjóthálsar þeir, hvaðan vötnum hallar vestur til Fnjóskadal.

Jörðunni fylgir ennfremur afréttarlandið Finnsstaðadalur að 5/6 hlutum. Takmörk hans eru sunnan við ána, sem eftir honum rennur. Mjóadalsá að innan, en norðan við ána gil nokkurt sem liggur gagnvart Mjóadal.<sup>477</sup>

Kristján Kristjánsson, eigandi jarðarinnar, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóhannesi Jóhannessyni eiganda Fellssels, Guðlaugi Kristjánssyni eiganda Syðra-Hóls, Jóni Jónssyni og Guðnýju Sigurðardóttur eigendum Ytrahóls, Kristjáni Jónssyni á Úlfsbæ eiganda Barnafells og Sigurði Sigurðssyni eiganda Halldórsstaða. Sigurður handsalaði undirskrift sína.

Þann 18. mars 1950 skiptu löglegir úttektarmenn Ljósavatnshrepps, þeir Baldur Baldvinsson oddviti og Sigurður Geirfinnsson hreppstjóri, að beiðni Halldóru Sigurbjarnardóttur eiganda þriðjungs Finnsstaða, úr þeirri jörð eign hennar af túni og engjum. Þetta hafði verið samþykkt af Kristni Árnasyni og Sigríði Árnadóttur sem

<sup>474</sup> Skjal nr. 2 (65).

<sup>475</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>476</sup> *Byggðir og bú. Aldarminning Búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum*, bls. 297. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 194.

<sup>477</sup> Skjal nr. 2 (10) a-b.

áttu sinn þriðjunginn hvort af jörðinni. Í landamerkjabréfinu kemur einnig fram að eigendur jarðarinnar áskilji sér rétt til þess að endurskoða landamerkjagerðina að 10 árum liðnum eða fyrr ef þurfa þyki. Landamerkin voru ákveðin sem hér segir:

Tún: Afmarkast af Bæjarlæk að norðan. Að austan þjóðvegur. Að sunnan og að [að, skrifað ofan við] vestan túngirðing.

Engjar: Spilda um 800 m. breið og 1500 m. löng, afmarkast að sunnan af landamerkjagirðingu, milli Finnsstaða og Halldórsstaða. Að norðan af Þríholtslæk. Að vestan og austan engjagirðingar. Bithagi utan engjagirðinga, sem er mjög víðlendur og góður, er óskiptur.

Jörðinni fylgir afréttarland, hin svokallaði Finnsstaðadalur, einnig óskiptur.<sup>478</sup>

Sigríður Árnadóttir, Kristinn Árnason, Halldóra Sigurbjarnadóttir, Baldur Baldvinsson og Sigurður Geirfinnsson hreppstjóri skrifuðu undir landamerkjabréfið.

Breytingar urðu á Finnsstaðalandi á síðari hluta 20. aldar.<sup>479</sup> Stuttu eftir miðbik hennar, nánar tiltekið þann 22. desember 1951, voru aftur gerðar breytingar á landamerkjum Finnsstaða. Þá gerðu úttektarmenn Ljósavatsnhrepps landamerkjaskrá fyrir nýbýli sem Hjalti Kristjánsson á Finnsstöðum hugðist reisa á þriðjungi gömlu jarðarinnar. Samkvæmt landamerkjaskránni var jörðinni Finnsstöðum skipt í þrjár jafnar spildur frá norðri til suðurs og var hver þeirra tæpir 700 metrar á breidd. Syðsti hluti jarðarinnar nefnist Finnsstaðir I, sá næsti Finnsstaðir II og nyrsti hlutinn, sem var óbyggður, nefnist Finnsstaðir III. Einnig kemur fram í landamerkjaskránni að heimilt væri að endurskoða hana eftir 10 ár til samræmis við önnur skipti gömlu jarðarinnar.

Landamerki nýbýlisins Finnsstaða II eru sem hér segir:

Að austan, hábrún Kinnarfells. Að vestan landamerki Fnjóskdæla. Að sunnan landamerki Finnsstaða I afmarkað með vörðum. Að norðan landamerki Finnsstaða III, líka afmarkað með vörðum.

Afréttarland gömlu jarðarinnar, 5/6 af Finnsstaðadal, fylgir nýbýli þessu að einum þriðja.<sup>480</sup>

Eigendur Finnsstaða, þau Kristinn Árnason, Sigríður Árnadóttir og Halldóra Sigurbjarnadóttir, skrifuðu undir bréfið.

Nýbýlið Hjaltastaðir var stofnað á helmingi Finnsstaða árið 1955, en landi ekki skipt. Síðan hafa Finnsstaðir verið í eyði en nýttir frá Hjaltastöðum. Finnsstaðadalur, „afréttarland“, var að 5/6 hlutum í eigu Finnsstaða/Hjaltastaða.<sup>481</sup>

Árið 1976 var kveðinn upp eignardómur vegna Finnsstaða I, en skiptagerð eftir fyrri eiganda hafði ekki verið þinglýst. Kom þá fram Einar Kristjánsson frá Finnsstöðum, ábúandi á Ófeigsstöðum, og gerði tilkall til upprekstrar- og beitarréttar á

<sup>478</sup> Skjal nr. 2 (11).

<sup>479</sup> Skjal nr. 4 (29).

<sup>480</sup> Skjal nr. 2 (12) a-b.

<sup>481</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 193.

Finnsstaðadal tilheyrandi Finnsstöðum I. Var eignarréttur málshefjenda til Finnsstaða I viðurkenndur:

... að undanskyldum upprakstrar- [svo] og beitarrétti á Finnstaðadal, tilheyrandi Finnsstöðum I sem er eign Einars Kristjánssonar.<sup>482</sup>

Jón Sigurðsson í Ystafelli segir um Finnsstaði:

Finnsstaðir eiga afréttardal langan, Finnsstaðadal, sem gengur til norðvesturs í háfjallið gegnt Ystafelli, og falla vötn af honum til Fnjóskár. Vestan við dalsmynnið, á 600-700 metra hæð, eru nú ber grjót, nema smátorfur við einn lækjarbotn. Þar heitir Finnsstaðasel, og eru tættur sýnilegar. Ekki eru aðrar tættur jafn hátt í byggðarfjöllum, svo vitað sé. Þarna hefur hlotið að vera gróið land, er selið var byggt.<sup>483</sup>

### 5.23 Árland

Árland var stofnað árið 1957 og fékk syðsta þriðjung hins forna Fellsselslands, ca. 430 m breiða spildu frá suðri til norðurs, sem nær frá hágrjótum Kinnarfjalla að Skjálfandafljóti.<sup>484</sup>

### 5.24 Fellssel

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir, árið 1712, að Fellssel, hjáleiga Ystafells, sé byggð fyrir manna minni á selstæði jarðarinnar, afdeilt einasta að túni.<sup>485</sup>

Fyrir aukarétti á Ljósavatni 28. júlí 1813 var haldin rannsókn vegna viðurkenningar Jóns Jónssonar, búandi á hluta úr Fremstafelli, um að hafa afmarkað uppi á „afréttarfjalli“ kind sem tilheyrði Bjarna Jónssyni í Fellsseli. Við yfirheyrslur segist Jón í Fremstafelli hafi rekið ásamt Jóni, syni Halldórs sambýlismanns síns, fáeinar kindur sem tilheyrðu þeim báðum upp á fjall til „afréttargöngu“. Lömbin hafi verið orðin þreytt er komið var upp á fjallið og því hafi Jón Halldórsson gætt þeirra við Gljúfurárbotna meðan hann hafi fylgt eldri kindunum upp á Finnsstaðadal. Að því loknu hafi lömbin verið rekin út í svokallaðar Hálsgrænur. Jón Halldórsson greinir eins frá í yfirheyrslum yfir honum en minnst reyndar ekki á hvert lömbin hafi verið rekin.<sup>486</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Fellssel sé hjáleiga Ystafells og sé talið 6 hundruð. Lækur ber mól á úthaga.<sup>487</sup>

Fellssel er talið með Ystafelli í jarðamati 1849-1850:

<sup>482</sup> Skjal nr. 2 (302). Skjal nr. 4 (30) a.

<sup>483</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 196.

<sup>484</sup> *Byggðir og bú. Aldarminning Búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum*, bls. 293, 294. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 192. Skjal nr. 4 (119).

<sup>485</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 123-124.

<sup>486</sup> Skjal nr. 2 (271) a-b.

<sup>487</sup> Skjal nr. 2 (61).

Ytzafell með Fel<l>sseli 20 hndr. að dýrleika. ... eingi víðlent, meirpart á þurru, sumt í fjall að sækja, ... Landrými meðallagi en ljelegt til þrifa. ... Hjáleigan hefur ... að öðru er lýsingin sem á heima jörðinni. ...<sup>488</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Fellssels hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Fellssel eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Landrými nokkurt, en sumt fjarri. Kjarngott í meðallagi. Beitland allgott fyrir allan fénað, en snjóþungt. Fjárgeymsla í meðallagi hæg. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar.<sup>489</sup>

Landamerkjabréf fyrir Fellssel er frá 28. maí 1885. Það var þinglesið sama dag. Þar kemur eftirfarandi fram:

Að austan ræður Skjálfandafljót merkjum og sú megin kvísl þess, er fellur norðaustur úr Grænhyl.

Að sunnan austan í Kinnarfelli milli Barnafells og Fellssels ræður Umsvalalækur og Umsvalagarður er liggur upp með honum upp að upptökum læksins. Þá taka við vörður upp fellið og yfir það gagnvart garði þeim, sem liggur upp fellið að vestan upp í Merkihól, þaðan ræður garðurinn yfir mýrina ofan í Bollastaða á; þá ræður hún upp á Brún á vesturfjallinu, og allt þangað til hún liggur í suður þar sem heitir Bræðradalur, og taka þá við vörður uppá grjót.

Að vestan ráða merkjum grjóthæðir hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal.

Að norðan, austan í Kinnarfelli, ráða vörður merkjum milli Ytzafells og Fellssels; liggja þær upp hlíðina frá fljótinu og upp á brún, rétt norðan við Setberg, þaðan yfir fellið og niður að Rangá Vestan við Rangá skiftir gamall garður merkjum milli jarðanna syðst á Heyvallarfít; ofan við fitina ráða vörður upp fjallsræturnar beint í krók einn á Heyvallagróf [leiðrétt úr, Heiðvallafít]. Úr því ræður grófin merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða vörður upp skollhóla og vestur á háfjall.<sup>490</sup>

Jóhannes Jóhannesson, eigandi Fellssels, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Guðbjörgu Aradóttur eiganda Ystafells, Kristjáni Kristjánssyni eiganda Finnsstaða og Kristjáni Jónssyni eiganda Barnafells. Fyrir aftan þessar undirskriftir vottar B. Sveinsson sýslumaður að Lárus Eysteinnsson prestur á Helgastöðum hafi samþykkt landamerkjaskrána með áteiknun þann 8. febrúar 1884. (Væntanlega hefur það verið vegna lands austan Skjálfandafljóts).

<sup>488</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>489</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>490</sup> Skjal nr. 2 (9) a-b.

Land frá Fellsseli var lagt til tveggja býla, Árlands og Selfells. Skiptist Fellssel þannig í þrjá hluta. Selfell, sem aldrei mun hafa verið endanlega skilið frá Fellsseli, er annar þriðjungur Fellsselslands, eða miðhluti þess.<sup>491</sup>

Um Fellssel segir Jón Sigurðsson:

Þetta er forn selstaða frá Yztafelli og virðist eftir fornum skjölum að dæma ekki í byggð fyrir 1500. Síðan fylgdi það sem hjáleiga, og var landi ekki skipt fyrir en seint á 19. öld, og hlaut þá Fellssel afmældan syðsta þriðjung alls landsins, frá háfjalli að fljóti.<sup>492</sup>

## 5.25 Ystafell

Fell/Ystafell er nefnt í jarða- og kúgildaskrá Hólastóls 1449.<sup>493</sup>

Fell er nefnt í skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461.<sup>494</sup>

Neðstafell er nefnt í jarðaskrá Hólastóls frá árinu 1550.<sup>495</sup>

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 var grasatekja varla teljandi í Ystafelli. Engið spilltist af viðarvexti og smálækjum, sem báru á það leir og grjót. Það væri og mjög slitrótt og erfitt til að sækja hátt í fjallinu. Úthagarnir voru bjarglegir.<sup>496</sup>

Ystafell, sem tilheyrir hinum aflagða Hólastól samkvæmt jarðamatinu 1804, er sagt 14 hundruð.<sup>497</sup>

Umfjöllun um Ystafell er að finna í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

Yztafell með Fel<l>sseli 20 hndr. að dýrleika. ... eingi víðlendt, meirpart á þurru, sumt í fjall að sækja, ... Landrými meðallagi en ljelegt til þrifa. ... Hjáleigan hefur ... að öðru er lýsingin sem á heima jörðinni. ...<sup>498</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Ystafells hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Ystafell eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Landrými all mikið. Fremur kjarngott. Skjólasmat. Beitland gott fyrir allan búfénað. ... Fjárgeymsla í erfiðara lagi. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. Fossar margir í lítilli þverá móti bænum.<sup>499</sup>

Landamerkjabréf fyrir Ystafell er frá 27. maí 1885. Því var þinglýst degi síðar. Þar kemur eftirfarandi fram:

<sup>491</sup> *Byggðir og bú. Aldarminning Búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum*, bls. 293. Skjöl nr. 4 (118) og 4 (119).

<sup>492</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 194

<sup>493</sup> Skjal nr. 2 (200).

<sup>494</sup> Skjal nr. 2 (205).

<sup>495</sup> Skjal nr. 2 (224).

<sup>496</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 123.

<sup>497</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>498</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>499</sup> Skjal nr. 2 (68).

Að austan ræður Skjálfandafljót eða sú meginkvísl þess, er fellur í norðaustur úr Grænhyl. Að norðan, austan í Kinnarfelli ræður merkjum milli Hóls og Yztafells gamall garður; liggur hann rétt norðan við Spangarsel, og nær neðan frá fljótinu og uppá brún fellisins. Vestan í fellinu ráða vörður merkjunum milli jarða þessara frá fellsbrúninni og niður að Rangá. Gagnvart vörðum þessum skiftir gamall garður löndum í fjallinu milli Guðmundarstaða og Yztafells neðan frá Rangá og uppá fjallsbrún; þar fyrir vestan ráða merkjavörður upp Guðmundarstaðahóla og uppá svonefnt Vesturfjall. Að sunnan austan í Kinnarfelli, ráða vörður merkjum milli Yztafells og Fellssels; liggja þær upp hliðina frá fljótinu og upp á brún, rétt norðan við Setberg; þaðan yfir fellið og niður að Rangá. Vestan við Rangá skiftir gamall garður löndum milli jarðanna syðst á Heyvallarfít; ofan við fitina ráða vörður upp fjallsræturnar, beint í krók einn á Heyvallargróf; úr því ræður grófin sjálf merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða merkjavörður upp Skollhóla og vestur á háfjall.

Að vestan ráða merkjum grjóthæðir, hvaðan vötnum hallar inná Finnsstaðadal.<sup>500</sup>

Guðbjörg Aradóttir, eigandi og ábúandi Ystafells, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Hans Kristjánssyni eig. og ábúanda ½ Hóls, Kristjáni Kristjánssyni eiganda og ábúanda Finnsstaða, Helgu Jónsdóttur ábúanda á Gvendarstöðum, Sigurði Jónssyni eiganda 1/7 úr Hóli, Jóhannesi Jóhannessyni eiganda Fellssels og Stefáni Jónssyni fyrir hönd Kelduneshrepps sem eiganda 5/14 úr Hóli. Fyrir aftan þessar undirskriftir vottar B. Sveinsson að Lárus Eysteinnsson prestur á Helgastöðum hafi samþykkt frumrit landamerkjaskrárinnar með áteiknun þann 8. febrúar 1884. (Væntanlega vegna lands austan Skjálfandafljóts).

Í virðingargerð á hluta Ystafells árið 1889 segir, að landrými sé nægilegt, með því að jörðinni tilheyri tvær grösugar fjallshlíðar beggja vegna í dal þeim, sem hún liggja í. Land þetta sé að miklu leyti viðarland, jarðsælt og þrifið.<sup>501</sup> Áþekk lýsing er í virðingargerð á hálfri jörðinni árið 1894.<sup>502</sup>

Árið 1931 var stofnað nýbýlið Hlíð í landi Ystafells.<sup>503</sup> Fékk það allt land, sem Ystafell átti til forna norðan Gljúfurár og vestan Rangár upp að Botnakíl og nokkra spildu vestur til hágrjóta.<sup>504</sup> Er landamerkjum Hlíðar lýst þannig í yfirlýsingu Ystafellsbænda um kaupin, dagsettri 26. ágúst 1950.

Að austan ræður Rangá, Að norðan landamerki, sem gilt hafa og samkvæmt landamerkjabréfi milli Yztafells og Gvendarstaða Að sunnan ræður Gljúfurá

<sup>500</sup> Skjal nr. 2 (50) a-b.

<sup>501</sup> Skjal nr. 8 (8).

<sup>502</sup> Skjal nr. 8 (9).

<sup>503</sup> Skjal nr. 4 (107).

<sup>504</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 187.



uppað Botnakíl og frá nefndum Botn<n>akíl eftir vörðum norðan vert við Botn<m>ýri og beint vestur í grjót.<sup>505</sup>

Úttektarmenn voru komnir saman að Ystafelli 7. ágúst 1951 til þess að skipta landi jarðarinnar. Viðstaddir voru einnig eigendur og ábúendur Ystafells bræðurnir Jón og Marteinn Sigurðssynir. Landaskiptin virðast aðallega felast í skiptingu á túni beggja vegna Rangár og skiptingu á landi til ræktunar austan Rangár en þar sem það virðist ekki varða ágreiningssvæði þessa máls verður ekki fjallað frekar um það. Reyndar er fjallað um engjaskipti vestan Rangár en fram kemur að samkomulag bræðranna þar að lútandi skuli haldast óbreytt og var það ekki fært inn á uppdrátt sem fylgdi málskjöllumum. Loks er þess getið að báðir aðilar hafi rétt til upprekstrarleiða upp í Fellið af þjóðveginum sunnan Máriugerðis. Undir lokin segir:

Annað land jarðarinnar, en það sem uppdrættir á málskj[öllum] N° 7 og 8 ná yfir, er óskipt sameign í þeim hlutföllum er afsal dags. 6. maí 1926 tilgreinir.<sup>506</sup>

Lagt hefur verið fram brot úr dagbók Ystafellsbónda árið 1915 og kemur þar fram, að þá hefur verið slegið upp á Kinnarfjalli.<sup>507</sup>

Jón Sigurðsson í Ystafelli segir í bókinni *Suður-Þingeyjarsýsla*, að land Ystafells sé allt að 10 km frá austri til vesturs. Vesturmörk séu á hágrjótum, 800 m yfir sjó. Frá 700-600 m hæð hefjist gróðurland, hallandi niður á byggðarbrúnir, með ásum og mýragróðri.<sup>508</sup>

## 5.26 Gvendarstaðir (Guðmundarstaðir)

Samkvæmt viðauka, sem talinn er frá því um 1300, við máldaga Auðunar biskups rauða Þorbergssonar, sem eru frá 1318 á Möðruvallakirkja í Eyjafirði hest:

er þorgils af Guðmundarstodum gaf i Testamentum sitt<sup>509</sup>

Í máldögnum kemur einnig fram að Munkaþverárklostur eigi Guðmundarstaði í Kinn.<sup>510</sup>

Guðmundarstaðir eru nefndir í jarða- og kúgildaskrá Hólastóls 1449.<sup>511</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 13. maí 1794 var lesin upp lögfesta séra Scheving fyrir Guðmundarstöðum. Samkvæmt henni fóru landamerkin inn fyrir landamerki Hóls og því lét séra Jón Sigurðsson á Garði lesa lögfestu fyrir Hóli. Inntaks hvorugrar lögfestunnar er getið.<sup>512</sup>

<sup>505</sup> Skjal nr. 8 (7).

<sup>506</sup> Skjal nr. 4 (112).

<sup>507</sup> Skjal nr. 8 (13) b.

<sup>508</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 192.

<sup>509</sup> Skjal nr. 2 (186).

<sup>510</sup> Skjal nr. 2 (187).

<sup>511</sup> Skjal nr. 2 (200).

<sup>512</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.20).

Þann 1. október 1794 var sýslumaður mættur að Hóli í Kinn til þess að gaumgæfa landamerki Hóls og stólsjarðarinnar Gvendarstaða með reglulegri áreið, athugun skjala og yfirheyrslu vitna. Ástæðan var sú að misskilningur var uppi um notkun og eign áður nefndra jarða.<sup>513</sup> Málinu var frestað en var aftur tekið fyrir að Hóli 12. maí 1795 en þá var komist að svohljóðandi niðurstöðu um landamerkin:

Landa merkja gardur milli Gvendarst. og Hrappst. sem kjemr ad vestann, og nær litinn Spöl austur fyrir þær venjul. Reid gotur, millum Hols og Fells, á hédann af og so ad vera Landamerki mille Gvendarstada og Hóls, soleidis: ad Gvendarst. Land nái til Austrs eins langt upp sunnan vid sama Gard og hans Endi Austr frá Reidgötum, enn þaðann sje Sjónhending beint til Sudurs I Landa merkja Gardinn mille Fells og Hols. Landid upp frá sokalladar Búngr heiri til Jördunni Holi, þó meiga Hólsmenn ecke meina Gvendarst. Á búendum ad hafa land það til bejtar ásamt sier umm vetr, fyrir litinn [upphaflega skrifað, betaling en strikað yfir síðustu fjóra stafina, e.t.v. á að lesa úr restinni: be<i>tar] toll, sem sje Eirir á ári hvöriu.<sup>514</sup>

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 sagði grasatekju varla teljandi á Gvendarstöðum en úthaga bjarglega. Jörðin var sögð 20 hundruð að dýrleika.<sup>515</sup>

Guðmundarstaðir sem tilheyra hinum aflagða Hólastól samkvæmt jarðamatinu 1804 eru sagðir 20 hundruð.<sup>516</sup>

Minnst er á Gvendarstaði (Guðmundarstaði) í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

Gvendarstaðir 20 hndr. að dýrleika. ... Landrými í meðallagi og nokkur útbeit.<sup>517</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Gvendarstaða (Guðmundarstaða) hafi verið þinglesin 1889. Eftirfarandi upplýsingar um Gvendarstaði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland sæmilega rúmt. Kjarngott fremur. ... Fjárgeymsla í meðallagi. ... Jörðin á nægilegt upprekstrarland fyrir sig.<sup>518</sup>

Landamerkjabréf fyrir Guðmundarstaði var útbúið þann 18. maí 1889. Því var þinglýst 24. maí sama ár. Þar kemur eftirfarandi fram:

Að austan ráða merkjum, milli Hóls og Guðmundarstaða reidgötur þær er liggja neðarlega í Kinnarfelli skamt ofanvið Rangá.

<sup>513</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.21).

<sup>514</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.22).

<sup>515</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 122.

<sup>516</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>517</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>518</sup> Skjal nr. 2 (68).

Að sunnan skiftir gamall garður landinu í fjallinu milli Yztafells og Guðmundarstaða neðan frá Rangá og uppá fjallsbrún, þar fyrir vestan ráða merkjavorður upp Guðmundarstaðahól og upp á svonefnt Vesturfjall.

Að vestan ræður hábrún Vesturfjalls.

Að norðan skiftir landinu lækur sá eða gil er liggur ofan fjallið norðan við Guðmundarstaðatungu, er lækur sá merki lækur milli Guðmundarstaða og Hrappsstaða, allt neðan frá Rangá og vestur á Selás ofan við Guðmundarstaða mýrar, suður frá Hrappsstaðaöxl; Fra Selás og upp á vestur fjall ráði vörður merkjum milli jarða þessara.<sup>519</sup>

Jónas Jónsson, ábúandi, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Guðbjörgu Árnadóttur eiganda og ábúanda Ystafells, Sigurði Jónssyni eiganda 1/7 úr Hóli, Hans Kristjánssyni ábúanda 6/7 úr Hóli og eiganda hálftrar jarðarinnar og Jóhannesi Friðbjarnarsyni ábúanda Hrappsstaða.

Að sögn Jóns Sigurðssonar eiga Gvendarstaðir mikið land og gott ofar fjallabrúnum. Þar er selstaða forn, og var þar áður mikið heyjað.<sup>520</sup> Lagður hefur verið fram útdráttur úr dagbókum Gvendarstaðabónda frá árunum 1909, 1912 og 1919. Kemur fram, að á þeim árum hefur verið heyjað uppi í fjallinu fyrir ofan bæinn.<sup>521</sup>

## 5.27 Hrafnstaðir (Hrappsstaðir)

Hrafnstaðir í Fúlukinn voru seldir í jarðaskiptum, 20. júlí 1405.<sup>522</sup>

Gottskálf Nikulásen Hólabiskup arfleiddi Hólabiskuparstaðir 30 hundruðum, 6. júní 1520.<sup>523</sup>

Hrafnstaðir eru taldir meðal jarða, sem Jón Arason seldi 1. september 1552.<sup>524</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 er sagt, að dýrleiki Hrafnstaða sé 20 hundruð., grastekja mjög lítil og varla teljandi og úthagar mjög litlir og spretti lítt til fjallsins fyrir fannlögum.<sup>525</sup>

Lönd jarðanna Hóls og Hrafnstaða liggja saman og þurftu því að njóta sameiginlegrar beitar að vissu leyti hvor af annarri, sumar jafnt sem vetur, nema hvað ábúandi Hrafnstaða gat ekki verið án nautabeitar um sumartímenn yfir sláttinn. Af þessum sökum og til þess að forðast ágreining var gerður samningur um gagnkvæma beit milli jarðanna að Hálsi 28. september 1745. Jón Þorgrímsson prestur á Hálsi samdi, fyrir hönd leiguliða síns á Hrafnstaðum, við Hallgrím Björnsson hreppstjóra á Hóli um eftirfarandi atriði:

<sup>519</sup> Skjal nr. 2 (18) a-b.

<sup>520</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 191-192.

<sup>521</sup> Skjal nr. 8 (13).

<sup>522</sup> Skjal nr. 2 (192).

<sup>523</sup> Skjal nr. 2 (216).

<sup>524</sup> Skjal nr. 2 (226).

<sup>525</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 121-122.

Ad Presturenn Vegna leiglendings Sýns, hönum ad Meina lausu, lætur effter firer Sinn Part frý beit firer Pening Hools Manns ä öllum þeim Týmum, Sem Eingiar eru eý vardar; Þar ä mót lofar Abýlis Madur Hools Velnefndur Monsr. Hallgrýmur ad Rafnstada äbilis [äbilis, ofan línu] Madur, Meige frý firer utann betaling, edur ummkostnad, Nióta beitar og gagns Muna þar til firer Naut Pening Sinn j Hólslande, Einkanlegast, firer landkú, þä sem landz drottenn läte Jördunne filgia So Vel sem firer Hross edur Penings beit, ad öllu þuj leite hönum Sie Meinalaust ...<sup>526</sup>

Samningurinn skyldi standa svo lengi sem ofangreindir aðilar ættu nokkuð saman við hvorn annan að sælda.

Björn Tómasson sýslumaður var staddur að Hrappsstöðum 22. júlí 1795 ásamt sex bændum úr sveitinni til að meta þau spjöll sem jörðin hafði orðið fyrir. Indriði Jónsson, eigandi jarðarinnar, hafði óskað eftir því til þess að fá dýrleikann og tíundargjaldið lækkuð í réttu hlutfallið við rýrnun landsgæða. Annar þeirra, sem átti hagsmuna að gæta varðandi tíundargjald, var mættur á staðinn, nefnilega hreppstjórinn en presturinn sendi sýslumanni bréf. Í því sagði hann að honum þætti ekki ósanngjarnt að jörðin yrði lækkuð í mati vegna niðurníðslu túns og engja en þar sem ekki hafi orðið mikill skaði af jarðföllum skriðum né landbroti samþykkti hann aðeins tímabundna lækkun því að með tíma væri hægt að bæta skaðann. Því næst var riðið á landið og komust menn að eftirfarandi niðurstöðu:

1) Selstödu Land vestr á Gaunguskardi i hvörju Fé hefr árlega haft og nitkad verid fyrrum, er sidann einkanl. i þejm almennu Skjemdum, er Lönd og Jarder i þeim seinustu Hardindis árum lidu, ordid med öllu ónit, Grasvegrenn upprætt, og i Stadinn komid Grjót Sandr og Leir ár frá ári, og allteins finst so kalladr Reppstadadalr á sig kominn.

.....<sup>527</sup>

Í kjölfar áreiðarinnar var ákveðið að lækka dýrleika Hrappstaða úr 20 hundruð í 13 hundruð. Fram kemur að við niðursetninguna hafi bæði verið tekið tillit til skaða þess sem jörðin hafi orðið fyrir og dýrleika annarra jarða í sömu sveit.

Á manntalsþingi á Helgastöðum 3. maí 1841 var lesið upp bann Gísla Rafnssonar í Fremstafelli, frá 29. sama mánaðar, við því að byggja nýlendu eða hafa nokkur afnot af eignarjörðu hans Hrappsstöðum eða innan takmarka jarðarinnar. Þessu mótmælti Jakob hreppstjóri.<sup>528</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Hrappstaðir séu sjálfseignarjörð og sögð 13 hundruð.<sup>529</sup>

Fjallað er um Hrappstaði í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur:

<sup>526</sup> Skjal nr. 2 (57) a-b.

<sup>527</sup> Skjal nr. 2 (267) a-b.

<sup>528</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.55).

<sup>529</sup> Skjal nr. 2 (61).

Hrappstaður 13 hndr. að dýrleika. .... land fremur lítið, og málnytta í lakara lagi, nokkur útbeit. ...<sup>530</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Hrappsstaða (Hrafnstaða) hafi verið þinglesin 1897. Eftirfarandi upplýsingar um Hrappsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitlandið sumar og vetur í betra lagi, þó eigi víðlent. ... Landið mest nærri. Fjárgeymsla í meðallagi. ... Jörðin hefir sérstakt upprekstrarland, nægilegt fyrir sig.<sup>531</sup>

Þann 15. september 1890 var útbúið landamerkjabréf fyrir Hrappsstaði. Því var þinglýst 29. júní 1897:

Að sunnanverðu í gróf þá er liggur af fjalli ofan í ytri Guðmundarstaða á og svo rétt línis í garð þann sem liggur austur frá Rangá upp í Fell hinum megin við reiðgötur Liggja síðan landamerkin réttlínis vestan vert við miðjan Hálsmel út í garð þann sem liggur úr Hrappstaða vallargarði að utan verðu í Rangá er svo sá ytri Hrappstaða vallargarður landa merki millum Hóls og Hrappstaða, úr hverjum garði liggur garður upp til fjalls. Eiga svo Hrappstaðir land á fjalli beint vestur frá þessum garði í á þá er rennur af gönguskarði til norðurs og allt flata skarðið að norðanverðu, í læk þann sem rennur til austurs fyrir neðan Hálsel, síðan réttlínis í Hól þann sem stendur við eystra Tjarnar hverfi í Gönguskarði og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnan verðu (þar nú á öld liggur almannavegur um) allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði og svo allt tiltekið land fyrir sunnan fram á Göngu skarði með selstöðu og Hrappstaðadal ofan í gróf þá er aður um getur og er milli [og er milli, tvítekið] Hrappstaða og Guðmundarstaða liggjandi.<sup>532</sup>

B. Sveinsson, eigandi Hrappsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Arasyni og Ludvig Knudsen þeir samþykktu fyrir hönd Þóroddsstaðarkirkju, Jónasi Jónssyni hann handsalaði fyrir Gvendarstaði, Kristjáni Jónssyni á Úlfsbæ hann handsalaði fyrir Garðshorn sem átti land móti Hrappsstöðum að norðanverðu ofan við Reiðgötu til fjalls og Hans Kristjánssyni eiganda Hóls.

Hrafnstaðir eiga hina bröttu vesturhlíð Kinnardals og mikið land ofar brúnum að sögn Jóns Sigurðssonar, sem segir þar áður talið aðalengi jarðarinnar og suðurhlíð Gönguskarðs austanverða tilheyra Hrafnsstöðum. Þar heiti Hrafnstaðadalur og Hrafnstaðasel.<sup>533</sup>

<sup>530</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>531</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>532</sup> Skjal nr. 2 (27) a-b.

<sup>533</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 191.

## 5.28 Háls

Háls er nefndur í jarða- og kúgildaskrá Hólastóls 1449.<sup>534</sup> Hann er einnig nefndur í skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461.<sup>535</sup>

Eigendur Háls áttu í miklum ágreiningi við Þóroddsstaðarprest og Hólabiskup um land það sem prestur og biskup töldu vera Torfunes í upphafi 17. aldar. Sjá umfjöllun undir Torfunesi.

Frá árinu 1613 er varðveitt frásögn Guðbrands biskups um þær jarðir sem biskuparnir Jón Arason og Ólafur Hjaltason höfðu látið ganga undan Hólakirkju. Þar segir biskup að eftir að hann hófst handa, eftir konungsboði, við að ná aftur þeim jörðum undir Hóladómkirkju, sem óréttilega hefði gengið undan henni, hafi hann orðið fyrir miklu aðkasti og ámæli. Sérstaklega hafi hann fundið fyrir þessu frá niðjum Jóns biskups eftir að hann tók til að áhræra Háls í Kinn og Á í Kræklingahlíð og nefnir hann bræðurna Jón og Magnús Björnssyni sérstaklega til sögunnar.<sup>536</sup>

Afrit af vitnisburðum frá því í byrjun 17. aldar, um eignir Þóroddsstaðar, eru skráð í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905. Fram kemur að kirkjan leigi Hálsi selstöðu í Gönguskarði. Meira er fjallað um þetta í köflum um Þóroddsstað og sel.<sup>537</sup>

Sjálfsfseignarjörðin Háls er sögð 20 hundruð í jarðamatinu 1804.<sup>538</sup>

Finna má umfjöllun um Háls í jarðamatinu 1849-1850. Þar segir:

Háls 20 hndr. að dýrleika. ... Landið mjög lítið og ljett og vesöl málnytta og eingin útbeit. ....<sup>539</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnist þinglesin landamerki fyrir Háls og þeim hafi ekki verið lýst. Eftirfarandi upplýsingar um Háls eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland fremur þröngt og skjólalítið. Gripabeit dágóð en sauðfjárbreit fremur léleg og snjóþungt. Landið, fyrir það mesta, nærri. Fjárgeymsla í meðallagi. ... Sérstakt upprekstrarland fylgir jörðinni, nægilegt fyrir hana. Landamerki þess eigi ágreiningslaus.<sup>540</sup>

Þann 28. júní 1897 var útbúin lögfesta fyrir Háls-landareign í Ljósavatnshreppi. Hún var þinglesin með fylgiskjölum 29. júní 1897. Þar segir:

Með bréfi þessu lögfesti eg undirritaður Sigurður Árnason eigandi og ábúandi að jörðinni Hálsi í Ljósavatnshreppi landeign nefndrar jarðar sem er með þessum um merkjum. Að norðan ræður garður sem [strikad yfir, er með]

<sup>534</sup> Skjal nr. 2 (200).

<sup>535</sup> Skjal nr. 2 (205).

<sup>536</sup> Skjal nr. 2 (294). Jón og Magnús voru synir séra Björns Jónssonar biskups Arasonar, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 223-224.

<sup>537</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>538</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>539</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>540</sup> Skjal nr. 2 (68).

liggur frá Grandakíl (gamla Rangárfarveg) upp til fjalls – þaðan þvert yfir fjall beina línu eptir merkjavörðum til Skolla hnjúks.

Að austan ræður merkjum aður nefndur Grandakíll.

Að sunnan ræður garður sá er liggur upp myri frá Rangá. Þegar garðinn þrýtur ráða vörður merkjum í krók á gróf þeirri er liggur rétt norðan við Garðshornstún, þá þvert upp fjall yfir Hrappsstaðaoxl til Gönguskarðsár, þá ræður Gönguskarðsá inn fyrir Háls grænur.

Að vestan ræður grjótskriða sú sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálsel og Hálsgreni.

Þessi landeign áður nefndrar jarðar með ofan töldum ummerkjum banna eg og óheimila öllum að nota, eða nota láta án leyfis eiganda og ábúanda jarðarinnar Háls í Ljósavatnshreppi.<sup>541</sup>

Sigurður Árnason skrifaði undir lögfestuna. Kristján Jónsson á Úlfsbæ, sem síðasti seljandi jarðarinnar, mótmælti lögfestunni hvað landamerki Garðshorns varðaði.

Jón Sigurðsson segir Háls eiga land allt upp á Gönguskarð og fornt selstæði þar. Þó sé fjalllendið heima heldur rýrt og þröngt.<sup>542</sup>

## 5.29 Torfunes

Máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar eru frá 1318. Þar kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja eigi Torfunes.<sup>543</sup> Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394<sup>544</sup> og Ólafs Rögnvaldssonar sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510).<sup>545</sup>

Gamli (Gamaliel) Ólafsson prestur á Þóroddsstað skrifaði Guðbrandi biskupi Þorlákssyni og kлагаði yfir því að jörðin Torfunes sem nefnd er í máldaga kirkjunnar væri horfin undan henni. Í bréfi biskups frá 2. mars 1601 kemur fram að séra Gamli viti ekki hvernig hann eigi að snúa sér í málinu því að engin skjöl séu fyrir hendi um hvernig landið væri frá kirkjunni komið. Biskup þóttist merkja að séra Sigfús heitinn Guðmundsson hefði týnt jörðinni úr kirkjunnar eign og hefð en þagað yfir því. Hann hafi þó lögfest landið með nafni en ekki viljað kлага eða reyna að endurheimta það með nokkrum hætti síðan Guðbrandur tók við biskupsembætti. Guðbrandur getur þess að síðast, er hann vísiteraði Þóroddsstað, hafi hann riðið um land það sem kirkjunni tilheyrði suður frá sér. Þar hafi hann séð tvö eyðikot með girðingum og landamerkjum. Það fyrsta hafi verið Ófeigsstaðir og suður af því hafi verið annað kot sem hafði verið byggð jörð en Hálsmenn eignu sér nú og kalli Litlaháls. Biskup bendir

<sup>541</sup> Skjal nr. 2 (22) a-b.

<sup>542</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 188.

<sup>543</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>544</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>545</sup> Skjal nr. 2 (201).

á að í reikningsbók Gottskálks biskups og Jóns biskups megi sjá að Háls er 20 hundruð að dýrleika og að Jón hafi selt hana frá kirkjunni fyrir 20 hundruð í fríðum peningum.

Biskup bendir á að ljós landamerki séu milli Háls og þessa kots sem nú sé eignað Hálsi og hann telji að sé eign Þóroddsstaðar þótt það hafi nú fengið annað nafn. Einnig að séra Sigfús hafi látið jörðina tynast undan kirkjunni án þess að klaga það eða geta þess að nokkru og að hvorki sjáist né finnist nokkurt annað kot sem byggt hafi verið og kunni að hafa tilheyrt Þóroddsstað. Að öllu þessu samanteknu skipaði hann séra Gamla á Þóroddsstað að stefna einhverjum eignarmanni Háls fyrir lög og ná umræddu landi, sem biskup telur vera Torfunes, aftur undir kirkjuna. Biskup fól jafnframt umboðsmanni sínum séra Þorsteini Illugasyni að vera séra Gamla innan handar í þessu máli.<sup>546</sup>

Því greinir máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 frá eftirfarandi:

Kyrkia a Stad I Kinn

...

So og hefur sýra Sigfus, laated það eyðikot Torfunes, tynast vndan kirkiunnj, og vr Reikningi og of miog sied I giegnnum fýngur, med þui maaga folki sýnu a haalse. So mönnum virdist su eydiJord nu kominn vnder haalz og hef eg skipad, og so er honum býfalad, ad klaga það aptur.<sup>547</sup>

Vegna þessa máls hafa verið teknir ýmsir vitnisburðir um eignir Þóroddsstaðar, sem skráðir eru í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905:

Helgi Þórisson vottaði og prestarnir Þorsteinn Illugason í Múla og Ólafur Tómasson á Hálsi báru honum vitni:

Svofeldan Vitnisburð ber Eg Helgi Þórisson at Eg bió i Kinn á Geirbiarnar stoðum i 10 ár, þá Sr. Sigfus heitin Guðmundsson hieldt Stað i Kinn og samfeld 13 ár átta Eg Kyrkju Sokn til Staðar, heirða Eg at Sigfus Prestur logfesti Staðin, og Kyrkiunar Eýgn með Jtölum, Ófeigstaði, Torfunes Tiarnahverfin eystra og vestra á GaunguSkarði, lika lögfesti hann allann Skog i Felli fyrir neðan Reiðgötur, han lögfesti og Skogar Jtölur fyrir neðan Skriðunúp [hér kemur orð innan sviga sem upphaflega hefur verið: í Skriðuhverfe, en breytt í Skriðunúp] i Staðarholti til Eldiviðar, og aðra Skógar Jtölu i mánafeili, heirda Eg sagt, at þá Sr. Sigfus heitin Guðmunds son kom til Staðar, hefði Magnus Jóns son, sem þá átti Háls, fært Sigfúsa Presti Álfstar Egg af Gaunguskarði, og sagt honum að hann ætti þaug, Sömuleiðis var Eg i Ferð með Sr. Sigfúsa, þá hann reið um þat land frameptir, sem er á milli Háls og Ofeingstaða, varð honum talað til um Háls, og sem hann kom nærri þeim

<sup>546</sup> Skjal nr. 2 (289). Sigfús Guðmundsson hélt Þóroddsstað 1554-1597 og tók séra Gamaliel Ólafsson við af honum og hélt staðinn 1599-1608, sbr. Sveinn Niélsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 298. Guðbrandur Þorláksson var biskup á Hólum 1571-1627, sbr. Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár II*, bls. 114-115.

<sup>547</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.



garði, sem liggur beint upp og ofan á milli Háls og litla Háls, sem þá var svo kallaður, syndi hann mér garðinn, og mælti þess háttar orðum: vanskoðat er sagði hann, hvört Staður á ekki land utann að þessum garði, en þat varir svo meðan þat er, framar sagði han at Magnús Jónsson sem þá bió á Hálsi, hefði upp býgt þaug hús, sem þar standa á þeim hól, enn alldrej heirða Eg þess geteð, at Torfunes væri anars staðar, hvorki útfrá, uppfrá, nie suður frá Stað, og til sanninda her um, set Eg mitt Jnsigli fyrir þennan minn vitnisburð, hvör skrifaður var að Höfða i Höfðahverfi þann 26ta dag Martii, árum eftir Guðs burð 1601

...

Anno 1611 um kynning þess Sáluga mans Helga Þóriris sonar hvör eð buandi var á Kyrkjunnar Jörð i Múla, um nokkur samfeld ár, og var hann mér hlyðin og skilsamur og ekki var hann óráðvandur að minni vitund til merkis skrifa Eg her undir mitt nafn með egin hendi Þorsteinn IllugaSon

Það með kénist Eg Olafur Prestr Thómass son, at Helgi Þóris son ólst hér upp i Fnioskadal, til þess hann var fullorðinn maður, og eigi vissa Eg til hans annað, enn það sem erlegt var til orða og verka, og ei hef Eg heirt honum heldur annað borið síðan, og til sannenda her um er þetta min Egin hönd Olafur Thomass son<sup>548</sup>

Ívar Bergþórsson vottaði og Oddur Jónsson og Ólafur Tómasson prestar báru honum vitni:

Það meðkenni Eg Ivar Bergþors Son, með því öllum er skyldt Sannleikanum vitni at bera, og Eg er til þessa krafður, að Eg var heimilismaður Sr. Sigfúsa heitins Guðmunds Sonar á Stað i Kinn 4r ár samfleitt, vissi Eg vel og heirði að Sr Sigfús heitin lögfesti optar enn einu sinni Torfunes, og tiarna hverfin bæði í gaunguskarði, alldrej heirða Eg Sr. Sigfúsa heitin þat seigia, at Torfunes væri fyrir handan Rángá, enn þat Nes, sem er fyrir sunnann ÓfeigsStaða Landa merkiagarð, veit Eg fyrir full Sanindi, at firr skrifaður Staðar Prestur Sigfus Guðmunds son hussbondi minn hieldt Torfunes vera, þar, sem kill gengur fyrir sunnan og ofan nesit, enn Rángá rétt að sunnan, og þessum eða því likum orðum heirða Eg hann mæla: Núvel! Þat hefur sinn mata hvar Torfunes er, því maður kémur eptir mig, og jafnan lögfesti hann áðurskrifat Torfunes með Stað; Sömuleiðis vissa Eg at Þorkell Magnuss Son magur Sr. Sigfusa heitins, hafði til láns af opt nefndum Sigfúsa Presti Selstöðu i tiarnahverfi á gaunguSkarði, þegar han bió á Hálsi i Kinn. allan Skóg fram i felli þessu megin Flióts, fyrir neðan reiðgötur, út i gegn og suður i gegn, eygnaði hann Staðar Kyrkiu, svo og skógar Jtölu i Mánafelli, og aðra Jtölu fyrir neðan Skriðunúp i Staðarholti til Eldiviðar, og til Sanninda hier um, set Eg fyrir neðan minn vitnisburð mitt Jnnsigli, giefin og skrifaður á

<sup>548</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

Sigurðarstoðum í Bárðardal þan 13d<a> dag Juli 16[síðustu tölurnar ólæsilegar]

...

Það meðkenist Eg Oddur prestur Jóns son, að Ivar Bergþórs son hefur verit hér í minni þingá 30 ár, og hef Eg ekkert vitað vm þann mann annað, enn hann hafí verit duglegur og ráðvundur maður í orðum og gjörðum! og til Sannenda hier um skrifa Eg mitt nafn hier fyrir neðan þessa mina meðkenning, hvör eð skrifuð var á Eyardalsá í Barðardal 26ta dag Februaríj 1611 Oddur Prestur Jóns son.

...

Það meðkénest Eg Olafur Prestur Thómass son, að Eg var þar viðstaddur í Kyrkiu garðinum á Liósavatni þann 5ta Dag maji at Ivar Bergþors son handsalaði svolátandi vitnisburð, sem á þessu Blaði skrifaður stendur; svo veit Eg ej annað sannara, enn sa Ivar sé ráðvundur dandis mann! og til Sanninda hér um, set Eg mina hönd og nafn fyrir neðan þessa mina meðkenning Ólafur Thomass son<sup>549</sup>

Í bréfi, dagsettu í apríl 1611, til þeirra sýslumannsbræðra í Þingeyjarsýslu, Þorbergs og Sigurðar Hrólfssona, rekur Guðbrandur biskup á eftir því að þeir kveði upp endanlegan dóm í máli Þóroddsstaðarprests og Bjarna á Hálsi og bræðra hans um Torfunes.<sup>550</sup> Guðbrandur biskup greinir frá því í bréfi, frá 14. desember 1611, að Björn Benediktsson sýslumaður á Munkaþverá hafí lagt í sitt vald hálfu eyðijörðina Torfunes sem hann þóttist eiga. Torfunes tilheyri hins vegar Þóroddsstað þótt jörðin hafí týnst undan kirkjunni og því skipar hann jörðina aftur undir kirkjuna og séra Illuga Helgasyni til frjáls forræðis. Biskup greinir frá því að prestur skuli taka að sér umrætt eyðikot í næstu fardögum þrátt fyrir að synir Þorkels neiti að láta hinn helminginn af hendi. Jafnframt hótar biskup að halda máli sínu um að endurheimta Háls undir dómkirkjuna til streitu, láti þeir jarðarhelminginn ekki góðfúslega af hendi.<sup>551</sup>

Svo virðist sem að Hálsmenn hafí ekki látið Torfunes af hendi því að á Alþingi 28. júní 1611 spurði Jón Sigurðsson lögmaður Gísla Þórðarson lögmann, Jurin Daniel umboðsmann yfir öllu Íslandi og lögréttu hvort hann hafí gerst brotlegur í embætti sínu. Ástæðan var sú að hann hefði ekki látið dóm ganga í Viðvík síðastliðið vor um mál er Guðbrandur biskup hafði látið stefna Bjarna Þorkelssyni varðandi jörðina Háls í Kinn. Jurin Danielsson fógeti kom á sáttum milli Guðbrands biskups og Jóns lögmanns og er sáttargerðin dagsett 7. ágúst 1611 á Hólum. Í fjórðu grein hennar kemur m.a. fram að lögmaður lofi að láta dóm ganga um Háls í Kinn þegar það mál komi með réttum hætti fyrir sig hvort sem það yrði með dómi eða stefnu.

<sup>549</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>550</sup> Skjal nr. 2 (290).

<sup>551</sup> Skjal nr. 2 (291). Illugi Helgason hét Þóroddsstað 1608-1652, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 298.

Á grundvelli þessa hefur Guðbrandur biskup úrskurðað um Torfunes en í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840-1905 er eftirfarandi:

Úrskurður og Skipan Herra Guðbrands Biskups af dato þess 13da Decembris 1611

Kunugt giöri eg Guðbrandur Þorláksson Superintendens Hóla Stictis goðum mönum með þessu minu opnu Bréfi, að með því Bóndin Biörn Benedicts Son hefur lagt í mitt vald þann helming í eiði Jörðini Torfunesi, sem Staðar Kyrkia hefur leingi mist og þarfnast með órettu, og nefndur Biörn þóktist eyga, þar fyrir skipa eg nefnda Eyði Jörð Torfunes aptur undir Kyrkiuna á Stað i Kin Sr Illuga til friáls Forræðis, so sem aðrar eygnir Staðar kyrkiu, og skal hann að nærstu Fardögum taka að ser þetta Eyðikot, en ef þeir Bræður Synir Þorkels vilia standa fyrir þessari hálfri Jörðu, og láta hana ekki lausa, þá skipa eg þo samt Sr Illuga at taka þat land að ser, en þeir skulu þá búast við því, að eg legg ekki niður þá Klögum Sem eg hefí uppbyriað Domkyrkiunar vegna, uppa þan helfming Sem þeim Bræðrum viðkémur i Hálsi, enn vilji þeir liúflega leggja af þetta land, svo sem Bóndin Biorn hefur nu giort, þá hefir eg lofað að lata þá Jorð áklögunarlausa, ella vist ekki! og til Sanninda hierum, þrikki eg minu Innsigli a þetta Bref, skrifað á Holum þann 13da Dag Dec. Anno 1611

Guðbrandur ÞorlaksSon á Holum med E. H.

...

Meðkennumst við Olafur OlafsSon og Magnus SigfússSon, at við voru þar hiá, sáum og heirðum, þá Biarni ÞorkelsSon gaf qvitt og fri i Biskups vald, allt þat tiltal, sem hann Biarni ætti, eða eyga mætti, til þess eyðikots sem kallast Torfunes, enn Hálsmenn kalla Minnaháls, sem leingi hefur ágreiningur um verit svo mikið eða lítið sem hans Parti svarar, þat skyldi nu her eptir vera fri Eygn Staðar Kyrkiu, átölulaus, af sér og sínum Erfingium, fór þessi giörningur fram með Handsolum þeirra a milli á Holum i Hialtadal þann 26ta Junij Anno 1612 og til Staðfestu hier um, skrifum við okkar nöfn hér undir með Egin hendi.

Olafur OlafsSon með Egin hendi Magnus SigfussSon með Egin hendi

...

Það meðkennumst við Olafur Jons son og Snorri Jóns son, með þessu okkar opnu Bréfi, at við vorum í hiá sáum og heirðum, þá Magnus Þorkels son gaf qvitt og frj, og i Biskupsvald, allt þat tiltal, sem Magnus Þorkels son ætti eða eyga mætti til þess eyði Kots, sem kallast Torfunes, enn Hálsmenn kalla Minnaháls, sá[?] sem ágreiningur hefur leingi um verit svo mikið sem hans parti svarar, þat skyldi nu vera frí Eygn Staðar Kyrkiu, átölulaus af sér, og sínum Erfingjum, fór þessi giörningur fram með handsölum þeirra á milli á Grenjaðar Stað i aðalreik<i>adal þann 25a Julij Anno 1612 og til Staðfestu her um skrifum við okkar nofn með egin hendi

Snorri Jónsson með Egin hendi Ólafur Jónsson<sup>552</sup>

Minnst er á að Þóroddsstaðarkirkja eigi Torfunes í umfjöllun um kirkjuna í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616.<sup>553</sup> Einnig er minnst á þetta í umfjöllun um Staðarkirkju í vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631<sup>554</sup>, eignaskrá Staðarkirkju frá 1686, en í henni, líkt og kemur fram í kaflanum um Þóroddsstað, er minnst á að Torfunes sé heimaland<sup>555</sup> og vísitásiu Staðarkirkju frá 1687.<sup>556</sup> Eignarhalds Staðarkirkju á Torfunesi er einnig getið í eignaskrá Þóroddsstaðarkirkju frá 1694 og í vísitásium hennar 1702, 1715, 1748 og 1828.<sup>557</sup>

Í Þóroddsstaðarskjölum er skýrsla yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju eftir máldögum og hefð sögð skrifuð 1599 af prestunum Ólafi Tómassyni og Gamla Ólafssyni eftir fornum skýrslum. Þar segir að Ófeigsstaðir og Torfunes liggja undir kirkjuna. Land þeirra sé skýrlega afmarkað merkgörðum á báðar hliðar og liggja milli:

... Þoroddstadar og Stóra Háls landeigna, nedann frá gamla Rángár Farveg til Fjalls og svo vestur umm Seljadal þverann uppá vestur fiöll, fylger Ofeigstöðum Selstada á Seljadal yfir frá Ófeigstada hnjúk, enn Torfunese fylger Selstada í grænumm vid Gaunguskards minne.<sup>558</sup>

Samhljóða er afskrift séra Skúla Tómassonar í Múla af uppskrift, sem er staðfest 21. mars 1831 af E(iríki) Þorleifssyni, Pétri Jónssyni og Sigurði Benediktssyni hreppstjóra. Afskrift Skúla ber með sér að hafa verið send biskupi 10. febrúar 1843. Þar kemur fram að Ófeigsstaðir og Torfunes fylgi kirkjunni:

Til Þoroddstada Kjrku liggia Jardirnar Ofeigstadir og Torfunes, med öllu landi innann Merkgarda, sem þær Jardir hvör fyrir sig hafa skjra á bádar Sjdur, liggur land þeirra milli Þoroddstadar og StóraHáls landEigna, Nedan frá Gamla RángárFarveg til Fjalls, og so vestur um Seliadal þverann, uppá vestur Fjöll ...<sup>559</sup>

Þar segir ennfremur að Torfunesi fylgi selstaða í Grænum við Gönguskarðsmynni.

Fram kemur í máldaga Þóroddsstaðar sem séra Illugi Helgason skrifaði árið 1644 að Ófeigsstaðir og Torfuness hafi ljósa landamerkjagarða á báðar síður og því sé óþarfi að þræta um land þeirra. Máldaganum til staðfestu settu þeir Sturli Árnason og Halldór Torfason nöfn sín.<sup>560</sup>

<sup>552</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>553</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.

<sup>554</sup> Skjal nr. 2 (136) a-b.

<sup>555</sup> Skjal nr. 2 (140) a-b.

<sup>556</sup> Skjal nr. 2 (147) a-b.

<sup>557</sup> Skjöl nr. 2 (149) a-b, nr. 2 (157) a-b, nr. 2 (159) a-b, nr. 2 (167) a-b og nr. 2 (171) a-b.

<sup>558</sup> Skjal nr. 2 (76) a-b. Sbr. skjal nr. 2 (178) a-b, gamla máldagaskýrslu skrifaða 1599 af séra Ólafi Tómassyni og séra Gamaliel Ólafssyni.

<sup>559</sup> Skjal nr. 2 (90) a-b.

<sup>560</sup> Skjal nr. 2 (77).

Afrit Eiríks Þorleifssonar prests úr gamalli máldagabók Norðursýslu á Grenjaðarstað er að finna í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840 – 1905. Fram kemur að Þóroddsstaðarkirkja eigi Torfunes. Meira er um þetta í kaflanum um Þóroddsstað.<sup>561</sup>

Til er vitnisburður um landamerki Þóroddsstaðarkirkju frá 1696 þar sem vikið er að mörkum Torfuness:

... Kyrkiann ä Stad i Kinn ætte ecke óslited land ä millum Skialfanda fliótz og Rångár, utann frá Ärenda og frammi i þann Gard, sem liggur Austann frá fyrrnefndu fliote og Vestur i gamla Rångär far Veg, Hvad þä var so kallad, Rædur þä Annar Gardur þaðann frá Vestur i móte þeim Garde sem liggur i fiallenu Og Skilur lönd ä mille Stóra Häls og Torfuness sem er heimaland Stadar Kyrkiu, og munu það Nýmæle Vjrdast meiga vilie Nockrer þessum Landamerkiom Raska Nu ä þessum tímum ...<sup>562</sup>

Nánar er sagt frá vitnisburðinum í kaflanum um Þóroddsstað.

Torfunes er sagt heimaland Þóroddsstaðarkirkju í úttekt hennar 1748.<sup>563</sup>

Í lögfestu séra Sæmundar Jónssonar fyrir Þóroddsstað frá 6. júní 1761 eru landamerki heimalandsins og kirkjujarðanna tilfærð sem ein heild. Landamerki Torfuness koma því ekki skýrt fram nema hvað varðar mörkin við Háls en um þau segir:

... ad Sunnann frá garde þeim sem liggur Vestur frá Flióte i það Kýlfar sem ad fornu Hefur Kallad Vered gamle Rångär Farvegur, Rædur þä sä Farvegur Effter sem hann liggur til Sudurs og Sudvesturs Framm effter Fætenum þar til sä gardur Kiemur i Hann ad ofann frá Ränga, sem liggur rett Vestur i móte þeim landamerkia garde, er Kiemur ofann ur fiallenu og Skilur Lönd millum Häls og Torfuness.<sup>564</sup>

Að öðru leyti vísast í fyrrnefnda lögfestu í umfjöllun um Þóroddsstað.

Þegar Þóroddsstaður var afhentur árið 1809 var eftirfarandi skráð:

Undir þetta Beneficium liggja Hiáleigurnar ... Torfunes dto med 1u Kúgilde, og 50 al. Landsk. ...<sup>565</sup>

Torfunes er getið á meðal kirkjujarða Þóroddsstaðar í lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar frá 12. maí 1828. Þegar hann lögfestir Seljadal þá getur hann garðs sem skilur Háls og Torfunes og liggur til fjalls. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1828.<sup>566</sup>

Eiríkur Þorleifsson skráði minnisgrein um Þóroddsstað og eignir hans eftir 1832 en fyrir 1834. Þar kemur fram að Torfunes sé hjáleiga Þóroddsstaðar. Eiríkur

<sup>561</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>562</sup> Skjal nr. 2 (174) a-b.

<sup>563</sup> Skjal nr. 2 (174) a-b.

<sup>564</sup> Skjal nr. 2 (72) a-b.

<sup>565</sup> Skjal nr. 2 (176) a-b.

<sup>566</sup> Skjal nr. 2 (75) a-b.

skráði hið sama í kirkjustól Þóroddsstaðarkirkju 1840-1905. Meira er sagt um málin í kaflanum um Þóroddsstað.<sup>567</sup>

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 sagði jörðina heimaland Þóroddsstaðar eins og Ófeigsstaði, úrskipt aðeins að túni og engjum.<sup>568</sup>

Torfunes er hjáleiga Þóroddsstaðar og hefur kjarrskóg til eigin nota samkvæmt jarðamatinu 1804.<sup>569</sup>

Torfunes er ekki metið í jarðamatinu 1849-1850. Þar segir um landið:

Land bæði lítið og ljett; eingin útbeit; vesöl málnya. ...<sup>570</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Torfuness hafi verið þinglesin 1908. Eftirfarandi upplýsingar um Torfunes eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland þröngt, og skjóllítið. Gripabeit góð, en sauðfjárbreit fremur léleg, og snjóþungt. Landið nærri. Fjargeymsla í meðallagi. ... Jörðinni fylgir sérstakt afréttarland, nægilegt fyrir hana.<sup>571</sup>

Vegna fyrirhugaðrar sölu á kirkjujörðinni Torfunesi var hún virt til söluverðs þann 11. júlí 1908. Þar segir m.a. að bærinn og túnið liggja neðst við rætur Kinnarfjalls örskammt vestan við Rangá. Engjarnar eru að mestu vestan Rangár á alla vegu út frá túninu. Þær eru sæmilega grasgefnar, hálfdeigjur, mólendi og fjallsgeirar. Sumarhagar eru góðir og hentugir. Vetrarríki er sagt vera í meira lagi.<sup>572</sup>

Landamerkjabréf Torfuness var útbúið 1. apríl 1908. Það var þinglesið á manntalsþingi sama ár. Landamerkin eru svohljóðandi:

Að norðan nálægt miðsvegar milli Ófeigsstaða, hjáleigu frá Þóroddsstað, og Torfuness ræður gamall merkigjarður ofan frá fjallsbrún og niður að Rangá; þá ræður bein lína úr honum, austur yfir Rangá í svonefndan Ófeigsstaðakíl, er svo ræður merkjum eins og hann liggur austur eftir Fætinum að vesturendanum á svonefndum Ófeigsstaðamerkigjarði, er skilur lönd á milli Hóls í Kinn og Ófeigsstaða austur við Skjálfandafljót. Frá austurenda garðs þessa liggur kílfar, sem enn er kallað gamli Rangárfarvegur suðvestur [leiðrétt úr, suðaustur] eftir Fætinum og skilur hann lönd að sunnan milli Hóls og Torfuness þar til sá garður kemur í hann að ofan frá Rangá, sem liggur á móti þeim landamerkjagjarði, er kemur ofan úr fjallinu, vestan Rangár og skilur land á milli Hals og Torfuness upp á fjallsbrún; þá er upp á fjallsbrún kemur, ráða merkjum að utan og sunnan beinar línur úr hinum áður nefndu merkjagöðum yfir Seljadal þveran upp á brúnir vesturfjalla.<sup>573</sup>

<sup>567</sup> Skjöl nr. 2 (177) og nr. 2 (178).

<sup>568</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 118.

<sup>569</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>570</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>571</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>572</sup> Skjal nr. 2 (279).

<sup>573</sup> Skjal nr. 2 (40) a-b.

Fram kemur að landamerkin séu gerð eftir fornum skjölum og skilríkjum. Undir bréfið skrifa eftirtaldir menn nöfn sín til samþykkis landamerkjunum: Jón Arason umráðamaður Þóroddsstaðarprestseturs og hjáleigunnar Ófeigsstaða, Einar Sigurgeirsson ábúandi Torfuness, Baldvin Baldvinsson eigandi og ábúandi Háls, Sigurður Jónsson eigandi 1/7 Hóls og Hans Kristjánsson eigandi og ábúandi 6/7 Hóls.

Virðingargerð Torfuness, sem var samin 11. júlí 1908, var lögð fram í aukarétti á Húsavík 25. janúar 1909.<sup>574</sup> Við sama tækifæri var lagt fram afrit af landamerkjabréfi Torfuness frá 1. apríl 1908.

Ekkert varð af sölu Torfuness í þetta skiptið en önnur virðingargerð var framkvæmd 20. október 1915. Þar kemur m.a. fram að Torfuness hafi nú hrein og uppperð landamerki. Ennfremur segir:

Bærin og túnið liggur neðst við Kinnarfjall. Landeignin er mest í fjallshlíðinni og svo sljettlendið, báðum megin Rangár. Einnig fylgir jörðinni nokkurt land vestur á Seljadal, eptir framhaldi merkjalínanna að norðan og sunnan. Landeignin er fremur lítil en allvel gróin neðan við fjallsbrún. Sumarhagar mega heita góðir, það sem þeir ná til, en vetrarríki er vanalega mikið.<sup>575</sup>

Engjar jarðarinnar eru sagðar breytilegar; mýrlendi, hálfdeigjur, móar og fjallsgeirar. Torfuness var selt Vilhjálmi Friðlaugssyni og er afsalið dagsett 30. maí 1916.<sup>576</sup>

### 5.30 Ófeigsstaðir

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja eigi Ófeigsstaði.<sup>577</sup> Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulásssonar frá 1394<sup>578</sup> og Ólafs Rögnvaldssonar sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510).<sup>579</sup>

Ófeigsstaðir, í eyði, eru eign Þóroddsstaðarkirkju skv. vísitásiu 1431.<sup>580</sup>

Til er í tveimur afritum skýrsla yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju eftir máldögum og hefð frá 1599. Þar segir að Ófeigsstaðir og Torfuness liggi undir kirkjunum. Land þeirra sé skýrlega afmarkað merkigörðum á báðar hliðar og liggi milli Þóroddsstaðar og Stóraháls landeigna neðan frá gamla Rangárfarvegi til fjalls og svo vestur um Seljadal þveran upp á vesturfjöll. Ennfremur segir þar:<sup>581</sup>

... fylger Ofeigstöðum Selstada á Seljadal yfir frá Ófeigstada hnjúk, ...

<sup>574</sup> Skjal nr. 2 (279).

<sup>575</sup> Skjal nr. 2 (281).

<sup>576</sup> Skjal nr. 4 (98).

<sup>577</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>578</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>579</sup> Skjal nr. 2 (201).

<sup>580</sup> Skjal nr. 2 (197).

<sup>581</sup> Skjöl nr. 2 (76) a-b og nr. 2 (90) a-b. Sbr. skjal nr. 2 (178) a-b, gamla máldagaskýrslu skrifaða 1599 af séra Ólafi Tómassyni og séra Gamalíel Ólafssyni.

Guðbrandur biskup Þorláksson getur þess í bréfi til Þóroddsstaðarprests, 2. mars 1601, að hann hafi síðast er hann vísiteraði Þóroddsstað riðið um land það sem kirkjunni tilheyrði suður frá sér. Þar hafi hann séð tvö eyðikot með girðingum og landamerkjum og hafi annað þeirra nefnt verið Ófeigsstaðir eftir gömlu nafni. Nánar er fjallað um málið í kaflanum um Torfunes.<sup>582</sup>

Afrit af vitnisburðum frá því í byrjun 17. aldar, um eignir Þóroddsstaðar, eru skráð í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905. Þar kemur fram að kirkjan eigi Ófeigsstaði. Meira er fjallað um þetta í kaflanum um Torfunes.<sup>583</sup>

Í máldaga Þóroddsstaðar, sem bréfaður var af séra Illuga Helgasyni árið 1644 er í lýsingu á staðháttum á Gönguskarði komið inn á landamerki Ófeigsstaða. Þar segir:

Tiarna Hverfed eistra Og Vestra sem Máldagenn Nefner er Selför á Gaunguskarde (i Háfum Fiallgarde Hier fyrer ofann bæena ligg*<i>ande*) og er nú þetta sú Fasteign Stadar Kyrkiu sem eg af veit Med Seliadal Hier fyrer Ofann Og Heima lande Stadar i kinn, alt ut under Vothamra Og sudur i Ofeigstada landa Merkia gard ...<sup>584</sup>

Jafnframt er þess getið að Ófeigsstaðir og Torfunes hafi ljósa landamerkjagarða á báðar síður og því sé engin þörf að þræta um land þeirra. Þeir Sturli Árnason og Halldór Torfason setja nöfn sín undir máldagann honum til staðfestu.

Minnst er á að Þóroddsstaðarkirkja eigi Ófeigsstaði í umfjöllun um kirkjuna í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616.<sup>585</sup> Einnig er minnst á þetta í umfjöllun um Staðarkirkju í vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631<sup>586</sup>, eignaskrá Staðarkirkju frá 1686, en í henni líkt og kemur fram í kaflanum um Þóroddsstað er minnst á að Ófeigsstaðir séu heimaland<sup>587</sup> og vísitásiu Staðarkirkju frá 1687. Eignarhalds Staðarkirkju á Ófeigsstöðum er einnig getið í eignaskrá kirkjunnar frá 1694 og í vísitásium hennar frá 1702, 1715, 1748 og 1828.<sup>588</sup>

Ófeigsstaðir eru sagðir heimaland Þóroddsstaðarkirkju í úttekt á henni frá 1748.<sup>589</sup>

Í lögfestu séra Sæmundar Jónssonar fyrir Þóroddsstað frá 6. júní 1761 eru landamerki heimalandsins og kirkjujarðanna tilfærð sem ein heild. Landamerki Ófeigsstaða koma því ekki skýrlega fram en annars vísast á umrædda lögfestu.<sup>590</sup>

Við afhendingu Þóroddsstaðar árið 1809 var eftirfarandi skráð:

<sup>582</sup> Skjal nr. 2 (289).

<sup>583</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>584</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>585</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.

<sup>586</sup> Skjal nr. 2 (136) a-b.

<sup>587</sup> Skjal nr. 2 (140) a-b.

<sup>588</sup> Skjöl nr. 2 (149) a-b, 2 (157) a-b, 2 (159) a-b, 2 (167) a-b og 2 (171) a-b.

<sup>589</sup> Skjal nr. 2 (174) a-b.

<sup>590</sup> Skjal nr. 2 (72) a-b.



Undir þetta Beneficium liggja Hiáleigurnar Ófeigsstaðir með 1u Kúgilde og 80u ál. Landskuld ...<sup>591</sup>

Í lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar frá 12. maí 1828 eru Ófeigsstaðir taldir meðal kirkjujarða Þóroddsstaðar. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1828.<sup>592</sup>

Að sögn Jarðabókar Árna og Páls frá 1712 voru Ófeigsstaðir heimaland Þóroddsstaðar, aðeins úrskipt túni og engjum, en úthögum ekki.<sup>593</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 eru Ófeigsstaðir ein hjáleigna Þóroddsstaðar. Einnig kemur þar fram að jörðin hafi kjarrskóg til eigin nota.<sup>594</sup>

Ófeigsstaðir voru ekki metnir samkvæmt jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur einnig:

... land lítið og ljett; málnya í meðallagi. ...<sup>595</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnst þinglesin landamerki fyrir Ófeigsstaði en þau hafi verið ákveðin með landaskiptagerð 21/5 1915. Eftirfarandi upplýsingar um Ófeigsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Sumarheit dágóð fyrir allan búpening. Landþröngt, skjólalítið og snjóþungt. ... Fjárgeymsla í meðallagi. ... Jörðinni fylgir upprekstrarland nægilegt fyrir hana.<sup>596</sup>

Virðingargerð var framkvæmd þann 20. október 1915 á kirkjujörðinni Ófeigsstöðum. Þar kemur m.a. fram að Ófeigsstaðir hafi nú hrein landamerki gagnvart Torfunesi að sunnan og Þóroddsstað að norðan en landaskipti gagnvart Þóroddsstað fóru fram 20. maí 1915. Við umrædd landaskipti bættist 80 faðma breið landræma við Ófeigsstaði frá Þóroddsstað eftir þeim notkunarmerkjum sem gilt höfðu síðustu árin. Í virðingargerðinni segir ennfremur:

Bærinn og túnið er neðst við rætur Kinnarfjalls og liggur landeignin mest frá austri til vesturs: frá Skjálfafljóti og allt á fjallið upp. Á Seljadal, vestur, er og landeign 1/3 á móts við Þóroddsstað. Landeignin er fremur lítil en allvel gróin.<sup>597</sup>

Sumarhagar eru taldir fremur góðir en vetrarríki er að sögn vanalega mikið. Ófeigsstaðir voru seldir Baldvin Baldvinssyni og er afsalið dagsett 30. maí 1916.

Landamerkjabréf fyrir Ófeigsstaði var útbúið í maí 1919. Það var þinglesið þá um vorið. Í því stendur eftirfarandi:

<sup>591</sup> Skjal nr. 2 (176) a-b.

<sup>592</sup> Skjal nr. 2 (75) a-b.

<sup>593</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 117.

<sup>594</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>595</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>596</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>597</sup> Skjal nr. 2 (280).

Að sunnan frá Skjálfandafljóti ræður Merkjagarður milli Hóls og Ófeigsstaða vestur í Ófeigsstaðakíl, ræður hann svo norð vestur Fótinn uns komið er gegnt Torfunessmerkjum. Greina þar löndin merkjavörður vestur til Rangár í garð vestan árinna, er síðan ræður merkjum á fjallsbrún. Þaðan bein stefna yfir Grjótin og Seljadal þveran upp á há brúnir Vesturfjalla. Á Seljadal vestan ár eiga Ófeigsstaðir 1/3 lands milli merkja Torfuness og Syðri Leikskálaá og er sú spilda syðst afmörkuð vörðum.

Að austan ræður Skjálfandafljót, syðst meginfljótið en síðan austurkvísl, austan við Staðarbakka.

Að norðan eru merkin eftir vörðum yfir Staðarbakka og þaðan eftir Vírgirðingu yfir Fótinn í vorðu við brekkurrætur þaðan bein lína í há vestur yfir Grjótin og Seljadalsá.<sup>598</sup>

Baldvin Baldvinsson, eigandi Ófeigsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Friðgeiri Kristjánssyni ábúanda Þóroddsstaðar, Vilhjálmi Friðlaugssyni eiganda Torfuness, Hans Kristjánssyni eiganda Hóls og Sig(urði) Sigurðssyni umráðamanni Þóroddsstaðar.

Ófeigsstaðir voru afsalaðir ábúanda 30. maí 1916.<sup>599</sup>

Nýbýlið Rangá var stofnað á þriðjungi Ófeigsstaða árið 1946. Síðar fékk Rangá helming lands gömlu Ófeigsstaða, norðurhluta landsins.<sup>600</sup>

Jón Sigurðsson í Ystafelli segir Ófeigsstaði hafa hlotið mikið land og orðið vænsta jörð við landskipti frá Þóroddsstað og eiga land þvert vestur frá fljóti til háfjalla vestan Seljadals. Þar á dalnum heiti Ófeigsstaðasel.<sup>601</sup>

### 5.31 Þóroddsstaður

Í máldögum Auðunar rauða frá 1318 kemur fram að til Þóroddsstaðarkirkju liggi allt heimaland.<sup>602</sup>

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394<sup>603</sup> og Ólafs Rögnvaldssonar sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510).<sup>604</sup>

Í þessum áðurnefndu máldögum kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja eigi Tjarnahverfi eystra og vestra. Heimildir um Tjarnahverfi hafa verið dregnar saman í sérstakan undirkafla hér á eftir.

Skúli Tómasson skrifaði upp skýrslu um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá 1599. Þrír menn votta að uppskriftin sé rétt skrifuð eftir fornaldarskjölum að Finnsstöðum

<sup>598</sup> Skjal nr. 2 (37).

<sup>599</sup> Skjal nr. 4 (86).

<sup>600</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 174, 175. Skjal nr. 4 (87).

<sup>601</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 187.

<sup>602</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>603</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>604</sup> Skjal nr. 2 (201).

21. mars 1831 en uppskriftin ber með sér að hafa verið send biskupi 10. febrúar 1843. Í skýrslunni segir varðandi eignir og landamerki Þóroddsstaðar að kirkjan eigi:

... allt Hejmaland, að þessum [yfirstrikað: Ummerkjum] takmörkum: Midur Stóri Vothamar er landaskylrúm að Nordann, enn Ofeigstada merkigardur að Sunnann, frá Skiálfanda Fljóti, og Vestur um Seliadal þverann, til hædstu Brúnar vesturfjalla. ... Þoroddstadar Hejmalande fylgir ogso frá Alda Ödli allur midhluti Náttfara vykna, með öllum landslejugögnum og Gjædum, til Fjalls og Fjöru, milli Svinár og Ofeigshellirs. Til Þoroddstada Kjrku liggja Jardirnar Ofeigstadir og Torfunes, með öllu landi innann Merkgigarda, sem þær Jardir hvör fyrir sig hafa skjra á bádar Sjdur, liggur land þeirra milli Þoroddstadar og StóraHáls landEigna, Nedan frá Gamla RángárFarveg til Fjalls, og so vestur um Seliadal þverann, uppá vestur Fjöll; fylgir Ofeigstöðum Selstada á Seliadal, yfir frá Ofeigstada Hnjúk; Enn Torfunesi fylgir Selstada í grænum, vid Gaunguskards Mynni. Her að auk á Kirkiann á Þoroddstad Gaunguskard allt að austan, og Selstöðu þar; [síðan kemur lýsingin á mörkum Tjarnahverfa, sjá kaflann um þau]...<sup>605</sup>

Sambærileg afskrift er til frá séra Eiríki Þorleifssyni, með sömu vottum og skýrslan sögð skrifuð 1599 af prestunum Ólafi Tómassyni og Gamla Ólafssyni eftir fornum skjölum.<sup>606</sup>

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

Kyrkia a Stad I Kinn

Hun a allt heima land, og þar til Ofeigs stadi, torfunes, og tiarna huerfi hid eýstra og vestra, haalfs hundradz skögur I Manaf: Reki I vök vt, þridiungur af toltfengi allz huals, Sýdan skal þridiungur allz huals til þessarar kirkiu, öll trie skiemri enn 20 feta tueir hlutir hinz stærra vidar, vt fra ofeigs helli, til miosyndis, haalfur aattungur hualreka og vidar, og I flutningum, millum ösa, haalfur flutningur huals og vidar, huort sem er fluttur eda rekinn, vestur fraa Biarnar aa til Sennungar vökur, haalfur aattungur hualz og vidar, huort sem er fluttur eda Rekinn, torf skurdur I Bergstada landj 4 tolf fedmingar, vidum I Stadarholtt Anno christi 1471. ...<sup>607</sup>

Vísitasubók Jóns Vigfússonar 1685 - 1687 segir svo:

Anno 1686 þann 26 februarj Manadar Skodud og Vppskrifud kyrkian að Stad I Kinn með Synum ornamentis, eignum kuikum og daudum og ehr So a Sig komed sem hier Stendur Sierhuort. ... Þesse heima lond Nu bigd a Stadurenn, torfu Nes og Ofeigstader, gialdast syner 10 aurar af huoriu. [sleppt er rekaupptalningu, sem kemur í Náttfaravíknakafla], torfskurd I bergstada

<sup>605</sup> Skjal nr. 2 (90) a-b. Gamalíel Ólafsson hélt Þóroddsstað 1599-1608, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófata*, bls. 298.

<sup>606</sup> Skjal nr. 2 (76) a-b. Sbr. skjal nr. 2 (178) a-b, gamla máldagaskýrslu skrifaða 1599 af séra Ólafi Tómassyni og séra Gamalíel Ólafssyni.

<sup>607</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.

Lande 4 12 fedmyngar. Vidan I Stadar hollte, Tiarna huorfe Eystra og Vestra halfs hundradz, Skögur I Manafelle. ...<sup>608</sup>

Í vísitasíu Jóns biskups Vigfússonar á Stað í Kinn 11. ágúst 1687 segir:

Enn Maldaga Book Su Sem fir [Strikað yfir, af] er anefnd I þessare visitatiu og herra Thorlakur er fyrerskrifadur helldur ad til þessarar kyrkiu Liggie heimaland, ofeigstader Torfunes Tiarnahuerfe Eistra og Vestra, hals hundradz Skogur I manafelli, [sleppt er rekaupptalningu, sem kemur í Náttfaravíknakafla], Torfskurdur I Bergstada Landj, 4 tolf fedmingar, Vidan i Stadarhollt, Skögur j fellj fyrer nedann Götur. ... Hier ad auke frammlagde nu presturenn Sr Jón Þorgrijms Son, dóm Sal. Herra Gudbrands med 3 hangandj Insiglum Vidvijkandi Gagnsmunum af NáttfaraVijkum. ...<sup>609</sup>

Samkvæmt eignaskrá Staðar í Kinn frá 1694 á kirkjan:

... allt heimaland, og þar til Ófeigs Stade og Torfunes, og Tiarnahuerfi hid Eystra og Vestra ...<sup>610</sup>

Hið sama kemur fram í vísitasíum Staðarkirkju frá árunum 1702, 1715, 1748 og 1828.<sup>611</sup>

Þóroddsstaður var vísiteraður af prófasti 7. október 1705. Í vísitasíunni stendur:

5° Effterspurde Prófasturenn vmm Kirkiunnar Stól, og framm lagde Heidurlegur Sr. Jón Thorgrýmsson 1) Dóm Her. Gudbrands vmm Náttfaravýkur Med þremur innsiglum. 2) Vitnesburd Gunnsteins Stullasonar vmm lódarfiska J Náttfaravýkum med tueymur Jnnsiglum 3) Vitnesburd Olafs prests Thomassonar med einu innsigle 4) Vitnesburd Einars Runólfs Sonar med einu Jnnsigle, alla Viduýkiannde Náttfaravýkum, A pergamennt 5° Kirkiunnar Máldaga A pergamennt Rotenn med einu Jnnsigle 6) Copiu Af Máldagabók Thorláks Biskups Vnnderskrifada, Vmm landeygn kirkiunnar, Reka og Skóg. 7) VppSkrift Kirkiunnar og Stadarenn, giorda af Sal. Prófastenumm Sr. Skula Thorlákssine Anno 1677 11 Julij. 8) frammvísade Heidurlegur Sr. Jón Thorgrýmsson vppskrifud bref og Skilrýke Stadarkirkiu af Sr. Jlluga Helgasine, enn Vnnderskriffud af tueymur Mönnum. Sturla Arnasine, og halldore Torfasine, og tíær Sig ecke kunna ad giöra Meyre Skil A Kirkiustólnum.<sup>612</sup>

Úttekt var gerð á Þóroddsstað þann 23. júlí 1748. Í henni kom eftirfarandi fram varðandi skjöl:

Epter spurde Uttektarmadurenn hvert Kyrkiunne og Beneficio filgde nockur Skiöl og Document, og frammvísade Æru Verdigur Sr. Sæmundur Jonsson 5

<sup>608</sup> Skjal nr. 2 (140) a-b.

<sup>609</sup> Skjal nr. 2 (147) a-b.

<sup>610</sup> Skjal nr. 2 (149) a-b.

<sup>611</sup> Skjöl nr. 2 (157) a-b, 2 (159) a-b, 2 (167) a-b og 2 (171) a-b.

<sup>612</sup> Skjal nr. 2 (237) a-b.

Kalfskins Bref, eitt þeirra daterad 1580 með þremur Jnnsiglum að mestu heilum, en 4um afbrotnum, sem er álit Hr. Gudbrands B(isku)ps um Eigner þessa Beneficii í Víkum út, annað er Vitnisburður um Máldaga útskrift StadarKyrkiu af Hóla DómKyrkiu-Bockum under tveggja Manna Jnnsiglum, annað þeirra heillt hitt í burtu, daterad 1599. Þridia er Vitnisburður Einars Runolfssonar með heilu Jnnsigle 1567 um lodarfiska tekiur Stadar Presta í Nattfara Víkum - fiórda Vitnisburður Gunnsteins Stullasonar og Þorgríms Polleifssonar með 2ur heilum Jnnsiglum um Sama efne, dat. 1601. fimta er Vitnisburður Olafs Prests Thomassonar um hid sama með heilu Jnnsigle 1604. Eirnenn frammvísadest hier á pappir umþeinking Hr. Gudbrandz um Stadar eigner í Víkum dat. 1613. með hans Eigenn underskrift. [Síðan eru taldar visitaziur og úttekt]. Auk þessa framm koma hier Vitnesburður ymsra Manna um Máldaga og eigner Stadar Kyrkiu með gamallre hönd á Pappír í quartforme a 12 blöðum. ...<sup>613</sup>

Afrit af vitnisburðum frá því í byrjun 17. aldar, um eignir Þóroddsstaðar, eru skráð í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905. Hefur það væntanlega verið gert vegna deilna um Torfunes (sjá þar). Þarna er vikið að Gönguskarði og Tjarnahverfum og selstöðu.

Helgi Þórisson vottaði og prestarnir Þorsteinn Illugason í Múla og Ólafur Tómasson á Hálsi báru honum vitni:

Svofeldan Vitnisburð ber Eg Helgi Þórisson at Eg bió í Kinn á Geirbiarnar stoðum í 10 ár, þá Sr. Sigfus heitin Guðmundsson hieldt Stað í Kinn og samfeld 13 ár átta Eg Kyrkju Sokn til Staðar, heirða Eg at Sigfus Prestr logfesti Staðin, og Kyrkiunar Eýgn með Jtölum, Ófeigstaði, Torfunes Tiarnahverfin eystra og vestra á GaunguSkarði, ... heirda Eg sagt, at þá Sr. Sigfus heitin Guðmunds son kom til Staðar, hefði Magnus Jóns son, sem þá átti Háls, fært Sigfúsa Presti Álftar Egg af Gaunguskarði, og sagt honum að hann ætti þaug, [hér er fellt úr það sem lýtur að Torfunesi og Hálsi] og til sanninda her um, set Eg mitt Jnnsigli fyrir þennan minn vitnisburð, hvör skrifaður var að Höfða í Höfðahverfi þann 26ta dag Martii, árum eftir Guðs burð 1601<sup>614</sup>

Um vitnisburði Helga, sjá Torfunes.

Ívar Bergþórsson vottaði og Oddur Jónsson og Ólafur Tómasson prestar báru honum vitni:

Það meðkenni Eg Ivar Bergþors Son, með því öllum er skyldt Sannleikanum vitni at bera, og Eg er til þessa krafður, að Eg var heimilismaður Sr. Sigfúsa heitins Guðmunds Sonar á Stað í Kinn 4r ár samfleitt, ... Sömuleiðis vissa Eg at Þorkell Magnuss Son magur Sr. Sigfusa heitins, hafði til láns af opt nefndum Sigfúsa Presti Selstöðu í tiarnahverfi á gaunguSkarði, þegar han bió

<sup>613</sup> Skjal nr. 2 (245) a-b.

<sup>614</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

á Hálsi i Kinn. ... og til Sanninda hier um, set Eg fyrir neðan minn vitnisburð mitt Jnnsigli, giefin og skrifaður á Sigurðarstoðum i Bárðardal þan 13d<a> dag Juli 16[síðustu tölurnar ólæsilegar].<sup>615</sup>

Þorbjörg Jónsdóttir gaf vitnisburð um selstöðu á Gönguskarði:

Svofeldan vitnisburð ber Eg Þorbiorg Jónsdóttir, að Eg átti heima á Hálsi i Kinn hiá Þorkeli Magnuss syni og Eg var Selraðskona hans á gaunguskarði, og eigi vissi Eg annad né heirði en að nefndur Þorkell hefði þá Selfor til láns af Siera Sigfúsa á Stað, of[g] þá Ingibjorg dótt<ir> Sr. Sigfusa kona Þorkels andaðist, var [Eg] á Hálsi, og kom Eg út til Staðar með Þorkieli húsbónda min[um] á Sunudagin i Fardögum, og heirða Eg Sigfusa Prest tala við Þorkel Magnuss son, at hann hefði nú i 15 ar lieð honum Þorkeli þá Selför á gaunguskarði, með nokkrum fleiri orðum, sem Eg ekki vil setia i þennan vitnisburð, og það sagðist Sr. Sigfús giört hafa hennar vegna, sem þa var i mold komin. her eptir má Eg svérja ef þurfa þikir!

...

Þat meðkennum við undirskrifaðir, að við heirðum Þorbiörgu jonsdóttir bera svo látandi vitnis burð, sem hér fyrir ofan skrifaður stendur og til Sannenda herum eru okkar nöfn her undir sett arit 1611 Hallur Þórarins Son og Jon BiörnsSon<sup>616</sup>

Máldagi Þóroddsstaðar var bréfaður af séra Illuga Helgasyni árið 1644. Þar er fjallað um Tjarnahverfi, sjá undirkaflann um Tjarnahverfi. Segir Illugi það fasteign Staðarkirkju sem hann víti um:

Med Seliadal Hier fyrer Ofann Og Heima lande Stadar i kinn, alt ut under Vothamra Og sudur i Ofeigstada landa Merkia gard; því Kotenn bæde Ofeigstader og Torfunes hafa liósa landa Merkia garda á bádar Sydur, so ad eingenn þórf er ad þræta umm þeirra land. ....<sup>617</sup>

Þeir Sturli Árnason og Halldór Torfason settu nöfn sín undir máldagann og vottuðu með því að séra Illugi hafi farið satt og rétt með.

Til er svohljóðandi vitnisburður um landamerki Þóroddsstaðarkirkju frá 1696:

Þad er góðum mönnum kunnugt og vitannlegt ad vid under skrifader menn vorum börn fædder ä Stad i Kinn og þar uppalder til full tiida manns alldurs Ära svo og framm veiges þar Heimeles faster Jnn til þess ad Vid Vorum komner ä fertugs Alldur og Hejrdum Vid Alldrej Ägreining eda efa seme af Nockrum manne ad Kyrkiann ä Stad i Kinn ætte ecke óslited land ä millum Skialfanda fliótz og Rángár, utann frá Ärenda og framm i þann Gard, sem liggur Austann frá fyrnefnu flíote og Vestur i gamla Rängär far Veg, Hvad þä var so kallad, Rædur þä Annar Gardur þadann frá Vestur i móte þeim Garde sem liggur i fiallenu Og Skilur lönd ä mille Stóra Háls og Torfuness

<sup>615</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>616</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>617</sup> Skjal nr. 2 (77).

sem er heimaland Stadar Kyrkiu, og munu það Nýmæle Vjrdast meiga vilie Nockrer þessum Landamerkium Raska Nu á þessum tímum, og þessum Vitness burdar ordum til frekare stad feste Skrifum Vid ockar Nöfn á þetta Vitness burdar blad ad Itrafialle i Adalreikiadal Hvert ut var giefed þann 7 dag Junji þess árs 1696.

Helge Jllugason m E H. Jon Illugason m E H.<sup>618</sup>

Lögfesta séra Jóns Þorleifssonar í Múla fyrir Syðri-Leikskálaá frá 21. apríl 1749 tilfærir eftirfarandi mörk milli hennar og Þóroddsstaðar:

J þridiu grein á Leikskála AA Sydre, land uppá Seliadal, allt frá Leikskála är gile, framm i Sandskard J þann læk sem rennur utann undir Diupa dal, þar sem kalladur er Längemelur, rædur so lækur sä úr Sandskarde og ofann i ä, og þvert vestur i Sperdlagil.<sup>619</sup>

Sæmundur Jónsson prestur á Þóroddsstað lögfesti land kirkju sinnar 6. júní 1761 til eftirfarandi takmarka:

Lög feste eg allt Heimaland þessarar Þoroddstadar Kyrkiu, Ófeig stade, Torfunes, Stadarfót, og Stadarbacka med þessum landamerkium ad Sunnann frá garde þeim sem liggur Vestur frá Flióte i það Kýlfar sem ad fornu Hefur Kallad Vered gamle Rängär Farvegur, Rædur þá sä Farvegur Effter sem hann liggur til Sudurs og Sudvesturs Framm effter Fætenum þar til sä gardur Kiemur i Hann ad ofann frá Ränga, sem liggur rett Vestur i móte þeim landamerkia garde, er Kiemur ofann ur fiallenu og Skilur Lönd millum Häls og Torfuness.

...

Enn ad utann verdu eru Landamerke /: So kallader / Vothamrar, giegnt ur þeim ä bädar sydur til Vesturs allt uppá Seliadal, Enn til Austurs ofann i Fliót; Sömuleidess lög feste eg Seliadal og Gaunguskard allt Jnn ad Þreingslum – Nema þau Jtök sem adrer menn med Rettu ä þvj eiga; ...<sup>620</sup>

Lögfestan var lesin á manntalsþingi að Ljósavatni 8. júní 1761 og aftur á sama stað 8. maí 1762, 13. maí 1763, 5. júní 1764 og 17. maí 1765.

Lesin var upp lögfesta séra Sæmundar Jónssonar fyrir Þóroddsstaðar beneficio á manntalsþingi á Ljósavatni 3. maí 1785.<sup>621</sup> Væntanlega hefur það verið sú sama og 1761.

Í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905 eru skráðir vitnisburðir um landamerki Þóroddsstaðar og Geirbjarnarstaða frá árunum 1770 og 1794.

Í vitnisburðinum frá 1770 segir:

<sup>618</sup> Skjal nr. 2 (174) a-b.

<sup>619</sup> Skjal nr. 2 (86) a-b.

<sup>620</sup> Skjal nr. 2 (72) a-b.

<sup>621</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.14).

Vitanlegt gjörist hér með, at fyrir tveimur árum nærstliðnum, var Eg tyu?? ár á Geirbiarnar Stoðum búandi voru um sagðan tíma minnar þar veru landamerki kölluð og haldin á millum Þóroddstaðar og Geirbiarnarstaða svokallaðir vot hamrar, þeir sem neðst standa í Fiallinu, og síanlega alltið á Sumardag votir eru, gekk Fé mitt yduglega suður fyrir þessi landamerki, svo og slæddust á stundum Kindur að framan frá Þóroddstað ut fyrir (þessi merki) þaug hvað allt af gékk, frá upp hafi til enda á báðar siður, milli min og Prestsins Sr. Sæmundar án alls ágreinings með mestu Friðsemj! Þessu til Staðfestu er mitt undir skrifað nafn að Finnstöðum þan 21 Júlí 1770. Wigfus PetursSon<sup>622</sup>

Vitnisburðurinn 1794 miðar við miðja Vothamra:

Hér með vitna Eg undir skrifaður, þat Jeg af Forverium minum heirt hefi, og siálfur um 12 ára tíma tilvissi, haldit var um landamerki milli Þóroddsstaðar og Geirbiarnarstaða, í miðia vothamra, rettlinis til efstu Fiallsbrunar og Flióts að svo kölluðum landkyls enda, og þetta án als ágreinings blífanlegt til Staðfestu mitt undirskrifað nafn á Tiörn í Aðalreikiadal dag 6ta Septembris 1794 Thorkell Vigfúss Son

N. b. Minn Sæli afi for að Geirbiarnarstoðum eptir Wigfus og var þar þaug 2 ár sem hans firr nefndur vitnisburður umgetur liðin frá því hann þaðan for að Finstöðum, enn eptir minn sæla afa for Andres þangað, og vildi endilega eyga svo langt sem minn sálugi afi hafði slegit, sem Beneficiatus Staðar uppá hans land, þaug 2 ár sem hann bió á Geirbiarnarstoðum og eptir hönum hefur líklega mágur hans Sören upptekið at kalla þrætupart þat landstikki sem er á milli vothamra og Stóruskriðu

allt her nu infært að framan, er orðrétt útskrifat sumpart af einstökum Fidimeruðum afskriftum enn meiri part af Fidimeruðu Skiala Safni, frá 1644 með 2gia Manna viðrs<i>on?? auk afskrifara, og samanburði við original Skiölin, vitnar Eg E ThorleifSon pt. Prestur til Þóroddstaðar og Liósavatns.<sup>623</sup>

Lögfesta fyrir Þóroddsstaðarbeneficio var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 24. maí 1804. Inntaks er ekki getið en fram kemur að lögfestan hafi verið óáfrýjuð.<sup>624</sup> Nákvæmlega það sama átti sér stað á sama stað 11. maí 1810.<sup>625</sup> Lesin var upp lögfesta séra Einars Hjaltasonar fyrir Þóroddsstaðarbeneficio á manntalsþingi á Ljósavatni 29. maí 1811 og aftur á sama stað 5. maí 1812. Inntak hvorugrar lögfestunnar kemur fram.<sup>626</sup> Aftur var lesin upp lögfesta fyrir Þóroddsstað á

<sup>622</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>623</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>624</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.27).

<sup>625</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.30).

<sup>626</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.33. og A.6.36).



manntalsþingi á Ljósavatni 12. maí 1813.<sup>627</sup> Lögfesta séra Einars Hjaltasonar fyrir Þóroddsstaðar beneficio var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 28. maí 1822.<sup>628</sup>

Eiríkur Þorleifsson prestur á Þóroddsstað lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar 12. maí 1828. Í lögfestunni segir:

Lögfeste eg Allt Þóroddsstaðar Kyrkiu Heimaland og Ófeigsstade og Torfunes, stadarfót og stadarbacka, sem nú er Eija í Fliótinu; fyrer Vestann hann Lögfestist allt fliót Med allre Veide, enn til [til, ofan línu] austurs Hálfqvísl og allt fliót hállft ad Sunnan og Nordann, fyrer Kyrkiu Jardanna og stadarens heima Lande, til Jafns Vid þá Menn [þá Menn, tvítekið] sem Lönd Eiga ad Austann ...<sup>629</sup>

Síðan segir:

Sömuleidis lögfeste eg Gaungu Skard allt, Inn í Midþreingsli, og þaðann frá ad samföstu ítölulausu Lande, Lögfestist Seliadalur Allur til Nordurs, þar til komid er geingt Midþunte Ytstu Vothamra, þá beinleidis um þvert allt austur í Fliót, Enn ad sunnann Rædur gardur frá flióte, svo gamall árfarvegur, Uns í Hann kiemur annar gardur sem loks liggur til fialls og skilur lönd milli stóra Háls og Torfuness, og Rædur sá stefnu til brúnar, og svo þvert Vestur á Dal.<sup>630</sup>

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1828. Þá mótmælti Jakob Pétursson hreppstjóri Helgastaðahrepps lögfestunni því að hann taldi að hún gengi upp á Kotamýraland, suður fyrir garð þann sem liggur fyrir utan Náttfaralæk.<sup>631</sup>

Lögfesta séra Eiríks Þorleifssonar fyrir eignum og ítökum Þóroddsstaðarprestakalls var lesin upp á manntalsþingi á Helgastöðum 4. júní 1832. Inntak lögfestunnar kemur ekki fram en henni var mótmælt af staðarhöldurum Grenjaðarstaðar og Helgastaða ásamt Jakobi Péturssyni hreppstjóra vegna Kotamýrar fátækraeignar.<sup>632</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 13. júní 1832 var lögfestu séra Eiríks að nokkru leyti mótmælt af Jóni Jónssyni fyrir hönd Draflastaðakirkju.<sup>633</sup> Eiríkur Þorleifsson prestur á Þóroddsstað mótmælti lögfestu séra Skúla Tómassonar í Múla fyrir Syðri-Leifsskálaá (Syðri-Leikskálaá) sem lesin var upp á manntalsþingi 30. maí 1837. Inntaks hennar er ekki getið en hann mótmælti því að hún tileinkaði Leifskálaá landið milli Sandskarðsgrófar og garðs þess sem sé fyrir framan Leifskálaársel.<sup>634</sup>

<sup>627</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.38).

<sup>628</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.44).

<sup>629</sup> Skjal nr. 2 (75) a-b.

<sup>630</sup> Skjal nr. 2 (75) a-b.

<sup>631</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.46).

<sup>632</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.50).

<sup>633</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.51).

<sup>634</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.54).

Eiríkur Þorleifsson prestur á Þóroddsstað skrifar Steingrími Jónssyni biskupi 11. september 1828 og aftur 2. febrúar 1829 og sendi honum m.a. afrit af skjölum er vörðuðu eignarheimildir kirkjunnar og athugasemdir hans við sum þeirra.<sup>635</sup> Virðist málið fyrst og fremst snúast um Náttfaravíkur og verða útdrættir úr bréfum Eiríks og svari biskups teknir upp þar.

Eiríkur Þorleifsson skráði minnisgrein um Þóroddsstað og eignir hans einhvern tímann á árabílinu 1832-1834. Þar stendur:

Það miög margt af áriðandi Fornalda Sköllum þessarar Kyrkiu er sumpart giörsamlega tapað, enn sumt, það nefnilega af því ennþá til verandi, sem ei hefr verið innfært hér að framann liggur við töpun, þess vegna in færíst hér i hugleiðing af Prófasts Skipan hér að framan dateraðri að Laufasi þann 15da Des 1749 eptir fylgiandi Máldaga Skrá er og ásamt öðru innfærast þarf varúðar vegna í þann orskamt [þetta orð er torlæsilegt] upp rettanlega nía KyrkiuStól af þeim sem auðnast að upp byria hann, hvört það væri Eg, eður annar maður

Kyrkian á Þóroddstöðum i Kinn er helguð Mariu og Nicolao, til þessarar Kyrkiu liggur allt Heimaland, hvar i að eru þessi Hiábýli: Staðarbakki, LoddaStaðir, Gyssurshús, ÓfeigStaðir, Torfunes, Árgerðis Land tiarnahverfi hið eýstra og hið vestra, (nb. I Forntiða Skial segir svo Árgerðis Sel á gaunguskarði) Naustavyk, Wargsnes, Kotamyri;

...

að ofanskriðuð Máldaga Skrá sé rétt samhlióða þessa Staðar Kyrkiu Máldögum yfir höfuð samanteknum eða lesnum og samanbornum við annara Stiptana Máldaga, sem og konúnglegar Jarðabækur Árna og Skúla Magnuss sona. vitnar

E Thorleifson

n. b. götu, Hátún, Hnausa, Geitagerði, Finnsbæ, nefna hvörki Maldagar né Jarðabækur alltsvo hafa þaug Hiabyli alldrej lögbyli verið.

Hiáteiknanir við framanskrifaðann Máldaga og Jarðabóka útdrátt.

að Fornalda Skýrsla eður Máldagi fyrir Heimalandi þessa Staðar segir það vera frá merkigarði útfrá Hálsi til miðs Stóra vot hamars, önnur Skiöl ségia landkils enda eður uppsprettu á Pollalæk (kýli) milli miðsflióts og mið Fialla fyrir vestan Seliadal, og frá hans mynni gaungu Skarð allt milli Fialla brúna Há hriggs og Þreinginga, og allt bú land i Vókum milli Hvanndala og Svinár undantekningar laust, eg eins undantekningarlausir eru allir Máldagar áhrærandi rekan inn frá ófeigs hellir til Flióts óss, eða Galta fialls hellirs i hið minsta sagt.

að ej hafi verið hér fleiri enn 11u býgðir Bæir i Sókninni þá Auðun Biskup visiteraði hér árið 1318 sýnir sá Máldagi og þar á meðal af hiábylum þessa

<sup>635</sup> Skjal nr. 2 (73) a-b.

Staðar einungis Ófeigstaðir og Torfunes, öllum öðrum þá óbyggðum hiábylum og Jörðum So samsleingir sá Máldagi við heimalandið siálft [hér kemur viðbót utan af spássíu: sem þessa Staðar jtölulausri Eygn] án þess að nefna þaug sér i lagi, og téðs Máldaga, eða Sr. Stulla þess, sem þá var hér Prestur, ógreinilegu frásogn um þessa Staðar Eygnir, hafa yngri tíða Byskupar eptir skrifað. [Síðan koma athugasemdir varðandi Náttfaravíkur].<sup>636</sup>

Eiríkur Þorleifsson skráði eftirfarandi í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905:

Aðrar áriðandi Skyrslur eru infærðar i þann firri Kyrkiustól, fleyrstar allar sem Eg nú fæ mynnst, Jarðabókin af 1760 telur Þórddstaða Bújörð 25 hundruð að dírleika og henni fylgiandi öll hin sömu hiából sem i þeim fyrsta Máldaga eru nefnd a nafn, og af hvöríum nú er 3 byggð, nefnilega Naustavýk með 60 alna landskuld og 6túngi vöðu Sels veiða i Eptirlag úr landtogs nótlögum, þar á og með réttu að vera þat Kýgyldi, sem nú er á Staðnum, og i nærstliðins árs Spesifikation talit með túnsendakoti. Ófeigstaðir, að réttu með 60 álna, enn uppfærðir til 80 álna landskudlar, fyrir Hagbeitar og Heiskapar hlunindi i siálfu Staðarins landi, þar er og eitt Kugildi fylgiandi Torfunes heilt eður allt spesifiserat með 60 alna landskuld og einu Kúgildi; Staðarbakki er óbyggilegur því þan landstrimil, á hvöríum Kotið stóð, er i öndverðu var á fastur Ofeigstaða og Staðar landi hefur Fliótít svo brótit fra meginlandinu hér, at Strimill sá er at kalla vorðin á austur síðu þess, Loddastaða Bær með öllu burtbrotin af Fliótinu, Gissurs hús eru þrisvar, svo skiöl um hafist, eydd af Snióflóðum, Gata, Hatun, Hnausar og Túnsendakot, hafa og, þó hvörki Máldagar né Jarðabækur géti þess, verit byggð einhvörn tíma i Gamladaga, sómuleiðis Skálavýk; Ytra – og – Syðra Samtýni og Finns bær i vykum, Tuns endaKotit hefir Eg bygt er þat núna með 30 álna landskuld, þángat er og i nærst liðins ár Spesifikation raðstafað þat eina Kugildi, sem á Staðnum hefur nú nokkra Stund verit, Wargsnes i vókum væri enn þá byggilegt enn Naustavýk ma ei missa þat ella byggdist hun ej, því landit er þar svo af sér geingit vorðið, Kotamýrabol og land er Kyrkiunni ránglega frákomit einsog yfirlýst er i nærstliðins árs Spesifikation, og fleyra, og eru nu talin öll þau hiából er þessum Stað hafa fylgt at fornu, svo vel óbyggð sem byggð Byli nu<sup>637</sup>

Í afriti séra Eiríks Þorleifssonar af óársettum máldaga Þóroddsstaðar eftir bréfi í kirkjustól kirkjunnar segir:

Þessi er Máldagi Kyrkjunnar að Þóroddstöðum í Kinn, þá Ingimundur Prestur Einarsson Fóstri Gudmundar Biskups Góða var þar á Stadnum, að: Kyrkjan á Þóroddstöðum í Kinn, er helgud Marju og Nicolao; Til Kyrkju þessarar liggur allt heimaland, hvarí ad eru þessi hjábýli: Stadarbakki, Loddastadir,

<sup>636</sup> Skjal nr. 2 (177) a-b.

<sup>637</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

Gissurshús, Ofeigstadir, Torfunes, Argerdis- Selför edur Tjarna-hverfi hid  
eýstra og hid vestra, Naustavík, Vargsnes, Kotamýri;...<sup>638</sup>

Skúli Tómasson prestur í Múla skrifaði biskupi 4. febrúar 1842 vegna deilu hans við séra Eirík Þorleifsson á Þóroddsstað. Þar segir hann að sjá megi með samanburði við jarðabók amtsins frá 1832 og máldaga stiftanna gerðum eftir fornum skjölum og máldögum kirkjunnar að eitt og annað hefur breyst í afskriftum máldaganna í gegnum tíðina. Í fyrsta lagi bendir hann á að í því afriti af eignum Þóroddsstaðar, sem sent hafi verið biskup, segi:

... ad Nordann, Ur Midjum Stóra Vothamri ...<sup>639</sup>

Þessa takmarks sé hins vegar ekki getið í þeim þremur máldagaafritum sem hann hafi séð og lætur fylgja með bréfi sínu til biskups. Hann neitar því hins vegar ekki að merkin milli jarðanna kunni að vera við Vothamra sem séu dálítið klettabelti neðarlega í fjallinu og sagður góður spölu á lengd er liggur út og suður. Hann segist hafa séð tvær lögfestur forvera séra Eiríks, aðra en þá síðustu, sem taki öðruvísi til orða og segi út að eða við Vothamra en séra Eiríkur vilji hins vegar teygja þetta út í miðja Vothamra. En við það missi Geirbjarnarstaðabóndi gott stararslægjustykki sem nái frá syðri enda alls Vothamarsins og út að miðju hans neðan undir fjallsbrekkunni og fram undir sjálfan fljótsbakkann. Hann bendir því á ef einungis það afrit, sem séra Eiríkur hafi sent biskupi, taki svo til orða en frumrit máldaga og kálfskinnskjala Þóroddsstaðarkirkju geti þess ekki og lögfestur forvera séra Eiríks segi aðeins út að eða við Vothamar þá verði að ætla að hann hafi of frekt til orða tekið.

Í öðru lagi getur hann þess að eftir að séra Eiríkur tók við Þóroddsstað hafi komið upp þræta um „afréttarlandið“ á Seljadal sem liggur vestan undir svokölluðu Staðarfjalli sem er milli Þóroddsstaðar og Geirbjarnarstaða. Syðri-Leikskálaá, sem stendur fast við mynni Seljadals og enda hans, eigi hvort tveggja selstöðu og nokkurt land fram eftir dalnum vestanverðum. Múlaprestur segist ekki vita til þess að deila hafi áður risið upp milli Syðri-Leikskálaár og Þóroddsstaðar fyrr en í tíð séra Eiríks. Því til sönnunar lætur hann fylgja með bréfi sínu þrjár lögfestur fyrir Syðri-Leikskálaá eina með sínu nafni undir en hinar tvær með nöfnum forvera hans, séra Þórarins Jónssonar og séra Jóns Þorleifssonar. Lögfestur forvera hans beri með sér að umrætt land hafi verið óátalið í þeirra embættistíð. Hins vegar þegar hann lögfesti Syðri-Leikskálaá 1837 þá hafi séra Eiríkur mótmælt henni og tiltekið garð fyrir framan Leikskálaársel sem enginn núlifandi maður kannaðist við. Til þess að komast að hinu sanna í málinu riðu þeir séra Skúli og séra Jón Kristjánsson, eftirmaður séra Eiríks á Þóroddsstað, með tveimur mönnum fram um dalinn í leit að garðinum. Hann fannst þó ekki á veginum frá Leikskálaárseli fast fram í Sandskarð eins og lögfestan frá 1749 sýni og ætíð var óátalin. Í skjalasafni séra Eiríks hafi hann hins vegar fundið

<sup>638</sup> Skjal nr. 2 (79) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (175) a-b. Ingimundur Þorgeirsson hélt Þóroddsstað 1177-1179. sbr. Sveinn Niélsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 298.

<sup>639</sup> Skjal nr. 2 (91) a-b.

minnisatriði hans um téðan garð en þann póst megi lesa aftan við máldagann sem sé auðkenndur með qq. Það sé því enginn von til þess að þessi garður sjáist nú hafi hann nokkurn tíma verið til þar sem hann var hvorki sýnilegur né nefndur á nafn 1644. Það sé því vandséð á hverju séra Eiríkur byggi mótmæli þau sem hann lét færa inn í lögfestuna fyrir Syðri-Leikskálaá frá 30. maí 1837.

Loks tilfærir séra Skúli fyrrnefndan póst séra Eiríks sem hljóðar svo:

Þessvegna verður su bejnasta Stefna, að vera takmark her, austann frá Skjálfanda Fljóti, og Vestur um Seliadal þverann ...<sup>640</sup>

Um þetta segir séra Skúli að þeim öllum hafi komið saman um þegar þeir riðu á dalinn síðastliðið sumar að væri tekin bein stefna frá syðri enda stóra Vothamars að austan úr miðmorgunstað til miðaftansstaðar þá mundi stefnan upp á þennan grundvöll frá háaustri til hávesturs í Sandskarð einmitt nást rétt. Einmitt eins og viðgengist hafði áður en séra Eiríkur kom til Þóroddsstaðar.

Biskup Íslands skrifaði Þingeyjarprófasti 12. september 1843 og greindi honum frá úrskurði sínum í landamerkjaprætu Múla- og Þóroddsstaðarpresta. Þar kemur fram að í þrjú ár eða síðan 2. febrúar 1840 er séra Skúli bar málið fyrst upp við hann hafi verið landamerkjapræta milli Þóroddsstaðar og Múlakirkjujarðanna Geirbjarnarstaða og Syðri-Leikskálaár. Biskup rekur gang málsins og bréfaskipti sín við prestanna en úrskurðar síðan og víkur þar að Seljadal:

Efter að eg hefí yfervegad þessa Landamerkia Þrætu, af beggia Alfu, get eg ej öðru Komist nær, enn að Skjölinn frá Þoroddstöðum, hljóti að hafa mejra Gilde, enn þau frá Múla, og Urskurda þessvegna hér með: að Þoroddstada Prestakalli Skuli tilheira þeir umþrættu landspartar soleidis: að Landamerki milli Þoroddstada og nefndra Jarda, Geirbiarnastada og Sidri Leifskalár, skuli vera Midur Stóri Vothamar, og gegnt úr hönum a bádar Sydur, til austurs ofann i Flíot, enn til Vesturs allt uppá Seliadal, að Sömu Stefnu lñnu, i Gardinn, Sem liggur Skamt fra Leifskalarseli (hvört heldur hann finst fyrir Nordann það, eda Sunnan) tilheiri Seliadalur allur Þoroddstöðum. ...<sup>641</sup>

Loks eru talin upp frumskjöl sem sendast prestunum aftur en allmörg þeirra virðast hafa glatast, einkum varðandi Þóroddsstað.

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1712 voru ítök staðarins að finna í máldaga kirkjunnar og þau væru ekki undan henni gengin. Grasatekja var bjargleg fyrir heimilið og úthagar góðir og miklir.<sup>642</sup>

Prestssetrið Staður eða Þóroddsstaður er sagt 25 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Árstekjur af afréttarleigu eru einn ríkisdalur.<sup>643</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur m.a.:

<sup>640</sup> Skjal nr. 2 (91) a-b.

<sup>641</sup> Skjal nr. 2 (92) a-b.

<sup>642</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 116.

<sup>643</sup> Skjal nr. 2 (61).

Þóroddsstaður áður talin 25 hndr. að dýrleika. ... Þar er landrými bæði heima og til afrjettar. ...<sup>644</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnist þinglesin landamerki fyrir Þóroddsstað. Síðan er nefnt að landamerki hafi verið útbúið milli Staðar og Ófeigsstaða árið 1915. Eftirfarandi upplýsingar um Þóroddsstað eru úr sama mati:

Búfjárhagar. Land er mjög víðlent og allkjarmgott, en liggur sumt fjarri, svo sem á Seljadal. Gripahagar góðir á sumrum. ... Fjárgeymsla fremur erfið. Jörðinni fylgir afréttur: Seljadalur vestan ár. Meira en nægur fyrir jörðina. Á afreitt [svo í forriti] þeirri má heyskap hafa, en erfitt mjög. ... Jörðin er talin eiga ýmis ítök hér og þar, svo sem: Land ítak á Gönguskarði. Skógarítak í Hóls og Ystafellskógi; rekaítak í Náttfaravikum og upprekstur. ...<sup>645</sup>

Landamerkjabréf fyrir Þóroddsstað var útbúið þann 10. apríl 1923. Því var þinglýst 1. júlí 1925. Þar kemur eftirfarandi fram:

1. Að norðan eru merkin í vörðu sem stendur á bakkanum vestan Skjálfandafljóts, þaðan stefna syðst í Augnakíl og eftir vörðum upp fjallið vestur í Seljadalsá. Þá ræður nefnd á merkjum uns komið er gegnt Sandskarðsgróf, en hún ræður merkjum milli Þóroddsstaða að norðan og Syðri Leikskálaár alla leið vestur í Sperðlagil.
2. Að vestan ráða merkjum há grjótin vestan Seljadals, uns landeign Ófeigsstaða tekur við eftir því sem vörður á merkjum vísa til.
3. Að austan ræður Skjálfandafljót, Meginfljótið nyrðst að Staðarbakka, þá í miðja kvísl austan Staðarbakka að Ófeigsstaðamerkjum í Bakkanum.
4. Að sunnan eru merkin eftir vörðum yfir Staðarbakka þveran, þaðan í vörðu á Vesturbakka Skjálfandafljóts, sem stendur við vírgirðingu þá, sem nú ræður merkjum yfir „Fót“. Þá beint í vörðu sem stendur í holtarótum ofan við Mýrina vestan Rangár. Þaðan eftir vörðum þvert upp fjallið vestur í Seljadalsá. Á Seljadal vestan árinna tilheyrir Þóroddsstað 2/3 af landeigninni milli merkja Torfuness að sunnan og Syðri-Leikskálaár að norðan. Er landeign Þóroddsstaða á þessu svæði nyrðri hlutinn aðgreindur með Merkjavörðum.<sup>646</sup>

Landamerkjabréfið var samþykkt af: Sig. Sigurðssyni umráðamanni Þóroddsstaðar og Syðri-Leikskálaár, Baldvin Baldvinsyni eiganda Ófeigsstaða, Friðgeiri Kristjánssyni ábúanda Þóroddsstaðar, Þórði Stefánsyni eiganda Geirbjarnarstaða, Hjálvari Kristjánssyni eiganda Húsabakka og Friðfinni Sigurðssyni eiganda Rauðuskriðu.

<sup>644</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>645</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>646</sup> Skjal nr. 2 (51) a-b.

Þann 30. ágúst 1947 voru úttektarmennirnir, Baldur Baldvinsson og Sig(urður) Geirfínsson, beðnir um að ákveða landamerki jarðarhluta Eiðs Arngrímssonar bónda sem bjó á helmingi Þóroddsstaðar. Þau voru ákveðin þannig:

1. Túni: Frá Bæjarlæk að sunnan norður að túni Staðarholts.

2. Mýri vestan Rangár:

Merki að sunnan: Staðartröð.

Að norðan: Bein lína úr Hestakíl við Rangá vestur á aðalveginn í þverskurð í túni.

Að vestan: akvegurinn.

Að austan: Rangá.

3. Staðarfótur:

Að sunnan landamerki Engihlíðar að norðan.

Að norðan: Landamerki Staðarholts og auk þess allbreið sneið í Fótartánni, norðan Staðarholtsengja, afmörkuð með vörðum á bökkum Skjálfafljóts, og Rangár.

Að austan: Skjálfafljót.

Að vestan: Rángá.

4. Norðurmýri

Engjastykki milli fjalls og Skjálfafljóts, 1000 m. á breidd, frá norðri til suðurs afmarkað með vörðum.

5. Staðarbakkj:

Engi þar er óskipt milli ábúenda gamla Þóroddsstaðar, er svarar til þess að þessi jarðarhluti eigi þar 5/12 engja.

6. Beitoland er óskipt.<sup>647</sup>

Í svari prestsins á Vatnsenda við fyrirspurn til biskupsstofunnar í Reykjavík um ítök kirkna, dags. 1. febrúar 1954, tilgreinir hann m.a. „afréttarland á Gönguskarði á Kinnarfjalli.“ Jafnframt kemur fram að hann hafi ekki notið umræddra ítaka á nokkurn hátt þau 25 ár sem hann hafi verið þar prestur.<sup>648</sup> Hinn 4. maí árið 1954 ritar Biskup Íslands sýslumanninum í Þingeyjarsýslu bréf og lýsir „Afréttarlandi á Gönguskarði“ sem ítaki Þóroddsstaðarkirkju, sbr. lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum.<sup>649</sup>

Nýbýlið Engihlíð var stofnað árið 1946 á fjórðungi Þóroddsstaðar. Síðar, árið 1975, var hluti Engihlíðar keyptur af ríkinu.<sup>650</sup> Endurlandskipti voru gerð milli Engihlíðar og Þóroddsstaðar 10. desember 1987 og skiptin miðuð við að Engihlíð

<sup>647</sup> Skjal nr. 2 (52) a-b.

<sup>648</sup> Skjal nr. 2 (319).

<sup>649</sup> Skjal nr. 2 (320).

<sup>650</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 172 og 173.

fengi 5/12 lands en Þóroddsstaður 7/12. Skiptin virðast miðuð við land neðan þáverandi hagagirðingar, enda segir í c) lið:

Staðarbakki og annað óskipt land jarðanna og hlunnindi skulu vera óskipt sameign jarðanna í hlutföllunum:

Engihlíð 5/12

Þóroddsstaður 7/12<sup>651</sup>

Í framhaldi af landskiptunum voru Engihlíð afsalaðir 2/10 hlutar jarðarinnar Þóroddsstaðar 10. júní 1988.<sup>652</sup>

Þóroddsstaður er sagður af Jóni Sigurðssyni eiga mikið fjallendi uppi í Seljadal og Gönguskarði. Staðarselið forna sé að vestanverðu á Seljadal, og sjáist þar miklar rústir.<sup>653</sup>

### 5.31.1 Tjarnahverfi eystra og vestra

Máldagar Auðunar rauða Þorbergssonar biskups eru frá 1318. Þar kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja eigi:

Tiarnahverfe hid eystra og vestra.<sup>654</sup>

Í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394<sup>655</sup> og Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510<sup>656</sup> segir að Þóroddsstaðarkirkja eigi Tjarnahverfi eystra og vestra.

Til er í tveimur afritum skýrsla yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju eftir máldögum og hefð frá 1599. Þar er mörkum Tjarnahverfa lýst. (Tekin uppskrift Skúla Tómassonar um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá 1599 gerðri 21. mars 1831 en uppskrift komin frá Eiríki Þorleifssyni á Þóroddsstað er samhljóða en þar er máldagaskýrslan sögð skrifuð af prestunum Ólafi Tómassyni og Gamla Ólafssyni eftir fornum skýrslum):

... Her ad auk á Kirkiann á Þóroddstad Gaunguskard allt ad austan, og Selstödu þar; Hejtir það land Austara og Vestara Tiarnahverfi; skal madur fyrst standa á Tiarna Hóli, vid Eystri tjarnir; á Þóroddstadur þaðann allt það land, er Sjónhending yfirgrjpur þar um hverfis, sem er Austari Partur af Gaunguskardi. Sjðann skal standa á grjóthól, vid vestari Tiarnir, liggur þar til Sjóndeblinginn i Þrengslinn Eystri. ...<sup>657</sup>

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

<sup>651</sup> Skjal nr. 18 (6).

<sup>652</sup> Skjal nr. 18 (7).

<sup>653</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 185.

<sup>654</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>655</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>656</sup> Skjal nr. 2 (201).

<sup>657</sup> Skjal nr. 2 (90) a-b. Gamalíel Ólafsson hélt Þóroddsstað 1599-1608, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 298. Sbr. skjal nr. 2 (76) a-b og skjal nr. 2 (178) a-b, gamla máldagaskýrslu skrifaða 1599 af séra Ólafi Tómassyni og séra Gamalíel Ólafssyni.



Kyrkia a Stad I Kinn

Hun a allt heima land, og þar til Ofeigs stadi, torfunes, og tiarna huerfi hid eýstra og vestra, ...<sup>658</sup>

Tjarnahverfi og selstaða þar er nefnd í vitnisburðum sem sennilega hafa verið teknir vegna deilna um Torfunes um 1611. Sjá kaflana um Torfunes og Þóroddsstað.

Máldagi Þóroddsstaðar var bréfaður af séra Illuga Helgasyni árið 1644. Þar kemur fram að:

Tiarna Hverfed eistra Og Vestra sem Máldagenn Nefner er Selfór á Gaunguskarde (i Háfum Fiallgarde Hier fyrer ofann bæna ligg<i>ande) og er nú þetta sú Fasteign Stadar Kyrkiu sem eg af veit Med Seliadal Hier fyrer Ofann Og Heima lande Stadar i kinn, alt ut under Vothamra Og sudur i Ofeigstada landa Merkia gard; því Kotenn bæde Ofeigstader og Torfunes hafa liósa landa Merkia garda á bádar Sydur, so ad eingenn þórf er ad þræta umm þeirra land. ....<sup>659</sup>

Í kirkjuskoðun árið 1686 og biskupsvísitásiu Staðarkirkju frá 1687 sem er að finna í kaflanum um Þóroddsstað kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja eigi Tjarnahverfi eystra og vestra.<sup>660</sup> Einnig er minnst á að Staðarkirkja eigi Tjarnahverfi hið eystra og vestra í eignaskrá kirkjunnar frá 1694 og í vísitásium hennar frá 1702<sup>661</sup>, 1715<sup>662</sup>, 1748<sup>663</sup> og 1828.<sup>664</sup>

### 5.32 Ytri-Leikskálaá (Ytriskál)

Tvennir Leikskálar voru lagðir í kaupmála, 23. apríl 1427 (7. janúar 1428). Voru þeir með Björgum í Kinn reiknaðir 50 hundruð.<sup>665</sup>

Leikskáli er nefndur í skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461.<sup>666</sup>

Í landamerkjavitnisburði Tómasar Þorkelssonar um mörk Granastaða og Syðri-Leikskálaár frá 11. nóvember 1580 segir að faðir hans hafði sagt:

... Leikskala aa Sydri ætti óslitit land fyr nedann þa ä Sem fellur framann af Selia Dal Og ut i þann gard sem þa saust merki til ad uæri útuit Sandabrotinn Sem köllut er Seyra ...<sup>667</sup>

<sup>658</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.

<sup>659</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>660</sup> Skjöl nr. 2 (140) a-b og nr. 2 (147) a-b.

<sup>661</sup> Skjöl nr. 2 (149) a-b og nr. 2 (157) a-b.

<sup>662</sup> Skjal nr. 2 (159) a-b.

<sup>663</sup> Skjal nr. 2 (167) a-b.

<sup>664</sup> Skjal nr. 2 (171) a-b.

<sup>665</sup> Skjal nr. 2 (194).

<sup>666</sup> Skjal nr. 2 (205).

<sup>667</sup> Skjal nr. 2 (82) a-b.

Tómas segir ennfremur þegar faðir hans skipti Granastöðum og Syðri-Leikskálaá á milli barna sinna þá hafi hann sagt að Ytri-Leikskálaá ætti hvorki land né ítölu ofan yfir ána.

Kolbeinn Sölvason vitnaði um landamerki Leikskálaanna um miðja 17. öld. Í vitnisburðinum segir:

Er það first að greina að Salugi Syra Þorsteinn Jlluga Son Bigdj Mier Mvlakirkju Jord Sydri LeikskálaA: Og til Sagdi Landamerki A Milli LeikskalaAnna þa A er þar rennvr J Millvm eptir því Sem hun hefði að fornngilldu rvnnid, og f(yrir) Sig hefði Adur halldit verit af Sýnum fodur, því tilsagdi hann mier að Jrkia þa hólma er kallast Landbrot og allann footinn vtý sand A Jtem Selstodv A Selia Dal: ...<sup>668</sup>

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir á Ytri-Leikskálaá hvannatekju litla í ógönguklettum, sem eigi verði sótt fyrir utan mannhættu, einnig að úthagar séu nægir.<sup>669</sup>

Samkvæmt lögfestu séra Jóns Þorleifssonar í Múla fyrir Syðri-Leikskálaá frá 21. apríl 1749 eru mörkin milli hennar og Ytri-Leikskálaár svohljóðandi:

Fyrst mille Leikskála AAnna, ä su sem þar rennur ä mille, efftir því sem hun hefur að fornu runned, So Jtre Leikskála AA, ä ecke par austur yfir þann forna farveg, ...<sup>670</sup>

Lögfestan, sem Múlaprestur sagði byggða á skjölum og innsigliðum bréfum, var lesin samdægurs fyrir manntalsþingsrétti á Ljósavatni. Sama lögfesta var lesin á manntalsþingum á Ljósavatni 8. maí 1751, 26. apríl 1752 og 5. maí 1760.

Lesin var upp lögfesta fyrir jörðinni Ytri-Leikskálaá á manntalsþingi á Ljósavatni 2. júní 1830. Inntaks hennar er hins vegar ekki getið.<sup>671</sup>

Oddný Eyjólfsdóttir bjó á Syðri-Leikskálaá í um tíu ár, á Ytri-Leikskálaá í um sjö ár og á Nípá í um fimm ár. Í vitnisburði hennar um landamerki Ytri- og Syðri-Leikskálaár (frá 1753) segir hún að eftir því sem formenn hennar sögðu henni voru mörkin:

... ä millum Nefndra Jarda leifskaala aanna, Nefnelega að Sunnann og ofann verdu nidur til gliufra, rædur AA su, er almennelega hefur kallast leifskaala AA, enn þaðann skähallt, rædur sa gamle og forne farvegur Ut austur, og ofannverdt vid þær fornu reidgötur sem liggia fyrir ofann þann gamla og Sidri leifskála är Steck, beinleidis uti länghólma. Enn út frá sier hefur Itri leifskaalä vered eignad i Svarthamar (og ödru Nafne Merkeklöpp) og þaðann austur frá rettsinis, i þann nu kallada Nya farveg sem nefnd AA giört hafde fyrir farande, enn ädur rede gömul killa frá Hamrenum nidur i þann forna landa merkia og Aar farveg, sem ädur umm getur; enn upp frá þeim Svart hamre

<sup>668</sup> Skjal nr. 2 (252) a-b.

<sup>669</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 114.

<sup>670</sup> Skjal nr. 2 (86) a-b.

<sup>671</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.49).

vottar fyrer Garde, er liggur uppá Bruun, liggia so landamerken i Trantadal, og þadann uppi Grästein, so i Starkhól og uppi Nýpu; sömuleidis alla fialls Hlid þar sudur frá, og i þau gil, Sem köllud eru Sperdlagil og Kollufiall.<sup>672</sup>

Oddný segist ekki hafa vitað til þess að nein tvímæli eða ágreiningur hafi leikið á ofangreindum landamerkjum meðan hún bjó í nágrenninu og allra síst er hún bjó á Syðri-Leikskálaá. Það hafi ekki verið fyrr en síðar er hún bjó á Ytri-Leikskálaá að bóndinn þar, Þorsteinn Guðmundsson (nú í Flatey), fór að deila um landamerkin sem hana minnir að hafi verið um 1739 eða á hennar fimmtugasta aldursári. En hún sé nú á sínu 64. aldursári. Hún segist hafa notið ókeypis heytaks í því takmarki sem Þorsteinn deildi um þau sjö ár er hún bjó á Ytri-Leikskálaá. Oddný lofaði að sverja sannleikseið vitnisburði sínum til styrkingar en hann var bréfaður á Jarlsstöðum 3. mars 1753.

Steinunn Jónsdóttir var borin og barnfædd í Kinnarhreppi og hafði allt sitt líf og búskapartíð dvalið í hreppnum að undanskildum fimm árum af þeim 63 sem hún hafði lifað. Þau Eiríkur Bjarnason bjuggu í fimm ár á Syðri-Leikskálaá og eitt ár var hún til heimilis að Björgum. Samkvæmt formönnum sínum og öðrum kunnugum og skilríkum mönnum höfðu landamerki milli Ytri- og Syðri-Leikskálaár allan þann tíma verið haldin þannig:

Nefnelega ad sunnann og ofannverdu AA Sú sem heiter Leifskála Ä, Epter því sem hún hefur ad fornu Runned, og So Skähallt ofarlega af Skridunne útj Kyl þann sem liggur fyrer Vestann Reidgötur þær Er liggia Beinleidis útj Länghólma ...<sup>673</sup>

Steinunn sagðist reiðubúinn að sverja sannleikseið vitnisburði sínum til staðfestu en hann var bréfaður í Sýrnesi 20. júní 1763.

Bjarni Eiríksson, sonur Steinunnar, kom að Syðri-Leikskálaá með foreldrum sínum 15 ára gamall en þar voru þau í fimm ár, svo eitt ár á Björgum en því næst var hann vinnupiltur á Granastöðum í tvö ár. Hann segir að allan þann tíma hafi landamerki milli Syðri- og Ytri-Leikskálaár af frómum og kunnugum mönnum verið:

... haldenn ad Sunnann og ofann Verdu Leifskála Ä Epter því sem hún hefur ad Fornu Runned, og so nockud skähallt frá skridu höfdenu útj Kyl þann er liggur fyrer ofann þær fornu Reidgötur Er gönga beinleides útj Langhólma ...<sup>674</sup>

Bjarni sagðist tilbúinn að sverja sannleikseið vitnisburði sínum til staðfestu en hann var bréfaður í Múla 21. júní 1763.

<sup>672</sup> Skjal nr. 2 (83) a-b.

<sup>673</sup> Skjal nr. 2 (84) a-b.

<sup>674</sup> Skjal nr. 2 (85) a-b.

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir Ytri-Leikskálaá 10 hundruð að dýrleika, hvannatekju litla í ógönguklettum, sem ekki yrði sótt nema með mannhættu, úthaga næga.<sup>675</sup>

Sjálfs eignarjörðin Ytri-Laufskálaá (Leikskálaá) er sögð 12 hundruð í jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að landbrot skemmi úthaga.<sup>676</sup>

Minnst er á Ytri-Leikskálaá í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

Ytri Leikskálaá 12 hndr. að dýrleika. ... landrými mikið, gott til þrifa, ljelegt til málnytu. ...<sup>677</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Ytri-Leikskálaár hafi verið þinglesin 1897. Eftirfarandi upplýsingar um Ytri-Leikskálaá eru úr sama mati:

Búfjárhagar. Land í meðallagi rúmt, og kjarngott. Sauðfjárbreit í betra lagi, sumar og vetur. ... Fjárgeymsla ekki hæg. Afrétt sveitarinnar notast eigi sökum fjarlægðar.<sup>678</sup>

Landamerkjabréf fyrir Ytri-Leikskálaá var útbúið þann 11. júní 1897. Það var þinglesið 29. júní sama ár. Þar kemur eftirfarandi fram:

Á milli Granastaða og ytri leikskálaá ræður svokölluð merkiklökk sem stendur við fjallsræturnar rétt ofan við mýrina og úr henni bein stefna vestur í Trantadali í Landheiðarbrún og síðan í Stakhól á Hrossahjalla. Úr Stakhól ræður hin sama stefna suðvestur í fjallgarð svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls.

Til austurs úr merki klökk, ræður skurður í mýrinni að kýl þeim er fellur ut mýrina í Granastaða kvísl. Milli Ytri-Leikskálaár og Syðri-Leikskálaár, ræður hin sama stefna í austur í vorðu sem hlaðin er á gömlu toptarbroti, syðst og austast í Langhólma. Úr þessari vörðu ræður bein stefna í suður í vörðu þá sem hlaðin er á grundinni fyrir norðan Skálará og þaðan sama stefna suður í áður nefnda á. Síðan ræður Skálará merkjum suðvestur að Sperlagili og loks Sperlagil á grjótt upp.<sup>679</sup>

Páll H. Jónsson, umráðamaður Ytri-Leikskálaár, og Ludvig Knudsen, prestur á Þóroddsstað, skrifuðu undir bréfið. (Ludvig væntanlega vegna Syðri-Leikskálaár, sem þá var orðin Þóroddsstaðarjörð). Það var samþykkt af Baldvin Sigurðssyni ábúanda á Granastöðum. Við undirskrift hans stendur að því er ábúið hans á Granastöðum snerti séu merki þessi samkvæm því sem standi í byggingarbréfi hans sem hann hafði í höndum frá umboðsmanni Jóni Sigurðssyni heitnum frá Gautlöndum.

Jón Sigurðsson í Ystafelli segir klerk á Þóroddsstað hafa fengið eiganda Ytriskálar til þess að skipta við sig á afréttarlandi og engi, þannig að kirkujörðin

<sup>675</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 114.

<sup>676</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>677</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>678</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>679</sup> Skjal nr. 2 (49) a-b.

Syðriskál fékk aðalengi hinnar ytri.<sup>680</sup> Ekki kemur fram hjá Jóni, hvenær þetta á að hafa gerst.

### 5.33 Granastaðir

Granastaðir eru nefndir í skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461.<sup>681</sup>

Vitnisburður er til um sölu á hálfum Granastöðum fyrir sex málnytukúgildi og fjögur geldfjárukúgildi, og 2½ hundrað í sömu jörð fyrir 2½ kúgildi í fríðum peningum, 29. maí 1481 og 17. apríl 1482.<sup>682</sup>

Granastaðir með öllu því, sem þeirri jörð á með lögum að fylgja, virðast taldir 20 hundruð í jarðaskiptabréfi 2. október 1558.<sup>683</sup>

Faðir Tómasar Þorkelssonar átti Syðri-Leikskálaá og Granastaði og því var leitast eftir vitnisburði hans um landamerki jarðanna. Í vitnisburðinum sem bréfaður var í Múla 11. nóvember 1580 segir að faðir hans hafi sagt að:

... Leikskala aa Sydri ætti óslitit land fyr nedann þa ä Sem fellur framann af Selia Dal Og ut i þann gard sem þa saust merki til ad uæri útuit Sandabrotinn Sem köllut er Seyra ...<sup>684</sup>

Í vitnisburði Steinunnar Jónsdóttur um landamerki milli Ytri- og Syðri-Leikskálaár, frá 20. júní 1763, bar hún um landamerki Ytri- og Syðri-Leikskálaár og svo Granastaða en það nær ekki til ágreiningssvæðis máls þessa.<sup>685</sup>

Umsókn Sigurðar Gunnarssonar á Ljósavatni um makaskipti á konungsjörðinni Öxará og jörðum hans Neðribæ, Parti og Hálsi var hafnað. Hann sótti um aftur þann 21. september 1861 og bauð nú makaskipti á Öxará fyrir jarðirnar Neðribæ og Granastaði. Sigurður sneri sér til Jakobs Péturssonar umboðsmanns Norðursýslujarða og bað hann um álit sitt á bænarskrá hans til konungs. Bréf umboðsmanns, sem er stílað á amtmann, er dagsett 24. september 1861 og þar kemur m.a. þetta fram:

Eg er vel kunnugur báðum jörðunum Axará og Granastöðum og átti þá síðarnefndu jörð í mörg ár sjálfur, þótti mér hún af öllum kringumstæðum vera ein með bestu jörðum í Ljósavatnshreppi bæði vegna landrýmis, landgjæða, tünstærðar (þó sumt af því væri þýft) og afraksturs þess, eingjar eru þar nægar og ekki sjónarlegt að þeirri jörð gæti nokkur tíma aptur farið hvorki af skriðum eða sandfoki. Ábúandinn hefur líka ljeð gjeldfjár upprekstur í land sitt, auk þess að hann brúkar það sem afrétt fyrir sitt eigið.<sup>686</sup>

<sup>680</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 183.

<sup>681</sup> Skjal nr. 2 (205).

<sup>682</sup> Skjal nr. 2 (210).

<sup>683</sup> Skjal nr. 2 (233).

<sup>684</sup> Skjal nr. 2 (82) a-b.

<sup>685</sup> Skjal nr. 2 (84) a-b.

<sup>686</sup> Skjal nr. 2 (298).

Dómsmálaráðherra Danmerkur skrifaði amtmanni, í norður- og austuramti, 27. mars 1862 og greindi frá heimild konungs til makaskipta á Öxará og jörðunum Granastaðum og Neðribæ á Flatey. Dómsmálaráðuneytið tilkynnti endurskoðunarskrifstofu stjórnarinnar um að makaskiptin hefðu farið fram 26. ágúst 1863.<sup>687</sup>

Að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 voru Granastaðir 20 hndr. að dýrleika, úthagar bjarglegir.<sup>688</sup>

Sjálfs eignarjörðin Granastaðir er sögð 20 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804.<sup>689</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er umfjöllun um Granastaði. Þar stendur m.a.:

Granastaður 20 hndr. að dýrleika. ... Eingja víðátta mikil bæði til fjal<I>s og flötum mýrum; ... landrými mikið sémilegt til þrifa og málhytu. Utbeit stopul; ...<sup>690</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Granastaða hafi verið þinglesin 1888. Eftirfarandi upplýsingar um Granastaði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Land víðáttumikið, en fremur lítið um skjól. Sumarheit góð fyrir allan búpening. ... Fjárgeymsla erfið. ... Heimalandið er notað til upprekstrar fyrir jörðina, eptir sveitarsamþykkt.<sup>691</sup>

Landamerkjabréf fyrir Granastaði var útbúið þann 24. maí 1886. Því var þinglýst 7. júní 1888. Þar kemur eftirfarandi fram:

Að norðan verðu ræður merkjum í fjallinu móts við Nyparland Nýpáin þar til hun fellur fram úr gljúfrunum sunnan við bæinn á Nýpá. Þaðan ræður bein stefna í há austur úr fossi neðst í nefndum gljúfrum í utanverða Kiðey í Skjalfandafljóti. Að sunnan moti Ytri leikskálaá á ræður Merki klöpp, sem stendur við fjallsræturnar rétt ofan við mýrina, og úr henni bein stefna til suðvesturs í Trantadali í Sandheiðarbrún og svo í Stakhól á Hrossa hjalla. Úr Stakhól ræður enn sama stefna suðvestur í fjallgarð, svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls. Til austurs úr Merki klöpp ræður skurður í mýrinn að kýl þeim sem fellur ut mýrina í Granastaða kvíls [svo]. Ræður kyllin merkjum að austan móti Syðri leikskálaá útað gomlum garði sem liggur frá kýlnum beint til fljóts, skammt sunnan við svokallaða Sandá. Svo ræður mitt Skjalfandafljót úttil aðurgreindra ummerkja. að Vestan ráða Kinnarfjöll.<sup>692</sup>

Jón Sigurðsson, umboðsmaður, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: B. Kristjánssyni sem samþykkti merkin milli Granastaða og

<sup>687</sup> Skjal nr. 2 (288).

<sup>688</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 113.

<sup>689</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>690</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>691</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>692</sup> Skjal nr. 2 (16) a-b.

Múlakirkjujarðarinnar Syðri-Leikskálaár, Jóni Benediktssyni umráðamanni Ytri-Leikskálaár, Kristjáni Jónssyni vegna Nípár.

Virðingargerð var framkvæmd á Þjóðjörðinni Granastöðum 3. nóvember 1914 vegna fyrirhugaðrar sölu. Í virðingunni kemur m.a. eftirfarandi fram:

Bærinn Granastaðir stendur í Útkinn, neðan við Kinnarfjöll og er landeignin mest í fjallshlíðinni og svo nokkurt sljettlendi neðan við, austur að Skjálfandafljóti. Landslag og gróður er talsvert breytilegt. Í fjallinu nokkurir melar en annars vanalegur hlíðagróður, lynggróður og nokkuð af grasgeirum. Á sljettlendinu eru mýraflákar og sund, vatnabakkar og nokkuð af kvistgróðri. Skógur er enginn til. Landkostir eru fremur góðir, í efri hlíðum, en rýrari hið neðra.

Ennfremur segir að engjarnar séu mestmegnis niðri á sléttunni en sumpart í fjallshlíðinni. Sumarhagar eru taldir sæmilega góðir en vetrarheit oftast lítil enda snjóþyngsli tíðust að vetrarlagi. Stjórnarráðið seldi Páli Jónssyni Granastaði ári síðar og er afsalið dagsett 14. september 1915.<sup>693</sup>

Granastöðum var skipt í nokkur býli: Granastaði I og II, Ártún, Árteig og Fitjar. Landi Granastaða I hefur verið skipt milli Ártúns, Árteigs og Fitja. Fjalllendi mun óskipt milli býlanna.<sup>694</sup>

Landamerkjaskrá fyrir nýbýli sem byggt var á hálfri jörðinni Granastöðum II var útbúin 5. desember 1948. Í henni stendur:

1. Túnmerki:

Að austan: Bein lína úr steinbyggðu íbúðarhúsi nýbýlisins, norður í vörðu á vallargarði, sem liggur frá austri til vesturs, norðan við aðaltúnið.

Að sunnan: Bæjarlækur.

Að vestan: Lína úr vörðu við Bæjarlæk, norður í vörðu sem hlaðin er í vallargarð að norðan

Að norðan: Vallargarður.

2. Engjamerki.

a) Sunnan túngirðingar. Áveituengi milli Torfár og Ytri – Skálamerkja, 200 metra spilda, frá norðri til suðurs, sem afmarkast af Syðri – Skálamerkjum að austan, en fjallsrótum að vestan

b) „Sandabrot“ ¼ áveituengis milli Sandabrotakíls og Syðri – Skálamerkja afmarkast vörðum.

c) Granastaðaeyja. Að nokkru áveituengi. Eign nýbýlisins í eyjunni er ¼ landsins. Að nokkru leyti afmarkað vörðum, en stíflugarði að norðan.

Beitiland jarðarinnar er óskipt í landi hinna fornu Granastaða.

<sup>693</sup> Skjal nr. 2 (277).

<sup>694</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 165-169. Skjöl nr. 4 (38), 4 (39) a-d.

Vegna stórfelldrar framræslu lands og fyrirhugaðrar ræktunar á Granastöðum, skal heimilt að endurskoða landamerkjaskrá þessa að 5 árum liðnum og breyta henni þá, ef þörf gerist til samræmis við gerðar umbætur.<sup>695</sup>

Vilhelm Pálsson ábúandi Granastaða og Jón Pálsson ábúandi nýbýlis á Granastöðum voru samþykkir landamerkjaskránni. Sigurður Geirfinnsson hreppstjóri og Baldur Baldvinsson úttektarmaður skrifuðu einnig undir skrána.

### 5.34 Nípa

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar er frá því um 1461. Þar kemur fram að rekamark Munkaþverárklosturs í Náttfaravíkum miðast við Níparhús.<sup>696</sup>

Nípa er nefnd í Hólastólsjarðaskrá 1550.<sup>697</sup>

Nípa er talin 12 hundruð í jarðaskrá 1. september 1552.<sup>698</sup>

Eftir að hafa boðið Nípa í Kinn árangurslaust til ábúðar á manntalsþingi á Ljósavatni 5. maí 1710 lögfesti umboðsmaður Hóladómkirkju jörðina. Hann gerði það sama á manntalsþingi á sama stað 8. maí 1711 en í hvorugt skiptið var minnst á inntak lögfestunnar.<sup>699</sup>

Á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1789 var þess getið að eyðijörðin Nípa gæti byggst með peningastyrk.<sup>700</sup>

Að sögn Jarðabókar Árna og Páls frá 1712 var Nípa 4 hndr að dýrleika, úthagar mjög litlir og hrjóstrugir fyrir stórgripi.<sup>701</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Nípa, sem tilheyrir hinum aflagða Hólastól, sé sögð 5 hundruð.<sup>702</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1849-1850 er Nípa 5 hundruð að dýrleika. Þar segir enn fremur að:

... Land mjög lítið og víða uppblásið í mela. ...<sup>703</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Nípar, sem ágreiningur er talinn standa um, hafi verið þinglesin 1901. Í sama mati er sagt:

Búfjárhagar: Land fremur þröngt en kjarngott, nærtækt, skjólalítið og snjóþungt. Sumarheit góð fyrir sauðfé, og vetrarheit, þegar til hennar nær. ...

Afrétt sveitarinnar eigi notuð sökum fjarlægðar.<sup>704</sup>

<sup>695</sup> Skjal nr. 2 (304).

<sup>696</sup> Skjal nr. 2 (204).

<sup>697</sup> Skjal nr. 2 (224).

<sup>698</sup> Skjal nr. 2 (226).

<sup>699</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.7).

<sup>700</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.19).

<sup>701</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 112-113.

<sup>702</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>703</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>704</sup> Skjal nr. 2 (68).



Landamerkjabréf Nípár var innfært í landamerkjabók Þingeyjarsýslu 21. febrúar 1901 en var þinglýst 20. maí 1901:

Að norðan ræður Kollsárgil í Gljúfrum. Úr Gljúfrum beina stefnu eftir vörðum að Nýpá þá ræður Nýpá til Fljóts.

Að austan ræður Skjálfandafljót.

Að sunnan ræður merkjum í fjallinu móts við Granastaðaland, Nýpáin þar til hún fellur fram úr Gljúfrum, sunnan við bæinn á Nýpá, þaðan ræður bein stefna í háaustur, úr fossi neðst í nefndum Gljúfrum í utanverða Kiðey í Skjálfandafljóti.

Að vestan ræður Purká merkjum<sup>705</sup>

Jónas Jóhannesson, eigandi hálftrar Nípár, og Kristján Jónsson, eigandi hálftrar Nípár, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Ólafssyni vegna Granastaða og Haraldi Sigurjónssyni vegna Bjarga.

### 5.35 Björg

Björg voru lögð í kaupmála, 23. apríl 1427 (7. janúar 1428). Þau voru með tvennum Leikskálum reiknuð 50 hundruð.<sup>706</sup>

Björg eru nefnd í skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461 (bænhús uppi).<sup>707</sup>

Í erfðaskrá Páls Brandssonar árið 1494 voru hálf Björg í Kinn lögð Einarstaðakirkju upp í skuld fyrir 10 hundruð.<sup>708</sup>

Björg eru sögð eign Einarstaðakirkju í jarðaskiptum 6. maí 1536.<sup>709</sup>

Í visitasíum Staðar (Þóroddsstaðar) í Kinn 1631 og 1687 kemur fram að Staðarkirkja eigi ítölu í Bjargalandi.<sup>710</sup>

Lögfesta fyrir jörðinni Björgum frá árinu 1679 var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 19. maí 1855. Inntaks er ekki getið en sýslumaður sá ástæðu til þess að geyma fátækraeigninni Kotamýrum allan sinn rétt til löglegra mótmæla því lögfestan lýsi landeign Bjarga að Svíná.<sup>711</sup> Óstaðfest afskrift af lögfestu Bjargalands frá 1679 var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 23. maí 1856 og mótmælt af J. Péturssyni umráðamanni Kotamýra að því leyti sem hún stangaðist á við lögfestu Kotamýra sem lesin var upp á sama þingi. Inntaks lögfestu var ekki getið.<sup>712</sup> Á sama manntalsþingi mótmælti Jón Einarsson, ábúandi Bjarga, lögfestu sem lesin var upp fyrir Kotamýrar,

<sup>705</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>706</sup> Skjal nr. 2 (194).

<sup>707</sup> Skjal nr. 2 (205).

<sup>708</sup> Sjá skjal nr. 2 (Skjalaflokkur B.1 og B.5., Ísl. fbrs. VII, 232-234).

<sup>709</sup> Sjá skjal nr. 2 (Skjalaflokkur B.1 og B.5., Ísl. fbrs. XI, 115-116).

<sup>710</sup> Skjal nr. 2 (136) a-b.

<sup>711</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.57).

<sup>712</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.62).

dagsettri 25. maí 1822 og þinglesinni þremur dögum síðar, með tilliti til landeignar Kotamýrar á Hurðarbaki til Purkár.<sup>713</sup>

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er m.a. þetta um Björg:

Úthagarnir eru nokkurneginn bjarglegir en spillast þó af skriðum til fjallsins og grjóthruni undir bjarginu.

Hætt er kvikfje að hrapa fyrir björg á vetur.<sup>714</sup>

Í rannsókn vegna sauðabjófnaðar sem fram fór fyrir aukarétti á Garði í Aðaldal 17. október 1811 kemur fram í yfirheyrslu yfir Flóvent Þorsteinssyni vinnumanni á Breiðumýri að hann hafi farið síðastliðið haust í geldfjargöngur í Kotaland við Náttfaravíkur og í Bjargafjall.<sup>715</sup>

Fyrir lögreglurétti á Björgum 15. ágúst 1893 fór fram rannsókn á meintri óráðvendi Jóns Kristjánssonar á Björgum. Í framburði Jóns segir m.a. að sambýlismaður hans á Björgum, Friðbjörn Jónsson, hafi veitt sér margskonar yfirgang og nefnir sem dæmi að hann hafi tekið upprekstur í fjallland sem tilheyri Björgum og ætíð einn tekið tollinn nema í eitt ár.<sup>716</sup> Lögreglurétturinn var settur aftur á sama stað degi síðar og í yfirheyrslu Friðbjörns Jónssonar kom fram að hann hafi að vísu nokkrum sinnum samið við menn um upprekstur og þeir greitt honum fyrir en Jón hafi aldrei gengið eftir sínum hluta af upprekstartollinum.<sup>717</sup>

Samkvæmt jarðmatinu 1804 eru Björg, sem eru að hluta til í eigu Einarstaðakirkju, sögð 20 hundruð. Í matinu kemur einnig fram að skriður skemmi úthaga.<sup>718</sup>

Í kaflanum um jörðina Björg í jarðmatinu 1849-1850 kemur eftirfarandi fram:

Björg 20 hndr. að dýrleika. .... Landrými er þar nokkurt, og allgöð málnytja. ... Okostir: ... grjót hrun á fjenað úr björgunum, fjenaðar ferð hættuleg fyrir menn og skjepnur. ...<sup>719</sup>

Einnig er minnst á að:

Þrætulandið milli Kotamýra og Bjarga liggur vestan við sokallaðan bakránga; og álytst nægur afrjettur handa 100 lömbum.<sup>720</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Bjarga hafi verið þinglesin 1891. Eftirfarandi upplýsingar um Björg eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. ... Land nokkuð mikið, en illt til nytja. Fjallshlíð geysibrött og sumpart gróðurlítill. ... Afrétt fylgir,

<sup>713</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.61).

<sup>714</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 112.

<sup>715</sup> Skjal nr. 2 (270) a-b.

<sup>716</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.72).

<sup>717</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.73).

<sup>718</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>719</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>720</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

nægilegt fyrir jörðina. ... Og fjárhættur í fjallinu sökum bratta og kletta, einkum á haustin er svell leggur.<sup>721</sup>

Þann 23. maí 1890 var landamerkjapræta Bjarga og Kotamýra tekin fyrir í aukarétti Þingeyjarsýslu. Eftir að málsaðilar höfðu tekist nokkuð á um málið á þeim vettvangi, m.a. með vitnaleiðslum, komu þeir sér saman um að málinu skyldi frestað meðan þeir reyndu til þrautar að ná sáttum sín í milli.<sup>722</sup> Sú sáttagerð hefur ekki komið fram, en benda má á að umboðsmaður Kotamýra samþykkti landamerkjabréf Bjarga.

Landamerkjabréf Bjarga var útbúið 2. september 1891. Það var þinglesið 28. maí sama ár. Þar kemur eftirfarandi fram:

Að sunnan ræður Kallsárgil á gljúfrum; úr gljúfrum bein stefna eptir vörðum að Nýpá; þá ræður Nýpá til Fljóts; að austan ræður mitt Skjálfandafljót; á sjóarsandi er rekamerki þar, sem fyrst sjer Sellandafjall undan Garðsnúp. Að norðan ræður sjór frá rekamerki að Litlufjörubjargi þá beint í vestur norðan að Litlufjörutorfu til háeggjar; þaðan bein stefna úr fjallsegginni á Svína við ytri endann á Sjómannaklauf; að vestan ræður Svína frá Sjómannaklauf til Jökuls –, tilheyrir Björgum allt land innan þessara merkja.<sup>723</sup>

Haraldur Sigurjónsson, eigandi og umráðamaður, skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af: B. Kristjánssyni umráðamanni Sands, Friðjóni Jónssyni umboðsmanni fyrir Kotamýrar og Kristjáni Jónssyni eiganda Nípár.

Ábúandi Bjarga keypti hluta Einarstaðakirkju í jörðinni árið 1927.<sup>724</sup> Bjargalandi í Bakranga lýsir Jón Sigurðsson í Ystafelli þannig:

Hamrar ógengir og hengiflug eru frá hæstu bungu Bakrangans. Utar eru þó hagar í fjallinu yfir hömrum, þar heitir Litlufjörutorfa, og er þangað illgeng leið og aðeins vestan yfir háegg fjallsins. Sumarhagar eru miklir í fjallinu, snarbröttu og giljum gröfnu, ofan klettanna. Þetta land verður Bjargabóndinn að smala, þó Ógöngufjall nefnist.<sup>725</sup>

### 5.36 Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði

Elsta kunna heimild um réttindi Draflastaðakirkju á Gönguskarði er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 en þar segir í umfjöllun um Draflastaði:

Ítök kirkjunnar eru þessi: Selstöðu á Gönguskarði á Þrengingaseli, og hefur áður brúkast en nú ekki í nokkur ár.<sup>726</sup>

<sup>721</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>722</sup> Skjal nr. 2 (3).

<sup>723</sup> Skjal nr. 2 (4) a-b.

<sup>724</sup> Skjal nr. 4 (25) a-b.

<sup>725</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 180.

<sup>726</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 72.

Við prófastsvísitasíu á Draflastöðum árið 1735 kom fram að engin skjöl hafi verið í höndum prests eða kirkjubónda.<sup>727</sup>

Jón Jónsson mótmælti að nokkru leyti lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar fyrir eignum og ítökum Þóroddsstaðarprestakalls vegna Draflastaðakirkju, sem lesin var upp á manntalsþingi á Ljósavatni 13. júní 1832. Inntaks lögfestunnar er ekki getið eða hverju í henni Jón var að mótmæla.<sup>728</sup>

Fram kemur í vísitasíu Draflastaða frá 1892:

Kirkjunni tilheyrta ... og landspartur á Gaunguskarði, og er landamerkjalysing fyrir þessum eignum samin og þinglesin.<sup>729</sup>

Landamerkjabréf Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði var útbúið 15. maí 1886. Það var þinglesið 4. júní sama ár:

1. Að austan eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar upp báðumegin.
2. Merkin að vestan eru: a. Að norðan verðu Grjótá, svo Gönguskarðsá inn úr Þrengingum að Hólsmerkjum. b. að sunnanverðu Gönguskarðsöxlin þar sem Hólsdalur byrjar.<sup>730</sup>

Hannes Friðriksson og Björn Bjarnarson skrifuðu undir í umboði eiganda. Bréfið var samþykkt af: Gísla Ásmundssyni vegna eiganda Garðslands, Jóni Jónssyni vegna eiganda Ytra-Hóls, Kristjáni Kristjánssyni vegna eiganda Syðri-Hóls og sem eiganda Finnsstaða og Stefáni Jónssyni presti en hann samþykkti vegna Þóroddsstaðarkirkju.

Í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að landamerki Draflastaða hafi verið þinglesin 1887. Eftirfarandi upplýsingar um Draflastaði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Jörðin á landsítak á Gönguskarði.<sup>731</sup>

### 5.37 Sel

Lagt hefur verið fram skjal um sel o.fl. í Kinnarfjalli, útdráttur úr „Menningarminjum í Aðaldal, Kinn og Bárðardal“. Þar eru nefnd ýmis seljaörnefni eða tengd seljum, svo sem á Nípá, Granastöðum, Ytri-Leikskálaá, Þóroddsstað, Hrafnstöðum, Gvendarstöðum og Finnsstöðum. Einnig ýmis örnefni, sem geta tengst hjásetu.<sup>732</sup> Þær upplýsingar verða ekki raktar sérstaklega hér.

Í lýsingu Þóroddsstaðarsóknar árið 1840 er þessi umsögn um sel:

17. Finnsstaðir eiga selstöðu í Gljúfrárdögum, Hrappsstaðir og Háls inn á Gönguskarði, Ófeigsstaðir og Þóroddsstaðir á Seljadal. Öll eru sel þessi fyrir

<sup>727</sup> Hliðsjónarskjal.

<sup>728</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.51).

<sup>729</sup> Skjal nr. 2 (179) a-b.

<sup>730</sup> Skjal nr. 2 (7).

<sup>731</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>732</sup> Skjal nr. 8 (10).

löngu aflögð. Seljadalur og mestur hluti Gönguskarðs tilheyrir Þóroddsstöðum. Sömu leiðis er það af fornskjöllum að ráða að allt Víknaland hafi þar undir heyr, þó nú séu Kotamýrar frátaldar.<sup>733</sup>

Jón Sigurðsson í Ystafelli segir í umfjöllun um Finnsstaði að vestan við dalsmynnið á Finnsstaðadal, í 600-700, metra hæð, heiti Finnsstaðasel, og séu tættur sýnilegar.<sup>734</sup> Sjá kaflann um Finnsstaði.

Jón Sigurðsson segir einnig að selstaða forn sé ofan fjallabrunum á Gvendarstöðum.<sup>735</sup>

Hrafnstaðir/Hrappsstaðir átta selstöðuland vestur á Gönguskarði, sbr. áreið 22. júlí 1795.<sup>736</sup> Að sögn Jóns Sigurðssonar eiga Hrafnstaðir suðurhlíð Gönguskarðs austanverða og heiti þar Hrafnstaðadalur og Hrafnstaðasel.<sup>737</sup> Sjá kaflann um Hrafnstaði.

Þá segir Jón Sigurðsson Háls í Kinn eiga land allt upp á Gönguskarð og fornt selstæði þar.<sup>738</sup> Er Hálsfel nefnt í landamerkjabréfi Hrafnstaða og selstaða sem Hrafnstaðir eiga á Gönguskarði.<sup>739</sup> Einnig er Hálsfel nefnt í lögfestu Háls árið 1897.<sup>740</sup> Sjá kaflann um Háls hér að framan.

Torfunesi fylgdi selstaða í Grænum við Gönguskarðsmynni samkvæmt skýrslu um eignir Þóroddsstaðar frá 1599.<sup>741</sup> Í sömu skýrslu er sagt að Ófeigsstöðum fylgi selstaða á Seljadal yfir frá Ófeigsstaðahnjúk.<sup>742</sup> Jón Sigurðsson í Ystafelli getur Ófeigsstaðasel á Seljadal.<sup>743</sup> Sjá kafla um þessar jarðir.

Í bréfabók Jóns Gissurarsonar (1633-1662) virðast á einni síðu taldir upp ýmsir ákæruliðir varðandi Seljadal með meiru, ársettir af Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði um 1633. Ekkert kemur þar fram hver hinn ákærði er, en ætla má að um prest á Þóroddsstað sé að ræða, þá væntanlega Illuga Helgason. Kært er yfir því að hann geri Seljadal að afrétt svo að eigi verði selstöður brúkaðar.<sup>744</sup>

Þóroddsstaður átti samkvæmt eignaskýrslu 1599 Gönguskarð allt og selstöðu þar, heiti það Austara- og Vestara-Tjarnahverfi.<sup>745</sup> Kemur það einnig fram í vitnisburðum frá því um 1611.<sup>746</sup> Sama kemur fram í tveimur vitnisburðum frá því fyrir og um 1611<sup>747</sup> og í máldaga bréfuðum 1644.<sup>748</sup> Eiríkur Þorleifsson prestur hefur

<sup>733</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 92.

<sup>734</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 196.

<sup>735</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 191-192.

<sup>736</sup> Skjal nr. 2 (267) a-b.

<sup>737</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 191.

<sup>738</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 188.

<sup>739</sup> Skjal nr. 2 (27) a-b.

<sup>740</sup> Skjal nr. 2 (22) a-b.

<sup>741</sup> Skjöl nr. 2 (76) a-b og 2 (90) a-b.

<sup>742</sup> Skjöl nr. 2 (76) a-b og 2 (90) a-b.

<sup>743</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 187.

<sup>744</sup> Skjal nr. 2 (249).

<sup>745</sup> Skjöl nr. 2 (76) a-b og 2 (90) a-b.

<sup>746</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>747</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>748</sup> Skjal nr. 2 (77).

á árunum 1832-1834 fært í kirkjustól Þóroddsstaðar eftirfarandi, sem hann segist hafa tekið upp úr máldagaskrá, án þess að vísa nánar til heimildarinnar:

Kyrkian á Þóroddstöðum í Kinn er helguð Mariu og Nicolao, til þessarar Kyrkiu liggur allt Heimaland, hvar i að eru þessi Hiábýli: Staðarbakki, LoddaStaðir, Gyssturshús, ÓfeigStaðir, Torfunes, Árgerðis Land tiarnahverfi hið eýstra og hið vestra, (nb. 1 Forntiða Skial segir svo Árgerðis Sel á gaunguskarði) Naustavyk, Wargsnes, Kotamyri, ...<sup>749</sup>

Árgerði eða Árgerðissel sést ekki nefnt annars staðar.

Jón Sigurðsson vísar til sels Þóroddsstaðar á Seljadal vestanverðum og séu þar miklar rústir.<sup>750</sup> Um selstöður Þóroddsstaðar er fjallað í köflunum um Þóroddsstað og Tjarnahverfi.

Syðri-Leikskálaá mun hafa átt selstöðu á Seljadal. Er þess getið í ódagsettum og óundirrituðum vitnisburði Kolbeins Sölvasonar um landamerki Leikskálaánna. Vitnisburðurinn er í bréfabók Jóns Gissurarsonar frá árunum 1633-1662:

Medkienne eg Kolbeinn Sölva Son, tilkvaddur Og krafður Sannleikann ad Seigia, huad Mier var Bigtt & eg yrkti þaug Ar eg Bio a Sydre LeikskálaA: Er þad first ad greina ad Salugi Syra Þorsteinn Jlluga Son Bigdj Mier Mvlakirkiu Jord Sydri LeikskálaA: Og til Sagdi Landamerki ... Jtem Selstodv A Selia Dal.<sup>751</sup>

Þá er eftirfarandi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 um Syðri-Leikskálaá:

Úthagarnir eru nægir, en liggja í fjarska þeir sem bestir eru, og þyrfti því að brúka selför á dalinn, sem ábúandinn fær ei við komið sakir fólkfæðu.<sup>752</sup>

Syðri-Leikskálaá átti selstöðu og nokkurt land fram eftir Seljadal vestanverðum að sögn Skúla Tómassonar í Múla árið 1842.<sup>753</sup>

Um Kotamýrar segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1712:

Kotamýri. Eyðikot utantil við Svíná í áðursögðum afrjett. Bygt hér um fyrir 40 árum á fornu selstæði að forlagi Björns Magnússonar að Múnkaþverá, sem vildi eigna Skriðu kirkju þennan part afrjettarins, en síðan reyndist hann eign Staðar kirkju og hinna staðanna sem hér eiga ítök.<sup>754</sup>

Eiríkur Þorleifsson nefnir tvisvar Helgastaðasel á framdölum Náttfaravíkur, sem menn kalli nú Helgastaði.<sup>755</sup> Sjá að öðru leyti kaflann um Kotamýrar.

Um Eyri/Knarrareyri á Flateyjardal segir Jarðabók Árna og Páls frá 1712:

<sup>749</sup> Skjal nr. 2 (177).

<sup>750</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 185.

<sup>751</sup> Skjal nr. 2 (252).

<sup>752</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 115.

<sup>753</sup> Skjal nr. 2 (91) a-b.

<sup>754</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 111.

<sup>755</sup> Skjöl nr. 2 (74) a-b og nr. 2 (78) a-b.

Úthagarnir eru litlir og hrjóstrugir heim um sig, en góðir og miklir framm á dalnum, en þeirra verður ei notið fyrir ógönguklettum, nema selför sé brúkuð.<sup>756</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er að finna eftirfarandi athugasemd:

Þess hefur gleymst að viðgjeta við lýsingu jarðarinnar Fremstafells hjer að framan, að tjeðri jörð tilheyrir gömul selstaða á svo kallaðri Flateyar dals heiði innan Hálsahrepps, sem nú er orðin að bygðu bóli, mót eptirgjaldi til Fremstafells ábúanda, og verður býli þetta, að nafni Grímsland, er hefur sín vissu takmörk, metið í Hálshrepp.

Jarðmatið 1849-1850 segir Fremstafelli tilheyrir gömul selstaða á Flateyrdalsheiði, Grímsland, sem sé orðið að byggðu bóli.<sup>757</sup> Jón Sigurðsson segir að Höfðhverfingar hafi haft selstöðu í Grímsland eftir 1862.<sup>758</sup> Sjá kaflann um Grímsland.

Upplýsingar um selland Laufáskirkju hafa verið skráðar á mál 5/2007 en teknar hér með til öryggis, því að ekki er enn ljóst, hvar þetta selland hefur verið, sbr. það sem greinargerð 1782 og lögfestur 1798 og 1818, sem vitnað verður til hér á eftir, segja um Krókaland og Krókafjall. En Jón Sigurðsson frá Ystafelli segir í bók sinni *Suður-Þingeyjarsýsla*, þar sem fjallað er um Austari-Króka:

Þarna er mikið, víðlent og grasgefið engi, og á jörðin hlíðar og láglendi allt suður að Uxaskarði; nefnist það Krókafjall.<sup>759</sup>

Þessar tilvísanir vekja upp spurningu um, hvort selstaðan hafi verið í landi Austari-Króka frekar en í Höfðagiljalandinu eða landi Vestari-Króka.

Í fjölmörgum heimildum er vikið að selstöðu Laufáss á Flateyrdalsheiði. Í Auðunarmáldaga árið 1318 segir, að Laufáskirkja eigi.

selför ä flateyardals heydi. iiij kum. oc so margar ær oc geytur. sem sa vill er a stad byr. vm. vj. vikur<sup>760</sup>

Máldagar Péturs Nikulássonar frá 1394 geta um þessa selför, en þá hafa bæst við tvö hross.<sup>761</sup> Það er endurtekið í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar (1461-1510) og Sigurðarregistri 1525.<sup>762</sup> Síðan er selstöðunnar víða getið:

Geir Markússon gerði skilagrein á tekjum Laufásstaðar 2. september 1730, þar er selstaðan á Flateyrdalsheiði tiltekin.<sup>763</sup> „Selland“ á Flateyrdalsheiði var lögfest með Laufásprestakalli í lögfestum prestanna Jóns Magnússonar (eftir 1637), Markúsar Geirssonar (1678, 1681, 1682), Þorsteins Geirssonar (1686, 1687, 1688), Geirs

<sup>756</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 68.

<sup>757</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>758</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 130.

<sup>759</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 133.

<sup>760</sup> Skjal nr. 2 (312).

<sup>761</sup> Skjal nr. 2 (313).

<sup>762</sup> Skjöl nr. 2 (314) og 2(315).

<sup>763</sup> Skjal nr. 2 (308) a-b.

Markússonar (1710, 1713, 1726, 1727, 1728, 1729, 1732, 1736), Stefáns Einarssonar (1751, 1762, 1763, 1765), Jóns Vídalíns (1764) Jóns Egilssonar (1770), Stefáns Halldórssonar og Gunnars Gunnarssonar (1840 og 1841).<sup>764</sup> (Stefán Einarsson og eftirmenn hans tala um selland eða selför). Selfararinnar er einnig getið við Laufás í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725.<sup>765</sup>

Ekkert er minnst á, hvar á Flateyjdalsheiði selstaða þessi hefur verið fyrir en í greinargerð um Laufásprestakall árið 1782 er selstaðan sögð í Krókalandi.<sup>766</sup> Hið sama segir Gunnar Hallgrímsson í lögfestu sinni fyrir Laufásstað 9. júní 1818.<sup>767</sup>

Ennfremur segir í lögfestu Hannesar Schevings fyrir Laufásstað 2. maí 1798:

Selland edur Selför á Flateyjdals Heide edur Króka Fialle.<sup>768</sup>

Gunnar Gunnarsson segir í lýsingu Laufássóknar árið 1839:

Ítök kirkjunnar eru ennþá þau sömu sem máldagar biskupanna Auðunar, Ólafs, Péturs og Sigurðar registur henni tileinka, nefnilega:

1. Selför í Flateyjdalsheiði fjórum kúm og tveimur hrossum, og svo mörgum ám og geitum sem sá vill er á stað býr, um sex vikur. Mjög langt er samt síðan að selför þessi hefur verið héðan notuð, líklega vegna vegalengdar.<sup>769</sup>

Jón Sigurðsson í Ystafelli nefnir Selland í landi Garðs í Fnjóskadal, sjá kaflann um Garð.

Meðal ítaka Draflastaðakirkju, sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 nefnir, er selstaða á Þrengingaseli á Gönguskarði. Sjá kaflann um Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði.

## 5.38 Afréttir og afréttarnot

### 5.38.1 Fjallskilareglugerðir

Elsta fjallskilareglugerð fyrir vesturhluta Þingeyjarsýslu, þ.e. Suður-Þingeyjarsýslu og Kelduneshrepp í Norður-Þingeyjarsýslu, er frá árinu 1893 og tók gildi 1. janúar 1894.<sup>770</sup>

Var þá svæðinu öllu skipt í þrjú fjallskilafélög: 1. Svæðið milli Jökulsár og Skjálfandafljóts. 2. Svæðið vestan Skjálfandafljóts og norðan Ljósavatnsskarðs, vestur í Fnjóskadal hjá Skógum og þaðan yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd. 3. Svæðið vestan Skjálfandafljóts ofan við Ljósavatnsskarð. Hvert fjallskilafélag gat skipst í deildir eftir því sem hagar, fjöll og vatnsföll deildu. (1. gr.).

<sup>764</sup> Skjöl nr. 2 (68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 78, 79).

<sup>765</sup> Skjal nr. 2 (231).

<sup>766</sup> Skjal nr. 2 (309) a-b.

<sup>767</sup> Skjal nr. 2 (311).

<sup>768</sup> Skjal nr. 2. (310).

<sup>769</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 32.

<sup>770</sup> Skjal nr. 4 (7).



Allt land skiptist í „afréttir“ og heimalönd. Hreppsnefndir í hverjum hreppi ákváðu, hvað skyldu vera „afréttir“ og takmörk milli „afréttar“ og heimalanda. (3 gr.).

Hreppsnefndir skyldu gangast fyrir sveitarsamþykktum um, hvort nota skyldi heimalönd til upprekstrar fyrir geldfê eða lömb. Skyldi tekið skýrt fram, hver þau lönd væru og tala fjár, er í þau mætti reka. Heimalönd, sem heimild væri til fyrir að nota til upprekstrar, skyldi skoða sem „afrétti“, enda væru þau notuð á þann hátt af fleiri en landeigendum sjálfum (4. gr.).

Ef tveir eða fleiri menn ættu „afrétti“ saman, skiptust afréttartollar milli þeirra eftir tiltölu hvers og eins í „afrétti“, þótt einn leyfði frekar en aðrir. (9. gr.).

Fjárleitir á öræfi, sem ekki gætu talist til nokkurra „afrétta“, skyldu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir. (29. gr.).

Ný fjallskilareglugerð var sett árið 1904.<sup>771</sup> Mikilvægasta breytingin var á 3. grein, en fyrri málsgrein hennar var svohljóðandi:

Allt land skiptist í öræfi, afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrjetti, ef nauðsyn ber til, eptir tillögum hreppsnefnda og með samþykkt landeiganda.

Næstu fjallskilareglugerðir voru settar árin 1913 og 1920 (dálítil breyting gerð 1924).<sup>772</sup> Engar breytingar voru þá gerðar, sem tekur að nefna, en árið 1929 var svæðið gert að einu fjallskilafélagi eða eins og segir í 1. grein:

Suðr-Þingeyjarsýsla, ásamt Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag, sem skiftist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum sveitarfélaga.

Stjórn og umsjón fjallskilamála breyttist samkvæmt 3. grein:

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri úr sínum flokki til að hafa á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála hreppsins og nefnast þeir fjallskilastjórar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði hreppsnefnda.

Aðrar breytingar árið 1929 virðast ekki geta skipt máli hér.<sup>773</sup> Næsta fjallskilareglugerð, árið 1937, var fyrir Suður-Þingeyjarsýslu eina, sem og frá árunum 1952, 1959 og 1974, en árið 1952 var Húsavík orðin að kaupstað og því nefnd sérstaklega eftir það.<sup>774</sup> Breytingar, sem ástæða þykir til að nefna eru eftirtaldir:

Árið 1959 varð 4. grein svohljóðandi:

<sup>771</sup> Skjal nr. 4 (8).

<sup>772</sup> Skjöl nr. 4 (9), nr. 4 (10) og nr. 4 (11).

<sup>773</sup> Skjal nr. 4 (12).

<sup>774</sup> Skjöl nr. 4 (13) til nr. 4 (16).

Allt land skiptist í öræfi, afréttir og heimalönd. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki hreppsnefndar komi til, enda hafi það aldrei áður í byggð verið.

Sýslunefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum hreppsnefndar, enda liggi samþykki landeigenda fyrir.<sup>775</sup>

Nýrri málsgrein var aukið í 4. grein í fjallskilareglugerðinni árið 1974:

Enn fremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir.<sup>776</sup>

Núgildandi fjallskilasamþykkt er frá árinu 1996 og er fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar, þ.e. Tjörnes-, Reykja-, Aðaldæla-, Reykdæla-, Skútustaða-, Bárðdæla-, Ljósavatns- og Hálsahreppa og Húsavík. Hljóðar 4. grein svo:

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í almenninga, afrétti og heimalönd. Héraðsnefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum sveitarstjórna og með samþykki landeigenda. Ennfremur geta sveitarstjórnir með samþykki héraðsnefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki héraðsnefndar komi til. Héraðsnefnd ákveður mörk á afréttum og almenningum.<sup>777</sup>

### 5.38.2 Almenn

Árið 1639 beiddust prestarnir í Múla og Grenjaðarstað, Jón Gissurarson, prófastur, og Guðmundur Bjarnason, dóms á Helgastaðarþingi, hvort þeir mættu ekki eftir lögum halda rekum, afréttum og ítökum, sem kirkjumáldagar þeirra sýndu og forverar þeirra hefðu fyrir þá haft og haldið. Sýslumönnum Þorbergi Hrólfssyni og Hrólfí Sigurðssyni virtist að biskup yrði þar við að vera, með próföstum, og vildu ekki dæma en:

Samtt vitvm vid ei annat riettara enn þeir halldi því Öllu sem þeirra kirkivm til heýrir eptir maldogunum og fir þa hefir haft & halldit verid & ad þeir meigi alltt eptir Bokarinnar ordum & hliodann Brvka og hagnýta Sier huortt það erv afriettir eda annat og Til merkis hier vmm skrifum vid ockar Nofinn hier fir nedann A Sama stad dag og Ari sem firr seigir.<sup>778</sup>

Jón Sigurðsson í Ystafelli talar um „afréttardali Kinnarfjalla, Finnsstaðadal og Gönguskarð í bókinni *Suður-Þingeyjarsýsla*.<sup>779</sup> Í sömu bók lýsir hann dalakerfi Kinnarfjalla:

<sup>775</sup> Skjal nr. 4 (15).

<sup>776</sup> Skjal nr. 4 (16).

<sup>777</sup> Skjal nr. 4 (17).

<sup>778</sup> Skjal nr. 2 (250) a-b.

<sup>779</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 16.

Mikið af vatnsmagni hennar [þ.e. Skálarár] kemur úr giljum langt vestan af fjalli, en annar hluti sunnan *Seljadal*. Hér hefst hið mikla dalakerfi, sem nú skal lýst. *Seljadalur* er um 8 kílómetra langur og liggur suður bak við byggðarbrúnir. Mynni hans er eigi nema 80 m yfir sjó, en syðst er dalbotninn í 400 m hæð. Vesturhlíðar dalsins eru mjög grösugar og gróður seilist þar upp í 600 m hæðarlínu. Dalurinn er hinn bezti afréttur. Fyrir botni Seljadals er breitt flatlendi og vestur frá því gengur *Gönguskarð* allt vestur að mynni Flateyjarðalsheiðar hjá Garði. Gönguskarð var mjög fjölfarinn fjallvegur sumar og vetur, greiður og glöggur, og var allur varðaður. Þar fóru skreiðarlestir þráfaldlega um á haustin. En vegurinn var einnig tíðfarinn gangandi mönnum á haustin. ... Gönguskarð er mjög vel gróið, og eru engjar bæði þar og á Seljadal, og var oft heyjað þar áður fyrr. Á skarðinu er víða „sveitarlegt“; þar eru engjaflesjur og startjarnir á láglendi undir háum klettafjöllum.

Þvert fyrir vesturenda Gönguskarðs liggur *Hólsdalur* frá norðri til suðurs, og er *Finnsstaðadalur* beint áframhald hans til suðausturs. Þessi dalruna er 12 kílómetra löng og botn beggja dalanna algróinn og gróður víða hátt í hlíðum. Botn Finnsstaðadals, þar sem hann er hæstur, er 600 m yfir sjó, og er það beint vestur frá Yztafelli. – Dalakerfi þetta er tengt Flateyjarðalsheiði. Samfelldur er þar gróður og hvergi brekku að fara frá Syðri-Leikskálaá að Krókum. Alls er lengd dalanna, talið frá mynni Seljadals vestur Gönguskarð, suðaustur Hólsdal og Finnsstaðadal, um 30 km. Þessir afréttardalir Kinnarfjalla eru ágætir sumarhagar sauðfjár, og göngur skammar að hausti. Þar er að gróa allt sumarið.... Sunnan við Gönguskarð eru mjög víða hagar á breiðum hjöllum og jafnlendi, ofar byggðarbrúnum Kinnar, og teygist gróður þar mjög hátt.

Háfjöllin sunnan við Granastaðanípu eru með mjög breiðum og jafnlendum stórgrýtisauðnum. Gönguskarð og Finnsstaðadalur kljúfa þau í þrjá meginhluta, sem eigi eiga sér nein sérstök nöfn. Í Köldukinn eru þessi gróðurlausu háfjöll nefnd „Vesturfjall“ eða „Grjótin“. Grjótauðnirnar ná alveg fram á knappar brúnir Fnjóskadals og hefst þar eigi gróður fyrr en kemur niður um miðjar hlíðar, víðast hvar. Þar hafa fjöllin heldur eigi nöfn, nema þau, sem kennd eru við bæina, sem undir standa. Það er algerlega villandi, þegar fjallið sunnan Finnsstaðadals er á flestum landabréfum nefnt Fornastaðafjall. Með jafn miklum rétti mætti kenna fjallið við fjölda annarra bæja.<sup>780</sup>

Á héraðsþingi á Húsavík 1. maí 1775 var þingmönnum bannað gegn lagastráfi að reka sauðpening sinn úr þingsókninni á „afrétt“ fyrir vestan Skjálafandafljót eða á nokkurn hátt orsaka að pestveikur fénaður kæmi inn í hreppinn.<sup>781</sup>

<sup>780</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 23-24.

<sup>781</sup> Skjal nr. 2 (264) a-b.

Á manntalsþingi að Svalbarði við Eyjafjörð 1797 kærði Bjarni bóndi á Gautsstöðum íbúa þingsóknarinnar fyrir að reka ekki ótemjur sínar á „afrétt“ á sumrin. Þessi óregla orsaki göngu þeirra í búfjárhögum sem valdi átroðningi og eyðileggingu. Hann spurði því réttinn hvort eigendur væru ekki skyldugir til þess að reka ótemjur sínar úr búfjárhögum og á „afrétti“. Rétturinn tók undir það og skipaði bændum að reka trippi og ótemjur sínar á fjöll. Hreppstjórar skyldu hafa umsjón með framkvæmdinni og sekta þá sem vanræktu það.<sup>782</sup>

Á manntalsþingi á Hálsi 27. maí 1811 bentu hreppstjórar hreppsins á mikilvægi þess að fyrirbyggja að ekki væri ofsett í „afréttarlönd“ innan hreppsins nágrönnum og eigendum „afrétta“ til skaða. Einnig að umráðendur rækju ekki meira en ítala nemi eftir landsgæðum, sérstaklega á Flateyjardalsheiði. Sýslumaður úrskurðaði um þetta:

... að so sem hreppstjórum er í Landslögunum yfirdreginn ummsjón með gjelldfjár Rekstrum á heidlendi, og á Sumar haga í hreppnum, so fylgir og þar af, að þeir ega að hafa Tilsjón umm, að sum Afréttar Lönd sjeu ecki ofsett, enn önnur Látinn aud standa, þegar þaug annars Nást fyrir Snjó þýngslum á vorinn, og líka að einginn Afréttar Egandi yfirskrýði þá Itölu, sem hans Afréttar Plátz eptir stærð, gjædumm og sannsýnilegri Tiltölu, kann að bera, hvað Hreppstjórum byrjar að meta.<sup>783</sup>

Fyrir aukarétti á Ljósavatni 28. júlí 1813 var haldin rannsókn vegna viðurkenningar Jóns Jónssonar, búandi á hluta úr Fremstafelli, um að hafa afmarkað upp á „afréttarfjalli“ kind sem tilheyrði Bjarna Jónssyni í Fellsseli. Við yfirheyrslur segist Jón í Fremstafelli hafi rekið ásamt Jóni, syni Halldórs sambýlismanns síns, fáeinar kindur, sem tilheyrðu þeim báðum, upp á fjall til „afréttargöngu“. Lömbin hafi verið orðin þreytt er komið var upp á fjallið og því hafi Jón Halldórsson gætt þeirra við Gljúfurárbotna meðan hann hafi fylgt eldri kindunum upp á Finnsstaðadal. Að því loknu hafi lömbin verið rekin út í svokallaðar Hálsgrænur. Jón Halldórsson greinir eins frá í yfirheyrslum yfir honum en minnst reyndar ekki á hvert lömbin hafi verið rekin. Sagði Jón Halldórsson föður sinn hafa legið í heiði við grasatekju þegar þetta gerðist.<sup>784</sup>

Á þessu þingi var einnig kannað hvort Jón Jónsson hefði afmarkað kind Kristjáns Jósefssonar á Halldórsstöðum í Reykjadal haustið 1811. Aðspurður um það svaraði Jón Halldórsson, sonur sambýlismanns Jóns í Fremstafelli, að hann hafi vitað til þess að Jón hafi komið með kind frá Halldórsstöðum haustið 1811 sem hann hafi sagt hafa farið yfir að Halldórsstöðum af „afréttinni“ Gönguskarði þar sem hann hafi haft allar sínar geldu kindur það sumar. Loks var Kristján á Halldórsstöðum spurður

<sup>782</sup> Skjal nr. 2 (268) a-b.

<sup>783</sup> Skjal nr. 2 (269) a-b.

<sup>784</sup> Skjal nr. 2 (271) a-b.

hvort hann hafi ekki vantað eina kind af „afrétti“ haustið 1811. Hann svaraði því játandi og sagðist hafa rekið sex kindur yfir Skjálfandafljót á Gönguskarðs, „afrétt“.<sup>785</sup>

Í sóknarlýsingu árið 1840 segir Þóroddsstaðarprestur og minnst þá á „afréttarlönd“:

Suðvestur á fjallið fram með Nípa bak við Granastaðafjall liggur dalverpið Nípárdalur innar. Suður á bak við Leikskála og fram á fjall til Gönguskarðs liggur Seljadalur. Að vestanverðu honum heitir fjallið Makki. Í útvestur við fremri enda Seljadals liggur Gönguskarð inn í Fnjóskadal norðanverðan. Í suður frá Gönguskarði á fjalli uppi liggur Finnsstaðadalur og fram gegnt Gljúfrá. Allt er þetta afréttarlönd.<sup>786</sup>

Afréttarítaka Helgastaða og Grenjaðarstaðar í Náttfaravíkum er getið í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslna um 1840, en Grenjaðarstaðarprestur kvartaði undan því að hafa hrakist þaðan:

24. Helgastaðir beneficium. ... Undir hana liggja jarðirnar ... og afrétt í Náttfaravík.<sup>787</sup>

1. Grenjaðarstaður. ... Afréttur er eftir máldögnum í Náttfaravíkum fyrir hálf tólf fjórða hundrað sauða, sem öðru hverju hafði notaður verið af formönnum mínum, þó ætíð í mótpóða Staðarpresta, þ.e. Þóroddsstaðar, er nú um mína tíð hefur rekið svo langt, að eg fyrir ofríki þeirra og burtrekstur á skepnum mínum hef mátt flýja með þær úr afréttinum og kaupa töluvert lakari afrétt á Reykjaheiði.<sup>788</sup>

Í sóknalýsingu sinni árið 1840 lýsir Þóroddsstaðarprestur Náttfaravíkum nokkuð nákvæmlega og endar lýsinguna á þessum orðum:

Í Vikum eru afréttarlönd.<sup>789</sup>

Hálsprestur segir í lýsingu Háls-, Illugastaða og Draflastaðasókna árið 1839:

Austurfjöll Fnjóskadals fram til Ljósavatns heita að austan Kinnarfjöll. Gegnum þann fjallgarð liggur svonefnt Gönguskarð til Köldukinnar, út úr hvörju ganga smádalir inn í fjöllin, einkum til suðurs, og er þetta afréttarland, einkum austan yfir úr Kinn og víðar að.<sup>790</sup>

Hálsprestur segir um Flateyjardalsheiði í lýsingu Háls-, Illugastaða og Draflastaðasókna árið 1839:

sem er ½ þingmannaleið til sjóar og er afréttarland Fnjóskdælinga í úthluta dalsins.<sup>791</sup>

<sup>785</sup> Skjal nr. 2 (271) a-b.

<sup>786</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 87.

<sup>787</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 115.

<sup>788</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 149.

<sup>789</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 87.

<sup>790</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 53.

<sup>791</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 53.

Í jarðamatinu 1849-1850 er að finna eftirfarandi umfjöllun um Ljósavatnshrepp:

Landslagið í sveitinni er nokkuð ýmist; - í Kinn út er jarðvegur grösugur og ekki uppblásin, nema í fjallkúpu þeirri vestanverði [svo í frumriti] Kinnafelli, ... og í Náttfaravíkum niður með Skjálfaflóa og þarnæst innaf við Skuggabjörg eru hlíðar fyrir ofan sjáfarhamra og hengiflug mjög niður hlaupnar með skriðum. Landkjarni er þar lítill nema í Náttfaravíknalandi, ...<sup>792</sup>

Í Bárðardal ... og landkjarni víðasthvar í betralagi, ef hans mætti viðnjóta fyrir ágángssakir af afrjettar fje því, er sækjir þaðan í búfjár haga, einnig er sumarhagi fyrir gjeldfje sveitarmanna þegar mjög eyddur af sandfoki. ...<sup>793</sup>

Um Hálshrepp segir í jarðamati 1849-1850 en ekki er þess getið að þar séu sérstök afréttarlönd:

Sá eginlegi Fnjótskadalur ofan að Dalsmynni og bygðin a Flateyardalsheiði, nýtur eingaungu kvikfjárræktar, og sum staðar allgóðra landkosta, með skóglendi, einkum austanfram í dalnum að framan og á nokkru svidi í Ljósavatnsskardi, en aptur er mjög vidda í sveitinni erfídt til heýskapar, einkum utantúns. ... Sveit þessa má kalla sjálffæra að afrettarlandi, ...<sup>794</sup>

Á manntalsþingi á Hálsi 21. maí 1855 voru auglýstar reglur um „afréttartolla“ og fjallgöngur í sveitinni sem hreppstjórar höfðu samið og séra Björn Halldórsson í Laufási samþykkt. Sveitarmenn voru áminntir um að fylgja reglunum sem einnig voru auglýstar á Grýtubakka og Svalbarði á Svalbarðsströnd. Ekki kemur fram hvað fólst í reglunum.<sup>795</sup>

Á manntalsþingi á Grýtubakka 23. maí 1855 voru auglýstar reglur um „afréttartolla“, upprekstur og fjallgöngur á Flateyardalsheiði sem hreppstjórar í Hálshrepp höfðu samið og séra Björn Halldórsson í Laufási samþykkt. Ekki kemur fram hvað fólst í reglunum.<sup>796</sup> Sömu reglur voru auglýstar af hreppsstjórum í Hálshreppi á manntalsþingi á Svalbarði 24. maí 1855.<sup>797</sup>

Álitsgjörð hreppsbanda um hvernig haga skyldi upprekstri geldfjár á Flateyardalsheiði var þinglesin á manntalsþingi á Hálsi 26. maí 1857 og aftur degi síðar á manntalsþingi á Svalbarði. Inntaks álitsgjörðarinnar er ekki getið.<sup>798</sup>

Í bókinni *Flateyardalsheiði* segir Páll G. Jónsson í Garði í Fnjóskadal (1869-1948), sem var í nábýli við Flateyardalsheiði nær alla ævi:<sup>799</sup>

<sup>792</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>793</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>794</sup> Skjal nr. 2 (67).

<sup>795</sup> Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.58).

<sup>796</sup> Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.59).

<sup>797</sup> Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.60).

<sup>798</sup> Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.63).

<sup>799</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyardalsheiði*, bls. 6.

Fyrsta fyrirkomulag á göngum á Heiðinni var þannig að ábúendur hvernjar jarðar á þessum slóðum sáu um göngur í landi ábýlisjarða sinna eða fengu til þess hjálp þeirra fjáreigenda er þeir leyfðu upprekstur fyrir geldfé í sínu landi, sem alltítt var. Var það óskráður kröfuréttur sem enginn treysti sér til að víkjast undan. ... Þá voru afréttarpartar sem tilheyrðu einstökum jörðum eða bændum er höfðu afréttarstykki á leigu til upprekstrar. Munu þessi stykki eða ítök jarða hafa endur fyrir löngu verið gefin til hagsbóta fyrir þessar jarðir.

...

Stundum og reyndar ævinlega munu stekkjarlömb setin heima, stundum allt að því viku, þangað til úr þeim var allur jarmur, og þau þá rekin til fjalls í Mógilsdal, Eyvindarárdal eða Stóruskriðubotna. ... Hálsmannatungur, Lambagrænur hafði Laufásprestur en ekki notaði hann þá afrétt ævinlega heldur rak fram á framdali, Timburvalladal eða Hjaltadal, en þá leigðu prestar þetta stykki. Höfðu Sigríðarstaðabændur það mörg ár, Arngrímur, Kristján, Skúli og Kristján, með þeim stundum Kamsstaða og Birningsstaðabændur. En þá er mér sagt að Sigríðarstaðabændur hafi síður viljað það heldur hafa þetta einir enda voru þeir að jafnaði fjármargir. Tryggvi Gunnarsson á Hallgilstöðum og Jón Jónsson á Fornastöðum ráku vanalega í Grímsland. Voru þeir fjármargir en aftur voru Grímslandsbændur fjárfair og þótti gott að fá lambatoll, upprekstrargjald, sem æði oft var goldinn í hagalambi ...

Ég vissi til að Fremstafellsbændur ráku í Grímsland en sjaldan mun það hafa verið. En á tímabili höfðu Svalbarðsströndungar Grímsland á leigu til upprekstrar. Í Eyrarfjall ráku ýmsir Fnjóskdælingar, engir þó jafnstöðugt og Jón í Veisuseli. Lét hann ekki Ytri Jökulsá aftra sér frá þó erfið væri. ...

Frá því fyrsta sem ég man höfðu Ströndungar afrétt á Flateyjarðalsheiði en ekki mun það þó hafa verið að staðaldri að Suðurströndungar hafi gjört mikið af því að reka út eftir en lengi höfðu Ströndungar lönd á leigu, eins og Grímsland, Saurbrýr og Heiðarhúsaland. Allt til þess að þeir fóru að brúka Vaðlaheiði fyrir fé sitt á sumrin.<sup>800</sup>

Síðar segir Páll um fjallskil:

Lengi fram eftir, eða til 1880, var sá hluti af Eyrarlandi er lá austan fjallgarðsins, Austurhvanndalur og Ófærutorfa gengið af Náttfaravíkurbændum en um þetta leyti hættu þeir því. Töldu mestu vitleysu að þeir gerðu þetta þar sem þetta stykki væri í Eyrarlandi í Hálshreppi. Ekki vildi fjallskilastjóri, Gísli á Þverá, hlíta þessum úrskurði þeirra og neitaði að skipta sér nokkuð af þessum göngum þar sem þetta væri gömul venja og auðsjáanlega mikið styttra og betra fyrir Víknabændur að sjá um þetta. Við það sat. Enginn fór í Hvanndalinn þetta haust.

[Síðan kemur lýsing á ferðum feðga frá Eyri í Austurhvanndal umrætt haust].

<sup>800</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjarðalsheiði*, bls. 47-48.

Eftir þetta hafa göngur á þessum Hvanndölum fylgt eftir göngum á Heiðinni, enda gjörðu fyrri eigendur á Eyri öll fjallskil á Lokastaðafjallskiladeild en nú er sú jörð komin í eyði. Getur verið mjög mikill vafi á því hvort Lokastaðafjallskiladeild ber að sjá um göngur þarna lengur.<sup>801</sup>

Lýsir Páll síðan hvernig göngum var háttað á Flateyjardalsheiði.<sup>802</sup>

Síðar í bók Páls er „skrá yfir afrétti, eins og hún var í Hálshreppi 1905“. Fylgir hér brot úr henni:

7. Að austan Eyrarfjall frá Urðargili suður að Stóru Skriðu. Eigandi Draflastaðakirkja.

8. Grímsland frá Stóru Skriðu að Ytri Jökulsá. Eigandi landsjóður, tilheyrir Norðursýslu umboði.

9. Hálsmannatungur frá Ytri Jökulsá að Syðri Jökulsá. Eigandi Hálskirkja.

10. Kambsmýrarland frá Syðri Jökulsá að Skeiðislæk. Eigandi Hálshreppur.

Þar fyrir innan er Austari Króka heimaland frá Skeiðislæk að Ytri Uxaskarðsá.<sup>803</sup>

Sýslumaður í Þingeyjarsýslu, Jóhann Skaptason, tók saman „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“. Um Ljósavatnshrepp er haft eftir oddvita:

Þrír dalir vestan byggðarinnar. Lítil lönd notuð með heimalöndum og liggja í sambandi við þau. Auk þess meginhluti Náttfaravíkna.

Um Flateyjardalsheiði og Flateyjardal („afrétti“ Háls- og Flateyjarhreppa) er haft eftir oddvitum:

Flateyjardalsheiði frá mörkum Flateyjarhrepps að Syðra Höfðagili að vestan og Árbugsá að austan.

Afrjettarland Flateyinga er á Flateyjardal að gamalli venju. Afrjettin takmarkast að vestan af Sandskarði og liggur þar að afrjett Höfðhverfinga. Að sunnan af Eyvindará og Urðargili og að austan af Vestari-Hvanndal.

Eignarhald á „afréttum“ Ljósavatnshrepps var að sögn oddvita:

Afrjettirnir eru eign allmarga einstakra jarða, nema Vestur-afrjett [inn af Bárðardal].

Um Hálshrepp er haft eftir oddvita:

Austur-Flateyjardalsheiði: Eyrarfjall frá hreppamörkum, Hálsmannatungur og hálfir Austari-Krókar eru eign Hálshrepps. Grímsland, Kambsmýrar og hálfir Austari-Krókar eru eign einstaklinga.

<sup>801</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjardalsheiði*, bls. 50-51.

<sup>802</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjardalsheiði*, bls. 57, 58. Sjá og bls. 85.

<sup>803</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjardalsheiði*, bls. 80.



Flateyjardalur var kominn í eyði, en sýslumaður sagði þar hafa verið 6 jarðir, allar í eyði, (aðeins nefndar 5 jarðir með nöfnum), og allar í einkaeign.

Oddviti Ljósavatnshrepps sagði landið notað samkvæmt mjög fornri venju, án takmarkana, nema Náttfaravíkur, sem leigðar væru hin síðari ár samkvæmt gerðum samningi. Í Hálshreppi var að sögn oddvita upprekstur á „afréttir“ hreppsins að mestu háður sérstöku leyfi árlega af hálfu „afréttareigenda“ eða umráðaaðila, en í Flateyjarhreppi var rétturinn og notkunin samkvæmt gamalli venju.<sup>804</sup>

Að sögn Jóhanns Skaptasonar árið 1969 voru Hálsmannatungur „afréttarland“ Fnjóskdæla.<sup>805</sup>

Í svari Reykdælahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins árið 1989 um upprekstrarrétt og „afrétti“ í sveitarfélögum segir:

Reykdælahreppur á ásamt Aðaldælahreppi eyðibýlið Kotamýrar í Ljósavatnshreppi, sem var notað sem afréttur, en hefur um árabíl ekki verið notaður vegna sauðfjárveikivarna.<sup>806</sup>

Oddviti Ljósavatnshrepps svaraði fyrirspurninni árið 1989 þannig, að íbúar hreppsins ættu upprekstrarrétt á „afrétt“ Vestur-Bárðdæla/Bárðdælaafrétt. Ekki voru Kinnarfjöll og Náttfaravíkur nefnd sem „afréttur“.<sup>807</sup>

Svar oddvita Hálshrepps árið 1989 var þannig, að sveitin ætti upprekstrarrétt á Flateyjardal og Flateyjardalsheiði (auk Framdala). Mörkin væru hin sömu og hreppamörk samkvæmt korti. Lengd hreppsins væru u.þ.b. 145 km og „afrétturinn“ næði norðan við byggð til sjávar, norður á Landsenda, norðvestan Flateyjar.<sup>808</sup>

Á svæðinu, sem til umfjöllunar eru í máli 4/2007, eru nú samkvæmt upplýsingum árið 2007 tvær fjallskiladeildir, Kinn, sem nær frá Krossi í suðri að Hágöngum syðri við vestanverðan Skjálfanda, og Fnjóskadalur norður og Flateyjardalur, þ.e. jarðir í Fnjóskadal frá og með Vatnsleysu og Fornastöðum/Fornhólum, Flateyjardalsheiði og Flateyjardalur að mörkum Grýtubakkahrepps. Nær sú síðari því einnig til máls 5/2007.

Lönd sem gengin eru í Kinn eru Víknaland og land vestan Bakranga og Skarðsmýrar, Seljadalur, Gönguskarð, Finnsstaðadalur og Litlutjarnaland. Fjallskilasjóður kostar göngur í Víkum með Austur- og Vesturdal, einnig á Mosum, Seljadal, Gönguskarði, Finnsstaðadal og Litlutjarnalandi.

Mörk milli sumarbeitilands á Flateyjardalsheiði og heimalanda eru að vestanverðu girðing úr Árbaugsá/Árbugsá við Þúfu til vesturs, þaðan norðvestur um land Vestari-Króka og síðan vestur að fjallsbrún. Að austan hindrar Árbaugsá/Hólsá för fjár.<sup>809</sup>

<sup>804</sup> Skjal nr. 4 (113).

<sup>805</sup> Jóhann Skaptason: *Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótsheiðar*, bls. 83.

<sup>806</sup> Skjal nr. 4 (6).

<sup>807</sup> Skjal nr. 4 (4).

<sup>808</sup> Skjal nr. 4 (5).

<sup>809</sup> Skjal 4 (2).

Hjörleifur Guttormsson hefur í greinargerð sinni dregið stuttlega saman það helsta úr bókinni *Göngur og réttir* hvernig smölunum á þessu svæði var háttað áður fyrr og vísast til þess.<sup>810</sup>

### 5.38.3 Afréttarmál einstakra jarða og landsvæða

Ekki verður séð í heimildum að nokkurs staðar sé talað um sveitararétt í því landi sem fellur undir mál 4/2007. Hins vegar er stundum talað um „afrétt“ við einstakar jarðir eða landsvæði og verður reynt að draga það hér saman, en nákvæmari umfjöllun um þau mál er í jarða- og landsvæðaköflunum hér að framan.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir um Finnsstaðadal:

Finnsstaðadalur kallast eitt dalland í fjöllunum milli Fnjóskadals og hjer. Hann hefur áður verið eignaður Finnstöðum, so sem sjá má af gömlum lögfestum. Hann er nú ekki brúkaður nema lítill<ega> til hestagöngu á sumrin.<sup>811</sup>

Í fasteignamati 1916-1918 segir um jarðirnar Litlutjarnir, Kross, Landamótssel, Landamót, Halldórsstaði, Finnsstaði, Fellssel, og Ystafell, að þær eigi rétt til upprekstrar á „afrétt sveitarinnar“.<sup>812</sup> Þar mun væntanlega átt við land inn af Bárðardal. Um Halldórsstaði segir einnig:

Auk þess fylgir 1/6 af svo nefndum Finnsstaðadal, en af honum fást engar tekjur.

Finnsstaðir eiga í sama mati með upprekstrarréttinum:

Auk þess 5/6 af svo nefndum Finnsstaðadal.

Um Gvendarstaði segir:

Jörðin á nægilegt upprekstrarland fyrir sig.<sup>813</sup>

Hrappsstaðir fá umsögnina:

Jörðin hefir sérstak upprekstrarland, nægilegt fyrir sig.<sup>814</sup>

Þegar kemur út í sveitina, hjá Hólsgærði, Hóli og Garðshorni, nýtist „afrétt sveitarinnar“ ekki sökum fjarlægðar.

Jörðunum Hálsi og Torfunesi fylgdi sérstakt upprekstrarland, nægilegt fyrir þær. En um upprekstrarlandið á Hálsi segir:

Landamerki þess eigi ágreiningslaus.

Ófeigsstöðum og Syðri-Leikskálaá fylgdu upprekstrarlönd.<sup>815</sup>

<sup>810</sup> Skjal nr. 47.

<sup>811</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 126.

<sup>812</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>813</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>814</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>815</sup> Skjal nr. 2 (68).

Í bréfabók Jóns Gissurarsonar, prófests í Þingeyjarþingi, virðast á einni síðu taldir upp allmargir ákæruliðir um Seljadal með meiru, ásett af Jóni Þorkelssyni Þjóðskjalaverði um 1633. Inntakið er að Seljadalur hafi verið gerður að „afrétt“, svo að selstöður yrðu ekki brúkaðar og kotungar hræddir frá að nýta sér landið og fari þar fram yfir takmörk sem ákærða eigin skjöl til vísi og gömul hefð votti.<sup>816</sup> Virðist hér vera átt við Illuga Helgason prest á Þóroddsstað.

Í jarðamatinu 1804 er vikið að afréttartekjum á Þóroddsstað:

Nr. 258. Stad eller Thoroddstade Beneficium 25 hndr. ... For Afret betales Præsten af Fremmede aarlig 1 rd.<sup>817</sup>

Jarðamatið 1849-1850 segir um Þóroddsstað:

N<sup>o</sup> 46 Þóroddsstaður áður talin 25 hndr. að dýrleika. ... Þar er landrými bæði heima og til afrjettar.<sup>818</sup>

Um Þóroddsstað er sagt í fasteignamatinu 1916-1918:

Jörðinni fylgir afréttur: Seljadalur vestan ár. Meira en nægur fyrir jörðina. Á afreitt [svo] þeirri má heyskap hafa, en erfitt mjög.

Einnig fylgdu Þóroddsstað ýmis ítök, þar á meðal:

Land ítak á Gönguskarði. ... rekaitak í Náttfaravíkum og upprekstur.<sup>819</sup>

Um Geirbjarnarstaði og Syðri-Leikskálaá (Múlakirkjujarðir) segir í jarðamatinu 1804:

Nr. 259. Geirbiarnar-Stadir KirkeJord til Muhle, 20 hndr. hermed bruges, Muhle Kirke tilhørende, Öde Jord Sydre-Leifskalaaae, som Beiteland. - ... For Afret betales hertil af Fremmede aarlig 1 rd.<sup>820</sup>

Granastaðir fá þessa umsögn í fasteignamatinu 1916-1918:

Heimaland er notað til upprekstrar fyrir jörðina, eptir sveitarsamþykkt.

Um Björg segir sama fasteignamat:

Afrétt fylgir, nægileg fyrir jörðina.<sup>821</sup>

Elsta heimild um afrétt í Náttfaravíkum er í skrá um landamerki Haftralækjar, Garðs, Skriðu og ýmissa fleiri jarða, sem talin hefur verið frá 1263. Þar segir:

gardz menn eiga oc torfskurd j bruar land oc gelldfiar Rextur i kalfagrufulur j vikur, sem þarf<sup>822</sup>

<sup>816</sup> Skjal nr. 2 (249).

<sup>817</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>818</sup> Skjal nr. 2 (65).

<sup>819</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>820</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>821</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>822</sup> Skjal nr. 2 (301). (Umfjöllun um skjalið er á bls. 2-3 í sama bindi).

Þessi réttindi Garðs í Aðaldal eru nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1712, en þar segir:

Geldfjárrekstur í Náttfaravíkur, brúkast ei.<sup>823</sup>

Samkvæmt uppskrift af skýrslu um eignir Þóroddsstaðarkirkju árið 1599 lá til kirkjunnar:

vidun i Stadarholti i Gards lande, Fyrer Géldinga rekstur i Kálfagrafer i vkumm út.<sup>824</sup>

Um Garðsítakið fjallar séra Eiríkur Þorleifsson á Þóroddsstað í sjötta lið greinargerðar sinnar frá árinu 1840.<sup>825</sup> Vildi Eiríkur halda því fram, að „Garðsmáldagi“ sýndi að á þeim tíma hefði „ytra landið“ verið byggt, en

stadirnir i Reikiadal hafi átt sína samEygnar afrétt þar fyrir framann á Náttfaravykur afréttar dölum,

Getið er um „afrétti“ Grenjaðarstaða-, Múla- og Helgastaðakirkna í Náttfaravíkum í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar Hólabiskups, sem taldir eru frá árinu 1318.

Þessi ítök allra kirknanna eru nefnd í máldögum Péturs biskups Nikulásssonar 1394<sup>826</sup>, Grenjaðarstaðar- og Múlakirkna í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar 1461<sup>827</sup> og í Sigurðarregistri 1525.<sup>828</sup> Ítök Grenjaðarstaðarkirkju í Náttfaravíkur eru talin í úttekt staðarins árið 1391<sup>829</sup> og vísitasía Helgastaða árið 1429 er samhljóða Auðunarmáldaga.<sup>830</sup> Máldagi Múlakirkju árið 1563 nefnir þetta ítak einnig.<sup>831</sup>

Máldagi Ljósavatnaskirkju er til frá árinu 1380. Þá átti kirkjan geldfjárrekstur í Náttfaravíkur um sumar eða eins og máldaginn segir:

skaalaagierd oc skipstodu j vijkum vid svijninn gielldfiaar rekstur j naattfaaraa vijkur vmm sumaar<sup>832</sup>

Þóroddsstaðarprestur, Einar Hallsson bar 16. apríl 1560, að Staður í Kinn ætti Náttfaravíkur en staðirnir í Reykjadal ítölur samkvæmt máldögum, en Helgastaðaprestar virðast samkvæmt vitnisburðinum hafa verið farnir að gera þar meira tilkall.<sup>833</sup>

Guðbrandur biskup Þorláksson staðfesti haustið 1580 ályktun sex presta, sem kallaðir voru til þess að úrskurða í þrætu um Náttfaravíkur milli Helgastaða- og

<sup>823</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, 170.

<sup>824</sup> Skjal nr. 2 (76), sbr. skjal nr. 2 (90).

<sup>825</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>826</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>827</sup> Skjal nr. 2 (202).

<sup>828</sup> Skjöl nr. 2 (220) og 2 (221).

<sup>829</sup> Skjal nr. 2 (193).

<sup>830</sup> Skjal nr. 2 (195).

<sup>831</sup> Skjal nr. 2 (230).

<sup>832</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>833</sup> Skjal nr. 2 (277).

Þóroddsstaðarpresta, að Helgastaðakirkja ætti þar aðeins afrétt en Staður í Kinn Víkurnar.<sup>834</sup>

Ítaks Helgastaða með tilvísun til Grenjaðarstaðar og Múla er getið í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar árið 1595, vísitasíum biskupanna Þorláks Skúlasonar árið 1631, Gísla Þorlákssonar árið 1672, Jóns Vigfússonar árin 1686 og 1687, Einars Þorsteinssonar árið 1694, Björns Þorleifssonar árið 1702, Steins Jónssonar árið 1715, Halldórs Brynjólfssonar árið 1748 og Steingríms Jónssonar árið 1828.<sup>835</sup> Þorlákur Skúlason biskup vísar til máldaga Hóladómkirkju og Grenjaðarstaðar varðandi ítök í vísitasíu á Grenjaðarstað 1631 og Jón Vigfússon vísar einnig til máldaga árin 1686 og 1688.<sup>836</sup> Hins vegar nefna biskuparnir Einar Þorsteinsson og Björn Þorleifsson aðeins reka í Náttfaravík á árunum 1694 og 1702.<sup>837</sup> En Steinn Jónsson getur um „afrétt í Náttfaravík“ meðal ítaka Grenjaðarstaðar árið 1715.<sup>838</sup> Afréttarítak Grenjaðarstaðar í Náttfaravíkum er nefnt í eignaskrá Grenjaðarstaðarkirkju árið 1644.<sup>839</sup> Einnig í lýsingu prestakalla í Þingeyjarþingi 1724 og 1725.<sup>840</sup>

Afréttarítaks Múla í Náttfaravíkum er getið í vísitasíum biskupanna Þorláks Skúlasonar árið 1631, Einars Þorsteinssonar árið 1694 og Steins Jónssonar árið 1715.<sup>841</sup> Séra Gísli Einarsson í Múla lögfesti ítakið 6. júní 1693.<sup>842</sup> Geldfjárrekstrarítak Múla er nefnt í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725.<sup>843</sup> En í lýsingu Múlaprestakalls 1. júlí 1839 er sagt að geldfjárreksturinn sé fyrirboðinn.<sup>844</sup>

Helgastaðaprestar lögfestu afréttarítakið í Náttfaravíkum margsinnis með Helgastaðaprestakalli, t.d. 1638, 1669, 1707, 1715, 1716, 1719, 1721, 1723, 1730, 1733, 1740, 1764, 1782, 1828 og 1867.<sup>845</sup> Lögfestum þeirra á árunum 1786 og 1812 var mótmælt af Þóroddsstaðarprestum.<sup>846</sup> Mótmælin árið 1812 beindust gegn því, að Helgastaðaprestur notaði „afréttinn“ fyrir annað geldfé en eigið eða færi fram úr ítölunni. Gerðu Þóroddsstaðar- og Helgastaðaprestar, Sæmundur Jónsson og Hannes Scheving, samning sín á milli árið 1786 um afréttarnot.<sup>847</sup> Þá er getið um „afrétt“ Helgastaðakirkju í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725.<sup>848</sup>

<sup>834</sup> Skjal nr. 2 (27).

<sup>835</sup> Skjöl nr. 2 (131, 137, 141, 145, 152, 156, 160, 168, 170).

<sup>836</sup> Skjöl nr. 2 (134, 143, 146).

<sup>837</sup> Skjöl nr. 2 (150, 155).

<sup>838</sup> Skjal nr. 2 (162).

<sup>839</sup> Skjal nr. 2 (80).

<sup>840</sup> Skjöl nr. 2 (81 og 239).

<sup>841</sup> Skjöl nr. 2 (135, 151, 161).

<sup>842</sup> Skjal nr. 2 (93).

<sup>843</sup> Skjal nr. 2 (240).

<sup>844</sup> Skjal nr. 2 (94).

<sup>845</sup> Skjöl nr. 2 (115, 117, 119, 120, 121, 122, 123, 124, 125).

<sup>846</sup> Skjöl nr. 2 (126, 128).

<sup>847</sup> Skjal nr. 2 (127).

<sup>848</sup> Skjal nr. 2 (241).

Granastaðir í Kinn áttu, samkvæmt vitnisburði Ólafs biskups Hjaltasonar frá árinu 1561, ítakarétt í Náttfaravíkur.<sup>849</sup>

Í bréfabók Jóns Gissurarsonar, prófests í Þingeyjarþingi, virðast á einni síðu taldir upp allmargir ákæruliðir um Víkur (Náttfaravíkur) með meiru, árssett af Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði um 1633. Viðkomandi hafi leyft og tollað Víkur svo að örtröð yrði og gert það „afréttarland“ að byggð og fyrirboðið þeim, sem ættu þar ítölu, að láta þangað búpening sinn.<sup>850</sup>

Lofaði séra Illugi Helgason árið 1640 að afslá allri byggingu í Náttfaravíkum með því skilyrði, að þeir, sem þar væru, mættu þar við hýrast til næstu fardaga. Staðfestu sýslumenn í Þingeyjarsýslu, Þorbergur Hrólfsson og Hrólfulf Sigurðsson, skyldu Illuga að taka byggðina af.<sup>851</sup>

Halldór Einarsson sýslumaður auglýsti á manntalsþingi á Ljósavatni 25. maí 1705 bón prestanna að Grenjaðarstað, Múla og Helgastöðum um að hann gæti þess að ekki sé byggt í „afrétt“ þeirra Náttfaravíkum. Sýslumaður bannar Magnúsi, sem í nokkur ár hefur haldið sér uppi í nefndri „afrétt“, og öllum öðrum að setja niður byggð í eða beita „afréttina“ og minnir á hvernig tekið sé á því samkvæmt Jónsbók.<sup>852</sup> Mál þetta hafði einnig verið tekið upp á Helgastaðþingi 16. maí s.á.<sup>853</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 kallar Náttfaravíkur „afréttarland“, eign Staðar í Kinn utan það sem aðrir staðir ættu þar ítök.<sup>854</sup> Þar er einnig minnst á upprekstur Helgastaða:

Upprekestur fyrir allan afrjettarpening staðarins í Náttfaravíkur hefur áður brúkast, nú ekki.<sup>855</sup>

Um Þóroddsstað segir í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725, að staðurinn hafir nóg land um sumar og góða haga, „afrétt“ í Náttfaravíkum og hálfan fiskatoll af þremur skipum.<sup>856</sup>

Í greinargerð séra Eiríks Þorleifssonar á Þóroddsstað um Náttfaravíkur, frá 11. desember 1840, er þess getið að fé hafi komist úr Náttfaravíkum yfir í „afréttarfjöll“ Granastaða.<sup>857</sup>

Í jarðamatinu 1804 er vikið að afréttartekjum á Kotamýrum:

For Afret betales hertil af Fremmede aarlig 1 rd.<sup>858</sup>

<sup>849</sup> Skjal nr. 2 (228).

<sup>850</sup> Skjal nr. 2 (249).

<sup>851</sup> Skjal nr. 2 (116).

<sup>852</sup> Skjal nr. 2 (260) a-b.

<sup>853</sup> Skjal nr. 2 (259) a-b.

<sup>854</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 109-111.

<sup>855</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 178.

<sup>856</sup> Skjal nr. 2 (242).

<sup>857</sup> Skjal nr. 2 (74) a-b.

<sup>858</sup> Skjal nr. 2 (61).

Ekkert er vikið að réttindum Grenjaðarstaðar-, Helgastaða- og Múlakirkna í Náttfaravíkur í jarðamati 1849-1850.<sup>859</sup> Um býlin Kotamýrar (þar er einnig minnst á Björg) og Naustavík með Vargsnesi segir um upprekstur og afréttarnot:

N<sup>o</sup> 53 Kotamýrar kristsfjárjörð talin 10 hndr. að dýrleika. Landrými sæmilegt; gjeldfjárupprekstur til hagræðis; allgóð málnyta ... Þræta er hjer á landshluta nokkrum milli Bjarga, um hvað seinna verður gjetið. ...

N<sup>o</sup> 54 Naustavík með Vargsnesi ómetin. ... Landrými allmikið og gott bæði til þrifa og málnytu. Frían upprekstur fyrir eigin skjepnur. Vargness tún er lítið; að öðruleiti er lýsingin á eingi og úthaga hinsama og á Naustavík ...

2 Þrætulandið milli Kotamýra og Bjarga liggur vestan við sokallaðan bakránga; og álytst nægur afrjettur handa 100 lömbum.<sup>860</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 var eftirfarandi um jarðir í Náttfaravíkum: Kotamýrar höfðu verið í eyði síðan árið 1909, tún í órækt, hús niðurfallin og eigendur höfðu leigt nytjar landsins undanfarin ár fyrir 15-20 krónur.

Í Naustavík var heimaland notað til upprekstrar eftir sveitarsamþykkt.

Vargsnes hafði verið í eyði síðan 1904, en nytjar leigðar ábúanda Naustavíkur. Tún var komið í órækt, en þó heyjað en landið notað undanfarið fyrir afrétt.<sup>861</sup>

Árið 1920 vakti umboðsmaður Þóroddsstaðar, sem þá var ekki lengur prestssetur, máls á hvernig fara ætti með ítök jarðarinnar, þar á meðal upprekstrarland í Náttfaravíkum. Endaði það þannig að Stjórnarráðið skrifað sýslumanni 18. janúar 1921 og tilkynnti honum að umrædd ítök skyldu framvegis fylgja hinu nýja prestssetri Þóroddsstaðarprestakalls, Vatnsenda.<sup>862</sup>

Við sölu á 24 hndr. í Fremstafelli í Kinn 24. maí 1433 eru talin með Grímsstaðaland (Grímsland) og afrétt á Flateyjardalsheiði.<sup>863</sup> Hálf Fremstafell var selt 30. nóvember 1485 (10. janúar 1486) með ítölum þ. á m. „afrétt“ öllu geldfé á Flateyjardalsheiði og hálf Grímsstaðaland.<sup>864</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 er þessi umsögn um Grímslandseign Fremstafells:

... af því hefur ábúandi ekki gagn, með því það liggur í fjarska, en áður hafa þeir fengið eftir þetta land x eða xx álna virði.<sup>865</sup>

Í lýsingu Fremstafells árið 1878 sem umboðsjarðar Munkaþverárklosturs segir að því fylgi selland sem nefnist Grímsland. Þar sem landið liggir í miðri

<sup>859</sup> Skjal nr. 2 (66).

<sup>860</sup> Skjal nr. 2 (65).

<sup>861</sup> Skjal nr. 2 (68).

<sup>862</sup> Skjal nr. 2 (285).

<sup>863</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>864</sup> Skjal nr. 2 (213).

<sup>865</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 125.

Flateyjardalsheiðarafrétt virðist alrangt að hafa þar byggð lengur heldur leigja sem „afréttarland“.<sup>866</sup>

Landamerkjabréf „afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremstafelli“, var útbúið 16. janúar 1885.<sup>867</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 segir m.a. um Grímsland:

Jörðin hefir verið í eyði mjög lengi ... Tún og engi var lítið, en landrými talsvert og kjarngott, nú óhugsandi að hafa landsins önnur not, en sem upprekstrarland, sökum legu sinnar á Flateyjardalsheiði svo nefndri, ... Sem stendur mun upprekst<r>argjald gefa bruttó 15 krónur. ...<sup>868</sup>

Auðunarmáldagar frá 1318 segja Hálskirkju eiga afrétt á heiði út, Hálsmannatungur.<sup>869</sup>

Þessa ítaks Hálskirkju er getið með sömu orðum í máldögum Péturs Nikulássonar (1394), máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar (1461), eignaskrá frá árinu 1523, máldaga 21. september 1565 og máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, í vísitasíum biskupanna Þorláks Skúlasonar árið 1631, Gísla Þorlákssonar 1680 (nema þá er talað um Hálfsmannatungur), Einars Þorsteinssonar 1694, Björns Þorleifssonar 1702 og Steingrims Jónssonar 1828.<sup>870</sup> Hins vegar segir í vísitasíu Jóns Vigfússonar biskups árið 1687 að máldagabókin (þ.e. vísitasíubók Þorláks Skúlasonar) haldi að kirkjan eigi afrétt á heiði út, Hálsmannatungur.<sup>871</sup>

Hins vegar virðist orðinn einhver ruglingur þegar Steinn Jónsson biskup vísiterar Hálskirkju árið 1715:

Kirkjann á heimaland alt ... afriett á heide ut; Hals manna tungur (Þær helldur heidarlegur Senior Sr Jon Tómasson ad Sieu plátz, sem á flatEýardalsssheide er nu kallad almenningur), ...<sup>872</sup>

Jón Tómasson hefur e.t.v. ruglað Hálsmannatungum saman við Almenning á Flateyjardalsheiði og ekki verið einn um það því að Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir í umfjöllun um ítakaeignir Hálskirkju:

Afrjettarland á Flateyjardalsheiði, sem máldaginn kallar Hálsmannatungur. Enginn veit nú hvar sá afrjettur er, og aldrei hefur staðurinn hans notið, svo menn viti.<sup>873</sup>

Jarðabók Árna og Páls segir Þverá í Dalsmynni eiga hálfar Lambatungur (þ.e. Hálsmannatungur)<sup>874</sup> og í umfjöllun um Draflastaði að kirkjan þar eigi hálfar Lambatungur.<sup>875</sup>

<sup>866</sup> Skjal nr. 2 (256).

<sup>867</sup> Skjal nr. 2 (17) a-b.

<sup>868</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>869</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>870</sup> Skjöl nr. 2 (191, 203, 98, 231, 130, 133, 139, 153, 154, 173).

<sup>871</sup> Skjal nr. 2 (144).

<sup>872</sup> Skjal nr. 2 (163) a-b.

<sup>873</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 91.

<sup>874</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 107.

<sup>875</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 72.



Hálsprestar lögfestu Hálsmannatungur nokkrum sinnum. Til eru tvær óársettar lögfestur sem munu vera frá því kringum 1600. Önnur virðist hafa verið lesin 1629, 1630 og 1631 þó að ekki sé getið við hvaða tækifæri.<sup>876</sup> Yngri lögfestur eru frá árinu 1725,<sup>877</sup> 1726,<sup>878</sup> 1744,<sup>879</sup> 1745<sup>880</sup> og 1830.<sup>881</sup> Sömu leiðis hafa þær verið lögfestar árið 1724.<sup>882</sup>

Deilur voru uppi um Hálsmannatungur milli Hálsprests og ábúanda og eiganda Þverár í Dalsmynni á árinu 1743 og væntanlega lengur. Ekki hefur fundist endanlegur úrskurður í því máli en ekki verður séð að Þverármenn hafi gert tilkall til Hálsmannatungna eða Lambatungna eftir það.<sup>883</sup>

Landamerkjalysing „afreittarinnar“ Hálsmannatungna fylgir landamerkjabréfi Háls í Fnjóskadal frá 2. júní 1890.<sup>884</sup>

Þórhallur Bjarnarson biskup skrifaði prófasti í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi 25. janúar 1910 og sagði Lambatungur vera hið sama og Hálsmannatungur.<sup>885</sup>

Sala á Hálsmannatungum var til umræðu á árunum 1914-1916. Stóð Hálsshreppi til boða að kaupa landið en ágreiningur varð um verð.<sup>886</sup> Ekkert afsal hefur fundist en víða er talað um þær sem eign Hálsshrepps.

Um hjáleiguna Kambsmýrar segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712:

Kambsmýrar. Eyðihjáleiga, bygð í afrettarlandi út á Flateyardalsheiði hér um fyrir 50 árum, og varaði bygðin inn til næstu 6 ára.<sup>887</sup>

Kambsmýrar hafa væntanlega verið notaðar til upprekstrar þegar þar var ekki búið því að í prófastsvísitíu á Draflastöðum 5. október 1751 er sagt að óvíst sé hvort lambatollur af Kambsmýrum tilheyrir Draflastaðakirkju eða sjálfri jörð.<sup>888</sup> Í jarðamati 1804 er eftirfarandi um Kambsmýrar:

For Afret betales af Fremmede aarlig 1 rd. - <sup>889</sup>

Kambsmýrar voru í eyði þegar fasteignamat var gert á árunum 1916-1918. Þar segir m.a.:

<sup>876</sup> Skjal nr. 2 (100) a-b.

<sup>877</sup> Skjal nr. 2 (110) a-b.

<sup>878</sup> Skjal nr. 2 (101) a-b.

<sup>879</sup> Skjal nr. 2 (102) a-b.

<sup>880</sup> Skjal nr. 2 (103) a-b.

<sup>881</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b.

<sup>882</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Lögfesta þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096.

<sup>883</sup> Skjöl nr. 2 (109) a-b, 2 (110) a-b og 2 (58). Sjá einnig skjal nr. 2 (180) a-b.

<sup>884</sup> Skjal nr. 2 (23).

<sup>885</sup> Skjal nr. 2 (284).

<sup>886</sup> Skjöl nr. 2 (282) og 2 (283).

<sup>887</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 73.

<sup>888</sup> Skjal nr. 2 (248) a-b.

<sup>889</sup> Skjal nr. 2 (63).

Undanfarið hefur landið verið notað til upprekstrar og slægna, en tiltölulega lítið, þar eð upprekstrarlönd eru allmikil umhverfis, en erfitt um heyskap ...<sup>890</sup>

Sama mat segir um Draflastaði:

Búfjárhagar: Jörðin á landsítak á Gönguskarði.<sup>891</sup>

Jarðamat 1804 telur afréttartekjur í Garði:

Nr. 280. Gardur Selvejer Jord ... For Afret betales af Fremmede aarlig 64  
<s.>.<sup>892</sup>

Í fasteignamati 1916-1918 segir um jarðirnar Austari-Króka og Garð, hvora fyrir sig:

Upprekstrarland fyrir jörðina sjálfa, en lítið meira.<sup>893</sup>

Ytri-Hóll fær í sama mati umsögnina:

Upprekstrarland fylgir, sem jörðinni nægir.<sup>894</sup>

Og um Syðri-Hól segir í sama mati:

Upprekstrarland hefur jörðin fyrir sig.<sup>895</sup>

Samkvæmt sama fasteignamati átti Draflastaðajörð landsítak á Gönguskarði.<sup>896</sup>

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Sameiginleg atriði á svæði 6

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrir-  
liggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þessara gagna við það mál  
sem hér er til umfjöllunar. Í framhaldinu verður einnig sérstaklega hugað að því hvort  
í nýjum dómum um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afréttarsvæða megi greina  
áherslumun sem tilefni gefi til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambæri-  
legum tilvikum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál  
þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu  
einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.<sup>897</sup> Loks verður fjallað um ákvörðun  
málkostnaðar.

<sup>890</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>891</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>892</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>893</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>894</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>895</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>896</sup> Skjal nr. 2 (70).

<sup>897</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 47, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (svæði 1), er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum nr. 1-5/2001 (svæði 2) er í kaflanum *Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1-9/2003 (svæði 3), 1-6/2004 (svæði 4) og 1-5/2005 (svæði 5). Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum nr. 1-5/2007 (svæði 6).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og samræmi við áðurnefndar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, og vísar til þeirra, sbr. einnig kafla 6.1.2 - 6.1.3 hér á eftir.

### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 31. maí 2006, nánar tiltekið kafla 6.1.1 í málum nr. 1-6/2004 (svæði 4), var þannig fjallað sérstaklega um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 29. maí 2007, nánar tiltekið kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), tók óbyggðanefnd einnig afstöðu til þess hvort þeir dómur sem þá lágu fyrir gæfu tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki. Þá skal þess getið að í sömu máli, kafla 6.1.2, var gerð almenn grein fyrir stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi.

Frá því óbyggðanefnd kvað upp síðastnefnda úrskurði, í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómur frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr.

27/2007 (Grænafjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á framangreindri niðurstöðu, þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

### 6.1.3 Afréttir einstakra jarða og stofnana

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sbr. kafla 6.1.1. og viðauka. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4 og 4.5 í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnotafréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitafni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimaörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendum og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenna, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendum og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenna, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri

niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrir og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafréttta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almanningum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðháttu, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungu og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffells Lambertungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrjú dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskups-tungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitæfni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>898</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

<sup>898</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum Landnámu sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

### 6.3 Knarrareyri og Eyrarfjall

#### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Knarrareyrar og Eyrarfjalls (Knarrareyrarlands) gera einnig kröfu til sem eignarlanda sinna, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1., 3.2. og 3.3.

Austur og upp af flatlendi við Dalsá, í Flateyjar dal, er Austurheiði. Ofan hennar rís yfir 30 km langur fjallgarður og ná einstakir hnjúkar í yfir 1200 m hæð. Norðan til heitir fjallagarðurinn Víknafjöll og tengjast þau til suðurs Kinnarfjöllum. Landsvæði það sem hér um ræðir liggur fyrir ofan 500 m hæðar upp af Flateyjar dal, nær austur yfir Víknafjöll og niður að sjó að austan. Svæðið er bratt og fjallent. Að austan rís land skarpt úr sæ, með nær samfellda sjávarhamra. Nyrst liggja Hágöng ytri (645 m), brött með sjávarhamra norðan og austan til. Vestur-Hvanndalur er alldjúpur dalur sem skerst niður í fjallgarð Kinnarfjalla austan frá innan Háganga. Litlu sunnar liggur Austur-Hvanndalur sem skerst frá austri til suðvesturs í Víknafjöll.

#### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hliðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla og síðan öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Byggt sé á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjar dal en því afréttarsvæði sé lýst í bókinni *Göngur og réttir*. Meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps séu Kinnarfjöll, þ.e. Finnsstaðadalur, Gönguskarð, Seljadalur og Víknalönd, og komi það m.a. fram í bókinni *Göngur og réttir*. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi, enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé

Ekki sé fallist á lýsingar eigenda Knarrareyrar/Eyrarfjalls. Talið er að umrædd jörð geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk. Þá séu merkjalýsingar óljósar á svæðinu til fjalls, t.d. „á fjall upp“, og „í hæsta fjallshrygginn“.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Knarrareyrar, er því haldið fram að sú afstaða ríkisins að viðurkenna ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum, hefð, venju eða öðrum sögulegum



heimildum. Byggt sé á þinglýstum landamerkjum sem gerð hafi verið fyrir fjórum kynslóðum og öðrum eldri gögnum um jörðina. Landamerkin hafi verið skráð og þinglesin og þar með staðfest af þar til bærum valdsmanni og hafi síðan verið virt af hinu opinbera valdi og einkaaðilum. Gögn þessi hafi síðan verið fullkomin sönnun um eignarrétt að jörðinni og um merki hennar. Þá hafi lánastofnanir hins opinbera og einkaaðila byggt traust á þessum gögnum og eigendur jarða verið skattlagðir samkvæmt þeim. Eigendur jarðanna hafi mátt treysta því að ríkið breytti ekki afstöðu sinni til landamerkjanna eftir allan þennan tíma. Á því er byggt að núverandi eigendur séu í góðri trú um eignarheimildir sínar og landamerki. Þeir hafi ekki staðið að gerð þeirra og þeim sé ekki nákvæmlega kunnugt um hvaða gögn hafi verið fyrir hendi þegar landamerkin hafi verið gerð. Góð trú gagnaðila njóti lagaverndar en því til stuðnings er vísað til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu.

Því er haldið fram að séu umræddar eignarheimildir ekki fullnægjandi sönnun um beinan eignarrétt þá verði hann talinn sannaður með eignarhefð, enda hafi verið í gildi ákvæði um eignarhefð í íslenskum lögum allt frá árinu 1281. Merki jarðanna séu skýrt afmörkuð í landamerkjabréfum og ekki sé umdeilt að eigendur hafi nýtt land jarðanna með þeim hætti sem aðstæður hafi leyft á hverjum tíma. Hafnað er því viðhorfi ríkisins að ekki hafi verið unnt að stofna til eignarréttar með *occupatio* yfir í einskis manns landi eftir lögtöku Jónsbókar 1281. Það sé fyrst með lögtöku Þjóðlendlaga sem það sé óheimilt.

Því er mótmælt að ríkið geti byggt kröfulínu sína á óljósum lýsingum Landnámu en þar sé aðallega getið um hverjir námu hvað en ekki nákvæmlega fjallað um landamerki numinna jarða. Mótmælt er þeim skilningi ríkisins að þögn Landnámu um nákvæma stærð landnámsjarðanna inn til landsins sé túlkuð með þeim hætti sem ríkið geri. Þá er bent á að veður- og gróðurfar hafi verið annað og hagstæðara á landnámsstíma en síðar varð og byggð landsins og nýting verið með allt öðrum hætti. Byggðin hafi náð upp í 6-700 metra hæð, eins og nýjar rannsóknir fornleifafræðinga sanni. Loks er vísað til eignadóms aukadómpings Þingeyjarsýslu frá 20. maí 1975.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýsts eiganda Knarrareyrarlands, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi, ásamt öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum.

Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti. Ríkið hafi skráð jörðina í veðmálabækur, metið jörðina til fasteignamats og skráð hana í landskrá fasteigna sem eiganda og gefið henni fastanúmer. Ríkisvaldið hafi þannig viðurkennt að jörðin sé háð einkaeignarrétti og

farið með hana sem hverja aðra eignarjörð til jafns við aðrar jarðir með þinglesnum landamerkjum, sem hafi ráðist m.a. af merkjum aðliggjandi jarða. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Knarrareyrar/Eyrafjalls umfram 500 metra hæðarlínu hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Hæð yfir sjávarmáli hafi aldrei haft neina réttarfarslega þýðingu í íslenskum rétti. Hvorki hafi merki jarða eða hreppa tekið mið af hæð lands yfir sjávarmáli. Sú afstaða ríkisins að það viðurkenni ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum né hefð, venju eða sögulegum heimildum. Þá hafi Mannréttinda-dómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Loks sé mótmælt þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti.

Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að axla hana. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar og stjórnsýsluréttar sé ríkinu óheimilt að ganga lengra í kröfugerð sinni fyrir óbyggðanefnd og dómstólum en nauðsynlegt sé til að ná settu lögmetu markmiði.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Knarrareyrar rakin í kafla 5.2, sjá einnig kafla 5.38 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>899</sup>

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins hefur verið vísað til eignardóms aukadómpings Þingeyjarsýslu frá 20. maí 1975 í máli bræðranna Hólmgeirs og Stefáns Árnasona gegn krefjanda eignarréttar. Í dómsorði segir svo: „Viðurkenndur er eignarréttur stefnanna [svo], Hólmgeirs Árnasonar og Stefáns Árnasonar, að jörðinni Eyri (Knarrareyri) á Flateyjardal í Hálshreppi.“ Dómur þessi grundvallast á ákvæði

<sup>899</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

220. gr. þágildandi laga um meðferð einkamála, nr. 85/1936. Samkvæmt greininni veitti eignardómur dómhafa heimild til yferráða og ráðstafana eins og hann hefði í höndum afsalsbréf eða annað viðeigandi skjal. Ljóst er þannig að dómhafi er ekki í annarri eða betri stöðu en afsalshafi, sem getur samkvæmt almennum reglum þurft að færa á það sönnur að í afsali hafi falist raunveruleg yfirfærsla á eignarréttindum. Má í því sambandi t.d. vísa í dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 47/2004 (Afréttur Biskupstungna norðan vatna) og 11. maí 2006 í málinu nr. 496/2005 (Breiðármörk). Af framangreindum eignardómi aukadómþings Þingeyjarsýslu leiðir því hvorki að í „jörðinni Eyri (Knarrareyri) á Flateyjardal“ felist tiltekin eignarréttindi né afmörkun hugsanlegs réttindasvæðis.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi Knarrareyrar frá 16. apríl 1885, þinglesið 27. maí sama ár, en eldri merkjalýsingar liggja ekki fyrir. Athugun þessi tekur til þeirra merkja sem varðað geta ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er kröfusvæði Grímslands til suðurs og Naustavíkur og Vargsness til suðausturs. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Knarrareyrar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Í landamerkjabréfi Knarrareyrar segir svo: „Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp, og að neðan beint úr gilinu niður miðja skriðuna í Dalsá.“ Norðurmerki Grímslands miðast einnig við „Stótaskriðu, eða Stóruskriðulæk“ og austurmerki við „fjallsbrún“, samkvæmt landamerkjabréfi þess frá 1885. Bréf Grímslands og Knarrareyrar bera gagnkvæmar áritanir. Eldri heimildir um merki Grímslands liggja ekki fyrir, sbr. kafla 6.4.

Um austanverð suðurmerki Knarrareyrar, gagnvart Naustavík og Vargsnesi, segir svo í landamerkjabréfinu 1885: „Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðhol í Haugshorni og þaðan beint uppá hæsta fjallhrygginn.“ Bréfið er áritað vegna þessara landsvæða en ekkert landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir þau. Samræmi er milli þessarar lýsingar landamerkjabréfsins á austanverðum suðurmerkjum Knarrareyrar og eldri heimilda um mörk Náttfaravíkna til norðurs, sbr. kafla 6.7 um Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar. Í kröfulýsingu þinglýsts eigenda „Naustavíkur-Vargsness“ í máli þessu er m.a. vísað til lýsingar í landamerkjabréfi Knarrareyrar.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um Knarrareyri og Grímsland er þannig notað orðalagið „á fjall upp“, og „fjallsbrún“ um austurmerkin, upp af Flateyjardal, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar fyrir þau svæði til suðuráttar sem fjallað verður um í síðari köflum. Víknafjallamegin er merkjum Knarrareyrar lýst „uppá hæsta fjallhrygginn“. Á þessu svæði er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Knarrareyrar hafi verið talin ná austur yfir fjallgarðinn upp af Flateyjardal og til sjávar að austan. Í

samræmi við þetta var sá hluti Knarrareyrarlands sem Hálshreppur keypti með afsali, dags. 4. júlí 1953, og nefndur Eyrarfjall, afmarkaður með „Háfjalli að austan.“

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar Knarrareyrar. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf jarðarinnar Knarrareyrar var gert í kjölfar þess að landamerkjalgötu tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirbyggjandi gögn til þess að merkjum hennar sé þar rétt lýst, enda þótt sú lýsing sé ekki fullkomlega skýr. Landamerkjabréfið var undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Knarrareyrar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til fráviks frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Um upprekstur og afrétt í Eyrarfjalli er fjallað í nokkrum heimildum, sbr. rit Páls G. Jónssonar um Flateyjardalsheiði og yfirlit sýslumanns frá árinu 1959. Umfjöllun þessi er almenns eðlis og óljós. Óbyggðanefnd telur að umræddar heimildir endurspegli beitarafnot á landi jarðar og geti ekki leitt til þess að land á þessu svæði, innan merkjalýsingar jarðar, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land hennar.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki sýnt fram á að land innan landamerkjabréfs Knarrareyrar hafi að einhverju leyti stöðu afréttar að lögum og að umræddar heimildir endurspegli fremur beitarafnot á hálendari hlutum jarðarinnar. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Verður því lagt til grundvallar að eyðijörðin Knarrareyri hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885, svo sem þeim er nánar lýst hér framfar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting heiðarlands jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandishlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Knarrareyrar sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>900</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Knarrareyrar (nú Knarrareyrar og Eyrarfjalls), svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.4 Grímsland

### 6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstur eigandi Grímslands gerir einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.4.

<sup>900</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur fyrir ofan 60 m hæð upp af austanverðri Dalsá. Undirlendi er hallalítið og gróið með ánni, en rís síðan skarpt til austurs. Austur og upp af flatlendi við Dalsá, í Flateyjardal, er Austurheiði. Ofan hennar rís yfir 30 km langur fjallgarður og ná einstakir hnjúkar í yfir 1200 m hæð. Norðan til heitir fjallagarðurinn Víknafjöll og tengjast þau til suðurs Kinnarfjöllum. Upp af Austurheiði er Skálavíkurhnjúkur 1129 m og norðan undir honum skarðið sem var aðalleiðin upp úr Stóruskriðubotnum yfir í Náttfaravíkur og liggur sú leið í yfir 800 m hæð. Víða í fjallgarðinum austan Flateyjardals eru jökulfannir og litlir skriðjökklar í botnum og skálum undir hæstu tindum. Þannig eru talsverðar jökulfannir norðan undir Jökulfelli og Skálavíkurhnjúk.

#### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en landnám ekki tekið til fjalla og öræfa sunnan dala á svæðinu. Byggt sé á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í Göngum og réttum. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrtilteknum jörðum sé ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi, enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé. Af gögnum megi ráða að svokallað Grímsland hafi frá fornu fari verið afréttareign Fremstafells, en þó geti heimildir um einhverja búsetu á svæðinu á fyrri tíð en takmarkaða þó, skv. m.a. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Svæðið hafi þegar verið talið afréttarland um 1400 og verið það meira og minna síðan. Af því megi ætla að eingöngu hafi verið um afréttareign að ræða.

Af hálfu Þingeyjarsveitar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi, ásamt öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, fyrir þessari eign sinni ásamt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti. Ríkið hafi skráð jörðina í veðmálalabækur, metið til fasteignamats, skráð eiganda í landskrá fasteigna og gefið henni fastanúmer. Ríkisvaldið hafi þannig viðurkennt að jörðin sé háð einkaeignarrétti og farið með hana sem hverja aðra eignarjörð til jafns við aðrar jarðir með þinglesnum landamerkjum, sem hafi ráðist m.a. af merkjum aðliggjandi jarða. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum

haldbærum gögnum að land innan landamerkja Grímslands hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Hæð yfir sjávarmáli hafi aldrei haft neina réttarfarslega þýðingu í íslenskum rétti. Hvorki merki jarða né hreppa hafi tekið mið af hæð lands yfir sjávarmáli. Sú afstaða ríkisins að það viðurkenni ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stöð í landslögum, hefð, venju eða sögulegum heimildum. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi hvorki náð til heiða né fjallendis framangreindrar jarðar, enda sé hann ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhá hefð og venjurétti. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta henni. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnarskipunarréttar og stjórnarsýsluréttar sé ríkinu óheimilt að ganga lengra í kröfugerð sinni fyrir óbyggðanefnd og dómstólum en nauðsynlegt sé til að ná settu lögmætu markmiði.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Grímslands er rakin í kafla 5.3, sbr. einnig kafla 5.37 um sel og kafla 5.38 um afrétti og afréttarnot. Svo sem þar kemur fram er fyrst getið um „...grims stada lannd aa flatæyiar dals hæidi“ í heimild frá 14. öld og það talið tilheyrja Efstafelli/Fremstafelli í Kaldakinn. Jörðin Efstafell/Fremstafell liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá Grímslandi af fjölda annarra landsvæða. Búseta á Grímslandi hefur verið stopul, óljóst um upphaf hennar og landið lengi nýtt til sumardeildar. Árið 1885 var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir „afréttarlandið Grímsland, er fylgir jörðinni Fremstafelli“. Ljóst er að við gildistöku Þjóðlendlaga hafði landsvæði þetta stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>901</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er

<sup>901</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í áður nefndu landamerkjabréfi „afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremstafelli“, sem gert var 16. janúar 1885 og þinglesið 27. júní sama ár. Undir landamerkjabréf Grímslands frá 1885 skrifar umboðsmaður klausturjarða en Fremstafell var meðal þeirra. Eldri merkjalýsingar hafa ekki komið fram, en til er ódagsett og óundirritað bréf úr jarðaskjölum Þingeyjasýslu. Það verður ekki talið hafa þýðingu í þessu sambandi. Athugun merkja tekur til Grímslands í heild sinni, enda allt innan kröfusvæðis íslenska ríkisins samkvæmt afmörkun gagnaðila. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er kröfusvæði Knarrareyrar (Eyrarfjalls) til norðurs, Naustavíkur, Vargsness og Kotamýrar til austurs og Hálsmannatungna til suðurs. Til vesturs eru ágreiningssvæði í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 6.5. og 6.6. um Heiðarhús og Eyvindará. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Grímslands með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum Grímslands, gagnvart Knarrareyri, er þannig lýst í landamerkjabréfinu frá 1885 að þar ráði „Stóraskriða, eða Stóruskriðulækur“. Þessi lýsing er í samræmi við lýsingu á suðurmörkum Knarrareyrar í landamerkjabréfi frá 16. apríl 1885, þinglesið 27. maí sama ár. Þar segir svo: „Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp, og að neðan beint úr gílinu niður miðja skriðuna í Dalsá.“ Eldri heimildir um merki Knarrareyrar liggja ekki fyrir, sbr. kafla 6.3. Bréf Grímslands og Knarrareyrar bera gagnkvæmar áritanir.

Suðurmerki Grímslands, gagnvart Hálsmannatungum, miðast samkvæmt landamerkjabréfi hins fyrrnefnda við Ytri-Jökulsá. Norðurmerkjum Hálsmannatungna er eins lýst í landamerkjabréfi Hálskirkju frá 2. júní 1890 og fjölda eldri heimilda, sbr. kafla 6.5, og bréfin bera gagnkvæmar áritanir. Ytri-Jökulsá kemur úr háfjöllum með jökulfönnum í u.þ.b. 1000 m hæð yfir sjávarmáli.

Um austurmörk Grímslands, gagnvart Naustavík og Vargsnesi auk Kotamýra, segir svo í landamerkjabréfinu 1885: „Að austan er fjallsbrúin.“ Bréfið er ekki áritað vegna þessara landsvæða og ekkert landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir þau. Ekkert verður heldur ráðið af eldri heimildum að þessu leyti, sbr. kafla 6.7 um Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar. Í kröfulýsingu þinglýsts eiganda „Naustavíkur / Vargsness“ í máli þessu er m.a. vísað til lýsingar í landamerkjabréfi Grímslands. Sama máli gegnir um kröfulýsingu Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Kotamýra, en þær eru ekki til í afsals- og veðmálabókum.

Vesturmerki Grímslands, gagnvart Heiðarhúsum og Eyvindará, sem eru á ágreiningssvæði í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd, miðast við Dalsá að því er greinir í landamerkjabréfinu 1885. Bréf Grímslands er áritað vegna Heiðarhúsa og öfugt og lýsingin er í samræmi við austurmerki þeirra, sbr. landamerkjabréf



Heiðarhúsa, dags. 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887. Í landamerkjabréfi Eyvindarár, dags. 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887, er einnig miðað við Dalsá, enda þótt gagnkvæmar áritanir skorti.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í austanverðum Flateyjardal, þ.e. fyrir Knarrareyri, Grímsland og Hálsmannatungur, er notað orðalagið „á fjall upp“ og „fjallsbrúnin ráði“ um austurmerkin. Í tilviki Kambsmýra, sem einnig liggja í austanverðum Flateyjardal en sunnan Hálsmannatungna, segir „hæsta fjallsbrúnin“ í landamerkjabréfi frá 1885, sbr. kafla 6.6. Eldri merkjalýsingar á þessu svæði liggja einungis fyrir varðandi Hálsmannatungur og Kambsmýrar. Í fyrrnefnda tilvikinu er miðað við tvær ár, til norðurs og suðurs, sem báðar koma úr háfjöllum með jökulfönnum. Suðurmerkjum Grímslands er lýst í samræmi við þetta í landamerkjabréfinu 1885 og eldri heimild um merki Kambsmýra, sunnan Hálsmannatungna, bendir einnig til hins sama. Á þessu svæði er glögg landfræðileg afmörkun til austurs, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag í landamerkjabréfi Grímslands, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum til norðurs og suðurs, og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Grímslands hafi verið talin ná þangað upp.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Grímslands. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf „afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremstafelli“ var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst. Á henni hefur verið byggt síðan, án þess að

séð verði að komið hafi fram ágreiningur eða athugasemdir, yfirvalda eða annarra. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá galli sem á bréfinu er að því leyti að áritun vegna Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Fyrir liggur að Grímsland hefur legið undir jörðina Fremstafell svo lengi sem heimildir ná, og þar til það var selt Hálsahreppi á árinu 2001, en landfræðilega aðskilið frá þeirri jörð og afmarkað í sérstöku landamerkjabréfi.

Elna fyrirliggjandi heimild, þ.e. sölubréf frá árinu 1363, greinir frá því að með Efstafelli/Fremstafelli fylgi m.a. hálf t „...grims stada lannd aa flatæyiar dals hæidi“. Af framangreindu orðalagi verður ekki ráðið að Grímsland hafi á þeim tíma haft stöðu afréttar. Samkvæmt sölubréfi fyrir Fremstafelli frá árinu 1433 fylgir „grimstada lande ok afrett aa flateyardals heide“, sbr. ekki svipað orðalag í sölubréfi frá 1485. Óljóst er hvort og þá hvaða munur er þá gerður á þessu tvennu. Byggð í Grímslandi virðist hafa verið stopul og skammvinn a.m.k. frá því á 17. öld. Heimildir um eignir Fremstafells frá 18. og 19. öld nefna Grímsland „heimaland Fremstafells“, „kot“, „land“, „eyðibýli“, „jörð“ og „selland“, sbr. m.a. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, Jarðabók Munkaþverárklosturs frá 1760 og lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklosturs frá 1878. Ítrekað kemur fram að Grímsland sé á Flateyjarðalsheiði og stundum segir að það sé í afréttarlandi, sbr. einkum lýsingu Laufássóknar frá 1840 og lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklosturs frá 1878. Í nokkrum síðari tíma heimildum er fjallað um upprekstur og afrétt í Grímslandi, sbr. rit Páls G. Jónssonar um Flateyjarðalsheiði og yfirlit sýslumanns frá árinu 1959. Um eignarhaldið segir í fyrrnefndu heimildinni að eigandinn sé landssjóður og hinni síðari að um eign einstaklinga sé að ræða.

Óbyggðanefnd telur framangreindar heimildir benda til þess að á Grímslandi hafi verið búið í skjóli Fremstafells þegar árferði og fólksfjöldi leyfði. Að öðru leyti hafi landið verið nýtt sem beitiland og leigt út sem slíkt. Heimildir um forræði Fremstafells á Grímslandi ná allt aftur til 14. aldar og ráðstafanir fyrirvarsmanna þess á svæðinu til búsetu má rekja allt aftur til 17. aldar svo öruggt sé. Á þeim landsvæðum sem næst Grímslandi liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík

atriði ein og sér leiddu til fráviks frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Af öllu framansögðu telur óbyggðanefnd nægilega leitt í ljós að Grímsland hafi ýmist haft stöðu kots eða afréttar Fremstafells, í þeim skilningi að jörðin hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.<sup>902</sup> Heimildir um afrétt vísi því fremur til notkunar landsvæðisins á tilteknum tíma en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 6.1.3.

Verður því lagt til grundvallar að eyðikotið Grímsland hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind voru 1885, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur Fremstafells og síðar Hálsahreppur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka Grímslands hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjallendis hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Grímslands sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>903</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Grímsland, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.5 Hálsmannatungur

### 6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu Þingeyjarsveitar hefur verið afmarkað sem Hálsmannatungur og gerð krafa til sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1. og 3.5.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 100 m hæð upp af austanverðri Dalsá. Undirlendi er hallalítið og gróið með ánni, en rís síðan skarpt til austurs í allt að 1000 metra hæð. Austur og upp af flatlendi við Dalsá, í Flateyjardal, er Austurheiði. Ofan hennar rís yfir 30 km langur fjallgarður og ná einstakir hnjúkar í

<sup>902</sup> Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka)

<sup>903</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

yfir 1200 m hæð. Norðan til heitir fjallagarðurinn Víknafjöll og tengjast þau til suðurs Kinnarfjöllum. Víða í fjallgarðinum austan Flateyjardals eru jökulfannir og litlir skriðjökklar í botnum og skálum undir hæstu tindum.

### 6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla og síðan öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Byggt sé á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfufusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í bókinni *Göngur og réttir*. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé. Af gögnum megi ráða að Hálsmannatungur hafi frá fornu fari verið afréttarland Hálskirkju, en ekki er getið neina búsetu á svæðinu á fyrri tíð.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, Þingeyjarsveitar, er byggt á landamerkjabréfi, ásamt öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni ásamt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggji eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum rétti. Eignarheimild hreppsins finnst ekki en jörðin hafi verið talin í eignareglistri hreppsins í fullan hefðartíma, a.m.k. frá 1922. Jörðinni hafi ekki verið gefið sérstakt landnúmer og hún finnst ekki í veðmálabókum. Hún hafi verið nýtt sem beitiland.

Íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Hálsmannatungna hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Hæð yfir sjávarmáli hafi aldrei haft neina réttarfarslega þýðingu í íslenskum rétti. Hvorki merki jarða né hreppa hafi tekið mið af hæð lands yfir sjávarmáli. Sú afstaða ríkisins að það viðurkenni ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum né hefð, venju eða sögulegum heimildum. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréf Hálsmannatungna hafi verið gert. Öll afnot og nýttjar landsins hafi verið háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjallendis framangreindra jarða, enda sé hann ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhá hefð og venjurétti. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar og stjórnarsýsluréttar sé ríkinu óheimilt að ganga lengra í kröfugerð sinni fyrir óbyggðanefnd og dómstólum en nauðsynlegt sé til að ná settu lögmætu markmiði.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Hálsmannatungum er rakin í kafla 5.4. hér að framan, sbr. einnig kafla 5.38 um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að þeirra er fyrst sérstaklega getið í heimild frá 14. öld og nefndar afréttur Hálskirkju. Jörðin Háls liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá Hálsmannatungum af fjölda landsvæða. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á þessu svæði en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku Þjóðlendlaga.<sup>904</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendlaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi „Háls Beneficii staðar í Fnjóskadal“, dags. 2. júní 1890 og þingl. 16. júní 1890. Í bréfinu er fyrst lýsing á merkjum kirkjustaðarins, þá undirritanir þar að lútandi og því næst yfirskriftin „Ítök Háls Beneficii“. Þar undir segir svo: „Afrétt fylgir Beneficis á Flateyjardalsheiði. Hálsmannatungur.“ Loks er lýsing á merkjum þeirra og undirritanir þar að lútandi. Einnig er til fjöldi eldri heimilda um merki Hálsmannatungna til norðurs og suðurs, vísitasíur, kirkjustólar, vitnisburðir, lögfestur o.fl., sem ná allt aftur til 16. aldar. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir tekur til heildarmerkja svæðisins, enda allt innan Þjóðlendukröfussvæðis ríkisins samkvæmt afmörkun gagnaðila. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru

<sup>904</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Grímslands til norðurs, Kambsmýra til suðurs og Kotamýra til austurs, sbr. kafla 6.4., 6.6. og 6.7. Til vesturs eru landsvæði sem fjallað er um í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 6.4. um Almanning og 6.5. um Heiðarhús. Að fenginni niðurstöðu um merki Hálsmannatungna með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norður- og suðurmerkjum er þannig lýst í landamerkjabréfi Hálskirkju að þar ráði Ytri- og Syðri-Jökulsá. Sama máli gegnir um fjölda eldri heimilda, vísitásiur, kirkjustólar, vitnisburðir, lögfestur o.fl., sem ná allt aftur til 16. aldar. Hér skal þess getið að ár þessar koma báðar úr háfjöllum með jökulfönnum í u.þ.b. 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Lýsing á suðurmörkum í landamerkjabréfi „afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremstafelli“, sem gert var 16. janúar 1885 er í samræmi við framangreint og bréfin bera gagnkvæmar áritanir. Sama máli gegnir um norðurmerki Kambsmýra, skv. landamerkjabréfi þeirra frá 20. apríl 1885, sem samþykkt er vegna Hálskirkju. Engar eldri merkjalýsingar eru til fyrir Grímsland en eldri heimild um merki Kambsmýra er framangreindu einnig til stuðnings, sbr. kafla 6.4. og 6.6.

Vesturmerki Hálsmannatungna, gagnvart Heiðarhúsum og Almanningi, sem eru á ágreiningssvæði í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd, miðast við Dalsá að því er greinir í landamerkjabréfinu 1890. Bréfið er áritað vegna Heiðarhúsa og merkjum er eins lýst í landamerkjabréfi Heiðarhúsa, dags. 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887. Austurmerki Almennings, samkvæmt landamerkjabréfi frá 6. desember 1882 sem þinglesið var 18. júní 1884, eru miðuð við Heiðará, sem svo er nefnd þar, en Dalsá í öðrum landamerkjabréfum á svæðinu. Bréf Almennings er ekki áritað vegna Hálsmannatungna. Eldri heimildir um þessi merki eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.4. og 6.5. í máli nr. 5/2007.

Um austurmörk Hálsmannatungna, gagnvart Kotamýrum, segir svo í landamerkjabréfinu 1890: „Að austan: Fjallsbrún.“ Bréf Hálskirkju er ekki áritað vegna Kotamýra og ekkert landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir þær. Ekkert verður ráðið af eldri heimildum að þessu leyti, sbr. einnig kafla 6.7 um Kotamýrar, en í kröfulýsingu Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Kotamýra er m.a. vísað til lýsingar í landamerkjabréfi Hálsmannatungna.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í austanverðum Flateyjardal, þ.e. fyrir Grímsland, Hálsmannatungur og Kambsmýrar er miðað við „fjallsbrún“ og „hæstu fjallsbrúnir“ um austurmerkin. Í tilviki Knarrareyrar, sem einnig liggur í austanverðum Flateyjardal en norðan Grímslands, segir „á fjall upp“ í landamerkjabréfi frá 1885, sbr. kafla 6.3. Eldri merkjalýsingar á þessu svæði liggja einungis fyrir varðandi Hálsmannatungur og Kambsmýrar. Í fyrrnefnda tilvikinu er ítrekað miðað við tvær ár, til norðurs og suðurs, sem báðar koma úr háfjöllum með jökulfönnum. Suðurmerkjum Grímslands er lýst í samræmi við þetta í landamerkjabréfinu 1885 og eldri heimild um merki Kambsmýra, sunnan

Hálsmannatungna, bendir einnig til hins sama. Á þessu svæði er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag í landamerkjabréfi Hálsmannatungna, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum til norðurs og suðurs, eldri merkjalýsingar og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Hálsmannatungna hafi verið talin ná þangað upp.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan merkja Hálsmannatungna, svo sem þær eru afmarkaðar í landamerkjabréfi „Háls Beneficii staðar í Fnjóskadal“ frá árinu 1890. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framan- greindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf „Háls Beneficii staðar í Fnjóskadal“ var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Af heimildum er ljóst að Hálsmannatungur hafa legið undir Hálskirkju en landfræðilega aðskilið frá kirkjujörðinni og afmarkað í sérstöku landamerkjabréfi, þar sem það er nefnt „ítak“ og „afrétt“. Þess er jafnan getið í tengslum við afréttarnot, sbr. fjölda heimilda sem rekja má allt aftur til 14. aldar, máldaga, vísitasíur, vitnisburði og lögfestur, auk Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekkert bendir til að þar hafi verið byggð og engin gögn liggja fyrir um önnur not en sumarbeit. Svæðið er að mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Hálsmannatungur hafi verið afréttur Hálskirkju í þeim skilningi að kirkjan hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 6.1.3. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Hálsmannatungum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeirra fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Hálsmannatungur séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>905</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hafi verið í afréttareign Hálskirkju en umráðum sveitarfélagsins frá því á fyrri hluta síðustu aldar, án þess þó að það geti fært fram skriflega heimild fyrir þeim. Í máli þessu liggur fyrir að í byrjun 20. aldar leitaði Hálshreppur eftir því að kaupa Hálsmannatungur af Stjórnarráðinu, með milligöngu Sýslumanns Þingeyjarsýslu. Engin gögn liggja fyrir um að samningar hafi náðst um verð en í máli þessu gera ekki aðrir kröfur til Hálsmannatungna en Þingeyjarsveit.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Hálsmannatungur, svo sem þær eru afmarkaðar hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Að norðan er miðað við Ytri-Jökulsá. Að austan ræður fjallsbrún. Að sunnan er miðað við Syðri-Jökulsá. Að vestan ræður Dalsá.*

Sama landsvæði er í afréttareign Þingeyjarsveitar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í Dalsá samkvæmt 7. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

<sup>905</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

## 6.6 Kambsmýrar

### 6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstur eigandi Kambsmýra gerir einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.6.

Austur og upp af flatlendi við Dalsá, í Flateyjardal, er Austurheiði. Ofan hennar rís yfir 30 km langur fjallgarður og ná einstakir hnjúkar í yfir 1200 m hæð. Norðan til heitir fjallagarðurinn Víknafjöll og tengjast þau til suðurs Kinnarfjöllum. Upp af Austurheiði er hæstur Kambsmýrarhnjúkur 1211 m. Víða í fjallgarðinum austan Flateyjardals eru jökulfannir og litlir skriðjöklar í botnum og skálum undir hæstu tindum. Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 200 m hæð upp af austanverðri Dalsá. Undirlendi er hallalítið og gróið með ánni og land rís til austurs í Austurheiði upp í 1210 metra hæð í Kambsmýrarhnjúk. Nokkrar ár renna af fjalli til vesturs í Dalsá.

### 6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla og síðan öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Byggt sé á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í *Göngum og réttum*. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Af gögnum megi ráða að Kambsmýrar hafi frá fornu fari tilheyrt Draflastaðakirkju, en verið seldar á síðari hluta 18. aldar.

Af hálfu gagnaðila, þinglýsts eiganda Kambsmýra, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi, ásamt öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni ásamt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á laga-legri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í

aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum rétti. Ríkið hafi skráð jörðina í veðmálabækur, metið jörðina til fasteignamats og skráð hana í landskrá fasteigna sem eiganda og gefið henni fastanúmer. Ríkisvaldið hafi þannig viðurkennt að jörðin sé háð einkaeignarrétti og farið með hana sem hverja aðra eignarjörð til jafns við aðrar jarðir með þinglesnum landamerkjum, sem hafi ráðist m.a. af merkjum aðliggjandi jarða. Íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Kambsmýra hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Hæð yfir sjávarmáli hafi aldrei haft neina réttarfarslega þýðingu í íslenskum rétti. Hvorki hafi merki jarða eða hreppa tekið mið af hæð lands yfir sjávarmáli. Sú afstaða ríkisins að það viðurkenni ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum né hefð, venju eða sögulegum heimildum. Þá hafi Mannréttinda-dómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréf Kambsmýra hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins hafi verið háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Loks er mótmælt þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar og stjórnarsýsluréttar sé ríkinu óheimilt að ganga lengra í kröfugerð sinni fyrir óbyggðanefnd og dómstólum en nauðsynlegt sé til að ná settu lögmatu markmiði.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kambsmýra er rakin í kafla 5.5, sbr. einnig kafla 5.37 um sel og kafla 5.38 um afrétti og afréttarnot. Svo sem þar kemur fram er fyrst um Kambsmýrar getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, sagðar byggðar í „afrjettarlandi“ og tilheyrandi kirkjunni á Draflastaðum. Á milli Draflastaða og Kambsmýra er fjöldi annarra landsvæða. Draflastaðir voru seldar einkaaðila á síðari hluta 18. aldar og fylgdu þá Kambsmýrar með en í lok sömu aldar var „jörðin“ Kambsmýrar seld sérstaklega. Búseta á

Kambsmýrum hefur verið stopul, og að því er heimildir greina fyrst um miðja 17. öld en síðast á tímabilinu 1918-1929. Landið hefur lengi verið nýtt til sumarbeitar.

Núverandi þinglýstir eigendur leiða rétt sinn til Valdimars Valdemarssonar, bónda í Böðvarsnesi, sem keypti „eyðijörðina“ Kambsmýrar af Hálshreppi 1916. Af veðmálabókum verður ekki séð hvernig Hálshreppur var að slíkri heimild kominn. Valdimar andaðist á árinu 1962 og í október 2007 var þinglýst „skiptayfirlýsingu“ þriggja afkomenda hans, þess efnis að við skipti á dánarbúi hans árið 1968 hafi láðst að geta þess að eyðijörðin Kambsmýrar hafi fallið í hlut þeirra.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi Kambsmýra, sem gert var 20. apríl 1885 og þinglesið 27. maí sama ár. Merkjum er einnig nokkuð lýst í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Athugun þessi tekur til heildarmerkja Kambsmýra sem samkvæmt afmörkun gagnaðila er allt innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru kröfusvæði Hálsmannatungna til norðurs, Kotamýra til austurs og Austari-Króka til suðurs. Til vesturs eru ágreiningssvæði í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 6.3. og 6.4. um Höfðagil og Almenning, auk Vestari-Króka, þar sem er óumdeilt eignarland. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Kambsmýra með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum Kambsmýra, gagnvart Hálsmannatungum, er þannig lýst í landamerkjabréfinu frá 1885 að þar ráði „Syðri-Jökulsá frá því hún fellur í Dalsá og á fjall upp“. Hér skal þess getið að áin kemur úr háfjöllum með jökulfönnum í u.þ.b. 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Bréfið er áritað vegna Hálsmannatungna. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 nefnir einnig Jökulsá. Þessi lýsing er í samræmi við lýsingu á suðurmörkum Hálsmannatungna í landamerkjabréfi Hálskirkju frá 1890, sbr. einnig fjölda eldri heimilda, sem ná allt aftur til 16. aldar.

Suðurmerki Kambsmýra, gagnvart Austari-Krökum, liggja samkvæmt landamerkjabréfi hins fyrrnefnda í Skeiðislækjargili ofan af fjalli og úr því bein stefna í Merkivörðu á Miðhólum. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns virðist vísað til „gömlu rjetta“ til viðmiðunar um suðurmerki. Norðurmerkjum Austari-Króka er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 28. mars 1885 sem þinglesið var 27. maí sama ár. Sú lýsing hljóðar svo: „Austari-Krókar eiga land til norðurs að Kambsmýralandi. Merki þar á milli eru: úr vörðu á Ytri-Miðhólum austur skeið, beint í Skeiðislæk, þar, sem hann rennur ofan eftir gili á milli Skeiðishryggja og í þeim læk austur svonefndan Ytridal og þaðan sömu stefnu á fjall upp.“ Bréfin bera gagnkvæmar áritanir. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Austari-Króka, sbr. kafla 6.8.

Um austurmörk Kambsmýra, gagnvart Kotamýri, segir svo í landamerkjabréfinu 1885: „Að austan ræður hæsta fjallsbrúnin.“ Bréfið er ekki áritað vegna Kotamýra og ekkert landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir þær. Ekkert

verður ráðið af eldri heimildum að þessu leyti, sbr. einnig kafla 6.7 um Kotamýrar, en í kröfulýsingu Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Kotamýra er m.a. vísað til lýsingar í landamerkjabréfi Kambsmýra.

Norðanverð vesturmerki Kambsmýra liggja gagnvart Almenningi og Höfðagili, sem eru á ágreiningssvæði í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd. Að því er greinir í landamerkjabréfinu 1885 miðast þau við Dalsá. Bréfið er ekki áritað vegna þessara landsvæða en lýsingin er í samræmi við austurmerki þeirra, svo sem þeim er lýst í „Landamerki Laufáskirkjulandsins er kallað hefir verið „upprekstrarland“ milli Höfðagilja og Flateyjardalsheiði“, dags. 5. maí 1886 og þingl. 4. júní 1888, og landamerkjabréfi Almennings, dags. 6. desember 1882 og þinglýst 18. júní 1884. Eldri heimildir um þessi merki eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.3. og 6.4. í máli nr. 5/2007. Þess skal getið að Dalsá, sem svo er nefnd í bréfi Kambsmýra, er nefnd Heiðará í bréfi Almennings, en Dalsá í öðrum bréfum á þessu svæði.

Sunnanverð vesturmerki Kambsmýra liggja gagnvart landsvæði sem enginn ágreiningur er um að sé eignarland tilheyrandi jörðinni Vestari-Krókum. Samkvæmt landamerkjabréfi Kambsmýra liggja merki þar á milli frá merkivörðu á Miðhólum og norður á miðjan Almannakamb. Þessum merkjum er lýst með sambærilegum hætti í öðrum fyrirliggjandi heimildum, þ.e. eldra og yngra landamerkjabréfi Vestari-Króka, hið eldra dags. 7. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887, og hið yngra dags. 9. desember 1922 og þingl. 1923. Bréfin bera gagnkvæmar áritanir og verða umrædd merki ekki talin þarfnast nánari umfjöllunar hér.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í austanverðum Flateyjardal, þ.e. fyrir Hálsmannatungur, Kambsmýrar og Austari-Króka er notað orðalagið „hæsta fjallsbrúnin“ og „fjallsbrún“ um austurmerkin. Í tilvikum Knarrareyrar og Grímslands, sem einnig liggja í austanverðum Flateyjardal en norðan Hálsmannatungna, segir „fjallsbrún“ og „á fjall upp“ í landamerkjabréfum frá 1885, sbr. kafla 6.3.-6.4. Eldri merkjalýsingar á þessu svæði liggja einungis fyrir varðandi Hálsmannatungur og Kambsmýrar. Í fyrrnefnda tilvikinu er miðað við tvær ár, til norðurs og suðurs, sem báðar koma úr háfjöllum með jökulfönnum. Eldri heimild um merki Kambsmýra einnig bendir til hins sama. Á þessu svæði er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag í landamerkjabréfi Kambsmýra, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum til norðurs og suðurs, og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Kambsmýra hafi verið talin ná þangað upp.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Kambsmýra. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf Kambsmýra var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirbyggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Á henni hefur verið byggt síðan, án þess að séð verði að komið hafi fram ágreiningur eða athugasemdir, yfirvalda eða annarra. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá galli sem á bréfinu er að því leyti að áritun vegna annarra landsvæða en Hálsmannatungna og Austari-Króka vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Fyrir liggur að Kambsmýra er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1712 og talin þar upp meðal ítaka Draflastaðakirkju. Jafnframt segir í Jarðabókinni að þar sé „eyðihjáleiga, byggð í afrjettarlandi út á Flateyardalsheiði hjer um fyrir 50 árum, og varaði byggðin inn til næstu 6 ára.“ Í heimildum frá 18. og 19. öld er ítrekað vísað til Kambsmýra sem „jarðar“ eða „hjáleigu“, sbr. vísitasíu Draflastaðakirkju frá 1751, sölubréf frá 1773 og 1798, lögfestu frá 1818 og jarðamötin 1804, 1849-1850 og 1916-1918. Byggð á Kambsmýrum virðist hafa verið stopul og skammvinn a.m.k. frá því á 18. öld. Óbyggðanefnd telur framangreindar heimildir benda til þess að á Kambsmýrum hafi verið búið þegar árferði og fólksfjöldi leyfði, a.m.k. frá 17. öld. Að öðru leyti hafi landið verið nýtt til slægna, selstöðu og beitar. Hér skal þess getið að á þeim landsvæðum sem næst Kambsmýrum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til

Þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbæitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til fráviks frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Með hliðsjón af framangreindu verður lýsing í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ekki talin hafa svo afgerandi þýðingu að munur verði að þessu leyti gerður á Kambsmýrum og öðrum landsvæðum sem svipað hagar til um en rekja má nokkru lengra aftur í heimildum. Ber þar einkum að nefna Grímsland og Knarrareyri. Óbyggðanefnd telur því nægilega leitt í ljós að Kambsmýrar hafi ýmist haft stöðu kots eða afréttar, í þeim skilningi að Draflastaðakirkja og síðar aðrir hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.<sup>906</sup> Heimildir um afrétt vísi því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis á tilteknum tíma en þess að eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 6.1.3.

Verður því lagt til grundvallar að Kambsmýrar hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind voru 1885, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka Kambsmýra hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjalllendis hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Kambsmýra sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>907</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Kambsmýrar, svo sem þeim er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

<sup>906</sup> Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>907</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 6.7 Kotamýrar, Naustavík og Vargsnes

### 6.7.1 Inngangur

Umfjöllun þessa kafla tekur til landsvæðisins ofan kröfulínu íslenska ríkisins sem afmarkar þjóðlendukröfu þess í Náttfaravíkum, þ.e. norðan Kotadals og allt norður að landi Knarrareyrar. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1., 3.7. og 3.8.

Landsvæði það er hér um ræðir liggur í austanverðurm Víknafjöllum. Land rís skarpt úr sæ með sjávarhömrum að norðaustanverðu. Land er bratt og giljum skorið. Syðst gengur Kotadalur um 8 km til suðurs milli Bakranga og Víknafjalla og fellur þar fram Purká. Kotadalur greinist í tvo dali innan til, Austurdal og Vesturdal og er sá síðarnefndi aðaldalurinn, um 5 km á lengd. Upp af dalnum liggur bratt fjallendi með nokkuð af smájöklum hið efra í allt að 1100 m hæð.

### 6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hliðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla og síðan öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Kröfulína ríkisins taki mið af landnámi og liggja ekki inn fyrir sannanleg mörk þess og samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að land innan kröfusvæðis ríkisins hafi verið numið.

Byggt er á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé.

Ekki er fallist á merkjalýsingar eigenda Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra. Byggt er á því að umræddar jarðir geti ekki átt eignarland umfram nánar tilgreind hæðarmörk, enda nái merki jarðanna almennt ekki að jörðum vestan við og séu ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum. Þá séu merkjalýsingar óljósar til fjalls, t.d. „hágrjót“, „á grjót upp“ og „háhyggur“.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum. Enda þótt ekki hafi fundist þinglesin landamerkjabréf fyrir jarðirnar leiki ekki vafi á merkjum þeirra. Jarðirnar liggja að hluta að sjó en að öðru leyti séu jarðirnar umluktar eignarlöndum annarra jarða þar sem til séu þinglesin landamerkjabréf.

Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum

manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrædd lönd sé undirorpið beinum eignarrétti. Ríkið hafi skráð jarðirnar í veðmálabækur, metið þær til fasteignamats og skráð í landskrá fasteigna og gefið þeim fastanúmer. Ríkisvaldið hafi þannig viðurkennt að jarðirnar séu háðar einkaeignarrétti og farið með þær sem hverja aðra eignarjörð til jafns við aðrar jarðir með þinglesnum landamerkjum, sem m.a. hafi ráðist af merkjum aðliggjandi jarða. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Kotamýrar og Naustavíkur auk Vargness umfram 500 metra hæðarlínu hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Hæð yfir sjávarmáli hafi aldrei haft neina réttarfarslega þýðingu í íslenskum rétti. Hvorki hafi merki jarða né hreppa tekið mið af hæð lands yfir sjávarmáli. Sú afstaða ríkisins að það viðurkenni ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum né hefð, venju eða sögulegum heimildum. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Þá er byggt á því að telji óbyggðanefnd að skráðar eignarheimildir sem styðjist við enn eldri heimildir séu að einhverju leyti ófullkomnar, þá liggi einfaldlega fyrir að hinir skráðu eigendur hafi hefðað eigendalaust og óskráð land skv. Jónsbók, skv. Kaldangsrecessi, skv. norsku lögum og skv. hefðarlögum frá 1905.

Loks er byggt á góðri trú landeigenda og réttmætum væntingum þeirra um eignarhald á jörðunum í ljósi fyrri samskipta þeirra við ríkisvaldið.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kotamýra er rakin í kafla 5.6 og Naustavíkur í kafla 5.7 og Vargness í kafla 5.8. Svo sem þar kemur fram greinir máldagi Auðunar rauða frá 1318 frá réttindum kirknanna á Þóroddsstað, Grenjaðarstað, Helgastöðum, Ljósavatni, Munkaþverá og Múla í Náttfaravíkum. Þá er til heimild frá ofanverðri 13. öld um réttindi Garðs þar. Þá greina tvær efnislega samhljóða skýrslur frá árinu 1599 frá því að „Þoroddstadar heimalande fylger og svo frá alldaödle allur midhlute Náttfaravíkna með öllum Landsleigu gögnumm og giædumm til Fjalls og Fjöru mille Svínár og Ófeigshellirs ...“. Þá er fram komið að Kotamýrar hafi verið byggðar úr landi Náttfaravíkur á 17. öld. Jörðin Þóroddsstaður er aðskilin frá Náttfaravíkum af fjölda annarra landsvæða. Naustavík lagðist í eyði árið 1941, Vargsnes árið 1906 og Kotamýrar árið 1910. Síðan byggð lagðist af hafa landsvæðin einkum verið nýtt til sumarþeirrar fyrir búfé. Ekki er véfengt af hálfu íslenska ríkisins að Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar hafi stöðu jarða að lögum.



Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu.<sup>908</sup> Ágreiningur málsaðila varðar afmörkun jarðanna og skeikar þá verulegu á kröfugerð íslenska ríkisins og kröfugerð eigenda þeirra.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verði af heimildum um afmörkun Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra. Athugun þessi tekur til heildarmerkja jarðanna en kröfusvæði Kotamýra liggur sunnan kröfusvæðis Naustavíkur og Vargsness. Í því sambandi verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að kröfusvæðum Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra. Naustavík og Vargsnes liggja norðan Kotamýrar. Norðan kröfusvæðis Naustavíkur og Vargsness er kröfusvæði Knarrareyrar og að vestan kröfusvæði Grímslands. Vestan kröfusvæðis Kotamýra eru kröfusvæði Grímslands, Hálsmannatungna, Kambsmýra og Austari-Króka. Sunnan og austan kröfusvæðis Kotamýra er kröfusvæði Bjarga.

Ekki var gert landamerkjabréf fyrir Naustavík, Vargsnes eða Kotamýrar í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882 og 1919. Landamerkin voru hins vegar skráð árið 2007. Þá liggja fyrir eldri heimildir um takmörk jarðanna án þess að merkjum sé þar lýst á heildstæðan hátt.

Í tveimur efnislega samhljóða skýrslum frá 1599 er, sem fyrr segir, greint frá því að „Þoroddstadar heimalande fylger [...] allur midhlute Náttfaravíkna með öllum Landsleigu gögnumm og giædumm til Fjalls og Fjöru mille Svínár og Ófeigshellirs ...“ Svíná er talin vera sama á og í dag nefnist Purká og afmarkar kröfusvæði Kotamýra til suðausturs. Ófeigshellir er í Haugshorni undir Hágöngum syðri við sjóinn nyrst á kröfusvæði Naustavíkur og Vargsness. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 er land Náttfaravíkna einnig afmarkað svo að það liggi „millum Svínár og Ófeigshellis“. Í lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar fyrir eignum og ítökum Þoroddsstaðarkirkju frá 12. maí 1828 er mörkum Náttfaravíkna lýst: „nordann frá Ófeigs hellir á Haugshorni, Sudur til Svínáróss, og þaðann frá til Náttfaralækjar, sem þaðann af Rædur Landa Merkium að Sunnan og í Nefndu takmarki.“

Norðan kröfusvæðis Naustavíkur og Vargsness er kröfusvæði Knarrareyrar. Í landamerkjabréfi Knarrareyrar frá 26. maí 1885, er mörkum þeirrar jarðar til suðurs lýst svo: „Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðhol í Haugshorni og þaðan beint uppá hæsta fjallhrygginn.“ Þessi afmörkun á landi Knarrareyrar til suðurs kemur heim og saman við afmörkun gagnaðila ríkisins á landi Vargsness og Naustavíkur til norðurs í máli þessu svo og áður raktar heimildir um mörk Náttfaravíkna til norðurs.

Suðaustan kröfusvæðis Kotamýra er kröfusvæði Bjarga. Í landamerkjabréfi Bjarga frá 2. september 1891 er mörkum Bjarga til norðvesturs lýst svo: „[...] bein stefna úr fjallsegginni á Svína við ytri endann á Sjómannaklauf, að vestan ræður Svína frá Sjómannaklauf til Jökuls [...]“. Bréfið var áritað um samþykki vegna Kotamýra. Sem fyrr segir er Svíná sú á sem í dag nefnist Purká. Þessi afmörkun á landi Bjarga til

<sup>908</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

norðurs kemur heim og saman við afmörkun gagnaðila ríkisins á landi Kotamýrar til suðurs í máli þessu svo og áður raktar heimildir um mörk Náttfaravíkna til suðurs.

Eftir stendur að leysa úr því hvort afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á landi Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra til vesturs og inn til landsins eigi sér stoð í heimildum. Af þeirra hálfu er því haldið fram að mörk jarðanna til vesturs séu „á hæstu grjótum sem skilja að Náttfaravíkur og Flateyjardal.“ Vestan kröfusvæða Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra eru, talið frá norðri til suðurs, kröfusvæði Knarrareyrar (Eyrarfjall), Grímslands, Hálsmannatungna og Kambsmýra. Þegar er greint frá landamerkjabréfi Knarrareyrar frá 26. maí 1885 þar sem austurmörkum er lýst svo: „Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðhol í Haugshorni og þaðan beint uppá hæsta fjallhrygginn.“ Í bréfinu er suðurmörkum Knarrareyrar lýst svo: „Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp [...]“ Bréfið var áritað um samþykki vegna Vargsness. Í landamerkjabréfi Grímslands frá 16. janúar 1885 er austurmörkum lýst svo: „Að austan er fjallsbrúnin.“ Bréfið var ekki áritað vegna Vargsness eða Naustavíkur. Í ódagsettu og óundirrituðu skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki fyrir Grímslandi“ er austurmörkum lýst með sambærilegum en ítarlegri hætti á þessa leið: „Að austan er: Fjallsbrúnin merki, og liggur þar að Naustavíkur og Vargsnes-land.“ Í landamerkjabréfi Háls er merkjum Hálsmannatungna til austurs lýst svo: „Að austan: Fjallsbrún.“ Bréfið var ekki áritað vegna Vargsness eða Naustavíkur. Í landamerkjabréfi Kambsmýra frá 20. apríl 1885 er austurmörkum lýst svo: „Að austan ræður hæsta fjallsbrúnin.“ Bréfið var ekki áritað vegna Vargsness eða Naustavíkur.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í austanverðum Flateyjardal, þ.e. fyrir Knarrareyri, Grímsland og Hálsmannatungur, er notað orðalagið „á fjall upp“ og „fjallsbrúnin ráði“ um austurmerkin. Í tilviki Kambsmýra, sem einnig liggja í austanverðum Flateyjardal en sunnan Hálsmannatungna, segir „hæsta fjallsbrúnin“. Eldri merkjalýsingar á þessu svæði liggja einungis fyrir varðandi Hálsmannatungur og Kambsmýrar og er fjallað um þær í köflum 6.5. og 6.6. Í fyrrnefnda tilvikinu er miðað við tvær ár, til norðurs og suðurs, sem báðar koma úr háfjöllum með jökulfönnum. Suðurmerkjum Grímslands er lýst í samræmi við þetta í landamerkjabréfinu 1885 og eldri heimild um merki Kambsmýra bendir einnig til hins sama svo sem rakið er í kafla 6.6. Á þessu svæði er glögg landfræðileg afmörkun til austurs, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Í köflum 6.3., 6.4., 6.5. og 6.6. um Knarrareyri, Grímsland, Hálsmannatungur og Kambsmýrar er komist að þeirri niðurstöðu að merki þeirra nái upp á fjallshrygginn. Þar sem ekkert annað er fram komið um afmörkun Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra sem byggjandi er á um mörk jarðanna til vesturs telur óbyggðanefnd rétt að miða við að þau nái upp á fjallshrygginn eins og landsvæðin vestan hryggjarins. Þá skýringu leiðir af túlkun ofangreindra heimilda um afmörkun aðliggjandi landsvæða og staðháttum á svæðinu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Ýmsar heimildir eru fyrirliggjandi þar sem Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar eru nefnd jarðir eða ráða má af heimildunum að umfjöllun þeirra taki til jarða. Jafnframt eru margar heimildir sem nefna Náttfaravíkur afrétt. Heimildirnar þarfnast því sérstakrar skoðunar varðandi það hvort um hafi verið að ræða jarðir eða afrétti samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem við lýði var fyrir gildistöku Þjóðlendulaga.<sup>909</sup>

Elsta heimild um Náttfaravíkur er Landnáma þar sem greint er frá landnámi Náttfara en því þó ekki lýst hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til Þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbæitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Í skrá um landamerki Hafralækjar, Garðs, Skriðu og ýmissa fleiri jarða í Þingeyjarsýslu sem talin er frá því um 1263 segir að Garður í Aðaldal eigi „gelldfiar Rextur í kalfagrufur j vikur sem þarf ...“. Elsta heimild um réttindi Þóroddsstaðarkirkju í Náttfaravíkum er hins vegar máldagi Auðunar rauða frá 1318 þar sem fjallað er um rekaréttindi kirkjunnar í „vijk“. Máldagi Péturs Nikulássonar frá 1394, máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá árunum 1461–1510 og máldagabók Guðbrands Þorlákssonar frá 1590–1616 greina einnig frá rekaréttindum Þóroddstaðarkirkju þar en ekki er þar fjallað um beinan eignarrétt að landsvæðinu.

Sex prestar skáru 1580 úr deilu milli Helgastaðaprests og Þóroddsstaðaprests um Náttfaravíkur. Þar er „Stad í Kinn og hanns Kyrkju“ eignaðar „Wijkurnar til fjalls og fjöru, og til allra giæda, svo sem lands drottni og eignar Manni á Jördu sinni, ad undan teknum þeim J tölum sem adrir Menn edur Kyrkjur ættu í greindumm vjkumm.“ Svo er að sjá sem í úrskurði prestanna sé Þóroddsstaðarkirkja þannig talin eiga beinan eignarrétt að Náttfaravíkum. Úrskurðurinn er þannig elsta samtímaheimildin um beinan eignarrétt að víkunum. Kirkjan telur einnig til beins eignarréttar í víkunum samkvæmt skýrslu um eignir Þóroddstaðarkirkju frá 1599 þar sem segir: „Þoroddstadar heimalande fylger og svo frá alldaödle allur midhlute Náttfaravíkna med öllum Landsleigu gögnum og giædum til Fjalls og Fjöru mille Svínár og Ófeigshellirs ...“ Samhljóða skýrsla um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá árinu 1831 hefur varðveist. Neðan við hana er tilfærður póstur úr úrskurði á Alþingi 1673 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að „afrétt“ Þóroddsstaðarkirkju í Náttfaravíkum væri allt land milli fjalls og fjöru milli Svínár og Ófeigshellis.

<sup>909</sup> Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka)

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir m.a. svo um Náttfaravíkur: „Náttfara Vijkur, kallast almennilega Vijkur, heitir eitt landspláss eður afrjettarland út frá Björgum og þeirrar jarðar landi millum Svínár og Ófeigshellirs. Eigandi þessa lands Staður í Kinn, fyrir utan það sem aðrir staðir eiga hingað ítök í þennan afrjett.“ Um Kotamýri segir í Jarðabókinni: „Kotamyre kallast eyðikot utantil við Svíná í áðursögðum afrjett [Náttfaravíkum]. Bygt hjer um fyrir 40 árum á fornu selstæði að forlagi Björns Magnússonar að Múkaþverá, sem vildi eigna Skriðu kirkju þennan part afrjettarins, en síðan reyndist hann eign Staðarkirkju og hinna staðanna sem hjer eiga ítök [Grenjaðarstaðar og Múla]. Bygðin varaði fáein ár, því kýtingur var um kotið.“ Þannig virðist í Jarðabókinni vera greint milli hins beina eignarréttar Þóroddsstaðar að víkunum og óbeinna eignarréttinda annarra þó rætt sé um þær sem „landpláss eður afrjettarland“.

Kotamýrar töldust tilheyra fátækum í Helgastaðahreppi, samkvæmt jarðamatinu 1804 og þar er jörðin metin 10 hundruð og sagt að þar fódrist 6 sauðir. Við afhendingu Þóroddsstaðar árið 1809 er Náttfaravík talin upp meðal hjáleigna staðarins og landskuld tiltekin. Í vitnisburði Þorvalds Magnússonar 1822 talar hann um Naustavík sem kirkjujörð. Kotamýrar voru nefndar kristfjárjörð í lögfestu 1828 og sagðar fátækraeign Helgastaðahrepps. Kotamýrar eru einnig nefndar fátækraeign Helgastaðahrepps í fleiri lögfestum frá 19. öld. Naustavík með Vargsnesi er meðal þeirra jarða sem tíundaðar eru í jarðamatinu 1849–1850 og þar er talað um Kotamýrar sem kristfjárjörð, talin 10 hndr. að dýrleika. Einnig er talað um Kotamýrar sem jörð í fasteignamatinu 1916–1918 og um Naustavík sem kirkjujörð. Naustavík er einnig nefnd kirkjujörð í virðingu vegna áformaðrar sölu hennar 1918 og afsali Naustavíkur ásamt Vargsnesi 1922. Um miðja 20. öld lýsti Biskup Íslands „afréttarlandi í Náttfaravíkum“ sem ítaki Þóroddsstaðarkirkju.

Af heimildum má ráða að byggð hafi lengi verið stopul í Náttfaravíkum. Þó mun hafa verið búið samfelt í Naustavík frá því um móðuharðindi til ársins 1938 og á Kotamýrum nær samfelt frá árinu 1787 til ársins 1910.

Frásögn Landnámabókar og staðhættir í Náttfaravíkum benda til þess að í kjölfar landnáms hafi þær fengið stöðu jarðar að lögum og beinn eignarréttur stofnast þar. Hins vegar greina heimildir allt frá miðri 13. öld til ofanverðrar 16. aldar einungis frá takmörkuðum eignarréttindum á borð við rekaréttindi og afrétt í Náttfaravíkum. Allt frá árinu 1580 greina heimildir aftur frá því að í Náttfaravíkum hafi verið jarðir háðar beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd telur að umfjöllun um landið sem „afrétt“ fyrir 1580 vísi til notkunar landsins sem beitalands á þeim tíma en feli ekki í sér að landið hafi þá einungis verið háð óbeinum eignarréttindum. Sú ályktun fær m.a. stoð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín þar sem landið virðist talið háð beinum eignarrétti þrátt fyrir að vera nefnt „landspláss eður afrjettarland“ og í úrskurði á Alþingi 1673 um „afrétt“ Þóroddsstaðarkirkju í Náttfaravíkum sem sé allt land milli fjalls og fjöru. Beinn eignarréttur að Náttfaravíkum virðist snemma hafa komist á

hendi Þóroddsstaðarkirkju og aðrir átt þar ítök sem fálust í beitarrétti og rétti til annarra takmarkaðra nota. Til marks um þetta er m.a. úrskurður prestanna sex frá 1580 þar sem kirkjunni eru eignuð öll réttindi í vikunum „ad undan teknumm þeim J tölum sem adrir Menn edur Kyrkjur ættu í greindumm vjkumm“ og skýrsla um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá 1599 sem segir Þóroddsstaðarkirkju fylgi „frá alldaödle“ allur miðhluti Náttfaravíkna.

Af öllu framansögðu telur óbyggðanefnd nægilega leitt í ljós að Náttfaravíkur hafi haft stöðu jarðar að lögum, í þeim skilningi að þar hafi verið um bein eignarréttindi að ræða fremur en óbeinan eignarrétt.<sup>910</sup> Heimildir um afrétt vísi því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 6.1.3.

Verður því lagt til grundvallar að Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem lýst er hér frammar, hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Engar heimildir eru um að land innan marka Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjallendis hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra marka Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>911</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar, svo sem þeim er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.8 Austari-Krókar, Garður, Syðri- og Ytri-Hóll, Veisa, Veisusel, Hallgilsstaðir, Sólvangur, Fornhólar, Sigríðarstaðir og Birkihlíð**

### **6.8.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar gera einnig kröfu til

<sup>910</sup> Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka)

<sup>911</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

sem eignarlanda sinna, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.9 – 3.19.

Landsvæði þau sem hér um ræðir eru aðskilin. Innan kröfusvæðis Austari-Króka og Garðs, sem er nyrst umræddra landsvæða, liggur land í yfir 200 m hæð. Hallar land upp til austurs í um 1000 m. Sameiginlegt kröfusvæði Syðri- og Ytri-Hóls skiptist í tvo hluta. Sá nyrðri liggur í yfir 500 m hæð í austurhlíðum Hólsdals og upp á Gönguskarðsöxl. Svæðið hallar upp til austurs og er bratt í hlíðum en hallalítið þegar komið er upp á öxlina. Syðri hlutinn liggur inn af Mjóadal í norðvestanverðu Fornastaðafjalli (902 m). Kröfusvæði Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar liggur syðst umræddra kröfusvæða. Liggur það í yfir 800 m hæð á Fornastaðafjalli. Svæðið er hallalítið og gróðursnautt.

### 6.8.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla eða öræfa á svæðinu. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms og samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að land innan kröfusvæðis ríkisins hafi verið numið. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í Göngum og réttum. Meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps séu Kinnarfjöll, þ.e. Finnsstaðadalur, Gönguskarð, Seljadalur og Víknaönd og komi það m.a. fram í ritinu *Göngur og réttir*. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé.

Á því er byggt varðandi eignarlönd jarðanna Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar að þau miðist við 500 m hæðarlínu í fjöllum en nái ekki til háfjallsins eða vatnaskila. Um þetta vísast til landamerkjabréfa jarðanna sem tilgreini með óljósum hætti mörk til fjalla. Talið er með vísan til landfræðilegra aðstæðna að öðru leyti, þ.e. mikils bratta og hálendis, og til þess að ekki njóti við samþykkis frá gagnliggjandi svæðum í fjöllum, að ekki sé um að ræða eignarlönd umfram kröfulínu. Þá er og vísað til þess að landnám í öndverðu hafi takmarkast með sama hætti og að eingöngu sé um að ræða samnotasvæði.

Af hálfu gagnaðila, þinglýstra eigenda Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir eignum sínum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Byggt er á því að gagnaðilar hafi farið með öll hefðbundin eignarráð jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not landsins og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim. Vísað er til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggji eignarhaldið ennfremur á venju. Samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti og hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur aðilum þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Vísað er í almennar niðurstöður óbyggðanefndar og dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004, í máli nr. 48/2004, um að sönnunarbyrðin hvíli á þeim er véfengi landamerkjalyásingar og elstu heimildir um eignarhald á landsvæði. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja umræddra jarða umfram 500 metra hæðarlínu hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Vísað er til þess að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar sé eignarrétturinn friðhelgur. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til þoku fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka mark á Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhá hefð og venjurétti. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Þá er því haldið fram að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim.

### 6.8.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar er rakin í köflum 5.9. - 5.18. Af þeim heimildum sem þar er getið, er ljóst

að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.<sup>912</sup> Þær koma flestar fram á 13. og 15. öld.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum og hvað verði ráðið af eldri heimildum um sama efni. Athugun þessi tekur til austurmerkja jarðanna auk austanverðra suður og norðurmerkja þeirra, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Talið frá norðri til suðurs eru þetta jarðirnar Austari-Krókar, Garður, Syðri- og Ytri-Hóll, Veisa, Veisusel, Hallgilsstaðir, Sólvangur, Fornhólar, Sigríðarstaðir og Birkihlíð. Þá verður litið til heimilda um landsvæðið austan kröfufsvæða gagnaðila ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki umræddra jarða með tilliti til þjóðlendukröfufsvæðis íslenska ríkisins verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem deilt er um.

Jörðin Austari-Krókar liggur nyrst þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 28. mars 1885 og þingl. 27. maí sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Garðs, Vestari-Króka og Kambsmýra. Til norðurs eru merki: „... beint í Skeiðislæk, þar, sem hann rennur ofan eftir gili á milli Skeiðishryggja og í þeim læk austur svonefndan Ytridal og þaðan sömu stefnu á fjall upp.“ Til austurs „... ræður merkjum hæsti fjallshryggurinn, suður að Uxaskarði. Að sunnan greinir Ytri-Uxaskarðsá, Krókaland frá Garðsselslandi, unz hún rennur í Árbaugsá.“

Sunnan við Austari-Króka liggur jörðin Garður. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 2. janúar 1884 og þingl. 4. júní 1886. Það er áritað um samþykki vegna Austari-Króka, Ytra-Hóls og Draflastaða. Til norðurs eru merki miðuð við Uxaskarðsá en til suðurs „... Hólsá, beint undan Vegarlág í Tungusporði. Að ofan eða austan eru merkin í Grjótá, svo Gönguskarðsá og Hólsá ...“

Sunnan við kröfufsvæði Garðs liggur sameiginlegt kröfufsvæði Syðri- og Ytri-Hóls auk kröfufsvæðis Draflastaða á Gönguskarði. Um hið síðarnefnda er fjallað í kafla 6.10. Merkjum Syðri- og Ytri-Hóls er fyrst lýst í landamerkjabréfum fyrir jarðirnar en þau eru bæði frá 16. maí 1886 og þingl. 4. júní sama ár. Bréfin eru árituð um samþykki vegna Draflastaða, Garðs og Finnsstaða. Á kröfufsvæðinu liggur svokallaður Hólsdalur en honum er lýst sérstaklega í báðum bréfunum: „Merki hans að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og austur að Þrengingum, að austan ræður fjallsbrún fram að gili, sem er gagnvart Mjóadal. Að vestan og framan ræður Mjóagilsá og fram til fjalls.“

Jörðin Veisa liggur sunnan Syðri-Hóls og vestan kröfufsvæðis Syðri- og Ytri-Hóls. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 30. nóvember 1886 og þingl. 11. júní 1887. Bréfið er áritað um samþykki vegna Végeirsstaða og Veisusels. Norður og suðurmörk Veisu eru miðuð við tvo læki sem báðir heita Stórlækur. Um mörk jarðarinnar til austurs segir: „En breidd Veisulands nær frá fjallsbrún ofan að

<sup>912</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



Fnjóská.“ Annað landamerkjabréf var gert fyrir Veisu 3. nóvember 1944 en það er í samræmi við eldra bréfið.

Sunnan Veisu liggur jörðin Veisusel. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 28. mars 1884 og þingl. 18. júní sama ár. Bréfið er áritað um samþykki vegna Hallgilsstaða og Veisu. Merki til norðurs miðast við Stóralæk „ ... í fjallinu og ytri kvísl hans frá fjallsrótum til Fnjóskár.“ Til suðurs og austurs eru merki miðuð við: „Grundargil í fjallinu beint á fjall upp.“ Annað landamerkjabréf var gert fyrir Veisusel 14. desember 1922 og er það í samræmi við eldra bréfið.

Sunnan Veisusels liggur jörðin Hallgilsstaðir. Elsta lýsingin á merkjum Hallgilsstaða er í vitnisburði um jarðakaup frá 1483 en þar segir: „ ... landamerki á jordune ut at jllu keldu fyrir sunan skollagerde ok sudur at merkigili ok ofan j iardarkross fyrir nedan ok sionhending j halgilsstadaklauf. ok sudr j þingmannalæk er gatan liggur vt j ... “ Einnig er merkjum lýst í lögfestu frá 1760 en þar eru merki til suðurs einnig miðuð við „Merkegil.“ Merkjum virðist ekki sérstaklega lýst til austurs en til norðurs er miðuð við „Illukiolda er liggur firer sunnan Weisusel ... “ Í landamerkjabréfi Hallgilsstaða frá 28. mars 1884 og þingl. 18. júní sama ár eru merki til suðurs miðuð við „ ... Syðragil í fjallinu ... “ Til norðurs og austurs eru merkin úr miðri „ ... Fnjóská gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel á fjall upp. “ Bréfið er áritað um samþykki vegna Fornastaða og Veisusels. Annað landamerkjabréf var gert fyrir Hallgilsstaði 12. desember 1922 og þingl. 1923. Það er í samræmi við eldra bréfið. Árið 1946 var býlið Sólvangur stofnað úr Hallgilsstöðum og hluta af landi Hallgilsstaða afsalað til Sólvangs á sama ári.

Sunnan Hallgilsstaða liggur jörðin Fornastaðir. Býlið Fornhólar var stofnað árið 1948 á austurhluta Fornastaða en árið 1980 var Fornastöðum skipt milli Fornhóla og Sólvangs. Merkjum Fornastaða er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 28. mars 1884 og þingl. 18. júní sama ár. Bréfið er áritað um samþykki vegna Sigríðarstaða, Fornastaða og Hallgilsstaða. Merkjum til suðurs „ ... til móts við Sigríðarstaði ræður Merkiá af fjalli og frá fjallsrótum bein stefna eftir Merkiárfarvegnum til Þingmannalækjar.“ Til norðurs ræður „ ... Syðragil í fjallinu, þaðan bein lína eftir Markbrekkuhólum, vestur til Þingmannalækjar ... “ Merkjum til austurs er ekki sérstaklega lýst en austanverð norður- og suðurmerki ná til fjalls.

Austan við kröfusvæði Hallgilsstaða og Fornastaða/Sólvangs og Fornhóla liggur kröfusvæði vegna Finnsstaðadals, um það er fjallað í kafla 6.11. Mörkum Finnsstaðadals er sérstaklega lýst í landamerkjabréfi Finnsstaða frá 5. apríl 1886 og þingl. 13. júní 1887. Takmörkum hans, gagnvart kröfusvæði Hallgilsstaða, er lýst þannig að þau séu „ ... sunnan við ána, sem eftir honum rennur.“ Merkjum er þannig ekki nákvæmlega lýst til vesturs en umrædd á rennur eftir dalnum endilöngum.

Jörðin Sigríðarstaðir liggur suðaustan Fornastaða. Elsta lýsingin á merkjum hennar er í vitnisburði frá 1468 sem gefinn var um landamerki Sigríðarstaða og Vestritjarna. Þar segir að Sigríðarstaðir eigi „ ... alla iord mille merkia aanna.“ Þá er

merkjum lýst í landamerkjabréfi frá 15. október 1886 og þingl. 6. júní 1888. Það er áritað um samþykki vegna Háls, Birningsstaða, Kamsstaða, Litlutjarna og Fornastaða. Í því segir: „Að austan ræður: Merkgil og bein lína úr því í Litlutjarnarlæk ...“ Síðan segir: „Að vestan ræður: Merkjárgil og lína sem hugsast dregin í Svartholtsenda [...] Að norðan ræður Sigríðarstaðafjall.“ Býlið Birkihlíð var stofnað árið 1934 úr landi Sigríðarstaða. Fyrir Birkihlíð var gert landamerkjabréf 4. ágúst 1935 og þingl. árið eftir. Það er áritað um samþykki vegna Sigríðarstaða, Kamsstaða og Litlutjarna. Merkjum er lýst í samræmi við lýsingar í bréfi Sigríðarstaða.

Í þeim landamerkjabréfum sem hér hafa verið rakin er merkjum til austurs almennt lýst í fjöllin, t.d. á „fjallsbrún“, „á fjall upp“ eða að „fjallið ráði.“ Um aðliggjandi kröfufsvæði er fjallað í köflum 6.6. og 6.9. - 6.11. Þar kemur fram að merki þeirra miðist einnig við fjöllin eða kennileiti í þeim, t.d. „grjótin“, „fjallsegg“, „Kinnarfjöll“ eða vatnaskil. Eldri heimildir um jarðir á svæðinu eru fáar en renni almennt frekari stoðum undir þær landamerkjalyásingar sem raktar hafa verið varðandi mörk til fjalla.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að umræddur hluti af þjóðlendukröfufsvæði íslenska ríkisins í máli þessu falli allur innan merkja jarða. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins. Ekkert bendir til þess að merki jarðanna hafi legið í ákveðinni hæðarlínu, svo sem haldið hefur verið fram af hálfu íslenska ríkisins.

Verður þá næst fjallað sameiginlega um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir framangreindar jarðir voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf þessi voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem hér geti skipt máli. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem

almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur jarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbæitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til fráviks frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Ekki eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjallendið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlendukröfussvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>913</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur jarðanna Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar gera eignarlandskröfur til, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.9 Kaldakinn, frá Landamótsseli norður fyrir Björg**

### **6.9.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Landamótssels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða,

<sup>913</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri-Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 (auk Árteigs og Ártúns), Nípár og Bjarga gera einnig kröfu til sem eignarlanda sinna, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.20. – 3.36.

Landsvæði það sem hér um ræðir hefur leguna norður-suður í austanverðum Kinnarfjöllum. Kinnarfjöll eru margsamsett, þar eð inn í þau skerast dalir og dalverpi suðvestur úr byggðinni og sunnan til liggja gegnum þau skörð til norðvesturs. Þegar fylgt er fjöllum upp af byggðinni að norðan er Skessuskálarfjall (891 m) vestan við Kotaskarð upp af Nípá. Vestan við það er Austurdalur sem opnast niður á Kotadal. Suður af Nípá er Granastaðafjall (815 m) með hamrabrunum og Granastaðanípu, áberandi hyrnu upp af, en slétt á fjallinu hið efra. Fer land þar smáhækkandi suðvestur á Mosa (949 m), milli Austurdalsvatns og Skálarvatns en úr því síðarnefnda rennur Skálará niður í Kinn. Gönguskarð liggur þvert í gegnum Kinnarfjöll í um 500 m hæð þar sem það liggur hæst og hefur leguna suðaustur-norðvestur. Undirlendið er um 1 km að breidd og er flatt og víða grösugt. Til suðurs upp af Gönguskarði liggja Grænihnjúkur (949 m) og Vesturfjall (695 m). Syðst á svæðinu liggja Kinnarfjöll sem enda hér litlu sunnar í Krossöxl.

### 6.9.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla eða öræfa á svæðinu. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms og samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að land innan kröfusvæðis ríkisins hafi verið numið. Heimildir greina að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í *Göngum og réttum*. Meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps séu Kinnarfjöll, þ.e. Finnsstaðadalur, Gönguskarð, Seljadalur og Víknalönd og komi það m.a. fram í *Göngum og réttum*. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé.

Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Svæði það sem er til meðferðar í máli þessu er hluti Þingeyjarsveitar, nánar tiltekið sveit sú sem áður nefndist Flateyjarhreppur og sá hluti hreppanna sem áður nefndust Hálshreppur og Ljósavatnshreppur, sem er norðan Ljósavatnsskarðs.

Byggt er á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 og er á því byggt

að krafa um þjóðlendu taki til landsvæða utan landnáms í Kinnarfjöllum og Víknafjöllum og allt að Hágöngum í norðri.

Talið er að jarðir þær sem hér séu til umfjöllunar geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk, enda nái merki jarðanna almennt ekki að jörðum vestan við og séu ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum. Þá séu merkjalýsingar óljósar til fjalls, t.d. „hágrjót“, „á grjót upp“, „vötn hallar“. Þá er talið, að svokallaður Finnsstaðadalur sé samnotaafréttur utan merkja jarða, sbr. t.d. merkjabréf Finnsstaða.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. þinglýstra eigenda Landamótssels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða, Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri-Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 (auk Árteigs og Ártúns), Nípár og Bjarga er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Gagnaðilar hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not landsins og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim. Vísað er til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á því. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti og hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur aðilum þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Vísað er í almennar niðurstöður óbyggðanefndar og dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004, í máli nr. 48/2004, um að sönnunarbyrðin hvíli á þeim er véfengi landamerkjalyýsingar og elstu heimildir um eignarhald á landsvæði. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja umræddra jarða í austurhlíðum Kinnarfjalla, umfram 500 metra hæðarlínu hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Vísa gagnaðilar til þess að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar sé eignarrétturinn friðhelgur. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Mótmælt sé þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast sé við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til þoku fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka mark á Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Fullur hefðartími sé einnig

liðinn frá því að landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háð leyfi gagnaðila, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema þeir.

Þá er því haldið fram að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest sé í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á gagnaðila að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að gagnaðila sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið séu landamerkjabréf oftast eina gagnið sem gagnaðilar hafi undir höndum, sem sanni beinan eignarrétt þeirra.

### 6.9.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Landamótssels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða, Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 (auk Árteigs og Ártúns), Nípár og Bjarga er rakin í köflum 5.19. til 5.35. Af þeim heimildum sem þar er getið, er ljóst að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.<sup>914</sup>

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Athugun þessi tekur til vesturmerkja, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að vestanverðum Kinnafjöllum. Að fenginni niðurstöðu um landamerki umræddra jarða og landsvæða með tilliti til þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem deilt er um.

Jörðin Landamótssel liggur syðst þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar. Jörðinni var skipt árið 1947 og fékk Borgartún helming landsins. Merkjum Landamótssels er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 18. maí 1901 og þingl. 20. maí sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Landamóts, Fremstafells, Ljósavatns og Kross. Til norðurs er merkjum lýst „... í vörðu sem stendur við gróf í fjallsbrúninni norðan á Krossöxl.“ Að sunnan „... eru merkin í Krossöxl og þaðan upp á háfjall.“ Loks segir um merki til vesturs að „hágrjót“ ráði.

Norðan Landamótssels liggur jörðin Landamót. Samkvæmt landamerkjabréfi hennar, frá 12. júní 1897 og þingl. 20. maí 1901, er suðurmörkum lýst á þann hátt að þau séu „... í vörðu, sem stendur neðst á „Stakholti“. Að vestan er farið úr fyrrnefndri

<sup>914</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

vörðu og í vörðu „ ... sem er sunnan við við þriðju lág frá Stekkjarlæk (og vörðu) norðan á Kossöxl. Að vestan ræður merkjum há (grjót) fjall.“ Merkjum til norðurs ræður „ ... Rauðilækur frá fjallsbrún til Gegnis.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Halldórsstaða, Fremstafells og Landamóts. Merkjum Landamóts var einnig lýst í bréfi vegna sölu á jörðinni sem átti sér stað árið 1608. Þar kemur fram að fyrir sunnan ráði „ ... landamerkjum grofin fyrir utan Kross, til fjalls upp í steininn hálfrauða. So og á Landamót alla botna ofan frá ánni. [...] En að utan ræður lækjargilið í fjallinu sem næst er Halldórustöðum og so ofan í lækinn Gegnir.“ Þannig er vesturmerkjum ekki sérstaklega lýst. Getur þessi lýsing samræmst merkjum Landamóts í landamerkjabréfi fyrir jörðina, svo langt sem hún nær.

Norðan Landamóts liggur jörðin Halldórsstaðir. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 20. maí 1885 og þingl. 28. maí sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Finnsstaða, Landamóts og Fremstafells. Að norðan eru merki „ ... í vörðu, sem stendur á Grjótás og þar vestur á grjót.“ Að sunnan er merkjum einnig lýst „vestur á grjót.“ Mörk til vesturs eru að öðru leyti ekki tilgreind.

Jörðin Finnsstaðir liggur norðan Landamóts. Merkjum Finnsstaða er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 5. apríl 1886 og þingl. 13. júní 1887. Það er áritað um samþykki vegna Fellssels, Syðrahóls, Ytrahóls, Barnafells og Halldórsstaða. Að sunnan fylgja merkin vörðum „ ... meðfram lækjarsprænu, sem nær upp að Grásteinsmýri, og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótás og þar vestur á Grjót.“ Til norðurs fylgja merkin Bollastaðaá allt að Bræðradal en þá taka við „ ... vörður upp á grjót.“ Til vesturs „ ... ráða grjóthálsar þeir, hvaðan vötnum hallar vestur til Fnjóskadals.“ Árið 1951 var Finnsstöðum skipt í þrjár jafnar spildur, Finnsstaði I – III. Býlið Hjaltastaðir var síðan stofnað árið 1955 á helmingi Finnsstaða. Norðvestan kröfuvæðis vegna Finnsstaða liggur Finnsstaðadalur en til hans er gerð krafa af hálfu þinglýstra eigenda Finnsstaða, Hjaltastaða og Halldórsstaða. Honum er lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Um Finnsstaðadal er fjallað í kafla 6.12.

Árland liggur norðan Finnsstaða. Norðan Árlands liggur síðan Selfell og þá Fellssel. Býlin Árland og Selfell voru stofnuð árið 1957 í landi Fellssels. Hér verður því litið til merkja Fellssels. Merkjum Fellssels er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 28. maí 1885 og þingl. sama dag. Bréfið er áritað um samþykki vegna Ystafells, Finnsstaða og Barnafells. Til suðurs ræður Bollastaðaá „ ... upp á Brún á vesturfjallinu, og allt þangað til hún liggur í suður þar sem heitir Bræðradalur, og taka þá við vörður uppá grjót. Að vestan ráða merkjum grjóthæðir hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal.“ Til norðurs eru merki „ ... í krók einn á Heyvallagróf. Úr því ræður grófin merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða vörður upp skollhóla og vestur á háfjall.“

Jörðin Ystafell liggur norðan Fellssels. Árið 1931 var býlið Hlíð stofnað í landi Ystafells. Merkjum Ystafells er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 27. maí 1885 og þingl. degi síðar. Bréfið er áritað um samþykki vegna Hóls, Finnsstaða, Gvendarstaða

og Fellssels. Að norðan er merkjum lýst „ ... uppá fjallsbrún; þar fyrir vestan ráða merkjavörður upp Guðmundarstaðahóla og uppá svonefnt Vesturfjall.“ Að sunnan er farið í „ ... Heyvallargróf; úr því ræður grófin sjálf merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða merkjavörður upp Skollhóla og vestur á háfjall. Að vestan ráða merkjum grjóthæðir, hvaðan vötnum hallar inná Finnsstaðadal.“ Landamerkjum Hlíðar er lýst í yfirlýsingu frá 26. ágúst 1950. Að norðan er miðað við landamerki „ ... sem gilt hafa samkvæmt landamerkjabréfi milli Yztafells og Gvendarstaða.“ Að sunnan er merkjum lýst „ ... beint vestur í grjót.“

Jörðin Gvendarstaðir liggur norðan Hlíðar og Ystafells. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 18. maí 1889 og þingl. 24. maí sama ár. Bréfið er áritað um samþykki vegna Ystafells, Hóls og Hrappsstaða. Samkvæmt bréfinu er merkjum til suðurs lýst „ ... uppá fjallsbrún, þar fyrir vestan ráða merkjavörður upp Guðmundarstaðahól og upp á svonefnt Vesturfjall. Að vestan ræður hábrún Vesturfjalls.“ Til norðurs er merkjum lýst á „ ... Selás ofan við Guðmundarstaða mýrar, suður frá Hrappstaðaöxl; Fra Selás og upp á vestur fjall ráði vörður merkjum milli jarða þessara.“

Jörðin Hrafnstaðir eða Hrappsstaðir, eins og hún er nefnd í landamerkjabréfi, liggur norðan Gvendarstaða. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 15. september 1890 og þingl. 29. júní 1897. Bréfið er áritað um samþykki vegna Þóroddsstaða, Gvendarstaða, Garðshorns og Hóls. Merki til norðurs eru í „ ... á þá er rennur af gönguskarði til norðurs og allt flata skarðið að norðanverðu, í læk þann sem rennur til austurs fyrir neðan Hálssel, síðan réttlínis í Hól þann sem stendur við eystra Tjarnar hverfi í Gönguskarði og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnan verðu [...] allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði og svo allt tiltekið land fyrir sunnan fram á Göngu skarði með selstöðu og Hrappsstaðadal ofan í gróf þá er aður um getur og er milli Hrappstaða og Guðmundarstaða liggjandi.“ Merkjum er ekki nákvæmlega lýst til suðurs og suðvesturs gagnvart Gvendarstöðum og Finnsstaðadal en bréfið er áritað um samþykki vegna Gvendarstaða.

Norðan Hrafnstaða liggja jarðirnar Kviaból og Háls en aðeins síðarnefnda jörðin er innan kröfuvæðis íslenska ríkisins. Merkjum Háls er fyrst lýst í lögfestu frá 28. júní 1897 og þingl. degi síðar. Að norðan ræður „ ... garður sem liggur frá Grandakíl upp til fjalls – þaðan þvert yfir fjall beina línu eptir merkjavörðum til Skolla hnjúks.“ Til suðurs er miðað við „ ... Hrappsstaðaöxl til Gönguskarðsár, þá ræður Gönguskarðsá inn fyrir Háls grænur. Að vestan ræður grjótskriða sú sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálssel og Hálsgreni.“ Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Háls.

Norðan Háls liggur jörðin Torfunes. Fram kemur í heimildum að Torfunes hafi legið undir kirkjujörðina Þóroddsstað, sbr. t.d. máldaga Auðunar rauða frá 1381 og máldagabók Guðbrands Þorlákssonar frá 1590-1616. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Torfunes, frá 1. apríl 1908 og þingl. sama ár, ráða merkjum til norðurs „ ...



gamall merkigjarður ofan frá fjallsbrún og niður að Rangá ... “ Um merki til suðurs segir: „ ... landamerkjagarði, er kemur ofan úr fjallinu, vestan Rangár og skilur land á milli Hals og Torfuness upp á fjallsbrún; þá er upp á fjallsbrún kemur, ráða merkjum að utan og sunnan beinar línur úr hinum áðurnefndu merkjagörðum yfir Seljadal þveran upp á brúnir vesturfjalla.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Þóroddsstaða, Ófeigsstaða, Háls og Hóls. Til er eldri merkjalýsing á mörkum milli Torfuness og Háls en hún er í lögfestu frá 1761 fyrir Þóroddsstað. Þar er miðað við landamerkjagarð „ ... er Kiemur ofann ur fiallenu og Skilur Lönd millum Háls og Torfuness.“ Eru þessar merkjalýsingar í samræmi.

Norðan Torfuness liggur jörðin Ófeigsstaðir. Hún tilheyrði kirkjujörðinni Þóroddsstað, sbr. máldaga Auðunar rauða frá 1381 og fleiri yngri heimildir. Samkvæmt landamerkjabréfi Ófeigsstaða, frá maí 1919 og þingl. þá um vorið, eru merki til suðurs miðuð við merkjagarð „ ... er síðan ræður merkjum á fjallsbrún. Þaðan bein stefna yfir Grjótin og Seljadal þveran upp á há brúnir Vesturfjalla.“ Að norðan er miðað við að farið sé úr „ ... vorðu við brekkurætur Þaðan bein lína í há vestur yfir Grjótin og Seljadalsá.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Þóroddsstaðar, Torfuness og Hóls. Býlið Rangá var stofnað í landi Ófeigsstaða árið 1946.

Norðan Ófeigsstaða og austan kröfusvæðis Draflastaða á Gönguskarði liggur jörðin Þóroddsstaður. Árið 1946 var býlið Engihlíð stofnað í landi Þóroddsstaðar. Samkvæmt landamerkjabréfi Þóroddsstaðar, frá 10. apríl 1923 og þingl. 1. júlí 1925, eru merki til norðurs miðuð við Seljadalsá „ ... alla leið vestur í Sperðlagil. Að vestan ráða merkjum há grjótin vestan Seljadals, uns landeign Ófeigsstaða tekur við eftir því sem vörður á merkjum vísa til.“ Merki til suðurs fylgja vörðum „ ... þvert upp fjallið vestur í Seljadalsá. Á Seljadal vestan árinna tilheyrir Þóroddsstað 2/3 af landeigninni milli merkja Torfuness að sunnan og Syðri-Leikskálaár að norðan. Bréfið er áritað um samþykki vegna Syðri-Leikskálaár, Ófeigsstaða og fleiri jarða sem liggja utan þjóðlendukröfusvæðis. Til eru nokkrar eldri heimildir sem lýsa merkjum Þóroddsstaðar. Má þar nefna skýrslu um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá 1599 en þar er merkjum lýst til „hædstu Brúnar vesturfjalla“ og „uppá vestur Fjöll.“ Þá segir í vitnisburði um landamerki Þóroddsstaðarkirkju frá 1696 að merki miðist við merkigjarða sem liggja í fjallinu. Svipuð lýsing er einnig í lögfestu frá 1761 en þar er einnig miðað við merkigjarða. Í minnisgrein Eiríks Þorleifssonar um Þóroddsstað sem rituð var á árunum 1832-1834 kemur fram að heimaland staðarins ná frá mynni Seljadals og inn allt Gönguskarð. Að undanskildri síðastnefndu heimildinni geta eldri heimildir þannig ágætlega samrýmst landamerkjabréfinu svo langt sem þær ná en þó er þar ekki að finna nákvæmar lýsingar á merkjum til vesturs.

Norðan Þóroddsstaðar liggja jarðirnar Syðri- og Ytri-Leikskálaá en aðeins síðarnefnda jörðin liggur á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar, frá 11. júní 1897 og þingl. 29. júní sama ár, ná mörk til norðurs úr Stakhól „ ... í fjallgarð svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls.“ Til suðurs er

miðað við Skálará „... suðvestur að Sperðlagili og loks Sperðlagil á grjót upp.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Þóroddsstaðar og Granastaða. Einnig er til lýsing á merkjum Syðri- og Ytri-Leikskálaár í vitnisburði frá 1753 en sú lýsing getur samræmst landamerkjabréfinu.

Norðan Ytri-Leikskálaár liggur jörðin Granastaðir. Á miðri síðustu öld var henni skipt í býlin Granastaði I og II, Ártún, Árteig og Fitjar. Merkjum Granastaða er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 24. maí 1886 og þingl. 7. júní 1888. Það er áritað um samþykki vegna Syðri- og Ytri-Leikskálaár og Nípár. Til norðurs fylgja merkin Nípánni „... þar til hun fellur fram úr gljúfrunum sunnan við bæinn á Nýpá.“ Að sunnan ná merkin „... í fjallgarð, svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls. [...] að Vestan ráða Kinnarfjöll.“

Norðan Granastaða liggur jörðin Nípá. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 21. febrúar 1901 og þingl. 20. maí 1901. Það er áritað um samþykki vegna Granastaða og Bjarga. Um merkin segir þetta: „Að norðan ræður Kollsárgil í Gljúfrum. Úr Gljúfrum beina stefnu eftir vörðum að Nýpá þá ræður Nýpá til Fljóts. [...] Að sunnan ræður merkjum í fjallinu móts við Granastaðaland, Nýpáin þar til hún fellur fram úr Gljúfrum, sunnan við bæinn Nýpá. [...] Að vestan ræður Purká merkjum.“

Norðan Nípár liggur jörðin Björg en hún er jafnframt nyrst þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 2. september 1891 og þingl. 28. maí sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Kotamýra og Nípár. Merkjum er þannig lýst: „Að sunnan ræður Kallsárgil á gljúfrum: úr gljúfrum bein stefna eptir vörðum að Nýpá; þá ræður Nýpá til Fljóts.“ Að norðan er farið úr „... Litlufjörutorfu til háeggjar; þaðan bein stefna úr fjallsegginni á Svína við ytri endann á Sjómannsklauf; að vestan ræður Svína frá Sjómannsklauf til Jökuls ...“

Samkvæmt kröfulínukorti deila þinglýstir eigendur Nípár og Bjarga um mörk milli jarða sinna. Ef landamerkjabréf jarðanna eru skoðuð virðast merki milli þeirra þó vera í samræmi. Til þessa atriðis verður að öðru leyti aðeins tekin afstaða hér ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í þeim landamerkjabréfum sem hér hafa verið rakin er merkjum til vesturs almennt lýst í Kinnarfjöll. Orðalag bréfanna er þó mismunandi, t.d. er miðað við „hágrjót“ í landamerkjabréfum Landamóts, Landamótssels, Ófeigsstaða og Þóroddsstaðar, eða að farið sé „vestur á grjót“, sbr. landamerkjabréf Halldórsstaða. Þá er miðað við Vesturfjöll eða „hábrúnir Vesturfjalla“ í landamerkjabréfum Gvendarstaða, Torfuness og Ystafells. Einnig má finna orðalag í landamerkjabréfum á þá leið að farið sé í „háfjall“, „vatnaskil“ og „jökul.“ Um aðliggjandi kröfusvæði til vesturs er fjallað í köflum 6.8., 6.10. og 6.12. Þar er merkjum til austurs almennt lýst í fjöllin, t.d. á „fjallsbrún“, „á fjall upp“ eða að „fjallið ráði.“ Eldri heimildir um jarðir á

svæðinu eru fáar en renni almennt frekari stöðum undir þær landamerkjálýsingar sem raktar hafa verið varðandi mörk til fjalla.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að heimildir og staðhættir bendi til þess að umræddur hluti af þjóðlendukröfufsvæði íslenska ríkisins í máli þessu falli allur innan þeirra merkja sem lýst hefur verið. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins. Ekkert bendir til þess að merki hafi legið í ákveðinni hæðarlínu, svo sem haldið hefur verið fram af hálfu íslenska ríkisins.

Verður þá næst fjallað sameiginlega um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Þau landamerkjabréf sem að framan greinir voru gerð í kjölfar þess að landamerkjálög tóku gildi 1882. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf þessi voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem hér geti skipt máli. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur jarðanna Landamótssels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða, Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri-Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 (auk Árteigs og Ártúns), Nípár og Bjarga hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og

sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Ekki eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Engin gögn benda til þess að land á Þjóðlendukröfussvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>915</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur jarðanna Landamótssels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða, Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri-Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 (auk Árteigs og Ártúns), Nípár og Bjarga gera eignarlandskröfur til, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.10 Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði

### 6.10.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta Þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þinglýsts eiganda Draflastaða hefur verið afmarkað sem Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði og gerð krafa til sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1. og 3.37.

Gönguskarð liggur þvert í gegnum Kinnarfjöll, í stefnu frá suðaustri til norðvesturs. Þar var mjög greiður og fjölfarinn fjallvegur, sumar sem vetur, og allur varðaður. Skarðið liggur í u.þ.b. 400-500 m hæð yfir sjávarmáli en fjöllin beggja vegna ná upp í u.þ.b. 900 m hæð. Hlíðarnar eru brattar en undirlendið flatt og víða grösugt.

<sup>915</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

### 6.10.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla eða öræfa á svæðinu. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggja ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms og samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að land innan kröfusvæðis ríkisins hafi verið numið. Heimildir greina að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í *Göngum og réttum*. Meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps séu Kinnarfjöll, þ.e. Finnsstaðadalur, Gönguskarð, Seljadalur og Víknaönd og komi það m.a. fram í *Göngum og réttum*. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarþeirar fyrir búfé.

Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Svæði það sem er til meðferðar í máli þessu er hluti Þingeyjarsveitar, nánar tiltekið sveit sú sem áður nefndist Flateyjarhreppur og sá hluti hreppanna sem áður nefndust Hálshreppur og Ljósavatnshreppur, sem er norðan Ljósavatnsskarðs.

Byggt er á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 og er á því byggt að krafa um þjóðlendu taki til landsvæða utan landnáms í Kinnarfjöllum og Víknafjöllum og allt að Hágöngum í norðri.

Talið er að jarðir þær sem hér séu til umfjöllunar geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk, enda nái merki jarðanna almennt ekki að jörðum vestan við og séu ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum. Þá séu merkjalýsingar óljósar til fjalls, t.d. „hágrjót“, „á grjót upp“, „vötn hallar“.

Af hálfu þinglýsts eiganda Draflastaða, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum (viðskiptavenju). Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast

einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyrir jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalyásing fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Draflastaðakirkjulands sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnáslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðili hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

### 6.10.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Draflastaðakirkjulandi á Gönguskarði er rakin í kafla 5.36. hér að framan, sbr. einnig kafla 5.38 um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að ítaks Draflastaðakirkju á Gönguskarði er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Þar segir að ítök kirkjunnar séu m.a. „selstaða á Gönguskarði á Þrengingaseli.“ Að öðru leyti er landsvæðisins ekki getið fyrr en í landamerkjabréfi fyrir Draflastaðakirkjuland frá árinu 1886. Jörðin Draflastaðir liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá landsvæðinu af kröfusvæði Syðri- og Ytri-Hóls. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á þessu svæði en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.<sup>916</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi „Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði“, frá 15. maí 1886 og þingl. 4. júní sama ár. Engin eldri merkjalýsing er til fyrir landsvæðið. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir tekur til heildarmerkja svæðisins, enda allt innan þjóðlendu-kröfusvæðis ríkisins samkvæmt afmörkun gagnaðila, að undanskildum litlum hluta af vesturmörkum þess. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Finnsstaðadal, Syðri- og Ytri-Hóls og Garðs til vesturs og suðvesturs, Ytri-Leikskálaár, Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Tjarnarhverfis til norðausturs og austurs og Hrafnstaða til suðausturs og suðurs, sbr. kafla 6.8., 6.9., 6.11. og 6.12. Að fenginni

<sup>916</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

niðurstöðu um merki Draflastaðakirkjulands með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Austurmerkjum Draflastaðakirkjulands er þannig lýst í landamerkjabréfi: „Að austan eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar báðumegin.“ Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna aðliggjandi landsvæða til austurs. Merkjum er ekki lýst sérstaklega til norðausturs en kröfusvæði Ytri-Leikskálaár og Þóroddsstaðar liggja að kröfusvæði Draflastaðakirkjulands til þeirrar áttar. Verður því fyrst litið til merkja þeirra jarða en síðan til merkja Ófeigsstaða, Tjarnarhverfis og Hrafnstaða. Vesturmerkjum Ytri-Leikskálaár er lýst í landamerkjabréfi frá 11. júní 1897 og þingl. 29. júní sama ár. Þar segir að Skálará ráði merkjum „... suðvestur að Sperlagili og loks Sperlagil á grjót upp.“ Samkvæmt landamerkjabréfi Þóroddsstaðar, frá 10. apríl 1923 og þingl. 1. júlí 1925, er merkjum til vesturs lýst í „... há grjótin vestan Seljadals, uns landeign Ófeigsstaða tekur við eftir því sem vörður á merkjum vísa til.“ Svokallað Tjarnahverfi liggur á austanverðu Gönguskarði en til þess er gerð krafa af hálfu eigenda Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár. Fyrir landsvæðið hefur ekki verið gert landamerkjabréf en því er lýst í skýrslu yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju sem líklega er frá 1599 en skrifuð upp 1831. Þar segir um afmörkun Tjarnahverfa: „skal maður fyrst standa á Tiarna Hóli, vid Eystri tjarnir; á Þóroddstadir þaðann allt það land, er Sjónhending yfirgrjpur þar um hverfis, sem er Austari Partur af Gaunguskardi. Sjðann skal standa á grjóthól, vid vestari Tiarnir, liggur þar til Sjóndejlinginn i Þrengslinn Eystri ...“ Loks er merkjum Hrafnstaða lýst í landamerkjabréfi frá 15. september 1890 og þingl. 29. júní 1897. Þar er merkjum til vesturs lýst í Hól „... sem stendur við eystra Tjarnar hverfi á Gönguskarði og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnan verðu allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði og svo allt tiltekið land fyrir sunnan fram á Göngu skarði [...] ofan í gróf þá er aður um getur og er milli Hrappsstaða og Guðmundarstaða liggjandi.“ Framangreind landamerkjabréf eru ekki árituð vegna Draflastaðakirkjulands. Í þeim tilvikum þar sem eldri heimildir liggja fyrir um fyrrnefndar aðliggjandi jarðir og landsvæði eru þau lýsingum landamerkjabréfanna til stuðnings, svo langt sem þær lýsingar ná. Um þessi merki er nánar fjallað í köflum 6.9 og 6.11.

Samkvæmt landamerkjabréfi Draflastaðakirkjulands er merkjum til vesturs og suðurs lýst svo: „Merkin að vestan eru: a. Að norðan verðu Grjótá, svo Gönguskarðsá inn úr Þrengingum að Hólsmerkjum. b. að sunnanverðu Gönguskarðsöxlin þar sem Hólsdalur byrjar.“ Bréfið er áritað vegna Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls og Finnsstaða. Samkvæmt landamerkjabréfi Garðs er merkjum til austurs lýst svo: „Að ofan eða austan eru merkin í Grjótá, svo í Gönguskarðsá og Hólsá, fram að Ytri-Hólsmerkjunum, sem áður eru talin.“ Samkvæmt landamerkjabréfum Syðri- og Ytri-Hóls, sem bæði eru frá 16. maí 1886 og þingl. 4. júní sama ár og lýsa svokölluðum Hólsdal, er merkjum þannig lýst: „Merki hans eru að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og austur að Þrengingum. Að austan ræður fjallsbrún fram að

Gili sem er gagnvart Mjóadal.“ Landamerkjum Finnsstaðadals er lýst í landamerkjabréfi Finnsstaða, frá 5. apríl 1886 og þingl. 13. júní 1887. Þar segir að takmörk Finnsstaðadals séu „Mjóadalsá að innan, en norðan við ána gil nokkurt sem liggur gagnvart Mjóadal.“ Öll framangreind landamerkjabréf eru árituð vegna Draflastaða nema það síðastnefnda. Engar eldri heimildir eru til um merki þessara jarða og landsvæða.

Mörk Draflastaðakirkjulands til norðvesturs, vesturs og suðvesturs geta samræmst merkjum aðliggjandi kröfusvæða svo sem þeim er lýst í landamerkjabréfum en bréfin bera jafnframt gagnkvæmar áritanir. Lýsingar á merkjum aðliggjandi landsvæða til austurs og suðausturs mæla merkjum Draflastaðakirkjulands ekki í mót en orðalag er þó ekki hið sama. Þá bera bréf þeirra ekki gagnkvæmar áritanir. Ekki er lýsing á merkjum til norðausturs en merki aðliggjandi jarða til þeirrar áttar eru miðuð við „grjótin“ eða „hágrjót“. Krefjandi beins eignarréttar að Draflastaðakirkjulandi, eigandi jarðarinnar Draflastaða, hefur einungis afmarkað kröfusvæði sitt að þessu leyti með línu sem dregin er á kort, án þess að merkjum sé lýst nánar en í landamerkjabréfi. Enginn ágreiningur er þó meðal gagnaðila íslenska ríkisins um merki á þessu svæði og ekki verður séð að landamerkjabréf Draflastaðakirkjulands mæli þeirri afmörkun í mót, svo langt sem lýsing þess nær.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan merkja Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá árinu 1886.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framan- greindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf Draflastaðakirkjulands var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var



rakið telur óbyggðanefnd fyrirbyggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 eru nefnd ítök Draflastaðakirkju, þ. á m. selstaða á „Gönguskarði á Þrengingaseli.“ Elsta heimildin um merki Draflastaðakirkjulands er fyrrnefnt landamerkjabréf en landsvæðið er landfræðilega aðskilið frá Draflastöðum. Þess er jafnan getið í tengslum við afréttarnot en einnig sem ítaks. Þá kemur fram í vísitasíu Draflastaða 1892 að kirkjunni „... tilheyri landspartur á Gaunguskarði ...“ og síðar segir í fasteignamati 1916-1918 að jörðin „eigi landsítak á Gönguskarði.“ Í sóknalýsingu Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasókna frá 1839 er minnst á Gönguskarð sem sé „afréttarland.“ Sama segir í sóknalýsingu Þóroddsstaðarprests frá árinu 1840. Á Gönguskarði hefur aldrei verið búið en þarna var áður fyrir fjölfarinn fjallvegur. Þess ber að geta að Gönguskarð liggur í 400- 500 m hæð en er umkringt fjöllum sem liggja hæst í um 900 m hæð. Svæðið er fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði hafi verið afréttur Draflastaðakirkju í þeim skilningi að kirkjan hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 6.1.3. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Draflastaðakirkjulandi liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeirra fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Draflastaðakirkjuland sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til

þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>917</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hafi verið nýtt sem afréttur og undirorpið slíkum rétti. Í því sambandi hafa ekki aðrir lagt fram kröfur en eigandi Draflastaða og þeirri kröfu er ómótmælt.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Til vesturs er að norðanverðu miðað við Grjótá og svo Gönguskarðsá inn úr Þrengingum að Hólsmerkjum og að sunnanverðu ræður Gönguskarðsöxlin þaðan sem Hólsdalur byrjar.*

*Til suðausturs og austurs eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar upp báðumegin.*

*Til norðausturs er miðað við hágrjót Vesturfjalla, sbr. punkt 6 í kröfulýsingu vegna Þóroddsstaðar og punkt 9 í kröfulýsingu gagnaðila ríkisins vegna Ófeigsstaða og Rangár, þar til kemur að fyrstnefndum norðvesturmerkjum.*

Sama landsvæði er í afréttareign eiganda Draflastaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## 6.11 Tjarnahverfi á Gönguskarði

### 6.11.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu eigenda Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár hefur verið afmarkað sem sameignarland jarðanna á austanverðu Gönguskarði, sbr. heimildir um Tjarnahverfi eystra og vestra, og gerð krafu til sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1., 3.31. og 3.32. Þess skal getið hér að til vestari hluta Gönguskarðs er gerð krafu af hálfu Draflastaða, sjá kafla 6.10.

Gönguskarð liggur þvert í gegnum Kinnarfjöll, í stefnu frá suðaustri til norðvesturs. Þar var mjög greiður og fjölfarinn fjallvegur, sumar sem vetur, og allur varðaður. Skarðið liggur í u.þ.b. 400-500 m hæð yfir sjávarmáli en fjöllin beggja vegna ná upp í u.þ.b. 900 m hæð. Hlíðarnar eru brattar en undirlendið flatt og víða grösugt. Tjarnahverfi liggur á miðju skarði og er þar mýrlendi.

### 6.11.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla og öræfa á svæðinu. Því er haldið fram að svæði utan kröfulínu séu

<sup>917</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

samnotaafréttir fyrir búfé utan eignarlanda einstakra jarða, auk þess sem fjarlægð frá byggð og landhættir að öðru leyti styðji að um þjóðlendu sé að ræða.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Þóroddsstaðar, Ófeigsstaðar og Rangár, er byggt á því að torfunni hafi fylgt sameignarland á Seljadal og Gönguskarði, sem heimildir staðfesti að hafi fylgt frá fornu fari. Sameignarland á Gönguskarði sé það svæði sem í gömlum heimildum kallist Tjarnahverfi eystra og vestra. Þá er vísað til landskiptagerðar Þóroddsstaðar og Engihlíðar frá 1987, landamerkjabréfa, og annarra skráðra eignarheimild, fornra og nýrra, sem þeir hafi fyrir eignum sínum ásamt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum rétti.

Íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum. Öll afnot og nytjar landsins hafi verið háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða, enda sé hann ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna beri ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ er á við úrlausn máls.

### 6.11.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Tjarnahverfis eystra og vestra á austanverðu Gönguskarði er rakin í kafla 5.31.1 hér að framan, sbr. einnig kafla 5.30–5.31 um Ófeigsstaði og Þóroddsstað og 5.38 um afrétti o.fl. Þar kemur fram að Tjarnahverfa er fyrst getið í máldaga frá 14. öld og sögð eign Þóroddsstaðarkirkju. Um jarðirnar Þóroddsstað og Ófeigsstaði er fjallað í kafla 6.9. Heimildir greina frá því að í Tjarnahverfi eystra og vestra hafi verið sel en land á Gönguskarði hefur lengi

verið nýtt til sumarbeitar og haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.<sup>918</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Tjarnahverfa. Er þar helst að líta til skýrslu yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju, sem líklega er frá 1599 en uppskrifuð árið 1831, skýrslu prestsins á Þóroddsstað um eignir kirkjunnar frá 1832–1834 og landamerkjabréfa á þessu svæði, frá Þóroddsstað suður að Hrafnstöðum, auk Draflastaðakirkjulands á vestanverðu Gönguskarði. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir tekur til heildarmerkja svæðisins, enda samkvæmt afmörkun gagnaðila ríkisins allt innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um merki Tjarnahverfa verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í skýrslu yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju sem líklega er frá 1599 en skrifuð upp 1831, segir svo um afmörkun Tjarnahverfa: „skal madur fyrst standa á Tiarna Hóli, vid Eystri tjarnir; á Þóroddstadur þadann allt þad land, er Sjónhending yfirgrjpur þar um hverfis, sem er Austari Partur af Gaunguskardi. Sjðann skal standa á grjóthól, vid vestari Tiarnir, liggur þar til Sjóndejlinginn i Þrejngslinn Eystri...“ Í minnisgrein um eignir kirkjunnar sem presturinn á Þóroddsstað ritaði einhvern tíma á árabílinu 1832–1834 kemur fram að „önnur skjöl“, ótilgreind, lýsi merkjum heimalands Þóroddsstaðar frá mynni Seljadals „gaungu Skarð allt milli Fialla brúna Há hriggs og Þreinginga...“. Krefjendur beins eignarréttar að Tjarnahverfum í máli þessu, eigendur jarðanna Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár, hafa einungis afmarkað kröfusvæði sitt með línu sem dregin er á kort, án merkjalýsingar í texta eða skírskotunar til einstakra heimilda. Enginn ágreiningur er þó meðal gagnaðila íslenska ríkisins um merki á þessu svæði og ekki verður séð að framangreindar lýsingar á afmörkun Tjarnahverfa, svo langt sem þær ná, mæli þeirri afmörkun í mót. Er þar að auki til merkjalýsinga aðliggjandi landsvæða að líta.

Til norðurs af sameiginlegu kröfusvæði eigenda Þóroddsstaða, Ófeigsstaða og Rangár vegna Tjarnahverfa eru sérstök kröfusvæði sömu aðila vegna umræddra jarða. Þar er Þóroddsstaður nyrst en sunnan hans eru Ófeigsstaðir og Rangá, sameiginlega. Í landamerkjabréfi Þóroddsstaðar, dags. 10. apríl 1923 og þingl. 1. júlí 1925, segir m.a. svo: „Að vestan ráða merkjum há grjótin vestan Seljadals, uns landeign Ófeigsstaða tekur við eftir því sem vörður á merkjum vísa til.“ Um merkjalýsingu í minnisgrein sem presturinn á Þóroddsstað ritaði einhvern tíma á árabílinu 1832–1834 var áður fjallað en um aðrar eldri heimildir sem lýsa merkjum Þóroddsstaðar vísast til kafla 6.9. Svo sem þar kemur fram geta eldri heimildir ágætlega samrýmst landamerkjabréfinu svo langt sem þær ná en þó er þar ekki að finna nákvæmar lýsingar á merkjum til vesturs.

<sup>918</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Í landamerkjabréfi Ófeigsstaða, dags. í maí 1919 og þingl. vorið 1919, er norðurmerkjum lýst beina línu „í há vestur yfir Grjótin og Seljadalsá“ og suðurmerkjum „upp á há brúnir Vesturfjalla“. Hér skal þess getið að býlið Rangá var stofnað úr hluta Ófeigsstaða um miðja 20. öld.

Samkvæmt framangreindum lýsingum, sbr. einnig afmörkun í kröfugerð gagnaðila ríkisins í máli þessu, er Gönguskarð utan við afmörkun í landamerkjabréfum Þóroddsstaðar og Ófeigsstaða og ekki er heldur á Tjarnahverfi minnst sérstaklega.

Austan við kröfusvæði vegna Tjarnahverfa eru Torfuness og Háls. Í landamerkjabréfi Torfuness, dags. 1. apríl 1908 og þingl. sama ár, eru vesturmerki miðuð við „brúnir vesturfjalla“, sjá nánar í kafla 6.9. Eldri merkjalýsing á mörkum milli Torfuness og Háls er í samræmi við þetta. Bréfið er áritað af umráðamanni Þóroddsstaðaprestsseturs og hjáleigunnar Ófeigsstaða. Í lögfestu fyrir Háls landareign frá 28. júní 1897, sem þinglesin var 29. júní 1897, segir um vesturmerki að þar ráði „grjótskriða sú sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálssel og Hálsgreni.“ Til norðurs er miðað við Skollahnjúk og til suðurs „Gönguskarðsá inn fyrir Háls grænur“. Eldri heimildir um afmörkun Háls liggja ekki fyrir.

Sunnan við Háls og kröfusvæði Tjarnahverfa eru Hrafnstaðir. Í landamerkjabréfi Hrappsstaða (Hrafnstaða), dags. 15. september 1890 og þingl. 29. júní 1897, eru norðurmerki að því leyti sem hér skiptir máli dregin frá þeim stað fyrir neðan Hálssel þar sem lækur fellur í á þá er rennur af Gönguskarði til norðurs (Seljadalsá) og „síðan réttlínis í Hól þann sem stendur við eystra Tjarnar hverfi í Gönguskarði og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnan verðu (þar nú á öld liggur almannavegur um) allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði...“ Bréfið er áritað vegna Þóroddsstaðarkirkju.

Vestan við kröfusvæði Tjarnahverfa er land Draflastaðakirkju á Gönguskarði sem lýst er í sérstöku landamerkjabréfi frá 15. maí 1886, þingl. 4. júní sama ár. Þar segir svo um austurmerki: „Að austan eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar báðumegin.“ Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna aðliggjandi landsvæða til austurs. Aðrar heimildir liggja ekki fyrir um afmörkun lands Draflastaðakirkju á Gönguskarði.

Samkvæmt framangreindum merkjalýsingum, sbr. einnig afmörkun gagnaðila ríkisins á kröfusvæðum sínum, ná merki Draflastaðakirkjulands, Þóroddsstaðar, Ófeigsstaðar, Rangár, Torfuness, Háls og Hrafnstaða ekki saman á austanverðu Gönguskarði. Nánar tiltekið miðast merki Þóroddsstaðar og Ófeigsstaða við brúnir Vesturfjalla en ná ekki niður í Gönguskarð, merki Draflastaðakirkjulands og Háls ná ekki saman á Gönguskarði og merki Hrafnstaða ná ekki upp á brúnir Vesturfjalla, til móts við Ófeigsstaði. Sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar fellur því utan merkjalýsinga í landamerkjabréfum á þessu svæði, þ.e. Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða, Torfuness, Háls og Hrafnstaða, auk lands

Draflastaðakirkju á vestanverðu Gönguskarði. Kemur þá næst til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess.

Heimildir um rétt Þóroddsstaðarkirkju til hluta Gönguskarðs eru fjölmargar og má rekja allt aftur til máldaga Auðunar rauða Þorbergssonar biskups frá 1318. Þar segir að Þóroddstaðarkirkja eigi „Tiarnahuerfe hid eystra og vestra“, sbr. einnig síðari máldaga, vísitásiur og fleiri heimildir. Í skýrslu yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju sem líklega er frá 1599 en skrifuð upp 1831, segir svo: „Her ad auk á Kirkiann á Þóroddstad Gaunguskard allt ad austan, og Selstödu þar; ...“. Í máldaga Þóroddsstaða frá 1644 segir að umrædd Tjarnahverfi séu „Selför á Gaunguskarde (i Háfum Fiallgarde Hier fyrer ofann bæena ligg<i>ande) og er nú þetta sú Fasteign Stadar Kyrkiu sem eg af veit Med Seliadal Hier fyrer Ofann Og Heima lande Stadar i kinn,...“ Í heimildum frá því í byrjun 17. aldar kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja leigi Hálsi selstöðu í Gönguskarði. Gönguskarð er nefnt meðal afréttarlanda í sóknarlýsingum Hálsprests 1839 og Þóroddsstaðaprests 1840. Í síðarnefndu lýsingunni segir einnig að mestur hluti Gönguskarðs „tilheyri Þóroddsstöðum.“ Í fasteignamati 1916-1918 segir að Þóroddsstaðir eigi „Land ítak á Gönguskarði.“ Ítak Þóroddsstaðarkirkju á Gönguskarði er einnig nefnt í bréfi umboðsmanns Þóroddsstaðar til sýslumanns frá 1920 og bréfi Stjórnarráðsins til sýslumanns frá 1921. Í hinu síðarnefnda tilkynnir Stjórnarráðið að umrædd ítök skuli fylgja hinu nýja prestssetri Þóroddsstaðaprestakalls, Vatnsenda. Í samræmi við þetta tilgreinir presturinn á Vatnsenda „afréttarland á Gönguskarði á Kinnarfjalli“, ítak Þóroddsstaðarkirkju, í svari sínu við fyrirspurn til biskupsskrifstofunnar í Reykjavík um ítök kirknanna, dags. 1. febrúar 1954. Fram kemur að hann hafi ekki notið umræddra ítaka á nokkurn hátt þau 25 ár sem hann hafi verið þar prestur. Í framhaldi af því ritar Biskup Íslands sýslumanninum í Þingeyjarsýslu bréf og lýsir „Afréttarlandi á Gönguskarði“ sem ítaki Þóroddsstaðarkirkju, sbr. lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum.

Framangreindar heimildir bera með sér að Tjarnahverfi eystra og vestra hefur legið undir Þóroddsstaðarkirkju en þó verið aðgreint frá jörðinni. Þess er jafnan getið með sérstökum hætti og í tengslum við selför, ítök og afréttarnot. Landamerkjabréf Ófeigsstaða var gert árið 1919 og bréf Þóroddsstaðar árið 1923, eftir að Vatnsendi hafði tekið við sem prestsetur Þóroddsstaðaprestakalls. Landsvæðið á austanverðu Gönguskarði er ekki til umfjöllunar í bréfum Þóroddsstaðar og Ófeigsstaða en ekkert landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir Vatnsenda. Ljóst er einnig að Biskup Íslands hefur lýst rétti Þóroddsstaðakirkju á Gönguskarði sem ítaki. Svæðið er hálent, fjarri byggð og smölun sameiginleg.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Þóroddsstaðarkirkja hafi átt óbein eignarréttindi á austanverðu Gönguskarði fremur en að kirkjan hafi átt þar beinan eignarrétt.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun

landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 6.1.3. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Tjarnahverfum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Tjarnahverfis eystra og vestra hafi orðið til á þann veg að þau hafi verið tekin til selfarar, sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Tjarnahverfi eystra og vestra séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>919</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hefur verið nýtt sem afréttur og undirorpið slíkum rétti. Í því sambandi hafa ekki aðrir lagt fram kröfur en eigendur Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár og þeirri kröfu er ómótmælt.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Tjarnahverfi eystra og vestra, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Til vesturs afmarkast landsvæði þetta af merkjum Draflastaðakirkjúlunds á vestanverðu Gönguskarði, þar sem þau liggja í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar báðumegin, sbr. hreppamörk fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálshrepps sem jafnframt eru norðvesturmerki kröfulínu Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár vegna Tjarnahverfis.*

*Til suðvesturs er miðað við merki Hrafnstaða, og stefna tekin þaðan sem þau liggja frá þeim stað fyrir neðan Hálssel (punktur 8 í kröfulýsingu vegna Hrafnstaða) þar sem lækur fellur í á þá er rennur af Gönguskarði til norðurs (Seljadalsá) og síðan réttlínis í Hól þann sem stendur við eystra Tjarnahverfi á Gönguskarði (punktur 9 í kröfulýsingu vegna Hrafnstaða) og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnanverðu allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði (punktur 10 í kröfugerð vegna Hrafnstaða).*

<sup>919</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*Til austurs er farið úr áðurnefndum hól við eystra Tjarnahverfi (punkti 9 í kröfúlýsingu vegna Hrafnstaða) í grjótskriðu þá sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálssel og Hálsgreni (punktur 4 í kröfúlýsingu vegna Háls). Þaðan er dregin lína í norðaustur þar til komið er að hornmarki (punkti 3 í kröfúlýsingu vegna Háls) við merkjalínu Háls sem liggur úr Skollahnjúk og þangað til komið er á móts við framangreinda skriðu. Frá framangreindu hornmarki (punkti 3 í kröfúlýsingu vegna Háls) er miðað við merki Torfuness og Ófeigsstaða, þar sem þau liggja í hábrúnum Vesturfjalla (punktar 9 í kröfúlýsingu vegna Torfuness og Ófeigsstaða), þar til kemur að fyrstnefndum vesturmerkjum, sem jafnframt eru hreppamörk á milli fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálshrepps.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Þóroddsstaðar að 2/3 og Ófeigsstaða og Rangár að 1/3, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## **6.12 Finnsstaðadalur**

### **6.12.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem kallast Finnsstaðadalur og þinglýstir eigendur Finnsstaða, Hjaltastaða og Halldórsstaða gera kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1., 3.22. og 3.23.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 400 m hæð norður af Fornastaðafjalli. Lega þess er suðaustur-norðvestur og liggur það í gegnum Kinnarfjallgarðinn og opnast til austurs gegnt Ystafelli. Dalurinn er mjór og hækkar ört austur, upp í 600 m hæð með gróður um hann allan og hátt til hliða.

### **6.12.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hliðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla eða öræfa á svæðinu. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms og samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að land innan kröfusvæðis ríkisins hafi verið numið. Heimildir greina að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í *Göngum og réttum*. Meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps séu Kinnarfjöll, þ.e. Finnsstaðadalur, Gönguskarð, Seljadalur og Víknaönd og komi það m.a. fram í *Göngum og réttum*. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarþeirra fyrir búfé.



Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Svæði það sem er til meðferðar í máli þessu er hluti Þingeyjarsveitar, nánar tiltekið sveit sú sem áður nefndist Flateyjarhreppur og sá hluti hreppanna sem áður nefndust Hálshreppur og Ljósavatnshreppur, sem er norðan Ljósavatnsskarðs.

Byggt er á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 og er á því byggt að krafa um þjóðlendu taki til landsvæða utan landnáms í Kinnarfjöllum og Víknarfjöllum og allt að Hágöngum í norðri.

Talið er að jarðir þær sem hér séu til umfjöllunar geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk, enda nái merki jarðanna almennt ekki að jörðum vestan við og séu ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum. Þá séu merkjalýsingar óljósar til fjalls, t.d. „hágrjót“, „á grjót upp“, „vötn hallar“. Loks er talið að Finnsstaðadalur sé samnotaafréttur utan merkja jarða, sbr. t.d. merkjabréf Finnsstaða.

Af hálfu þinglýstra eigenda Finnsstaða, Hjaltastaða og Halldórsstað, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum (viðskiptavenju). Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Visast einnig til fyrri úrskurða óbygðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalyfing fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Finnsstaða og Halldórsstaða sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðili hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé

beinum eignarrétti háð. Þá er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

### 6.12.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Finnsstaðadal er rakin í kafla 5.22. hér að framan, sbr. einnig kafla 5.38. um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að Finnsstaðadals er fyrst sérstaklega getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 og talinn tilheyra Finnsstöðum. Jörðin Finnsstaðir liggur að hluta einnig innan ágreiningssvæðis í máli þessu en er aðskilin frá Finnstaðadal af öðrum jörðum. Um Finnsstaði er fjallað í kafla 6.9. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á Finnsstaðadal en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.<sup>920</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Finnsstaðadals er lýst í landamerkjabréfi Finnsstaða frá 5. apríl 1886 og þingl. 13. júní 1887. Þar er annars vegar lýsing á merkjum heimalandsins og hins vegar „afréttarlandinu Finnsstaðadal“ eins og segir í bréfinu. Fram kemur í landamerkjabréfi Halldórsstaða, frá 20. maí 1885 og þingl. 28. maí sama ár, að jörðin „... eigi 1/6 – einn sjötta – part úr afréttarlandinu Finnsstaðadal“ en svæðinu er að öðru leyti ekki lýst. Engar eldri merkjalýsingar finnast um Finnsstaðadal. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðisins og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Til suðurs, austurs, norðausturs og norðurs eru ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinn gagnaðila þess vegna Fellssels og Selfells, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnstaða og Draflastaðakirkjulands, sbr. kafla 6.9. og 6.10. Til norðvesturs, vesturs og suðvesturs eru ágreiningssvæði vegna Syðri- og Ytri-Hóls, Hallgilsstaða, Sólvangs og Fornhóla, sbr. kafla 6.8. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Finnsstaðadals með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Um merki „afréttarlandsins Finnsstaðadals“ segir í landamerkjabréfinu: „Takmörk hans eru sunnan við ána, sem eftir honum rennur. Mjóadalsá að innan, en norðan við ána gil nokkurt sem liggur gagnvart Mjóadal.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Fellssels, Syðri- og Ytri-Hóls, Barnafells og Halldórsstaða. Merkjum Finnsstaðadals er þannig ekki lýst til norðurs og austurs. Suðurmörk eru einnig ónákvæm enda ekki tekið fram hversu langt „sunnan við ána“ þau ná. Verður því sérstaklega litið til merkja aðliggjandi landsvæða.

Norðvestan og vestan kröfussvæðis Finnsstaðadals eru kröfussvæði Syðri- og Ytri-Hóls, Hallgilsstaða, Sólvangs og Fornhóla, og Fornastaða.

<sup>920</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Í landamerkjabréfum Syðri- og Ytri-Hóls, sem bæði eru frá 16. maí 1886 og þingl. 4. júní sama ár, eru merki einnig miðuð við Mjóadalsá og gil sem liggur gagnvart Mjóadal. Er sú lýsing því í samræmi við lýsingar á Finnstaðadal. Bæði bréfin eru árituð vegna Finnsstaða.

Merkjum Hallgilsstaða er lýst í landamerkjabréfi frá 28. mars 1884 og þingl. 18. júní sama ár. Þar er miðað við að merki jarðarinnar til austurs nái „á fjall upp“. Bréfið er ekki áritað vegna Finnsstaða.

Jarðirnar Fornhóll og Sólvangur voru stofnaðar úr landi Fornastaða á miðri síðustu öld. Verður því litið til landamerkjabréfs Fornastaða sem ritað var 28. mars 1884 og þingl. 18. júní sama ár. Það er ekki áritað vegna Finnsstaða. Í bréfinu er ekki nákvæm lýsing til austurs en suðurmerki miða við Merkiá „af fjalli“ og norðurmerki fylgja „Syðragili í fjallinu“.

Til suðurs, austurs og norðausturs liggja kröfuvæði vegna Fellssels og Selfells, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnstaða og Draflastaðakirkjúlunds.

Samkvæmt landamerkjabréfi Fellssels, frá 28. maí 1885 og þingl. sama dag, eru merki til vesturs miðuð við „... grjóthæðir hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal.“ Bréfið er áritað vegna Finnsstaða. Býlinu Selfelli var skipt úr jörðinni á miðri síðustu öld. Sömu lýsingu er að finna í landamerkjabréfi Ystafells, frá 27. maí 1885 og þingl. degi síðar. Það er áritað um samþykki vegna Finnsstaða. Býlið Hlíð var stofnað í landi Ystafells árið 1931. Ágreiningur er milli gagnaðila íslenska ríkisins varðandi mörk Finnsstaðadals til austurs gagnvart Ystafelli. Til þess atriðis verður aðeins tekin afstaða hér ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Merkjum Gvendarstaða er lýst í landamerkjabréfi frá 18. maí 1889 og þingl. 24. maí sama ár. Bréfið er ekki áritað vegna Finnsstaða. Til vesturs eru merki miðuð við „hábrún Vesturfjalls“.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hrafnstaða, frá 15. september 1890 og þingl. 29. júní 1897, eru merki til norðurs „... í hóla er standa í miðju Gönguskarði og svo allt tiltekið land fyrir sunnan fram á Gönguskarði [...] ofan í gróf þá er áður um getur og er milli Hrappstaða og Guðmundarstaða liggjandi“. Bréfið er ekki áritað vegna Finnsstaða. Merkjum er þannig ekki nákvæmlega lýst til suðvesturs gagnvart Finnsstaðadal.

Samkvæmt landamerkjabréfi „Draflastaðakirkjúlunds á Gönguskarði“, frá 15. maí 1886 og þingl. 4. júní sama ár, eru merki til suðurs, gagnvart Finnsstaðadal, miðuð við „Gönguskarðsöxlinna þar sem Hólsdalur byrjar.“ Síðan segir um austurmerkin að farið sé í „... vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar báðum megin.“ Bréfið er áritað vegna Finnsstaða. Athugun á heimildum aðliggjandi landsvæða bendir til þess að sú afmörkun sem gagnaðilar ríkisins leggja til grundvallar á kröfuvæði sínu vegna Finnsstaðadals fái samræmst þeim.

Merkjum framangreindra jarða er almennt lýst í þau fjöll sem liggja að Finnsstaðadal, sbr. t.d. Gvendarstaði og Hallgilsstaði, eða í ákveðin kennileiti, sbr. Fornastaði. Merkjum Hrafnstaða er ekki nákvæmlega lýst til suðvesturs, gagnvart Finnsstaðadal, en sú lýsing virðist þó ekki mæla afmörkun eigenda jarðarinnar í mót, svo langt sem hún nær. Um merki framangreindra jarða og landsvæða er að öðru leyti nánar fjallað í köflum 6.8. og 6.9. Þar eru einnig raktar eldri heimildir um merkin í þeim tilvikum sem þeirra nýtur við. Í köflunum er komist að þeirri niðurstöðu að merkjalýsingar séu í ágætu samræmi við afmörkun gagnaðila á þeim kröfusvæðum sem liggja að Finnsstaðadal en um þessi mörk er ekki ágreiningur milli gagnaðila íslenska ríkisins að undanskildum austurmerkjum gagnvart Ystafelli. Engar lýsingar eru í landamerkjabréfi Finnsstaða á merkjum Finnsstaðadals til norðurs og austurs og takmarkaðar til suðurs. Ekkert annað er fram komið um afmörkun Finnsstaðadals sem byggjandi er á um mörk landsvæðisins til þessara átta en lýsingar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og landsvæða. Athugun á þeim heimildum bendir til þess að sú afmörkun sem gagnaðilar íslenska ríkisins leggja til grundvallar á kröfusvæði sínu vegna Finnsstaðadals fái samræmst þeim.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan merkja Finnsstaðadals.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir Finnsstaði og Finnsstaðadal var gert í kjölfar þess að landamerkjälög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Af heimildum má ráða að Finnsstaðadalur hafi legið undir Finnsstaði en síðan hafi 1/6 hluti svæðisins verið seldur Halldórsstöðum, líklega á 19. öld, sbr. landamerkjabréf beggja jarðanna. Finnstaðadals er jafnan getið með sérstökum hætti í

heimildum og stundum nefndur „afréttarland.“ Elsta heimildin um Finnsstaðadal er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en þar segir: „eitt dalland í fjöllunum milli Fnjóskadals og hjer. Hann hefur áður verið eignaður Finnstöðum, so sem sjá má af gömlum lögfestum. Hann er nú ekki brúkaður nema lítilega til hestagöngu á sumrin.“ Um Finnsstaðadal er fjallað í sóknarlýsingu frá 1840 en þar segir Þóroddsstaðaprestur: „... Í suður frá Gönguskarði á fjalli uppi liggur Finnsstaðadalur og fram gegnt Gljúfrá. Allt er þetta afréttarlönd.“ Þá kemur fram í fasteignamati 1916-1918 um jarðirnar Halldórsstaði og Finnsstaði að auk þess að eiga rétt til upprekstrar á „afrétt sveitarinnar“ fylgi Finnsstöðum 5/6 af Finnsstaðadal og Halldórsstöðum 1/6. Loks er Finnsstaðadalur nefndur sérstaklega í landamerkjabréfum Finnsstaða og Halldórsstaða og þar nefndur „afréttarland“ en hann liggur aðskilinn frá báðum jörðunum. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi verið nýtt til annars en sumarbeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Það liggur fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Finnsstaðadalur hafi verið afréttur Finnsstaða og síðar einnig Halldórsstaða og loks Hjaltastaða, þegar það býli var stofnað, í þeim skilningi að jarðirnar hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

 34(4) Afsal Karls og Friðbjarnar Jónatanssona á Nípá til Kára Karlssonar, dags. 18.2.1988.  
 Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Ófeigsstaða og Rangár:**

- 35 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.  
 35(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ófeigsstaði, dags. 31.1.2007.  
 35(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Rangá, dags. 31.1.2007.  
 35(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Ófeigsstaði, dags. 19.2.2007.  
 35(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Rangá, dags. 19.2.2007.  
 35(5) Hornpunktaskrá fyrir Ófeigsstaði og Rangá, ódags. en mótt. 3.4.2007.  
 35(6) Skiptayfirlýsing á dánarbúi Baldvins Grana Baldurssonar, dags. 17.9.2004.  
 35(7) Afsal Hildar Baldvinsdóttur á eignarhluta sínum í Rangá og Ófeigsstöðum I til Friðriku Baldvinsdóttur o.fl., dags. 30.12.2004.  
 35(8) Afsal Baldurs Baldvinssonar á eignarhluta sínum í Ófeigsstöðum I til Friðriku Baldvinsdóttur o.fl., dags. 30.12.2004.  
 35(9) Afsal Baldurs Baldvinssonar á öræktuðu landi Ófeigsstaða til Einars

- Kristjánssonar, dags. 20.11.1960.
- 35(10) Kaupsamningur og afsal. Sigurbjörn Kr. Einarsson selur Einari Kristjánssyni og Svanhildi Baldursdóttur  $\frac{2}{3}$  hluta Ófeigsstaða 2, dags. 2.7.1992.  
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Torfuness:**

- 36 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 36(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Torfunes, dags. 31.1.2007.
- 36(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Torfunes, dags. 19.2.2007.
- 36(3) Hornpunktaskrá fyrir Torfunes, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 36(4) Afsal Baldvins Kr. Baldvinssonar á Torfunesi til Brynhildar Þráinsdóttur, dags. 1.2.2005.  
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Sigríðarstaða:**

- 37 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 37(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Sigríðarstaði, dags. 31.1.2007.
- 37(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Sigríðarstaði, dags. 19.2.2007.
- 37(3) Hornpunktaskrá fyrir Sigríðarstaði, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 37(4) Beiðni Hermanns R. Herbertssonar um að eiginkona hans Edda Petrína Olsen verði þinglýstur eigandi að 50% Sigríðarstaða, dags. 24.2.2006.
- 37(5) Afsal Huldu Laufeyjar Davíðsdóttur á Sigríðarstöðum til Hermanns Herbertssonar, dags. 2.2.1985.  
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Sólvangs og 50% Fornastaða:**

- 38 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 38(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Sólvang, dags. 30.3.2007.
- 38(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Sólvang, dags. 30.3.2007.
- 38(3) Hornpunktaskrá fyrir Sólvang, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 38(4) Afsal eigenda Sólvangs á  $\frac{2}{3}$  hlutum Sólvangs til Bergsveins og Ingvars Jóns-sona, dags. 7.12.1986.
- 38(5) Afsal Jóns G. Lútherssonar og Ásdísar Stefánsdóttur á  $\frac{1}{3}$  hluta Sólvangs til Þórunnar Jónsdóttur og Rúnars Jóakimssonar, dags. 22.11.1993.  
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Syðri-Hóls:**

- 39 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 39(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Syðri-Hól, dags. 31.1.2007.
- 39(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Syðri-Hól, dags. 30.3.2007.
- 39(3) Hornpunktaskrá fyrir Syðri-Hól, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 39(4) Afsal Hálshrepps á Syðri-Hóli til Benedikts Karlssonar og Kristjáns Valdimarssonar, dags. 8.2.1973.
- 39(5) Kaupsamningur og afsal. Kristján Valdimarsson og Friðrika Þórólfsdóttir selja  $\frac{1}{2}$  Syðri-Hól til Þórólfs og Ingvars Kristjánssona, dags. 14.12.1993.  
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Syðri-Leikskálaár:**

- 40 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 40(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Syðri-Leikskálaá, dags. 30.3.2007.
- 40(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Syðri-Leikskálaá, dags. 30.3.2007.
- 40(3) Hornpunktaskrá fyrir Syðri-Leikskálaá, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 40(4) Skiptayfirlýsing vegna Syðri-Leikskálaár, dags. 4.12.2003.  
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Veisu:**

- 41 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.  
 41(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Veisu, dags. 31.1.2007.  
 41(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Veisu, dags. 19.2.2007.  
 41(3) Hornpunktaskrá fyrir Veisu, ódags. en mótt. 3.4.2007.  
 41(4) Kaupsamningur og afsal. Björn Bergþórsson selur Karli Björnssyni Veisu, dags. 3.12.1996.  
 Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Veisusel:**

- 42 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.  
 42(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Veisusel, dags. 31.1.2007.  
 42(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Veisusel, dags. 19.2.2007.  
 42(3) Hornpunktaskrá fyrir Veisusel, ódags. en mótt. 3.4.2007.  
 42(4) Afsal Steinþórs B. Lútherssonar á Veisuseli til Gunnlaugs Fr. Lútherssonar, dags. 20.9.1987.  
 42(5) Afsal Þorgerðar Laxdal á Veisuseli til Gunnlaugs Fr. Lútherssonar, dags. 3.9.2001.  
 42(6) Kaupsamningur. Gunnlaugur F. Lúthersson selur Flaumi ehf. Veisusel, dags. 27.1.2006.  
 Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Ytri-Hóls:**

- 43 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.  
 43(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Hól, dags. 31.1.2007.  
 43(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Hól, dags. 19.2.2007.  
 43(3) Hornpunktaskrá fyrir Ytri-Hól, ódags. en mótt. 3.4.2007.  
 43(4) Skiptayfirlýsing á dánarbúi Karls Jóhannessonar, dags. 22.11.1976.  
 Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Ytri-Leikskálaár:**

- 44 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.  
 44(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Leikskálaá, dags. 31.1.2007.  
 44(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Leikskálaá, dags. 19.2.2007.  
 44(3) Leyfi til handa Margrétar Jónsdóttur til að sitja í óskiptu búi, dags. 22.6.1993.  
 Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 45 45(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 26.4.2007.  
 45(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 11.6.2007.  
 45(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 9.8.2007.  
 45(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 29.8.2007.  
 45(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 24.9.2007.  
 45(6) Fundargerð endurupptöku, dags. 29.5.2008.  
 46 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 13.12.2007.  
 47 Greinargerð Hjörleifs Guttormssonar náttúrufr. um staðhætti og gróðurfar, dags. maí 2007.

**Lagt fram af málsaðilum:**

- 48 Yfirlitskort, mælikvarði 1:100.000 í A1. Mál nr. 4/2007. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 26.5.2008.

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Hálsmannatungna á Flateyjarðalsheiði:**

- 49 Kröfulýsing, dags. 8.8.2007.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Draflastaðalands á Gönguskarði:**

- 50 Kröfulýsing, dags. 8.8.2007.  
 50(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Draflastöðum, dags. 13.7.2007.  
 50(2) Afsal. Sif Bjarklind Ólafsdóttir afsalar Draflastöðum til Sigurðar Arnars Jónssonar, dags. 4.4.2004.  
 Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

**Hliðsjónargögn.**

**Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:**

- Ónr. Jóhann Skaptason: „Sýslumörk Þingeyjarsýslu“, *Árbók Þingeyinga 1965*, bls. 66-71.  
 Ónr. Jóhann Skaptason: *Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótsdalsheiðar*, *Árbók Ferðafélags Íslands 1969*, bls. 60-73 og 110-115.  
 Ónr. Bjarni Guðmundsson, Haukur Jóhannesson og Valgarður Egilsson: *Í strandbyggðum norðan lands og vestan*, *Árbók Ferðafélags Íslands 2000*, bls. 145, 158-159, 172, 182, 186, 202-203, 207 og 210-213.  
 Ónr. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 97 og 159.  
 Ónr. Björn Teitsson: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930*, Reykjavík, 1973, bls. 38-39 og 42-47.  
 Ónr. Páll G. Jónsson frá Garði: *Flateyjarðalsheiði*, Hella, 2000, bls. 22-24, 46-50, 54-59 og 75-84.  
 Ónr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, Reykjavík, 1988, bls. 66-69, 72-73 og 94-129.  
 Ónr. *Íslendingabók. Landnámabók*, Íslenzk fornrit I, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, Reykjavík, 1968, bls. 268-287 og 322-323.  
 Ónr. Bragi Sigurjónsson: *Göngur og réttir IV*, Akureyri, 1986. *Flateyjarðalsheiði – afréttarlýsing*. Bls. 227-239. *Um göngur á Flateyjarðalsheiði og Flateyjarðalsheiði ein og nú er*. Bls. 246-253. *Afréttarlönd og fjallskil í Ljósavatnshreppi – afréttarlýsing*, bls. 271-276.  
 Ónr. *Lýsing Þingeyjarsýslu*, Ritsafn Þingeyinga II, Reykjavík, 1954, bls. 110-119, 122-135 og 162-201.  
 Ónr. Uppdráttur afrétta í Þingeyjarsýslu. RALA, ódags. en mótt. 7.11.2006.  
 Ónr. *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, Reykjavík, 1994, bls. 23-25.

**Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:**

- Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum 1-7/2000 og 1-5/2001.  
 Ónr. Hrd. 11. 12.1987, bls. 1656 í máli nr. 83/1986 um Flateyjarðalsheiði.  
 Ónr. Skjalaskrá í Hrd. 11.12.1987, bls. 1656 nr. 83/1986 um Flateyjarðalsheiði.  
 Ónr. Skýrslur í máli 4/2007 hjá óbyggðanefnd, (23 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

**Lagt fram til hliðsjónar af Ragnari Aðalsteinssyni hrl.:**

- Ónr. Case of J.A. Pye (Oxford) Ltd. v. The United Kingdom, dags. 15.11.2005.  
 Ónr. N.A. and others v. Turkey, dags. 11.10.2005.

**Skjöl lögð fram til upplýsingar fyrir lögmennt:**

- Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. um gagnaöflun óbyggðanefndar, dags. 5.6.2007.  
 Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007 ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl væru varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.





**ÚRSKURÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**

**mál nr. 5/2007**

**Grýtubakkahreppur ásamt**  
**Flateyjardalsheiði vestan Dalsár**



**6. júní 2008**



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>983</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>984</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	984
2.2	Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar.....	984
2.3	Lýstar kröfur og kynning.....	985
2.4	Mál nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár.....	986
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>988</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins.....	988
3.2	Kröfur Prestsetrasjóðs vegna „upprekstrarlands“ milli Höfðagilja.....	988
3.3	Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Almennings.....	989
3.4	Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Heiðarhúsa.....	989
3.5	Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Eyvindarár.....	989
3.6	Kröfur Öddu Kristrúnar Gunnarsdóttur o.fl. vegna Brettingsstaða I og II.....	990
3.7	Kröfur Jakobínu Þórhallsdóttur o.fl. vegna Finnastaða I og Friðriks Eyfjörð Jónssonar vegna Finnastaða II.....	990
3.8	Kröfur Hólmfríðar Friðbjörnsdóttur o.fl. vegna Hjalla.....	991
3.9	Kröfur Kára Kárasonar vegna Hringisdals.....	991
3.10	Kröfur Kára Kárasonar og Grýtubakkahrepps vegna Svínárness.....	992
3.11	Kröfur Kristjáns Óskarssonar vegna Steindyra.....	992
3.12	Kröfur Ásmundar Halldórs Einarssonar o.fl. vegna Skers.....	992
3.13	Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Grímsness.....	993
3.14	Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Láturs.....	993
3.15	Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Keflavíkur.....	993
3.16	Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Hóls.....	994
3.17	Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Þönglabakka.....	994
3.18	Kröfur Elínar Þórhallsdóttur vegna Þverár.....	995
3.19	Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Kussungstaða.....	995
3.20	Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Gils.....	998
3.21	Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Grenivíkur.....	996
3.22	Kröfur Friðriks G. Bjarnasonar o.fl. vegna Jarlsstaða.....	996
3.23	Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Hvamms.....	997
3.24	Kröfur Sigurðar Jónasar Baldurssonar og Guðrúnar Valdísar Eyvindsdóttur vegna Grýtubakka I og Pólarhesta ehf. vegna Grýtubakka II.....	997
3.25	Kröfur Skarðs Dalsmynniss ehf. vegna Skarðs.....	998
3.26	Kröfur Skarðs Dalsmynniss ehf. vegna Litlagerðis.....	998
3.27	Kröfur Benedikts Steinars Sveinssonar og Kristínar Bjargar Sigurðardóttur vegna Pálsgerðis.....	998
3.28	Kröfur Benedikts Steinars Sveinssonar og Kristínar Bjargar Sigurðardóttur vegna Miðgerðis II.....	999
3.29	Kröfur Benedikts Steinars Sveinssonar og Kristínar Bjargar Sigurðardóttur vegna Borgargerðis.....	999
3.30	Kröfur Benedikts Steinars Sveinssonar og Kristínar Bjargar Sigurðardóttur vegna Ártúns.....	999
3.31	Kröfur Guðrúnar Fjólu Helgadóttur vegna Grundar og Sævars Magnússonar vegna Syðri-Grundar og Miðgerðis I.....	1000
3.32	Kröfur Valgerðar Sverrisdóttur o.fl. vegna Lómatjarnar.....	1000

3.33	Kröfur Guðbergs Egils Eyjólfssonar og Birnu Kristínar Friðriksdóttur vegna Hléskóga.....	1000
3.34	Kröfur Benedikts Davíðssonar og Finnbjargar Guðmundsdóttur vegna Kolgerðis .....	1001
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN.....</b>	<b>1002</b>
4.1	Inngangur.....	1002
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	1002
4.3	Vettvangsferð.....	1003
4.4	Skýrslutökur.....	1003
<b>5</b>	<b>SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA.....</b>	<b>1005</b>
5.1	Landnám.....	1005
5.2	„Upprekstrarland“ milli Höfðagilja .....	1006
5.3	Almenningur.....	1009
5.4	Heiðarhús.....	1010
5.4.1	Mógil, land milli Mógilja (á Flateyjardalsheiði).....	1014
5.5	Eyvindará (Laufáshagi).....	1014
5.5.1	Saurbrúarkot.....	1018
5.6	Brettingsstaðir.....	1019
5.7	Finnastaðir .....	1021
5.8	Hjalli.....	1022
5.9	Hringsdalur .....	1023
5.10	Svínárnes .....	1024
5.11	Steindyr .....	1025
5.12	Sker/Þernusker .....	1026
5.13	Grímsnes.....	1027
5.14	Látur .....	1029
5.15	Keflavík .....	1031
5.16	Hóll.....	1033
5.17	Þönglabakki .....	1034
5.18	Þverá.....	1036
5.19	Kussungsstaðir .....	1039
5.20	Gil .....	1043
5.21	Grenivík.....	1045
5.22	Hvammur.....	1050
5.23	Grýtubakki.....	1052
5.23.1	Kúsveinsstaðir .....	1058
5.23.2	Jórunnarstaðir.....	1060
5.24	Skarð .....	1061
5.25	Litlagerði .....	1063
5.26	Pálsgerði .....	1065
5.27	Miðgerði .....	1067
5.28	Borgargerði.....	1069
5.29	Ártún .....	1071
5.30	Grund.....	1072
5.30.1	Syðri-Grund .....	1075
5.31	Lómatjörn .....	1075
5.32	Hléskógar.....	1077
5.33	Kolgerði.....	1078
5.34	Sel .....	1080
5.35	Afréttir og afréttarnot .....	1082

5.35.1	Fjallskilareglugerðir.....	1082
5.35.2	Almennt.....	1084
5.35.3	Einstakar jarðir og landsvæði.....	1091
<b>6</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....</b>	<b>1100</b>
6.1	Sameiginleg atriði á svæði 6.....	1100
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar.....	1100
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	1100
6.1.3	Afréttir einstakra jarða og stofnana.....	1101
6.2	Landnám.....	1105
6.3	„Upprekstrarland“ milli Höfðagilja.....	1105
6.3.1	Inngangur.....	1105
6.3.2	Sjónarmið aðila.....	1105
6.3.3	Niðurstaða.....	1106
6.4	Almenningur.....	1110
6.4.1	Inngangur.....	1110
6.4.2	Sjónarmið aðila.....	1111
6.4.3	Niðurstaða.....	1111
6.5	Heiðarhús.....	1116
6.5.1	Inngangur.....	1116
6.5.2	Sjónarmið aðila.....	1116
6.5.3	Niðurstaða.....	1117
6.6	Eyvindará (Laufáshagi).....	1120
6.6.1	Inngangur.....	1120
6.6.2	Sjónarmið aðila.....	1121
6.6.3	Niðurstaða.....	1122
6.7	Brettingsstaðir.....	1126
6.7.1	Inngangur.....	1126
6.7.2	Sjónarmið aðila.....	1127
6.7.3	Niðurstaða.....	1127
6.8	Jarðir í Fjörðum og á Látraströnd, auk Grenivíkur og Hvamms í Höfðahverfi.....	1131
6.8.1	Inngangur.....	1131
6.8.2	Sjónarmið aðila.....	1131
6.8.3	Niðurstaða.....	1133
6.9	Grýtubakki.....	1140
6.9.1	Inngangur.....	1140
6.9.2	Sjónarmið aðila.....	1140
6.9.3	Niðurstaða.....	1141
6.10	Jarðir í Höfðahverfi og Dalsmynni.....	1145
6.10.1	Inngangur.....	1145
6.10.2	Sjónarmið aðila.....	1145
6.10.3	Niðurstaða.....	1146
6.11	Um málskostnað.....	1150
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ.....</b>	<b>1151</b>

**VIÐAUKI**

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

**FYLGISKJÖL**

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 6. júní 2008 er tekið fyrir mál nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Benedikt Bogason og Hulda Árnadóttir.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna.

(Andri Árnason hrl.)

Guðrún V. Eyvindsdóttir og Sigurður Jónas Baldursson vegna Grýtubakka I.

Pólarhestar ehf. vegna Grýtubakka II.

(Jón Höskuldsson hrl.)

Benedikt Steinar Sveinsson og Kristín Björg Sigurðardóttir vegna Ártúns, Borgargerðar, Miðgerðis II og Pálsgerðis.

Grýtubakkahreppur vegna Brekku, Gils, Grenivíkur, Grímsness, Hóls, Hvamms, Keflavíkur, Kussungsstaða, Láturs, Svínáness, Tindriðastaða og Þönglabakka.

Bessi Jóhannsson og fleiri vegna Finnsstaða I.

Friðrik Eyfjörð Jónsson vegna Finnsstaða II.

Brynhildur Friðbjörnsdóttir og fleiri vegna Hjalla.

Birna Kristín Friðriksdóttir og Guðbergur Egill Eyjólfsson vegna Hléskóga.

Kári Kárason vegna Hringsdals.

Anna Margrét Bjarnadóttir og fleiri vegna Jarlsstaða.

Benedikt Davíðsson og Finnbjörg Guðmundsdóttir vegna Kolgerðis.

Skarð Dalsmynni ehf. vegna Litlagerðis og Skarðs.

Guðný Sverrisdóttir og fleiri vegna Lómatjarnar.

Aðalbjörg Jóhannesdóttir og fleiri vegna Skers.

Kristján Óskarsson vegna Steindyra.

Kári Kárason vegna Svínárness.

Prestsetrasjóður vegna upprekstrarlands milli Höfðagilja.

Elín Þórhallsdóttir vegna Þverár í Hvalvatnsfirði.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Guðrún Fjóla Helgadóttir vegna Grundar.

Sævar Magnússon vegna Miðgerðis I og Syðri-Grundar.

(Óskar Sigurðsson hrl.)

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).



Adda Krístrún Gunnarsdóttir og fleiri vegna Brettingsstaða I.

Elísa Eydís Gunnarsdóttir og fleiri vegna Brettingsstaða II.

Elsa Grímsdóttir og fleiri vegna Jökulsár.

Ásta Pétursdóttir vegna Víkur.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Þingeyjarsveit vegna Almennings á Flateyjardalsheiði, Eyvindarár, Heiðarhúsa og Hofa.

Arnór Erlingsson og Elín Eydal vegna Vestari-Króka, Þúfu og Þverár í Dalsmynni.

(Sigurður Jónsson hrl.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2 Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 15. júní 2006, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á austanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjötta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar. Hér skal þess getið að vesturmörkum svæðisins var breytt að ósk fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins. Í stað þess að fylgja suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar er Fnjóská fylgt frá ósum þar til hún sker vesturmörk Þingeyjarsveitar. Er þeim mörkum fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl.

Að austan afmarkast svæðið af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að ármótum við Kreppu. Þaðan er Kreppu fylgt þar til komið er að ármótum við Kverká og hinni síðarnefndu fylgt að upptökum í

Brúarjökli.<sup>2</sup> Þaðan er dregin lína til suðvesturs, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs. Þar er hornmark.

Framangreind afmörkun til vesturs endar í Fjórðungakvísl. Að sunnan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvíslar til austurs í punkt við Nýjadal/Jökuldal. Þaðan eftir dalnum, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvíslar. Þaðan úr austasta punkti í hæðarpunkt 1115 m. Þaðan í Deili, hæð 1125 m, og áfram, inn á Vatnajökul, í Bárðarbungu, hæð 2009 m, þaðan í Sviahnjúk eystri og loks í stefnu á miðja Breiðubungu, þar til kemur að hornmarki við austurmörk. Hornmark þetta kemur fram á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands, sem staðfest var 10. maí 1999, og er þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker línu þá sem liggur á milli miðrar Breiðubungu og Sviahnjúka eystri. Suðurmerki svæðis 6 hjá óbyggðanefnd byggja á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína. Þetta á m.a. við um framangreint hornmark suður- og austurmerkja, en tekið skal fram að austurmerki eru hér að öðru leyti dregin nokkru austar en lína sú á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands sem áður var nefnd.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 15. september 2006 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Grýtubakkahrepps, Svalbarðs-strandarhrepps, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps, Tjörneshrepps og þeim hluta hins nýja sveitarfélags Norðurþings, sem áður tilheyrði sveitarfélögunum Húsavíkurkaupstað og Kelduneshreppi, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2006 og síðar til 1. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á norðanverðu Austurlandi bárust 1. nóvember 2006. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 10. nóvember 2006 og síðan í fleiri blöðum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 12. febrúar 2007. Þá kom fram að yfirlýsingu um

<sup>2</sup> Svokölluð Krepputunga, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Kreppuár, er þannig innan svæðis 6 en hún var á sínum tíma skilin undan svæði 5 hjá óbyggðanefnd, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998. Sjá nánar í máli nr. 1/2007.

kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofu sýslumanns á Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var fyrst framlengdur til 12. mars og síðan lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í júlí 2007.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumanns á Húsavík og á Akureyri, frá 20. júní til og með 20. júlí 2007, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 27. júlí 2007. Framangreind kynningar-gögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 5 hlutum og 6 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 162 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

#### **2.4 Mál nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flatey jardalsheiði vestan Dalsár**

Þjóðlendu kröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun; mál nr. 2/2007, Tjörnes og Þeistareykir; mál nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfandafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs; mál nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flatey jardalsheiði austan Dalsár, og mál nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flatey jardalsheiði vestan Dalsár.

Mál nr. 5/2007 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 26. apríl 2007. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þeir Karl Axelsson, formaður, Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir hið fyrsta ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Því var einnig beint til lögmanna að kanna hvort

ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. Þjóðlendulaga. Þá var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð sinni í málinu.

Af hálfu Ragnars Aðalsteinssonar hrl. kom fram sú athugasemd að vegna hagsmunagæslu Lögmannsstofunnar Lex fyrir íslenska ríkið kunni Karl Axelsson formaður óbyggðanefndar í málinu, og einn lögmannna og eigenda þeirrar lögmannsstofu, að vera vanhæfur til að sitja í nefndinni í málinu. Í þessu sambandi vísaði lögmaðurinn sérstaklega til máls nr. 326/2006 sem dæmt var í Hæstarétti 3. maí 2007, en þar var Karl Axelsson lögmaður íslenska ríkisins. Tekið var fram að ekki væri gerð krafa um að nefndarmaðurinn víki.

Við aðra fyrirtöku málsins, 11. júní 2007, var lögð fram greinargerð íslenska ríkisins og fleiri gögn. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til skila á greinargerðum. Formaður gat þess að athygli lögmannna hefði verið vakin á þeim svæðum þar sem engar kröfur öndverðar við Þjóðlendukröfur ríkisins hefðu borist óbyggðanefnd. Lögmenn voru og minntir á að setja á kort þá punkta sem nefndir væru í kröfulýsingum. Þá greindi formaður frá því að á fundi Allans V. Magnússonar og Benedikts Bogasonar, sem Karl Axelsson sat ekki, hefði verið bókað að um hæfi nefndarmanna færi eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Kæmu þar einkum til álita ákvæði 5. og 6. tölul. 3. gr. laganna. Að áliti óbyggðanefndar væri umrædd hagsmunagæsla Lögmannsstofunnar Lex ehf. í óskyldu máli ekki til þess fallin að valda vanhæfi Karls Axelssonar til setu í því máli sem hér væri til úrlausnar.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. ágúst 2007, voru lagðar fram greinargerðir vegna fjölda jarða. Jafnframt voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Tilkynnt var um breytta skipan óbyggðanefndar í málinu þar sem Hulda Árnadóttir tók við af Allani V. Magnússyni. Engar athugasemdir komu fram.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 29. ágúst 2007, voru lögð fram frekari gögn, leitast við að upplýsa málið frekar og undirbúa aðalmeðferð þess.

Aðalmeðferð fór fram dagana 25. og 26. september 2007 og skiptist í vettvangsskoðun, skýrslutökur og málflutning. Um fyrstnefndu atriðin tvö vísast nánar til kafla 4.3. og 4.4. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 29. maí 2008 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda sem engar komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### 3 KRÖFUGERÐ<sup>3</sup>

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda, sbr. meðfylgjandi kröfukort ásamt breytingum: „Fyrsti punktur er þar sem Innri-Höfðagilsá rennur í Dalsá við Almannakamb (1). Þaðan er Dalsá fylgt að Eilífsá (2). Síðan er Eilífsá fylgt til vesturs til brúna (500 m hæð) á Vesturheiði (3). Þaðan í um 500 metra hæð að Innra Mógili (Syðra Mógil) (4). Þaðan er sömu hæðarlínu fylgt að Litlagili (5). Þaðan er fylgt sömu hæðarlínu í norðanverðan Mosahnjúk (6). Þaðan er haldið í Botnahrygg í merkjum Víkur (7). Þaðan er fylgt merkjum Víkur að lýsingu Kaðalsstaða í Kaðaldal (8), en þaðan er brúnum Kaðaldals fylgt í norður hlíðar Hnausafjalls í um 500 metra hæð (9). Þaðan er farið suðvestur í punkt nyrst í Grenivíkurtungum (við Illagil) (10). Þaðan í fjallið Darra (10 A) og þaðan beint í austanverðan Dýjahnjúk (11). Frá Dýjahnjúki liggur kröfulínan meðfram austurhlíðum Hraunfjalls og í Lágu-Þóru (12). Þaðan er haldið í Uxaskörð (13), og þaðan beint norður í Gjögurtá (14). Frá Gjögurtá er farið eftir strandlengju til suðurs í punkt í mynni Fossdals (15), en síðan umhverfis Fossdal í um 500 metra hæð og þaðan í beina stefnu til suðurs í Eilífsárdal í 500 metra hæð (16). Úr þeim punkti er fylgt um 500 metra hæðarlínu meðfram Látraströnd og suður fyrir Kaldbak, við merki Hjalla (17). Þaðan er farið í sunnanvert Grenivíkurfjall í 500 metra hæðarpunkt (18). Línan liggur síðan í Gljúfurárvað (19), en þaðan þvert til austurs í vestanverða Leirdalsheiði, í u.þ.b. 500 metra hæðarpunkt (20). Úr þeim punkti er haldið umhverfis fjallið Blámannshatt (Hnjúkar, Gerðafjall, Skessuhryggur) í 500 metra hæðarlínu, að Innra-Höfðagili (21). Þaðan er fylgt Innra-Höfðagili að Almannakambi þar sem er upphafspunktur.“

Af hálfu íslenska ríkisins er gerð sú varakrafa að miðað verði við 400 m hæðarlínur eða brúnir Austur- og Vesturheiðar vegna Höfðagils og Almennings.

#### 3.2 Kröfur Prestsetrasjóðs vegna „upprekstrarlands“ milli Höfðagilja

Gerð er sú aðalkrafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur á „upprekstrarlandi“ milli Höfðagilja og að heildarlandamerki séu þessi, sbr. landamerkjabréf, dags. 5. maí 1886 og þingl. 4. júní 1888: „1. Að austan ræður Itrahöfðagilsá þangað til gilið klofnar þá er stefnan bein til háfjallsbrúnar. 2. Að austan Dalsá. 3. Að sunnan Syðra-Höfðagilsá. 4. Að vestan fjallsbrúnin.“

<sup>3</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna jarðanna Þverár, Þúfu, Vestari-Króka, Hofs og Víkur. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar. Þá var einnig lýst kröfum vegna Jökulsár, Tindriðastaða og Brekku, sem nefndar eru í kröfulýsingu íslenska ríkisins. Við meðferð málsins hefur hins vegar komið í ljós að land þeirra liggur utan þjóðlendukröfusvæðis. Þær koma því ekki til frekari umfjöllunar hér nema að því er varðar málskostnað.

Í kröfugerðinni felst jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í Þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist Þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.3 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Almennings

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Almennings og að heildarlandamerki séu þessi, sbr. landamerkjabréf frá 6. desember 1882 og þingl. 18. júní 1884: „Að sunnan er Laufáskirkjaland milli Höfðagilja. Merki milli þess og Almennings eru í Ytra-Höfðagili neðan frá Heiðará upp þangað, sem gilið klýfur sig og myndast túnga milli tveggja gilja. Eru þá merkin í Ytra gilinu, sem liggur beinna fyrir, upp til fjallsbrúnarinnar og er því sleppir beint á efsta hrygg fjallsins. Að norðan er Heiðarhúsaland. Merki þess og Almennings eru í Eilífsá, neðan frá Heiðará upp þangað sem Eilífsárgilið beygist í krók suður á við, þá eftir beinni línu úr gilskróknum upp á háfjallið. Að austan ræður Heiðaráin merkjunum.“

Í kröfugerðinni felst jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í Þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist Þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.4 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Heiðarhúsa

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Heiðarhúsa og að landamerki séu þessi, sbr. landamerkjabréf frá 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887: „1. Að utan er Mógilsá, sem er bein og eftir henni er stefnan bein upp í Fjallsbrún. 2. Að austan er Dalsá. 3. Að sunnan Eilífsá meðan stefna hennar er bein og úr því er líka stefnan bein til hábrúnarinnar. 4. Að vestan ræður fjallsbrúnnin.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felst jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í Þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist Þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.5 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Eyvindarár

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Eyvindarár og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887: „Að austan ræður Dalsá. Að sunnan Mógilsá neðan frá Dalsá. Er

stefna Mógilsárinnar bein og ræður stefnunni beint á fjall upp. Að vestan ræður fjallsbrúnnin. Að utan Eyvindará og Litlagil.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.6 Kröfur Öddu Krístrúnar Gunnarsdóttur o.fl. vegna Brettingsstaða I og II**

Gerð er sú krafa að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis að hluti lands Brettingsstaða teljist til þjóðlendu og jafnframt krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að landi Brettingsstaða, sbr. landamerkjabréf, dags. 14. apríl 1885 og þingl. 4. júní 1886: „Að utan milli Jökulsár og Brettingsstaða, eru merki í miðjan Botnahrygg, beina stefnu á Sjónarhól, þaðan ofan Merkihrygg til Víkurvatns, og svo skilur ósinn úr vatninu lands eður fjörueign Víkur og Brettingsstaða, og ræður svo bein stefna úr honum til áðurnefnds Merkihryggjar. Að sunnan milli Laufáskirkjulands (Eyvindarárlands) og Brettingsstaða ræður Eyvindará. Að austan milli Brettingsstaða og Hofs ræður Urriðalækur yzt beint í Merkivörðu á mölinni og svo beint til sjávar. Eru svo merkin beint frá upptökum Urriðalækjar, eftir Nýputjörn, Kíl, Brennivínskeldu, Reiðgötum utan við Þverá, Sellæk ofan við Langhól, eftir miðri Startjörn í Mjóadalshól, þaðan eftir brekkubrúnunum suður að Eyvindará.“

Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar.

### **3.7 Kröfur Jakobínu Þórhallsdóttur o.fl. vegna Finnastaða I og Friðriks Eyfjörð Jónssonar vegna Finnastaða II**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Finnastaða I og II og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. í nóvember 1883 og þingl. 16. júní 1884: „Landamerki milli Hjalla og Finnastaða eru að neðan talin og upp eftir í læk þann, sem rennur við túnið að norðan og upp á svonefnda Hjallabrekku, svo liggja merkin suður eftir brekkunni suður í læk þann, sem kallaður er Hamarslækur, síðan fylgja merkin læk þessum, sem rennur í smábugðum í fjallinu upp á svonefnda Viðrabrún, þar er uppspretta lækjarins. Eftir Viðrabrún þessari hefir verið talið að landamerki liggi suður í Finnastaðaá og svo fylgi merkin ánni, sem hefir upptök sín undan sunnanverðum Kaldbak. Lengst eiga Finnastaðir land til fjalls í Þverdalsá, sem aðskilur landamerki, eða land á milli Gils í Fjörðum og Finnastaða, og austur í Trölladalsá, sem þá aðskilur land milli Finnastaða og Grenivíkur. Á þessi hefir upptök sín undan svonefndum Þrepskildi [þröskuldi hér innskot]. Þrepskjöldur þessi er mjór melhryggur og undan honum að innan eða vestan kemur á og heitir hún Grenjá, og aðskilur hún glöggt land milli Grenivíkur og Finnastaða alla leið til sjávar.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.8 Kröfur Hólmfríðar Friðbjörnsdóttur o.fl. vegna Hjalla

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Hjalla og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 1. janúar 1884 og þingl. 16. júní 1884: „Að utan til móts við Hringsdal, ræður frá sjó svonefndur Kleifarlægur upp í Lýsishólatjörn, og svo beina línu í Grjótskálarhnjúk, síðan beina sjónhendingu upp að Kaldbakshrauni. Að sunnan ræður móts við Finnastaði frá sjó, svonefndur Menislægur upp á svokallaða Hjallabrekku, svo liggja merkin eftir brekkuröðinni suður í læk þann, sem kallaður er Hamarslægur, síðan fylgja merkin læk þessum, sem rennur í smábugðum í fjallinu upp á svonefnda Viðrabrún, þar er uppspretta lækjarins, síðan eftir Viðrabrún í suður í Finnastaðaá og svo fylgja merkin ánni, sem hefir upptök sín undan sunnanverðum Kaldbak.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.9 Kröfur Kára Kárasonar vegna Hringsdals

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Hringsdals og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 3. janúar 1890 og þingl. 17. júní 1890: „Að utan móts við Svinárnes, ræður klettur eða drangi í fjörinni, sem kallaður er „Meri“ og beina línu í svokallaðan „Mosaklett“, þar langt upp undan upp við fjallsrætur og úr því beina línu á fjall upp. Að sunnan móts við „Hjalla“ ræður „Kleifarlægur“, er rennur úr syðri enda „Torfadalstjarnar“ ofan í sjó milli bæjanna, og aftur beina stefnu úr téðum tjarnarenda upp í miðjan „Grjótskálarhnjúk“, sem er ofarlega í fjallinu, og þaðan beint á fjallsbrún upp.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.



### 3.10 Kröfur Kára Kárasonar og Grýtubakkahrepps vegna Svínárness

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Svínárness og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 10. október 1883 og þingl. 16. júní 1884: „Að utanverðu ræður til móts við Steindyr, Marklækur, sem rennur í gili ofan úr fjalli og niður í sjó. Að sunnan til móts við Hringsdal eru merki um klett þann eða dranga í fjörunni, sem Meri er kallaður, og þaðan beina línu upp í svokallaðan Svartaklett skammt fyrir neðan fjallsrætur en síðan úr klettinum beint á fjall upp.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.11 Kröfur Kristjáns Óskarssonar vegna Steindyra

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Steindyra á Látraströnd og að heildarlandamerki séu þau sem afmörkuð hafa verið á korti og styðjast við skráðar eignarheimildir.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.12 Kröfur Ásmundar Halldórs Einarssonar o.fl. vegna Skers

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Skers og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 22. ágúst 1883 og þingl. 16. júní 1884: „At utan ræður Refsá, sem rennur eftir djúpu gili frá fjallsbrún til sjávar nokkuð nær Grímsnesi en Skeri. En að sunnan ræður svokallað Syðra-Tungugil, sem liggur beint ofan fjallið ofan að láglandi og úr því gili beina línu í Nónbrikurnef, sem skagar nokkuð fram í sjó, nokkru nær Steindyrum en Skeri.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.13 Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Grímsness

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Grímsness og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 16. júní 1884: „Að sunnan til móts við Sker ræður Refsá, sem rennur eftir djúpu gili af fjallsbrún til fjöru. Að utan móts við Látur ræður lítil lækjarseyra, sem kemur sunnarlega ofan úr svokölluðum Eilífsárdal, skammt sunnan við Syðri-Eilífsá. Lækur þessi heitir Bolalækur og dregur hann nafn af hrygg þeim, er hann rennur ofan með að sunnan, yzt í svokallaðri Háubrekku. Lækjarseyra þessi rennur beint ofan, en hverfur fram af þjarginu.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.14 Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Láturs

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Láturs á Látraströnd og að heildarlandamerki séu þau sem afmörkuð hafa verið á korti og styðjast við skráðar eignarheimildir.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.15 Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Keflavíkur

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Keflavíkur og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 16. janúar 1890 og þingl. 17. júní 1890: „Að norðan ræður sjórinn. Að austan milli Botns ræður Hnjáfjallsegg, en þegar hún þrýtur, þá bein lína ofan Hrapaðargjá, sem er skora niður úr katlinum, er liggur norðaustan í Hnjáfjallinu. Að austan úr Kerlingu og beina stefnu á Gjögurtopp. Að sunnan ræður Uxaskarð.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.16 Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Hóls

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Hóls og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi Botns dags. 17. janúar 1890: „Að austan ræður merkjum milli Botns og Þönglabakka lína úr Fjarðarkróknum fyrir sunnan Grandann beint til sjávar yfir Stúfinn og er þar á honum hlaðin varða eða dys með hvalbeinslið innan í, ákveður hún nákvæmlega rekamarkið. Úr áðurnefndum Fjarðarkrök ræður milli Botns og Þönglabakka Fjarðaráin að austan og suðaustan við Botnsmýri allt fram að vörðu, sem hlaðin er á vestari árbakkanum, sú varða skiptir landi milli Botns að norðan en Hóls að sunnan, hún stendur í beinni línu þvert að ánni frá Merkissteini, stórum steini rétt fyrir ofan mýrina. Að sunnan ræður þá milli Botns og Hóls, bein lína úr Merkissteini vestur þvert á fjall upp utan í háu Þóru. Að vestan ræður Háafjallsegg milli Botns og Keflavíkur, en þegar hún þrýtur, þá bein lína ofan í [Hrapaðargjá], sem er skora niður úr Katlinum, er liggur norðaustan í Háafjallinu. Að norðan ræður sjórinn.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.17 Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Þönglabakka

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Þönglabakka og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 16. desember 1889 og þingl. 17. júní 1890: „Að austan ræður merkjum lækjardrag, sem liggur úr vatninu upp á há Þorgeirshöfða norðaustur ofan í Breiðuvík austanverða, úr áðurnefndu lækjardragi, þar sem það fellur úr vatninu á Þorgeirshöfða, ræður bein lína í Hrossastein, sem er á hálsinum, skammt fyrir sunnan Stórtjörn og skal vörðu hlaða á honum til glöggvunar. Úr Hrossasteini ræður ennfremur bein lína á Háuhraun austan í Lút og svo á fjöll upp, síðan ráða fjallseggjar umhverfis Þönglabakkadal að suðaustan, sunnan og suðvestan allt á Dýjahnjúk, þá ræður merkjum, lína ofan Dýjahrygg ofan að Þverá, sem þá ræður þar til hún fellur í Fjarðará. Að vestan ræður síðan Fjarðaráin allt í árkrókin fyrir sunnan Botnsgranda úr króknum síðan bein lína til sjávar yfir Stúfinn og er á honum hlaðin varða eða dys með hvalbeinslið innan í. Að norðan liggur sjórinn.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.18 Kröfur Elínar Þórhallsdóttur vegna Þverár

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Þverár og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 1. júní 1886 og þingl. 17. júní 1890: „Að sunnanverðu til móts við Kussungsstaðaland ræður áin, sem kemur framan Þverárdal og rennur fram úr djúpu klettagili, hvaðan tekin er bein stefna mitt á milli Arnarhóls Kussungsstaðamegin, að utanverðu eftir tveimur hlöðnum vörðum, sem bera hver í aðra austan í austasta farveg Fjarðarárinnar, sem aðgreinir Kaðalsstaða- og Þverárlönd að austanverðu, þangað til merkin milli Þverár og [Tindriðastaða] taka við að utan, sem í beinni línu skipta svonefndri Slöpp, fyrst með skurði frá austuránni og síðan smávörðum austur í Stekkjarlæk, sem takmarkar [Tindriðastaða-] og Þverárlönd, og beint vestur og upp á Ytri-Bollafjallsöxl, en fjallsegginn ræður að vestanverðu.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.19 Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Kussungsstaða

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Kussungsstaða og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 17. júní 1890: „Að sunnan móts við Gil ræður bein stefna frá fjallsegg niður í svonefndan Stóralæk, sem hefir upptök sín upp-undir fjallsrótum og rennur beina stefnu utan við Gilskleif eftir djúpu gili í brúninni og síðan niður í Fjarðará. Að vestan ræður fjallsbrúnnin út á móts við upptök Þverárinnar. Að norðvestan og norðan móts við Þverárlönd ræður Þveráin, sem rennur út Þverárdalinn. Er áin hefir runnið fram úr gljúfrum sínum, er stefna úr þeim beint mitt á milli Arnarhóls og árinna og sýna tvær vörður hver fyrir neðan aðra, stefnu þessa austur í austasta farveg Fjarðarár. Að austan ræður austasta kvíslin af Fjarðará (Hvalvatnsfjarðará) og að öðru leyti Hval[v]atnsfjarðaráin suður að ósnum á Stóralæk.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.20 Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Gils

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Gils og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 19. maí 1885 og þingl.

17. júní 1890: „Framan við Gilsafrétt ræður Þverá sú, sem rennur úr Þórðardal og aðskilur Finnastaðatungu- og Gilsland, en rennur síðan í svonefnda Heiðará, sem að vestan- og neðanverðu skilur Gilsland og Grenivíkurtungur. En að utanverðu milli Gils og Kussungsstaða ræður bein stefna frá fjallsegg og niður í svonefndan Steinalæk, sem hefir upptök sín undir fjallsrótum og sem rennur beina stefnu utan við Gilsklif eftir djúpu gili á brúninni og síðan niður í Fjarðará. Að norðanverðu ræður fjallsegginn, sem liggur fyrir ofan Gilsland milli áðurnefndra merkja.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.21 Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Grenivíkur

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur að öllu landi Grenivíkur og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 14. maí 1890 og þingl. 17. júní 1890: „Að norðan ræður Grenjá á fjall og út Grenjárdal út undir Þröskuld og þaðan bein stefna í vestari Gilsárupptök á Trölladal rétt utan við Þröskuld og vestari Gilsáin út í Tungusporð. Á móti Grýtubakka ráða reiðgötur á Leirdalsheiði, en að læk þeim, er rennur í Gljúfrá í Stóraklettsgili, síðan ræður lækur sá á fjall upp og þaðan á vörðu á Hnútu suðvestan á Grenivíkurfjalli og þaðan bein stefna í vörðu á melnum í svonefndri Syðrigjá, þaðan í vörðu á mel næst vestan við Reiðsund, þaðan í vörðu í Grenivíkurhólum [...]“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.22 Kröfur Friðriks G. Bjarnasonar o.fl. vegna Jarlsstaða

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur að öllu landi Jarlsstaða og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi frá 14. júní 1890, þingl. 17. júní 1890: „[...] Að sunnan móti Hvammi ræður neðst Grófarlækjarós, þar sem hann fellur í Bárðartjörn, þaðan bein stefna upp í merkjagarðsstúf fyrir ofan Grenivíkurhóla, síðan bein lína upp í miðja Merkilág og svo sjónhending upp á Syðstahnjúk og þaðan óskift afréttarland saman við Grenivík.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.23 Kröfur Grýtubakkahrepps vegna Hvamms

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Hvamms og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 31. maí 1884 og þingl. 16. júní 1884: „Að utan ræður til móts við Grenivíkur- og Jarlsstaðarland Grófarlækjarós neðst þar sem hann fellur í Bárðartjörnina, þaðan bein stefna upp merkjagarðsstúf fyrir ofan Grenivíkurhóla, síðan bein lína upp á miðja Merklslág og svo sjónhending upp í Syðstahnjúk. Frá hnjúknum ræður fjallseggin út að Stóraklettagili, og síðan lækur sá, er rennur í því niður Gljúfrá. Að austan ræður Gljúfrá til móts við Grýtubakka, allt inn að Víðilæk, en að sunnan [...]“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.24 Kröfur Sigurðar Jónasar Baldurssonar og Guðrúnar Valdísar Eyvindsdóttur vegna Grýtubakka I og Pólarhesta ehf. vegna Grýtubakka II

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Grýtubakka og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 3. desember 1889: „Að austan ræður fjallgarður sá er aðskilur Leirdalsheiði og Flateyjardalsheiði, svo sem vötn deila inn í Grýtuskál. Þá ræður sunnan móti Kolgerði, Grýtan niður að merkjavörðu á syðri bakka hennar, en frá vörðu þeirri bein lína ofan við Bleikslág suður í Bóndatóft. Flæðakíllinn þar sem hann fer að renna í vestur. Eftir það ræður Flæðakíllinn móti Nesi niður að Hólsá, nema hvað Grýtubakka tilheyrir lítill spilda í flæðunum sunnan við kíllinn en utan við uppgróinn farveg hans útundan svokallaðri Ketilslág í Neslandi. Svo ræður að neðan Hólsá móti Hóli og að utan Gljúfrá móti Bárðartjörn og Hvammi, allt það til lækur úr Stóraklettagili fellur í hann við Gljúfrárvað. Þá ráða þaðan móti Grenivík reiðgötur á Leirdalsheiði út að vaði á Illagilsá en síðan Hvalvatnsfjarðará móti Gili og Kussungsstöðum. Að utan ræður móti Kaðalsstöðum Selgil út og yfir frá Kussungsstöðum og utan við eyðibýlið Kúsveinsstaði á fjall upp.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.25 Kröfur Skarðs Dalsmynnis ehf. vegna Skarðs

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Skarðs og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 13. mars 1886 og þingl. 8. júní 1886: „1. Á milli Skarðs og Þverár ræður merkjum lækur sá, er fellur í svonefndu Merkigili, þar sem það er í einu lagi um hjallann neðarlega í fjallshlíðinni og þaðan ræður bein lína niður að Fnjóská, og einnig þaðan bein lína upp í svonefnda Merkiskál og allt á fjall upp. 2. Þaðan liggja merkin eftir beinni línu út háfjallið út að svonefndri Innri-Höfðagilsá, og skiftir sú lína Skarðslandi, fyrst frá Þúfulandi nokkuð út eftir fjallinu, og síðan frá Vestari-Krókalandi. Innri-Höfðagilsá rennur í svonefndu Innra-Höfðagili, og liggur gil það þvert fyrir botninum á svonefndum Skarðsdal, allt upp á fjall það, sem er [v]estanvert við dalinn, og skilur áin Skarðsland frá Laufáskirkjulandi á fjall upp. 3. Milli Skarðs og Litlagerðis ræður merkjum lækur sá, er nefndur er Grefilslækur, og sem fellur í svonefndu Grefilsgili, frá Fnjóská á fjall upp. Síðan liggja merkin frá Grefilsgilsbotni, eftir beinni línu út háfjallið, út í skarð það, sem [liggur] í gegnum fjallið úr Innra-Höfðagilsbotninum, í svonefnda Grýtuskál. 4. Fnjóská skiftir Skarðslandi frá Laufás- og Skuggabjargalöndum.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.26 Kröfur Skarðs Dalsmynnis ehf. vegna Litlagerðis

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Litlagerðis og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 22. maí 1886 og þingl. 8. júní 1886: „1. Að austan ræður Grefilslækur frá Fnjóská og upp á háfjall. 2. Að sunnan Fnjóská. 3. Að vestan er stefnan úr stórum steini niður við Fnjóská upp á hábakkanum, fyrir utan og ofan Litlagerðisbæ. Þessir tveir steinar ráða stefnu merkjanna neðan frá á upp á fjallsbrún. 4. Að norðan ræður fjallsbrúin.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.27 Kröfur Benedikts Steinars Sveinssonar og Kristínar Bjargar Sigurðardóttur vegna Pálsgerðis

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Pálsgerðis og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi fyrir landsvæðið.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.28 Kröfur Benedikts Steinars Sveinssonar og Kristínar Bjargar Sigurðardóttur vegna Miðgerðis II**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Miðgerðis II og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.29 Kröfur Benedikts Steinars Sveinssonar og Kristínar Bjargar Sigurðardóttur vegna Borgargerðis**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Borgargerðis og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.30 Kröfur Benedikts Steinars Sveinssonar og Kristínar Bjargar Sigurðardóttur vegna Ártúns**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Ártúns og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.



### 3.31 Kröfur Guðrúnar Fjólu Helgadóttur vegna Grundar og Sævars Magnússonar vegna Syðri-Grundar og Miðgerðis I

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Grundar, Syðri-Grundar og Miðgerðis I samkvæmt landamerkjabréfum og afmarkað hefur verið á korti. Jafnframt er hafnað kröfum ríkisins um þjóðlendu á þessu svæði.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.32 Kröfur Valgerðar Sverrisdóttur o.fl. vegna Lómatjarnar

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Lómatjarnar og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 22. maí 1886 og þingl. 8. júní 1886: „1. Að sunnan: Úr Merkjavörðu, fast við hinn forna Merkjararð við Nesland fyrir utan og neðan Grund og í Ytri-Tvístein og þá sama beina stefna allt á fjall upp. 2. Að vestan: Frá Merkjavörðu hinn nefndi forni Merkjararður út í Sóleyjardý. 3. Að utan ræður bein lína neðan úr Sóleyjardýi upp á fjall, og liggur hún um suðurbrún hæða þeirra, sem eru suður frá Hléskógum en utan við Lómatjarnardal, í gilskoru, sem þar er upp undan og þá upp í gil sunnan við Dýjahjalla og Grenishjalla á fjall upp. 4. Að austan ræður fjallsbrúnin.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.33 Kröfur Guðbergs Egils Eyjólfssonar og Birnu Kristínar Friðriksdóttur vegna Hléskóga

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Hléskóga og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 23. apríl 1884 og þingl. 23. maí 1885: „Að neðan ræður til [móts] við Nes, bein lína sunnan úr Sóleyjardýi út eftir svokölluðum Ófærum í Flæðakílinn, þar sem krókur verður á honum, og hann fer að renna í norður, en eftir það ræður kíllinn, þar til hann aftur stefnir í vestur. Að utan ræður til móts við Grýtubakka og Grýtu, kíll fyrir [utan] Landhólmaskott, og úr þeim kíll bein stefna upp í Naustadæld miðja, en þaðan bein lína upp í Bóndatóft. Þá ræður þaðan móti Kolgerði sjónhending í vörðu syðst og vestast á svokölluðum Bungum, svo sama bein lína upp í Grýtuhól-a og svo enn úr því merki eftir röðlinum á hrygg þeim, sem er milli Benediktsskarðs og Grýtuskálar á fjall upp. Að sunnan ræður til móts við Lómatjörn bein lína neðan úr Sóleyjardýi upp á fjall, og liggur lína þessi um suðurbrún á hæðum þeim, sem eru utan við

---

Lómatjarnardal í gilskoru, sem þar er uppundan, og þaðan upp í stórt gil sunnan við Dýjahjalla og Grenishjalla á fjall upp.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.34 Kröfur Benedikts Davíðssonar og Finnbjargar Guðmundsdóttur vegna Kolgerðis**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi Kolgerðis og að heildarlandamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi dags. 19. maí 1885 og þingl. 23. maí 1885: „Frá Bóndatóft ræður sjónhending milli Hléskóga og Kolgerðis í vörðu, syðst og vestast á svokölluðum Bungum, svo þaðan bein lína upp í neðanverðan röðulinn í Litlahnjúk milli Grýtuskálar og Benediktsskarðs, frá Bóndatóft bein stefna út í Bleiksskál og þaðan út í Grýtuna og eftir henni upp í Grýtuskál [...]“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-51 ásamt undirskjölum eða samtals 549 skjöl, auk 17 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins í tveimur ferðum, annars vegar hinn 24. september 2007 og hins vegar hinn 25. september. Í fylgd með nefndinni voru lögmennt, tilteknir málsaðilar og Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur, sem annaðist leiðsögn ásamt heimamönnum.

Í fyrri ferðina var haldið af stað frá Hótel KEA að morgni en til stóð að skoða kröfusvæði á Flateyjardalsheiði sem liggur bæði í máli 4 og 5/2007. Ekið var að Þverá í Dalsmynni og síðan upp á Flateyjardalsheiði, veg nr. F899. Staðnæmst var hjá Kambsmýrum en þaðan sást til Höfðagils (syðra) og Þvergils. Áfram var haldið og næst numið staðar við Véskvíar hjá Finnbogakambi. Ekið var áfram út Flateyjardalsheiði en skyggni var lítið og lágskýjað þegar komið var á kröfusvæðið vegna Eyvindarár og Knarrareyrar. Þegar utar kom sást í Hágöng ytri og Eyrarfjall að austan. Um hádegisbil var komið að Brettingsstöðum. Mjög var lágskýjað og sást illa í 500 m hæð, en við þá hæðarlínu var kröfulína íslenska ríkisins miðuð. Síðan var sama leið ekin til baka.

Í seinni ferðina var lagt af stað frá Akureyri að morgni og haldið út í Grýtubakkahrepp, á veg nr. F839 (Hvalvatnsfjörður). Ekið var upp á Leirdalsheiði. Á leiðinni sást Digrihnjúkur, Leirdalsöxl og Hnausafjall. Á Hávörðum var staðnæmst og horft út í Fjörður. Þá var ekið að kofunum á Gili en þaðan sást þangað sem kröfulína íslenska ríkisins liggur. Áfram var ekið frá Gili til norðurs að bæjarstæði Jórunnarsels. Þaðan var snúið til baka og farið niður af heiðinni. Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri sagði frá starfsemi og umfangi sveitarfélagsins. Upp úr hádegi var komið niður af heiðinni og gert matarhlé á Grenivík. Að því loknu var haldið af stað úr Grenivíkurhöfn með hvalaskoðunarbáti. Heimamenn sem sáu um leiðsögn voru Guðný Sverrisdóttir, Jóhann Ingólfsson, formaður landbúnaðarnefndar og Friðrik Eyfjörð, Finnastaðum. Siglt var út með Látraströnd að Látrum og horft að Gjögurtá. Komið var í land síðdegis og ekið frá Grenivík út á Lómatjörn. Þaðan var horft til hnjúkanna upp af bænum. Frá Lómatjörn var ekið að Miðgerði og merki skoðuð með heimamönnum. Þessu næst var ekið að Skarði, þar sem vettvangsferð lauk, en á leiðinni sá til fjalla.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Bessi Skírnisson, einn af eigendum Skarðs og Litlagerðis; Jóhann Skírnisson, einn af eigendum Skarðs og Litlagerðis; Sveinn Sigurbjörnsson, eigandi Ártúns; Guðrún Fjöla Helgadóttir, eigandi Grundar; Tryggvi Gunnarsson, einn eigenda Brettingsstaða; einn af eigendum Grundar; Stefán H Kristjánsson, einn af eigendum Grýtubakka II; Friðrik Eyfjörð Jónsson, einn af eigendum Finnastaða; Björn A. Ingólfsson, leiðsögumaður frá Grenivík; Guðný

Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps og einn af eigendum Lómatjarnar og Þorvaldur Pálsson sem býr á Fitjum á Granastaðatorfu og leigir Ytri-Leikskálaá.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

## 5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður fyrst greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendu-  
krafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um  
afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt efnisþáttum og síðan tíma-  
röð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.<sup>4</sup>

### 5.1 Landnám

Landnáma segir Helga magra hafa numið Eyjafjörð allan milli Sigluness og  
Reynisness.<sup>5</sup> Síðar getur Landnáma um eftirtalda landnámsmenn á því svæði, sem  
mál 5/2007 tekur til: Þengil mjögsiglandi, Þormóð, Þorgeir, Eyvind, son Loðins  
önguls, og Þóri snepil. Frásagnir Sturlubókar og Hauksbókar eru samhljóða um  
landnám:

Þengill mjöksiglandi fór af Hálogalandi til Íslands; hann nam land at ráði  
Helga [þ.e. Helga magra] út frá Hnjóská til Grenivíkr; hann bjó í Höfða. ...

Þormóðr hét maðr [Þorleifsson, skv. Þórðarbók og Melabók Landnámu], er  
nam Grenivík ok Hvallátur ok Strönd alla út til Þorgeirsfjarðar. ...

Þorgeirr hét maðr, er nam Þorgeirsfjörð ok Hvalvatnsfjörð.

Loðinn öngull hét maðr; hann var fæddr í Öngley á Hálogalandi. Hann fór  
fyrir ofríki Hákonar jarls Grjótgardssonar til Íslands ok dó í hafi; en Eyvindr  
son hans nam Flateyjardal upp til Gunnsteina ok blótaði þá. Þar liggir Ódeila á  
milli ok landnáms Þóris snepils.<sup>6</sup>

Sturlubók og Hauksbók eru ekki alveg samhljóða í frásögn af Þóri snepli, syni  
Ketils brimils. Þórir nam fyrst Kaldakinn milli Skuggabjarga og Ljósavatnsskarðs, en  
fór þaðan og eins og segir í Sturlubók:

Þórir nam síðan Hnjóskadal allan til Ódeilu ok bjó at Lundi; ...<sup>7</sup>

Hauksbók ber saman við Sturlubók um landnám Þóris í Fnjóskadal.<sup>8</sup> Ódeila er  
ókunn nú, en Jón Sigurðsson í Yztafelli segir ekki vafa á að Ódeila hafi verið á  
vatnaskilum sunnan Kambsmýra og Flateyjardalur þá verið talinn svo sem vötn falla  
norður en heiðin aðeins hið hæsta milli Króka og Kambsmýra.<sup>9</sup> Um þetta sama segir  
Valgarður Egilsson árið 2000:

<sup>4</sup> Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 45. Þó hefur verið felld út  
eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

<sup>5</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, Íslenzk fornrit I, bls. 251-252.

<sup>6</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 272, 273.

<sup>7</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 270.

<sup>8</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 271.

<sup>9</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 273. Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*,  
bls. 111.

Utan við Króka [þ.e. Austarikróka] eru miklir malarhólar í miðjum dal, gamlar ísaldarmenjar, en breið lægðasund með hlíðum beggja vegna. Og nú fer að nálgast vatnaskil norður á Heiðinni. Þar eru víðlendir flatir móar og grundir, kallast þar Skeiðið. ... En á Skeiðinu hlýtur að hafa verið Ódeila sú, sem nefnd er í Landnámu enda vita lækir stundum ekki hvort þeir ætla inn til Eyjafjarðar eða út til Skjálfanda.<sup>10</sup>

## 5.2 „Upprekstrarland“ milli Höfðagilja

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar biskups frá 1318 kemur fram að Laufáskirkja á:

selfor ä flateyardals heydi. iij kum. oc so margar ær oc geytur. sem sa vill er a stad byr. vm. vj. vikur.<sup>11</sup>

Þetta er ítrekað máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394 að viðbættum tveimur hrossum.<sup>12</sup> Það sama kemur fram í máldögum Ólafs Rögnvaldssonar á árunum 1461-1510<sup>13</sup> og Sigurðarregistri en eldri hluti þess er frá 1525.<sup>14</sup>

Í skrá Magnúsar Ólafssonar prests frá 1635 er vikið að jarðeignum Laufás-kirkju. Síðan segir:

Hinum öðrum landeignar og reka Jtökum behelldur Kyrkiann og Stadurenn enn nú, sem fyrstu máldagar nafngreina og reit ä flateyardals heide fyrer lamba afrett, milli So kalladra Höfða gilia, auk þeirra Jtaka er máldagarner tiltaka, hver ätölulaust hefur af laufäss Stadar hölldurum til tiedrar gagnsemdar brükadur vered j þeirra manna minne sem nü til vita og þeirra forelldrar og forfedra fyrer þä. ...<sup>15</sup>

Í vísitasíu Þorleifs Skaftasonar prófasts í Laufási 1735 stendur:

Reka Itokum sem Visitatiurnar ummgjeta behelldur kyrkiann enn nú so vel sem afriettar Itakie a Flateyardalsheide. ...<sup>16</sup>

Stefán Einarsson í Laufási lögfesti eign og ítök kirkju sinnar 11. maí 1751. Þar kemur m.a. fram að hann lögfestir reit á Flateyardalsheiði sem:

... liggur mille höfdagilianna nu i langann týma So Kalladra, effter þvj Sem þau ráða ur fialle ofann allt i Heidar äna.<sup>17</sup>

<sup>10</sup> Valgarður Egilsson: *Í strandbyggðum norðan lands og vestan*, Árbók Ferðafélags Íslands 2000, bls. 204.

<sup>11</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>12</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>13</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>14</sup> Skjal nr. 2 (219).

<sup>15</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b.

<sup>16</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

<sup>17</sup> Skjal nr. 2 (72) a-b. Samhljóða eru lögfestur eftirfarandi Laufáspresta sem flestar voru lesnar upp oft en einu sinni á manntalsþingum á Grýtubakka og oft einnig frammi fyrir söfnuðinum í Laufási: Lögfesta séra Jóns Vídalíns frá 1. júní 1764, lögfesta séra Jóns Egilssonar frá 11. júní 1770 en þar bannar hann lamba- og hrossarekstur ásamt grasatekjinni, lögfesta séra Stefáns Halldórssonar frá 11.

Prestur bannaði einnig lambarekstur og grasatekju í ítökum staðarins á Flateyjarðalsheiði. Lögfestan var lesin samdægurs á manntalsþingi á Grýtubakka og aftur á sama stað 9. maí 1763 en einnig fyrir söfnuðinum í Laufási 13. júní 1762 og fimmta sunnudag eftir páska 1765.

Í greinargerð um Laufásprestakall frá árinu 1782 kemur fram að kirkjan eigi reit á Flateyjarðalsheiði á milli Höfðagilja fyrir „lambaafrétt“.<sup>18</sup>

Laufásprestur, séra Gunnar Gunnarsson, bannaði öllum grasatekju í landinu á milli Höfðagilja með bréfi dagsettu 6. júní 1842. Hann lýsti hvern þann óheimildarmann sem uppvís yrði að tína leyfis- og heimildalaust fjallagrös í:

Reit þeim er liggur milli svokalladra Höfða-Gilja á Flateyjarðalsheiði, nefnilega frá því Sydra til þess ytra Gilsins, sem beinleidis fellur nidur í Heidar-Ána og liggur svoleidis til Fialls upp ...<sup>19</sup>

Hann fól Sigurði Þorsteinssyni vinnumanni sínum að gera upptæk þau fjallagrös sem tínd væru innan ofangreindra takmarka af öðrum en þeim sem hefði leyfi Laufásprestis til þess.

Björn Halldórsson Laufásprestur leigði Jóhanni Bessasyni trésmið á Skarði land kirkjunnar milli Höfðagilja á Flateyjarðalsheiði til tveggja ára með samningi sem gerður var 15. júní 1882. Slægjur voru undanskildar í leigusamningnum og ef prestur kærði sig um mætti hann senda einn kvenmann þangað til grasatekju í um hálfsmánaðartíma á sumrin endurgjaldslaust.<sup>20</sup>

Landamerki Laufáskirkjulandsins er kallað var „upprekstrarland“, (innan gæsalappa í frumriti) milli Höfðagilja og Flateyjarðalsheiðar, voru skráð 5. maí 1886 og þinglesin 4. júní 1888. Þar stendur:

1. Að austan ræður Itrahöfðagilsá þangað til gilið klofnar þá er stefnan bein til háfjallsbrúnar.
2. Að austan Dalsá.
3. Að sunnan Syðra-Höfðagilsá
3. Að vestan fjallsbrúnnin.<sup>21</sup>

Magnús Jónsson (prestur í Laufási) skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Birni Bjarnarsyni að Vestarikrókum, Gísla Ásmundssyni vegna Almennings á Flateyjarðalsheiði, Jóhanni Bessasyni vegna Skarðslands og Karli E. Friðrikssyni vegna eiganda Kambsmýra.

Á spássíunni við landamerkjabréfið kemur fram að biskup Íslands lýsti þessu sem ítaki 4. maí 1954.

---

maí 1786, lögfesta séra Hannesar Scheving frá 2. maí 1798, lögfesta séra Gunnars Hallgrímssonar frá 19. júní 1818, sbr. skjal nr. 2 (73) a-b – skjal nr. 2 (77) a-b.

<sup>18</sup> Skjal nr. 2 (66) a-b.

<sup>19</sup> Skjal nr. 2 (86) a-b.

<sup>20</sup> Skjal nr. 2 (87) a-b.

<sup>21</sup> Skjal nr. 2 (33) a-b.



Jón Sigurðsson segir í lýsingu sinni á Þingeyjarsýslu í Ritsafni Þingeyinga:

„Milli Höfðagilja“ nefnist landsvæði að vestan, sunnan Almennings, og var eign Laufáss. Höfðagil hið syðra liggur að Skarðsdal, og fellur vatn þess norður og er fyrsti meginstofn Dalsár. Engi er þarna mikið.<sup>22</sup>

Einnig segir Jón Sigurðsson að Björn Halldórsson prestur í Laufási hafi heyjað þar á engjum og sett heyið þar saman. Því hafi verið ekið á sleðum að beitarhúsum Laufáss í Sellandi. Einnig hafi séra Björn leyft bæjarbyggingu í landinu og leyfishafi verið búinn að stinga þar klömbrur til veggja en ekki orðið af byggingunni.<sup>23</sup>

Að sögn Páls G. Jónssonar var landið milli Höfðagilja notað til slægna, upprekstrar og grasatekju; nái engið upp í fjall hér og þar.<sup>24</sup> Einnig nefnir hann svonefnda þrætutungu milli Höfðagilja sem hafi verið þrætuland milli Hálshrepps og Laufásprestakalls.<sup>25</sup>

Hinn 4. maí 1954 ritaði biskup Íslands sýslumanninum í Þingeyjarsýslu bréf og lýsti ítökum Laufáskirkju, sbr. lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum, en í bréfinu er lýst:

Selför á Flateyjardalsheiði fjórum kúm og tveim hrossum og svo mörgum ám og geitum, sem sá vill, er á stað býr um sex vikur. Má vera, að þetta sé hið sama ítak og prestur telur, að heiti „milli Höfðagilja“ og áætla til upprekstrar fyrir 300 fjár. Einnig telur prestur þar allan rétt til slægna. Hefur verið nytjað öðru hvoru.<sup>26</sup>

Á níunda áratug 20. aldar kom upp deila á milli annars vegar eigenda tiltekinna jarða í Grýtubakkahreppi og hins vegar Hálshrepps og kirkjumálaráðherra um rétt hinna fyrstnefndu til upprekstrar á Vestur-Flateyjardalsheiði. Nánar tiltekið var deilt um Höfðagiljaland, Almanning, Heiðarhús og Eyvindará. Stefnendur málsins voru eigendur jarðanna Fagrabæjar, Hléskóga, Lómatjarnar, Syðri-Grundar, Ártúns og Ness í Grýtubakkahreppi. Aðalkrafa þeirra var að viðurkennt yrði að umræddum jörðum fylgdi upprekstrarréttur á Flateyjardalsheiði vestan Dalsár. Stefnu voru kirkjumálaráðherra fyrir hönd kirkjumálaráðuneytisins vegna landsvæðis milli Höfðagilja og hreppsnefnd Hálshrepps vegna annarra framangreindra landsvæða. Kröfum jarðeigendanna var hafnað með dómi Hæstaréttar 11. desember 1987 í máli nr. 83/1986 og í forsendum dómsins segir m.a. svo:

Af því sem fram er komið í málinu þykir verða að ætla að eigendum og ábúendum jarða þeirra sem áfrýjendur eiga, eða hafa fengið jörðum sínum skipt úr, hafi verið ljóst, er þeir hófu upprekstur á Flateyjardalsheiði snemma á þessari öld, svo sem nánar er greint í hinum áfrýjaða dómi, að hinar einstöku nafngreindu landsspildur á Vesturheiðinni voru í eignarráðum

<sup>22</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 129.

<sup>23</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 129.

<sup>24</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjardalsheiði*, bls. 16.

<sup>25</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjardalsheiði*, bls. 16, 24, 109.

<sup>26</sup> Skjal nr. 2 (152).

annarra aðilja. Höfðu og verið byggð býli norðan til á heiðinni sem eigi höfðu lagst í eyði fyrir en seint á 19. öld, svo sem Eyvindará og Ófeigsá, eða jafnvel ekki fyrir en eftir aldamót, svo sem Heiðarhús. Umræddar aðstæður verður einnig að telja hafa verið kunnar öðrum þeim er síðar hafa rekið fé til afréttar á heiðinni frá jörðum áfrýjenda, þar á meðal þeim sjálfum. Uppreksturinn var lengi látinn viðgangast átölulaust af landeigendum og til hans virðist jafnvel hafa verið hvatt af fjallskilastjóra Hálshrepps vegna erfiðra fjallskila á heiðinni. Verður að líta svo á að umrædd vitneskja áfrýjenda og forvera þeirra standi því í vegi að áfrýjendur hafi mátt vinna hefð á rétti til upprekstrar á heiðinni, sbr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905.<sup>27</sup>

### 5.3 Almennigur

Landamerkjabréf Almennings á Flateyjardal var útbúið þann 6. desember 1882 og þinglýst 18. júní 1884. Þar stendur:

Að sunnan er Laufáskirkjuland milli Höfðagilja. Merki milli þess og Almennings eru í Ytra-Höfðagili neðan frá Heiðará upp þangað, sem gilið klýfur sig og myndast tunga milli tveggja gilja. Eru þá merkin í Ytra gilinu, sem liggur beinna fyrir, upp til fjallsbrúnarinnar og er því sleppir beint á efsta hrygg fjallsins. Að norðan er Heiðarhúsaland. Merki þess og Almennings eru í Eilífsá, neðan frá Heiðará upp þangað sem Eilífsárgilið beygist í krók suður á við, þá eftir beinni línu úr gilskróknum upp á háfjallið. Að austan ræður Heiðaráin merkjunum.<sup>28</sup>

Hannes Friðriksson í Austarírókum skrifaði undir landamerkjalytinguna. Hún var samþykkt af Birni Halldórssyni umráðamanni kirkjueigna Laufáss (þ. e. vegna lands milli Höfðagilja og Heiðarhúsa).

Óársetta og nafnlaus lytingu á merkjum Almennings á Flateyjardalsheiði er að finna í skjalasafni Laufáskirkju. Neðan við lytinguna hefur Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður skrifað að hún sé með hendi séra Björns Halldórssonar, en hann hélt staðinn 1855-1882. Hún er svohljóðandi:

Ad sunnan er Laufáskirkjuland milli Hofðagilja. Merki milli þess og Almennings eru í Ytrahöfðagil nedan frá Heiðará upp þangað, sem gilið klýfur sig og myndast tunga milli tveggja gilja. Eru þá merkin í Ytra gilinu, sem liggur beinna fyrir, upp til fjallsbrúnarinnar, og er því sleppir upp beint á efst Hrygg fjallsins. Að norðan er Heiðarhúsaland. Merki þess og Almennings eru í Eilífsá, neðan frá Heiðará upp þangað, sem Eilífsárgilið beygist í Krók suður á við. Þá eptir beinni línu úr gilskróknum upp á háfjallið. Að austan ræður heiðaráin merkjunum.<sup>29</sup>

<sup>27</sup> Hrd. 1987/1656. Hliðsjónargagn.

<sup>28</sup> Skjal nr. 2 (1) a-b.

<sup>29</sup> Skjal nr. 2 (88) a-b. Þess skal getið að höndin á lytingu Almenningsins er ekki lík þeirri hendi sem vitað er að er hendi séra Björns Halldórssonar, sbr. t.d. skjal nr. 2 (82).

Í landamerkjabréfi Þverár í Dalsmynni frá 4. janúar 1883 er merkjum Almennings lýst svo vegna ítaks Þverár þar:

~~5. (Ítak í Almennungi í Flateyrdalsheiði til grasatekju [tekju, skrifað ofan línu] og slægna~~

~~Merki hans að sunnan er Ytra Höfðagilsá, þar til gilið klofnar, þá bein stefna til há fjallsbrúnar.~~

~~Merkin að utan eru Eilífsá meðan hún stefnir beint, en úr því (bein [skrifað ofan línu] stefna [strikað yfir ólæsilega stafir framan við, stefna] til há [há, ofan línu] brúnarinnar.<sup>30</sup>~~

Á spássíunni við yfirstrikaða textann kemur fram að ítökunum hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953 og séu því niður fallin. J. Skaptason skrifar undir þetta.

Jón Sigurðsson lýsir Almennungi svo:

Almenningur heitir landsvæði vestan Dalsár, milli Eilífsár á mörkum Heiðarhúsa og Höfðagils hins ytra. Þverá átti þar engi og grasatekju, en Hálshreppur afrétt.

Síðan segir Jón að maður hafi viljað festa bú á Flateyrdalsheiði og farið í landsbón til allra bænda og landeigenda á heiðinni en fengið afsvör. Þá hafi sá hafið bæjargerð í Almennungi er hann hugði öllum frjálsan. Þegar baðstofan var risin mótmæltu hreppsúar og fékk maðurinn aldrei að flytja þangað. Þetta muni hafa verið snemma á 19. öld.<sup>31</sup>

Páll G. Jónsson í Garði segir í bók sinni *Flateyrdalsheiði* að tveir séu eigendur að Almennungi: Þverá í Dalsmynni eigi slægjur allar og leyfi til grasatekju, en landið allt og grasatekju eigi Hálshreppur.<sup>32</sup>

Á níunda áratug 20. aldar kom upp deila á milli annars vegar eigenda tiltekinna jarða í Grýtubakkahreppi og hins vegar Hálshrepps og kirkjumálaráðherra um rétt hinna fyrstnefndu til upprekstrar á Vestur-Flateyrdalsheiði. Nánar tiltekið var deilt um Höfðagiljaland, Almennung, Heiðarhús og Eyvindará. Kröfum jarðeigendanna var hafnað með dómi Hæstaréttar 11. desember 1987 í máli nr. 83/1986 en um málið vísast að öðru leyti nánar til kafla 5.2.

#### 5.4 Heiðarhús

Heiðarhús voru lögð í kaupmála samkvæmt vitnisburði frá 8. og 17. maí 1417.<sup>33</sup>

<sup>30</sup> Skjal nr. 2 (49).

<sup>31</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 129.

<sup>32</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyrdalsheiði*, bls. 16, 109.

<sup>33</sup> Skjöl nr. 2 (204) og nr. 2 (205).

Í skiptabréfi um eignir Bjarna Ólafssonar, 26. september 1492, er Þverá í Fnjóskadal með „kotinu Heiðarhúsum“ og Vík á Flateyjardal lögð Hólakirkju í Hjaltadal.<sup>34</sup>

Mál Jóns Sigurðssonar og Péturs Bjarnasonar var tekið fyrir á alþingi 6. júlí 1691. Þar var lagt fram gjörningsbréf frá 6. apríl 1681 þar sem Jón gaf Péttri sér til forsorgunar og framfæris, meðan hann lifði, alla jörðina Þverá 60 hundruð að dýrleika. Sömuleiðis fól hann honum til meðferðar og umráða kotin Heiðarhús og Þúfu. Þar sem ekkert kom fram sem gæti raskað ofanefndum gerningum voru þeir dæmdir gildir af lögréttu.<sup>35</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir um Heiðarhús:

Heidarhus. Bygð hjer um fyrir 60 árum á Flateyjardalsheiði í því landi sem Þverá á, en hefur nú í eyði legið 14 eður 15 ár.

Dýrleikinn x hndr., og so tíundaðist 4 tíundum, meðan byggt var.<sup>36</sup>

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls var Þverá í Dalsmynni öll með Heiðarhúsum og Þúfu 60 hndr. að dýrleika.

Sýslumaður, sóknarprestur, hreppstjórar og helstu sveitarmenn veltu vöngum yfir því á manntalsþingi á Hálsi 23. maí 1788, hvort hægt væri með peningastyrk að byggja einhverja eyðijörð innan hreppsins. Það var talið allra mikilvægast að Heiðarhús, sem væru mitt á Flateyjardalsheiði, fengju peningastyrk því að annars myndi jörðin leggjast í eyði á yfirstandandi vori. Gerðist það gæti skapast mikil hætta og jafnvel reynst lífshættulegt ferðamönnum sem færu yfir heiðina því að þeir, sem þar væru á ferð, þyrftu oft á næturgistingu og greiða að halda. Stungið var upp á því að fátæklingurinn Jón Halldórsson settist þar að en til þess að það gæti gerst þyrfti að kaupa handa honum bjargræðisskepnur. Ákveðið var að Jón fengi sex ríkisdali í styrk gegn því að séra Magnús Jónsson, umboðsmaður jarðarinnar, veitti honum einnig nokkurn styrk.<sup>37</sup>

Jón Benediktsson á Stóruvöllum skrifaði Birni Halldórssyni prófasti í Laufási 23. janúar 1874 um hvort hann vildi hafa jarðaskipti á Heiðarhúsum og Íshóli. Hann vonaðist til þess að prófasti þætti jarðaskiptin hagkvæm fyrir prestakallið og segir að Heiðarhús séu meiri og miklu vissari eign en Íshóll sem árlega gangi af sér af völdum náttúrunnar. Prófastur skrifaði stiftsyfirvöldum 7. mars 1874 og mælti með jarðaskiptunum enda taldi hann þau myndu hvorki verða Laufáskirkju til rýrðar eða óhagnaðar. Hann taldi Heiðarhús betra land eða í það minnsta vissara jarðnæði og væri að öllum líkindum miklu óhættara en Íshólslandi við því að eyðast og verða

<sup>34</sup> Skjal nr. 2 (211).

<sup>35</sup> Skjal nr. 2 (145).

<sup>36</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 105.

<sup>37</sup> Skjal nr. 2 (126) a-b.

óbyggilegt af náttúrunnar völdum. Einnig benti prestur á að til óhagræðis væri að Íshóll væri í þrefalt meiri fjarlægð frá Laufási en Heiðarhús.<sup>38</sup>

Í bréfi stiftsyrfirvalda til landshöfðingja, frá 16. september 1874, samþykkja stiftsyrfirvöld fyrir sitt leyti makaskipti á Laufáskirkjújörðinni Íshóli og Heiðarhúsum.<sup>39</sup>

Björn Halldórsson prestur í Laufási leigði Jóni Helgasyni jörðina Heiðarhús með samningi sem gerður var 14. mars 1876. Meðal leiguskilmála var að rækta vel tún og hirða engjar, verja jörðina sem best fyrir öllum skaða og skemmdum, ljá ekkert af nytjum jarðarinnar og ekki byggja neinum inn á hana né taka nokkurn í húsmennsku án leyfis landsdrottins.<sup>40</sup>

Meðal hjáleigna Þverár er jörðin Heiðarhús samkvæmt jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að hún sé talin 10 hundruð.<sup>41</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Heiðarhús:

Heidarhús talin 10 hndr. ad dyrleika. - ... Uteingisslægjur nær og fjær, sæmilega grasgefnar og að vidattu i meiralagi, og meir á þurru enn votu; heygæði i medallagi; Landgjæði til þrifa og mjólkur i betralagi, og fullkomnasta landrymi. – Til ókosta eru talin ... og ágangur af afrettar geldfé. - ...<sup>42</sup>

Landamerkjabréf Laufáskirkjujarðarinnar Heiðarhúsa var útbúið þann 5. maí 1886 og þinglýst 11. júní 1887. Þar stendur:

1. Að utan er Mógilsá, sem er bein, og eftir henni er stefnan bein uppí Fjallsbrún.
2. Að austan er Dalsá.
3. Að sunnan Eilífsá meðan stefna hennar bein og úr því er líka stefnan bein til hábrúnarinnar
4. Að vestan ræður fjallsbrúnnin.

(~~Jörðin Þverá í Dalsmynni á frían upprekstur milli Miðgils og Mógils í Heiðarhúsalandi~~).<sup>43</sup>

Magnús Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið (hann var einnig umráðamaður Eyvindarár). Það var samþykkt af Gísla Ásmundssyni vegna Almennings á Flateyjardalsheiði og Stephani Stephensen.

Á spássíunni við yfirstríkaða textann kemur fram að ítakinu hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20. 5. ‘53 og sé því niður fallið. J. Skaptason skrifar undir þetta.

<sup>38</sup> Skjal nr. 2(246) a-b.

<sup>39</sup> Skjal nr. 2(247) a-b.

<sup>40</sup> Skjal nr. 2 (82).

<sup>41</sup> Skjal nr. 2 (55) a-b.

<sup>42</sup> Skjal nr. 2 (57) a-b.

<sup>43</sup> Skjal nr. 2 (17) a-b.

Að ítaki Þverár er vikið í landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 4. janúar 1883 sem var þinglýst 4. júní 1886::

~~4. Samkvæmt afsalsbréfi fyrir Þverárlandi dags. 24. Maí 1843 og makaskiftabréfi dags. 8. Júní 1844, á jörðin Þverá fráan upprekstur milli Miðgils og Mógils í Heiðarhúsalandi á Flateyrdalsheiði.<sup>44</sup>~~

Þórhallur Bjarnarson biskup skrifaði Stjórnarráðinu 26. janúar 1910. Í bréfi sínu greinir hann frá því að prófastur Suður-Þingeyjarsýslu hafi skrifað sér um að kirkjujörðin Heiðarhús á Flateyrdal liggja í eyði og ekkert útlit sé fyrir að hún muni byggjast á ný. Prófastur hafi því lagt til að spýtnarusl úr kofunum á jörðinni verði nýtt til byggingar sæluhúss sem ráðgert er að koma þar upp. Biskup tekur undir það að lítil von sé til þess að jörðin byggist á ný en landið ætti eigi að síðar að geta orðið allverðmætt sem „afréttarland“. Einnig bendir hann á nauðsyn þess að sæluhús sé reist á Flateyrdalsheiði eftir að byggð lagðist af í Heiðarhúsum<sup>45</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki kirkjujarðarinnar Heiðarhúsa hafi verið þinglesin 1887. Eftirfarandi upplýsingar um Heiðarhús eru einnig fengnar úr matinu:

Jörðin hefir verið í eyði um langan tíma og hús öll og mannvirki fyrir löngu horfin, en nýlega byggt þar upp sæluhús fyrir ferðamenn. Landrými mikið og kjarnaland, en snjóþyngsli og vorharðindi afarmikil. Landið liggur á miðri Flateyrdalsheiði og hefir eigi verið unnt að hafa önnur not landsins, en fyrir upprekstur fjár og hann eigi eptir sóttur, þar sem afrétt er svo geysi víðáttumikil á alla vegu umhverfis.<sup>46</sup>

Samkvæmt matinu er Grenivíkurstur umráðamaður Heiðarhúsa.

Að sögn Jóns Sigurðssonar er ekki kunnugt um búskap í Heiðarhúsum á 18. öld, en árið 1800 flutti þangað Þorsteinn Grímsson. Virðist sem byggð í Heiðarhúsum hafi staðið samfelld til ársins 1904 er þau fóru í eyði. Eftir það hafi löngum verið heyjað þar, bæði tún og engi, af Fnjóskdælum eða utan af Flateyrdal.<sup>47</sup>

Landbúnaðarráðherra seldi Hálshreppi eyðijörðina Heiðarhús með öllum gögnum og gæðum 22. maí 1978.<sup>48</sup>

Á níunda áratug 20. aldar kom upp deila á milli annars vegar eigenda tiltekinna jarða í Grýtubakkahreppi og hins vegar Hálshrepps og kirkjumálaráðherra um rétt hinna fyrstnefndu til upprekstrar á Vestur-Flateyrdalsheiði. Nánar tiltekið var deilt um Höfðagiljaland, Almennung, Heiðarhús og Eyvindará. Kröfum jarðeigendanna var hafnað með dómi Hæstaréttar 11. desember 1987 í máli nr. 83/1986 en um málið vísast að öðru leyti nánar til kafla 5.2.

<sup>44</sup> Skjal nr. 2 (47).

<sup>45</sup> Skjal nr. 2 (143).

<sup>46</sup> Skjal nr. 2 (59).

<sup>47</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 128-129.

<sup>48</sup> Skjal nr. 39 (4).

#### 5.4.1 Mógil, land milli Mógilja (á Flateyardalsheiði)

Í máldaga- og kaupbréfi fyrir Þórisstöðum á Svalbarðsströnd 22. apríl 1473 segir:

Svo og ætti Þorestader landeign ut a Flateyardalsheidi og gielldfiær rekstur a millum mögilia til motz vid Gardswijk.<sup>49</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir í kaflanum um Þóroddsstaði /Þórisstaði:

Afrjettarlandspart nokkurn á jörðin á Flateyardalsheidi hjá Mógiljum. Þángað er full þingmannaleið, og því hefur jörðin ekkert gagn af þessu afrjettarlandi.<sup>50</sup>

Í sömu bók segir í umfjöllun um Garðsvík á Svalbarðsströnd:

Afrjettarland nokkuð er sagt að jörðin eigi, sem hún getur þó ei nytkað fyrir fjarlægðar sakir, sem áður segir um Þóroddsstaði.<sup>51</sup>

Einnig er minnst á eyðibýlið Mógil í Jarðabókinni:

**Mogyl** heitir býlisgrei hjer næst í landsparti þeim, sem Garðsvík á Svalbarðsströnd á á Flateyardalsheidi. Það var bygt um eitt ár fyrir 50 árum, en hvorki áður nje síðan.<sup>52</sup>

Ekkert landamerkjabréf hefur fundist fyrir Mógil eða yngri heimildir um rétt jarðanna Þórisstaða og Garðsvíkur til þessa lands.

Eftirfarandi er í sýslulýsingu Jóns Sigurðssonar:

*Mógil.* Mógilsárnar eru tvær og koma báðar um gróna smádali vestan af fjalli. Landið á milli þeirra var eign Garðsvíkur á Svalbarðsströnd. Við hina nyrðri stóð kot, sem Mógil nefndist. Það var að vísu byggt um 1600 og ef til vill áður, en aldrei síðar.<sup>53</sup>

#### 5.5 Eyvindará (Laufáshagi)

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Laufáskirkja á:

afriett er Laufáshagi heytir.<sup>54</sup>

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar, sem er frá 1461-1510, segir um Laufáskirkju:

ijtem aa kirkian afriett aa flateyardalsheide er heiter laufasshaghi j millum eyuindaraar oc mogils ytra. en jtala er þar sauda rekstr fra sualbardi.<sup>55</sup>

Þetta er staðfest í Sigurðarregistri en eldri hluti þess er frá 1525.<sup>56</sup>

<sup>49</sup> Skjal nr. 2 (206).

<sup>50</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 15.

<sup>51</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 17.

<sup>52</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 104.

<sup>53</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 127.

<sup>54</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>55</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>56</sup> Skjal nr. 2 (219).

Í skrá séra Magnúsar Ólafssonar í Laufási frá 1635 segir m.a. um eignir Laufáskirkju:

item er halldit kirkiann eige Eivindarär land á Flateyardalsheide (afrett)<sup>57</sup>

Jón Magnússon tók við Laufásprestakalli 1637 og hélt til 1675 en frá þeim tíma er óársett lögfesta hans fyrir eignum og ítökum kirkjunnar. Þar lögfestir hann m.a. „afrétt“ þá er kallast Laufáshagi og liggur á milli Eyvindarár og ytra Mógils.<sup>58</sup>

Í úttekt sem gerð var í Laufási 29. maí 1676, þegar séra Markús Geirsson tók við staðnum, voru m.a. talin upp kúgildi á kirkjujörðinni Eyvindará.<sup>59</sup>

Markús Geirsson prestur í Laufási lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar 22. apríl 1678. Þar lögfestir hann m.a. „afrétt“ þá er kallast Laufáshagi sem liggur á milli Eyvindarár og ytra Mógils. Lögfestan var lesin samdægurs á manntalsþingi á Grýtubakka en sama lögfesta var einnig lesin upp við Laufáskirkju fyrsta sunnudag eftir trinitatis 1681, á sama stað 18. júní 1682 og loks aftur á manntalsþingi á Grýtubakka 30. apríl 1710.<sup>60</sup>

Fram kemur í skoðun Laufáskirkju 10. apríl 1686 að kirkjan eigi:

Eivindar aa, þegar bigd fæst landsk. 30 al. ...<sup>61</sup>

Í vísitasíu Einars biskups Þorsteinssonar í Laufási 4. ágúst 1694 segir:

Item á kyrkian afriett á Flateyardals heydi sem nú er bigd, og heyter Laufass hægi, i millum EyVindar Ar og Mógils ytra, enn itala er þar...<sup>62</sup>

Eyvindará er talin kirkjujörð og sögð byggð úr landi Laufáskirkju í vísitasíu Björns biskups Þorleifssonar 21. maí 1701. Þar er eftirfarandi að finna um Laufáshaga:

<sup>57</sup> Skjal nr. 2 (180).

<sup>58</sup> Skjal nr. 2 (68) a-b. Um embættistíð Jóns Magnússonar, sjá Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófesta á Íslandi*, bls. 292. Það sama kemur fram í lögfestu séra Þorsteins Geirssonar frá 24. júní 1686 sem lesin var upp við Laufáskirkju en sá lestur var endurtekinn á sama stað 5. júní 1687 og 29. júní 1688, sbr. skjal nr. 2 (70) a-b.

<sup>59</sup> Skjal nr. 2 (63).

<sup>60</sup> Skjal nr. 2 (69) a-b. Það sama kemur fram í lögfestu séra Geirs Magnússonar sem lesin var upp á manntalsþingi á Grýtubakka 6. maí 1713. Sá lestur var endurtekinn á sama stað 20. maí 1726, 26. maí 1727, 20. maí 1729, 7. júní 1732, 4. júní 1736 og einnig við Laufáskirkju 20. maí 1729, sbr. skjal nr. 2 (71) a-b. Sömu upplýsingar er að finna í lögfestu séra Stefáns Einarssonar sem lesin var upp á manntalsþingi á Grýtubakka 11. maí 1751 og á sama stað 9. maí 1763 en einnig fyrir söfnuðinum í Laufáskirkju 13. júní 1762 og á sama stað fimmta sunnudag eftir páska 1765, sbr. skjal nr. 2 (72) a-b. Þar bannar þó prestur einnig allan lambarekstur og grasatekju í ítökum staðarins á Flateyardalsheiði. Samhljóða eru lögfestur eftirfarandi Laufáspresta sem flestar voru lesnar upp oftár en einu sinni á manntalsþingum á Grýtubakka og oft einnig frammi fyrir söfnuðinum í Laufási: Lögfesta séra Jóns Vídalíns frá 1. júní 1764, lögfesta séra Jóns Egilssonar frá 11. júní 1770 en hann bannar reyndar lamba- og hrossarekstur ásamt grasatekjinni, lögfesta séra Stefáns Halldórssonar frá 11. maí 1786, lögfesta séra Hannesar Scheving frá 2. maí 1798, lögfesta séra Gunnars Hallgrímssonar frá 19. júní 1818 og lögfestur séra Gunnars Gunnarssonar frá 22. maí 1840 og 21. maí 1841 sbr. skjal nr. 2 (73) a-b – skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>61</sup> Skjal nr. 2 (104) a-b.

<sup>62</sup> Skjal nr. 2 (108) a-b.



Ítem ä kirkiann afriett ä flateyardalsheidj sem nu er obigd til slægna, & heiter Laufässhagi, J millum Eivindarär og Mógils Jtra, enn Jtala er þar, Saudarekstur fra Svalbarde, ...<sup>63</sup>

Í vísitasíu Steins biskups Jónssonar árið 1715 er sagt hið sama nema ítöllumni, sauðarekstri frá Svalbarði, er sleppt.<sup>64</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir í umfjöllun um Laufás:

Heimalönd staðarins eru þessi: ...

Eyvindará á Flateyjardal, og í eyði.<sup>65</sup>

Síðar í Jarðabókinni er umfjöllun um Eyvindará. Hún er sögð hafa verið í eyði undanfarin 14 eða 15 ár. Býlið sé kallað heimaland Laufáss og dýrleikinn því óviss, því að kotið tíundaðist aldrei. Grastekja var lítil, hvannatekja og rótagröftur fyrir heimilið, engjar engar nema það lítið, sem hent yrði úr svarðleysu kelduföllum, úthagarnir góðir og miklir. Enginn brúkaði nú þetta kot eða land þess til nytja.<sup>66</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724 er minnst á afbýli Laufáss:

Eivindaraa Eide kot. gielldst echert af langsamlega<sup>67</sup>

Geir Magnússon prestur í Laufási segir í skýrslu um tekjur kirkjunnar frá 2. september 1730 að Eyvindará hafi aðeins verið í byggð í eitt ár í samanlagðri embættistíð hans, föður hans og föðurbróður hans.<sup>68</sup> Í skýrslu Geirs kemur líka fram að Laufáskirkja eigi „afrétt“ á Flateyjardalsheiði sem heiti Laufässhagi og liggi á milli Eyvindarár og ytra Mógils en þangað sé sauðarekstursítala frá Svalbarði.<sup>69</sup>

Við prófastsvísitasíu í Laufási 1735 segir Þorleifur Skaftason að Eyvindará sé nú óbyggð.<sup>70</sup>

Í skrá yfir eignir Laufáskirkju eftir afhendingu 1738, sem er færð í kirkjustól næst á eftir eignaskrá séra Magnúsar Ólafssonar árið 1635, segir um Eyvindará:

Eyvindaraa ädur bygdj Stadarens afrettarlande ä Flateyar Dals heide, enn nú langvaranlega i Eyde vered, enn fyrer landsens brúkun giallda Näbüar ä Hofe ä flateyardal 20 ál. Kúgl. 0<sup>71</sup>

Í greinargerð um Laufásprestakall frá 1782 kemur fram að kirkjan eigi „afrétt“ á Flateyjardalsheiði, milli Eyvindarár og ytra Mógils, sem heiti Laufáshagi. Fram

<sup>63</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b.

<sup>64</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b.

<sup>65</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 25.

<sup>66</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 67.

<sup>67</sup> Skjal nr. 2 (239) a-b.

<sup>68</sup> Þeir fedgar og bræður héldu Laufás frá 1676-1737, sbr. Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 292.

<sup>69</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>70</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

<sup>71</sup> Skjal nr. 2 (180).

kemur að þetta land sé einnig kallað Eyvindará en sú jörð hafi ekki byggst undanfarin 100 ár að undanskildum 3-4 árum þrátt fyrir að jörðin hafi verið margsinnis boðin upp.<sup>72</sup>

Gunnar Hallgrímsson prestur í Laufási byggði Örnólfi Ólafssyni Eyvindará með bréfi dagsettu 16. desember 1823. Í bréfinu segir að land Eyvindarár sé á Flateyjardalsheiði og að Örnólfur skuli strax á næstkomandi vori hefjast handa við að byggja upp jörðina sem hefur líkast til verið í eyði því að engin hús virðast hafa verið þar. Presturinn mæltist jafnframt til þess að Guðmundur bóndi á Hofi fengi vandkvæðalaust að hleyppa lömbum sínum í land Eyvindarár við næstu fráfarur og svo lengi sem um semjast kunnir. Örnólfur hefur búið á jörðinni a.m.k. til 1828 en 25. október 1827 voru ákvæði byggingarbréfsins framlengd um eitt ár.<sup>73</sup>

Jarðamatið 1849-1850 segir svo um Eyvindará:

Eyvindará ómetin kirkjueign. Tun er svo að ekki verður talid, eingjareitur fjarlægur, og heývondur; landrymi mikid, og gott til mjólkur og þrifa; vetrarþeigjaraust, og álitid næsta óbyggiligt. - ...<sup>74</sup>

Björn Halldórsson prestur í Laufási leigði Guðmundi Jónatanssyni, bónda á Brettingsstöðum, Eyvindarárland á Flateyjardalsheiði fyrir 10 kr. í árlega leigu með bréfi gerðu 3. desember 1878.<sup>75</sup>

Landamerkjabréf „Laufáshaga eða Eyvindarárlands“ var útbúið þann 5. maí 1886 og þinglýst 11. júní 1887. Í bréfinu stendur eftirfarandi:

1. Að austan ræður Dalsá.
2. Að sunnan Mógilsá neðan frá Dalsá. Er stefna Mógilsárinnar bein og ræður stefnunni beint á fjall upp –
3. Að vestan ræður fjallsbrúnin.
4. Að utan Eyvindará<sup>76</sup>

Magnús Jónsson [í Laufási, sem jafnframt var umráðamaður Heiðarhúsa] skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Gísla Ásmundssyni umráðamanni Hofis og hálfra Brettingsstaða, Stefáni Stefánssyni umráðanda Knarrareyrar og St. Stephensen. Sá síðastnefndi samþykkti vegna Brettingsstaða sem voru að hálfu eign landssjóðs.

Hinn 4. maí 1954 ritaði biskup Íslands sýslumanninum í Þingeyjarsýslu bréf og lýsti ítökum Laufáskirkju, sbr. lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum, en í bréfinu segir svo:

Laufáshagi í Flateyjardalsheiði millum Eyvindarár og Mógils ytra. Í matsgjörð Laufáss 9. júní 1920 er þessa ítaks getið og nefnt þar

<sup>72</sup> Skjal nr. 2 (66) a-b.

<sup>73</sup> Skjal nr. 2 (80).

<sup>74</sup> Skjal nr. 2 (57) a-b.

<sup>75</sup> Skjal nr. 2 (81).

<sup>76</sup> Skjal nr. 2 (7).

upprekstrarland á Flateyjardalsheiði. Að sögn prestsins er land þetta nú nefnt Saurbrýr og talið hæfilegt upprekstrarland fyrir 900 fjár. Hefur prestur leigt það undanfarin ár.<sup>77</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki kirkjueignarinnar Eyvindarár hafi verið þinglesin 1887. Þar eru einnig eftirfarandi upplýsingar:

Jörðin hefir verið í eyði síðan um árið 1870. Hús öll og mannvirki fyrir löngu eyðilögð. Landrými mikið og kjarnaland, nú notað fyrir upprekstrarland.<sup>78</sup>

Samkvæmt matinu var Grenivíkurstur umsjónarmaður Eyvindarár.

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir um Eyvindará í sýslulýsingu sinni:

Bærinn stóð á eyrargrund sunnan samnefndrar ár og átti land suður Eyvindardal og Þverárfjall og undirlendi með Dalsá að Saurbrúm og síðar að Mógiljum. Þetta er gott sauðland, en fremur engjarýrt. ... Enn benda fornir vallargarðar á stórbýli, en víður er nú vaxinn langt inn fyrir forna garða. Jörðin fór í eyði rétt fyrir 1700, og er ekki vitað um byggð þar á 18. öld. ... Endurbyggt var 1818.<sup>79</sup>

Búið var á Eyvindará nokkuð samfelt 1818-1872, er hún fór að fullu í eyði.<sup>80</sup>

Landbúnaðarráðherra seldi Hálshreppi „eyðijörðina“ Eyvindará með öllum gögnum og gæðum 22. maí 1978.<sup>81</sup>

Á níunda áratug 20. aldar kom upp deila á milli annars vegar eigenda tiltekinna jarða í Grýtubakkahreppi og hins vegar Hálshrepps og kirkjumálaráðherra um rétt hinna fyrstnefndu til upprekstrar á Vestur-Flateyjardalsheiði. Nánar tiltekið var deilt um Höfðagiljaland, Almanning, Heiðarhús og Eyvindará. Kröfum jarðeigendanna var hafnað með dómi Hæstaréttar 11. desember 1987 í máli nr. 83/1986 en um málið vísast að öðru leyti nánar til kafla 5.2.

### 5.5.1 Saurbrúarkot

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 hefur þetta um Saurbrúarkot:

Saurbrúarkot, hefur í eyði legið 39 ár, en bygt um nokkur ár þar fyrir, og er kallað heimaland Laufásstaðar so sem Eyvindará <á> Flateyjardal.

Landskuld meinast að verið hafi x eður xx álna virði.<sup>82</sup>

Jón Sigurðsson í Yztafelli hefur þetta um Saurbrúarkot í sýslulýsingu sinni:

Bærinn stóð rétt sunnan við á þá, sem við kotið er kennd, og átti land að Mógilsá ytri. Er nú land þetta nefnt Saurbrýr. Laufás hefur jafnan átt landið,

<sup>77</sup> Skjal nr. 2 (152).

<sup>78</sup> Skjal nr. 2 (59).

<sup>79</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 126-127.

<sup>80</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 127.

<sup>81</sup> Skjal nr. 39 (4).

<sup>82</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 104.

og fylgdi það síðar Eyvindará. Byggð féll þarna niður að fullu 1673 og hafði áður verið stopul.<sup>83</sup>

Páll G. Jónsson nefnir Saurbrúarkot, þar sem eftir tóftarbrotum að dæma muni einhvern tíma hafa verið bústaður.<sup>84</sup>

## 5.6 Brettingsstaðir

Brettingsstaða er getið í Ljósvetninga sögu, sem Björn Sigfússon telur frá miðri 13. öld.<sup>85</sup>

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Flateyarkirkja eigi hálfu Brettingsstaði.<sup>86</sup>

Hálfir Brettingsstaðir eru taldir með eyðijörðum Möðruvallaklausturs, 6. nóvember 1447.<sup>87</sup> Samkvæmt Sigurðarregistri, en eldri hluti þess er frá 1525, eru hálfir Brettingsstaðir eign Hólastóls og hálfir Möðruvallaklausturs.<sup>88</sup>

Brettingsstaðir eru í kúgilda-, landskulda- og tíundaskrá Hólastóls 25. desember 1550.<sup>89</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Brettingsstaði 10 hundruð að dýrleika, úthaga góða og mikla.<sup>90</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 voru Brettingsstaðir á Flateyjardal að hálfu í eigu Möðruvallaklausturs og að hálfu í eigu hins aflagða Hólastóls. Í matinu kemur einnig fram að Brettingsstaðir séu sagðir 10 hundruð og að skriður ógni úthaga.<sup>91</sup>

Minnst er á Brettingsstaði í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur fram:

Brettings-stadir talid 10 hndr. ... Uteingi mestallt fjarlæggt, slitrótt, bædi a þurru og votu; vidatta talsverd, en heyid framar létt; Sumarhagar nógir, sæmilega landgott til þrifa og mjólkur; vetrararbeit eingin, ...<sup>92</sup>

Landamerkjabréf Brettingsstaða er frá 14. apríl 1885 og því þinglýst 4. júní 1886. Þar kemur eftirfarandi fram:

1. Að utan milli Jökulsár og Brettingsstaða, eru merki í miðjan Botnahrygg, beina stefnu á Sjónarhól, þaðan ofan Merkihrygg til Víkurvatns, og svo skilur ósinn úr vatninu lands eður fjörueign Víkur og Brettingsstaða, og ræður svo bein stefna úr honum til áðurnefnds Merkihryggjar.

2. Að sunnan milli Laufáskirkjulands (Eyvindarárlands) og Brettingsstaða ræður Eyvindará.

<sup>83</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 127.

<sup>84</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjardalsheiði*, bls. 108.

<sup>85</sup> *Ljósvetninga saga, Reykdæla saga ok Víga-Skútu, Hreiðars þátr*, Íslenzk fornrit X, bls. XLVI-L, 99.

<sup>86</sup> Skjal nr. 2 (183).

<sup>87</sup> Skjal nr. 2 (196).

<sup>88</sup> Skjöl nr. 2 (215) og nr. 2 (217).

<sup>89</sup> Skjal nr. 2 (223).

<sup>90</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 65.

<sup>91</sup> Skjal nr. 2 (55) a-b.

<sup>92</sup> Skjal nr. 2 (57) a-b.

3. Að austan milli Brettingsstaða og Hofs, ræður Urriðalækur yzt beint í Merkivörðu á mölinni og svo beint til sjávar. Eru svo merkin beint frá upptökum Urriðalækjar, eftir Nýputjörn, Kyl, Brennivinskeldu, Reiðgötum utan við Þverá, Sellæk ofan við Laugból, eftir miðri Startjörn í Mjóadalshól, þaðan eftir brekku brúnunum suður að Eyvindará.<sup>93</sup>

Stephan Stephensen, umboðsmaður og Gísli Ásmundsson, umsjónarmaður hálftrar jarðarinnar, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Einari Ásmundssyni vegna Jökulsár og Magnúsi Jónssyni [presti í Laufási] umráðamanni Eyvindarárlands.

Virðingargerð á Brettingsstöðum fór fram 29. maí 1912 vegna fyrirhugaðrar sölu hálftrar jarðarinnar, þ.e. þeim hluta sem bóndinn Páll Guðmundsson bjó á. Í virðingunni segir að land jarðarinnar sé um sex kílómetrar á lengd meðfram brattri fjallshlíð og að undirlendi sé mjög lítið. Meirihluti fjallshlíðanna sé vaxinn fjalldrapa og lyngi, hálfdeigjumýrar séu hér og þar um landið en þær séu aðalengi jarðarinnar þó venjulega séu þær graslitlar. Jörðin er sögð snjóásæl og þ.a.l. er vetrararbeit stopul. Hálfir Brettingsstaðir voru seldir Páli Guðmundssyni ári síðar og afsalið dagsett 4. ágúst 1913.<sup>94</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Brettingsstaða hafi verið þinglesin 1886. Þar segir og:

Engjarnar liggja að nokkru allfjarri.

Búfjárhagar: Beitiland gott fyrir allan búfénað, víðlent, ... Vetrararbeit því stopul, en kjarngóð er hennar nýtur. Fjárgeymsla erfíð, því landið liggur að afrétt. ... Afrétt á jörðin nægilegan fyrir sitt fé, en lítið frekar. ... Ágangur nokkur, bæði af afréttarfé og umferð, ...<sup>95</sup>

Í sýslulýsingu Jóns Sigurðssonar í Yztafelli er eftirfarandi um Brettingsstaði:

Jörðin var löngum talin önnur mesta jörð í Hálshreppi, næst Sigríðarstöðum. Landrými er mikið, bæði í fjalldölum og hlíðum inn til heiðar, allt að Eyvindará, og á láglandi með fjöllunum. ...

Brettingsstaða getur fyrst í Finnbogasögu og eru taldir landnámsjörð, en þó eigi höfuðból byggðarinnar. En um 1060 bjó þar Þórarinn Höskuldsson, Þorgeirssonar goða á Ljósavatni, og þá hlýtur jörðin að hafa verið orðin höfuðból þar nyrðra.<sup>96</sup>

Brettingsstaðir fóru í eyði árið 1953.<sup>97</sup>

<sup>93</sup> Skjal nr. 2 (6).

<sup>94</sup> Skjal nr. 2 (133).

<sup>95</sup> Skjal nr. 2 (60).

<sup>96</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 115.

<sup>97</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 158.

## 5.7 Finnastaðir

Finnastaðir með öllum gögnum og gæðum voru goldnir Hólakirkju í sektir vegna frændsemisþjalla 20. ágúst 1478.<sup>98</sup>

Ólafur Rögnvaldsson biskup nefnir Finnastaði meðal jarða sem fengnar voru í sektir og sakeyri og hann lagði til Hólakirkju 30. júlí 1479.<sup>99</sup>

Finnastaðir, ásamt annarri 15 eða 16 hndr. jörð, voru látnir í makaskiptum fyrir Víkingavatn, 24. september 1551.<sup>100</sup>

Finnastaðir voru 15 hundruð að dýrleika samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Grasatekja var þar lítil.<sup>101</sup>

Sjálfs eignarjörðin Finnastaðir er sögð 16 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804.<sup>102</sup>

Fjallað er um Finnastaði í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

Finnastaðir; að fornu taldir 15 hndr. að dýrleika. ... Engi liggur á slitringi uppum fjall, og innanum bithaga, sæmilega greiðfært, enn fremur snögg og grýtt, gjefur 70 hesta af léttingshevi. Landrými má heita sæmilegt fyrir allann búfjænað, og í betra meðallagi að málnytu og þrifum, og eins til vetrar útbeitar. ...<sup>103</sup>

Landamerkjabréf Finnastaða var gert í nóvember 1883 og þinglesið 16. júní 1884. Þar segir:

Landamerki á milli Hjalla og Finnastaða eru að neðan talin og uppeftir í læk þann, sem rennur við túnið að norðan og uppá svonefnda Hjallabrekku, svo liggja merkin suður eftir brekkunni suður í læk þann, sem kallaður er Hamarslækur, síðan fylgja merkin læk þessum, sem rennur í smábugðum í fjallinu uppá svonefnda Viðrabrún, þar <er> uppspretta lækjarins. Eftir Viðrabrún þessari hefir verið talið að landamerki liggi suður í Finnastaðaá, og svo fylgi merkin ánni, sem hefir upptök sín undan sunnanverðum Kaldbak. Lengst eiga Finnastaðir land til fjalls í Þverdalsá, sem aðskilur landamerki, eða land á milli Gils í Fjörðum og Finnastaða, og austur í Trölladalsá, sem þá aðskilur land milli Finnastaða og Grenivíkur. Á þessi hefir upptök sín undan svonefndum Þrepskildi. Þrepskjöldur þessi er mjór melhryggur, og undan honum að innan eða vestan kemur á og heitir hún Grenjá, og aðskilur hún glögg land milli Grenivíkur og Finnastaða alla leið til sjávar.<sup>104</sup>

Undir bréfið skrifar J. Jónsson [á Munkaþverá] eigandi Finnastaða. Samþykkir voru: Oddur Ólafsson vegna Grenivíkur, G. Ólafsson [prestur í Höfða] vegna Gils í Fjörðum og Þorsteinn Jónasson og Halldór Jóhannesson vegna Hjalla.

<sup>98</sup> Skjal nr. 2 (208).

<sup>99</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. VI, 219).

<sup>100</sup> Skjal nr. 2 (226).

<sup>101</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 43.

<sup>102</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>103</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>104</sup> Skjal nr. 2 (8) a-b.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Finnastaða hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Finnastaði eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar snöggar, greiðfærar og fremur þurlendar. Slitróttar og fjarri. ...

Búfjárhagar: Sumarhagar víðlendir og góðir fyrir sauðfé, slæmir fyrir gripi. Vetrararbeit engin. Næðingasamt fremur. Snjóþungt. Landið kjarngott og fremur nærri. ... Ágangur af afréttarfé.<sup>105</sup>

Finnastaðir I hafa verið í eyði síðan árið 1968.<sup>106</sup> En tvíbýli hafði verið á Finnastöðum síðan árið 1918.<sup>107</sup>

## 5.8 Hjalli

Elsta heimild um Hjalla er í skrá um hálfkirkjur og bænhús frá því um 1461 en þar segir að bænhús sé á Hjalla.<sup>108</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Hjalla 30 hundruð að dýrleika og úthaga bjarglega.<sup>109</sup>

Lögfesta fyrir sjö hundruðum í jörðinni Hjalla var lesin upp á manntalsþingi á Grýtubakka 4. júní 1736. Inntaks lögfestunnar er hins vegar ekki getið.<sup>110</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Hjalli, sem er sjálfseignarjörð, er sagður 20 hundruð. Þar kemur einnig fram að skriður skemmi úthagann.<sup>111</sup>

Um Hjalla er m.a. þetta í jarðamatinu 1849-1850:

Hjalli áður talinn 20 hndr. að dýrleika. ... Engjaslægjur liggja á slitríngi, innanum bithaga, og gefa 80 hesta, af sæmilega góðu heyi. Búfjárhagar eru fremur litlir enn í meðallagi að kostum. ...<sup>112</sup>

Landamerkjabréf Hjalla var samið í janúar 1884 en þinglesið 16. júní 1884:

Að utan móts við Hringsdal, ræður frá sjó svonefndur Kleyfarlækur upp í Lýsishólatjörn, og svo beina línu í Grjótskálarnjúk, síðan beina sjónhendingu upp að Kaldbakshrauni.

Að sunnan ræður móts við Finnastaði frá sjó, svonefndur Menislækur upp á svokallaða Hjallabrekku, svo liggja merkin eftir brekkuröðinni suður í læk þann, sem kallaður er Hamarslækur, síðan fylgja merkin læk þessum, sem rennur í smábugðum í fjallinu upp á svonefnda Viðrabrún, þar er uppspretta lækjarins, síðan eftir Viðrabrún í suður í Finnastaðaá og svo fylgja merkin ánni, sem hefir upptök sín undan sunnanverðum Kaldbak.<sup>113</sup>

<sup>105</sup> Skjal nr 2 (61).

<sup>106</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 88.

<sup>107</sup> *Byggðir og bú. Aldarminning Búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum*, bls. 189.

<sup>108</sup> Skjal nr. 2 (201).

<sup>109</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 43-44.

<sup>110</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.10).

<sup>111</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>112</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>113</sup> Skjal nr. 2 (18) a-b.

Eigendur Hjalla, Þorsteinn Jónasson og Halldór Jóhannesson, skrifuðu undir bréfið. Það var samþykkt af: Kristjáni Kristjánssyni eiganda hálfes Hringsdals og Gísla Jónassyni umráðamanni hálfes Hringsdals og Jóni Jónssyni á Munkaþverá eiganda Finnastaða.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Hjalla hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Hjalla eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Beitland fremur kjarngott. Sumarheit sauðfjár góð. Slæmir gripahagar; skjólgott fremur. Snjó þungt og því lítil vetrarheit. ... Ágangur talinn af afréttarfé.<sup>114</sup>

Fólk mun ekki hafa verið til heimilis á Hjalla síðan upp úr 1980.<sup>115</sup>

## 5.9 Hringsdalur

Hringsdals finnst fyrst getið í skrá um hálfkirkjur og bænhús frá árinu 1461 vegna bænhúss þar.<sup>116</sup>

Jarðirnar Hringsdalur og Svínárnes voru settar í borgun vegna arfs í samningi frá 4. september 1482.<sup>117</sup>

Hringsdalur var seldur með Grýtubakka og Hlíðskógum/Hléskógum fyrir Ás í Kelduhverfi m.m. 14. júlí 1531.<sup>118</sup>

Hringsdalur var 20 hundruð að dýrleika að sögn Jarðabókar Árna og Páls frá 1712. Hvannatekja var þar lítil í ógönguklettum og úthagarnir fordjarfaðir af skriðum.<sup>119</sup>

Á manntalsþingi á Grýtubakka 4. júní 1736 var lesin upp lögfesta séra Geirs Markússonar fyrir Hringsdal, eignarjörð hans, með hennar tilteknum landamerkjum. Inntaks lögfestu er hins vegar ekki getið.<sup>120</sup>

Hringsdalur, sem er sjálfseignarjörð samkvæmt jarðamatinu 1804, er sagður 16 hundruð. Þar kemur einnig fram að skriður skemmi úthagann.<sup>121</sup>

Um Hringsdal segir m.a. í jarðamatinu 1849-1850:

Hringsdalur, að fornu talinn 15 hndr. að dýrleika. ... Engi liggur á slitríngi í bithaganum, fremur grýtt og snöggt, og gjefur 90 hesta af meðalhevi. Landrými sæmilegt, en þó talið létt til kosta, enn til vetrar beitar í betra lagi.

...

<sup>114</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>115</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 89.

<sup>116</sup> Skjal nr. 2 (201).

<sup>117</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. VI, 452-453).

<sup>118</sup> Skjal nr. 2 (220).

<sup>119</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 44-45.

<sup>120</sup> Skjal nr. 2 (A.6.14.).

<sup>121</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>122</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.



Landamerkjabréf Hringsdals er dagsett 3. janúar 1890 og þinglesið 17. júní sama ár. Þar segir:

Að utan móts við Svínárnes, ræður klettur eða drangi í fjörunni, sem kallaður er „Meri“ og beina línu í svokallaðan „Mosaklett“, þar langt upp undan upp við fjallsrætur og úr því beina línu á fjall upp. Að sunnan móts við „Hjalla“ ræður „Kleyfalækur“, er rennur úr syðri enda „Torfdalstjarnar“ ofan í sjó milli bæjanna, og aftur beina stefnu úr téðum tjarnarenda upp í miðjan „Grjótskálahnjúk“, sem er ofarlega í fjallinu, og þaðan beint á fjallsbrún upp.<sup>123</sup>

Bréfið er undirritað af Kristjáni Kristjánssyni og Oddi Þorsteinssyni. Samþykkt af: Þorsteini Jónassyni vegna Hjalla og J. V. Havsteen vegna Svínárness.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Hringsdals hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Hringsdal eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Gripahagar góðir. Beitlandið kjarngott til fjallsins, léttara niðrum. Snapasamt á vetrum. Smalamennska hæg. ... Ágangur nokkur af afréttarfé.<sup>124</sup>

Hringsdalur fór í eyði árið 1932 en jörðin var nytjuð frá Finnastöðum, t.d. voru þar fjárhús til ársins 1946.<sup>125</sup>

## 5.10 Svínárnes

Svínárnes er nefnt í samningi um arfaskipti 16. september 1463 samkvæmt vitnisburði 25. febrúar 1464.<sup>126</sup>

Bænhús var á Svínárnesi samkvæmt skrá um hálfkirkjur og bænhús árið 1461.<sup>127</sup>

Hálft Svínárnes er sagt 20 hundruð að dýrleika í skrá yfir jarðir, sem Jón biskup Arason fékk Hólastóli í skiptum fyrir aðrar, 1. september 1552.<sup>128</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Svínárnes 40 hundruð að dýrleika. Úthagar voru litlir og hrjóstrugir.<sup>129</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að helmingur Svínárness tilheyri hinum aflagða Hólastóli. Jörðin er sögð 30 hundruð.<sup>130</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir eftirfarandi um Svínárnes:

<sup>123</sup> Skjal nr. 2 (22) a-b.

<sup>124</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>125</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 100.

<sup>126</sup> Skjal nr. 2 (202).

<sup>127</sup> Skjal nr. 2 (201).

<sup>128</sup> Skjal nr. 2 (227).

<sup>129</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 45-46.

<sup>130</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

Svínárnes áður talin 40 hndr. að dýrleika. ... Engi er reitingslegt innanum bithaga, undirorpið grjóthruni og Snjóflóðum; og fást af því að meðaltali 140 hestar af léttu heyi. Búfjárhagar eru litlir, og léttir til málmytu. ...<sup>131</sup>

Landamerkjabréf Svínárness frá 10. október 1883 var þinglesið 16. júní 1884.

Þar segir:

Að utanverðu ræður til móts við Steindyr Marklækur, sem rennur í gili ofan úr fjalli og niður í sjó.

Að sunnan til móts við Hringsdal eru merki um klett þann eða dranga í fjörunni, sem Meri er kallaður, og þaðan beina línu uppí svokallaðan Svartaklett skammt fyrir neðan fjallsrætur, en síðan úr klettinum beint á fjall upp.<sup>132</sup>

Bréfið er gert af Sigurði Guðnasyni á Ljósavatni fyrir hönd Jóns Austmanns. Það er samþykkt af: Sigurði Stefánssyni á Steindyrum, Gísla Jónassyni á Svínárnesi og Kristjáni Kristjánssyni í Hringsdal.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Svínárness hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi er einnig fengið úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland sæmilega víðlent. Fremur kjarngott til fjallsins, léttara til sauðfjárbættar niðrum. Sumarhagar góðir fyrir hross, lakari fyrir kýr. Snjóþungt og næðingasamt. Vetrarþing því ekki.<sup>133</sup>

Í landi Svínárness var um aldamótin 1900 byggt grasbýlið Jaðar.<sup>134</sup> Það fór í eyði árið 1957 og Svínárnes árið 1959.<sup>135</sup>

## 5.11 Steindyr

Steindyr með gögnum og gæðum voru á meðal þeirra jarða sem Jón biskup Arason fékk í sinn hlut í jarðakaupum sem hann átti við Jón Magnússon 18. september 1532.<sup>136</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir dýrleika Steindyra 15 hundruð. Úthagar voru litlir og hrjóstrugir til fjallsins.<sup>137</sup>

Sjálfsseignarjörðin Steindyr er sögð 10 hundruð að dýrleika í jarðamatinu 1804.<sup>138</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir m.a. um Steindyr:

Steindyr, áður metin 10 hndr. að dýrleika. ... Búfjár hagar eru léttir og léttir til kosta, og litlir að víðáttu, og Útbeit léleg. ...<sup>139</sup>

<sup>131</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>132</sup> Skjal nr. 2 (40) a-b.

<sup>133</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>134</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 101.

<sup>135</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 95.

<sup>136</sup> Skjal nr. 2 (221).

<sup>137</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 46.

<sup>138</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>139</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Steindyra virðast ekki þinglesin og að þeirra sé ekki getið í lýsingu jarðarinnar. Í matinu eru m.a. eftirfarandi upplýsingar um jörðina:

Búfjárhagar. Fremur þrönglent. Sumarheit heldur létt fyrir allan fénað.  
Snjóþungt. Næðingasamt. Fjárgeymsla hæg.<sup>140</sup>

Ekkert landamerkjabréf hefur fundist fyrir Steindyr en eigandi jarðarinnar skrifaði undir landamerkjabréf jarðanna Skers og Svinárness.

Steindyr fóru í auðn árið 1930.<sup>141</sup>

## 5.12 Sker/Þernusker

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Höfðakirkja eigi þriðjung í reka á „þernuskier“<sup>142</sup>

Þernusker með öllum gögnum og gæðum var ásamt fleiri jörðum látið í makaskiptum 10. maí 1464 samkvæmt vitnisburði 23. janúar 1471.<sup>143</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Þernusker/Sker 12 hundruð að dýrleika með bjarglega úthaga.<sup>144</sup>

Á manntalsþingi á Grýtubakka 12. maí 1720 óskaði Þorlákur Benediktsson að sýslumaður gerði sér lög og rétt um þá tíund sem enn hafi ekki verið goldin til Grýtubakka af jörðinni Þernuskeri þann tíma sem jörðin stóð í eyði. Þorlákur krafði Sigfús Þorláksson, umboðsmann jarðarinnar, um tíundina í bréfi síðastliðið vor og framlagði bréf Sigfúsar frá 1718 þar sem hann lofaði að bæta tíundarrestinn. Sýslumaður sagði Sigfús skyldugan til þess að efna loforð sitt og gaf honum aðvörun þar að lútandi.<sup>145</sup>

Sjálfseignarjörðin Sker er sögð 12 hundruð í jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að á jörðinni sé silungsveiði sem svari arði af hálfri kú. Þá er sagt í matinu að skriður og snjóflóð séu á tún og úthaga.<sup>146</sup>

Lögfesta fyrir Skeri var lesin upp á manntalsþingi á Grýtubakka 15. maí 1813. Inntaks lögfestunnar er hins vegar ekki getið.<sup>147</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er eftirfarandi:

Skjer, með eyði kotinu Miðhúsum að fornu talið 22 hndr. að dýrleika – ...  
Búfjárhagar eru sæmilegir að kostum og landrymi; ...<sup>148</sup>

<sup>140</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>141</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 102.

<sup>142</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>143</sup> Skjal nr. 2 (203).

<sup>144</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 47-48.

<sup>145</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Þessi gerningur er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096, bl. 184r-185r.

<sup>146</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>147</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.39.).

<sup>148</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

Landamerkjabréfi Skers 22. ágúst 1883 var þinglýst 16. júní 1884. Í því segir:

At utan ræður Refsá, sem rennur eftir djúpu gili frá fjallsbrún til sjávar nokkuð nær Grímsnesi en Skeri.

En að sunnan ræður svokallað Syðra-Tungugil, sem liggur bent ofan fjallið ofan að láglendi og úr því gili beina línu í Nónbríkurnef, sem skjagar nokkuð fram í sjó, nokkru nær Steindyrum en Skeri.<sup>149</sup>

Undir bréfið rita: Gísli Jónasson, Svínárnesi, Sigurður Þórðarson eigandi að hálfu Skeri, Halldór Jóhannesson eigandi Grímsness og Sigurður Stefánsson eigandi Steindyra.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Skers hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Sker eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar grýttar hálfdeigjur á dreif um bithagann,

Búfjárhagar. Beitland sæmilegt, víðlent, og sumararbeit góð fyrir allan fénað. Vetrararbeit engin. Snjóþungt. ... Erfið fjárgeymsla.<sup>150</sup>

Sker mun hafa verið byggt til ársins 1927, þó var þar fólk í húsum 1930-1931.<sup>151</sup>

### 5.13 Grímsnes

Grímsnes er nefnt í vitnisburði, 7. september 1446, um jarðir, sem eigenmaður hafði fengið konu sinni 10. janúar 1445 í staðinn fyrir heimanfylgjujarðir sem hann hafði selt.<sup>152</sup>

Grímsnes var goldið upp í reikningsskap Grýtubakkakirkju, 14. júlí 1531.<sup>153</sup>

Í eignaskrá Hólastóls frá 25. desember 1550 kemur fram að Grímsnes, 12 hundruð að dýrleika, sé eign Hólastóls.<sup>154</sup> Stuttu síðar var þetta staðfest.<sup>155</sup>

Grímsness, 12 hundruð að dýrleika, er getið í kúgilda-, landskulda- og tíundaskrá Hólastóls, 25. desember 1550.<sup>156</sup> Þá er Grímsnes talið meðal jarða, sem Jón biskup Arason hafði fengið Hólastóli í stað jarða sem hann fargaði, í skýrslu 1. september 1552.<sup>157</sup>

Grímsnes var 10 hundruð að dýrleika samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1712. Úthagar voru sæmilega víðlendir og góðir.<sup>158</sup>

<sup>149</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

<sup>150</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>151</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 102.

<sup>152</sup> Skjal nr. 2 (195).

<sup>153</sup> Skjal nr. 2 (220).

<sup>154</sup> Skjal nr. 2 (223).

<sup>155</sup> Skjal nr. 2 (227).

<sup>156</sup> Skjal nr. 2 (223).

<sup>157</sup> Skjal nr. 2 (227).

<sup>158</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 48.

Umboðsmaður Hóladómkirkju bauð árangurslaust upp eyðijörðina Grímsnes á manntalsþingi á Grýtubakka 6. maí 1711. Í kjölfarið lögfesti hann jörðina en inntaks er ekki getið.<sup>159</sup>

Á manntalsþingi á Grýtubakka 17. maí 1794 klagði ábúandi stólsjarðarinnar Grímsness yfir því að nokkrir hreppsþúar leggi það í vana sinn að sleppa „afréttarlömbum“ sínum í leiguland sitt á Grímsnesi. Sumir bæðu um leyfi en aðrir gerðu það leyfislaust en ágangurinn valdi skaða bæði á túnnum og engjum. Af þessum orsökum bannaði hann opinberlega umræddan yfirgang og lambarekstur í land Grímsness og hótaði að reka lömbin úr landareign sinni.<sup>160</sup>

Grímsnes, sem tilheyrði hinum aflagða Hólastóli, er sagt 10 hundruð að dýrleika í jarðamatinu 1804.<sup>161</sup>

Um Grímsnes segir í jarðamatinu 1849-1850:

Grímsnes áður metið 10 hndr. að dýrleika. - ... Landrými er sæmilegt, og í betra lagi að gjæðum til málnytu og þrifa. Vetrar útbeit nokkur til lands og fjöru. ...<sup>162</sup>

Ódagsett landamerkjabréf Grímsness var þinglesið 16. júní 1884. Samkvæmt því eru landamerkin svohljóðandi:

Að sunnan móts við Sker ræður Refsá, er rennur eftir djúpu gili af fjallsbrún til fjöru.

Að utan móts við Látur ræður lítil lækjarseyra, sem kemur sunnarlega ofan úr svo kölluðum Eilífsárdal, skamt sunnan við Syðri-Eilífsá. Lækur þessi heitir Bolalækur og dregur hann nafn af hrygg þeim, er hann rennur ofan með að sunnan, yzt í svokallaðri Háubrekku. Lækjarseyra þessi rennur beint ofan, en hverfur fram í bjarginu.<sup>163</sup>

Bréfið er undirritað af Halldóri Jóhannessyni eiganda Grímsness, Jónasi Jónssyni (væntanlega eiganda Látra), Gísla Jónassyni ábúanda Skers og e.t.v. eiganda að hluta og Sigurði Þórðarsyni eiganda hálfis Skers. Tengingar Gísla og Sigurðar við Sker má sjá af því að þeir undirrituðu landamerkjabréf þess.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Grímsness hafi verið þinglesin 1884. Þar segir einnig um jörðina:

Búfjárhagar. Beitland víðlent og kjarngott. Gripahagar lélegir. Sumarheit fyrir sauðfé góð og skjólasamt. Snjóþungt mjög. Fjárgeymsla erfið.<sup>164</sup>

Grímsnes fór að fullu í eyði árið 1938.<sup>165</sup>

<sup>159</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.6.).

<sup>160</sup> Skjal nr. 2 (127) a-b.

<sup>161</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>162</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>163</sup> Skjal nr. 2 (13) a-b.

<sup>164</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>165</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 103.

## 5.14 Látur

Fyrri nafn á Láturum er Hvallátur sem kemur fyrir í ýmsum heimildum. Hvallátra er fyrst getið í Landnámabók, en Þormóður nam Grenivík og Hvallátur og Strönd alla (Látraströnd) út til Þorgeirsfjarðar.<sup>166</sup>

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 er minnst á að Höfðakirkja eigi áttung í öllum „Laatra reka“<sup>167</sup>. Í sama máldaga kemur fram að Laufáskirkja eigi reka í Hvallátrum.<sup>168</sup>

Í bréfi frá 24. febrúar 1391 kemur fram að jarðirnar Syðrilátur og Kaðalsstaðir séu seldar:

med ollum þeim vmmerkium. gognum oc gjædum sem biarne vard fremst eigandi at til fialls oc fioru [merkja er ekki getið í bréfinu]<sup>169</sup>

Þriðjungur í Ytrilátralandi og þvilíkt, sem væntanlegur eiginmaður átti í rekum móts við aðra menn og skrár vottuðu, var lagt í kaupmála einhvern tíma eftir 14. febrúar 1381, en síðari tímamörk eru óviss.<sup>170</sup>

Vikið er að rekum, sem að einhverju leyti virðast hafa verið fyrir Látralandi í máldagabroti, líklega frá 1522, sem lesið var á áreiðarþingi á Grýtubakka árið 1725. Máldagabrotið var fært inn í kirkjustól Grýtubakkakirkju á eftir biskupsvísitasíu árið 1828:

Þessar Rekar fylgia Grítubakka

... á Backi [þ.e. Þönglabakki] Reka frá Stapa og Austur ad Giögrum. I Hákonar wýkum, allann Reka frá Hrapadar-Giá og austur ad Gallta þridiungur Hvals og Vidar, allur Reki i Hóls wýkum i millum tveggia Lækia, Hvals og Vidar þridiungs partur Reka frá Torfdælu Læk um Botns-Sand, er þar og Skáli Skipstada og vervýst frá Hóli. under þetta hafa skrifad Paull Gudbrandsson Gisli Jónsson Hallur Ólafsson

upplesid og Protocolled fyrir Rettinum a Gritubacka, settu áreidar þingi Laugardagenn 2 Jun. 1725. testerar Benedix Thorsteinsson. ...<sup>171</sup>

Sjá að öðru leyti kaflann um Grýtubakka í þessari greinargerð.

Jörðin Látur með öllum rekum, fyrir 20 hundruð, var lögð í kaupmála 30. ágúst 1551 samkvæmt vitnisburði 4. september sama ár.<sup>172</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir nafn jarðarinnar Hvallátur eða Sellátur en kallist almennilega Látur og dýrleika 20 hundruð. Rekavon

<sup>166</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 272.

<sup>167</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>168</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>169</sup> Skjal nr. 2 (188).

<sup>170</sup> Skjal nr. 2 (193).

<sup>171</sup> Skjal nr. 2 (179) a-b.

<sup>172</sup> Skjal nr. 2 (225).

var í meðallagi, úthagar graslitlir fyrir stórgripi en heilnæmir meðan þeim náði. Verstöður þrjár litlar voru út með sjónum og lending við hverja þeirra.<sup>173</sup>

Sýslumaður lögfesti Látur á Látraströnd fyrir hönd Magnúsar Björnssonar á manntalsþingi að Grýtubakka 28. apríl 1707. Inntaks lögfestunnar er hins vegar ekki getið.<sup>174</sup> Lögfesta fyrir jörðinni Látrum var einnig lesin upp á manntalsþingi á Grýtubakka 18. maí 1797. Inntaks lögfestunnar er heldur ekki getið.<sup>175</sup>

Sjálfs eignarjörðin Látur er sögð 20 hundruð í jarðamatinu 1804. Einnig kemur fram að skriður ógni úthaga.<sup>176</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1849-1850 var Látur:

áður talin 20 hndr. að dýrleika. ... Landrými er þar nægilegt, og í betralagi að gjæðum, enn vetrarútbeit engin, að undantekinni fjöru. ...<sup>177</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Látra virðast ekki þinglesin og að ekki sé minnst á þau í lýsingu jarðarinnar. Eftirfarandi upplýsingar um Látra eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Beitland víðlent, og sumarbeit ágæt fyrir allan fénað. Vetrararbeit engin sökum snjóþyngsla. Fjárgeymsla erfið.<sup>178</sup>

Landamerkjalyking, samkvæmt landamerkjalogum, virðist ekki vera til fyrir Látur. En Jónas Jónsson á Látrum skrifaði undir landamerkjabréf jarðanna Keflavíkur og Grímsness.

Grýtubakkahreppur eignaðist Látur samkvæmt uppboðsafsali 23. janúar 1973.<sup>179</sup>

Landamerkjabréf var gert fyrir Látur 2. apríl 2007. Þá var Grýtubakkahreppur orðinn eigandi að aðliggjandi jörðum og skjalið virðist gert á skrifstofu hreppsins:

Að vestan á móti Keflavík ræður lína úr Kerlingu, sem er klettadrangur í Gjögrovogi vestan undir Gjögurtá, og beina stefnu á Gjögurtopp, þaðan ráða fjallseggjar í Uxaskarð og þaðan áfram liggja merki á móti Hóli í Þorgeirsfirði eftir fjallseggjum allt suður ofan að rötum Eilífsárdals. Þar ræður merkjum á móti Grímsnesi, lækjarseyra er heitir Bolalækur og kemur sunnarlega ofan úr Eilífsárdal, skammt sunnan við syðri-Eilífsá. Dregur lækurinn nafn sitt af hrygg þeim er hann rennur ofan með að sunnan, yst í svokallaðri Háubrekku. Merkin fylgja læk þessum þar til hann hverfur fram af bjarginu. Að vestan ræður sjórinn.

Samþykkt fyrir aðliggjandi jarðir; Keflavík, Hól, Þönglabakka og Grímsnes.<sup>180</sup>

<sup>173</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 49.

<sup>174</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.2.).

<sup>175</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.22.).

<sup>176</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>177</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>178</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>179</sup> Skjal nr. 24 (3).

<sup>180</sup> Skjal nr. 24 (4).

Samkvæmt því sem Jón Sigurðsson segir í sýslulýsingu sinni nær Látraland um Eilífsdal og Fossárdal og undirlendið frá Látraskerjum að Gjögrafjali. Strandlengjan muni vera um 13 km. Klettar Gjögrafjalls gangi fram að sjó nyrst í Látralandi. Látrar fóru í eyði árið 1937, byggðust aftur 1940-1942 og eyddust þá endanlega.<sup>181</sup>

### 5.15 Keflavík

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 er sagt að Laufáskirkja eigi hluta í hvalreka í Keflavík.<sup>182</sup> Samkvæmt sama máldaga á Þönglabakkakirkja hluta af tíund í rekahvölum í Keflavík.<sup>183</sup>

Keflavík er talin meðal eyðingarða Möðruvallaklausturs 6. nóvember 1447.<sup>184</sup>

Bent skal á að í máldaga Þönglabakkakirkju, sem er í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510, segir að kirkjan eigi:

af rekum øgmundar sueinssonar. þeim sem erv milli reynisnes oc seminggarvikr. vætt spiks af tuitogum hual oc meira.<sup>185</sup>

Síðan er talið upp það sem kirkjan á í sama rekatakmarki af hvalrekum Þórðar úr Laufási og Orms Ögmundarsonar. Reynisnes var landnámstakmark Helga magra að austan samkvæmt Landnámu. Jakob Benediktsson segir vafalaust að Reynisnes sé sama og Gjögurtá.<sup>186</sup> Valgarður Egilsson segir að Gjögurinn (sem er hið sama og Gjögurtá) virðist vera það Reynisnes, sem Landnáma nefnir, en Senningarvík segir Valgarður nefnda í fornum skjölum og þá til vestast í Víkurlandi. Nafnið óþekkt nú.<sup>187</sup>

Eftirfarandi kemur fram í biskupsvísitásiu Laufáskirkju 4. ágúst 1694:

Þetta á kyrkian I Rekum ... þridiung alls reka og flutningar i KieflaVýk 10 Wætta afreidsla af tvytugum Hual edur ef á er 1 hndr. Wættir edur meir ...<sup>188</sup>

Keflavík var 10 hundruð að dýrleika að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, úthagar bæði litlir og mestan part í hrjóstur komnir af skriðum og grjóthruni.<sup>189</sup>

Lárus Scheving sýslumaður bauð árangurslaust upp klausturpart Keflavíkur á manntalsþingi á Hálsi 5. maí 1706 og lögfesti jörðina. Sama lögfesta var lesin á manntalsþingi á Grýtubakka degi síðar. Í hvorugt skiptið var inntaks getið.<sup>190</sup>

<sup>181</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 103-104.

<sup>182</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>183</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>184</sup> Skjal nr. 2 (196).

<sup>185</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>186</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 252, nm.

<sup>187</sup> Valgarður Egilsson: *Í strandbyggðum norðan lands og vestan*, bls. 151 og 189.

<sup>188</sup> Skjal nr. 2 (108) a-b.

<sup>189</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 51-52.

<sup>190</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.1.).



Á manntalsþingi á Grýtubakka 19. maí 1719 var auglýst lögfesta og uppboð monsjör Jóns Jónssonar m.a. fyrir eyðijörðinni Keflavík. Inntaks lögfestu er ekki getið en fram kemur að hún hafi verið uppáskrifuð.<sup>191</sup>

Möðruvallaklaustursjörðin Keflavík er sögð 10 hundruð að dýrleika í jarðamatinu 1804. Þar er sagt að skriður falli á úthaga.<sup>192</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir m.a. um Keflavík:

Keflavík áður talin 10 hndr. að dýrleika. ... Nóg er landrými, og landsnytjar góðar til málnytu og þrifa; ...<sup>193</sup>

Landamerkjabréf Keflavíkur er dagsett 16. janúar 1890 og var þinglesið 17. júní sama ár. Sökum þess að frumbréfið hefur varðveist verður það birt hér í stað uppskriftarinnar í landamerkjabókinni. Um landamerkin segir:

Að norðan ræður sjórin.

Að austan milli Botns ræður Hnjáfjallsegg, en þegar hún þrítur þá bein lína ofan í Hrapaðargjá, sem er skora niður úr Katlinum, er liggur norðaustan í Hnjáfjallinu.

Að vestan úr Kellingu og beina stefnu á Gjögurtopp.

Að sunnan ræður Uxaskarð.<sup>194</sup>

Stephan Stephensen skrifaði undir bréfið og samþykkti það vegna Botns sem einnig var landssjóðsjörð. Jónas Jónsson á Látrum skrifar einnig undir bréfið.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Keflavíkur hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Keflavík eru einnig í matinu:

Jörðin hefir verið í eyði um mörg ár. ... Beitland er all viðlent. Kjarngott og viðfeldið fyrir allar skepnur. ... Fjárgeymsla heldur erfið. ... Landið er notað sem afrétt.<sup>195</sup>

Í skjalasafni Stjórnaráðs Íslands er að finna tvö bréf frá Pétri Jónssyni umboðsmanni Norðursýslumboðs. Hið fyrra, frá 23. ágúst 1906, greinir frá því að jörðin Keflavík hafi farið í eyði í kjölfar mikils grjótfoks á túnið og ekki hafi tekist að fá ábúanda á þessa afskekktu jörð. Í svarbréfi sínu ráðleggur Stjórnarráðið Pétri að bjóða jörðina til leigu, án endurgjalds fyrstu tvö árin. Í seinna bréfinu, frá 4. september 1907, segir Pétur að ráð þetta hafi ekki virkað og leggur til að landið sé selt á leigu sem „afréttarland“ og féllst Stjórnarráðið á það.<sup>196</sup>

<sup>191</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Lögfesta þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096, bl. 172r-175r.

<sup>192</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>193</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>194</sup> Skjal nr. 2 (53). Sá, sem afritaði frumbréfið í landamerkjabókina, hefur gert slæma villu sem er: “Að austan úr Kellingu ...” en í frumbréfinu stendur: “Að vestan úr Kellingu ...”, enda er þegar búið að geta hver landamerkin að austan eru.

<sup>195</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>196</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.11. án nr.).

Jón Sigurðsson segir í sýslulýsingu sinni byggð í Keflavík aldrei hafa fallið niður 1790-1907 en þá fór jörðin algerlega í eyði.<sup>197</sup>

Landbúnaðarráðherra seldi Grýtubakkahreppi jörðina Keflavík „með öllum þeim gögnum og gæðum, sem henni fylgja og fylgja ber“, 8. desember 1967.<sup>198</sup>

## 5.16 Hóll

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 er minnst á að vætt sé goldin af Hólslandi til Þönglabakkakirkju.<sup>199</sup> Hið sama er einnig sagt í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510.<sup>200</sup>

Hóll er sagður gömul eign Grýtubakkakirkju við skipti á Grýtubakka m.m. og Ási í Kelduhverfi m.m., 14. júlí 1531.<sup>201</sup>

Jón biskup Arason gaf Sigurði syni sínum Hól árið 1533 ásamt fleiri jörðum.<sup>202</sup>

Hóls í Fjörðum, 20 hundruð að dýrleika, er getið í kúgilda-, landskulda- og tíundaskrá Hólastóls, 25. desember 1550.<sup>203</sup> Hóll er talinn meðal jarða, sem Jón biskup Arason hafði fengið Hólastóli í stað jarða sem hann fargaði, í skýrslu 1. september 1552.<sup>204</sup>

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 var dýrleiki Hóls 10 hundruð, grasatekja lítil en úthagar nægir.<sup>205</sup>

Hóll í Fjörðum, sem tilheyrir hinum aflagða Hólastóli, er sagður 10 hundruð að dýrleika í jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að landbrot og skriðuföll ógni úthaga.<sup>206</sup> Hins vegar segir jarðmatið 1849-1850 Hól áður talinn 12 hundruð að dýrleika. Þar segir einnig:

Engi liggur á slitríngi og í bithaga, á blautu og þurru, gjefur 130 hesta af ljettings heyi Hér er landrými nóg og gott undir bú. Ókostir eru: að landið liggur undir skjemum, af grjóthruni, og Snjóflóðum; ...<sup>207</sup>

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Hóls hafi verið þinglesin 1890 (þetta er rangt, þau eiga við Hól í Höfðahverfi). Í kaflanum um Hól í matinu stendur einnig:

Engjar greiðfærar, snögglendar, þurrar og á dreif innan um bithagann, heldur langsóktar og engjavegur slæmur. ...

<sup>197</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 104-105.

<sup>198</sup> Skjal nr. 21 (3).

<sup>199</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>200</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>201</sup> Skjal nr. 2 (220).

<sup>202</sup> Skjal nr. 2 (222).

<sup>203</sup> Skjal nr. 2 (223).

<sup>204</sup> Skjal nr. 2 (227).

<sup>205</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 53.

<sup>206</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>207</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

Búfjárhagar: Beitland víðlent og kjarngott. Sumarheit góð fyrir allan fénað.  
Afar snjóþungt og engin vetrarheit. ... Ágangur af afréttarfé.<sup>208</sup>

Engin landamerkjalyásing fyrir jörðina Hól hefur fundist. Í efnisyfirliti landamerkjabókar Þingeyjarsýslu er tilvísun til lýsingar en hún á við Hól í Höfðahverfi.

J. Jónsson skrifar undir landamerkjalyásingu Þönglabakka 1889 fyrir Hól og Þ. Jónsson eigandi Hóls í Fjörðum skrifar undir landamerkjalyásingu Botns árið 1890.

Um Hól segir Jón Sigurðsson í Yztafelli í sýslulýsingu sinni að hann eigi mikið land inn dalinn að vestan, að Þverá innan við Hraunfjall; jörðin hafi farið í eyði árið 1928.<sup>209</sup>

Jörðin Hóll í Fjörðum var seld Grýtubakkahreppi 7. nóvember 1940:

með gögnum og gæðum og viðurkendum landamerkjum, húsalausri eins og hún nú er fyrir kr. 300,00.<sup>210</sup>

Ekki er ljóst hvað við er átt með „viðurkendum landamerkjum“ því að eins og áður segir hefur ekkert þinglesið landamerkjabréf fyrir Hól komið fram.

### 5.17 Þönglabakki

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Þönglabakkakirkja eigi allt heimaland.<sup>211</sup>

Espihólsrekaskrá nefnir ós hinn forna fyrir Þönglabakka, 24. febrúar 1391.<sup>212</sup>

Samkvæmt máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar, frá 1461 til 1510, á Þönglabakkakirkja allt heimaland.<sup>213</sup>

Í Sigurðarregistri, en eldri hluti þess er frá 1525, er Þönglabakki talinn meðal eigna Hólastaðar.<sup>214</sup>

Bakka í Fjörðum er getið í kúgilda-, landskulda- og tíundaskrá Hólastóls, 25. desember 1550.<sup>215</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir dýrleika Þönglabakka meinast að hafa verið 12 hundruð. Á dögum Guðbrands biskups Þorlákssonar hafi Þönglabakki orðið beneficium og staðurinn ekki tíundast síðan. Grasatekja var mjög lítil en úthagarnir nægir.<sup>216</sup>

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi á árunum 1724 og 1725 segir um Þönglabakka:

<sup>208</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>209</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 105.

<sup>210</sup> Skjal nr. 17 (4).

<sup>211</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>212</sup> Skjöl nr. 2 (189) og nr. 2 (224).

<sup>213</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>214</sup> Skjal nr. 2 (215).

<sup>215</sup> Skjal nr. 2 (223).

<sup>216</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 53-54.

Prestagarðurenn hefur miög lítenn heiskap ... landkoste Vetur og Sumar j Medallage.<sup>217</sup>

Prófastur vísiteraði Þönglabakka þann 19. september 1735. Í vísitásiunni eru þessar upplýsingar um skjöl kirkjunnar:

Ein lögfesta Sigurðar Prests Gunnlaugssonar, upplest ad Þaunglabacha 1633. d. 8 Junij, Vidkomande Reka og landeign Þaungla bacha Kyrkiu. Enn 3iar Lögfestur, Prestsens Sr. Gudmundar Thorlakssonar, sama innehalds; hin fyrsta Dat. 1706. d. 27. Junij. Önnur 1727. d. 22 Junii. Þridia 1730. d. 13 Maj. upplest vid Rettenn ad Glæsebæ, og af Sýsslumannenumm þess herads, Seigr. Jone Jonssine uppaskrifud. ...<sup>218</sup>

Prófastur vísiteraði aftur á Þönglabakka þann 23. ágúst 1739. Í vísitásiunni segir m.a. um skjöl staðarins:

Máldaga Copia á Pappír fylger & Kyrkiunne Sem vera Skal útskrifud af Visitatiubók Olafs Biskups Hialltonar, uppaskrifud og vidimerud af 9 Prestum i Sýnodo generali ad Flugmýri 1697.<sup>219</sup>

Til er landamerkjalyfing Þönglabakka sem líklega er skrifuð um 1748 þegar almennt var farið að færa og varðveita gögn kirkjustólanna. Þar stendur:

Nuverande haattalag Þaunglabacka Kyrkiu Landeignar, epter sem ad fornu og enn hefur vered; samt annars þess er henne og Beneficio tilheyrer.

1° Takmörk Kyrkiulandsens.

Frä aarós hinum forna, nær hün rann avstann under daudz manns skaala j Þorgeyrsfyrd, og so um kring allt austur i læk þann er rennur ut ur vatnenu ä Þorgeyrs höfda, þadann riettlýnis sudur j hrossastein, og so beinleidis avstann j lút, allann Backadal austann framm aarennar, sem hun hefur ad fornu runned – Sömuleidis öll midmundafiöll ad austann, allt framann frä Jökklum & ut ad Þveraa.<sup>220</sup>

Lögfesta séra Eiríks Þorleifssonar fyrir eignum og ítökum Þönglabakkakirkju var lesin upp á manntalsþingi á Húsavík 30. maí 1808. Inntaks lögfestunnar er ekki getið.<sup>221</sup> Einnig var lesin lögfesta fyrir Þönglabakka beneficio á manntalsþingi á Grýtubakka 9. maí 1812. Inntaks lögfestunnar er heldur ekki getið.<sup>222</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að dýrleiki prestssetursins Þönglabakka sé óviss.<sup>223</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er hins vegar nefnt fornt mat. Þar er jörðinni lýst svo:

<sup>217</sup> Skjal nr. 2 (233) a-b.

<sup>218</sup> Skjal nr. 2 (236) a-b.

<sup>219</sup> Skjal nr. 2 (242) a-b.

<sup>220</sup> Skjal nr. 2 (182) a-b.

<sup>221</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.32.).

<sup>222</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.37.).

<sup>223</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

Þaunglabakki með Háagérði að fornu talinn 12 hndr. ad dýrleika ... Engi jarða þessara liggur sum part á slitringi, og í bithaga, og gjefur 90 hesta af léttings heyi. Landrými er hér mikið og í betra lagi að kostum; vetrar útbeit allgóð til fjalls og fjöru - ...<sup>224</sup>

Landamerkjabréf Þönglabakka er dagsett 16. desember 1889 en því var þinglýst 17. júní 1890. Í bréfinu stendur:

Að austan ræður merkjum lækjardrag, sem liggur úr vatninu upp á há Þorgeirshöfða norðaustur ofan í Breiðuvík austanverða, úr áður nefndu lækjardragi, þar sem það fellur úr vatninu á Þorgeirshöfða, ræður bein lína í Hrossastein, sem er á hálsinum, skammt fyrir sunnan startjörn og skal vörðu hlaða á honum til glöggvunar. Úr Hrossasteini ræður ennfremur bein lína á Háuhraun austan í Lút og svo á fjöll upp; síðan ráða fjallseggjar umhverfis Þönglabakkadal að suðaustan, sunnan og suðvestan allt á Dýahnjúk, þá ræður merkjum, lína ofan Dýahrygg ofan að Þverá, sem þá ræður, þar til hún fellur í Fjarðará. Að vestan ræður síðan Fjarðaráin allt í árkrókinn fyrir sunnan Botnsgranda úr Kroknum síðan bein lína til sjáfar yfir Stúfinn og er á honum hlaðinn varða eða dys með hvalbeinslið innani. Að norðan liggur sjórinn ...<sup>225</sup>

Undir bréfið skrifar Árni Jóhannesson prestur á Þönglabakka. Það var samþykkt af J. Jónssyni vegna Hóls, Stephan Stephensen vegna landssjóðsjarðarinnar Botns, G. Ólafssyni [presti í Höfða] vegna Brekku og Birni Björnssyni vegna Arnareyrar.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki kirkjujarðarinnar Þönglabakka hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Þönglabakka eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Beitland víðlent og gott. Kjarnaland, skjólalaust og snjólétt fremur. Vetrararbeit nokkuð frá, fjárgeymsla hæg. ... Ágangur af afréttarfé. ... Landamerki eru óglögg og ágreiningur hefir orðið út af þeim.<sup>226</sup>

Þönglabakki fór í auðn árið 1944.<sup>227</sup> Ekki hafa verið lögð fram skjöl varðandi kaup Grýtubakkahrepps á jörðinni en hún er talin eign hreppsins.

## 5.18 Þverá

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Höfðakirkja eigi:

hialond. ... þuerärland.<sup>228</sup>

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394<sup>229</sup> og máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510.<sup>230</sup>

<sup>224</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>225</sup> Skjal nr. 2 (49).

<sup>226</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>227</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 106.

<sup>228</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>229</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>230</sup> Skjal nr. 2 (197).

Í skrá séra Magnúsar Ólafssonar í Laufási frá 1635 er vikið að landamerkjum Laufáskirkjujarðarinnar Kussungsstaða með eftirfarandi hætti:

Hver ad sieu þau rettu endi mork Kursveinstada lands j Hvalvatnsfyrd, sem nu kallast almennt Kussungstader og Mældagarner ánefna, giöra þeir ecke uppskätt edur önnur þau skilrýke Sem nockud áhrære eignarhalld þessarar Kyrkiu, Samt er það gamallra manna alræme, ad þessare landeign Sunnan til råde gilsklifslækur er fellur allt ur fialle ofann i fiarda ana, enn ad utann verdu milli Kussungstada og Þverär, rædur ad nedann Silungalækur fyrer sunnan Þverá, en frá hanns upp tókum Þverä til Jökla, og innann þessara takmarka hafa leigulidar á tiedu býle nýtt sier og brükad landed madur epter mann, og eingenn það liost er orded þá brükun ad lögum áfrýad.<sup>231</sup>

Fram kemur í biskupavísitasíum Höfðakirkju á árunum 1694 og 1715 að Þverárland sé eitt af heimalöndum kirkjunnar.<sup>232</sup> Sama stendur í biskupsvísitasíu Höfðakirkju árið 1748 en þar er nefnt að annað nafn á Þverárlandi sé Þilárland.<sup>233</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns stendur í kaflanum um kirkjustaðinn Höfða:

Kolgerði skamt fyrir ofan Grýtubakka, Brekka í Hvalvatnsfirði, Tundraстаðir í sama firði, Þverárland, og í sama firði, og Gil, í eyði margt ár. Þessi fimm býli eru kölluð heimaland staðarins eður kirkjunnar, og skrifast sjerhvört þeirra í því plássi og þeirri röð, sem þau liggja, með því þau eru so fjarri heimastaðnum.<sup>234</sup>

Jarðabók Árna og Páls segir í umfjöllun um Þverá jörðina kallaða heimaland Höfðastaðar og dýrleikann því óvissan. Úthagarnir voru góðir og miklir.<sup>235</sup>

Um eignir Höfðakirkju segir í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724:

Logbyle gardsens eru hier eingenn, Enn af Byle edur heima lönd heita So ...

Þveraa Landskulld 40 [al.]<sup>236</sup>

Í skýrslu sem tekin var árið 1726 um fjárhagsstöðu kirkna í Þingeyjarsýslu árið 1724 segir að Höfðakirkja eigi enga lögbýlisjörð en heimalönd, stundum byggð, stundum óbyggð langsamlega, teljist ekki.<sup>237</sup>

Prófastsvísitasía í Höfða árið 1753 segir að Þverá sé hjáleiga Höfða.<sup>238</sup>

<sup>231</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b.

<sup>232</sup> Skjöl nr. 2 (110) a-b og nr. 2 (114) a-b.

<sup>233</sup> Skjal nr. 2 (117) a-b.

<sup>234</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 35.

<sup>235</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 57.

<sup>236</sup> Skjal nr. 2 (237) a-b.

<sup>237</sup> Skjal nr. 2 (234) a-b.

<sup>238</sup> Skjal nr. 2 (174) a-b.

Varðveittur er vitnisburður Guðmundar Jónssonar frá 2. september 1747 um andsvör Vigdísar Grímsdóttur um landamerki Kussungsstaða og Þverár. Þar segir hún að mismunandi landamerki hafi verið haldin en einkum hafi verið meint að Kussungsstaðir:

... ættu í Silunga lækenn utepter. Enn í gilsKlif frammeptir og það er hennar meining að þessu meige ohætt halda under fyrr nefnda Kussungsstade.<sup>239</sup>

Meira sagðist Vigdís ekki vita um landamerkin.

Í vísitásiu Laufáskirkju frá 1760 eru talin upp skjöl sem tilheyra kirkjunni og Laufásbæ. Þar á meðal er vitnisburður um landamerki Kussungsstaða og Þverár.<sup>240</sup>

Kussungsstaðir voru lögfestir til tiltekinna takmarka m.a. gagnvart Þverá af séra Jóni Egilssyni 17. júlí 1776 og vísast til kaflans um Kussungsstaði hvað það varðar.<sup>241</sup>

Við afhendingu Höfða árið 1804 var Þverá sögð heimaland staðarins.<sup>242</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Þverá teljist meðal hjáleigna Höfða í Höfðahverfi og að hún talin sögð 10 hundruð að dýrleika. Tún og úthagi jarðarinnar liggja undir skemmdum vegna landbrots.<sup>243</sup>

Jarðamatið 1849-1850 segir Þverá áður talda 10 hundruð að dýrleika. Þar segir einnig:

Land er bæði að kostum og víðáttu í betralagi, en vetrar útbeit lítill. ...<sup>244</sup>

Landamerkjabréf fyrir Þverá er dagsett 1. júní 1886 og því þinglýst 17. júní 1890. Þar kemur fram:

Að sunnanverðu til móts við Kussungsstaðaland ræður áin, sem kemur framan Þverárdal og rennur fram úr djúpu klettagili, hvaðan tekin er bein stefna mitt á milli Arnarhóls Kussungsstaðamegin og Þverárinnar að utan verðu, eftir tveim hlöðnum vörðum, sem bera hver í aðra austur í austasta farveg Fjarðarárinnar, sem aðgreinir Kaðalsstaða og Þverár lönd að austanverðu, þangað til merkin milli Þverár og Tindriðastaða taka við að utan, sem í beinni línu skifta svo nefndri Slöpp [upphaflega virðist hafa verið skrifað, Klöpp], fyrst með skurði frá austuránni og síðan smá vörðum austur í Stekkjarlæk, sem takmarkar Tindriðastaða og Þverárlönd, og beint vestur og upp á Ytri-Bollafjallsöxl, en fjallseggin ræður að vestanverðu.<sup>245</sup>

G. Ólafsson (prestur í Höfða) skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Magnúsi Jónssyni Laufáspresti hvað varðaði Laufáskirkjujörðina

<sup>239</sup> Skjal nr. 2 (83) a-b. Í manntalinu 1703 er kona að nafni Vigdís Grímsdóttir (fædd um 1671) bústýra á Kussungsstöðum, sbr. Manntal á Íslandi árið 1703, bls. 350.

<sup>240</sup> Skjal nr. 2 (121) a-b.

<sup>241</sup> Skjal nr. 2 (84) a-b.

<sup>242</sup> Skjal nr. 2 (176) a-b.

<sup>243</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>244</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>245</sup> Skjal nr. 2 (48) a-b.

Kussungsstaði, Árna Jóhannessyni presti á Þönglabakka (vegna Þönglabakka) og Matthíasi Jochumssyni fyrir hönd Kaðalsstaða.

Virðing á eyðijörðinni Þverá í Hvalvatnsfirði fór fram 22. maí 1915 vegna fyrirhugaðrar sölu. Þar kemur m.a. fram að jörðin hafi legið í eyði í tvö ár vegna þess að ekki hafi verið hægt að fá ábúanda á hana. Síðastliðin tvö ár hafi séra Árni Jóhannesson í Höfða slegið túnið og eitthvað af útenginu. Túnið, sem liggur með fram ánni sem rennur eftir Hvalvatnsfirði, er sagt grasgefið, hins vegar sé heyskapur reitingssamari til fjallsins enda mest finnugar sem erfitt er að vinna. Á vetrum er afar snjóþungt á Þverá og útbeit því lítil sem engin en á sumrum er landið þar gott líkt og annarsstaðar í Fjörðum. Þverá var seld séra Árna Jóhannessyni og er afsal Stjórnarráðsins dagsett 2. maí 1916.<sup>246</sup>

Fasteignamat 1916-1918 segir búfjárhaga á Þverá víðlenda og sumarheit ágæta handa öllum fénaði. Ágangur sé af afreittarfé.<sup>247</sup>

Þverá fór í eyði árið 1913.<sup>248</sup>

## 5.19 Kussungsstaðir

Í máldagagögum Auðunar rauða Þorbergssonar biskups frá 1318 kemur fram að Laufáskirkja eigi:

Land á kursveinsstodum meður riettum Endemorkum<sup>249</sup>

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulásssonar frá 1394,<sup>250</sup> máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510<sup>251</sup> og í Sigurðarregistri en eldri hluti þess er frá 1525.<sup>252</sup>

Minnst er á að Laufáskirkja eigi land á „Kurtsveinsstodum“ í umfjöllun um kirkjuna í vísitásiubók Þorláks Skúlasonar 1631.<sup>253</sup> Eignarhalds Laufáskirkju á Kussungsstöðum er einnig getið í vísitasíum kirkjunnar frá árunum 1686<sup>254</sup>, 1687 (þá er talað um land á „kurtsueinstöðum með riettum endimörkum“)<sup>255</sup>, 1694<sup>256</sup> og 1715.<sup>257</sup>

Kúsveinsstaðir (Kurtsveinsstaðir) eru taldir kirkjujörð og sagðir byggðir úr landi Laufáskirkju í vísitasíu Björns biskups Þorleifssonar 1. maí 1701.<sup>258</sup>

<sup>246</sup> Skjal nr. 2 (137).

<sup>247</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>248</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 109.

<sup>249</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>250</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>251</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>252</sup> Skjal nr. 2 (219).

<sup>253</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b.

<sup>254</sup> Skjal nr. 2 (104) a-b.

<sup>255</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b.

<sup>256</sup> Skjal nr. 2 (108) a-b.

<sup>257</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b.

<sup>258</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b.



Markús Geirsson prestur í Laufási lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar 22. apríl 1678, m.a. Kúsveinsstaðaland með sínum réttu endimörkum, sem voru þó ekki tilgreind, til móts við þá sem ættu þar á móti. Lögfestan var lesin samdægurs á manntalsþingi á Grýtubakka en var einnig lesin við Laufáskirkju fyrsta sunnudag eftir trinitatis 1681, á sama stað 18. júní 1682 og loks aftur á manntalsþingi á Grýtubakka 30. apríl 1710.<sup>259</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Kussungsstaði haldna heimaland Laufásstaðar (fullyrt í lýsingu Laufáss), hafa því aldrei tíundast og dýrleika óvissan. Jörðin hafði þá verið í eyði í tvö ár. Grasatekja var lítil og úthagar nægir.<sup>260</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724 eru Kussungsstaðir „bigt kot“ sagðir afbýli Laufáss með 40 álna landskuld.<sup>261</sup>

„Kusveinstader“ eru taldir meðal heimalanda Laufáskirkju við prófastsvisitasíu árið 1735.<sup>262</sup>

Í skrá yfir eignir Laufáskirkju eftir úttekt 1738 er vikið að kirkjijörðum, þ.á m. Kussungsstöðum og landamerkjum þeirra eins og sjá má af eftirfarandi:

Kurtseinstada kot vti fiordum huorz dýrleik ec eckj veit þar á at vera med ii ½ kúg. ef þau nü lifa veit ec ecke þar af eru golldnar xl alner, þegar það er bygt.

...

Hver ad sieu þau rettu endi mork Kursveinstada lands j Hvalvatnsfyrde, sem nu kallast almennt Kussungstader og Mäldagarner ánefna, giöra þeir ecke uppskätt edur önnur þau skilrýke Sem nockud áhrære eignarhalld þessarar Kyrkiu, Samt er það gamallra manna alræme, ad þessare landeign Sunnan til råde gilsklifslækur er fellur allt ur fialle ofann i fiarda ana, enn ad utann verdu milli Kussungstada og Þverár, rædur ad nedann Silungalækur fyrer sunnan Þverá, en frá hanns upp tökum Þverá til Jökla, og innann þessara takmarka hafa leigulidar á tiedu býle nýtt sier og brúkad landed madur epter mann, og eingenn það liost er orded þá brúkun ad lögum äfrýad.<sup>263</sup>

Varðveittur er vitnisburður Guðmundar Jónssonar frá 2. september 1747 um andsvör Vigdísar Grímsdóttur um landamerki Kussungsstaða og Þverár. Þar segir hún að mismunandi landamerki hafi verið haldin en einkum hafi verið meint að Kussungsstaðir:

<sup>259</sup> Skjal nr. 2 (69) a-b. Það sama kemur fram í lögfestu séra Geirs Magnússonar sem lesin var upp á manntalsþingi á Grýtubakka 6. maí 1713. Sá lestur var endurtekinn á sama stað 20. maí 1726, 26. maí 1727, 20. maí 1729, 7. júní 1732, 4. júní 1736 og einnig við Laufáskirkju 20. maí 1729, sbr. skjal nr. 2 (71) a-b.

<sup>260</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 25 og 57.

<sup>261</sup> Skjal nr. 2 (239) a-b.

<sup>262</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

<sup>263</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b.

... ættu i Silunga lækenn utepter. Enn i gilsKlif frammeptir og það er hennar meining að þessu meige óhætt hallda under fyrr nefnda Kussungsstade.<sup>264</sup>

Meira sagðist Vigdís ekki vita um landamerkin.

Stefán Einarsson prestur í Laufási lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar 11. maí 1751. Þar lögfestir hann m.a. Kúsveinsstaði (Kúrsveinstaði) í Fjörðum sem almennt séu nú kallaðir Kussungsstaðir með allri sinni landeign til rétttra endimarka sem aðrir menn eiga í móti. Hann bannar einnig óþolanlegan átroðning „afréttarpenings“ á Kúsveinsstöðum (Kúrsveinsstöðum) ábúandanum til skaða og óhagnaðar. Lögfestan var lesin samdægurs á manntalsþingi á Grýtubakka og aftur á sama stað 9. maí 1763 en einnig fyrir söfnuðinum í Laufási 13. júní 1762 og fimmta sunnudag eftir páska 1765.<sup>265</sup>

Í vísitásiu Laufáskirkju frá 1760 eru talin upp skjöl sem tilheyra kirkjunni og Laufásbæ. Meðal þess, sem minnst er á, er vitnisburður um landamerki milli Kussungsstaða og Þverár.<sup>266</sup>

Jón Egilsson prestur lögfesti Kussungsstaði í heimalandi Laufáskirkju þann 17. júlí 1776. Hann lögfesti jörðina til eftirfarandi takmarka:

Ad Sunnann rædur Gils-klifs lækur af fialle ofann i dals äna: ad austann Dals äenn, enn ad Nordann Silunga lækur, fra dals anne, og uppunder Þverär gliufur, ur þvj rædur Þverä siälf, allt a fiall upp.<sup>267</sup>

Þrír menn setja nöfn sín undir lögfestuna því til merkis að hún hafi verið lesin upp við Þönglabakkakirkju 4. ágúst 1776.

Í greinargerð um Laufásprestakall frá árinu 1782 er land á Kúsveinsstöðum (Kúrsveinsstöðum) talið til ítaka og takmörk þess, samkvæmt kirkjustól, miðuð við:

gilsklifslæk, er fellur allt ur fialle i fiarda Äna, enn Silungalæk ad Nordann fyrer Sunnann Þverä, og hafe leigulidar tieds bylis brukad þetta land madur effter mann, so eingenn hafe äfrýad til 1738. Somu takmork greiner Vygðys Grýmsdotter (gömul kona) i Keflavýk i Synum Vitnisburde under skrifudum af Gudmunde Jonssyne d. 2 Sept. 1742).<sup>268</sup>

<sup>264</sup> Skjal nr. 2 (83) a-b. Í manntalinu 1703 er kona að nafni Vigdís Grímsdóttir (fædd um 1671) bústýra á Kussungsstöðum, sbr. Manntal á Íslandi árið 1703, bls. 350.

<sup>265</sup> Skjal nr. 2 (72) a-b. Samhljóða eru lögfestur eftirfarandi Laufáspresta sem flestar voru lesnar upp oftar en einu sinni á manntalsþingum á Grýtubakka og oft einnig frammi fyrir söfnuðinum í Laufási: Lögfesta séra Jóns Vídalíns frá 1. júní 1764, lögfesta séra Jóns Egilssonar frá 11. júní 1770, lögfesta séra Stefáns Halldórssonar frá 11. maí 1786 nema hvað að þar er ágangurinn ekki nefndur sérstaklega, sbr. skjal nr. 2 (73) a-b – skjal nr. 2 (75) a-b. Lögfesta séra Hannesar Schevings frá 2. maí 1798 er áþekk lögfestunni frá 11. maí 1786, sbr. Skjal nr. 2 (76). Það sama á við um eftirfarandi lögfestur: Lögfestu séra Gunnars Hallgrímssonar frá 19. júní 1818 og lögfestur séra Gunnars Gunnarssonar frá 22. maí 1840 og 21. maí 1841 sbr. skjal nr. 2 (77) a-b – skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>266</sup> Skjal nr. 2 (121) a-b.

<sup>267</sup> Skjal nr. 2 (84) a-b. Lögfesta séra Gunnars Hallgrímssonar frá 6. júní 1822 er samhljóða lögfestu séra Jóns Egilssonar frá 17. júlí 1776, sbr. skjal nr. 2 (85) a-b.

<sup>268</sup> Skjal nr. 2 (66) a-b.

Kussungsstaðir, hjáleiga Laufáss, eru taldir 10 hundruð að dýrleika í jarðamatinu 1804.<sup>269</sup>

Eftirfarandi segir um Kussungsstaði í jarðamatinu 1849-1850:

Kússungstaðir heimaland frá Laufási. ... Af enginu sem liggur á slitringi í bithaga og er illt til vörslu, greiðfært, og deiglendt, fäst 115 hestar af léttings heyi. Landrými er nóg og búfjárhagar í betra lagi ...<sup>270</sup>

Landamerkjabréf Kussungsstaða var útbúið þann 23. nóvember 1889 og því þinglýst 17. júní 1890. Þar er mörkum lýst svo:

Að sunnan móts við Gil ræður, bein stefna frá fjallsegg niður í svonefndan Stóralæk, sem hefir upptök sín uppundir fjallsrótum og rennur beina stefnu utan við Gilskleif eftir djúpu gili í brúninni og síðan niður í Fjarðará.

Að vestan ræður fjallsbrúnnin úta móts við upptök þverárinnar.

Að norðvestan og norðan mótsvið Þverárland ræður Þveráin, sem rennur út Þverárdalinn. Er áin hefir runnið fram úr gljúfrum sínum, er stefnan úr þeim beint mitt á milli Arnarhóls og árinna og sýna tvær vörður hver fyrir neðan aðra, stefnu þessa austur í austasta farveg Fjarðar ár.

Að austan ræður austasta hvíslin af Fjarðará (Hvalvatnsfjarðará) og að öðru leyti Hvalvatnsfjarðaráin suður að ósnum á Stóralæk.<sup>271</sup>

Magnús Jónsson (prestur í Laufási) skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: G. Ólafssyni (presti í Höfða) hann samþykkti það sem sneri að kirkjujörðum Höfðaprestakalls, þ.e. Gili og Þverá og Þorsteini Jónssyni sem staðfesti landamerkjaskrána hvað Grýtubakka snerti.

Virðing vegna fyrirhugaðrar sölu eyðijarðarinnar Kussungsstaða fór fram 26. desember 1913. Þar kemur m.a. fram að jörðin hafi legið í eyði í 11 ár og öll hús jarðarinnar séu fallin en landið hafi aðallega verið notað sem „afréttarland“ því að það liggi áfast við „Gilsafrétt“ að norðan þar sem flest af fé hreppsúa gangi á sumrin. Frá því að Björn Línal lögmaður hafi haft landið hafi eitthvað verið heyjað í þar. Virðingarmenn segja að töluvert af landinu sé grasgefið á sumrum en þá sé stöðugur ágangur af „afréttarfé“. Á vetrum sé mjög snjóþungt eins og annarsstaðar í Fjörðum þegar frá sjó dregur. Kussungsstaðir voru seldir Birni Línal og er afsal Stjórnarráðsins dagsett 2. september 1915.<sup>272</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Kussungsstaða hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Kussungsstaði eru einnig í matinu:

Engjar reitingslegar, fremur greiðfærar og mikið til þurrar, sumt nærtækt, annað langsókt og til fjalls. ...

<sup>269</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>270</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>271</sup> Skjal nr. 2 (31) a-b.

<sup>272</sup> Skjal nr. 2 (136).

Búfjárhagar víðlendir. Sumarhagar góðir fyrir allan fénað. ... Fjárgeymsla erfið. ... Jörðin liggur við afrétt og ágangur mjög mikill af afréttarfé.<sup>273</sup>

Jón Sigurðsson segir í sýslulýsingu sinni að Kussungsstaðir hafi farið í eyði árið 1904. Átti jörðin fjarðardalinn langt inn og Þverárdal sunnan Þverár allan, þ.e. Kussungsstaðadal, en svo kallaðist dalurinn sunnan árinna.<sup>274</sup>

Svo virðist sem Grýtubakkahreppur hafi keypt jörðina árið 1933. Eignardómur var kveðinn upp í héraðsdómi Norðurlands eystra 25. febrúar 1997 þar sem:

Viðurkenndur er fullur og óskoraður eignarréttur stefnanda, Grýtubakkahrepps, að jörðinni Kussungsstöðum í Grýtubakkahreppi.<sup>275</sup>

## 5.20 Gil

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 stendur í kaflanum um kirkjustaðinn Höfða:

Kolgerði skamt fyrir ofan Grýtubakka, Brekka í Hvalvatnsfirði, Tundrastaðir í sama firði, Þverárlund, og í sama firði, og Gil, í eyði margt ár. Þessi fimm býli eru kölluð heimaland staðarins eður kirkjunnar, og skrifast sjerhvört þeirra í því plássi og þeirri röð, sem þau liggja, með því þau eru so fjarri heimastaðnum.<sup>276</sup>

Jarðabók Árna og Páls Vídalíns segir síðar í umfjöllum um Gil það vera heimaland Höfðastaðar og dýrleikann því óvissan. Grasatekja var næg fyrir heimilið og úthagar góðir og miklir.<sup>277</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724, segir m.a. um kirkjuna í Höfða í Höfðahverfi:

Logbyle gardsens eru hier eingenn, Enn af Byle edur heima lönd heita So ...  
Gilsland i Eide af því galldst það ár Echert ...<sup>278</sup>

Eigna Höfðakirkju árið 1724 er getið í skýrslu um fjárhag kirkna í Þingeyjarsýslu sem var tekin saman árið 1726:

Aungva, lögbíless, Jörd á Kýrkiann, so Presturenn umm giete, edur eg afvite. Enn heimalönd (stundumm byggd, stundumm óbyggd lángsamlega, stundumm fyrrer Mejra, stundumm fyrrer Minna eptergialld) teliast hier eche: Ordsök þar til er þesse; ad til Dato er eche befalad so eg Vite, ad setia j Kýrknanna Reveneur, siálfs Stadarens eptergialld, edur landskulld. ...<sup>279</sup>

<sup>273</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>274</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 109.

<sup>275</sup> Skjal nr. 23 (4).

<sup>276</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 35.

<sup>277</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 57-58.

<sup>278</sup> Skjal nr. 2 (237) a-b.

<sup>279</sup> Skjal nr. 2 (234) a-b.

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir m.a. um eignir Höfða:

Afriettarland framm frá hvalvatns fyrde.<sup>280</sup>

Þorleifur Skaftason prófastur vísitaraði Höfðakirkju árið 1735. Þar segir um eignir kirkjunnar:

1° Prestarnir seigia að kyrkiann eigie allt Heimaland til vissra Takmarka, og eingienn sieu log byle j þuj plásse. ...<sup>281</sup>

Í vísitasíu prófasts í Höfða árið 1753 eru taldar upp eignir kirkjunnar og síðan segir:

Epter lángrarande Hefd, sem eingenn man átalda vered hafa, heirer og Gilsland i Hvalvatzfjardar Afrett sem ádur hefur vered biggt býle enn nu lángraralega i Eyde. Höfda Beneficio til, hvar uppa Beneficiatus Sr. Jon Gunnlaugs hefur Þingsvitne teked Sub dato 12. Maji 1750 under Sýslumanns Jons Benedixsonar Hende og signete.<sup>282</sup>

Á alþingi 1786 var lesin upp tilkynning um verðlaun til Sigfúsar Jónssonar prófasts úr aukasjóði rentukammers fyrir uppbyggingu eyðijarðarinnar Gils með því skilyrði að hann héldi við húsum og ábúð.<sup>283</sup>

Við afhendingu Höfða árið 1804 var eftirfarandi skráð:

Engar Kyrkiu Jarðer fylgia þessu Beneficio, enn heimalönd þesse soköllud:...  
Gil ádur í Eyde, nu byggt med 40 Ál. Landskuld. Kugl. 0.<sup>284</sup>

Við afhendingu Höfða árið 1840 var eftirfarandi bókfært:

Líka hefur hann [þ.e. fráfarandi] [yfirstrikað: keypt] tillagt Hús yfir 18 Kindur Kirkjukotinu Gili í Fiordum fyrir hvör hús han ætlar nú eingan Reikning að géra heldur tilleggja þau gefins Kotunum.<sup>285</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Gil telst meðal hjáleigna Höfða í Höfðahverfi. Hætta er sögð á snjóflóðum á jörðinni.<sup>286</sup>

Jarðarinnar Gils er getið í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur:

Gil að fornu talið heimaland frá Höfða. ... Engið liggur á sundrúngu í bithaga, og er illt til vörslu, af því fást að meðaltali 105 hestar af léttingsheyi. Búfjárhagar eru góðir, og miklir í meðalárum, og landið grösugt. ...<sup>287</sup>

Landamerkjabréf fyrir Gil var útbúið þann 19. maí 1885 og þinglesið 17. júní 1890. Þar stendur:

<sup>280</sup> Skjal nr. 2 (232) a-b.

<sup>281</sup> Skjal nr. 2 (241) a-b.

<sup>282</sup> Skjal nr. 2 (174) a-b.

<sup>283</sup> Skjal nr. 2 (147).

<sup>284</sup> Skjal nr. 2 (176) a-b.

<sup>285</sup> Skjal nr. 2 (177) a-b.

<sup>286</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>287</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

Framan við Gilsafrétt ræður Þverá sú, sem rennur úr Þórðardal og aðskilur Finnastaðatungur og Gilsland, en rennur síðan í svonefnda Heiðará, sem að vestan og neðan verðu skilur Gilsland og Grenivíkurtungur. En að utanverðu milli Gils og Kussungsstaða ræður bein stefna frá fjallsegg og niður í svonefndan Steinalæk, sem hefir upptök sín uppundir fjallsrótum og sem rennur beina stefnu utan við Gilsklif eftir djúpu gili á brúninni og síðan niður í Fjarðará. Að norðan verðu ræður fjallsegginn, sem liggur fyrir ofan Gilsland milli áðurnefndra merkja.<sup>288</sup>

G. Ólafsson (prestur í Höfða) skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Þorsteini Jónssyni umboðsmanni Finnastaða og Magnúsi Jónssyni Laufáspresti sem staðfesti bréfið hvað Laufáskirkjujörðina Kussungsstaði snerti.

Höfðaprestur hafði skrifað undir landamerkjabréf Finnastaða vegna Gils árið 1883. Sjá Finnastaði.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki kirkjujarðarinnar Gils hafi verið þinglesin 1890. Þar eru einnig eftirfarandi upplýsingar um Gil:

Jörðin sem liggur uppvið Leirdalsheiði, hefir verið í eyði í 19 ár.

Engjar voru grasgefnar, greiðfærar og þurrar hálfdeigjur, nokkuð samfeldar og nærtækar, en engjavegur ógreiðfær.

Búfjárhagar víðlendir. Sumarheit ágæt, en vetrarheit engin að telja sökum snjóþyngsla. Landið nú aðeins notað sem upprekstrarland, enda allfjarri byggð. Árlegt upprekstrargjald síðustu árin um 16 krónur. En töluvert ber landið fleira fé, en sem því nemur.<sup>289</sup>

Í sama mati segir að Grenivíkursturur sé umráðamaður Gils.

Fram kemur í virðingargerð eyðijarðarinnar Kussungsstaða frá 26. desember 1913 að land jarðarinnar hafi aðallega verið notað sem „afréttarland“ því að það liggja áfast við „Gilsafrétt“ að norðan þar sem flest fé hreppsúa gangi á sumrin.<sup>290</sup>

Að sögn Jóns Sigurðssonar var Gil óstöðugast í byggingu allra Fjarðajarða, fór fyrst í fulla auðn og var oft í eyði áratugum saman fyrr á öldum. Síðasti bóndi fór þaðan árið 1899.<sup>291</sup>

Landbúnaðarráðherra afsalaði sveitarsjóði Grýtubakkahrepps jörðinni Gili með öllum gögnum og gæðum, sem henni fylgdu og fylgja bar, 8. desember 1967.<sup>292</sup>

## 5.21 Grenivík

Grenivík er getið á tveimur stöðum í Landnámu. Annars vegar sem takmarks landnáms Þengils mjögsiglandi og hins vegar sem landnáms Þormóðar, sem nam Grenivík og Hvallátur og Strönd alla út til Þorgeirsfjarðar.<sup>293</sup>

<sup>288</sup> Skjal nr. 2 (10) a-b.

<sup>289</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>290</sup> Skjal nr. 2 (136).

<sup>291</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 110.

<sup>292</sup> Skjal nr. 12 (3).

<sup>293</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 272.

Fyrsta skýra heimildin um Grenivík sem jörð er í skrá frá árinu 1461 um hálfkirkjur og bænhús. Hálfkirkja í Grenivík var þá ekki uppi.<sup>294</sup>

Fjórðungur í Grenivík var seldur með ítökum, virðist metinn til 17 hundraða, 30. september 1473.<sup>295</sup>

Hálf Grenivík var gefin og síðan seld fyrir 25 hundruð þann 13. september 1537.<sup>296</sup>

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1712 var grasatekja lítil á Grenivík en síðar segir:

Afrjettarland á jörðin á Leirdalsheiði, sem kallast Grenivíkurtungur, og er kallað tíu h. land að fornöldu. Þangað reka ýmsir sveitarmenn lömb sín, og sýna þar í staðinn óákveðna greiðasemi eður góðvilja, en gjalda ei vissan afrjettartoll. ...

Engjavegurinn í fjallið er erfiður til að sækja. Úthagarnir eru nægir.<sup>297</sup>

Á manntalsþingi á Grýtubakka 19. maí 1719 óskaði Jón Jónsson í Grenivík úrlausnar á hvort hreppsúar í Höfðahverfi væru ekki skyldugir að halda geldfjárrekstri á vorin og fjallgöngum á haustin í „afrétt“ sem gamlir menn segi að fornu hafa verið brúkaða í Grenivíkurlandi og var fallist á þessa skyldu bænda á þinginu, eða eins og segir í þingbókinni:

8° óskade vice landskrifarenn Monsieur Jon Jonsson laga urlausnar huort ad eij sie skilldugt og Naudsijnlegt ad þessa hrepps Innbúendur i höfdahuerfe Vppe halde gielldfiar registre á Vorenn og fiallgaungumm á haust efter þuj Sem lög firer seigia huor af Riett hann seiger efter gamallra Mann<a> frammburde til forna brúkud Vered hafe i grenevijkur lande Enn Nu umm Nockurn umm liden tijma af Sueitar buendum forsómad hier uppá er þesse fullkomleg a liktan ad [ad, ofan línu] aller bændur so uel i þessu takmarke sem annarstadar sieu lögskillduger til sijn lömb og gielldfie til afriettar á Vorenn ad Reka og fiallgaungum a hausten uppe hallda efter þuj sem lög skipa Nefnelega landsl. bal<k>s 46: 49: cap: Item Riettar bót Eirijks kongs.<sup>298</sup>

Jón Jónsson sýslumaður lögfesti ábýlis- og eignarjörð sína Grenivík á manntalsþingi á Grýtubakka 8. júní 1735. Inntaks lögfestunnar er ekki getið hvað varðar mörk Grenivíkur en hann lögfesti öll hlunnindi jarðarinnar til lands og vatns. Einnig lögfesti hann tíu hundraða land jarðarinnar á Leirdalsheiði, þ.e. allan Trölladal og Grenivíkurtungur.<sup>299</sup> Lögfesta Jóns Jónssonar sýslumanns fyrir Grenivík var lesin manntalsþingi á Grýtubakka 4. júní 1736. Sama lögfesta var lesin af sama manni á

<sup>294</sup> Skjal nr. 2 (201).

<sup>295</sup> Skjal nr. 2 (207).

<sup>296</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. X, 330).

<sup>297</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 42.

<sup>298</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Gerningur þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096, bl. 172r-175r.

<sup>299</sup> Skjal nr. 2 (148) a-b.

manntalsþingi á sama stað 29. apríl 1737, 21. júní 1738 og 27. maí 1739. Inntaks lögfestunnar er ekki getið.<sup>300</sup> Væntanlega hefur það verið hin sama og lesin var árið 1735.

Svohljóðandi landamerki fyrir jörðunni Grenivík voru lögfest á manntalsþingi á Grýtubakka 2. maí 1798:

... ad utann i Grenjaa og allt á Fjall upp; enn ad sunnan i Hvammsá ofanij Bárðartjörn, og úr Tjörnenni i merkigard þann, sem liggur út med Grenevikur hólum epter Mijrinni, epter dómi Lögmanns Benedix Þorsteinssonar, daterudum 4da Junii 1725, og hjeradauk tilteked 10 hundrada land á Leirdalsheidi ...<sup>301</sup>

Fram kemur að enginn hafi mótmælt lögfestunni.

Lesin var upp lögfesta fyrir Grenivík á manntalsþingi á Grýtubakka 9. maí 1812. Inntaks hennar er hins vegar ekki getið.<sup>302</sup>

Lögfesta séra H. Scheving fyrir Grenivík var lesin upp á manntalsþingi á Grýtubakka 17. maí 1825. Inntaks lögfestunnar er hins vegar ekki getið.<sup>303</sup>

Chr. (Kristján) Jónsson umboðsmaður Grenivíkur ákvarðaði landamerki Grenivíkur og Hvamms þann 20. desember 1833 og sendi Oddi Þorsteinssyni í Nesi. Þar kemur eftirfarandi fram:

I tilliti landamerkja millum jardanna Grenivíkur og Hvams, sé eg ekki annat eptir lögfestum og gamalli brúkun, en þeirri fyrrnefndu jörd Grenivík heýri réttilega til haglendin fyrir nedan hólana, sudur til Hvams-ár-farvegsins; en ofar milli bæanna Jallstada og Hvams, rædur landamerkjum – eins og ad fornu og nýu hefur verid – stefnulína nidur og vestur frá merkilautinni í ásnum fyrir ofan vegin, nidur á hólana, og upp frá sömu laut bein stefna til Hvams-ár-botna í fjallsbrúninni. Þetta hlýtur svo leidis ad vera og er audrádid af lögfestum, jafnvel þótt þær ekki tilgreini þetta svo nákvæmlega, ad rádríkis og sjálfrædisgjarnir menn kunni ekki ad gjöra sér adra ímindan. I fjallshlíðinni millum Hvams-ár og Stóra-Kletta-gils eignast eptir minni meiníngu Grenivík ekkert, fyrir nedan austur brún.<sup>304</sup>

Grenivíkurumboðsmaður sagði jafnframt að eftir ofangreindum ummerkjum mættu Hvammsmenn njóta síns lands með fullum rétti átölulaust af sér eins og verið hefði fram til þessa.

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að sjálfseignarjörðin Grenivík sé sögð 30 hundruð. Einnig er minnst á að henni fylgi eyðihjáleigan Grenivíkurkot og að hún eigi afrétt til eigin nota.<sup>305</sup>

Um Grenivík segir m.a. í jarðamatinu 1849-1850:

<sup>300</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.11.).

<sup>301</sup> Skjal nr. 2 (149) a-b.

<sup>302</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.38.).

<sup>303</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.42.).

<sup>304</sup> Skjal nr. 2 (52) a-b.

<sup>305</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.



Grenivík með Grenivíkurkoti sem nú er í eyði, áður talin 30 hndr. að dýrleika til samans. ... Af enginu, sem liggur á slitringi í bithaga, og er illt til vörslu og að meiriparti þýft og fremur grýtt og snögglendi, fást 140 hestar, af sæmilega góðu heyi. Litlir og ljettir álitast heimahagar fyrir hross og nautpening, enn nógjir til fjalls fyrir sauðfé enn þó hrjóstugir og fremur léttir til málnytu. Til kosta má enn fremur telja, ... og fjallupprekstur rúmlega fyrir heimilið. ...<sup>306</sup>

Merkjadómur var kveðinn upp 21. september 1883 í landaþrætumáli milli Grenivíkur og Jarlsstaða í Grýtubakkahreppi annars vegar og Hvamms hins vegar. Deilan virðist hafa snúist um land neðan Þjóðlendukröfulínu en í merkjagöngu dómsmanna og málsaðila kom eftirfarandi fram:

Á merkjagöngunni kom mals aðilum saman um að landamerkin milli Hvamms á aðra hlið, en Grenivíkur og Jarlsstaða á hina, skyldu vera að utan og austan á Leirdalsheiði Stóra Klettagil, neðan frá Reiðgötum upp á fjallsbrún; svo eptir austurbrún fjallsins, allt á Syðsta-Hnjúk. Þaðan beina línu niður í miðja Merkilág, milli Hvamms og Jarlsstaða, og svo beina sjónhending úr láginni niður í garðstúf við Grófarlæk, niður undir Grenivíkurhólum. Þannig er þá ágreiningurinn um landamerkin milli ofangreindra jarða að eins sá, hvort ráða skuli bein lína úr garðstúf þeim við Grenivíkurhóla sem áður var nefndur í ytri endann á Bárðartjörn, sem sóknaraðili jarðarinnar Hvamms vegna heldur fram, eður þá lækur sá, nefndur Grófarlækur, sem hefur upptök sín að ofanverðu við nefndan garðstúf og rennur alla leið niður í Bárðartjörn ...

Hvor aðili lagði fram þrjár lögfestur, Hvammslögfesturnar voru frá 19. öld en Grenivíkurlögfesturnar frá þeirri 18. auk fleiri skilríkja. Taldi dómurinn að skjölin væru eftir eðli sínu á hvorugan bóginn svo vaxin að á þeim yrði byggður eignardómur.

Eftir að samkomulag náðist að hluta í merkjagöngunni stóð deilan aðeins um:

hvort ráða skuli bein lína úr garðstúf þeim við Grenivíkurhóla sem áður var nefndur í ytri endann á Bárðartjörn, sem sóknaraðili jarðarinnar Hvamms vegna heldur fram, eður þá lækur sá, nefndur Grófarlækur, sem hefur upptök sín að ofanverðu við nefndan garðstúf og rennur alla leið niður í Bárðartjörn, og halda Grenivíkur og Jarlsstaðamenn þessum merkjum fram.

Þar eð hvorugur málsaðilinn þótti geta fært sönnur á kröfur sínar var kveðinn upp eftirfarandi dómur:

Landamerki á hinu umþrætta svæði, milli jarðarinnar Hvamms á einn veg og jarðanna Grenivíkur og Jarlsstaða á hinn skulu vera bein lína úr garðspotta við upptök Grófarlækjar í ós hans þar, sem hann fellur í Bárðartjörn.<sup>307</sup>

Landamerkjabréfi Grenivíkur frá 14. maí 1890 var þinglýst 17. júní 1890. Þar segir:

<sup>306</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>307</sup> Skjal nr. 2 (11) a-b.

Að norðan ræður Grenjá á Fjall upp út Grenjárdal útundir Þröskuld og þaðan bein stefna í vestari Gilsárupptök á Trölladal rétt utan við Þröskuld, og vestari Gilsáin úti Tungusporð. Á móti Grýtubakka ráða reiðgötur á Leirdalsheiði, inn að læk þeim, er rennur í Gljúfrá úr Stóraklettagili, síðan ræður sá lækur á fjall upp og þaðan í vörðu á Hnútu suðvestan á Grenivíkurfjalli og þaðan bein stefna á vörðu á melnum í svonefndri Syðri-gjá, þaðan í vörðu á mel næst vestan við Reiðsund, þaðan í vörðu á Grenivíkurhólum ...<sup>308</sup>

Bréfið er undirritað af Þórði og Baldvini Gunnarssonum í Höfða. Það er samþykkt af: Þorsteini Jónassyni (vegna Grýtubakka) og Þorsteini Jónssyni (vegna Finnastaða)<sup>309</sup>, Lárusi Hannessyni vegna Jarlsstaða, G. Ólafssyni (presti í Höfða) vegna Svæðis og Gils, og Sveini Sveinssyni vegna Hvamms.

Virðingargerð var framkvæmd á Grenivík 12. júlí 1913 vegna fyrirhugaðrar sölu. Þar kemur fram að snjó sé lengi að leysa úr fjallshlíðinni ofan við bæinn því þar séu mikil snjóþyngsla. Þess er getið að í fjallendinu séu mýrasund sem hægt sé að slá annað hvert ár ef hægt er að verja það ágangi sauðfjár og gripa. Einnig segir að útbeit á vetrum sé mjög lítil vegna snjóþyngsla. Í virðingargerðinni segir ennfremur:

Á sumrum ágangur af afréttarfé og gripum. Af landi jarðarinnar eru talin 10 hndr. afréttarland á Leirdalsheiði, sem presturinn nú á seinni árum engar tekjur hefir haft af, en ætti þó að vera nokkurs virði.<sup>310</sup>

Í umræddri virðingargerð er getið um makaskipti á Höfða og Grenivík árið 1892 en þá var jörðin virt af dómkvöddum mönnum. Sú virðingargerð hefur ekki komið fram.

Þann 14. júlí 1913 skrifaði séra Árni Jóhannesson á Grenivík Stjórnarráðinu og sótti um kaup á ábýlisjörð sinni Grenivík. Ef það fengist ekki óskaði hann eftir því að kaupa húsin á prestssetrinu og fá erfðafesturétt á landspildu innan girðingar. Með umsókn sinni sendi prestur ofangreinda virðingargerð og matsgjörð, frá 14. júlí 1913, á árlegu afgjaldi eftir ákveðna landspildu til erfðafestu á Grenivík.<sup>311</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Grenivíkur hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Grenivík eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar ... og hálfdeigjur innan um bithaga, er liggja til fjalls, og þangað brött vegleysa.

Búfjárhagar: Sumarheit viðlend og góð fyrir sauðfé. Gripahagar þröngir og lélegir. Vetrarheit naumast teljandi sökum snjóþyngsla. Landlétt niðrum, en kjarnagott til fjalls. Fjárgeymsla erfið. ... Ágangur af afréttarfé og umferð. ...

<sup>308</sup> Skjal nr. 2 (12) a-b.

<sup>309</sup> Ekki er tekið fram í landamerkjabréfinu fyrir hvaða jarðir Þorsteinarnir skrifuðu undir, en samkvæmt sóknarmannatali bjó Þorsteinn Jónasson á Grýtubakka og Þorsteinn Jónsson á Finnastöðum á árunum kringum 1890. Skjalasöfn presta og prófata. Höfði BC/3.

<sup>310</sup> Skjal nr. 2 (139).

<sup>311</sup> Skjal nr. 2 (139).

Jörðin á afréttarland á Leirdalsheiði, það notað árlega, en undanfarið ekkert verið greitt fyrir, Jarlsstaðir eiga þar ókeypis upprekstur fyrir sig.<sup>312</sup>

Landamerkjadómur var settur á Jarlsstöðum 21. maí 1970 til þess að ákveða merkivörður á landamerkjum Grenivíkur og Jarlsstaða. Jóhannes Jónsson hreppstjóri á Hóli, umráðamaður Grenivíkur, og Bjarni Benediktsson eigandi Jarlsstaða lögðu fram landamerkjaskrár jarðanna en þær vörður, sem þar var getið, voru horfnar og því þurfti að ákveða þeim stað í samræmi við vitnisburð landamerkjaskráanna. Eftir að gengið hafði verið á merki og staðhættir kannaðir var komist að svohljóðandi samkomulagi um eftirtaldar merkivörður:

1. Vörðu [strikað yfir, á] suður og upp frá bænum í Grenivík (vestantil á háhólum).
2. Vörðu á melhrygg við Reiðsund (vestan við sundið).
3. Vörðu á Syðrigjarmel (Norðan við Lækjargilið).

Ennfremur var ákveðinn staður fyrir merki suður á melhólabrúninni, í beinu línunni frá Grófarlækjarósi að vörðu nr 1, (suður og upp frá bænum í Grenivík).<sup>313</sup>

Það kom í hlut málsaðila að setja á merkistaðina járnror sem yrði fest vel í jörðu með steypu og grjóti.

Jarðirnar Grenivík (að undanskildum 7 ha í eigu hafnarsjóðs Grýtubakkahrepps), Svæði og Höfðabrekka voru seldar hreppsnefnd Grýtubakkahrepps af landbúnaðarráðherra 5. nóvember 1973.<sup>314</sup> Lögbýlin Dalur og Sunnhvoll voru einnig með í þeim kaupum.<sup>315</sup>

## 5.22 Hvammur

Fyrsta heimild, sem fundist hefur um Hvamm, er í skrá um hálfkirkjur og bænhús frá því um 1461. Þar kemur fram að bænhús sé í Hvammi.<sup>316</sup>

Hvammur með öllum gögnum og gæðum var fenginn í jarðakaupum 18. september 1532.<sup>317</sup>

Samkvæmt lista yfir Munkaþverárklaustursjarðir í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 er Hvammur eign klaustursins.<sup>318</sup>

Að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 var grasatekja lítil í Hvammi en úthagar nægir. Einnig segir Jarðabókin:

<sup>312</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>313</sup> Skjal nr. 2 (132) a-b.

<sup>314</sup> Skjal nr. 13 (4).

<sup>315</sup> Skjal nr. 13 (3).

<sup>316</sup> Skjal nr. 2 (201).

<sup>317</sup> Skjal nr. 2 (221).

<sup>318</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b (Mál nr. 3/2007) og skjal nr. 2 (132) a-b (Mál nr. 4/2007).

Munnmæli eru, að jörðin eigi skipsuppsátur við Akurlæk í Grenivíkur landi og þarabrennu. En Grenivík skyldi eiga selför og torfskurð á heiðina. Hvörugt itakið hefur brúkast í skyldunafni, so menn viti.<sup>319</sup>

Lögfesta Hvamms var lesin upp á manntalsþingi á Grýtubakka 15. maí 1813. Inntaks hennar er hins vegar ekki getið.<sup>320</sup>

Lesin var upp lögfesta Jóns hreppstjóra Loftssonar fyrir eignarjörðu hans Hvammi á manntalsþingi á Grýtubakka 19. maí 1882. Inntaks er ekki getið en fram kemur að Oddur Ólafsson ábúandi á Grenivík og Jóns Jónsson eigandi hálftrar jarðarinnar geymdu sér óskertan rétt sinn gangvart lögfestunni.<sup>321</sup>

Chr. Jónsson umboðsmaður Grenivíkur ákvarðaði landamerki Grenivíkur og Hvamms þann 20. desember 1833 og sendi Oddi Þorsteinssyni á Nesi. Nánar er fjallað um þetta mál í kaflanum um Grenivík í þessari greinargerð.

Sjálfs eignarjörðin Hvammur sem sögð er 20 hundruð hefur kjarrskóg til eigin nota samkvæmt jarðamatinu 1804.<sup>322</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Hvamm:

Hvammur áður talin 20 hndr. að dyrleika. – ... Af enginu, sem liggur að nokkuru leiti á víð og dreif í bithaga og er illt til vörslu fást 140 hestar af ljettings heyi. Landrými er hjer nóg fyrir sauðpening, en oflítið fyrir stórgripi; ... og frí gjeldfjár-fjárrekstur á heiðinni fyrir heimilið. ...<sup>323</sup>

Í kaflanum um Grenivík hér framar er umfjöllun um merkjadóm frá 21. september 1883 í landaþrætumáli milli Grenivíkur og Jarlsstaða annars vegar og Hvamms hins vegar og vísast til þess.

Landamerkjabréf Hvamms er frá 31. maí 1884 og var þinglesið 16. júní sama ár. Þar stendur:

Að utan ræður til móts við Grenivíkur og Jarlsstaðarland Grófarlækjarós neðst þar sem hann fellur í Bárðartjörnina; þaðan bein stefna upp í merkjagarðsstúf fyrir ofan Grenivíkurhóla, síðan bein lína uppí miðja Merklág og svo sjónhending uppá Syðstahnjúk. Frá hnjúknum ræður fjallseggin út að Stóraklettagili, og síðan lækur sá, er rennur í því niður í Gljúfrá.

Að austan ræður Gljúfrá til móts við [strikað yfir, Bárðartjörn] Grýtubakka, allt inn að Víðilæk; en að sunnan til móts við Bárðartjörn Víðilækur upp að merkjalínu, sem dregin væri beint frá syðri enda Bárðartjarnarinnar eftir garðmóti í mýrinni þar fyrir ofan, upp í áðurnefndan læk.

Að vestan ræður Bárðartjörninn eftir miðlínu hennar.<sup>324</sup>

<sup>319</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 39-40.

<sup>320</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.41.).

<sup>321</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.57.).

<sup>322</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>323</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>324</sup> Skjal nr. 2 (23) a-b.

Óvída Jónasdóttir í Hvammi skrifar undir landamerkjabréfið. Oddur Ólafsson samþykkir landamerkin vegna Grenivíkur og Þorsteinn Jónasson vegna Grýtubakka og Sveinn Sveinsson vegna Hóls.

Staðfest er í fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Hvamms hafi verið þinglesin árið 1884. Eftirfarandi upplýsingar eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar víðlendir. Sumarheit góð og kjarnaland. Vetrarheit fremur lítil og snjóþungt. Sumt beutilandið fjarri. Fjárgeymsla erfið. Jörðin liggur að afrétt og á hún sérstakt upprekstrarland.<sup>325</sup>

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1969 segir Jóhann Skaptason að Hvammur eigi mikið heiðarland á vestanverðri Leirdalsheiði. Kallist þar Hvammsheiði, suðaustan í Sveigsfjalli, sem er vestan Leirdalsheiðar, milli hennar og Trölladals.<sup>326</sup>

Árbær var nýbýli byggt í Hvammslandi árið 1954 með óskiptu beutilandi og úthaga. Félagsbú var rekið á báðum býlunum 1963-1974 en eftir það munu þau hafa að mestu verið nýtt sameiginlega.<sup>327</sup>

### 5.23 Grýtubakki

Grýtubakki er nefndur í Ljósveitinga sögu sem Björn Sigfússon telur frá því um miðja 13. öld.<sup>328</sup>

Í máldaga Auðunar rauða frá 1318 kemur fram að Grýtubakkakirkja eigi þriðjung í heimalandi og því sem til liggur í rekum.<sup>329</sup> Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394<sup>330</sup> og máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510.<sup>331</sup>

Grýtubakka er getið í kaupbréfi 21. apríl 1345<sup>332</sup> og í arfleiðslubrési frá 12. júní 1386.<sup>333</sup>

Jón biskup Arason seldi kaupahluta í Ási í Kelduhverfi með kirkjueign og fleiri jörðum móti kaupahlut í Grýtubakka, 80 hundruðum, og kirkjueignum og fleiri jörðum, 14. júlí 1531.<sup>334</sup>

Í bréfi frá 31. janúar 1533 kemur fram að Jón biskup Arason gefur Sigurði syni sínum jarðir, þ. á m. Grýtubakka og kirkjan þar eigi:

ij eydikot j eystrum fiordum er heita jorunnarstader og kusueinsstader.<sup>335</sup>

<sup>325</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>326</sup> Jóhann Skaptason: *Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfafljóts og Fljótshéiðar*, Árbók Ferðafélags Íslands 1969, bls. 53.

<sup>327</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 81.

<sup>328</sup> *Ljósveitinga saga*, bls. XLVI-L, 76.

<sup>329</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>330</sup> Skjal nr. 2 (191).

<sup>331</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>332</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>333</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur B.1. og B.5., Ísl. fbrs. III, 392).

<sup>334</sup> Skjal nr. 2 (220).

<sup>335</sup> Skjal nr. 2 (222).

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 segir um Grýtubakkakirkju:

Hun a þriðjung I heimalandi, skögar part fyrir vtan Skuggabjorg, kallast Þollaks skögur, hun a 20 hndr. I frýdum peningum, þesse kot Særis velli, 2 eýdi kot I fiördum. ...<sup>336</sup>

Í biskupavísitasíum Grýtubakkakirkju sem dagsettar eru 11. júlí 1675, 12. ágúst 1687, 4. ágúst 1694 og 19. maí 1701 eru klausur sem eru nánast samhljóða þeirri sem tekin var úr máldagabók Guðbrands.<sup>337</sup> Fram kemur í biskupsvísitasíu Grýtubakkakirkju frá 1715 að kirkjan eigi eyðikotin Jórunnarstaði og Kúsveinsstaði, þriðjung í heimalandi og Þorláksskóg.<sup>338</sup> Þá er í biskupsvísitasíu Grýtubakkakirkju árið 1748 úti á spássíu minnst á þriðjungseign kirkjunnar í heimalandi og rekaeign út frá Sandhorni.<sup>339</sup>

Sérstakir kaflar eru um Kúsveinsstaði og Jórunnarstaði framar í þessari greinargerð.

Þeir séra Þórarinn Jónsson á Hrafnagili og Þorlákur Benediktsson bóndi á Grýtubakka deildu um land og reka á Kaðalsstöðum í Fjörðum í lok 17. aldar. Grýtubakkabóndi virðist hafa viljað eigna Grýtubakka þar nokkurt land og þá væntanlega sem land Kúsveinsstaða. Þessi ágreiningur var við lýði allt fram undir miðja 19. öld.

Samkvæmt vitnisburði þeirra Sigurðar Hallgrímssonar og Þorkels Bjarnasonar, bréfuðum í ágúst 1694, þá hafði Þorlákur Benediktsson (á Grýtubakka) byggt og uppbyggja látið, á árunum 1693-1694, svokallað Kaðalsstaðasel sem lá fram frá Kaðalsstöðum og hafði ævinlega eignað verið og fylgt þeirri jörðu.<sup>340</sup> Sjá nánar um vitnisburðinn í kafla um Kaðalsstaði.

Við vísitasíu Einars biskups Þorsteinssonar í Höfða í Höfðahverfi 5. ágúst 1694 sættust þeir séra Þórarinn á Hrafnagili og Þorlákur á Grýtubakka á að nefna saman sex menn til þess að fara yfir skjöl kirknanna. Biskup skyldi sjá til þess að Skúli Þorláksson prófastur og Arngrímur Hrólfsson sýslumaður færu fyrir hópnum og gættu þess að báðar kirkjurnar fengju að njóta réttinda sinna. Þeir séra Þórarinn og Þorlákur lofuðu svo að hlíta úrskurði þessara manna.<sup>341</sup>

Fyrirgreindir áttmenningar komu saman á manntalsþingi að Grýtubakka 15. apríl 1695. Þar voru lögð fram skjöl beggja kirknanna. Fyrir hönd Hrafnagilskirkju var lagt fram bréf á kálfskinni með tveimur hangandi óskertum innsiglium frá árinu 1508. Í því var minnisgrein um gjöf þá er Brynjólfur Magnússon gaf Hrafnagilskirkju að sér látnum sem var Kaðalsstaðir með rekum og öllum gögnum og gæðum er

<sup>336</sup> Skjal nr. 2 (97) a-b.

<sup>337</sup> Skjöl nr. 2 (102) a-b, nr. 2 (105) a-b, nr. 2 (109) a-b og nr. 2 (112) a-b.

<sup>338</sup> Skjal nr. 2 (115) a-b.

<sup>339</sup> Skjal nr. 2 (118) a-b.

<sup>340</sup> Skjal nr. 2 (89).

<sup>341</sup> Skjal nr. 2 (90) a-b. Tveir menn votta að skjalið sé rétt skrifað upp eftir frumritinu á Hólum 20. janúar 1695 og það var einnig lagt fram á manntalsþingi að Grýtubakka 29. apríl 1737.

greindri jörðu fylgt hafði að fornu og nýju. Einnig var lagt fram annað bréf um nákvæmlega sama efni, sömuleiðis á kálfskinni en með einu hangandi óskertu innsigli frá árinu 1318. Loks auglýsti séra Þórarinn Jónsson að hann og forverar hans hefðu átörlulaust haldið umrætt Kaðalsstaðaland ásamt því plássi sem kallist Kaðalsstaðasel allt fram til þess tíma er Þorlákur Benediktsson kom til Grýtubakka og setti þar upp byggð.

Fyrir hönd Grýtubakkakirkju lagði Þorlákur fram afrit úr vísitásiubók Einars biskups Þorsteinssonar fyrir Grýtubakkakirkju frá 5. ágúst 1694. En þar kom fram að kirkjan eigi þriðjung í heimalandi, skógarpart fyrir utan Skuggabjörg er kallist Þorláksskógur, 20 hundruð í fríðum peningum, kotið Særisvelli og tvö eyðikot í Fjörðum. Einnig framvísaði Þorlákur því, sem hann kallaði afriti af máldaga og vitnisburðarbréf um landareign eyðikotanna í Fjörðum. Annars hafði Þorlákur hvorki innsiglið bréf né skilríki fyrir áðurgreindri landareign Grýtubakkakirkju.

Eftir að hafa yfirvegað framlögð gögn komust áttmenningarnir að þeirri niðurstöðu að þau gögn, sem Þorlákur Benediktsson hefði lagt fram, gætu ekki hrakið skjöl og hefð séra Þórarins vegna Hrafnagilskirkju.<sup>342</sup>

Hallgrímur Thorlacius prestur á Hrafnagili fann að því að Halldór Pálsson eigandi Grýtubakka skyldi, á manntalsþingi sama staðar 22. maí 1840, mótmæla lögfestu hans fyrir Kaðalsstöðum. Ekki nóg með það heldur lét Halldór einnig lesa upp lögfestu sem miðaði að því að ná Kaðalsstaðaseli undan Hrafnagilskirkju. Hrafnagilsprestur furðaði sig á þessu því að þrætan um Kaðalsstaðasel hafi verið útkljáð fyrir mörgum árum með úrskurði 15. apríl 1695. Hann mótmælti því í kröftugasta máta, fyrir hönd kirkju sinnar, fyrrnefndri lögfestu Halldórs að því leyti sem hún snertir Kaðalsstaðasel. Því næst friðlýsti hann Kaðalsstaði með Kaðalsstaðaseli til ystu ummerkja gegn notkun þeirra sem ekki höfðu leyfi hans til þess en einkum og sér í lagi fyrir eignartilkalli og notkun Halldórs Pálssonar undir fullkomið lagatiltal og sektir svo lengi sem hann gæti ekki hnekktt fyrrnefndum úrskurði. Mótmæli sín, frá 28. september 1840, bað séra Hallgrímur stefnuvotta Grýtubakkahrepps að birta Halldóri á heimili hans á Grýtubakka og var það gert fimm dögum síðar.<sup>343</sup> Séra Hallgrímur á Hrafnagili skrifaði síðan Steingrími Jónssyni biskupi vegna deilu þeirra Halldórs Pálssonar um Kaðalsstaðasel 14. janúar 1841. Biskup svaraði 12. mars 1841 og sendi aftur skjöl þau sem séra Hallgrímur byggði lögfestu sína á. Að sögn Hrafnagilsprests byggði Halldór á Grýtubakka kröfu sína einungis á ályktun eignaðri Benedikt Þorsteinssyni lögmanni á áreiðarþingi á Grýtubakka 2. júní 1725 þar sem Grýtubakka var eignað Kaðalsstaðasel. Erfitt sé hins vegar að átta sig á málavöxtum af svo ófullkomnu undirlagi en þetta muni allt skýrast er séra Hallgrímur mæti á manntalsþingi á Grýtubakka á komandi vori og haldi uppi

<sup>342</sup> Skjal nr. 2 (91) a-b. Tveir menn votta að skjalið sé rétt skrifað upp eftir frumritinu á Stórolaugum 25. apríl 1695 og það var einnig lagt fram á manntalsþingi að Grýtubakka 29. apríl 1737.

<sup>343</sup> Skjal nr. 2 (93) a-b.

svörum fyrir kirkju sína. Steingrímur biskup sagði að engin skjöl þessu máli viðvíkjandi væri að finna í biskupsskjalasafni og í vísitasíubók Einars biskups Þorsteinssonar sé ekki minnst á Kaðalsstaði né Kaðalsstaðasel, hvorki undir Höfða né Grýtubakka á árunum 1694-1695. Loks minnir hann séra Hallgrím á að það sé skylda hans að halda Kaðalstaðaseli, sem sé talsverður hluti Kaðalsstaða, undir Hrafnagilskirkju.<sup>344</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir dýrleika Grýtubakka með Svæði og eyðikotunum Jórunnarstöðum og Kúsveinsstöðum í Hvalvatnsfirði vera eitt hundrað hundraða og eigi kirkjan þriðjung þessara landa. Grastekja var lítil en úthagar bjarglegir.<sup>345</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi sem ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724 er Grýtubakkakirkja sögð eiga kotið Svæði :

og 2. Eidekot i fiordum kollud

Kusveinsstader, og Jórunarstader. af þeim gielldst Echert ...<sup>346</sup>

Eigna Grýtubakkakirkju árið 1724 er getið í skýrslu um fjárhagsstöðu kirkna í Þingeyjarsýslu en hún var tekin saman 1726:

Kýrkia þesse á 2. Eidekot Jorunnarstade og Kwsveinstade j Eýstre fiördumm. hun á og j heimalande 30 hndr. hier ad auk eru henne pantsett 20 hndr. ur Grýtubacha, fyrrer Skullder tilfallnar j tyd Sal. Þorláks Benedictssonar. Eingenn er landskulld hier uppa sett, fir edur sýdar, ad minu Vite. Enn Kýrkiunnar hier ádurtalegg Eidekot, henne ónýt til Inntektar. ...<sup>347</sup>

Grýtubakki var vísiteraður af prófasti árið 1735. Í vísitasíunni stendur að kirkjan eigi þriðjung í heimalandi og 20 hundruð, sem pantsett hafi verið kirkjunni af eignarmanni.<sup>348</sup>

Í vísitasíu prófests á Grýtubakka árið 1753 er vitnað til áður nefnds gjafabréfs Jóns Arasonar biskups frá 1533:

Öllum tiedum eignum tiaest ad Kyrkiann enn nú halde fyrir utann þesse Sýdstnefndu 8 hndr. ...“. [8 hndr. í þarflegum peningum].<sup>349</sup>

Samkvæmt biskupsvísitasíu Grýtubakkakirkju árið 1828 á kirkjan:

... þridjung i heimalande, og því sem til liggur í rekum, XV vætta afreidslu útfrá Sandshorni til Senníngarvíkur eftir gíafa og Auglysingar brefi, biskups Jóns Arasonar, sub anno 1533, hvör þá var Eigandi Gritubacka, á hún jörd á

<sup>344</sup> Skjal nr. 2 (94) a-b.

<sup>345</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 37-38.

<sup>346</sup> Skjal nr. 2 (238) a-b.

<sup>347</sup> Skjal nr. 2 (235) a-b.

<sup>348</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.9. án nr.).

<sup>349</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.



Snærisvöllum (nú kallada Svæði) og 2 Eidikot í eystri Fiörðum, Jórunarstadi og Kúsveinsstadi, sama bref vottar og að hann hafi til hennar lagt ...<sup>350</sup>

Eftirfarandi máldagabrot var fært inn í kirkjustól Grýtubakkakirkju á eftir biskupsvísitási frá 1828:

Afskrift af Máldaga Broti, áhrærandi Grítubacka Kyrkiu Eigner og Jtök, sem Eyrikur Prestur Þorleifsson á Þóroddsstad í Kinn, fann af hendingu, meðal gamalla Skiala í Rauduskridu, og með deildi Kyrkiunnar Proprietario, undir 6tta Nov. næstlidna:

Þetta var í Skrúðakistunni á Grítubacka þá Síra Berfinnur<sup>351</sup> tók við henni. [síðan kemur upptalning á messuklæðum, bókum og kirkjugripum] Alla á Backi Afriett fyrir utann Diúpagil til til móts við Kadalstadi, á Backi alla Leirdals Heýdi, Anno Domine M.D.XXII

[Hér er sleppt upptalningu á rekum] under þetta hafa skrifad Paull Gudbrandsson Gisli Jónsson Hallur Ólafsson

upplesid og Protocollerad fyrir Rettinum a Gritubacka, settu áreidar þingi Laugardagenn 2 Jun. 1725. testerar Benedix Thorsteinsson

Ad framann skrifud Afskrift sé rettskrifud epter - og samhlióða með - Originalnum, - hvör á lausu Bladi liggur við Kyrkiuna á Grítubacka, - vitnum og stadfestum Vid undirskrifader með ockar eiginhandar undirskriftum“

J. Jónsson prestr á Höfða<sup>352</sup>

Lögfesta fyrir landi, skógaritökum og rekum Grýtubakka var lesin upp á manntalsþingi á sama stað 29. maí 1845. Inntaks er hins vegar ekki getið.<sup>353</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að sjálfseignarjörðin Grýtubakki með Lónsgerði, sem notaðist með heimajörðinni, og Grýtu, sé metin 60 hundruð að dýrleika. Einnig kemur fram í matinu að Grýtubakki hafi kjarrskóg til eigin nota og að landbrot spilli úthaga.<sup>354</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir m.a. um Grýtubakka:

Gritubakki áður metin sér 20 hndr. að dýrleika. ... Landrými er nóg fyrir allann pening, og í betralagi að kostum yfir höfuð, einnig vetrarútbeit nokkur. Fjár upprekstur til aflögu og hris til dengslis, einnig grasatekja fyrir heimilið ...<sup>355</sup>

Einnig kemur þar fram varðandi Grýtu:

<sup>350</sup> Skjal nr. 2 (124) a-b.

<sup>351</sup> Þetta nafn er tortryggilegt, gæti verið mislestur á nafninu Geirfinnur, en enginn prestur með því nafni finnst á Grýtubakka eða Höfða á þessum tíma samkvæmt Prestatali og prófasta.

<sup>352</sup> Skjal nr. 2 (179) a-b.

<sup>353</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.56.).

<sup>354</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>355</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

Gríta áður talin 10 hndr. að dýrleika. - ... Búfjárhagar eru í sameiningu við Gritubakka, og eru í meðallagi að landrými og gjæðum; vetrar útbeiti er hér nokkur, einnig hrís til dengslis sömuleiðis fjall upprekstur og grasatekja að til tölu í samlendunni; ...<sup>356</sup>

Landamerkjabréfi Grýtubakka frá 3. desember 1889 var þinglýst 17. júní 1890, svohljóðandi:

Að austan ræður fjallgarður sá er aðskilur Leirdalsheiði og Flateyardalsheiði, svo sem vötn deila inn í Grýtuskál [upphaflega skrifað, Grýtubakkaskál]. Þá ræður sunnan móti Kolgerði, Grýtan niður að merkjavörðu á syðri bakka hennar. [Hér er sleppt lýsingu á mörkum móti Nesi] Svo ræður að neðan Hólsá móti Hóli, og að utan Gljúfrá móti Bárðartjörn og Hvammi allt þar til lækur úr Stóraklettagili fellur í hana við Glúfrárvað. Þá ráða þaðan móti Grenivík reiðgötur á Leirdalsheiði út að vaði á Íllagilsá, en síðan Hvalvatnsfjarðará móti Gili og Kussungsstöðum. Að utan ræður móti Kaðalstöðum Selgil út og yfir frá Kussungsstöðum og utan við eyði býlið Kúsveinsstaði, á fjall upp. ...

Ábuandi Kaðalsstaða, hefir ef hann æskir þess, forgöngurétt að fá til leigu Jórunnarstaðaafrétt í Grýtubakkalandi, með sama eftirgjaldi sen aðrir bjóða ...

<sup>357</sup>

Bréfið er undirritað af Þorsteini Jónassyni. Það er samþykkt af Einari Ásmundssyni vegna Hléskóga, Ness og Hóls, Sv. Sveinssyni vegna Hvamms og Bárðartjarnar, Matthíasi Jochumssyni (presti á Akureyri) vegna Kaðalsstaða, G. Ólafssyni (presti í Höfða) vegna Kolgerðis og Þórði og Baldvin Gunnarssonum vegna Grenivíkur.

Að þessu er vikið í landamerkjabréf Kaðalsstaða frá 10. júní 1889 sem hér segir:

Þar eð hvorki máldagar nje nein önnur skjöl eða munnmæli geta gjört núlifandi mönnum ljóst, hvar Kaðalstaðasel það, sem forðum fylgt hefir jörðinni, hafi verið, er því sleppt á móti því, að eigendur Grýtubakka er lönd eiga nú á því svæði, lofa að byggja bónda þeim sem býr á Kaðalstöðum aftrjettinn Grýtubakkalands megin, ef hann æskir þess og býður jafnt eptirgjald eptir hann eins og aðrir, og skal sú kvöð haldast framvegis, ef leiguliðaskyldu er af Kaðalstaða ábúanda gætt og umboðsmenn Hrafnagilskirkju ekki kalla til áðurnefnds ítaks.<sup>358</sup>

Sjá að öðru leyti kaflann um Kaðalsstaði.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Grýtubakka hafi verið þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Grýtubakka eru einnig fengnar úr matinu:

<sup>356</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>357</sup> Skjal nr. 2 (16) a-b.

<sup>358</sup> Skjal nr. 2 (96).

Búfjárhagar allvíðlendir. Sumarbeitsland kjarngott, en langsótt fyrir sauðfé. Gripahagar allgóðir. Vetrarbeits engin sökum snjóþyngsla. Fjárgeymsla erfið. ... Jörðinni fylgir stórt upprekstrarland, notað fyrir heimafé.<sup>359</sup>

Jóhann Skaptason segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1969 að Grýtubakki eigi allan eystri hluta Leirdalsheiðar og land í Hvalvatnsfirði austan ár að Selgili, merkjagili Grýtubakka og Kaðalsstaða. Í því landi hafi verið býlin Jörunnarstaðir og Kúsveinsstaðir, kallist þar nú „Jörunnarstaðafrétt“ en heiðin austanverð kallist stundum „Bakkafrétt“. Landið sé nú notað sem „afréttur“ Höfðhverfinga.<sup>360</sup>

Árið 2005 var tekið fyrir í héraðsdómi Norðurlands eystra ágreiningsmál milli eigenda Grýtubakka 1 og 2 og Grýtubakkahrepps vegna Grenivíkur um landamerki á Leirdalsheiði frá svonefndum Hávörðum og norður úr. Í landamerkjabréfum beggja jarðanna er talað um að reiðgötur á Leirdalsheiði ráði merkjum milli jarðanna Grýtubakka og Grenivíkur, og í landamerkjabréfi Grýtubakka er miðað við það á Illagilsá, eða eins og segir í málsatvikalýsingu dómsins:

Eins og kröfugerð aðila er háttað snýst ágreiningur þeirra um í hvorri ánni [Illagilsá/Austurá eða Gilsá/Vesturá] „vað á Illagilsá“ er svo og við hvað sé átt með „reiðgötur“ á Leirdalsheiði í framangreindum merkjalýsingum.

Dómur var kveðinn upp 20. apríl 2005 með hnitsettum merkjum. Hann var staðfestur í hæstarétti 21. september 2006.<sup>361</sup>

### 5.23.1 Kúsveinsstaðir

Í bréfi frá 31. janúar 1533 kemur fram að Jón biskup Arason gefur Sigurði syni sínum jarðir, þ. á m. Grýtubakka og kirkjan þar eigi:

ij eydikot j eystrum fiordum er heita jorunnarstader og kusueinsstader.<sup>362</sup>

Í reikningum bændakirkna í Hólabiskupsdæmi frá 1569 kemur fram að Grýtubakkakirkja eigi:

tuo eydikot er heita Iorunna(r)stader og Kusueinstader j eystrum Fiordum. eingin hus A. og eigi bygdar j næstu hundrad ár.<sup>363</sup>

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 voru Kúsveinsstaðir taldir með í dýrleika Grýtubakka.<sup>364</sup> Um kotið sjálft segir þar:

Kusueinstader, í eyði undir 20 ár, en þar fyrir bygt eitt ár eður tvö, og þar fyrir bjuggu hjer tveir menn um fáein ár hvor, en oftast hefur þetta kot í eyði legið í manna minni.

Dýrleikinn óviss, því þetta kot hefur ei tíundast so menn viti.

<sup>359</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>360</sup> Jóhann Skaptason: *Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfafljóts og Fljótsheiðar*, bls. 50 og 52.

<sup>361</sup> Skjal nr. 1 (8).

<sup>362</sup> Skjal nr. 2 (222).

<sup>363</sup> Skjal nr. 2 (229).

<sup>364</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 37

Eigandinn Grýtubakka kirkja eður sjálfur staðurinn Grýtubakki.

Byggingarkosti veit enginn nálægur að undirretta, en meinast af þeim allitlir, þá bygt hefur verið.

Fóðrast kunni í úngneyti.

Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskarleysi. Enginn brúkar nú þetta eyðikot.<sup>365</sup>

Þó voru Kúsveinsstaðir nýttir, þegar búið var á Kaðalsstöðum að sögn Jarðabókarinnar, því að Kaðalsstaðir fá þessa umsögn:

Úthagarnir eru mjög litlir, og því var mjög hætt að engið beittist þá bygt var, nema hagi væri til fenginn á Kúsveinstöðum eður Bakka afrjett.<sup>366</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi, sem ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724, telst eyðikotið Kúsveinsstaðir í eigu Grýtubakkakirkju.<sup>367</sup> Eyðikotið Kúsveinsstaðir er einnig talið meðal eigna Grýtubakkakirkju í skýrslu um fjárhagsstöðu kirkna í Þingeyjarsýslu árið 1724, sem tekin var saman árið 1726.<sup>368</sup> Hið sama kemur fram í biskupsvísitasíu Grýtubakkakirkju árið 1828.<sup>369</sup>

Árið 1753 gat prófastur þess í vísitasíu að Grýtubakkakirkja héldi enn eignum sínum, sem getið var í gjafabréfi Jóns biskups Arasonar árið 1533, nema 8 hundruðum í þarflegum peningum.<sup>370</sup>

Á manntalsþingi á Grýtubakka 22. maí 1840 mótmælti Halldór eigandi Grýtubakka lögfestu fyrir Hrafnagilskirkjujörðinni Kaðalsstöðum frá 11. maí 1773 sem síðast hafði verið lesin upp árið 1804. Í staðinn lét hann lesa upp lögfestu Kúsveinsstaða frá 2. júní 1773 sem hafði seinast verið lesin upp 8. júní 1783. Inntak lögfestanna kemur ekki fram.<sup>371</sup> Nánar er fjallað um málið í kaflanum um Grýtubakka.

Hallgrímur Thorlacius prestur í Laufási skrifaði Steingrími Jónssyni biskupi vegna deilu þeirra Halldórs Pálssonar um Kaðalsstaðasel 14. janúar 1841. Nánar er fjallað um málið í kaflanum um Grýtubakka.<sup>372</sup>

Að sögn Jóns Sigurðssonar í sýslulýsingu hans stóðu Kúsveinsstaðir litlu norðar Jörunnarstöðum. Ekki sé vitað um byggð þar eftir 1690.<sup>373</sup>

Landamerkjabréf vantar fyrir Kúsveinsstaði. En landið virðist innan merkja Grýtubakka samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar.

<sup>365</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 58.

<sup>366</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 59.

<sup>367</sup> Skjal nr. 2 (238).

<sup>368</sup> Skjal nr. 2 (235) a-b.

<sup>369</sup> Skjöl nr. 2 (115) a-b og nr. 2 (124) a-b.

<sup>370</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

<sup>371</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.46.).

<sup>372</sup> Skjal nr. 2 (94) a-b.

<sup>373</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 110.

### 5.23.2 Jórunnarstaðir

Í bréfi frá 31. janúar 1533 kemur fram að Jón biskup Arason gefur Sigurði syni sínum jarðir, þ. á m. Grýtubakka. Segir þar að kirkjan þar eigi:

ij eydikot j eystrum fiordum er heita jorunnarstader og kusueinsstader.<sup>374</sup>

Í reikningum bændakirkna í Hólabiskupsdæmi frá 1569 kemur fram að Grýtubakkakirkja eigi:

tuo eydikot er heita Iorunna(r)stader og Kusueinstader j eystrum Fiordum. eingin hus A. og eigi bygðar j næstu hundrad ár.<sup>375</sup>

Biskupavísitasiur Grýtubakkakirkju á árunum 1715 og 1828 segja að kirkjan eigi eyðikotið Jórunnarstaði.<sup>376</sup>

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 voru Jórunnarstaðir taldir með í dýrleika Grýtubakka.<sup>377</sup> Um býlið sjálf segir Jarðabókin:

Iórunnarstader, fornt eyðiból austanframm í Hvalvatnsfirði, nokkuð utar en gagnvart Gili. Þar sjást byggíngaleifar af tóftarústum, en ekki girðingar, hefur og ekki bygt verið frá gamalli tíð.

Þetta eyðiból liggur undir undir Grýtubakka með tilliggjandi landi og kallast Bakka aftrjett.

Ekki má hjer aftur byggja fyrir snjóflóðum, sem menn hyggja að hafi eyðilagt þetta býli. Túnstaði er og nær ekkert og heyskapur mjög lítill.<sup>378</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi, sem ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724, telst eyðikotið Jórunnarstaðir í eigu Grýtubakkakirkju.<sup>379</sup> Eyðikotið Jórunnarstaðir er einnig talið meðal eigna Grýtubakkakirkju í skýrslu um fjárhagsstöðu kirkna í Þingeyjarsýslu árið 1724 sem tekin var saman árið 1726.<sup>380</sup>

Árið 1753 gat prófastur þess í vísitásiu að Grýtubakkakirkja héldi enn eignum sínum, sem getið var í gjafabréfi Jóns biskups Arasonar árið 1533, nema 8 hundruðum í þarflegum peningum.<sup>381</sup>

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir um Jórunnarstaði í sýslulýsingu sinni:

Grýtubakki á land austan ár í Hvalvatnsfjarðardal, móti löndum Gils og Kussungsstaða. Enn heitir þar Jórunnarstaðaafréttur, fagurt land, öldótt og skógivaxið. Árið 1525 eru Jórunnarstaðir taldir „eyðijörð forn“. [Síðan er

<sup>374</sup> Skjal nr. 2 (222).

<sup>375</sup> Skjal nr. 2 (229).

<sup>376</sup> Skjöl nr. 2 (115) a-b og nr. 2 (124) a-b.

<sup>377</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 37.

<sup>378</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 58.

<sup>379</sup> Skjal nr. 2 (238).

<sup>380</sup> Skjal nr. 2 (235) a-b.

<sup>381</sup> Skjal nr. 2 (178) a-b.

tilvitnun í Jarðabók Árna og Páls]. Aftur voru Jórunnarstaðir byggðir árið 1811-1812, og stóð byggðin aðeins árið.<sup>382</sup>

Landamerkjabréf vantar fyrir Jórunnarstaði. En landið virðist innan merkja kröfufsvæðis þinglýstra eigenda Grýtubakka.

## 5.24 Skarð

Elsta heimild um Skarð er í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 en þar er minnst á að tíund liggja þaðan til Laufáskirkju.<sup>383</sup>

Fimmtán hundruð í Skarði voru greidd m.a. upp í kaupverð hálf Miklagarðs í Eyjafirði 21. apríl 1345.<sup>384</sup>

Skarð var selt 10. maí 1464 samkvæmt vitnisburði 23. janúar 1471:

Med ollum þeim gaugnum oc gædum er greindri iordu hefer fylgt oc fylger at fornu oc nyio oc hann vard fremzt eigandi at. allt land oc skog at þui diupa gili er næst er firir vtan iordina þuera er þar liggj j sama dal.<sup>385</sup>

Skarð í Fnjóskadal, 20 hundruð, Mýri í Bárðardal, 16 hundruð, og fjögur málnytukúgildi voru goldin fyrir Stóruvoga á Vatnsleysuströnd 4. október 1489 samkvæmt vitnisburði 24. mars 1491:

sagdi hvorki þeirra odrv til landamerkia aa greindvm jordvm en hvort selld e odrv epter því sem jardernar ætti oc þeim hefde fylggt at forv oc nyiv oc þær hefðv fremst eigande at vordet.<sup>386</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir að Svaðaskarð sem almennilega kallist Skarð sé 30 hundruð að dýrleika. Grasatekja sé bjargleg fyrir heimilið, úthagarnir bæði miklir og sémilega grösugir. Þá þurftu ábúendur Pálsgerðis og Litlagerðis jafnan að þiggja beit af Skarðsmönnum fyrir beitartoll.<sup>387</sup>

Sjálfs eignarjörðin Skarð er sögð 30 hundruð í jarðamatinu 1804. Jörðin hefur kjarrskóg sem hún getur bæði nýtt sjálf og selt öðrum og eru árstekjur hennar af því einn ríkisdalur. Jörðin hefur líka einn ríkisdal á ári í tekjur af leigu á „afrétt“. Í jarðamatinu kemur einnig fram að skriður spilli úthaga.<sup>388</sup>

Þann 7. júlí 1829 seldi séra Jón Jónsson í Möðrufelli, umboðsmaður jarðarinnar Skarðs, Halldóri Jónssyni í Öxnafeili í Eyjafirði þann helming Skarðs sem var í eigu séra Páls Magnússonar Thorarensens. Þessi jarðarhluti, sem metinn var til 15 hundraða, var seldur með öllum ítökum. J. Jónsson og J. Gottskálksson vottuðu söluna.<sup>389</sup> Tekið var fram um „afrétt“ eða eins og segir í afsalsbréfinu:

<sup>382</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 110.

<sup>383</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>384</sup> Skjal nr. 2 (185).

<sup>385</sup> Skjal nr. 2 (203).

<sup>386</sup> Skjal nr. 2 (210).

<sup>387</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 26-27 og 28.

<sup>388</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>389</sup> Skjal nr. 2 (54) a-b.

þennan Jardar Helfmíng, segi eg, með nefndum kúgildis Am, sel eg og til eignar heimila Bónða og siálfeigara Mr Halldóri Jonssyni á Öxnafellu í Eyafirði ásamt öllum nefndrar Jardar helfmíngi fylgiandi Húsum Túni Eingium Uthaga Afrétt Skógarlandi og öðrum Itökum undan Síra Pauli og Erfingium hans, under Mr Halldór og hans Erfingia, uppfrá þessu.<sup>390</sup>

Um Skarð segir í jarðamatinu 1849-1850:

Skarð áður talið 30 hndr. að dýrleika. - ... Landrými er mikið, og í betralagi að gjæðum, liggur undir skriðu áföllum, einnig vetrar útbeit lítil, og torfrista eins; enn til kosta má telja grasatekju til hagræðis fyrir heimilið, og upprekstur í sama máta líðlega, einnig skóg til til kolagerðan talsverðan; hingað gjaldast 70 fiskar í beitar toll frá nærstu bæum, á báðar síður. ...<sup>391</sup>

Landamerkjabréf Skarðs er frá 13. mars 1886, lesið á manntalsþingi 8. júní 1886 og er svohljóðandi:

1. Á milli Skarðs og Þverár ræður merkjum lækur sá, er fellur í svonefndu Merkgili, þar sem það er í einu lagi um hjallann neðarlega í fjallshlíðinni, og þaðan ræður bein lína niður að Fnjóská, og einnig þaðan bein lína upp í svo nefnda Merkiskál og allt á fjall upp.
2. Þaðan liggja merkin eftir beinni línu út háfjallið út að svonefndri Innri-Höfðagilsá, og skiftir sú lína Skarðslandi, fyrst frá Þúfulandi nokkuð út eftir fjallinu, og síðan frá Vestari-Krókalandi. Innri-Höfðagilsá, rennur í svonefndu Innra-Höfðagili, og liggur gil það þvert fyrir botninum á svonefndum Skarðsdal, allt uppá fjall það, sem er Vestanvert við dalinn, og skilur áin Skarðsland frá Laufáskirkjulandi á fjall upp.
3. Milli Skarðs og Litlagerðis ræður merkjum lækur sá, er nefndur er Grefilslækur, og sem fellur í svonefndu Grefilsgili, frá Fnjóská á fjall upp. Síðan liggja merkin frá Grefilsgilsbotni, eftir beinni línu út háfjallið, út í Skarð það, sem liggur í gegnum fjallið úr Innra-Höfðagilsbotninum, í svo nefnda Grýtuskál.
4. Fnjóská skiftir Skarðslandi frá Laufás og Skuggabjargalöndum.<sup>392</sup>

Jóhann Bessason á Skarði sagðist hafa samið landamerkjalyðinguna eftir beiðni jarðeiganda og væri hún svo rétt sem hann best vissi og honum hefði verið sagt af hér kunnugum. Bréfið var samþykkt af: Gísla Ásmundssyni eiganda og ábúanda Þverár, Eldjárn Ásmundssyni vegna Þúfu, Magnúsi Jónssyni (presti í Laufási) sem umboðsmanni Laufásstaðarlands, Höfðagiljalands og Litlagerðis.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Skarðs hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Skarð eru einnig úr matinu:

<sup>390</sup> Skjal nr. 2 (54) a-b.

<sup>391</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>392</sup> Skjal nr. 2 (38) a-b.

Búfjárhagar víðlendir og kjarngóðir. Sumarland mjög gott fyrir sauðfé, en gripahagar snögglendir. Snjóþyngsli afarmikil og vetrararbeit völt. Fjárgeymsla mjög örðug. ... Upprekstrarland á jörðin fyrir sig. ... Ágangur nokkur af afréttarfé og nágrannabæjum.<sup>393</sup>

## 5.25 Litlagerði

Fyrsta heimild um Litlagerði er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 en þar segir:

Litlagierde, partur af heimajörðinni. Bygt á fjárhússtæði jarðarinnar fyrir vel 50 árum, afdeilt einasta að túni og útslægjum, og reiknast fjórðungur allrar jarðarinnar, að dýrleika v hndr., og so tíundast ut supra.<sup>394</sup>

Einnig er þar getið býlisins Hjáleigu, sem var hjáleigunefna milli Pálsgerðis og Miðgerðis en í landi Pálsgerðis, byggð fyrst það menn vissu fyrir 41 ári, síðan ýmist í byggð eða eyði þar til fyrir 24 árum að hún lagðist í eyði.<sup>395</sup>

Raunar er Pálsgerði lögfest ásamt tveimur þar við liggjandi nýlendum og öllum þeirra trjám og húsum í lögfestu séra Markúsar Geirssonar frá 22. apríl 1678.<sup>396</sup> Önnur þessara nýlendna hlýtur því að vera Pálsgerði þó hún sé ekki nefnd á nafn árið 1678. Hin nýlendan gæti hafa verið Hjáleiga áðurnefnd, sem e.t.v. er sama og Geitagerði sem getið er í kirknareikningum 1723-1724:

Geitagerde Eidekot og óbigt æfenn lega nema umm 2. edur 3. ár fyrir Hallæred mikla Sem hier yfer gieck i þyngEyar Sýslu Hvad Bæde menn og skiepnur nydur Hrundu, Sydann eru 54 ár þa galldst af þessu kote 20 al. alldreí Sydann.<sup>397</sup>

Séra Geir Markússon lögfesti Pálsgerði og Litlagerði með öllum þeirra trjám og húsum á manntalsþingi að Grýtubakka 6. maí 1713.<sup>398</sup> Séra Stefán Einarsson í Laufási lögfesti m.a. Pálsgerði með afbýlinu Litlagerði 11. maí 1751.<sup>399</sup>

Í áföstu skjali við eignaskrá séra Magnúsar Ólafssonar í Laufási árið 1635 er vikið að eignum Laufáss eftir úttekt árið 1738 og þar er Litlagerði sagt hjáleiga frá

<sup>393</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>394</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 28.

<sup>395</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 28.

<sup>396</sup> Skjal nr. 2 (69) a-b. Lögfestan var lesin samdægurs á manntalsþingi á Grýtubakka en sama lögfesta var einnig lesin upp við Laufáskirkju fyrsta sunnudag eftir trinitatis 1681, á sama stað 18. júní 1682 og loks aftur á manntalsþingi á Grýtubakka 30. apríl 1710.

<sup>397</sup> Skjal nr. 2 (231) a-b.

<sup>398</sup> Skjal nr. 2 (71) a-b. Lestur umræddrar lögfestu var endurtekinn á sama stað 20. maí 1726, 26. maí 1727, 20. maí 1729, 7. júní 1732, 4. júní 1736 og einnig við Laufáskirkju 20. maí 1729.

<sup>399</sup> Skjal nr. 2 (72) a-b. Samhljóða eru lögfestur eftirfarandi Laufáspresta sem flestar voru lesnar upp oftar en einu sinni á manntalsþingum á Grýtubakka og oft einnig frammi fyrir söfnuðinum í Laufási: Lögfesta séra Jóns Vídalíns frá 1. júní 1764, lögfesta séra Jóns Egilssonar frá 11. júní 1770, lögfesta séra Stefáns Halldórssonar frá 11. maí 1786, lögfesta séra Hannesar Scheving frá 2. maí 1798, lögfesta séra Gunnars Hallgrímssonar frá 19. júní 1818 og lögfestur séra Gunnars Gunnarssonar frá 22. maí 1840 og 21. maí 1841 sbr. skjal nr. 2 (73) a-b – skjal nr. 2 (79) a-b.



lögbýlinu Pálsgerði með 40 álna landskuld, þ.e. 1/3 af heildar landskuldinni, en með helming kúgildanna.<sup>400</sup>

Í greinargerð um Laufássprestakall frá 1782 kemur fram að Litlagerði sé afbýli sem fylgi Pálsgerði.<sup>401</sup>

Í jarðamatinu 1804 er sagt að Litlagerði sé hjáleiga Pálsgerðis. Samkvæmt matinu spilla skriðuföll og grjótfok úthaga.<sup>402</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Litlagerði:

Litlagerði áður byggt úr Pálsgerðislandi, og talið 6½ hndr. að dýrleika. - ...

Úthagar eru hér litlir og léttir, vetrar útbeit lítil ...<sup>403</sup>

Landamerkjabréf Litlagerðis er dagsett 22. maí 1886 og því var þinglýst 8. júní sama ár. Í því kemur m.a. fram eftirfarandi:

1. Að austan ræður Grefilslækur frá Fnjóská og upp á háfjall.
2. Að sunnan Fnjóská.
3. Að vestan er stefnan úr stórum steini niður við Fnjóská upp á há bakkanum, fyrir utan og neðan Litlagerði í Ytri-Tvístein fyrir utan og ofan Litlagerðisbæ. Þessir tveir steinar ráða stefnu merkjanna neðan frá á uppá fjallsbrún.
4. Að norðan ræður fjallsbrúnnin.<sup>404</sup>

Magnús Jónsson prestur í Laufási skrifar undir bréfið en hann var einnig umráðamaður Pálsgerðis. Jóhann Bessason samþykkir það vegna Skarðslands.

Varðveist hefur virðingargerð Litlagerðis, frá 3. júní 1916, væntanlega vegna fyrirhugaðrar sölu en önnur gögn um söluna hafa ekki fundist. Í henni kemur m.a. fram að land jarðarinnar sé mjó landspilda frá Fnjóská og upp til fjalls. Útbeit er sögð lítil á vetrum en sumarhagar taldir góðir.<sup>405</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki kirkjujarðarinnar Litlagerðis hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Litlagerði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar nokkuð rúmir. Vetrarþeir rýr, enda nokkuð snjóþungt. Gripahagar allgóðir, en fremur þröngir. Landlétt heldur, en skjólasamt og hægt.<sup>406</sup>

Einnig kemur fram í matinu að Grenivíkursturur sé umráðamaður Litlagerðis. Litlagerði fór í eyði árið 1960 og var keypt undir Skarð sex árum síðar.<sup>407</sup>

<sup>400</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b.

<sup>401</sup> Skjal nr. 2 (66) a-b.

<sup>402</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>403</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>404</sup> Skjal nr. 2 (34) a-b.

<sup>405</sup> Skjal nr. 2 (140).

<sup>406</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>407</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 62 og 95.

## 5.26 Pálsgerði

Í kaflanum um Borgargerði hér að framan er fjallað um Smálönd þau sem Laufáskirkja átti og vísast til þess.

Við afhendingu Laufásstaðar 4. maí 1559 kemur fram að í Pálsgerði séu kúgildi.<sup>408</sup> Er það í fyrsta skipti sem Pálsgerði er nefnt sérstaklega.

Pálsgerði, með hundraðs landskuld, er talið meðal jarða Laufáskirkju í vísitasíu Þorláks biskups Skúlasonar árið 1631.<sup>409</sup> Sama kemur fram í skoðun á Laufáskirkju 10. apríl 1686,<sup>410</sup> við biskupsvísitasúr 1687,<sup>411</sup> 1694,<sup>412</sup> 1701<sup>413</sup> og 1715,<sup>414</sup> og prófastsvísitasíu 1735.<sup>415</sup>

Í skrá séra Magnúsar Ólafssonar í Laufási yfir eignir kirkjunnar árið 1635 kemur fram að kirkjan eigi Pálsgerði sem metið sé til 20 hundraða.<sup>416</sup>

Markús Geirsson prestur í Laufási lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar 22. apríl 1678, m.a. Pálsgerði ásamt tveimur þar við liggjandi nýlendum og öllum þeirra trjám og húsum.<sup>417</sup>

Að sögn Jarðabókar Árna og Páls frá 1712 var dýrleiki Pálsgerðis með Litlagerði 20 hundruð en heimajörðin reiknaðist fyrir 15 hundruð. Úthagar voru bæði litlir og hrjóstrugir.<sup>418</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724 er sagt að Pálsgerði með hjáleigunni Litlagerði sé afbýli Laufáss með 90 álna landskuld.<sup>419</sup>

Lögfesta Sölva ábúanda í Pálsgerði var lesin upp á manntalsþingi á Grýtubakka 27. maí 1739. Inntaks lögfestunnar kemur aðeins fram að hluta til en þar segir að lögfest sé:

... ad tilteknu landamerke ad nordann læk þeim er enn kallast Merkislækur.<sup>420</sup>

<sup>408</sup> Skjal nr. 2 (228).

<sup>409</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b.

<sup>410</sup> Skjal nr. 2 (104) a-b.

<sup>411</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b. Þá nefnt Hálsgerði sem er örugglega ritvilla.

<sup>412</sup> Skjal nr. 2 (108) a-b.

<sup>413</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b.

<sup>414</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b.

<sup>415</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

<sup>416</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b.

<sup>417</sup> Skjal nr. 2 (69) a-b. Það sama kemur fram í lögfestu séra Geirs Magnússonar sem lesin var upp á manntalsþingi á Grýtubakka 6. maí 1713. Sá lestur var endurtekinn á sama stað 20. maí 1726, 26. maí 1727, 20. maí 1729, 7. júní 1732, 4. júní 1736 og einnig við Laufáskirkju 20. maí 1729, sbr. skjal nr. 2 (71) a-b. Í lögfestu séra Stefáns Einarssonar í Laufási frá 11. maí 1751 lögfestir hann m.a. Miðgerði sem hann segir heimaland staðarins, sbr. skjal nr. 2 (72) a-b. Samhljóða eru lögfestur eftirfarandi Laufáspresta sem flestar voru lesnar upp oftár en einu sinni á manntalsþingum á Grýtubakka og oft einnig frammi fyrir söfnuðinum í Laufási: Lögfesta séra Jóns Vídalíns frá 1. júní 1764, lögfesta séra Jóns Egilssonar frá 11. júní 1770, lögfesta séra Stefáns Halldórssonar frá 11. maí 1786, lögfesta séra Hannesar Scheving frá 2. maí 1798, lögfesta séra Gunnars Hallgrímssonar frá 19. júní 1818 og lögfestur séra Gunnars Gunnarssonar frá 22. maí 1840 og 21. maí 1841 sbr. skjal nr. 2 (73) a-b – skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>418</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 27-28.

<sup>419</sup> Skjal nr. 2 (239) a-b.

<sup>420</sup> Skjal nr. 2 (125) a-b.

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Laufáskirkjújörðin Pálsgerði með Litlagerði sé sögð 20 hundruð. Einnig kemur fram í matinu að skriðuföll og grjótfok spilli úthaga.<sup>421</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur:

Pálsgerði, talin sér 13½ hndr. að dýrleika ... Úthagi er hér lítill, uppblásinn, og liggur undir skriðuáföllum, og vetrarútbeit, þess vegna lítill ...<sup>422</sup>

Þann 24. maí 1886 var landamerkjabréf fyrir Pálsgerði útbúið og þinglesið 8. júní sama ár:

1. Að austan er stefnan úr stórum steini niður við Fnjóská, upp á há bakkanum fyrir utan og neðan Litlagerði í Ytri-Tvístein fyrir utan og ofan Litlagerðisbæ. Þessir tveir steinar ráða stefnu merkjanna neðan frá á uppá fjallsbrún.
2. Að sunnan (suðvestan) ræður Fnjóská.
3. Að vestan (utan) ræður neðan frá Fnjóská Merkilækur uppá Kúahjalla og svo þaðan beint á fjall upp
4. Að norðan (norðaustan) er fjallsbrúnin.<sup>423</sup>

Magnús Jónsson prestur í Laufási skrifaði undir landamerkjabréfið. Hann var umráðamaður jarðanna báðum megin, Miðgerðis og Litlagerðis.

Virðing vegna fyrirhugaðrar sölu Pálsgerðis fór fram 5. maí 1913. Þar kemur m.a. fram að allt land jarðarinnar sé mjó landspilda um 350 faðmar á breidd frá ánni og allt upp til fjalls og mikið af landinu sé mjög grýtt en graslendi sé aðeins að finna niður við ána og upp að bænum. Í virðingunni segir ennfremur:

Útbeit er lítill, því mest af graslendi jarðarinnar er slegið árlega og eins og áður er sagt, landrymi lítið. Ágangur af fé og gripum er mikill, sem orsakast af þéttbýlinu og einnig af því, að jörðin liggur undir brattri fjallshlíð og því stöðugur straumur af fé úr fjallinu, sem afréttarfé rennur í á sumrin.<sup>424</sup>

Pálsgerði var selt Birni Árnasyni og er afsal Stjórnarráðsins dagsett 31. maí 1915.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Pálsgerðis hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Pálsgerði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar litlir. Vetrarheit ekki teljandi. Gripahagar þröngir. Landið grýtt og bratt. ... Fjárgeymsla erfið. ... Ágangur nokkur af afréttarfé.<sup>425</sup>

Pálsgerði fór í eyði árið 1964 og var keypt undir Ártún árið 1984.<sup>426</sup>

<sup>421</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>422</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>423</sup> Skjal nr. 2 (35) a-b.

<sup>424</sup> Skjal nr. 2 (135).

<sup>425</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>426</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 63, 95.

## 5.27 Miðgerði

Í kaflanum um Borgargerði hér að framan er fjallað um Smálönd þau sem Laufáskirkja átti og vísast til þess.

Miðgerði er fyrst nefnt meðal eigna Laufáskirkju í vísitasíu Þorláks biskups Skúlasonar í Laufási árið 1631,<sup>427</sup> sömuleiðis í biskupavísitasíum kirkjunnar á árunum 1687<sup>428</sup>, 1694,<sup>429</sup> 1701<sup>430</sup> og 1715.<sup>431</sup> Sömuleiðis í vísitasíu Þorleifs Skaftasonar prófests árið 1735.<sup>432</sup>

Við skoðun Laufáskirkju 10. apríl 1686 er Miðgerði talið með heimalöndum kirkjunnar.<sup>433</sup>

Í skrá séra Magnúsar Ólafssonar í Laufási árið 1635 eru talin upp lönd sem Laufáskirkja eigi. Þar segir m.a.

item ä kirkiann ij Gerde fyrer utann Fnióskä oc eru bæde saman halldin xx hndr land eda huort fyrer sig x hndr. land, eru þau optast til slægna höfd.

Síðar í áföstu skjali er vikið að eignum Laufáss eftir úttekt 1738 og Miðgerði þar talið meðal heimalanda.<sup>434</sup>

Markús Geirsson prestur í Laufási lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar 22. apríl 1678. Þar á meðal Miðgerði og Borgargerði með öllum húsum, smærri og stærri, innan garðs jafnt sem utan. Lögfestan var lesin samdægurs á manntalsþingi á Grýtubakka en einnig lesin upp við Laufáskirkju fyrsta sunnudag eftir trinitatis 1681, á sama stað 18. júní 1682 og loks aftur á manntalsþingi á Grýtubakka 30. apríl 1710.<sup>435</sup>

Miðgerði er sagt heimaland Laufáskirkju í prófestsvísitasíu 1735.<sup>436</sup>

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 er Miðgerði heimaland Laufáss. Það liggir fyrir utan Fnjóská með afdeildu landi og sitji fyrir fátækra fylgd og boðburði eins og önnur lögbýli í sveitinni. Útigangur fyrir sauðfé er í

<sup>427</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b. Miðgerði er þá sagt stundum byggt.

<sup>428</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b. Miðgerði er þá talið með jörðum kirkjunnar og sagt stundum byggt.

<sup>429</sup> Skjal nr. 2 (108) a-b. Miðgerði er þá talið með jörðum kirkjunnar.

<sup>430</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b. Þá telur staðarhaldari Miðgerði byggt úr heimalandi kirkjunnar.

<sup>431</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b. Miðgerði er þá talið með heimalöndum.

<sup>432</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

<sup>433</sup> Skjal nr. 2 (104) a-b.

<sup>434</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b.

<sup>435</sup> Skjal nr. 2 (69) a-b. Það sama kemur fram í lögfestu séra Geirs Magnússonar sem lesin var upp á manntalsþingi á Grýtubakka 6. maí 1713. Sá lestur var endurtekinn á sama stað 20. maí 1726, 26. maí 1727, 20. maí 1729, 7. júní 1732, 4. júní 1736 og einnig við Laufáskirkju 20. maí 1729, sbr. skjal nr. 2 (71) a-b. Í lögfestu séra Stefáns Einarssonar í Laufási frá 11. maí 1751 lögfestir hann m.a. Miðgerði sem hann segir heimaland staðarins, sbr. skjal nr. 2 (72) a-b. Samhljóða eru lögfestur eftirfarandi Laufáspresta sem flestar voru lesnar upp oftár en einu sinni á manntalsþingum á Grýtubakka og oft einnig frammi fyrir söfnuðinum í Laufási: Lögfesta séra Jóns Vídalíns frá 1. júní 1764, lögfesta séra Jóns Egilssonar frá 11. júní 1770, lögfesta séra Stefáns Halldórssonar frá 11. maí 1786, lögfesta séra Hannesar Scheving frá 2. maí 1798, lögfesta séra Gunnars Hallgrímssonar frá 19. júní 1818 og lögfestur séra Gunnars Gunnarssonar frá 22. maí 1840 og 21. maí 1841 sbr. skjal nr. 2 (73) a-b – skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>436</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

meðallagi. Jörðin hefur smá skóg til eldiviðar en kolagerðarskógur er eyddur. Úthagar eru bjarglegir. <sup>437</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi, er ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724, er Miðgerði „bigt kot“ sagt afbýli Laufáss með 60 álna landskuld. <sup>438</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er Miðgerði ein hjáleigna Laufáss. Einnig kemur fram að skriðuföll og grjótfok spilli úthaga. <sup>439</sup>

Í umfjöllun um Miðgerði í jarðamatinu 1849-1850 stendur:

Miðgerði líka talin að fornu heimaland frá Laufási. ... Sá litli bithagi, sem koti þessu tilheyrir, er að mestu uppblásinn, og torfrista léleg. ... <sup>440</sup>

Þann 24. maí 1886 var útbúið landamerkjabréf fyrir Laufáskirkjujörðina Miðgerði og því þinglýst 8. júní sama ár. Þar segir:

1. Að austan (norðaustan) ræður neðan frá Fnjóská Merkilækur uppá Kúahjalla og svo þaðan beint á fjall upp.
2. Að suðvestan ræður Fnjóská.
3. Að utan: Neðan frá Fnjóská Merkilækur ytri upp undir Bæarhjalla; frá upptökum lækjarins, þar er stefnan í Syðra-Grástein á Bæarhjallanum og þá beint á fjall upp.
4. Að norðaustan ræður fjallsbrúin.

(Athugasemd. Innan nefndra takmarka fylgir Laufásstað:

1. Þrír útmældir engjateigir, 2. Hin svonefnda Tungu. Þetta hvorttveggja er undanþegið notkun Miðgerðis ábúanda, en áskilið Laufáspresti). <sup>441</sup>

Magnús Jónsson (prestur í Laufási) skrifaði undir landamerkjabréfið. Hann var umráðamaður aðliggjandi jarða, Borgargerðis og Pálsgerðis. Aftan við bréfið er skrifað:

Sje hjer um ítak að ræða er það brott fallið sökum þess að því var ekki lyst samkv. áskorun 20.5. '53. J. Skaptason

Virðing var framkvæmd á Miðgerði 3. maí 1913 vegna fyrirhugaðrar sölu jarðarinnar. Þar kemur m.a. fram að allt land hennar sé mjó landspilda, um 350 fadma á breidd, frá Fnjóská og upp til fjalls. Ágangur af sauðfé og gripum er sagður mikill vegna þéttbýlis en jafnframt vegna þess að jörðin stendur undir brattri fjallshlíð þar sem fullt sé af fænaði í stöðugu rennsli (hér er líkast til átt við afréttarfé, samanber það sem kemur fram varðandi sölu Pálsgerðis). Þess er jafnframt getið að landsdrottinn hafi tekið undan jörðinni, til eigin afnota, svokallaða Tungu á útengi og á síðastliðnum árum leigt ábúanda. Til forna voru afnot hennar látin koma móti vetrarþeirri yfir í

<sup>437</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 29.

<sup>438</sup> Skjal nr. 2 (239) a-b.

<sup>439</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>440</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>441</sup> Skjal nr. 2 (37) a-b.

Laufáslandi einhvern tíma vetrar. Miðgerði var selt Vilborgu Ívarsdóttur en afsalið er dagsett 31. maí 1915.<sup>442</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Miðgerðis hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Miðgerði eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar: Vetrarþing mjög lítil. Gripahagi þröngur. Landlétt, en fjárgeymsla hæg. ... Ágangur nokkur af afréttarfé.<sup>443</sup>

Miðgerði fór í eyði árið 1947.<sup>444</sup> Jörðinni var skipt milli Syðrigrundar og Ártúns 6. október 2002. Merkjalínan milli jarðarhlutanna er samsíða landamerkjum við Borgargerði í 258,5 m fjarlægð við þau.<sup>445</sup>

## 5.28 Borgargerði

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Laufáskirkja eigi:

smälönd aull. vpp til Gäsagils. og grefar ofann til sikz hia neslandi.<sup>446</sup>

Í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394 er Laufáskirkja sögð eigi

Smálaund aull. millum Gäsagils og vpp til grofuar. ofann til syks hia neslandi.<sup>447</sup>

Hið sama kemur fram í vísitasíu Jóns biskups Vilhjálmssonar frá 1429,<sup>448</sup> Sigurðarregistri en eldri hluti þess er frá 1525,<sup>449</sup> vísitasíu Jóns Vigfússsonar biskups 13. ágúst 1687,<sup>450</sup> vísitasíu Einars Þorsteinssonar biskups 4. ágúst 1694,<sup>451</sup> vísitasíu Steins Jónssonar biskups 11. ágúst 1715,<sup>452</sup> og vísitasíu Þorleifs Skaftasonar prófasts árið 1735<sup>453</sup>.

Jóhann Skaptason, sýslumaður, sem var fæddur í Litlagerði árið 1904, segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1969:

Utan Grefilsgils er Gerðahnjúkur og neðst í hlíðum hans jarðirnar, sem kallast Gerði. Þær eru nú allar í eyði, en nytjaðar frá nágrennajarðum. ... Til forna kallaðist þetta svæði Smälönd, upp til Grefar og niður til Síkis hjá Nesi.<sup>454</sup>

Gerði þessi, sem Jóhann nefnir, voru Borgargerði, Miðgerði, Pálsgerði og Litlagerði.

<sup>442</sup> Skjal nr. 2 (134).

<sup>443</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>444</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 87.

<sup>445</sup> Skjöl nr. 27 (4 og 5).

<sup>446</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>447</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>448</sup> Skjal nr. 2 (194).

<sup>449</sup> Skjal nr. 2 (219).

<sup>450</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b.

<sup>451</sup> Skjal nr. 2 (108) a-b.

<sup>452</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b.

<sup>453</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

<sup>454</sup> Jóhann Skaptason: *Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfafljóts og Fljótsheiðar*, bls. 46.

Borgargerði er fyrst nefnt meðal eigna Laufáskirkju í vísitasíu Þorláks biskups Skúlasonar í Laufási árið 1631,<sup>455</sup> sömuleiðis í biskupavísitasíum kirkjunnar á árunum 1687<sup>456</sup>, 1694,<sup>457</sup> 1701<sup>458</sup> og 1715.<sup>459</sup> Sömuleiðis í vísitasíu Þorleifs Skaftasonar prófests árið 1735.<sup>460</sup>

Við skoðun Laufáskirkju 10. apríl 1686 er sagt við upptalningu á jörðum kirkjunnar:

Besse eru heimalönd nu bigd: ... Hier ad auke Borgargierde Imist frá Stadnum brukad edur ödru Liedi. ...<sup>461</sup>

Í skrá séra Magnúsar Ólafssonar í Laufási árið 1635 eru talin upp lönd sem Laufáskirkja eigi. Þar segir m.a.

item ä kirkian ij Gerde fyrer utann Fnióskä oc eru bæde saman halldin xx hndr land eda huort fyrer sig x hndr. land, eru þau optast til slægna höfd.

Síðar í áföstu skjali er vikið að eignum Laufáss eftir úttekt árið 1738 og þar er Borgargerði talið meðal heimalanda.<sup>462</sup>

Markús Geirsson prestur í Laufási lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar 22. apríl 1678, þar á meðal Miðgerði og Borgargerði með öllum húsum, smærri og stærri, innan garðs jafnt sem utan.<sup>463</sup>

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 er Borgargerði heimaland Laufáss. Það sitji fyrir boðburði og förumannafylgd sem önnur lögbýli í sveitinni. Er vísað til þess varðandi Miðgerði að dýrleiki sé óviss því að kotið hafi aldrei tíundast. Útígangur fyrir sauðfé er með skárri móti. Jörðin hefur dálítinn skóg til eldiviðar en kolagerðarskógur er eyddur. Úthagar eru bjarglegir.<sup>464</sup>

<sup>455</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b. Borgargerði er þá sagt stundum byggt.

<sup>456</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b. Borgargerði er þá talið með jörðum kirkjunnar og stundum byggt.

<sup>457</sup> Skjal nr. 2 (108) a-b. Borgargerði er þá talið með jörðum kirkjunnar, í byggð og goldin af því landskuld.

<sup>458</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b. Þá telur staðarhaldari Borgargerði byggt úr heimalandi Laufáskirkju.

<sup>459</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b. Þá er Borgargerði talið með heimalöndum.

<sup>460</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

<sup>461</sup> Skjal nr. 2 (104) a-b.

<sup>462</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b.

<sup>463</sup> Skjal nr. 2 (69) a-b. Það sama kemur fram í lögfestu séra Geirs Magnússonar sem lesin var upp á manntalsþingi á Grýtubakka 6. maí 1713. Sá lestur var endurtekinn á sama stað 20. maí 1726, 26. maí 1727, 20. maí 1729, 7. júní 1732, 4. júní 1736 og einnig við Laufáskirkju 20. maí 1729, sbr. skjal nr. 2 (71) a-b. Í lögfestu séra Stefáns Einarssonar í Laufási frá 11. maí 1751 lögfestir hann m.a. Lómatjörn, sbr. skjal nr. 2 (72) a-b. Samhljóða eru lögfestur eftirfarandi Laufáspresta sem flestar voru lesnar upp oftar en einu sinni á manntalsþingum á Grýtubakka og oft einnig frammi fyrir söfnuðinum í Laufási: Lögfesta séra Jóns Vídalíns frá 1. júní 1764, lögfesta séra Jóns Egilssonar frá 11. júní 1770, lögfesta séra Stefáns Halldórssonar frá 11. maí 1786, lögfesta séra Hannesar Scheving frá 2. maí 1798, lögfesta séra Gunnars Hallgrímssonar frá 19. júní 1818 og lögfestur séra Gunnars Gunnarssonar frá 22. maí 1840 og 21. maí 1841 sbr. skjal nr. 2 (73) a-b – skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>464</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 29-30.

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi, sem ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724, er Borgargerði „bigt kot“ sagt afbýli Laufáss með 10 álna landskuld.<sup>465</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er Borgargerði hjáleiga Laufáss.<sup>466</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850 er sagt m.a. um Borgargerði:

Borgargerði áður talið heimaland Laufasstaðar ... Kot þetta er mjög landlítið, og búfjárhagar léttir og vetrar útbeit eins ...<sup>467</sup>

Landamerki Laufáskirkjujarðarinnar Borgargerðis var útbúið 24. maí 1886. Það var þinglesið 8. júní sama ár:

1. Að austan ræður fjallsbrúnin.
2. Að sunnan neðan frá Fnjóská Merkjälækur ytri upp undir Bæarhjalla; frá upptökum lækjarins, þar er stefnan í Syðri-Grástein í Bæarhjallanum og þá beint á fjall upp.
3. Að vestan Fnjóská.
4. Að utan ræður Kollulækur upp undir Þjóðvegabrautina. Svo er stefnan út eftir brautinni að austan eða skurðinum austan við brautina út að Merkjavörðu sunnan til við Hildarlágar þá úr þessari Merkivörðu upp í Merkjagil og eftir Merkigili beint á fjall upp.<sup>468</sup>

Magnús Jónsson (prestur í Laufási) skrifaði undir landamerkjabréfið. Laufáskirkja átti aðliggjandi jarðir, Grund og Miðgerði, og hafa því ekki aðrir verið kallaðir til undirskriftar. Samkvæmt korti á Skarð land á móti á fjalli.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki kirkjujarðarinnar Borgargerðis hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar eru þar einnig:

Búfjárhagar. Sumarhagar sæmilega góðir. Vetrararbeit rýr. Fjárgeymsla hæg.<sup>469</sup>

Einnig kemur fram í matinu að Laufásprestur sé umráðamaður Borgargerðis. Borgargerði fór í eyði árið 1962 og var keypt til Ártúns árið 1968.<sup>470</sup>

## 5.29 Ártún

Ártún var stofnað árið 1930 í syðsta hluta Grundarlands. Átti Laufás þar gamalt ítak til slæгна og var samið við umráðamenn beggja jarðanna um ábúðarrétt á trúlega 10 ha lands. Borgargerði var keypt árið 1968 og Pálsgerði árið 1984 og eru þau nýtt með

<sup>465</sup> Skjal nr. 2 (239) a-b.

<sup>466</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>467</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>468</sup> Skjal nr. 2 (3) a-b.

<sup>469</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>470</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 63 og 95. Skjal nr. 8 (4).



Ártúni.<sup>471</sup> Landbúnaðarráðherra seldi ábúanda Ártúns jörðina með öllum gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgdu og fylgja bar 30. ágúst 1967.<sup>472</sup>

### 5.30 Grund

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Laufáskirkja fái tíund af Grund.<sup>473</sup>

Eftirfarandi upplýsingar um það hvernig Grundarland komst í eigu Laufáskirkju er að finna í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394:

Ítem ä kyrkian Grundar land. sem sijra Jon luckti epter giord þeirra manna sem Biskup nefndi til. fyrir halft tolfða kugilldi og fyrer halft tolfða hundrad voru.<sup>474</sup>

Þetta er ítrekað í máldögum Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510.<sup>475</sup> Eignarhalds Laufáskirkju á Grund er getið í biskupsvísitasíum á árunum 1631,<sup>476</sup> 1687,<sup>477</sup> 1694,<sup>478</sup> 1701<sup>479</sup> og 1715.<sup>480</sup> Sömuleiðis í vísitasíu Þorleifs Skaftasonar prófasts árið 1735.<sup>481</sup>

Í skrá séra Magnúsar Ólafssonar í Laufási frá 1635 yfir eignir Laufáskirkju kemur fram að kirkjan eigi Grund sem metin sé til 30 hundraða.<sup>482</sup>

Jón Magnússon tók við Laufásprestakalli 1637 og hélt til 1675 en frá þeim tíma er óársett lögfesta hans fyrir eignum og ítökum kirkjunnar. Þar lögfestir hann m.a. Grund og Lómatjörn í steinmark það sem stenst á við Sóleyjardý og svo til fjalls upp.<sup>483</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi, er ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724, er Grund sögð afbýli Laufáss með 110 álna landskuld.<sup>484</sup>

<sup>471</sup> *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, bls. 63.

<sup>472</sup> Skjal nr. 7 (5).

<sup>473</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>474</sup> Skjal nr. 2 (190). Umræddur séra Jón var Magnússon og hélt Laufásstað í kringum 1390, sjá Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 292.

<sup>475</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>476</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b og skjal nr. 2 (67) a-b (mál nr. 3/2007).

<sup>477</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b.

<sup>478</sup> Skjal nr. 2 (108) a-b.

<sup>479</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b.

<sup>480</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b.

<sup>481</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

<sup>482</sup> Skjal nr. 2 (180) a-b.

<sup>483</sup> Skjal nr. 2 (68) a-b. Um embættistið séra Jóns Magnússonar, sjá Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófasta*, bls. 292. Það sama kemur fram í lögfestu séra Markúsar Geirssonar 22. apríl 1678 sem var lesin samdægurs á manntalsþingi á Grýtubakka og einnig við Laufáskirkju fyrsta sunnudag eftir trinitatis 1681, á sama stað 18. júní 1682 og loks aftur á manntalsþingi á Grýtubakka 30. apríl 1710 sbr. skjal nr. 2 (69) a-b. Hið sama kemur fram í lögfestu séra Geirs Magnússonar sem lesin var upp á manntalsþingi á Grýtubakka 6. maí 1713. Sá lestur var endurtekinn á sama stað 20. maí 1726, 26. maí 1727, 20. maí 1729, 7. júní 1732, 4. júní 1736 og einnig við Laufáskirkju 20. maí 1729, sbr. skjal nr. 2 (71) a-b.

<sup>484</sup> Skjal nr. 2 (239) a-b.

Grund er talin upp meðal kirkjujarða Laufás sem séra Gunnar Gunnarsson lögfesti á manntalsþingi á Grýtubakka 22. maí 1840. Inntaks er hins vegar ekki getið.<sup>485</sup>

Að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 voru úthagar á Grund bjarglegir, en þó mjög skriðurunnir til fjallsins. Þá er dýrleiki jarðarinnar sagður 30 hundruð.<sup>486</sup>

Kirkjujörðin Grund sem tilheyrir Laufási er sögð 20 hundruð í jarðamatinu 1804. Einnig kemur þar fram að lækur skemmi land.<sup>487</sup>

Um Grund segir eftirfarandi í jarðamatinu 1849-1850:

Grund áður talin 15 hndr. að dýrleika. - ... Búfjárhagar eru hjer léttir og litlir og útbeit i sama máta. ...<sup>488</sup>

Þann 24. maí 1886 var útbúið landamerkjabréf fyrir Laufáskirkjujörðina Grund sem var þinglesið 8. júní sama ár. Í bréfinu segir:

1. Að sunnan: Úr merkivörðu við þjóðveginn sunnan til við Hildarlágar í Merkgili, og þá eftir Merkgili og beint á fjall upp. Frá þessari Merkjavörðu liggja merkin stuttan spöl út eftir, eftir skurði fast við braut þjóðvegarins út á móts við Gegnis-upptök, svo ræður Gegnir og þá Fnjóská.

2. Að vestan ræður frá Merkivörðu fyrir utan og neðan Grund forn og beinn Merkjagarður, suður eftir flóanum allt suður til Fnjóskár, þar sem Sýki er kallað og yzta Kvísl árinna tekur að renna í suður.

3. Að utan: Úr Merkjavörðu fast við hinn forna merkigarð við Nesland fyrir utan og neðan Grund og beint í Ytri-Tvístein, og þá sama beina stefna á fjall upp.

4. Að austan ræður fjallsbrúin.<sup>489</sup>

Magnús Jónsson (prestur í Laufási) skrifaði undir landamerkjabréfið. Laufásprestur var umráðamaður aðliggjandi jarða, Lómatjarnar og Borgargerðis. Bréfið var samþykkt af Einari Ásmundssyni eiganda Ness.

Annað landamerkjabréf fyrir Grund var gert 3. júlí 1922, þinglesið s.á. og innfært í landamerkjabók 6. ágúst. Þar koma m.a. eftirfarandi upplýsingar fram:

Að sunnan ræður Kollulækur frá Fnjóská upp að skurði ofan við hinn gamla sýsluveg; þá eftir skurðinum norður að Merkivörðu við hann; þá stefna úr henni í Leysingardrag úr Merkgili og eftir því beint á fjall upp. – Að vestan ræður ysta kvísl Fnjóskár er rennur með grasbakkanum. Ennfremur frá Merkivörðu utan og neðan við Grund beinn merkigarður suður eftir flóanum, suður í Fnjóská, þar sem Síki er kallað og árkvíslin beygir til suðurs. Að

<sup>485</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.45).

<sup>486</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 30-31.

<sup>487</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>488</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>489</sup> Skjal nr. 2 (14) a-b.

norðan ræður stefna úr Merkivörðu beint í Tvístein, nú kallaður Skúti og sama stefna á fjall upp. Að austan ræður fjallseggin. – [Síðan er lýsing merkja engjaitaks Laufáss í Grundarlandi].<sup>490</sup>

Undir bréfið skrifar Árni Jóhannesson prestur á Grenivík (sem umráðamaður Grundar). Samþykkir voru: Björn Björnsson vegna Laufáss, Sveinn Þórðarson vegna Ness, Jóhanna Jóhannesdóttir ábúandi Grundar, Guðm. Sæmundsson ábúandi Lómatjarnar og Jón Sigurgeirsson ábúandi Borgargerðis.

Varðveist hefur virðingargerð Grundar frá 4. október 1915, væntanlega vegna fyrirhugaðrar sölu en önnur gögn um söluna hafa ekki komið fram. Í henni kemur m.a. fram að jörðin liggir undir brattri fjallshlíð, að austanverðu í Höfðahverfi milli Borgargerðis og Lómatjarnar. Útbeit er sögð fremur lítil á vetrum og beitiland fyrir sauðfé yfirleitt létt en dagott fyrir gripi. Ennfremur er þess getið að ágangur af sauðfé og gripum sé mikill vegna þéttbýlis en ábúandi hafi ráðið bót á því með því að girða af túnið og aðalengið fyrir gripum. Árni Jóhannesson, prestur í Höfða, skrifaði Stjórnarráðinu 27. nóvember 1916 og sendi inn skjöl varðandi sölu jarðarinnar sem hann var reyndar mótfallinn. Hann getur þess að jörðin sé að dýrleika metin jafnhátt og Lómatjörn og áður fyrir hafi leigumáli þeirra verið jafnhár þó að svo sé ekki lengur. Hann útskýrir misræmið með eftirfarandi hætti:

Á þessum mismun landsskuldarinnar stendur þannig, að á meðan jörðin heyrði til Laufásprestakalli, færði Laufásprestur niður landskuldina um 1 sauðinn, en tók aptur undir sig ákveðinn engjapart í Grundarlandi til slæгна aðeins. Eigi er þessa ítaks getið í brauðamatinu 1854. Þegar Grund var lögð til Þönglabakka, voru slægjuafnot af þessum engjaparti eigi látin fylgja, en ætíð hefir hann verið talinn innan landamerkja jarðarinnar, þangað til á síðustu landamerkjaskrá frá 1886; þar er hann ekki talinn. Landamerkjaskráin er því ekki rjett að þessu leyti. Hjer er að myndast eitt óvinsæla ítakið, er sjálfsagt virðist að kippt sje í lag, ef jörðin verður seld.<sup>491</sup>

Prestur bendir ennfremur á að ekki sé rétt greint frá í virðingargerðinni þar sem segi að Grundarbóndi leigi umræddan part af Laufáspresti aðallega til beitar heldur sé hann leigður til slæгна. Einnig er þess getið að Grund sé mjög vel fallin til sundurskiptingar í fleiri góð býli. Loks upplýsir hann um að ábúandi jarðarinnar, sem staðið hafi fyrir virðingargerðinni, hafi andast í marsmánuði 1916 en ekkja hans vilji halda kaupunum til streitu þó að hún muni tæpast sjálf búa þar framvegis.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki kirkjujarðarinnar Grundar hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar eru einnig í matinu:

Búfjárhagar víðlendir. Beitland gott fyrir gripi, en fremur létt fyrir sauðfé. Vetrararbeit lítil sökum snjóþyngsla. Fjárgeymsla óhæg.<sup>492</sup>

<sup>490</sup> Skjal nr. 2 (15).

<sup>491</sup> Skjal nr. 2 (142).

<sup>492</sup> Skjal nr. 2 (61).

Einnig kemur fram í matinu að Grenivíkursturur sé umráðamaður Grundar. Býlið Syðrigrund var byggt á hálfendu Grundar árið 1935.<sup>493</sup>

### 5.30.1 Syðri-Grund

Eftir fyrirsögn dómsmálaráðuneytisins voru þrír menn útnefndir til þess að skipta jörðinni Grund til helminga milli ábúendanna þar. Skiptin fóru fram 14. febrúar 1935 og var byrjað á því að ganga um landið og gaumgæfa landamerki en síðan voru stærð og gæði landsins athuguð, einkum ræktunarhæft land og slægjuland. Fram kemur að tún jarðarinnar er í tveim hlutum en ræktunarhæft land liggja milli þeirra og niður frá þeim. Mestur hluti landsins sé votlendi og þarfnist mikillar framræslu sérstaklega í ytri partinum en gamla túnið liggja eftir í þeim parti og sé það þurrrent. Að vel athuguðu máli urðu allir viðstaddir ásáttir um eftirfarandi landamerki á milli jarðarpartanna:

Við merki Neslands niður í Flóa ca 260 m. suður frá Lómatjarnarmerkjum er hlaðin varða, og frá henni liggja merkin beina línu til austurs 250 m. í aðra vörðu, sem þar er hlaðin, síðan til suðurs 170 m. í vörðu, og þaðan beina línu í stefnu til fjalls í ræsi í sýsluveginum þar sem Stekkjargilslækur fellur í gegn.

Fyrir ofan sýsluvegin er bithagi og svarðarland. Er bithaganum skift með beinni línu frá hinum nýju fjár húsum á Torfhól uppí Stekkjargil í fjallinu.<sup>494</sup>

Samkvæmt lögum skyldi réttindi til móttaks vera óskipt. Því næst var skiptagerðin lesin upp og samþykkt með undirskriftum allra viðstaddra. Auk þeirra sem stóðu fyrir skiptunum, skrifuðu undir þeir Helgi Snæbjarnarson fyrir ytri partinn og Magnús Snæbjarnarson fyrir syðri partinn.

Á grundvelli þessarar skiptingar var býlið Syðrigrund byggt á hálfendu Grundar árið 1935.<sup>495</sup>

### 5.31 Lómatjörn

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Laufáskirkja eigi Lómatjörn og tíund sé goldin þaðan.<sup>496</sup> Hið sama um eignarhald Laufáskirkju á Lómatjörn er endurtekið í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394,<sup>497</sup> vísitásiu Jóns Vilhjálmssonar árið 1429,<sup>498</sup> máldögum Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510,<sup>499</sup> vísitásiu Þorláks Skúlasonar 1631,<sup>500</sup> skoðun á Laufáskirkju 10. apríl 1686,<sup>501</sup> og

<sup>493</sup> *Byggðir og bú Suður-Pingeyinga 1985*, bls. 64.

<sup>494</sup> Skjal nr. 4 (31).

<sup>495</sup> *Byggðir og bú Suður-Pingeyinga 1985*, bls. 64.

<sup>496</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>497</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>498</sup> Skjal nr. 2 (194).

<sup>499</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>500</sup> Skjal nr. 2 (99) a-b.

<sup>501</sup> Skjal nr. 2 (104) a-b.

biskupavísitasíum á áunum 1687,<sup>502</sup> 1694,<sup>503</sup> 1701<sup>504</sup> og 1715.<sup>505</sup> Sama kemur fram í vísitasíu Þorleifs Skaftasonar prófests árið 1735.<sup>506</sup>

Lómatjörn er sögð 30 hundruð að dýrleika í skrá séra Magnúsar Ólafssonar í Laufási yfir eignir kirkjunnar þar árið 1635.<sup>507</sup>

Jón Magnússon tók við Laufásprestakalli 1637 og hélt til 1675 en frá þeim tíma er óársett lögfesta hans fyrir eignum og ítökum kirkjunnar. Þar lögfestir hann m.a. Grund og Lómatjörn í steinmark það sem stenst á við Sóleyjardý og svo til fjalls upp.<sup>508</sup>

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófestsdæmi, er ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724, er Lómatjörn sögð afbýli Laufáss með eins hundraðs landskuld.<sup>509</sup>

Úthagar á Lómatjörn voru í minna lagi og þar með hrjóstrugir til fjallsins að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 og þurftu ábúendur að þiggja beit af Nesmönnum. Dýrleiki jarðarinnar var þá 30 hundruð.<sup>510</sup>

Kirkjújörðin Lómatjörn sem tilheyrir Laufási er sögð 20 hundruð í jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að skriður spilli úthaga.<sup>511</sup>

Um Lómatjörn segir m.a í jarðamatinu 1849-1850:

Lómatjörn áður talin 20 hndr. að dýrleika. - ... Hér er heldur landþraung, og skriðuhætt á bithaga sem ekki er grasgéfín; ... og vetrarheit lítil ...<sup>512</sup>

Landamerkjabréf Lómatjarnar er frá 22. maí 1886 og var þinglýst 8. júní sama ár. Þar stendur:

1. Að sunnan: Úr Merkjavörðu, fast við hinn forna Merkjararð við Nesland fyrir utan og neðan Grund og í Ytri-Tvístein og þá sama beina stefna allt á fjall upp.

<sup>502</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b.

<sup>503</sup> Skjal nr. 2 (108) a-b.

<sup>504</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b.

<sup>505</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b.

<sup>506</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

<sup>507</sup> Skjal nr. 2 (190) a-b.

<sup>508</sup> Skjal nr. 2 (68) a-b. Um embættistíð séra Jóns Magnússonar, sjá Sveinn Nielsson: *Prestatal og prófesta*, bls. 292. Það sama kemur fram í lögfestu séra Markúsar Geirssonar 22. apríl 1678 sem var lesin samdægurs á manntalsþingi á Grýtubakka og einnig við Laufáskirkju fyrsta sunnudag eftir trinitatis 1681, á sama stað 18. júní 1682 og loks aftur á manntalsþingi á Grýtubakka 30. apríl 1710 sbr. skjal nr. 2 (69) a-b. Hið sama kemur fram í lögfestu séra Geirs Magnússonar sem lesin var upp á manntalsþingi á Grýtubakka 6. maí 1713. Sá lestur var endurtekinn á sama stað 20. maí 1726, 26. maí 1727, 20. maí 1729, 7. júní 1732, 4. júní 1736 og einnig við Laufáskirkju 20. maí 1729, sbr. skjal nr. 2 (71) a-b. Í lögfestu séra Stefáns Einarssonar í Laufási frá 11. maí 1751 lögfestir hann m.a. Lómatjörn, sbr. skjal nr. 2 (72) a-b. Samhljóða eru lögfestur eftirfarandi Laufáspresta sem flestar voru lesnar upp oftár en einu sinni á manntalsþingum á Grýtubakka og oft einnig frammi fyrir söfnuðinum í Laufási: Lögfesta séra Jóns Vídalíns frá 1. júní 1764, lögfesta séra Jóns Egilssonar frá 11. júní 1770, lögfesta séra Stefáns Halldórssonar frá 11. maí 1786, lögfesta séra Hannesar Scheving frá 2. maí 1798, lögfesta séra Gunnars Hallgrímssonar frá 19. júní 1818 og lögfestur séra Gunnars Gunnarssonar frá 22. maí 1840 og 21. maí 1841 sbr. skjal nr. 2 (73) a-b – skjal nr. 2 (79) a-b.

<sup>509</sup> Skjal nr. 2 (239) a-b.

<sup>510</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 31.

<sup>511</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>512</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

2. Að vestan: Frá Merkjavörðu hinn nefndi forni Merkjagarður út í Sóleyardý.
3. Að utan ræður bein lína neðan úr Sóleyardýi uppá fjall, og liggur hún um suðurbrún hæða þeirra, sem eru suður frá Hléskógum en utanvið Lómatjarnardal, í gilskoru, sem þar er upp undan og þá upp í gil sunnan við Dýahjalla og Grenishjalla á fjall upp.
4. Að austan ræður fjallsbrúin.<sup>513</sup>

Magnús Jónsson prestur í Laufási skrifaði undir bréfið. (Hann var jafnframt umráðamaður kirkjujarðarinnar Grundar). Einar Ásmundsson samþykkti vegna Ness og Hléskóga.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki kirkjujarðarinnar Lómatjarnar hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar eru einnig í matinu:

Búfjárhagar. Beitland fremur snögglent og vetrararbeit eigi að telja fyrir sauðfé.  
Fjárgeymsla erfið.<sup>514</sup>

Fram kemur líka í matinu að Grenivíkursturur sé umráðamaður Lómatjarnar.

### 5.32 Hléskógar

Elsta kunna heimild um Hléskóga er tylftardómur um Hléskóga í arfsmáli frá 28. apríl 1488.<sup>515</sup>

Hlíðskógar (þ.e. Hléskógar) voru seldir ásamt kaupahlutanum í Grýtubakka og fleiri jörðum 14. júlí 1531.<sup>516</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir dýrleika Hléskóga 20 hundruð, skóg til kolgerðar bjarglegan og nægan til eldiviðar með taði. Úthagar voru nokkrir gengnir undan jörðinni og síðan mjög landþröngt.<sup>517</sup>

Sjálfs eignarjörðin Hlíðskógar (Hléskógar) er sögð 20 hundruð í jarðamatinu 1804. Fram kemur einnig að skriður spilli beitolandi.<sup>518</sup>

Um Hléskóga segir m.a. í jarðamatinu 1849-1850:

Hléskógar að fornu taldir 20 hndr. að dýrleika ... Búfjárhagar eru hér litlir, en sæmilega góðir; og vetrar útbeit léleg fyrir sauðpening, enn betri handa stórgripum ...<sup>519</sup>

Landamerkjabréf Hléskóga er dagsett 23. apríl 1884 og því þinglýst 23. maí 1885:

Að neðan ræður, til móts við Nes, bein lína sunnan úr Sóleyardýi út eftir svokölluðum ófærum í Flæðakílinn, þar sem krókur verður á honum, og hann

<sup>513</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>514</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>515</sup> Skjal nr. 2 (209).

<sup>516</sup> Skjal nr. 2 (220).

<sup>517</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 36-37.

<sup>518</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>519</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

fer að renna í norður, en eftir það ræður killinn, þar til hann aftur stefnir í vestur.

Að utan ræður til móts við Grýtubakka og Grýtu, kill fyrir utan Landhólmaskott, og úr þeim kíll bein stefna upp í Naustadæl miðja, en þaðan bein lína upp í Bóndatóft. Þá ræður þaðan móti Kolgerði sjónhending í vörðu syðst og vestast á svokölluðum Bungum, svo sama bein lína upp í Grýtuhóla og svo enn úr því merki eftir röðlinum á hrygg þeim, sem er milli Benediktsskarðs og Grýtuskálar á fjall upp.

Að sunnan ræður til móts við Lómatjörn bein lína neðan úr Sóleyardýi upp á fjall, og liggur lína þessi um suðurbrún á hæðum þeim, sem eru utan við Lómatjarnardal í gilskoru, sem þar er uppundan, og þaðan upp í stórt gil [strikað yfir, við sjóinn] sunnan við Dýahjalla og Grenishjalla á fjall upp.<sup>520</sup>

Undir bréfið ritar Einar Ásmundsson í Nesi sem eigandi Hléskóga og Ness. Bréfið var samþykkt af: G. Ólafssyni (presti í Höfða) vegna Kolgerðis, Þorsteini Jónassyni vegna Grýtubakka og Magnúsi Jónssyni vegna Laufáskirkjujarðarinnar Lómatjarnar.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Hléskóga hafi verið þinglesin árið 1885. Eftirfarandi upplýsingar eru þar einnig:

Búfjárhagar. Beitland kjarngott fyrir sauðfé. Gripahagar litlir. Snjóþungt á vetrum. Fjárgeymsla hæg.<sup>521</sup>

### 5.33 Kolgerði

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Höfðakirkja eigi:

hialond. Kolsgerði.<sup>522</sup>

Hólsgerði/Kolgerði er hjáland Höfðakirkju samkvæmt máldögum Péturs Nikulásssonar frá 1394.<sup>523</sup> Samkvæmt máldögum Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461 - 1510 er Kolgerði eign Höfðakirkju.<sup>524</sup>

Fram kemur í biskupavísitásium Höfðakirkju frá 1694, 1715 og 1748 að Kolgerði sé heimaland kirkjunnar.<sup>525</sup>

Kolgerði var að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 kallað heimaland Höfða og hjáleiga þaðan. Kotið tíundaðist ekki og dýrleikinn því óviss. Var það byggt úr 15-16 ára eyði árið 1712.<sup>526</sup>

<sup>520</sup> Skjal nr. 2 (19) a-b.

<sup>521</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>522</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>523</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>524</sup> Skjal nr. 2 (197).

<sup>525</sup> Skjöl nr. 2 (110) a-b, nr. 2 (114) a-b og nr. 2 (117) a-b.

<sup>526</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 38-39.

Í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi er ná yfir tímabilið febrúar 1723 – febrúar 1724 telst Kolgerði meðal afbýla eða heimalanda staðarins í Höfða.<sup>527</sup>

Kolgerði er sagt hjáleiga Höfða við prófastsvísitásiu í Höfða árið 1753.<sup>528</sup>

Við afhendingu Höfða árið 1804 var Kolgerði sagt heimaland staðarins.<sup>529</sup>

Kolgerði, sem telst hjáleiga Höfða í Höfðahverfi, hefur kjarrskóg til eigin nota samkvæmt jarðamatinu 1804.<sup>530</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1849-1850 var Kolgerði áður talið heimaland frá Höfða. Þar stendur einnig:

Landrými er hér nóg, og landfint einnig vetrar útbeit í betralagi; torfrista er ill; en fá má hér hrís til dengslis sem stendur. ...<sup>531</sup>

Landamerkjabréf hjáleigunnar Kolgerðis er dagsett 19. maí 1885 en var þinglýst 23. maí sama ár. Þar stendur:

Frá Bóndatóft ræður sjónhending milli Hléskóga og Kolgerðis í vörðu, syðst og vestast á svokölluðum Bungum; svo þaðan bein lína uppí neðanverðan röðulinn á Litlahnjúk milli Grýtuskálar og Benediktsskarðs. [Hér er skemmd í frumriti og verður ekki lesið en orðið hefur verið stutt] frá Bóndatóft bein stefna út í Bleiksskál og þaðan út í Grýtuna og eftir henni uppí Grýtuskál; hér að auki frjálts upprekstur á heiðina og kúa og hestaganga í Grýtubakkalandi.<sup>532</sup>

Undir bréfið skrifar G. Ólafsson (prestur) í Höfða. Landamerkin voru samþykkt af Einari Ásmundssyni vegna Hléskóga og Þorsteini Jónassyni vegna Grýtubakka. Uppreksrar-, kúa- og hestagönguítökunum var ekki lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953.

Varðveist hefur virðingargerð Kolgerðis, frá 30. maí 1916, væntanlega vegna fyrirhugaðrar sölu en önnur gögn um söluna hafa ekki fundist. Í henni kemur m.a. fram að jörðin liggir undir brattri fjallshlíð ofan við Grýtubakka rétt innan við Leirdalsheiði sem takmarki land jarðarinnar að norðan en Hléskógaland að sunnan. Útbeit er sögð lítil á vetrum vegna snjóþyngsla en beitiland gott þegar til þess náist, sumararbeit góð fyrir sauðfé og gripi því að jörðin eigi tilkall til beitar í landi Grýtubakka frá gamalli tíð. Ennfremur segir:

Ágangur af sauðfé er mikill af aftrjetti Grýtubakkahrepps, sem liggur að landi jarðarinnar, eins og áður er sagt, þó er nokkur bót á því ráðin, því ábúandi hefir girt af tún og engi á 2 vegu, og er girðingin eign hans.<sup>533</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki kirkjujarðarinnar Kolgerðis hafi verið þinglesin árið 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Kolgerði eru þar einnig:

<sup>527</sup> Skjal nr. 2 (237) a-b.

<sup>528</sup> Skjal nr. 2 (174) a-b.

<sup>529</sup> Skjal nr. 2 (176) a-b.

<sup>530</sup> Skjal nr. 2 (56) a-b.

<sup>531</sup> Skjal nr. 2 (58) a-b.

<sup>532</sup> Skjal nr. 2 (24) a-b.

<sup>533</sup> Skjal nr. 2 (141).



Búfjárhagar: Sumarheit góð fyrir allan búfénað. Kjarngóð vetrarheit en snjóþungt mjög. ... Fjárgeymsla erfið. ... Jörðin á upprekstur fyrir sig í Grýtubakkaafrétt. ... Ágangur af afréttarfé.<sup>534</sup>

Samkvæmt matinu var Grenivíkurstur umráðamaður Kolgerðis.

### 5.34 Sel

Fjölmargar heimildir víkja að selstöðu Laufáss á Flateyrdalsheiði. Í Auðunarmáldaga árið 1318 segir, að Laufáskirkja eigi:

selfor á flateyardals heydi. iij kum. oc so margar ær oc geytur. sem sa vill er a stad byr. vm. vj. vikur<sup>535</sup>

Máldagar Péturs Nikulássonar frá 1394 geta um þessa selför, en þá hafa bæst við tvö hross.<sup>536</sup> Það er svo endurtekið í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar, sem er frá árunum 1461-1510 og Sigurðarregistri en eldri hluti þess er frá 1525.<sup>537</sup> Síðan er selstöðunnar víða getið:

Geir Markússon gerði skilagrein á tekjum Laufásstaðar 2. september 1730, þar er selstaðan á Flateyrdalsheiði tiltekin.<sup>538</sup> „Selland“ á Flateyrdalsheiði var lögfest með Laufásprestakalli í lögfestum prestanna Jóns Magnússonar (eftir 1637), Markúsar Geirssonar (1678, 1681, 1682), Þorsteins Geirssonar (1686, 1687, 1688), Geirs Markússonar (1710, 1713, 1726, 1727, 1728, 1729, 1732, 1736), Stefáns Einarssonar (1751, 1762, 1763, 1765), Jóns Vídalíns (1764) Jóns Egilssonar (1770), Stefáns Halldórssonar og Gunnars Gunnarssonar (1840 og 1841).<sup>539</sup> Stefán Einarsson og eftirmenn hans tala um selland eða selför. Selfararinnar er einnig getið við Laufás í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725.<sup>540</sup>

Þá er selfararinnar getið í vísitasíu Jóns biskups Vigfússonar árið 1687.<sup>541</sup>

Ekkert er minnst á hvar á Flateyrdalsheiði selstaða þessi hefur verið fyrir en í greinargerð um Laufásprestakall árið 1782 en þá er selstaðan sögð í Krókalandi.<sup>542</sup> Hið sama segir Gunnar Hallgrímsson í lögfestu sinni fyrir Laufásstað 9. júní 1818.<sup>543</sup> En í lögfestu Hannesar Scheving fyrir Laufásstað 2. maí 1798 er talað um:

Selland edur Selför á Flateyrdals Heide edur Króka Fialle.<sup>544</sup>

Hið sama segir Gunnar Hallgrímsson segir í lögfestu sinni fyrir Laufásstað 9. júní 1818.<sup>545</sup>

<sup>534</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>535</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>536</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>537</sup> Skjöl nr. 2 (198 og 219).

<sup>538</sup> Skjal nr. 2 (65).

<sup>539</sup> Skjöl nr. 2 (68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 78 og 79).

<sup>540</sup> Skjal nr. 2 (231).

<sup>541</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b.

<sup>542</sup> Skjal nr. 2 (66).

<sup>543</sup> Skjal nr. 2 (77).

<sup>544</sup> Skjal nr. 2 (76).

<sup>545</sup> Skjal nr. 2 (77).

Séra Gunnar Gunnarsson segir í lýsingu Laufássóknar árið 1839:

Ítök kirkjunnar eru ennþá þau sömu sem máldagar biskupanna Auðunar, Ólafs, Péturs og Sigurðar registur henni tileinka, nefnilega:

1. Selför í Flateyrdalsheiði fjórum kúm og tveimur hrossum, og svo mörgum ám og geitum sem sá vill er á stað býr, um sex vikur. Mjög langt er samt síðan að selför þessi hefur verið héðan notuð, líklega vegna vegalengdar.<sup>546</sup>

Jón Sigurðsson frá Yztafelli segir í lýsingu sinni á Suður-Þingeyjarsýslu þar sem fjallað er um Austaríróka:

Þarna er mikið, víðlent og grasgefið engi, og á jörðin hliðar og láglandi allt suður að Uxaskarði; nefnist það Krókafjall.<sup>547</sup>

Raunar má velta því fyrir sér, hvort selstaðan hafi verið í því landi sem síðar kallaðist milli Höfðagilja. Af framansögðu kemur til álita að selstaða þessi hafi verið í landi Króka og þá fremur Austaríróka en Vestaríróka, í máli nr. 4/2007. E.t.v. hafa Krókarnir verið einir í upphafi en síðar orðið að tveimur jörðum.

Undir lok 17. aldar varð ágreiningur um land, þar sem Kaðalsstaðasel stóð, milli umráðamanna Hrafnagils- og Grýtubakkakirkna. Féll úrskurður í því máli árið 1695 þar sem Kaðalsstöðum var ályktað landið.<sup>548</sup> Var nokkuð um það fjallað í tengslum við Kúsveinsstaði.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 getur um munnmæli, að Grenivík ætti selför og torfskurð í heiðarland Hvamms, en ítakið ekki brúkast.<sup>549</sup> Einnig nefnir Jarðabókin Brettingsstaðasel:

eyðihjáleiga. Bygð upp í fyrstunni á selstæði heimajarðarinnar suður og upp undir fjallinu. Var ýmist bygð eða óbygð inn til næstu 5 ár<a>, síðan í auðn og var einasta afdeild að túni og útslægjum.<sup>550</sup>

Loks segir í Jarðabókinni í umfjöllun um Flateyrdalsheiði:

Ófeigsstaðir heitir býli hjer næst fyrir innan á heiðinni [þ.e. „býlisgreið“ Mógil], en ekki hefur þar verið búið í manna minni, en í seli var þar haft frá Grímslandi. Ekki vita nálægir hvör þetta land á með réttu, en áfast er það við Langamó.<sup>551</sup>

Ófeigsstaðir munu vera á sama stað og býlið Ófeigsá var byggt á um 1850.<sup>552</sup> Þönglabakkaprestur segir um Fjörður í sóknalýsingu árið 1839:

<sup>546</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, bls. 32.

<sup>547</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 133.

<sup>548</sup> Skjöl nr. 2 (89-92).

<sup>549</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 40 og 42.

<sup>550</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 66.

<sup>551</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 104-105.

<sup>552</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 127.

31. (*Selstöður.*) Öngvar af þessum jörðum brúka heldur selstöður; er og enginn vottur þess þær hafi verið brúkaðar.<sup>553</sup>

Höfðaprestur segir í sóknalýsingu Höfða- og Grýtubakkasókna árið 1840:

Selstöður eru hvergi uppi, né notaðar, en til eru þær og auramál þeirra má sjá innan til á Leirdalsheiði, frá Grýtubakka, Hvammi og Bárðartjörn. Mundi og þykja ringsamt samt að hafa á henni í seli, þar hún er notuð eingöngu til afréttar handa öllum peningi í kallinu, nema frá ystu strandarbæjunum. Er á henni gott þrifaland, þá í ári lætur.<sup>554</sup>

## 5.35 Afréttir og afréttarnot

### 5.35.1 Fjallskilareglugerðir

Elsta fjallskilareglugerð fyrir vesturhluta Þingeyjarsýslu, þ.e. Suður-Þingeyjarsýslu og Kelduneshrepp í Norður-Þingeyjarsýslu, er frá árinu 1893 og tók gildi 1. janúar 1894.<sup>555</sup>

Var þá svæðinu öllu skipt í þrjú fjallskilafélög: 1. Svæðið milli Jökulsár og Skjálfafljóts. 2. Svæðið vestan Skjálfafljóts og norðan Ljósavatnsskarðs, vestur í Fnjóskadal hjá Skógum og þaðan yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd. 3. Svæðið vestan Skjálfafljóts ofan við Ljósavatnsskarð. Hvert fjallskilafélag gat skipt í deildir eftir því sem hagar, fjöll og vatnsföll deildu (1. gr).

Allt land skiptist í „afréttir“ og heimalönd. Hreppsnefndir í hverjum hreppi ákváðu, hvað skyldu vera „afréttir“ og takmörk milli „afréttar“ og heimalanda. (3 gr.).

Hreppsnefndir skyldu gangast fyrir sveitarsamþykktum um, hvort nota skyldi heimalönd til upprekstrar fyrir geldfé eða lömb. Skyldi tekið skýrt fram, hver þau lönd væru og tala fjár, er í þau mætti reka. Heimalönd, sem heimild væri til fyrir að nota til upprekstra, skyldi skoða sem „afrétti“, enda væru þau notuð á þann hátt af fleiri en landeigendum sjálfum (4. gr).

Ef tveir eða fleiri menn ættu „afrétti“ saman, skiptust afréttartollar milli þeirra eftir tiltölu hvers og eins í „afrétti“, þótt einn leyfði frekar en aðrir. (9. gr.).

Fjárleitir á öræfi, sem ekki gætu talist til nokkurra „afrétta“, skyldu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir (29. gr).

Ný fjallskilareglugerð var sett árið 1904.<sup>556</sup> Mikilvægasta breytingin var á 3. grein, en fyrri málsgrein hennar var svohljóðandi:

Allt land skiptist í öræfi, afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrjetti, ef nauðsyn ber til, eptir tillögum hreppsnefnda og með samþykkt landeiganda.

<sup>553</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 70.

<sup>554</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 49.

<sup>555</sup> Skjal nr. 4 (9).

<sup>556</sup> Skjal nr. 4 (10).

Næstu fjallskilareglugerðir voru settar árin 1913 og 1920 (dálítil breyting gerð 1924).<sup>557</sup> Engar breytingar voru þá gerðar, sem tekur að nefna, en árið 1929 var svæðið gert að einu fjallskilafélagi eða eins og segir í 1. grein:

Suður-Þingeyjarsýsla, ásamt Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag, sem skiftist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum sveitarfélaga.

Stjórn og umsjón fjallskilamála breyttist samkvæmt 3. grein:

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri úr sínum flokki til að hafa á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála hreppsins og nefnast þeir fjallskilastjórnar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði hreppsnefnda.

Aðrar breytingar árið 1929 virðast ekki geta skipt máli vegna þess máls sem hér er til umfjöllunar.<sup>558</sup> Næsta fjallskilareglugerð, árið 1937, var fyrir Suður-Þingeyjarsýslu eina, sem og frá árunum 1952, 1959 og 1974, en árið 1952 var Húsavík orðin að kaupstað og því nefnd sérstaklega eftir það.<sup>559</sup> Breytingar, sem ástæða þykir til að nefna eru eftirtaldar:

Árið 1959 varð 4. grein svohljóðandi:

Allt land skiptist í öræfi, afréttir og heimalönd. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki hreppsnefndar komi til, enda hafi það aldrei áður í byggð verið.

Sýslunefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum hreppsnefndar, enda liggja samþykki landeigenda fyrir.<sup>560</sup>

Nýrri málsgrein var aukið í 4. grein í fjallskilareglugerðinni árið 1974:

Enn fremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir.<sup>561</sup>

Núgildandi fjallskilasamþykkt er frá árinu 1996 og er fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar, þ.e. Tjörnes-, Reykja-, Aðaldæla-, Reykdæla-, Skútustaða-, Bárðdæla-, Ljósavatns- og Hálshreppa og Húsavík. Hljóðar 4. grein svo:

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í almenninga, afrétti og heimalönd. Héraðsnefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum sveitarstjórna og með samþykki landeigenda. Ennfremur geta sveitarstjórnir með samþykki héraðsnefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land,

<sup>557</sup> Skjöl nr. 4 (11), nr. 4 (12) og nr. 4 (13).

<sup>558</sup> Skjal nr. 4 (14).

<sup>559</sup> Skjöl nr. 4 (15) - nr. 4 (18).

<sup>560</sup> Skjal nr. 4 (17).

<sup>561</sup> Skjal nr. 4 (18).

er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki héraðsnefndar komi til. Héraðsnefnd ákveður mörk á afréttum og almenningum.<sup>562</sup>

### 5.35.2 Almennt

Á manntalsþingi á Svalbarði 1797 kærði Bjarni bóndi á Gautsstöðum íbúa þingsóknarinnar fyrir þá óreglu að reka ekki ótemjur sínar á „afrétt“ á sumrin en sé það ekki gert þá gangi þær í búfjárhögum og valdi átroðningi og eyðileggingu. Hann spyr réttinn hvort eigendur séu ekki skyldugir til þess að reka ótemjur sínar á „afrétti“ úr búfjárhögum. Rétturinn var sammála því og skipaði bændum að vanrækja ekki að reka trippi og ótemjur sínar á fjöll. Hreppstjórar skyldu hafa umsjón með framkvæmdinni og sekta þá sem ekki fylgdu fyrir mælunum.<sup>563</sup>

Stefán Eyjólfsson bóndi á Nolli greindi frá því á manntalsþingi á Grýtubakka 19. maí 1806 að hann hefði ekki fengið meiri pening fyrir það greni sem hann hafði unnið síðastliðið vor í landareign Draflastaða. Hreppsmenn beindu því til úrskurðar sýslumanns hvort Fnjóskadalshreppur skyldi ekki greiða umgetinn grenistoll. En þar sem enginn var á staðnum fyrir hönd Fnjóskadalshrepps þá úrskurðaði sýslumaður að skyttan skyldi fá greiddan útlagðan kostnað fyrir hið unna greni frá Grýtubakkahreppi. Hreppstjóri skyldi sjá um greiðslurnar og einnig rukka Fnjóskadalshrepp um sinn hlut.<sup>564</sup> Sennilega hefur þetta greni ekki verið í landi því sem fellur undir mál 5/2007 en Jarðabók Árna og Páls frá 1712 talar um að hálfur Langimór sé eign Draflastaða. Því er bent á þetta.

Á manntalsþingi á Hálsi í Fnjóskadal 27. maí 1811 var eftirfarandi fært til bókar:

Frammfærðu Hreppstjórar þessa Hrepps, hvör naudsyn á væri að fyrir byggja, að ecki væri ofsett í hér innann hrepps liggjandi afréttar lönd, afréttar nábum og Egendum til Skada og að rétt Itala væri brúkud af ummráðendum, eptir því sem Landspartarnir kunna sannsýnilega að bera, einkum á Flateýardalsheidi; hvar uppá Sysslumadurinn urskurdadi: að so sem hreppstjórum er í Landslögnum yfirdreginn ummsjón með gjelldfjár Rekstrum á heidlendi, og á Sumar haga i hreppnum, so fylgir og þar af, að þeir ega að hafa Tilsjón umm, að sum Afréttar Lönd sjeu ecki ofsett, enn önnur Látinn aud standa, þegar þaug annars Nást fyrir Snjó þýngslum á vorinn, og líka að einginn Afréttar Egandi yfirskrýdi þá Itölu, sem hans AfréttarPlátz eptir stærð, gjædumm og sannsýnilegri Tiltölu, kann að bera, hvad Hreppstjórum byrjar að meta.<sup>565</sup>

<sup>562</sup> Skjal nr. 4 (20).

<sup>563</sup> Skjal nr. 2 (128) a-b.

<sup>564</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.

<sup>565</sup> Skjal nr. 2 (131) a-b.

Minnst er á „afrétt“ án þess að nákvæmlega komi fram hvar hún liggi í réttarhaldi sauðþjófnáðarmál Jónasar Stefánssonar frá Fagrabæ 19. febrúar 1838 en þá kom fram í máli Jónasar Sigfússonar hreppstjóra á Garðsvík á Svalbarðsströnd er hann var spurður út í einstök atriði í framburði Jónasar frá Fagrabæ:

Þessir 2 Saudir gátu eins komid ur Grundar Rett þar badar Rettirnar Kampsmyrar og Grundar hafa samanliggiandi Afrétt og flest alt það Fé er á heima á Svalbarðsströndinni og kémur fram i Grundar Rett gengur gegnum mig og frá mér aptur til Eigendanna á Ströndinni.<sup>566</sup>

En þetta bendir til þess að bændur á Svalbarðsströnd hafi rekið fé á Flateyjarðalsheiði.

Laufásprestur fjallar nokkuð um afréttarítök kirkju sinnar og afréttarmál sóknarinnar í sóknarlýsingu sinni árið 1838. Víkur hann þar að landinu milli Höfðagilja og Laufáshaga:

Þeir sem í þessu plássi ekki nota búfjárhaga sína fyrir afréttarfé sitt reka það út á Flateyjarðalsheiði.<sup>567</sup>

Um Jónsmessuleytið er fært lömbum frá ám og þau ásamt geldfé rekin á afrétt.<sup>568</sup>

Afar litlar upplýsingar er um „afrétti“ að finna í lýsingu Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasókna árið 1839 sem í raun nær ekki til máls 5/2007 þar eð Vestaríkrókar eru ekki á ágreiningsvæði í þjóðlendumáli þessu. Hið eina er um Flateyjarðalsheiði:

... sem er ½ þingmannaleið til sjóar og er afréttarland Fnjóskdælinga í úthluta dalsins.<sup>569</sup>

Engin almenn umfjöllun er um afrétti á Flateyjarðal eða heiðinni í sóknalýsingu Þönglabakkaprests árið 1839.

Þönglabakkaprestur segir í þeim hluta lýsingar sinnar, sem nær til Þönglabakkasóknar, árið 1839 að Fjörður eigi ekki „afréttar- eða upprekstrarland“ en flestar jarðir í Hvalvatnsfirði hafi „afréttarpart“ til leigu sem tilheyri Grýtubakka í Höfðahverfi (vikið er nánar að þessu í tengslum við Jörunnarstaði) en síðan segir um réttir:

Réttir eru öngvar haldnar öðruvísi en hvör réttar hjá sér heima þegar hreinsaðir eru búfjárhagar í útgöngu september og byrjun október mánaða. Er svo úrgangurinn látinn ganga boðleið um sveitina og loks til viðkomandi hreppstjóra.<sup>570</sup>

Takmarkaðar upplýsingar eru um afréttar- og upprekstrarmál í jarðamati 1849-1850. Um Hálsahrepp segir:

<sup>566</sup> Sbr. sjal nr. 2 (A.6. án nr.).

<sup>567</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 34.

<sup>568</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 36.

<sup>569</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 53.

<sup>570</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 70.

Sá eginlegi Fnjótskadalur ofan að Dalsmynni og bygðin á Flateyjarðalsheiði, nýtur eingaungu kvikfjárræktar. ... Sveit þessa má kalla sjálffæra að afrettarlandi,<sup>571</sup>

Í Þúfu og Heiðarhúsum var ágangur af afréttarfé talinn til ókosta samkvæmt jarðamatinu 1849-1850<sup>572</sup> en ekkert er vikið að slíku í sambandi við aðrar jarðir í Hálshreppi, sem falla undir mál 5/2007, eða annað, sem tengist afréttarmálum.

Um Grýtubakkahrepp segir í jarðamatinu 1849-1850:

Afréttar land á sveit þessi fyrir sig,<sup>573</sup>

Á manntalsþingi á Hálsi 21. maí 1855 voru auglýstar reglur um „afréttartolla“ og fjallgöngur í sveitinni sem hreppstjórar höfðu samið og séra Björn Halldórsson í Laufási samþykkt. Sveitarmenn voru áminntir um að fylgja reglunum. Ekki kemur fram hvað fólst í þeim.<sup>574</sup>

Sömu eða svipaðar reglur munu hafa verið auglýstar á manntalsþingi á Grýtubakka 23. maí s.á. en þá voru auglýstar reglur um „afréttartolla“, upprekstur og fjallgöngur á Flateyjarðalsheiði sem hreppstjórar í Hálshreppi höfðu samið og séra Björn Halldórsson í Laufási samþykkt. Ekki kemur fram hvað fólst í reglunum.<sup>575</sup> Sömu reglur voru auglýstar af hreppsstjórum í Hálshreppi á manntalsþingi á Svalbarði 24. maí 1855.<sup>576</sup>

Álitsgjörð hreppsþænda um hvernig haga skyldi upprekstri geldfjár á Flateyjarðalsheiði var lesin á manntalsþingi á Hálsi 26. maí 1857. Inntaks hennar er ekki getið en fram kemur að hún hafi einnig verið lesin á manntalsþingi á Svalbarði 27. maí s.á.<sup>577</sup>

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almeningum“ frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almeningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.<sup>578</sup> Steingrímur Jónsson sýslumaður Þingeyjarsýslu svaraði bréfinu 6. apríl 1920. Eftir að hafa talið upp „almeninga“ á öræfum í sýslunni segir hann að af öðrum „afréttarlöndum“ megi nefna Hálsmannatungur á Flateyjarðalsheiði, sem nú tilheyri Hálshreppi. Svárið virðist byggt á eigin þekkingu sýslumanns því ekkert kemur fram um að það sé byggt á svörum hreppstjóra eða oddvita.<sup>579</sup> Þar er ekkert vikið að afréttarlöndum á því svæði sem mál nr. 5/2007 nær til.

<sup>571</sup> Skjal nr. 2 (57).

<sup>572</sup> Skjal nr. 2 (57).

<sup>573</sup> Skjal nr. 2 (58).

<sup>574</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.48.).

<sup>575</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.49.).

<sup>576</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.50.).

<sup>577</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6.51.).

<sup>578</sup> Skjal nr. 2 (244).

<sup>579</sup> Skjal nr. 2 (245).

Í bókinni *Flateyjardalsheiði* segir Páll G. Jónsson í Garði í Fnjóskadal (1869-1948), sem var í Fnjóskadal alla ævi.<sup>580</sup>

Fyrsta fyrirkomulag á göngum á Heiðinni var þannig að ábúendur hverrar jarðar á þessum slóðum sáu um göngur í landi ábýlisjarða sinna eða fengu til þess hjálp þeirra fjáreigenda er þeir leyfðu upprekstur fyrir geldfé í sínu landi, sem alltítt var. Var það óskráður kröfuréttur sem enginn treysti sér til að víkjast undan. ... Þá voru afréttarpartar sem tilheyrðu einstökum jörðum eða bændum er höfðu afréttarstykki á leigu til upprekstrar. Munu þessi stykki eða ítök jarða hafa endur fyrir löngu verið gefin til hagsbóta fyrir þessar jarðir.

Þessi ítök skal ég nú nefna. Þverá í Dalsmynni átti frían upprekstur í Langamósfjall á milli Miðgils og Mógils fyrir geldfé sitt, sauði, veturgamalt fé og fráfærnalömb. Ekki mátti hann sleppa fé sínu annars staðar í Heiðarhúsaland, annars mátti búast við aðfinnslum og öðru lakara. Þetta er ítak sem einhver hefur gefið bænahúsi er þar hefur verið á Þverá. Þetta hafði haldist við og hafa Þverárbændur notað sér þetta. En þegar Gísli hreppstjóri Ásmundsson hætti fráfærum, ..., taldi hann sig ekki hafa heimild til þess að sleppa öllu sínu fé í þetta leyfi, heldur rak hann dilkana á aðra afrétt eða greiddi Heiðarhúsabónða hagatoll fyrir þann hluta fjárins. ...

Stundum og reyndar ævinlega munu stekkjarlömb setin heima, stundum allt að því viku, þangað til úr þeim var allur jarmur, og þau þá rekin til fjalls í Mógilsdal, Eyvindarárdal eða Stóruskriðubotna. ... Almennigur var vanalega leigður til uppreksturs, var það jafnaðarlega til Svalbarðsströndunga eða Höfðhverfinga. Á milli Höfðagilja fylgdi Laufási eins og fyrr segir og brúkað af Laufáspresti og fleirum úr þeirri sókn. ...

Frá því fyrsta sem ég man höfðu Ströndungar afrétt á Flateyjardalsheiði en ekki mun það þó hafa verið að staðaldri að Suðurströndungar hafi gjört mikið af því að reka út eftir en lengi höfðu Ströndungar lönd á leigu, eins og Grímsland, Saurbrýr og Heiðarhúsaland. Allt til þess að þeir fóru að brúka Vaðlaheiði fyrir fé sitt á sumrin.<sup>581</sup>

Lýsir Páll síðar hvernig göngum var háttað á Flateyjardalsheiði.<sup>582</sup>

Enn síðar í bók Páls er „skrá yfir afrétti, eins og hún var í Hálshreppi 1905“:

1. Víkurfjall og Brettingsstaða afréttir. Frá Landsenda og suður að Eyvindará að undanskildum parti frá Lækjarvík og Selfjalli, beina línu fram að Þverá fyrir neðan Ytradalsmynni, sem er heimaland.
2. Saurbrýr frá Eyvindará suður að Mógili ásamt Eyvindarárdal. Eigandi Laufáskirkja.
3. Heiðarhúsaland frá Ytra Mógili suður að Eilífsá. Eigandi Þönglabakkakirkja. Þverá í Dalsmynni á frían upprekstur í þessum afrétti.

<sup>580</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjardalsheiði*, bls. 6.

<sup>581</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjardalsheiði*, bls. 47-48.

<sup>582</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjardalsheiði*, bls. 54-56. Sjá og bls. 85.



4. Almennigur frá Eilífsá að Ytra Höfðagili. Eigandi Hálshreppur.
5. Höfðagilsland frá Ytra Höfðagili að Syðra Höfðagili. Eigandi Laufáskirkja.
6. Þar fyrir innan er Vestari Krókaland að Þúfu mörkum og Skarðsdalur er tilheyrir Grýtubakkahreppi. Eigandi Skarð.<sup>583</sup>

Jóhann Skaptason sýslumaður tók saman „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“.<sup>584</sup> Þar segir eftir oddvita, að „afréttur“ Grýtubakkahrepps sé:

Leirdalsheiði upp frá Grýtubakka að Ytstu-Lambá. Þá Jórunnarstaðaafrjett að sjó. Hvammsheiði upp frá Hvammi að Gilsá. Þá Gilsafrjett að sjó norður. Þorgeirsfjörður vestan, upp af honum Háls-[Hóls]- og Bakkadalur, þar vestar Blæjan og þá Keflavíkurdalur. Þá Látraströnd, sem er orðin afrjettur að norðan.

Við þetta gerir sýslumaður athugasemd:

Það athugast, að oddvitinn notar orðið afrjettur hjer um allt það land, sem gengið er við fjallskil á haustin, þótt þar sje um að ræða jarðir nýlegar farnar í eyði, en ekki um raunverulegt afrjettarland, svo sem Firði og Látraströnd.

Nokkur hluti Grýtubakkahrepps notar afrjett á Flateyjardalsheiði, Vesturheiði.

Um Flateyjardalsheiði og Flateyjardal („afrétti“ Háls- og Flateyjarhreppa) er haft eftir oddvitum:

Flateyjardalsheiði frá mörkum Flateyjarhrepps að Syðra Höfðagili að vestan og Árbugsa að austan.

Afrjettarland Flateyinga er á Flateyjardal að gamalli venju. Afrjettin takmarkast að vestan af Sandskarði og liggur þar að afrjett Höfðhverfinga. Að sunnan af Eyvindará og Urðargili og að austan af Vestari-Hvannadal.

Um eignar- og notarétt eru ýmsar upplýsingar. Eftir oddvita Svalbarðsstrandahrepps er haft:

Áðurfyr ráku Svalbarðsströndungar fje sitt á afrjettir Fnjóskdæla, bæði á Flateyjardalsheiði og Bleiksmýrardal, og eiga tveir bæir á Svalbarðsströnd, Garðsvík og Þórisstaðir, rjett til upprekstrar á Flateyjardalsheiði, en sá rjettur hefir ekki verið notaður um mörg ár.

Oddviti Grýtubakkahrepps sagði:

Ríkissjóður, Grýtubakkahreppur og einstaklingar. Skiftingin er nokkuð flókin en mun jeg reyna að sundurliða það ef þess verður óskað. (Oddviti). (Eyðijarðir eru ýmist í eign einstaklinga eða ríkissjóðs. Sumt af heiðalandinu tilheyrir byggðum jörðum. Sýslum.)

Um Hálshrepp er haft eftir oddvita:

<sup>583</sup> Páll G. Jónsson: *Flateyjardalsheiði*, bls. 80.

<sup>584</sup> Skjal nr. 4 (76).

Vestur-Flateyjardalsheiði: Eyvindará og Heiðarhús ríkiseign og Almennigur eign Hálshrepps. ... Vestur-Flateyjardalsheiði nota Höfðhverfingar.

Flateyjardalur var kominn í eyði, en sýslumaður sagði þar hafa verið 6 jarðir, allar í eyði, (aðeins nefndar 5 jarðir með nöfnum), allar í einkaeign. Oddviti Grýtubakkahrepps sagði upprekstrarrétt ekki háðan leyfi hreppsnefndar og, að hann hugði, ekki heldur leyfi landeigenda. Sýslumaður bætir því við, að einstaka maður hafi leigt land til upprekstrar. Í Hálshreppi var að sögn oddvita upprekstur á „afréttir“ hreppsins að mestu háður sérstöku leyfi árlega af hálfu afréttareigenda eða umráðaaðila, en í Flateyjarhreppi var rétturinn og notkunin samkvæmt gamalli venju. Afréttarnotkun Grýtubakkahrepps byggðist á venju eða hefð. Féð rynni að mestu sjálfst í „afréttina“ og greiðsla kæmi engin til eigenda fyrir notkun þeirra.

Ágreiningur varð um 1980 milli sveitarstjórnar Hálshrepps annars vegar og sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps vegna jarðanna Hléskóga, Lómatjarnar, Grundar, Syðrigrundar, Ártúns og Ness hins vegar um beitarafnot á Flateyjardal og Flateyjardalsheiði. Sigurður Gizurarson, sýslumaður á Húsavík, samdi álitserð um málið, dagsetta 24. júní 1983. Þar segir, að beitarálag hafi aukist á „afréttinum“ á Flateyjardal og Flateyjardalsheiði á liðnum árum. Sveitarstjórn Hálshrepps hafi litið svo á, að bændur úr Grýtubakkahreppi hefðu ekki lagalegan rétt til þess að reka fê sitt á „afréttinn“ og viljað léttu beitarálagi á hann með því að banna þessum bændum upprekstur. Leitaði sveitarstjórn Hálshrepps samþykkis sýslunefndar á því, að Hálshreppur yrði ein fjallskiladeild, bundin við hreppamörk. Var sameining fjallskiladeilda í Hálshreppi samþykkt af sýslunefnd 8. júní 1979, en ekki kom fram skýrt leyfi til þess að einskorða deildina við hreppamörk. Við þetta sættu bændur í Grýtubakkahreppi sig ekki. Var málið tekið fyrir á fundi sýslunefndar árið 1982 og þótti gagnaöflun ekki hafa verið nægileg. Málsaðilum var gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir og gögn, áður en efnisleg afstaða væri tekin til ágreiningsins. Báðir aðilar lögðu fram greinargerðir lögmannna sinna ásamt fylgiskjöllum.

Komst sýslumaður að eftirfarandi niðurstöðu:

Jarðirnar Hléskógar, Lómatjörn, Grund, Syðri-Grund, Ártún og Nes í Grýtubakkahreppi eiga ekki, svo að séð verði, beitarétt á Flateyjardal og Flateyjardalsheiði. Af þeirri ástæðu eiga þær ekki heldur upprekstrarrétt á afréttarsvæði þessi samkvæmt 2. mgr., 8. gr. laga nr. 42/1969. Réttindi jarðanna af þessu tagi standa því ekki í vegi fyrir því, að fjallskiladeild Hálshrepps verði einskorðuð við hreppsmörk í samræmi við meginreglu 1. mgr., 1. gr. laga nr. 42/1969.<sup>585</sup>

Eigendur jarðanna Fagrabæjar, Hléskóga, Lómatjarnar, Ness, Grundar, Syðrigrundar og Ártúns höfðuðu síðan árið 1984 mál gegn hreppsnefnd Hálshrepps og dóms- og kirkjumálaráðherra, f.h. kirkjumálaráðuneytisins, og kröfðust þess að jörðum þeirra, hverri fyrir sig, fylgdi upprekstrarréttur á Flateyjardalsheiði vestan

<sup>585</sup> Skjal nr. 4 (81).

Dalsár. Kröfunni var hafnað með dómi Hæstaréttar 11. desember 1987 í máli nr. 83/1986, sjá nánar í kafla 5.2.<sup>586</sup>

Félagsmálaráðuneytið sendi fyrirspurn til allra sveitarstjórna 20. febrúar 1989, þar sem spurt var m.a., hvort íbúar viðkomandi sveitarfélags ættu upprekstrarrétt í einhvern „afrétt“, hvert væri heiti hans, hvar mörkin lægju og hvort íbúar annarra sveitarfélaga ættu þar upprekstrarrétt.<sup>587</sup>

Oddviti Hálshrepps svaraði játandi og nefndi Flateyjardal og Flateyjardalsheiði. Mörkin væru sömu og hreppamörk og „afrétturinn“ væri norðan við byggð til sjávar, norður á Landsenda, norðvestan Flateyjar. Aðrir ættu þar ekki upprekstrarrétt og öll afréttarlönd í Hálshreppi væru háð fullkomnum eignarrétti.<sup>588</sup> Sveitarstjóri Grýtubakkahrepps sagði íbúa hreppsins eiga upprekstrarrétt út á Leirdalsheiði, Fjörður, Keflavík og Látraströnd og lægju mörkin við hreppamörk. Önnur sveitarfélög ættu ekki upprekstrarrétt í þennan „afrétt“.<sup>589</sup>

Samkvæmt greinargerð sveitarstjóra Grýtubakkahrepps 2. febrúar 2000 skiptast „afréttir“ í Grýtubakka í fimm hluta. Fjórir þeirra falla undir mál 5/2007, Fjörður, Látraströnd, Hnjúkar og Skarðsland og Skarðsdalur:

1) Fjörður eru fjögurra daga göngur. Smalað er um Keflavík, austur Blæju og Botnfjall; Hóls-, Bakka-, Kussungsstaða- og Þverárdalur, Eyrarhöfði (Þorgeirshöfði), Hvalvatnsfjörður að vestan og Gilsafrétt, Trölladalur, Grenivíkurtungur, austan Austurár (Illagilsár), þ.e. Lambárstykki, Leirdalur, Grenjárdalur, Vesturheiði vestan vatnaskila. Svæðið er í eigu Grýtubakkahrepps, nema Þverá í Hvalvatnsfirði, Jórunnarstaðir og Austurheiði og Vesturheiði sunnan Stóraklettsvíls, þar sem við tekur Hvammsland og síðan Bárðartjarnar- og Réttarholtsland. Er látið ósagt, hvað af heiðinni sé „afrétt“ eða heimaland.

2) Látraströnd er þriggja daga göngur. Gengið er fyrsta daginn út á Kjálkanes og það smalað, síðan smalað inn ströndina. Síðasta daginn eru smöluð lönd Svínárness og jarða þar fyrir innan, Jaðars, Hringsdals, Hjalla, Finnastaða, Grenivíkur, Jarlsstaða, Hvamms, Bárðartjarnar og Réttarholts. Grýtubakkahreppur á nokkrar jarðir á Látraströnd, en þær sem eru í einkaeigu eru: Sker, Steindyr, Svínárnes hálf, Jaðar og Hringsdalur. Ekki er skilgreint, hvað af Látraströnd teljist heimalönd eða „afrétt“.

3) Hnjúkar. Hnjúkar (sem eru heimalönd) og þar fyrir neðan eru smalaðir að morgni réttardags, þ.e. heimalönd Pálsgerðis, Miðgerðis, Borgargerðis, Syðrigrundar, Grundar, Lómatjarnar, Hléskóga og Kolgerðis.

4. Skarðsland og Skarðsdalur. Þetta land er smalað með skipulögðum hætti en ekki á ákveðnum tíma.<sup>590</sup>

<sup>586</sup> Hliðsjónargagn. Hrd. nr. 83/1986.

<sup>587</sup> Skjal nr. 4 (5).

<sup>588</sup> Skjal nr. 4 (6).

<sup>589</sup> Skjal nr. 4 (8).

<sup>590</sup> Skjal nr. 4 (3).

Samkvæmt upplýsingum árið 2007 er Flateyjdalsheiði og Flateyrdalur að mörkum Grýtubakkahrepps sérstakt fjallskilasvæði. Nær sú síðari því einnig til máls 4/2007. Fjallskiladeildinni tilheyrja þær jarðir í Fnjóskadal sem ekki tilheyrja fremri hluta (þ.e. utan Sigríðarstaða í Ljósavatnsskarði og Víðivalla í Fnjóskadal) og auk þess Flateyjdalsheiði og Flateyrdalur að mörkum Grýtubakkahrepps.

Mörk milli sumarbeitilands á Flateyjdalsheiði og heimalanda eru að vestanverðu girðing úr Árbaugsá/Árbugsa við Þúfu til vesturs, þaðan norðvestur um land Vestaríkróka og síðan vestur að fjallsbrún. Að austan hindrar Árbaugsá/Hólsa för fjár. Jarðeigendur smala heimalönd á merki að austan og vestan á eigin kostnað helgina áður en farið er í göngur á Flateyrdal og Flateyjdalsheiði.<sup>591</sup>

### 5.35.3 Einstakar jarðir og landsvæði

Vestaríkrókar leigðu samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 upprekstrarland til annarra sem gaf árlega 12-14 krónur.<sup>592</sup>

Landið (reiturinn) milli Höfðagilja er fyrst nefnt í eignaskrá Laufáskirkju eftir úttekt árið 1738 og þá sem „lambaafréttur“:

Hinum öðrum landeignar og reka Jtökum beheldur Kyrkiann og Stadurenn enn nú, sem fyrstu mældagar nafngreina og reit á flateyrdals heide fyrir lamba afrett, milli So kalladra Höfða gilia, auk þeirra Jtaka er mældagarner tiltaka, hver átölulaust hefur af laufass Stadar hölldurum til tiedrar gagnsemdar brükadur vered j þeirra manna minne sem nú til vita og þeirra forelldrar og forfedra fyrir þá.<sup>593</sup>

Væntanlega er það landið milli Höfðagilja, sem prófastur á við þegar hann nefnir „afréttarítak“ Laufáskirkju á Flateyjdalsheiði árið 1735.<sup>594</sup>

Í greinargerð um Laufásprestakall árið 1782 er eftirfarandi:

Jtök eru ... Reit a Flateyrdalsheide millum Höfðagilia fyrir lamba afrett.<sup>595</sup>

Þann 22. apríl 1807 á manntalsþingi á Grýtubakka spurðist Guðlaugur Sveinsson hreppstjóri fyrir um hverjum bæri að greiða vinningartoll fyrir grenið sem Stefán Eyjólfsson á Nollu vann síðastliðið vor í Laufáskirkju „afrétt“ milli svokallaðra Höfðagilja við Flateyjdalsheiði. Hreppstjóri vildi meina að Fnjóskadalshreppur ætti að greiða tollinn enda væri umrætt landsvæði innan hans. Sýslumaður benti honum hins vegar á að í landslögnum standi að hver maður sé ábyrgur fyrir því að hreinsa „afrétt“ sína af refum og í staðinn þiggja greiðslur fyrir hagagöngu. Því eigi séra

<sup>591</sup> Skjal nr. 4 (4).

<sup>592</sup> Skjal nr. 2 (59).

<sup>593</sup> Skjal nr. 2 (180).

<sup>594</sup> Skjal nr. 2 (240) a-b.

<sup>595</sup> Skjal nr. 2 (67).

Scheving prófastur (Hannes Scheving í Laufási) eða þeir menn, sem hann leigði landið, að greiða grenistollinn.<sup>596</sup>

Laufássp prestur nefnir reit milli Höfðagilja meðal ítaka Laufáskirkju í sóknarlýsingu sinni árið 1839. Reiturinn notist fyrir „afrétt“ og til fjallagrasatekju.<sup>597</sup>

2. Reitur á Flateyardalsheiði millum Höfðagilja, er héðan brúkast á millum fyrir afrétt og til fjallagrasatekju.

Laufási fylgir upprekstrarland samkvæmt fasteignamati 1916-1918. Þá var væntanlega horft til landsins milli Höfðagilja.<sup>598</sup>

Nánari umfjöllun um þetta land er í kaflanum um land milli Höfðagilja hér að framan. Einnig er vikið að því í lögfestum sumra Laufáspresta sem getið verður um í tengslum við Laufáshaga/Eyvindará hér á eftir.

Laufáskirkja er sögð eiga „afrétt“ á Flateyardalsheiði allt frá því í máldögum Auðunar rauða 1318 en þá átti kirkjan:

oc so afriett er Laufáshagi heytir.<sup>599</sup>

Mörk landsins eru tiltekin í máldaga Péturs Nikulássonar frá 1394, en þá á Svalbarðskirkja þar ítölu:

Item ä kyrckian afriett j flateyardals heyde er heiter Laufasshage. j millum Eyvindar är oc mogils ytra. Enn jtala er þar sauda rekstur fra Svalbarði<sup>600</sup>

Þessarar eignar sem og ítölnnar frá Svalbarði er getið í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar (1461) og Sigurðarregistri (1525).<sup>601</sup> Hið sama segir vísitasía Björns biskups Þorleifssonar árið 1701 nema þar er minnst á slægjur:

Item ä kirkiann afriett ä flateyardalsheidj sem nu er obigd til slægna, & heiter Laufasshagi, J millum Eivindarär og Mógils Jtra, enn Jtala er þar Saudarekstur fra Svalbarde,<sup>602</sup>

„Afréttar á Flateyardalsheiði“ og ítölnnar frá Svalbarði er getið í skilum Geirs Markússonar á tekjum Laufáskirkju 2. september 1730 en Eyvindará er þar talin jörð þótt lengstum hafi legið í eyði.<sup>603</sup>

Magnús Ólafsson taldi Eyvindará meðal landa Laufáss árið 1635:

item er halldit Kirkiann eige Eivindarär land ä Flateyardalsheide (afriett)<sup>604</sup>

Í skrá yfir eignir Laufáskirkju eftir afhendingu 1738 segir um Eyvindará:

<sup>596</sup> Skjal nr. 2 (130) a-b.

<sup>597</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 32.

<sup>598</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>599</sup> Skjal nr. 2 (184).

<sup>600</sup> Skjal nr. 2 (190).

<sup>601</sup> Skjöl nr. 2 (198 og 219).

<sup>602</sup> Skjal nr. 2 (64).

<sup>603</sup> Skjal nr. 2 (65).

<sup>604</sup> Skjal nr. 2 (180).

Eyvindaraa ädur bygðj Stadarens afrettarlande ä Flateyar Dals heide, enn nú langvaranlega i Eyde vered, enn fyrer landsens brúkun giallda Näbüar ä Hofe ä flateyardal 20 ál. Kúgl. 0<sup>605</sup>

Laufásprestar, Jón Magnússon (eftir 1637), Markús Geirsson (1678, 1681, 1682), Þorsteinn Geirsson (1686, 1687, 1688), Geir Markússon (1710, 1713, 1726, 1727, 1728, 1729, 1732, 1736), Stefán Einarsson (1751), Jón Vídalín (1762, 1763, 1764, 1765), Jón Egilsson (1770, 1772, 1775), Stefán Halldórsson (1786), Hannes Scheving (1798), Gunnar Hallgrímsson (1818) og Gunnar Gunnarsson (1840, 1841) lögfestu allir Laufáshaga með áþekktum orðum og máldagabækurnar, en allir sleppa þeir ítölunni frá Svalbarði.<sup>606</sup> Í lögfestu Stefáns Einarssonar er farið að lögfesta reit milli Höfðagilja og banna lambarekstur og grasatekju á Flateyardalsheiði:

Lokssens lögfeste Eg Laufäss Kyrkiu og Stadar Jtök; ... Reit þann ä sömu heide er liggur mille höfðagilianna nu i langann týma So Kalladra, effter þvj Sem þau ráða ur fialle ofann allt i Heidar äna. Eirnenn það afrettarland er liggur mille Eyvindarär og Mógils ytra, Sem ad fornu er Kallad Laufäss hage. ... Under sama Skilyrde banna eg ... lambarekstur og Grasa tekiu ä flateyardals heidi j þar änefundum Beneficii Jtökum, og annars allann upphuxanlegann afdrätt og tilseilne mier og Vidkomendum til Skada<sup>607</sup>

Eftirmenn hans gerðu þetta einnig, en Jón Egilsson bannaði að auki hrossarekstur.<sup>608</sup>

Í greinargerð um Laufásprestakall árið 1782 er eftirfarandi:

Jtök eru ... Reit a Flateyardalsheide millum Höfðagilia fyrer lamba afrett. Jtem Äfrett ä Sömu heide er heiter Lavfässshage i millum Ejevindarär og Mogils ytra. ...

2° Jarðer og Afbyle sem heyra til Lavfäss Beneficio Eru þessar ...

Eyvindar aa hefur ej bigd vered, fyrer utann þriu eda mest fiögur är, ä Nästu Hundrad ärum, og vill nu eingenn það land leigia, þo marg sinnis hafe uppboded vered. Þad er það sama land sem hier ad framann, effter Mäldögunum, er Nefnt Laufässshage.<sup>609</sup>

Eyvindará var byggð til ábúðar síðla árs 1823. Í byggingarbréfi eru tilmæli um, að Hofsbónda á Flateyardal verði heimilað að hleypa lömbum sínum í Eyvindarárland á næstu fráfarum eða svo lengi, sem semjast kunni.<sup>610</sup> Þetta bendir til þess, að a.m.k. Hofsbóndi hafi nýtt Eyvindarárland til lambaupprekstrar.

EKKI verður séð að ítölunnar frá Svalbarði á Flateyardalsheiði sé getið í skjölum kirkjunnar þar, svo sem vísitasíum.

<sup>605</sup> Skjal nr. 2 (180).

<sup>606</sup> Skjöl nr. 2 (68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 76, 77, 78 og 79).

<sup>607</sup> Skjal nr. 2 (72).

<sup>608</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>609</sup> Skjal nr. 2 (67).

<sup>610</sup> Skjal nr. 2 (80).

Laufásprestur nefnir meðal „afréttinn“ Laufáshaga meðal ítaka Laufáskirkju í sóknarlýsingu sinni árið 1839. En þar hafi stundum verið byggt býli og var þá í byggð.<sup>611</sup>

Í sóknalýsingu Þönglabakkaprests árið 1839 er Eyvindará sagt tilheyra mikið og kostugt „afréttar og upprekstrarland“ á Flateyjarðalsheiði, því að lönd liggja saman á þessari víðlendu heiði frá Eyvindará og Heiðarhúsum.<sup>612</sup>

Eyvindará hafði samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 verið í eyði síðan um 1870 og landið notað fyrir upprekstrarland.<sup>613</sup>

Um Eyvindará er fjallað nánar í sérstökum kafla hér framar.

Í máldaga- og kaupbréfi fyrir Þórisstöðum á Svalbarðsströnd frá 22. apríl 1473 segir:

Svo og ætti Þorestader landeign ut a Flateyjarðalsheidi og gielldfiær rekstur a millum mögilia til motz vid Gardswijk.<sup>614</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir um Þórisstaði á Svalbarðsströnd:

Afrjettarlandspart nokkurn á jörðin á Flateyjarðalsheiði hjá Mógiljum. Þángað er full þingmannaleið, og því hefur jörðin ekkert gagn af þessu afrjettarlandi.<sup>615</sup>

Í lýsingu Garðsvíkur segir Jarðabókin:

Afrjettarland nokkuð er sagt að jörðin eigi, sem hún getur þó ei nytkað fyrir fjarlægðar sakir, sem áður segir um Þóroddsstaði.<sup>616</sup>

Síðar segir Jarðabók Árna og Páls Mógil á Flateyjarðalsheiði vera í landi Garðsvíkur:

Mogyl heitir býlisgrei hjer næst [fyrir framan Saurbrúarkot, heimaland Laufásstaðar] í landsparti þeim, sem Garð<s>vík á Svalbarðsströnd á á Flateyjarðalsheiði.<sup>617</sup>

Minnst er á Langamó (sem mun vera í Heiðarhúsalandi) á tveimur stöðum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Í upptalningu ítaka Draflastaðakirkju segir:

Ítök kirkjunnar eru þessi: ... Hálfur Lángimór á sömu heiði [Flateyjarðalsheiði] fyrir vestan ána. Engin not hafa nú ábúendur þessra

<sup>611</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 32.

<sup>612</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 72-73.

<sup>613</sup> Skjal nr. 2 (59).

<sup>614</sup> Skjal nr. 2 (206).

<sup>615</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 15.

<sup>616</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 17.

<sup>617</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI*, bls. 104.

afrjettarlanda, nema mjög fáa lambatolla af Kambsmýrum og Lambatungum.<sup>618</sup>

Langamós er einnig getið í lýsingu Ófeigsstaða, eyðibýlis fyrir framan Mógil:

Ekki vita nálægir hvör þetta land á með rjettu, en áfast er það við Lángamó.<sup>619</sup>

Um Þverá í Dalsmynni, sem átti afréttarítak í Heiðarhúsalandi er sagt í jarðamatinu 1849-1850:

einnig nýtur jörð þessi afrettar gjaldfrítt a Flateyardalsheiði fyrir sig. Til ókosta má telja: .... einnig ágang af afrettarfé;<sup>620</sup>

Þverá í Dalsmynni átti samkvæmt fasteignamati 1916-1918 frían upprekstur í Heiðarhúsaland.<sup>621</sup>

Í Heiðarhúsum var ágangur af afréttarfé talinn til ókosta samkvæmt jarðamatinu 1849-1850.<sup>622</sup>

Heiðarhús höfðu verið lengi í eyði samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918:

Landið liggur á miðri Flateyardalsheiði og hefir eigi verið unnt að hafa önnur not landsins, en fyrir upprekstur fjár og hann eigi eptir sóttur, þar sem afrétt er svo geysi víðáttu mikil á alla vegu umhverfis.<sup>623</sup>

Fasteignamatið 1916-1918 segir jarðirnar Hof og Jökulsá á Flateyardal, sem þá voru í Flateyjarhreppi, hafa upprekstrarland fyrir sig:<sup>624</sup>

Brettingsstaðir fá þessa umsögn í fasteignamatinu 1916-1918:

Afrétt á jörðin nægilegan fyrir sitt fé, en lítið frekar.<sup>625</sup>

Um Vík segir Þönglabakkaprestur í sóknalýsingunni 1839:

Jörðin á mikið afréttar- og upprekstrarland í Bjarnar- og Víknafjalli.<sup>626</sup>

Vík er í fasteignamatinu 1916-1918 sögð hafa upprekstrarland fyrir sig:

en naumast teljandi meira.<sup>627</sup>

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 getur ekki um afrétt á Kúsveinsstöðum, en spurning er hvort þeir teljast með Bakkaafrétt í lýsingu Kaðalsstaða þar sem segir:

Úthagarnir eru mjög litlir, og því var mjög hætt að engið beittist þá byggt var, nema hagi væri til fenginn á Kúsveinstöðum eður Bakka afrjett.<sup>628</sup>

Um Jórunnarstaði segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns:

<sup>618</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 72.

<sup>619</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 105.

<sup>620</sup> Skjal nr. 2 (57).

<sup>621</sup> Skjal nr. 2 (59).

<sup>622</sup> Skjal nr. 2 (57).

<sup>623</sup> Skjal nr. 2 (59).

<sup>624</sup> Skjal nr. 2 (60).

<sup>625</sup> Skjal nr. 2 (60).

<sup>626</sup> Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 71.

<sup>627</sup> Skjal nr. 2 (60).

<sup>628</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 59.



Þetta eyðiból liggur undir Grýtubakka með tilliggjandi landi og kallast Bakka afrjett.<sup>629</sup>

Mörk Bakkaafréttar eru tiltekin í skjali, sem mun hafa verið lagt fram á áreiðarþingi 2. júní 1725 og sagt frá árinu 1522:

Alla á Backi Afriett fyrir utann Diúpagil til móts við Kadalstadi, á Backi alla Leirdals Heýdi, Anno Domine M.D.XXII<sup>630</sup>

Þönglabakkaprestur segir í þeim hluta lýsingar sinnar, sem nær til Þönglabakkasóknar, árið 1839:

32. (*Afréttarlönd, réttir.*) Fjörður eiga og ekki heldur afréttar- eða upprekstrarland, en flestar jarðir í Hvalvatnsfirði hafa afréttarpart til leigu, sem tilheyrir Grýtubakka í Höfðahverfi og liggur framarlega í Hvalvatnsfirði fyrir utan Illagilsá eystri út með Fjarðará milli fjalls og árinna allt út undir Kaðalstaði. Afréttarpláss þetta er grösugt bæði til beitar og slægna, líka allvíða hrísi vaxið. Líka hafa austurfjarðabúar þar torfristu, reka þangað geldfé á sumrum og hesta bæði haust og vor.<sup>631</sup>

Höfðaprestur vísar að „Jórunnarstaðaafrétt“, sem hann segir tilheyrir Grýtubakkakirkju í sóknalýsingu sinni árið 1840.<sup>632</sup> Sjá umfjöllun um Gilsafrétt hér á eftir.

Landið innst inn af Hvalvatnsfirði virðist löngum hafa legið í eyði. Jarðir vestan ár, Brekka, Tindriðastaðir, Þverá, Kussungsstaðir og Gil (hin síðastnefnda hafði verið í eyði upp undir 20 ár árið 1712), töldust heimalönd Höfða- og Laufásstaða og fornbylin Kúsveinsstaðir og Jórunnarstaðir austan ár voru eign Grýtubakkakirkju.<sup>633</sup> Vetrarríki var mikið á Gili og jörðin óstöðugust í byggingu allra Fjarðajarða og oft í eyði áratugum saman.<sup>634</sup> Til Gils er stundum vísað í lýsingum Höfða sem afréttarlands, t.d. í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725, þar sem með eignum er talið:

Afriettarland framm frá hvalvatns fyrde<sup>635</sup>

Eins segir við prófastsvísitasíu í Höfða árið 1753:

Epter lánvarande Hefd, sem eigenn man átalda vered hafa, heirer og Gilsland i Hvalvatzfjardar Afrett sem ädur hefur vered biggt býle enn nu lánvaranlega i Eyde. Höfða Beneficio til, hvar uppa Beneficiatus Sr. Jon Gunnlaugs hefur Þingsvitne teked Sub dato 12. Maji 1750 under Sýslumanns Jons Benedixsonar Hende og signete.<sup>636</sup>

<sup>629</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 58.

<sup>630</sup> Skjal nr. 2 (179).

<sup>631</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 70.

<sup>632</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 43-44.

<sup>633</sup> Sjá t.d. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 56-58.

<sup>634</sup> Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla*, bls. 109-110.

<sup>635</sup> Skjal nr. 2 (232).

<sup>636</sup> Skjal nr. 2 (174).

Höfðaprestur hefur þetta að segja í lýsingu Höfða- og Grýtubakkasókna árið 1840:

Er þessi Þverá [þ.e. Illagil] rétt á móti bænum Gili, sem er fremstur allra í Þönglabakka prestakalli og einstakur sér í afréttarlandinu fram af Hvalvatnsfirði að vestanverðu við ána, sem kennd er við kotið og kölluð Gilsafrétt, en afréttin þar á móts við austan árinna en utan Illagilsár, nefnist Jörunnarstaðafrétt, hvör öll, út undir Kaðalstaði, eins og Leirdalsheiðin sjálf austan Gljúfurár, en úr því til reiðgatna, heyrir undir Grýtubakkakirkju og er það mikið land og gott, þá í ári lætur, en að vestanverðu við ána, úr því Hvammslandi sleppir, og vestan reiðgatna, liggur heiðin undir stórbýlið Grenivík. Er hún aðalfrétt Höfðhverfinga og því nær allra Látrastrendinga, nema af ystu bæjunum tveimur, er oftast láta kindur sínar geldu á Keflavíkurdal, er liggur að austanverðu við Gjögratána.<sup>637</sup>

Gil fékk þessa umsögn í fasteignamatinu 1916-1918:

Landið nú aðeins notað sem upprekstrarland, enda allfjarri byggð. Árlegt upprekstrargjald síðustu árin um 16 krónur. En töluvert ber landið fleira fé, en sem því nemur.<sup>638</sup>

Um Kussungsstaði segir prestur í sóknalýsingunni árið 1839:

Beitiland er gott á sumrum til fjalls, en slægjuland ekkert nema reytingur af misjöfnu hefalli í svokölluðum Kusungsstaðafrétti, mýrar- og móaflesum á fjallsheiði milli Gils og Kusungstaða. Engin hlunnindi liggja undir jörð þessa nema grasatekja á heiðum uppi.<sup>639</sup>

Fasteignamatið 1916-1918 hefur þetta um Kussungsstaði:

Jörðin liggur við afrétt og ágangur mjög mikill af afréttarfé.<sup>640</sup>

Á Þverá í Fjörðum, Þönglabakka, Hóli í Fjörðum, Hringsdal og Finnastöðum var kvartað undan ágangi af afréttarfé í fasteignamati 1916-1918.<sup>641</sup> Jörðin Keflavík var notuð fyrir „afrétt“ samkvæmt sama mati.<sup>642</sup> Um Botn í Fjörðum segir þar:

Jörðinni fylgir upprekstrarland en ekki tekið í það af öðrum.<sup>643</sup>

Kvartað var undan ágangi af afréttarfé í Hringsdal og Finnastöðum í fasteignamati 1916-1918, sömuleiðis á Hjalla en í mun minna mæli.<sup>644</sup>

Um Grenivík segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns:

Afrjettarland á jörðin á Leirdalsheiði, sem kallast Grenivíkurtúngur, og er kallað tíu h<ndr>. land að forngildu. Þángað reka ýmsir sveitamenn lömb sín,

<sup>637</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 43-44.

<sup>638</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>639</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 69.

<sup>640</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>641</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>642</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>643</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>644</sup> Skjal nr. 2 (61).

og sýna þar í staðinn óákveðna greiðasemi eður góðvilja, en gjalda ei vissan afrettartoll. <sup>645</sup>

Á manntalsþingi á Grýtubakka 19. maí 1719 óskaði Jón Jónsson í Grenivík úrlausnar á hvort hreppsþúar í Höfðahverfi væru ekki skyldugir að halda geldfjárrekstri á vorin og fjallgöngum á haustin í „afrétt“ sem gamlir menn segi að fornu hafa verið brúkaða í Grenivíkurlandi og var fallist á þess skyldu bænda á þinginu. <sup>646</sup>

Jarðamatið frá 1804 gefur mjög litlar vísbendingar um „afrétti“. Aðeins er vikið að því við Grenivík sem á:

Afret til eget Brug <sup>647</sup>

Í lýsingu á Grenivík með Grenivíkurfjalli og Grenjárdal „hérna megin Þröskuldar“ segir Höfðaprestur í sóknalýsingu árið 1840:

En hinum megin [er] Trölladalur, mikil víðátta, allt út að Gilsafrétti. heyrir hann allur, eins og fjallið austan árinna – sem álíkt og Grenjá hér megin sprettur fram undan Þröskuldi utanverðum og rennur til fjarðar út – undir Grenivík, ásamt allri heiðinni að vestanverðu, inn að Hvamms og Bárðartjarnar löndum. <sup>648</sup>

Síðar segir í sömu sóknalýsingu:

Rétt fyrir sauðfé er vel og vandlega uppbyggð, undir heiðarbrekkunni, rétt suður undan Bárðartjörn á nyrðri Gljúfurárbakkanum og þar rétt við hafa þeir Grýtubakka- og Grenivíkurbændur, sem skipta til jafnaðar með sér öllum geldfjártollum, látið brúa ána með stórtjám. Göngur byrjast vanalegast ætíð hér á mánudag í 21. sumarvikunni. Sama sinn er gengin Strandarfjöllin, líka svokallaðir Hnjúkar, sem er fjallgarður fyrir ofan Grund, Lómatjörn og Hléskóga, einnig afréttirnar í Fjörðum, og öllum úrtíningi ráðstafað um kvöldið sama og daginn eftir til sveitarinnar forstjóra er situr á Grund, syðsta bæ í Hverfinu, hjá hvörjum nærliggjandi sveita markabækur liggja. <sup>649</sup>

Jarðamatið 1849-1850 telur til kosta á Grenivík með Grenivíkurtoti, sem sé í eyði, fjallupprekstur rúmlega fyrir heimilið. <sup>650</sup>

Um Grenivík segir í fasteignamatinu 1916-1918:

Jörðin á afréttarland á Leirdalsheiði, það notað árlega, en undanfarið ekkert verið greitt fyrir, Jarlsstaðir eiga þar ókeypiss upprekstur fyrir sig. <sup>651</sup>

Jarlsstaðir áttu samkvæmt sama mati upprekstur fyrir sig í Grenivíkurlandi. <sup>652</sup>

<sup>645</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 42.

<sup>646</sup> Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Gerningur þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096, bl. 172r-175r.

<sup>647</sup> Skjal nr. 2 (56).

<sup>648</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 44.

<sup>649</sup> *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 49.

<sup>650</sup> Skjal nr. 2 (58).

<sup>651</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>652</sup> Skjal nr. 2 (61).

Jarðamat 1849-1850 segir Hvamm eiga frjálsan geldfjárrekstur á heiðinni fyrir heimilið.<sup>653</sup>

Fasteignamatið 1916-1918 segir jörðina Hvamm liggja að „afrétt“ og eiga sérstakt upprekstrarland.<sup>654</sup>

Hér að framan er vikið að „afréttareign“ Grýtubakka í umfjöllun um Kúsveinsstaði og Jórunnarstaði en í jarðamati 1849-1850 er Grýtubakki sagður eiga fjárupprekstur til aflögu og hris til dengslis og grasatekja til heimilis og afbýlið Grýta, sem áður var sérmetin jörð, á fjallupprekstur og grasatekju að tiltölu í samlendunni.<sup>655</sup>

Í lýsingu Grýtubakka í fasteignamatinu 1916-1918 segir:

Jörðunni fylgir stórt upprekstrarland, notað fyrir heimafé.<sup>656</sup>

Í virðingargerð Kolgerðis, frá 30. maí 1916, kemur fram að mikill ágangur sé af sauðfé af „afrétti“ Grýtubakkahrepps sem liggja að landi jarðarinnar.<sup>657</sup>

Í lýsingu Kolgerðis í fasteignamatinu 1916-1918 er jörðin sögð eiga upprekstur fyrir sig í „Grýtubakkaafrétt“.<sup>658</sup> Þá var einnig kvartað þar undan ágangi af afréttarfé sem og í Miðgerði og Pálsgerði.<sup>659</sup>

Á Skarði voru tekjur af „afrétti“ 1 ríkisdalur á ári samkvæmt jarðamati 1804.<sup>660</sup>

Hálft Skarð í Dalsmynni var selt 7. júlí 1829. Tekið var fram í afsalsbréfinu að „afrétt“ væri þar með.<sup>661</sup>

Á Skarði var í jarðamati 1849-1850 grasatekja til hagræðis fyrir heimilið talin til kosta og upprekstur í sama máta.<sup>662</sup>

Skarð á að sögn fasteignamatsins 1916-1918 upprekstrarland fyrir sig.<sup>663</sup>

<sup>653</sup> Skjal nr. 2 (58).

<sup>654</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>655</sup> Skjal nr. 2 (58).

<sup>656</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>657</sup> Skjal nr. 2 (141).

<sup>658</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>659</sup> Skjal nr. 2 (61).

<sup>660</sup> Skjal nr. 2 (56).

<sup>661</sup> Skjal nr. 2 (54).

<sup>662</sup> Skjal nr. 2 (58).

<sup>663</sup> Skjal nr. 2 (61).

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Sameiginleg atriði á svæði 6

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrirbyggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þessara gagna við það mál sem hér er til umfjöllunar. Í framhaldinu verður einnig sérstaklega hugað að því hvort í nýjum dómum um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afréttarsvæða megi greina áherslumun sem tilefni gefi til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.<sup>664</sup> Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (svæði 1), er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum nr. 1-5/2001 (svæði 2) er í kaflanum *Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1-9/2003 (svæði 3), 1-6/2004 (svæði 4) og 1-5/2005 (svæði 5). Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum nr. 1-5/2007 (svæði 6).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og samræmi við áður nefndar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, og vísar til þeirra, sbr. einnig kafla 6.1.2 - 6.1.3 hér á eftir.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 31. maí 2006, nánar tiltekið kafla 6.1.1 í málum nr. 1-6/2004 (svæði 4), var þannig fjallað sérstaklega um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr.

<sup>664</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 46, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrá frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 29. maí 2007, nánar tiltekið kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), tók óbyggðanefnd einnig afstöðu til þess hvort þeir dómar sem þá lágu fyrir gæfu tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki. Þá skal þess getið að í sömu málum, kafla 6.1.2, var gerð almenn grein fyrir stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi.

Frá því óbyggðanefnd kvað upp síðastnefnda úrskurði, í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænafjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á framangreindri niðurstöðu, þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

### 6.1.3 Afréttir einstakra jarða og stofnana

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sbr. kafla 6.1.1. og viðauka. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4 og 4.5 í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnotafréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra

jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu Þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðháttar, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð Þjóðlendum og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðháttar, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenninga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í Þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afréttar og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu

manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenna, Merkurtingur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrir og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafréttta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að



þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almennungum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðháttu, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrjú dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskups-tungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitafæni af þessum toga að

eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>665</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum Landnámu sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

## 6.3 „Upprekstrarland“ milli Höfðagilja

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið „upprekstrarland milli Höfðagilja“ og Prestsetrasjóður gerir kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Vestur og upp af flatlendi við Dalsá í Flateyjardal er Vesturheiði. Ofan hennar rís yfir um 20 km langur fjallgarður sem nær frá Blámannshatti á Skessuhrygg að sunnan og norður undir Brettingsstaðadali og er víðast hvar í 900-1200m hæð. Um miðbik Vesturheiðar, á um 10 km kafla frá Innra-Höfðagili út undir Ytra-Mógil, er fellaröð milli fjölda gilja, nefnd Fell (350–400 m), og mynda þau rofstall upp af heiðinni. Upp af Fellum er sígandi halli upp til fjallsbrúna, mikið land með skálum og víðlendi, en bratti eykst aftur þegar utar kemur. Landsvæðið milli Höfðagilja liggur í um 200 m hæð að austanverðu, gróið og hallalítið, en fer hækkandi til vesturs og nær hæst í rúmlega 1100 m hæð.

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu landsvæði við sjó verið numið í öndverðu og að landnám hafi ekki náð til fjalla og heiða. Þau lönd hafi hins vegar orðið samnotaafréttur. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Litið er svo á að svæðin

<sup>665</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Höfðagil og Almenningur teljist til þjóðlendna. Í því sambandi vísast m.a. til heimilda um land milli Höfðagilja í máldögum Auðunar rauða frá árinu 1318 um selför Laufáskirkju á Flateyjarðalsheiði. Þá miðist merki svæðisins við að um upprekstrarland sé að ræða. Engin merki séu um að umrætt svæði milli Höfðagilja teljist eignarland heldur hafi það verið háð afréttareign kirkjunnar. Land þetta liggir ofan byggða og sé ekki landfræðilega tengt Laufási. Má því ljóst vera að um þjóðlendu sé að ræða, með svipuðum hætti og t.d. Hrunaheiðar í Árnessýslu.

Af hálfu Prestsetrasjóðs, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Sérstaklega er vísað til Hrd. 1987/1656 um Flateyjarðalsheiði. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum (viðskiptavenju). Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalyásing fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja „upprekstrarlands milli Höfðagilja“ sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigandi „upprekstrarlands milli Höfðagilja“ hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á landsvæðinu milli Höfðagilja er rakin í kafla 5.2 hér að framan, sbr. einnig kafla 5.35 um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að þess er fyrst sérstaklega getið í heimildum frá 17. öld og talið lambaafréttur Laufáskirkju. Jörðin Laufás liggur utan við ágreiningssvæði í máli

Þessu, aðskilin frá landsvæðinu milli Höfðagilja af öðrum jörðum. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á milli Höfðagilja en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku Þjóðlendulaga.<sup>666</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki Laufáskirkjulandsins er kallað hefir verið „upprekstrarland“ milli Höfðagilja og Flateyjardalsheiði“, dags. 5. maí 1886 og þingl. 4. júní 1888. Laufásprestur ritar undir skjalið og þau landamerkjabréf sem lýsa merkjum að „upprekstrarlandinu“ eru öll árituð vegna Laufáss nema landamerkjabréf Grýtubakka. Engar eldri merkjalýsingar eru fyrir hendi. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðisins og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er óumdeilt eignarland Vestari-Króka til suðausturs en til suðurs, norðurs og vesturs eru ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinn gagnaðila þess vegna Skarðs, Almennings og Grýtubakka, sbr. kafla 6.4, 6.9 og 6.10. Til austurs er landsvæði sem til umfjöllunar er í máli nr. 4/2007 hjá óbyggðanefnd, sbr. einkum kafla 6.6 um Kambsmýrar. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun landsvæðisins milli Höfðagilja með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1886 eru merki til norðurs, gagnvart Almennungi á Flateyjardalsheiði, miðuð við „Ytrahöfðagilsá þangað til gilið klofnar þá er stefnan bein til háfjallsbrúnar“. Áin kemur úr Ytri-Höfðagilsbotni, undir næfurþunnri Þjófadalsegg (1046 m). Í landamerkjabréfi Almennings frá 6. desember 1882 og þingl. 18. júní 1884, segir um þessi merki að þau liggi „í Ytra-Höfðagili neðan frá Heiðará upp þangað, sem gilið klýfur sig og myndast túnga milli tveggja gilja. Eru þá merkin í Ytra gilinu, sem liggur beinna fyrir, upp til fjallsbrúnarinnar og er því sleppir beint á efsta hrygg fjallsins“. Bréfin lýsa þannig jafn langt í vesturátt, upp til fjalls, en ber ekki saman um merkin þangað frá þeim stað sem gilið klofnar. Þau bera hins vegar gagnkvæmar áritanir og bréf landsins á milli Höfðagilja er yngra. Svo virðist því sem gert hafi verið samkomulag um breytta afmörkun að þessu leyti.

Austurmerki landsvæðisins milli Höfðagilja, gagnvart Kambsmýrum, eru miðuð við Dalsá og bréfið er áritað vegna þeirra. Merki Kambsmýra, sem eru á ágreiningssvæði í máli nr. 4/2007 hjá óbyggðanefnd, eru einnig miðuð við Dalsá samkvæmt landamerkjabréfi frá 20. apríl 1885 og þingl. 27. maí sama ár.

Suðurmerki landsvæðisins milli Höfðagilja, gagnvart Vestari-Krókum og Skarði, eru miðuð við Syðri-Höfðagilsá, og bréfið er áritað vegna þeirra. Áin kemur úr Syðri-Höfðagilsbotni, undir áður nefndri Þjófadalsegg (1046 m) og gegnt Grýtuskál yfir Höfðahverfi. Þessi merki eru í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfum

<sup>666</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fyrirnefndra jarða. Engar eldri merkjalýsingar liggja fyrir vegna Vestari-Króka og Skarðs.

Vesturmerkjum landsvæðisins milli Höfðagilja, gagnvart Grýtubakka, er ekki sérstaklega lýst í landamerkjabréfinu frá 1886. Merki til suðurs eru þó miðuð við Syðri-Höfðagilsá og til norðurs eru þau miðuð við „háfjallsbrún“. Samkvæmt landamerkjabréfi Grýtubakka, frá 3. desember 1889 og þingl. 17. júní 1890, eru merki til austurs miðuð við fjallgarð þann „er aðskilur Leirdalsheiði og Flateyjardalsheiði, svo sem vötn deila inn í Grýtuskál.“ Bréfin bera ekki gagnkvæmar áritanir.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í vestanverðum Flateyjardal, þ.e. Skarð, Höfðagil og Almenningur, er notað orðalag á borð við „á fjall upp“, „háfjallið“, „til háfjallsbrúnar“, oftast um stefnu bæði suður- og norðurmerkja til vesturs. Eldri heimildir lýsa ekki vesturmerkjum og mæla því þessum lýsingum ekki í mót. Hið sama á við um landamerkjabréf Heiðarhúsa og Eyvindarár, sem norðar liggja og um er fjallað í köflum 6.4-6.5. Landamerkjabréf Grýtubakka miðar við fjallgarðinn þarna á milli og vatnaskil. Á öllu þessu svæði liggja eldri heimildir einungis fyrir í tilviki Eyvindarár en lýsing þeirra er óljós. Upp af Flateyjardal er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag í landamerkjabréfi svæðisins á milli Höfðagilja, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum til suðurs, norðurs og vesturs, og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki landsvæðisins á milli Höfðagilja og Grýtubakka hafi verið talin ná saman á fjalli.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar í landamerkjabréfi „Laufásskirkjulandsins er kallað hefir verið „upprekstrarland“ milli Höfðagilja og Flateyjardalsheiði“. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Að því er varðar Hrd. 1987/1656, sem gagnaðilar íslenska ríkisins vísa meðal annars til, er þess að geta að dómurinn fjallar einungis um tilkall til upprekstrarréttar og felur ekki í sér niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér

landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir landsvæðið á milli Höfðagilja var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirbyggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Sá galli sem á bréfinu er að því leyti að áritun vegna Grýtubakka vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Af heimildum er ljóst að landsvæðið milli Höfðagilja hefur legið undir Laufáskirkju en landfræðilega aðskilið frá þeirri jörð og afmarkað í sérstökum landamerkjabréfi, þar sem það er nefnt „upprekstrarland“. Þess er jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum og stundum nefnt „lambaafréttur“, sbr. skrá séra Magnúsar Ólafssonar yfir eignir Laufáskirkju frá árinu 1635 og greinargerð um Laufásprestakall frá árinu 1782. Eldri heimildir, máldagar sem rekja má aftur til 1318, greina frá því að Laufás eigi selför á Flateyjarðalsheiði, án nánari afmörkunar. Um miðja 20. öld lýsti biskup Íslands rétti Laufáskirkju til selfarar á Flateyjarðalsheiði og segir að vera megi að „þetta sé hið sama ítak og prestur telur, að heiti „milli Höfðagilja“...“. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi verið nýtt til annars en sumarþeir og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Það er að mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að „upprekstrarlandið“ hafi verið afréttur kirkjunnar í þeim skilningi að hún hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 6.1.3. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri „upprekstrarlandinu“ liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeir fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæðið milli Höfðagilja sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun þess hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé Þjóðlenda.<sup>667</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign eigenda Laufáss.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæðið milli Höfðagilja, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til Þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Ytri-Höfðagilsá er fylgt þaðan sem hún fellur í Dalsá og þangað til gilið klofnar. Þaðan er tekin bein stefna til háfjallsbrúnar. Síðan er fjallsbrúninni fylgt, og í því sambandi miðað við hreppamörk og sömu afmörkun til vesturs í kröfugerð Prestsetrasjóðs, að Syðri-Höfðagilsbotni og Syðri-Höfðagilsá þangað til hún fellur í Dalsá. Loks er Dalsá fylgt þar til Ytri-Höfðagilsá fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Laufáss, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst Þjóðlenda er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

## 6.4 Almennigur

### 6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta Þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Almennigur á Flateyjardal og Þingeyjarsveit gerir einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.3.

Vestur og upp af flatlendi við Dalsá í Flateyjardal er Vesturheiði. Ofan hennar rís yfir um 20 km langur fjallgarður sem nær frá Blámannshatti á Skessuhrygg að sunnan og norður undir Brettingsstaðadali og er víðast hvar í 900–1200m hæð, þar á meðal Þjófadalsegg í u.þ.b. 1046 m hæð yfir sjávarmáli. Um miðbik Vesturheiðar er fellaröð milli fjölda gilja, nefnd Fell (350–400 m), og mynda þau rofstall upp af heiðinni á um 10 km kafla frá Innra–Höfðagili út undir Ytra–Mógil. Upp af Fellum er sígandi halli upp til fjallsbrúna, mikið land með skálum og víðlendi, en bratti eykst aftur þegar utar kemur. Almennigur liggur í um 200 m hæð að austanverðu, gróið og hallalítið haglendi, en fer hækkandi til vesturs og nær hæst í u.þ.b. 1000 m hæð.

<sup>667</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu landsvæði við sjó verið numið í öndverðu og að landnám hafi ekki náð til fjalla og heiða. Þau lönd hafi hins vegar orðið samnotaafréttur. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfussvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Litið er svo á að svæðin Höfðagil og Almennigur teljist til þjóðlendna. Að því er varðar Almennig á Flateyjardalsheiði er talið að um sé að ræða þjóðlendu og afréttarsvæði sem aldrei hafi verið jörð í einkaeigu en landsvæðið liggi á Vesturheiði.

Af hálfu Þingeyjarsveitar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggji eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendlaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalyfing fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Almennings sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnáslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur Almennings hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá verður að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til Almennings algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Loks er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á landsvæði því sem hér er til umfjöllunar er rakin í kafla 5.3, sbr. einnig kafla 5.35 um afrétti og afréttarnot. Þar



kemur fram að Almennings á Flateyjardalsheiði er fyrst getið í heimildum frá 19. öld. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á þessu svæði en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.<sup>668</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Almennings er lýst í landamerkjabréfi, dags. 6. desember 1882 og þinglýst 18. júní 1884. Bréfið gerði bóndinn í Austarírókum, en ekki verður séð að þaðan hafi verið talið til sérstakra réttinda á svæðinu. Eldri merkjalýsingar liggja ekki fyrir en til er ódagsett og óundirrituð lýsing á merkjum Almennings á Flateyjardalsheiði, efnislega samhljóða landamerkjabréfinu. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðisins og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinn gagnaðila þess vegna landsvæðisins milli Höfðagilja til suðurs, Grýtubakka til vesturs og Heiðarhúsa til norðurs. Til austurs er ágreiningssvæði í máli nr. 4/2007 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 6.5 og 6.6 um Hálsmannatungur og Kambsmýrar. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Almennings með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í landamerkjabréfi Almennings eru merki til norðurs, gagnvart Heiðarhúsum, miðuð við „Eilífsá, neðan frá Heiðará upp þangað sem Eilífsárgilið beygist í krók suður á við, þá eftir beinni línu úr gilskróknum upp á háfjallið.“ Þessi lýsing er í samræmi við merki Heiðarhúsa eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi, dags. 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887. Þar segir að Eilífsá sé fylgt meðan stefna hennar sé bein en úr því sé stefnan sé tekin „bein til hábrúnarinnar.“ Heiðará er þó nefnd Dalsá, svo sem í öðrum landamerkjabréfum á þessu svæði, að bréfi Almennings frátöldu. Bréfin bera gagnkvæmar áritanir en eldri heimildir um merki Heiðarhúsa liggja ekki fyrir, sbr. kafla 6.5.

Austurmerki Almennings, gagnvart Hálsmannatungum og Kambsmýrum, sem eru á ágreiningssvæði í máli nr. 4/2007 hjá óbyggðanefnd, miðast við Heiðará [Dalsá] að því er greinir í landamerkjabréfinu 1882. Áritanir skortir en lýsingin er í samræmi við merki Hálsmannatungna og Kambsmýra eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum, annars vegar í landamerkjabréfi Háls, dags. 2. júní 1890 og þingl. 16. júní sama ár, og hins vegar í landamerkjabréfi Kambsmýra, dags. 20. apríl 1885 og þingl. 27. maí sama ár. Eldri heimildir um þessi merki eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.5 og 6.6 í máli nr. 4/2007.

Suðurmerki Almennings, gagnvart landsvæðinu milli Höfðagilja, liggja samkvæmt landamerkjabréfinu „í Ytra-Höfðagili neðan frá Heiðará [Dalsá] upp

<sup>668</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þangað, sem gilið klýfur sig og myndast túnga milli tveggja gilja. Eru þá merkin í Ytra gilinu, sem liggur beinna fyrir, upp til fjallsbrúnarinnar og er því sleppir beint á efsta hrygg fjallsins“. Hér skal þess getið að Ytri-Höfðagilsbotn er undir Þjófadalsegg (1046 m). Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir „upprekstarland“ milli Höfðagilja, dags. 5. maí 1886 og þingl. 4. júní 1888, eru merki til norðurs miðuð við „Ytrahöfðagilsá þangað til gilið klofnar þá er stefnan bein til háfjallsbrúnar“. Bréfin lýsa þannig jafn langt í vesturátt, upp til fjalls, en ber ekki saman um merkin þangað frá þeim stað sem gilið klofnar. Þau bera hins vegar gagnkvæmar áritanir og bréf landsins á milli Höfðagilja er yngra. Svo virðist því sem gert hafi verið samkomulag um breytta afmörkun að þessu leyti.

Vesturmerkjum Almennings, gagnvart Grýtubakka, er ekki sérstaklega lýst í landamerkjabréfinu 1882. Suðurmerkjum er þó lýst vestur „á efsta hrygg fjallsins“ og norðurmerkjum vestur „upp á háfjallið“. Bréfið er ekki áritað vegna Grýtubakka eða öfugt. Samkvæmt landamerkjabréfi Grýtubakka, frá 3. desember 1889 og þingl. 17. júní 1890, eru merki til austurs miðuð við fjallgarð þann „er aðskilur Leirdalsheiði og Flateyjardalsheiði, svo sem vötn deila inn í Grýtuskál.“

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í vestanverðum Flateyjardal, þ.e. Höfðagil, Almennigur og Heiðarhús, er notað orðalag á borð við „til háfjallsbrúnar“, „á efsta hrygg fjallsins“, oftast um stefnu bæði suður- og norðurmerkja til vesturs. Eldri heimildir lýsa ekki vesturmerkjum og mæla því þessum lýsingum ekki í mót. Hið sama á við um landamerkjabréf Eyvindarár, norðan Heiðarhúsa, og Skarðs, sem er sunnan við landsvæðið á milli Höfðagils, sbr. kafla 6.5 og 6.9. Landamerkjabréf Grýtubakka miðar við fjallgarðinn þarna á milli og vatnaskil. Á öllu þessu svæði liggja eldri heimildir einungis fyrir í tilviki Eyvindarár en lýsing þeirra er óljós. Upp af Flateyjardal er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag í landamerkjabréfi Almennings, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum til suðurs, norðurs og vesturs, og staðhættir á svæðinu bendi til þess að merki Almennings og Grýtubakka hafi verið talin ná saman á fjalli.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Almennings frá 1882. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Að því er varðar Hrd. 1987/1656, sem gagnaðilar íslenska ríkisins vísa meðal annars til, er þess að geta að dómurinn fjallar einungis um tilkall til upprekstrarréttar og felur ekki í sér niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar

að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf Almennings var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem rakið hefur verið hér að framan telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Sá galli sem á bréfinu er að því leyti að áritun vegna Grýtubakka vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Þegar Almennings er getið í skriflegum heimildum er það tengt upprekstri og afréttarnotum. Í ritinu Göngur og réttir segir að leitarsvæðin á Vesturheiði séu m.a. „Almenningur frá Eilífsá að Ytra-Höfðagili“. Þar segir jafnframt að „Almenningur, eign Hálshrepps, hafi ekki tilheyrt neinni heiðarjörðinni“. Í bók Páls G. Jónssonar frá Garði um Flateyjardalsheiði er vitnað í skrá yfir afrétti í Hálshreppi frá árinu 1905. Þar segir að Almenningur sé frá Eilífsá að Ytra-Höfðagili og sé eign Hálshrepps. Fram kemur í samantekt sýslumanns Þingeyjarsýslu frá árinu 1959 sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ að afréttir í Hálshreppi séu á Flateyjardalsheiði frá mörkum Flateyjarhrepps að Syðra-Höfðagili að vestan og Árbugsá að austan. Engin gögn liggja fyrir um að Almenningur hafi verið nýttur til annars en sumarþegar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Svæðið er að mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfænaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að búfjáreigendur á svæðinu hafi haft hefðbundin not af Almenningi, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnast til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og stofnað til núverandi afnotaréttar með sama hætti og á samnotaafréttum endranær. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Almenningi liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd, sbr. einnig kafla 6.1.3.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumardeildar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Almennur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>669</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í Hálshreppi. Ljóst er að einstakir hlutar þess eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumardeildar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Almennur, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Að norðanverðu er Eilífsá fylgt þaðan sem hún fellur í Dalsá og þangað sem Eilífsárgilið beygist í krók suður á við. Þá eftir beinni línu úr gilskróknum upp á háfjallið. Að sunnanverðu er Ytri-Höfðagilsá fylgt þaðan sem hún fellur í Dalsá og þangað til gilið klofnar. Þaðan er tekin bein stefna til háfjallsbrúnar. Til vesturs, á milli framangreindra norður- og suðurmerkja, er háfjallinu fylgt og í því sambandi miðað við hreppamörk og sömu afmörkun til vesturs í kröfugerð Þingeyjarsveitar. Til austurs er miðað við Dalsá, þaðan sem Ytri-Höfðagilsá fellur í hana og þangað sem Eilífsá fellur í hana.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hálshreppi, nú í Þingeyjarsveit, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, sem nýtur veiðiréttar í Dalsá samkvæmt 7. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruinjasrá.

<sup>669</sup> Sbr. einnig lokakafli í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 6.5 Heiðarhús

### 6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Heiðarhúsa gera einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.4.

Vestur og upp af flatlendi við Dalsá í Flateyjardal er Vesturheiði. Ofan hennar rís yfir um 20 km langur fjallgarður sem nær frá Blámannshatti á Skessuhrygg að sunnan og norður undir Brettingsstaðadali og er víðast hvar í 900-1200m hæð, þar á meðal Digrahnjúkur (962 m). Um miðbik Vesturheiðar er fellaröð milli fjölda gilja, nefnd Fell (350–400 m), og mynda þau rofstall upp af heiðinni á um 10 km kafla frá Innra–Höfðagili út undir Ytra–Mógil. Upp af Fellum er sígandi halli upp til fjallsbrúna, mikið land með skálum og víðlendi, en bratti eykst aftur þegar utar kemur. Landsvæði það sem hér um ræðir er hallalítið og gróið að austanverðu en þegar vestar dregur rís land skarpt og er hallamikið og fjallent. Nær svæðið í yfir 900 m hæð, þ.á m. í áðurnefndan Digrahnjúk. Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins liggur í yfir 500 m hæð.

### 6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu landsvæði við sjó verið numið í öndverðu og að landnám hafi ekki náð til fjalla og heiða. Þau lönd hafi hins vegar orðið samnotaafréttur. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Ekki er fallist á að jarðirnar Heiðarhús, Eyvindará og Brettingsstaðir eigi landamerki ofar en nemur 500 m hæðarmörkum. Talið er að umræddar jarðir geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk enda séu slík merki ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum svo sem kröfulýsingar þeirra geri ráð fyrir.

Af hálfu Þingeyjarsveitar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum var þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendlaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast

einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalyking fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Heiðarhúsa sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnisýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur Heiðarhúsa hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá verður að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til Heiðarhúsa algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Einnig er byggt á dómi Hæstaréttar á bls. 1656 frá árinu 1987 um Flateyjardalsheiði. Loks er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Heiðarhúsa er rakin í kafla 5.4, sbr. einnig kafla 5.35 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>670</sup>

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Heiðarhúsa er lýst í landamerkjabréfi frá 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1889, en eldri merkjalýsingar liggja ekki fyrir. Athugun þessi tekur til afmörkunar Heiðarhúsa að því leyti sem hún getur varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu, þ.e. vesturmerkja og vestanverðra norður- og suðurmerkja. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er kröfufsvæði Almennings til suðurs, Grýtubakka til vesturs og Eyvindarár til norðurs. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Heiðarhúsa með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Heiðarhúsa eru merki til norðurs, gagnvart Eyvindará, miðuð við Mógilsá og „eftir henni er stefnan bein uppí Fjallsbrún.“ Bréfið er áritað vegna Eyvindarár. Þessi merki eru í samræmi við landamerki Eyvindarár sem fram koma í landamerkjabréfi frá 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887. Þar er miðað við „Mógilsá neðan frá Dalsá. Er stefna Mógilsárinnar bein og ræður stefnunni beint á fjall upp.“ Bréfið er áritað vegna Heiðarhúsa. Eldri heimildir um afmörkun Eyvindarár/Laufáshaga miða einnig við Mógil ytra, sbr. kafla 6.5.

Merki Heiðarhúsa til suðurs, gagnvart Almenningi, eru samkvæmt landamerkjabréfi miðuð við Eilífsá „meðan stefna hennar bein og úr því er líka

<sup>670</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

stefnan bein til hábrúnarinnar.“ Bréfið er áritað af Gísla Ásmundssyni vegna Almennings. Í landamerkjabréfi Almennings eru merki til norðurs, gagnvart Heiðarhúsum, miðuð við „Eilífsá, neðan frá Heiðará upp þangað sem Eilífsárgilið beygist í krók suður á við, þá eftir beinni línu úr gilskróknum upp á háfjallið.“ Þessi lýsing er í samræmi við framangreind merki Heiðarhúsa. Þess skal þó getið að Heiðará, sem svo er nefnd í bréfi Almennings, er nefnd Dalsá í öðrum landamerkjabréfum á þessu svæði. Bréfin bera gagnkvæmar áritanir en eldri heimildir um merki Almennings liggja ekki fyrir, sbr. kafla 6.3.

Samkvæmt landamerkjabréfi Heiðarhúsa eru merki þeirra til vesturs, gagnvart Grýtubakka, miðuð við „fjallsbrúnina“. Bréfið er ekki áritað vegna Grýtubakka. Samkvæmt landamerkjabréfi Grýtubakka, frá 3. desember 1889 og þingl. 17. júní 1890, eru merki til austurs miðuð við fjallgarð þann „er aðskilur Leirdalsheiði og Flateyjardalsheiði, svo sem vötn deila inn í Grýtuskál“. Gagnkvæmar áritanir skortir á þessi bréf.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í vestanverðum Flateyjardal, þ.e. Almennings, Heiðarhús og Eyvindará, er notað orðalag á borð við „háfjallið“, „til hábrúnarinnar“ og álíka, oftast um stefnu bæði suður- og norðurmerkja til vesturs. Hið sama á við um landamerkjabréf Höfðagils, sunnan Almennings, og Skarðs, sbr. kafla 6.2 og 6.9. Landamerkjabréf Grýtubakka miðar við fjallgarðinn þarna á milli og vatnaskil. Á öllu þessu svæði liggja eldri heimildir einungis fyrir í tilviki Eyvindarár en lýsing þeirra er óljós. Upp af Flateyjardal er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag í landamerkjabréfi Heiðarhúsa, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum til suðurs, norðurs og vesturs, og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Heiðarhúsa og Grýtubakka hafi verið talin ná saman á fjalli.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Heiðarhúsa. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Að því er varðar Hrd. 1987/1656, sem gagnaðilar íslenska ríkisins vísa meðal annars til, er þess að geta að dómurinn fjallar einungis um tilkall til upprekstrarréttar og felur ekki í sér niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt

sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf jarðarinnar Heiðarhúsa var gert í kjölfar þess að landamerkjälög tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirbyggjandi gögn benda til þess að merkjum hennar sé þar rétt lýst. Bréfið var undirritað af eigendum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá galli sem á bréfinu er að því leyti að áritun vegna Grýtubakka vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Í bók Páls G. Jónssonar frá Garði um Flateyjardalsheiði er vitnað í skrá yfir afrétti í Hálshreppi frá árinu 1905. Þar er minnst á Heiðarhúsaland „... frá Ytra Mógili suður að Eilífsá. Eigandi Þönglabakkakirkja.“ Einnig segir að þverá í Dalsmynni eigi frían upprekstur í „þessum afrétti.“ Fram kemur í samantekt sýslumanns Þingeyjarsýslu frá árinu 1959 sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ að afréttir í Hálshreppi séu á Flateyjardalsheiði frá mörkum Flateyjarhrepps að Syðra-Höfðagili að vestan og Árbugsá að austan. Umfjöllun um afrétt jarðanna Þóroddsstaða og Garðsvíkur hjá Mógiljum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, þ.e.a.s. innan framangreindra merkja Heiðarhúsa, ber að skýra með hliðsjón af máldaga- og kaupbréfi fyrir Þóroddsstaði frá 1473. Þar segir að Þóroddsstaðir eigi landeign út á Flateyjardalsheiði og geldfjárrekstur á millum Mógilja, til móts við Garðsvík.

Óbyggðanefnd telur að heimildir þær um afréttarnot sem hér að framan eru raktar og taka til Heiðarhúsa endurspegli fremur beitarnot á Heiðarhúsum eftir að jörðin fór í eyði. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4 og 4.5 í viðauka með úrskurði þessum.

Svo sem fram kemur í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða



um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Verður því lagt til grundvallar að jörðin Heiðarhús hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1886, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting heiðarlands jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandshlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Heiðarhúsa sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>671</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Heiðarhúsa, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.6 Eyvindará (Laufáshagi)

### 6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem Þingeyjarsveit gerir einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.5. Þá ber þess að geta að kröfusvæði Þingeyjarsveitar vegna Eyvindarár skarast að hluta á við kröfusvæði vegna Brettingsstaða sem um er fjallað í kafla 6.7.

Vestur og upp af flatlendi við Dalsá í Flateyjardal er Vesturheiði. Ofan hennar rís yfir um 20 km langur fjallgarður sem nær frá Blámannshatti á Skessuhrygg að sunnan og norður undir Brettingsstaðadali og er víðast hvar í 900-1200 m hæð. Landsvæði það sem hér um ræðir er hallalítið og gróið að austanverðu en rís skarpt að vestanverðu í Þverárfjalli, hallamikið og fjalllent á því svæði og þar upp af. Nær

<sup>671</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

svæðið í yfir 900 m hæð að vestan. Þjóðlendukröfussvæði íslenska ríkisins er í yfir 500 m hæð.

### 6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu landsvæði við sjó verið numið í öndverðu og að landnám hafi ekki náð til fjalla og heiða. Þau lönd hafi hins vegar orðið samnotaafréttur. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfussvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Ekki er fallist á að jarðirnar Heiðarhús, Eyvindará og Brettingsstaðir eigi landamerki ofar en nemur 500 m hæðarmörkum. Talið er að umræddar jarðir geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk enda séu slík merki ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum svo sem kröfulýsingar þeirra geri ráð fyrir. Í máldaga frá 1318 sé Laufáshaga (Eyvindará) lýst sem afréttarlandi. Sama komi fram í máldögum frá 1394 og 1461. Landsvæði þetta sé slitið í sundur frá heimajörð eins og dæmigert hafi verið fyrir afréttarlönd sem hafi tilheyrt kirkjum. Af landamerkjabréfi sérstaklega verði ekki ráðið að um eignarland sé að ræða.

Af hálfu Þingeyjarsveitar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum var þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggji eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum manna. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalyásing fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Eyvindarár sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnáskýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur Eyvindarár hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim

lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá verður að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til Eyvindarár algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Einnig er byggt á dómi Hæstaréttar um Flateyjardalsheiði frá árinu 1987 á bls. 1656. Loks er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Laufáshaga og Eyvindarár er rakin í kafla 5.5, sbr. einnig kafla 5.34 um sel og kafla 5.35 um afrétti og afréttarnot. Svo sem þar kemur fram er Laufáshaga fyrst getið í heimild frá 14. öld og nefndur afréttur. Um „Eyvindarár land“ og „kirkjujörðina Eyvindará“ sést fyrst fjallað á 17. öld. Sérstakt athugunarefni er hvort þessi landsvæði fóru að öllu leyti saman. Búseta á Eyvindará (Laufáshaga) hefur verið stopul, óljóst er um upphaf hennar og landið lengi nýtt til sumarbeitar. Ljóst er að við gildistöku Þjóðlendulaga hafði landið stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>672</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar. Ágreiningur málsaðila nær einungis til þess hluta lands Eyvindarár (Laufáshaga), svo sem það er afmarkað í kröfugerð gagnaðila, sem liggur vestan við 500 m hæðarlínu á Flateyjardalsheiði. Enginn ágreiningur er þannig um að austan hinnar tilgreindu hæðarlínu og vestur að Dalsá, sé eignarland.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi „Laufáshaga eða Eyvindarárlands“, sem gert var 5. maí 1886 og þinglýst 11. júní 1887 og Laufásprestur undirritar. Jafnframt liggur fyrir nokkur fjöldi eldri heimilda um merki Laufáshaga að hluta, nánar tiltekið máldagabók frá 1461-1510, tvær lögfestur og ein vísitasía frá 17. öld, og tvær vísitasíur og skýrsla Laufásprests frá fyrri hluta 18. aldar. Athugun þessi tekur til norður-, vestur- og suðurmerkja „Laufáshaga eða Eyvindarárlands“, hér eftir nefnt Eyvindará, innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er kröfusvæði Brettingsstaða til norðurs, kröfusvæði Grýtubakka til vesturs og kröfusvæði Heiðarhúsa til suðurs. Til austurs eru ágreiningssvæði í máli nr. 4/2007 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 6.3 og 6.4 um Knarrareyri og Grímsland. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Eyvindarár með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Verður þá fyrst litið til norðurmerkja Eyvindarár, gagnvart Brettingsstöðum, en kröfusvæði þessara tveggja málsaðila skarast að hluta. Í landamerkjabréfi „Laufáshaga eða Eyvindarárlands“ er merkjum til norðurs lýst svo: „Að utan ræður

<sup>672</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Eyvindará.“ Eldri heimildir um afmörkun Laufáshaga miða einnig við Eyvindará. Í landamerkjabréfi Brettingsstaða, frá 14. apríl 1885 og þingl. 4. júní 1886, eru merki einnig miðuð við Eyvindará. Bréfin bera gagnkvæmar áritanir. Eldri heimildir um merki Brettingsstaða liggja ekki fyrir, sbr. kafla 6.6. Samkvæmt örnefnaskrá Örnefnastofnunar frá 1967 kemur Eyvindará „eftir Eyvindarárdal og eru upptök hennar framarlega [innarlega] á dal þessum. Fellur hún í djúpu gili er kemur niður á móts við Þverárfjall...“.

Suðurmerkjum, gagnvart kröfusvæði Heiðarhúsa, er þannig lýst í landamerkjabréfi „Laufáshaga eða Eyvindarárlands“ að þar ráði „Mógilsá neðan frá Dalsá. Er stefna Mógilsárinnar bein og ræður stefnunni beint á fjall upp.“ Bréfið er áritað vegna Heiðarhúsa. Eldri heimildir um afmörkun Laufáshaga miða einnig við Mógil ytra, sbr. t.d. lögfestu frá 1678 og vísitasíu frá 1701. Í landamerkjabréfi Heiðarhúsa, frá 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887, eru merki til norðurs miðuð við Mógilsá og „eftir henni er stefnan bein uppí Fjallsbrún.“ Bréfið er áritað vegna Eyvindarár.

Um vesturmerki, gagnvart kröfusvæði Grýtubakka, segir svo í landamerkjabréfi „Laufáshaga eða Eyvindarárlands“: „Að vestan ræður fjallsbrúnin.“ Bréfið er ekki áritað vegna Grýtubakka. Í landamerkjabréfi Grýtubakka frá 3. desember 1889 og þingl. 17. júní 1899, segir svo: „Að austan ræður fjallgarður sá er aðskilur Leirdalsheiði og Flateyjardalsheiði, svo sem vötn deila inn í Grýtuskál. [...]“ Hvorki bréf Grýtubakka né Eyvindarár bera áritanir vegna merkja þar á milli.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í vestanverðum Flateyjardal, þ.e. Heiðarhús, Eyvindará og Brettingsstaði, er merkjum þar á milli lýst með orðalaginu „upp í fjallsbrún“, „á fjall upp“ og loks „Eyvindará“. Í landamerkjabréfum þeirra landsvæði sem sunnar liggja, þ.e. Höfðagilja, Almennings og Skarðs, er notað orðalag á borð við „til háfjallsbrúnar“, „háfjallið“ og álika, oftast um stefnu bæði suður- og norðurmerkja til vesturs, sbr. kafla 6.2-6.3 og 6.9. Landamerkjabréf Grýtubakka miðar við fjallgarðinn þarna á milli og vatnaskil. Á öllu þessu svæði liggja eldri heimildir einungis fyrir í tilviki Eyvindarár en lýsing þeirra er óljósari en landamerkjabréfið um afmörkun til vesturs. Upp af Flateyjardal er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að orðalag í landamerkjabréfi Eyvindarár, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum, og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Eyvindarár og Grýtubakka hafi verið talin ná saman á fjalli.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Eyvindarár. Þar sem deilt er um merki Eyvindarár og Brettingsstaða kann hluti þessa svæðis þó að vera innan merkja Brettingsstaða, sbr. kafla 6.7. Til þess atriðis verður því aðeins tekin afstaða hér ef umrædd mörk liggja að einhverju

leyti að þjóðlendu, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Þar skal þess fyrst getið að Hrd. 1987/1656, sem gagnaðilar íslenska ríkisins vísa meðal annars til, fjallar einungis um tilkall til upprekstrarréttar og felur ekki í sér niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf „Laufásshaga eða Eyvindarárlands“ var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirbyggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Á henni hefur verið byggt síðan, án þess að séð verði að komið hafi fram ágreiningur eða athugasemdir, yfirvalda eða annarra. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá galli sem á bréfinu er að því leyti að áritun vegna Grýtubakka vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Fyrir liggur að Laufáshagi og Eyvindará hafa legið undir Laufáskirkju svo lengi sem heimildir ná, og þar til hún var seld Hálshreppi 1978, en landfræðilega aðskilin frá Laufási og afmörkuð, sem eitt landsvæði væri, í sérstöku landamerkjabréfi.

Elstu heimildir, þ.e. máldagar frá 1318 og 1461-1510, greina frá því að Laufáskirkja eigi „afriett er Laufáshagi heytir“. Hið sama segir í fjölda annarra heimilda, lögfestum, vísitásium o.fl. Um staðsetningu Laufáshaga segir að hann liggi á milli Eyvindarár og Mógils ytra. Að líkindum er þar vísað til árinna en þess skal þó getið að í vísitásíu frá 1701 er annars vegar fjallað um kirkjújörðina Eyvindará og hins vegar um Laufáshaga, sem liggi á milli Eyvindarár og Mógils ytra. Í skrá yfir eignir Laufáskirkju frá 1635 segir hins vegar að kirkjan eigi „Eivindarár land á Flateyardalsheide (afrett)“ og þannig ekki gerður skýr greinarmunur á. Í skrá yfir eignir Laufáskirkju frá 1738 segir að Eyvindará hafi verið áður byggð í afréttarlandi á Flateyardalsheidi en hafi verið lengi í eyði. Líklegt verður því að telja að Laufáshagi

og Eyvindará séu eitt og sama landsvæðið, a.m.k. að stórum hluta. Um upphaf byggðar á Eyvindará verður ekkert fullyrt en heimildir benda til þess að hún hafi verið stopul frá miðri 17. öld og fram á 19. öld en nokkuð samfelld á árunum 1818-1872, þegar hún fór endanlega í eyði. Til er fjöldi heimilda um eignir Laufáskirkju á 18. og 19. öld sem fjalla ýmist sameiginlega eða sérstaklega um Eyvindará, sem nefnd er „kirkjujörð“ „kot“, „eyðikot“, „afbýli“ og „heimaland“, eða Laufáshaga, sem nefndur er „afréttur“. Sumar fjalla um bæði landsvæðin í einu en önnur gera greinarmun á. Einnig er Saurbrúarkot, innan merkja Eyvindarár, sagt fylgja Eyvindará og kallað „heimaland Laufásstaðar svo sem Eyvindará“, sbr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Um miðja 20. öld lýsti biskup Íslands „Laufáshaga í Flateyjarðalsheiði millum Eyvindarár og Mógils ytra“ sem ítaki Laufáskirkju, nú nefnt Saurbrýr að sögn prestsins sem hafi leigt það undanfarin ár.

Óbyggðanefnd telur framangreindar heimildir benda til þess að á Eyvindará hafi verið búið í skjóli Laufáskirkju þegar árferði og fólksfjöldi leyfði. Að öðru leyti hafi landið verið nýtt og leigt út til beitar og slægna, sbr. vísitásiu frá 1701 að því er varðar hið síðarnefnda, auk þess sem jörðin Svalbarð hafi átt þar ítak, nánar tiltekið sauðarekstur. Heimildir um forræði Laufáskirkju á Laufáshaga og Eyvindará ná allt aftur til 14. aldar og ráðstafanir fyrirvarsmanna kirkjunnar á svæðinu til búsetu má rekja allt aftur til miðrar 17. aldar svo öruggt sé. Á þeim landsvæðum sem næst Eyvindará liggja eru eignarlönd, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd. Þá liggur fyrir að af hálfu íslenska ríkisins er lagt til grundvallar að sá hluti lands Eyvindarár (Laufáshaga), svo sem það er afmarkað hér að framan, sem liggur austan við 500 m hæðarlínu á Flateyjarðalsheiði og vestur að Dalsá, sé eignarland.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbéttar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til fráviks frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Af öllu framansögðu telur óbyggðanefnd nægilega leitt í ljós að land Eyvindarár hafi ýmist haft stöðu kots eða afréttar Laufáskirkju, í þeim skilningi að kirkjan hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.<sup>673</sup> Heimildir um

<sup>673</sup> Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

afrétt vísi því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis á tilteknum tíma en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 6.1.3.

Verður því lagt til grundvallar að eyðikotið Eyvindará hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1890, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur Laufáss farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka Eyvindará hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjallendis hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Eyvindarár sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>674</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Eyvindarár, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.7 Brettingsstaðir

### 6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Brettingsstaða gera einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánar í köflum 3.1 og 3.6. Þá ber þess að geta að kröfusvæði Brettingsstaða skarast að hluta á við kröfusvæði eiganda Eyvindarár sem um er fjallað í kafla 6.5.

Vestur og upp af flatlendi við Dalsá í Flateyjar dal er Vesturheiði. Ofan hennar rís yfir um 20 km langur fjallgarður sem nær frá Blámannshatti á Skessuhrygg að sunnan og norður undir Brettingsstaðadali og er víðast hvar í 900-1200m hæð. Landsvæði það sem hér er deilt um liggur í yfir 500 m hæð, upp af Brettingsstaðadöllum, bratt fjallendi sem nær hæst í rúmlega 800 m hæð. Nyrst eru Jökulsárbotnar og sunnan þeirra Mosahnjúkur (877 m), upp af Ytri-Brettingsstaðadal. Á milli dalanna, ytri og syðri, liggur þunnur fjallakambur er kallast Hánefur. Hvilft er kallast Jökulbrekka liggur norður í fjallið framanvert við miðjan Ytri-

<sup>674</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Brettingsstaðadal og þar ofan við eru jökulfannir. Sunnan við Syðri-Brettingsstaðadal er Selfjall (743 m).

### 6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu landsvæði við sjó verið numið í öndverðu og að landnám hafi ekki náð til fjalla og heiða. Þau lönd hafi hins vegar orðið samnotaafréttur. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfuvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Ekki er fallist á að jarðirnar Heiðarhús, Eyvindará og Brettingsstaðir eigi landamerki ofar en nemur 500 m hæðarmörkum. Talið er að umræddar jarðir geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk enda séu slík merki ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum svo sem kröfulýsingar þeirra geri ráð fyrir. Fylgt sé landamerkjalyásingu Brettingsstaða sem virðist fylgja fjallsbrúnum en slíkt teljist vera í samræmi við landfræðilegar aðstæður og mögulegt landnám.

Af hálfu þinglýstra eigenda Brettingsstaða, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Því er mótmælt að mörk landsins miðist við 500 m og að landnámsmenn hafi miðað við þau. Fyrir þessari kenningu séu engar heimildir og eigi hún ekki við nein rök að styðjast. Geti slíkar getgátur engan veginn fullnægt þeim kröfum sem leiði af almennum réttarfarslögum og mannréttindaákvæðum í stjórnskipunarlögum landsins, m.t.t. eignarréttarverndar, jafnræðis og réttar til réttlátrar málsmeðferðar. Hafi land jarðarinnar frá Botnahrygg til Grjótaskálar aldrei talist afréttur. Sé heldur ekki um neina aðra afrétti að ræða í þeim skilningi að þeir séu ekki hluti af eignarlandi jarðanna. Geri ríkið kröfu til þess að hluti af landi jarðar verði gerður að þjóðlendu án þess að krafan byggi á neinum sögulegum eða réttarlegum heimildum.

Þá er byggt á því að eigendur jarðarinnar séu í góðri trú um eignarheimildir sínar og landamerki. Njóti góð trú lagaverndar en um hana hafi einnig verið fjallað í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu og vísast sérstaklega til málsins „N.A. og fleiri gegn Tyrklandi“ en sá dómur var kveðinn upp 11. október 2005. Loks er byggt á hefð og jafnræðisreglu stjórnarskrár.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Brettingsstaða er rakin í kafla 5.6, sbr. einnig kafla 5.35 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er



getið, og ná allt aftur til 13. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>675</sup>

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi Brettingsstaða, frá 14. apríl 1885 og þingl. 4. júní 1886, en engar eldri merkjalýsingar hafa fundist. Athugun þessi tekur til norður, vestur og suðurmerkja, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Til norðurs er óumdeilt eignarland Víkur en ágreiningssvæði íslenska ríkisins og þinglýstra eigenda Eyvindarár til suðurs og Grýtubakka til vesturs og suðvesturs. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Brettingsstaða með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Brettingsstaða eru merki þeirra til norðurs, gagnvart Vík „í miðjan Botnahrygg, beina stefnu á Sjónarhól.“ Bréfið er ekki áritað vegna Víkur en þessi merki eru í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfi Víkur, frá 24. mars 1890 og þingl. 16. júní sama ár. Þar segir jafnframt að merkin liggja í Botnahrygg og „á fjall upp.“ Bréfið er áritað vegna Brettingsstaða. Eldri merkjalýsingar liggja ekki fyrir.

Suðurmerki Brettingsstaða liggja gagnvart Eyvindará en kröfusvæði þessara tveggja málsaðila skarast að hluta. Samkvæmt landamerkjabréfi Brettingsstaða miðast merki að þessu leyti við samnefnda Eyvindará. Landamerkjabréf „Laufáshaga eða Eyvindarárlands“, frá 5. maí 1886 og þingl. 3. desember 1887, miðar við sömu á og bréfin bera gagnkvæmar áritanir. Eldri heimildir um afmörkun Laufáshaga miða einnig við Eyvindará, sbr. kafla 6.5. Samkvæmt örnefnaskrá Örnefnastofnunar frá 1967 kemur Eyvindará „eftir Eyvindarárdal og eru upptök hennar framarlega [innarlega] á dal þessum. Fellur hún í djúpu gili er kemur niður á móts við Þverárfjall...“.

Um vesturmerki Brettingsstaða, gagnvart kröfusvæði Grýtubakka, er ekki getið í landamerkjabréfinu 1885 og bréfið er ekki áritað vegna Grýtubakka. Í landamerkjabréfi Grýtubakka frá 3. desember 1889 og þingl. 17. júní 1899, segir svo: „Að austan ræður fjallgarður sá er aðskilur Leirdalsheiði og Flateyjardalsheiði, svo sem vötn deila inn í Grýtuskál. [...]“ Einnig segir svo: „Að utan ræður móti Kaðalstöðum Selgil út og yfir frá Kussungstöðum og utan við eyði býlið Kúsveinsstaði, á fjall upp.“ Bréfið er ekki áritað vegna Brettingsstaða. Af hálfu gagnaðila hafa Brettingsstaðir verið afmarkaðir til vesturs þannig að farið sé úr upptökum Eyvindarár, þar sem lýsingum á suðurmerkjum sleppir, og efstu brúnum fjalla fylgt í punkt vestur upp af Botnahrygg. Eru þau mörk í samræmi við afmörkun eigenda Grýtubakka og hreppamörk.

Í þeim landamerkjabréfum Grýtubakka og Víkur sem að framan greinir er merkjum lýst með orðalaginu „fjallgarður“, „svo sem vötn deila“ og loks „á fjall upp“.

<sup>675</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Í landamerkjabréfum þeirra landsvæða sem sunnan Brettingsstaða liggja, þ.e. frá Eyvindará og suður að Skarði, er notað orðalag á borð við „háfjallið“, „til háfjallsbrúnar“ og álíka, oftast um stefnu bæði suður- og norðurmerkja til vesturs, sbr. kafla 6.2-6.5 og 6.9. Á öllu þessu svæði liggja eldri heimildir einungis fyrir í tilviki Eyvindarár en lýsing þeirra er óljós. Upp af Flateyjardal er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að túlka verði landamerkjabréf Brettingsstaða með hliðsjón af umræddu orðalagi í merkjalýsingum aðliggjandi landsvæða og staðhætti á svæðinu og að framangreint bendi til þessi að merki Brettingsstaða og Grýtubakka hafi verið talin ná saman á fjalli.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfuvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Brettingsstaða. Þar sem deilt er um hluta merkja Brettingsstaða og Eyvindarár/Laufáshaga kann hluti þessa svæðis þó að vera innan merkja Eyvindarár, sbr. kafla 6.6. Til þess atriðis verður því aðeins tekin afstaða hér ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Brettingsstaði var gert í kjölfar þess að landamerkjalgöf tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirbyggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Bréfið var undirritað af eigendum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Brettingsstaða hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að

merkjum sé þar rétt lýst. Sá galli sem á bréfinu er að því leyti að áritun vegna Grýtubakka vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þjóðlenduþrófús svæðið hafi verið nýtt sem afréttur. Í bók Páls G. Jónssonar í Garði í Fnjóskadal er vitnað „í skrá yfir afrétti, eins og hún var í Hálshreppi 1905.“ Þar segir: „Vikurfjall og Brettingsstaða afréttir. Frá Landsenda og suður að Eyvindará að undanskildum parti frá Lækjarvík og Selfjalli, beina línu fram að Þverá fyrir neðan Ytradalsmynni, sem er heimaland.“

Óbyggðanefnd telur að heimildir þær um afréttarnot sem hér að framan eru raktar endurspegli fremur beitarnot á Brettingsstöðum. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4 og 4.5 í viðauka með úrskurði þessum.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Brettingsstaðir hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur þar ekki verið undanskilinn, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting heiðarlands jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandshlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Brettingsstaða sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að

tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>676</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Brettingsstaða, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.8 Jarðir í Fjörðum og á Látraströnd, auk Grenivíkur og Hvamms í Höfðahverfi**

### **6.8.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta af þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Finnastaða, Hjalla, Hringsdals, Svínárness, Steindyra, Skers, Grímsness, Láturs, Keflavíkur, Hóls, Þönglabakka, Þverár, Kussungsstaða, Gils, Grenivíkur og Hvamms gera einnig kröfur til sem eignarlanda sinna. Kröfum íslenska ríkisins er nánar lýst í kafla 3.1 og kröfum gagnaðila í köflum 3.7-3.23.

Landsvæði það sem hér er um ræðir afmarkast af kröfusvæði Grýtubakka að austan. Svæðið er fjalllent og skorið dölum og giljum. Upp af Látraströnd er samfelldur fjallgarður frá Kaldbak (1173 m), upp af Hringsdal, út að Gjögurtá, víða yfir 1000 m innan til en lækkandi utar. Liggja í honum nokkrir smájökjar. Nokkur skörð liggja yfir fjallgarðinn til austurs. Ber þar helst að nefna Eiríksskarð sem liggur upp úr Svínárdal utan við Jaðar yfir í Þverdal og niður að Gili í Fjörðum. Svínárhjúkur (1083 m) liggur norðan skarðsins. Refsárskarð liggur í um 830 m hæð upp frá Refsárgili innan við Grímsstaði yfir í drög Þverárdals/Kussungsstaðadals inn af bæjunum Þverá og Kussungsstöðum í Hvalvatnsfirði. Innan við skarðið er Skersgnípa (1081 m) og utan við það Refsárhjúkur en norðan undir honum eru allstórir skálarjökjar. Fossaskarð liggur upp frá Grímsnesi og upp af því liggur Bakkadalur út í Þorgeirsfjörð. Einbúaskarð liggur milli Látra og Hóls í Þorgeirsfirði og liggur Hólsdalur út í Þorgeirsfjörð. Látrakleifar liggja sunnan við Dýjahnjúk og niður í Afvik upp frá Bakkadal innan við Hraunfjall.

Austan kröfusvæða Gils og Finnastaða liggja kröfusvæði Grenivíkur og Hvamms. Liggja kröfusvæði þeirra í yfir 260 m hæð frá Grenivíkurfjalli til norðurs yfir Sveigsfjall vestur upp af Gljúfurá. Svæðið er fjalllent og nokkuð bratt.

### **6.8.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu landsvæði við sjó verið numið í öndverðu og að landnám hafi ekki náð til fjalla og heiða. Þau lönd hafi hins vegar orðið samnotaafréttur. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms. Heimildir greini að stór

<sup>676</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Að því er varðar svæðið „Í Fjörðum“ þá er og almennt vísað til þess að land innan þjóðlendukröfulínu sé hálent, fjarri byggðum bólum og hafi ekki verið nýtt til annars, eftir atvikum, en sumarbeitar fyrir búfé. Þá njóti merkjalýsingar jarða „Í Fjörðum“ ekki samþykkis vegna gagnliggjandi svæðis í háfjöllum. Ekki er fallist á lýsingu Gils, Kussungsstaða, Þverár, Þönglabakka, Hóls og Keflavíkur. Um Gil er á því byggt að samkvæmt heimildum hafi land Gils eingöngu verið norðan Gilsafréttar eða um það bil þar sem kröfulínan sé nú tilgreind. Ekki verði ráðið af heimildum annað en að Gil hafi legið norðan afréttarins. Á það skal bent að óljóst sé hver merki jarðarinnar séu. Talið er að framan við Gilsafrétt ráði þverá sú sem renni í svonefnda Heiðará og aðskilji Gilsland og Grenivíkurtungur. Margt bendi til þess að umrætt land hafi verið afréttarland sem tilheyrir hafi Höfða og því ekki hluti af eignarlandi Höfða. Sú byggð sem hafi verið á svæðinu hafi um margt einkenni heiðarbýlis.

Á því er byggt varðandi eignarlönd jarðanna Láturs, Grímsness, Skers, Steindyra, Svínárness, Hringdals, Hjalla, Finnastaða og Grenivíkur að þau miðist við 500 m hæðarlínu í fjöllum en nái ekki til háfjallsins eða vatnaskila. Um þetta vísast til landamerkjabréfa jarðanna sem tilgreini með óljósum hætti mörk til fjalla. Talið er með vísan til landfræðilegra aðstæðna að öðru leyti, þ.e. mikils bratta og hálendis, og til þess að ekki njóti við samþykkis frá gagnliggjandi svæðum í fjöllum, að ekki sé um að ræða eignarlönd umfram kröfulínu. Þá er og vísað til þess að landnám í öndverðu hafi takmarkast með sama hætti og að eingöngu sé um að ræða samnotasvæði. Ekki er talið að fyrir liggi heimildir um eignarhald á Látraströnd milli Fossadals og Gjögurtár. Því kveði landnámsheimildir á um almennt nám á strandlengjunni frá Grenivík til Þorgeirsfjarðar. Ekki liggi fyrir landamerkjabréf fyrir Látur en talið sé að jörðinni hafi fylgt Fossadalur og Eilífsdalur og sé þá kröfulýsing miðuð við að umræddir dalir neðan við 500 m teljist til Láturs. Einnig vanti landamerkjabréf fyrir Hól. Að því er Hvamm varðar er talið að merki jarðarinnar nái ekki lengra en að þjóðlendulínu við Syðsta-Hnjúk vegna landfræðilegra aðstæðna (896 m hæð), sbr. og til hliðsjónar lýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Hvamms, Kussungsstaða, Hóls, Þönglabakka, Skers, Grímsness, Svínárness, Hjalla og Finnastaða er þess krafist að kröfum íslenska ríkisins gagnvart jörðum þeirra verði vísað frá óbyggðanefnd. Því er haldið fram að ríkið hafi ekki uppfyllt skilyrði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 sem skyldi það til að leggja fram þær heimildir og gögn sem það byggir rétt sinn á og rökstyðja kröfu sína ítarlega. Því er haldið fram að ríkið hafi ekki gert nægilega skýra grein fyrir staðsetningu kröfulínu sinnar og vísað í því sambandi til dóms Hæstaréttar 16. janúar í máli nr. 650/2006 (Skaftártunguafréttur). Byggt er á því að óljós kröfugerð ríkisins geri nefndum gagnaðilum ríkisins mjög erfitt um vik að verjast kröfugerðinni og henni beri að vísa frá óbyggðanefnd með vísan til 3. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Finnastaða, Hringsdals, Svínárness, Steindyra, Skers, Grímsness, Láturs, Keflavíkur, Hóls, Þönglabakka, Þverár, Kussungsstaða, Gils, Grenivíkur og Hvamms er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum heimildum. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum var þinglýst. Öll afnot og nytjar á landsvæðinu séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað það með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggji eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendlaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt landsvæði sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyrir jörðum samkvæmt elstu heimildum, og landamerkjalyking fari ekki í bága við, séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja umræddra jarða sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfum hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur umræddra jarða hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá verður að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Loks er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

Af hálfu þinglýstra eigenda jarðanna Láturs, Hóls og Steindyra er sérstaklega tekið fram að þó ekki hafi verið gert landamerkjabréf fyrir jarðirnar þegar landamerkjalögin voru sett séu merkin byggð á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Framangreindar jarðir séu umluktar öðrum jörðum og eigi ekki merki að miðhálandinu.

### 6.8.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Finnastaða, Hjalla, Hringsdals, Svínárness, Steindyra, Skers, Grímsness, Láturs, Keflavíkur, Hóls, Þönglabakka, Þverár, Kussungsstaða, Gils, Grenivíkur og Hvamms í Grýtubakkahreppi sem liggja í Fjörðum, á Látraströnd og í Höfðahverfi er rakin í köflum 5.7 til 5.22, sbr. einnig

kafla 5.35 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.<sup>677</sup>

Frávísunarkröfur gagnaðila íslenska ríkisins eru einkum byggðar á því að kröfugerð íslenska ríkisins sé hvorki nægilega skýr né nægilega vel rökstudd sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 og dóm Hæstaréttar í máli nr. 650/2006 (Skaftártunguafréttur). Íslenska ríkið hefur fært fram gögn til stuðnings kröfum sínum og staðsett kröfulínuna með vísan til kennileita. Óbyggðanefnd telur málatilbúnað ríkisins nægilega skýran til að unnt sé að taka kröfurnar til efnislegrar meðferðar. Kröfum gagnaðila íslenska ríkisins um frávísun er því hafnað.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum þeirra og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Athugun þessi tekur til merkja jarðanna inn til landsins, innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Fyrst verður litið til merkja jarðanna á Látraströnd en talið frá suðri til norðurs eru þetta jarðirnar Finnastaðir, Hjalli, Hringsdalur, Svínárnes, Steindyr, Sker, Grímsnes og Látur. Í beinu framhaldi verða merki jarða í Fjörðum skoðuð, en talið frá norðri til suðurs er um að ræða jarðirnar Keflavík, Hól, Þönglabakka, Þverá, Kussungsstaði og Gil. Loks verður farið yfir merki jarðanna Grenivíkur og Hvamms í Höfðahverfi. Að fenginni niðurstöðu um landamerki umræddra jarða með tilliti til ágreiningsvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Jörðin Finnastaðir liggur syðst jarða á Látraströnd. Hún skiptist í Finnastaði I og II. Merkjum Finnastaða er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá nóvember 1883 og þingl. 16. júní 1884. Bréfið er áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða til vesturs, norðurs og austurs. Um merki jarðarinnar segir: „Landamerki á milli Hjalla og Finnastaða eru að neðan talin og upp eftir í læk þann, sem rennur við túnið að norðan og upp á svonefnda Hjallabrekku, svo liggja merkin suður eftir brekkunni suður í læk þann, sem kallaður er Hamarslækur, síðan fylgja merkin læk þessum, sem rennur í smábugðum í fjallinu upp á svonefnda Viðrabrún, þar uppspretta lækjarins. Eftir Viðrabrún þessari hefir verið talið að landamerki liggja suður í Finnastaðaá, og svo fylgi merkin ánni, sem hefir upptök sín undan sunnanverðum Kaldbak. Lengst eiga Finnastaðir land til fjalls í Þverdalsá, sem aðskilur landamerki, eða land á milli Gils í Fjörðum og Finnastaða, og austur í Trölladalsá, sem þá aðskilur land milli Finnastaða og Grenivíkur. Á þessi hefir upptök sín undan svonefndum Þrepskildi. Þrepskjöldur þessi er mjór melhryggur, og undan honum að innan eða vestan kemur á og heitir hún Grenjá, og aðskilur hún glöggt land milli Grenivíkur og Finnastaða alla leið til sjávar.“

Vestan Finnastaða en sunnan Svínárness er jörðin Hjalli á Látraströnd. Merkjum er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá janúar 1884 og þingl. 16. júní 1884. Bréfið er áritað um samþykki beggja aðliggjandi jarða. Mörkum er lýst til norðurs, gagnvart Hringsdal, í „... Grjótskálarnjúk, síðan beina sjónhendingu upp að

<sup>677</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Kaldbakshrauni.“ Til suðurs fylgja merkin Finnastaðaá „... sem hefir upptök sín undan sunnanverðum Kaldbak.“

Jörðin Hringsdalur á Látraströnd liggur norðan Hjalla, vestan Finnastaða og sunnan Svínárness. Merkjum er fyrst lýst í landamerkjabréfi, dags. 3. janúar 1890 og þingl. 17. júní 1890. Bréfið er áritað um samþykki vegna Hjalla og Svínárness. Norðurmerkjum er lýst „... beina línu á fjall upp.“ Til suðurs er merkjum lýst „... beint á fjallsbrún upp.“

Jörðin Svínárnes á Látraströnd liggur norðan Hringsdals, vestan Finnastaða og sunnan Steindyra. Merkjum er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 10. október 1883 og þingl. 16. júní 1884. Bréfið er áritað um samþykki vegna Steindyra og Hringsdals. Merki til norðurs til móts við Steindyr eru: „... Marklækur, sem rennur í gili ofan úr fjalli og niður í sjó.“ Suðurmerkin, til móts við Hringsdal, eru: „...í svokallaðan Svartaklett skammt fyrir neðan fjallsrætur, en síðan úr klettinum beint á fjall upp.“

Jörðin Steindyr á Látraströnd liggur norðan Svínárness, vestan Finnastaða og sunnan Skers. Ekkert landamerkjabréf hefur fundist fyrir Steindyr en landamerkjabréf Skers og Svínárness eru árituð vegna Steindyra.

Jörðin Sker á Látraströnd liggur norðan Steindyra, sunnan Grímsness og vestan Gils og Finnastaða. Merkjum er fyrst lýst í landamerkjabréfi, ódagsettu en þinglýstu 16. júní 1884. Bréfið er áritað um samþykki vegna Steindyra og Grímsness. Merki til norðurs hljóða svo: „At utan ræður Refsá, sem rennur eftir djúpu gili frá fjallsbrún til sjávar ...“ Til suðurs er merkjum lýst svo: „... ræður svokallað Syðra-Tungugil, sem liggur beint ofan fjallið ofan að láglandi og úr því gili beina línu í Nónbríkurnef ...“

Jörðin Grímsnes á Látraströnd liggur norðan Skers, sunnan Láturs og vestan Þverár og Þönglabakka. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi sem er ódagsett en þinglýst 16. júní 1884. Bréfið er áritað um samþykki vegna Skers og Láturs. Merkjum til suðurs er lýst þannig að Refsá ráði af fjallsbrún til fjöru. Síðan segir um merki til norðurs: „Að utan móts við Látur ræður lítil lækjarseyra, sem kemur sunnarlega ofan úr svo kölluðum Eilífsárdal, skamt sunnan við Syðri-Eilífsá. [...] Lækjarseyra þessi rennur beint ofan, en hverfur fram í bjarginu.“

Jörðin Látur á Látraströnd liggur norðan Grímsness og vestan Þönglabakka, Hóls og Keflavíkur. Ekkert landamerkjabréf var gert fyrir Látur í kjölfar setningar landamerkjalaga en 2. apríl 2007 var gerð lýsing á merkjum jarðarinnar. Þar er merkjum til suðurs lýst með lækjarseyru sem heitir Bolalækur en merkin fylgja þessum læk þar til hann hverfur fram af bjarginu. Til vesturs er miðað við „fjallseggjar í Uxaskarð og þaðan áfram liggja merki á móti Hóli í Þorgeirsfirði eftir fjallseggjum allt suður ofan að rótum Eilífsárdals.“ Bréfið er samþykkt vegna aðliggjandi jarða. Landamerkjabréf Grímsness og Keflavíkur eru árituð vegna Láturs.

Jörðin Keflavík í Fjörðum liggur austan Láturs og norðan Hóls. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 16. janúar 1890 og þingl. 17. júní sama ár.



Bréfið er áritað um samþykki vegna Láturs. Merkjum er lýst svo: „Að austan milli Botns ræður Hnjálfjallsegg, en þegar hún þrítur þá bein lína ofan í Hrapaðargjá, sem er skora niður úr Katlinum, er liggur norðaustan í Hnjálfjallinu. Að vestan úr Kellingu og beina stefnu á Gjögurtopp. Að sunnan ræður Uxaskarð.“

Jörðin Hóll í Fjörðum liggur sunnan Keflavíkur, austan Láturs og norðan Þönglabakka. Ekkert landamerkjabréf hefur fundist fyrir Hól en landamerkjabréf Þönglabakka er áritað vegna Hóls.

Jörðin Þönglabakki í Fjörðum liggur sunnan Hóls, austan Grímsness og Skers og norðan Þverár. Merkjum er lýst í landamerkjabréfi frá 16. desember 1889 og þingl. 17. júní 1890. Bréfið er áritað um samþykki vegna Hóls. Merkjum er lýst svo: „... síðan ráða fjallseggjar umhverfis Þönglabakkadal að suðaustan, sunnan og suðvestan allt á Dýahnjúk, þá ræður merkjum, lína ofan Dýahrygg ofan að Þverá, sem þá ræður, þar til hún fellur í Fjarðará.“ Til er eldri merkjalýsing fyrir Þönglabakka sem líklega er skrifuð um 1748. Þar segir: „... allann Backadal austann framm aarennar, sem hun hefur ad fornu runned – Sömuleidis öll midmundafiöll ad austann, allt framann frá Jöklum & ut ad Þveraa.“

Jörðin Þverá í Fjörðum liggur sunnan og austan Þönglabakka, vestan Kussungsstaða og austan Grímsness. Merkjum er lýst í landamerkjabréfi frá 1. júní 1886 og þingl. 17. júní 1890. Bréfið er áritað um samþykki vegna Kussungsstaða, Þönglabakka og Kaðalsstaða. Merkjum er lýst svo: „Að sunnanverðu til móts við Kussungsstaðaland ræður áin, sem kemur framan Þverárdal og rennur fram úr djúpu klettagili, hvaðan tekin er bein stefna mitt á milli Arnarhóls Kussungsstaðamegin og Þverárinnar að utan verðu, eftir tveim hlöðnum vörðum, sem bera hver í aðra austur í austasta farveg Fjarðarárinnar ...“ Síðan segir í bréfinu: „... austur í Stekkjarlæk, sem takmarkar Tindriðastaða og Þverárlönd, og beint vestur og upp á Ytri-Bollafjallsöxl, en fjallsegginn ræður að vestanverðu.“ Í lýsingu Vigdísar Grímsdóttur á mörkum Þverár og Kussungsstaða sem varðveitt er frá 2. september 1747 segir að Kussungsstaðir „... ættu í Silunga lækenn utepter. Enn í gilsKlif frammeptir ...“

Jörðin Kussungsstaðir í Fjörðum liggur austan Þverár og vestan og norðan Gils. Merkjum er lýst í landamerkjabréfi frá 23. nóvember 1889 og þingl. 17. júní 1890. Bréfið er áritað um samþykki vegna Gils og Þverár. Þar er mörkum lýst svo: „Að sunnan móts við Gil ræður, bein stefna frá fjallsegg niður í svonefndan Stóralæk, sem hefir upptök sín uppundir fjallsrótum og rennur beina stefnu utan við Gilskleif eftir djúpu gili í brúninni og síðan niður Fjarðará. Að vestan ræður fjallsbrúnin úta móts við upptök Þverárinnar. Að norðvestan og norðan mótsvið Þverárland ræður Þveráin, sem rennur úr Þverárdalinn.“ Merkjum Kussungsstaða er einnig lýst í nokkrum eldri heimildum, þ.e. í skrá yfir eignir Laufáskirkju frá 1738, í lögfestu frá 17. júlí 1776 og í greinargerð um Laufásprestakall frá árinu 1782. Í fyrstnefndu heimildinni segir svo um merkin: „... Sunnan til ræde gilsklifslækur er fellur allt ur fialle ofann i fiarda ana, enn ad utann verdu milli Kussungstada og Þverär, ræður ad

nedann Silungalækur fyrer sunnan Þverá, en frá hanns upp tökum Þverá til Jökla ...“ Síðarnefndu heimildirnar lýsa merkjum með svipuðum hætti.

Jörðin Gil í Fjörðum liggur austan og sunnan Kussungsstaða, austan Skers og norðan Finnastaða og Grenivíkur. Merkjum er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 19. maí 1885 og þingl. 17. júní 1890. Bréfið er áritað um samþykki vegna Finnastaða og Kussungsstaða. Þar segir um merki Gils: „Framan við Gilsafrétt ræður Þverá sú, sem rennur úr Þórðardal og aðskilur Finnastaðatungur og Gilsland, en rennur síðan í svonefnda Heiðará, sem að vestan og neðan verðu skilur Gilsland og Grenivíkurtungur. En að utanverðu milli Gils og Kussungsstaða ræður bein stefna frá fjallsegg og niður í svonefndan Steinalæk [...]. Að norðan verðu ræður fjallsegginn, sem liggur fyrir ofan Gilsland milli áðurnefndra merkja.“

Jörðin Grenivík í Höfðahverfi liggur austan Finnastaða og Gils og vestan Hvamms og Grýtubakka. Merkjum hennar er lýst í landamerkjabréfi frá 14. maí 1890 og þingl. 17. júní 1890. Bréfið er áritað um samþykki vegna Grýtubakka, Finnastaða, Hvamms og Jarlsstaða. Merkjum er lýst til vesturs og norðurs: „Að norðan ræður Grenjá á Fjall upp út Grenjárdal útundir Þröskuld og þaðan bein stefna í vestari Gilsárupptök á Trölladal rétt utan við Þröskuld, og vestari Gilsáin úti Tungusporð.“ Til austurs er merkjum lýst svo: „Á móti Grýtubakka ráða reiðgötur á Leirdalsheiði, inn að læk þeim, er rennur í Gljúfrá úr Stóraklettagili, síðan ræður sá lækur á fjall upp og þaðan í vörðu á Hnútu suðvestan á Grenivíkurfjalli ...“ Í lögfestu fyrir Grenivík frá 2. maí 1798 segir um merkin: „... ad utann i Grenjaa og allt á Fjall upp; enn ad sunnan i Hvammsá ofanij Bardartjörn [...] hjeradauk tilteked 10 hundrada land á Leirdalsheiði ...“

Jörðin Hvammur í Höfðahverfi liggur austan og sunnan Grenivíkur og vestan Grýtubakka. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 31. maí 1884 og þingl. 16. júní sama ár. Bréfið er áritað um samþykki vegna Grenivíkur, Grýtubakka og Hóls. Merkjum er lýst svo til vesturs og norðurs: „Frá hnjúknum [Syðstahnjúk] ræður fjallsegginn út að Stóraklettagili, og síðan lækur sá, er rennur í því niður í Gljúfrá.“ Síðan segir um merki til austurs: „Að austan ræður Gljúfrá til móts við Grýtubakka, allt inn að Víðilæk ...“

Í þeim landamerkjabréfum jarða á Látraströnd er merkjum til austurs gagnvart jörðum í Fjörðum almennt lýst á „fjallsbrún“ eða „á fjall upp“ svo sem segir í landamerkjabréfum Hringisdals, Svínárness, Skers og Grímsness. Sama verður sagt um jarðir í Fjörðum en í merkjalýsingum þeirra er merkjum gjarnan lýst á fjall upp eða á ákveðin nafngreind fjöll, sbr. Dýjahnjúk í landamerkjabréfi Þönglabakka. Engar merkjalýsingar finnast fyrir jarðirnar Steindyr á Látraströnd og Hól í Fjörðum en eigendur þeirra árita landamerkjabréf aðliggjandi jarða. Eldri heimildir um jarðir á svæðinu eru fáar en renni almennt frekari stoðum undir þær landamerkjalyýsingar sem raktar hafa verið varðandi mörk til fjallanna. Í tilviki Keflavíkur er mörkum ekki lýst nákvæmlega til suðurs en landamerkjabréf Hóls sem er aðliggjandi vantar. Óbyggða-

nefnd telur að orðalag í framangreindum heimildum, gagnkvæmar áritanir í mörgum tilvikum og staðhættir bendi til þess að merki jarða á Látraströnd, í Fjörðum og jarðirnar Grenivík og Hvammur í Höfðahverfi hafi verið talin ná saman, fremur en að þau lægju við ströndina eða í ákveðinni hæðarlínu svo sem haldið hefur verið fram af hálfu íslenska ríkisins.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að umræddur hluti af Þjóðlendukröfufsvæði íslenska ríkisins í máli þessu falli allur innan merkja jarða. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins.

Verður þá næst fjallað sameiginlega um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882 voru gerð landamerkjabréf fyrir flestar þær jarðir sem hér eru til umfjöllunar. Ekki voru þó gerð landamerkjabréf fyrir Hól, Látur og Steindyr. Hins vegar voru landamerkjabréf aðliggjandi landsvæða árituð af hálfu þessara jarða. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst. Landamerkjabréfin eru undirrituð af fyrrisvarsmönnum jarðanna, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur jarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjarbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll,

sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til þess að svæðið sé hálent og þar hafi verið afréttur. Í greinargerð sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ og Jóhann Skaptason sýslumaður tók saman eru lýsingar á „afréttarsvæðum“ Grýtubakkahrepps. Þar eru talin „Gilsafrjett“, „Keflavíkurdalur“ og „Látraströnd sem er orðin afrjettur að norðan.“ Heimildir þessar um afréttarnot á svæðinu eru almenns eðlis og lýsingar þeirra óljósar. Þannig er ekki fyrir hendi sjálfstæð afmörkun á afrétti sem tekið gæti til lands innan merkjalýsingar jarðanna. Slíka afmörkun leiðir ekki heldur af staðháttum. Umfjöllun um Gilsafrétt í vísitánu prófests Höfða frá 1753, sbr. einnig landamerkjabréf Gils, ber að skoða í því ljósi að samkvæmt eldri heimildum taldist Gil meðal „heimalanda“ og „afbýla“ Höfða, sbr. m.a. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þannig hefur verið búið á Gili í skjóli Höfða þegar árferði og fólksfjöldi leyfði en landið einnig nýtt sem beitiland.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki sýnt fram á að land innan landamerkjabréfs fyrrnefndra jarða hafi að einhverju leyti stöðu afréttar að lögum og að umræddar heimildir endurspegli fremur beitarnot á hálandari hluta þeirra. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afrétt, sbr. einkum kafla 4.4 og 4.5 í viðauka með úrskurði þessum.

Ekki eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Engin gögn benda til þess að land á Þjóðlendukröfufsvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé Þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>678</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur jarðanna Finnastaða, Hjalla, Hringsdals, Svínárness, Steindyra, Skers, Grímsness, Láturs,

<sup>678</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Keflavíkur, Hóls, Þönglabakka, Þverár, Kussungsstaða, Gils, Grenivíkur og Hvamms gera eignarlandskröfur til, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## 6.9 Grýtubakki

### 6.9.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Grýtubakka gera einnig kröfur til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.24.

Landsvæði það sem hér um ræðir hefur leguna norður-suður og liggur í yfir 300 m hæð. Svæðið er bratt og fjalllent að austanverðu. Að vestanverðu liggur gróið undirlendi fjallanna. Skerast gil, dalir og skálar í fjöllin til austurs. Gljúfrá hefur vítt vatnasvið og fellur í djúpu gili, komin af Leirdal sem liggur austur í fjöllin og greinist í þrjá hádali undir Digrahnjúk (961 m). Sveigist syðsta greinin til suðurs bak við Leirdalsöxl (1054 m) og heitir þar Þjófadalur með jökul efst í nær 1200 m hæð. Norðar heita Lambárskálar í fjalli, fjórar talsins með jafnmörgum Lambám og heita Lambárstykki á milli þeirra. Árnar renna í Austurá og niður eftir Illagili og sameinast Vesturá við Tungusporð.

### 6.9.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu landsvæði við sjó verið numið í öndverðu og að landnám hafi ekki náð til fjalla og heiða. Þau lönd hafi hins vegar orðið samnotaafréttur. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggja ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Ekki er fallist á lýsingu Grenivíkur, Hvamms, Grýtubakka, Kolgerðis, Hléskóga, Lómatjarna, Grundar, Syðri-Grundar, Borgargerðis, Miðgerðis I og II, Pálsgerðis, Litlagerðis og Skarðs til fjalla umfram þjóðlendukröfur. Ekki er fallist á beinan eignarrétt Grýtubakka I og II norðan til (í Fjörðum). Talið er að Grýtubakka hafi tilheyrt býlið Jórunnarstaðir en í fornum heimildum hafi það verið talið kotbýli (eyðikot) og er því talið að því hafi ekki fylgt verulegt land. Ekki liggja fyrir með hvaða hætti það kot komst í eigu Grýtubakka né að svæðið sunnan Jórunnarstaða hafi fylgt. Að vísu sé þess getið í Jarðabók að Jórunnarstaðir heyrir undir Grýtubakka en það hafi þá verið samhliða nefnt kotbýli í eyði. Að teknu tilliti til þessa er ekki fallist á að merki Grýtubakka hafi tekið yfir allt svæði norðan Leirdalsheiði og allt norður í firði enda merkin ekki nema að litlu leyti samþykkt af öðrum. Að því er varðar landamerkjadóm í máli nr. 392/2005 verður að telja að eingöngu hafi verið um að ræða ágreining um tiltekna landamerkjapunkta milli jarðanna Grýtubakka og Grenivíkur en hann slái ekki föstu beinum eignarrétti. Talið er með vísan til landfræðilegra aðstæðna að öðru leyti, þ.e. mikils bratta og

hálandis og til þess að ekki njóti við samþykkis frá gagnliggjandi svæðum í fjöllum, að ekki sé um að ræða eignarlönd umfram kröfulínu. Þá er og vísað til þess að landnám í öndverðu hafi takmarkast með sama hætti og að eingöngu sé um að ræða samnotasvæði.

Af hálfu þinglýsts eiganda Grýtubakka, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalyfing fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Grýtubakka sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur Grýtubakka hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá verður að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til fjalla í Grýtubakkahreppi algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Loks er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

### 6.9.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Grýtubakka er rakin í kafla 5.23, sbr. einnig kafla 5.35 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 14. aldar svo öruggt sé, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>679</sup>

<sup>679</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Grýtubakka er lýst í landamerkjabréfi, frá 3. desember 1889 og þinglesið 17. júní 1890. Engar eldri merkjalýsingar liggja fyrir. Athugun merkja tekur til vestur-, austur-, suður- og norðurmerkja, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er ágreiningslaust eignarland Kaðalstaða til norðurs en ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess til annarra átta, nánar tiltekið vegna Hvamms, Grenivíkur, Gils og Kussungsstaða til vesturs, Brettingsstaða, Eyvindarár, Heiðarhúsa, Almennings og Höfðagils til austurs og Kolgerðis til suðurs. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Grýtubakka með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Grýtubakka eru merki til suðurs, gagnvart Kolgerði, svofellð: „Grýtan niður að merkjavörðu á syðri bakka hennar.“ Bréfið er áritað vegna Kolgerðis. Landamerkjabréf Kolgerðis, dags. 19. maí 1885 og þingl. 23. maí sama ár, lýsir merkjum gagnvart Grýtubakka í samræmi við þetta.

Samkvæmt landamerkjabréfi Grýtubakka eru merki til vesturs, gagnvart Hvammi, Grenivík, Gili og Kussungsstöðum, „Gljúfurá móti Bárðartjörn og Hvammi allt þar til lækur úr Stóraklettagili fellur í hana við Gljúfurárvað. Þá ráða þaðan móti Grenivík reiðgötur á Leirdalsheiði út að vaði á Illagilsá, en síðan Hvalsvatnsfjarðará ...“ Bréfið er áritað vegna Hvamms og Grenivíkur. Landamerkjabréf Hvamms, frá 31. maí 1884 og þingl. 16. júní 1884, gagnvart Grýtubakka eru í samræmi við þessa lýsingu. Þá er bréfið jafnframt áritað vegna Grýtubakka. Samkvæmt landamerkjabréfi Grenivíkur, frá 14. maí 1890 og þingl. 17. júní 1890, er merkjum til austurs, gagnvart Grýtubakka, lýst þannig: „Á móti Grýtubakka ráða reiðgötur á Leirdalsheiði, inn að læk þeim, er rennur í Gljúfrá úr Stóraklettagili, síðan ræður sá lækur á fjall upp ...“ Þessi mörk sýnast í samræmi. Um staðsetningu merkja á milli Grenivíkur og Grýtubakka hefur verið ágreiningur en úr honum var leyst með dómi Hæstaréttar frá 21. september 2006, máli nr. 329/2005. Lýsingar í landamerkjabréfi Gils, frá 19. maí 1885 og þingl. 17. júní 1890, virðast í samræmi við lýsingar í bréfi Grýtubakka. Sama verður sagt um merki Kussungsstaða í landamerkjabréfi frá 23. nóvember 1889 og þingl. 17. júní 1890.

Samkvæmt landamerkjabréfi Grýtubakka er merkjum til austurs, gagnvart Brettingsstöðum, Eyvindará, Heiðarhúsum, Almenningi og landsvæðinu milli Höfðagilja, lýst svo: „Að austan ræður fjallgarður sá er aðskilur Leirdalsheiði og Flateyjardalsheiði, svo sem vötn deila inn í Grýtuskál. [...] Að utan ræður móti Kaðalstöðum Selgil út og yfir frá Kussungsstöðum og utan við eyði býlið Kúsveinsstaði, á fjall upp.“

Bréfið er áritað vegna jarða til vesturs og norðurs en ekki til austurs, þ.e. yfir hreppamörk. Merki til norðurs virðast í samræmi við merkjalýsingu Kaðalsstaða samkvæmt landamerkjabréfi þeirra frá 10. júní 1889 og þingl. 17. júní 1890. Merkjum

Brettingsstaða er ekki sérstaklega lýst til fjalla, sbr. landamerkjabréf þeirrar jarðar frá 14. apríl 1885 og þingl. 4. júní 1886. Samkvæmt landamerkjabréfum „Upprekstrarlands milli Höfðagilja“, Almennings, Heiðarhúsa og Eyvindarár, frá árunum 1882 og 1886, er merkjum lýst til vesturs, gagnvart Grýtubakka, með orðalagi á borð við að „fjallsbrúnin ráði“ eða „á fjall upp“. Geta þau mörk vel samræmt merkjum Grýtubakka.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfuvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Grýtubakka. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi visast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Grýtubakka var gert í kjölfar þess að landamerkjälög tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirbyggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf var undirritað af eigendum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Grýtubakka hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbæitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll,



sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Af hálfu íslenska ríkisins er vísað til þess að svæðið sé hálent og þar hafi verið afréttur. Í greinargerðar sem ber heitið „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ sem Jóhann Skaptason sýslumaður tók saman eru lýsingar á „afréttarsvæðum“ Grýtubakkahrepps. Þar er talin „Leirdalsheiði upp frá Grýtubakka að Ytstu-Lambá. Þá Jórunnarstaðaafriett að sjó.“ Einnig er minnst á „Bakkaafriett“ í skjali sem lagt var fram á áreiðarþingi 2. júní 1725, líklega frá árinu 1522: „Alla á Backi Afriett fyrir utann Diúpagil til móts við Kadalstadi, á Backi alla Leirdals Heydi.“ Var þetta fært inn í kirkjustól Grýtubakkakirkju á eftir biskupsvísitasíu frá 1828. Í þessum heimildum um afréttarnot eru lýsingar óljósar. Þannig er ekki fyrir hendi sjálfstæð afmörkun á afrétti sem tekið gæti til lands innan merkjalýsingar jarðarinnar. Slíka afmörkun leiðir ekki heldur af staðháttum. Þá liggja ekki fyrir heimildir um að eigendur jarðarinnar hafi fyrr eða síðar litið svo á að hluti af landsvæði því sem afmarkað er í landamerkjabréfi sé afréttur hennar. Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki sýnt fram á að land innan landamerkjabréfs Grýtubakka hafi að einhverju leyti stöðu afréttar að lögum og að umræddar heimildir endurspegli fremur beitarnot á hálendari hluta jarðarinnar. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afrétt, sbr. einkum kafla 4.4 og 4.5 í viðauka með úrskurði þessum.

Verður því lagt til grundvallar að jörðin Grýtubakki hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1889, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur þar ekki verið undanskilinn, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Þá verður fyrirkomulag smölunar á Leirdalsheiði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Grýtubakka sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>680</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

<sup>680</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Grýtubakka, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.10 Jarðir í Höfðahverfi og Dalsmynni**

### **6.10.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur jarðanna Skarðs, Litlagerðis, Pálsgerðis Miðgerðis, Borgargerðis/Ártúns, Grundar, Lómatjarnar, Hléskóga og Kolgerðis gera tilkall til. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.25 til 3.34. Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 500 m hæð og er bratt og samfelld fjalllendi. Liggur þar hæst Blámannshattur í rúmlega 1200 m hæð upp af Skessuhrygg og ganga niður frá honum mikil gil, ekki síst að vestan.

### **6.10.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu landsvæði við sjó verið numið í öndverðu og að landnám hafi ekki náð til fjalla og heiða. Þau lönd hafi hins vegar orðið samnotaafréttur. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Ekki er fallist á lýsingu Grenivíkur, Hvamms, Grýtubakka, Kolgerðis, Hléskóga, Lómatjarna, Grundar, Syðri-Grundar, Borgargerðis, Miðgerðis I og II, Pálsgerðis, Litlagerðis og Skarðs til fjalla umfram þjóðlendukröfur. Ekki er talið að beinn eignaréttur nái hærra til fjallsins, neðan Blámannshatts, en tilgreint sé í kröfulýsingu ríkisins. Um þetta vísast til landamerkjabréfa jarðanna sem tilgreini með óljósum hætti mörk til fjalls. Hafnað er lýsingu jarðanna Kolgerðis og Hléskóga á fjall upp, umfram 500 m hæðarlínu en einu heimildir um landamerkjalyýsingar fyrir sunnan kröfusvæðið séu landamerkjabréf jarðanna. Á því svæði sem Litlagerði nái til sé miðað við fjallsbrúnir en í merkjabréfinu sé lýst til fjalls. Með sama hætti er hafnað landamerkjalyýsingu Skarðs upp í háfjall. Talið er með vísan til landfræðilegra aðstæðna að öðru leyti, þ.e. mikils bratta og hálendis, og til þess að ekki njóti við samþykkis frá gagnleggjandi svæðum í fjöllum, að ekki sé um að ræða eignarlönd umfram kröfulínu. Þá er og vísað til þess að landnám í öndverðu hafi takmarkast með sama hætti og að eingöngu sé um að ræða samnotasvæði.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Skarðs, Litlagerðis, Ártúns, Borgargerðis, Miðgerðis, Pálsgerðis, Lómatjarnar, Hléskóga, og Kolgerðis er þess krafist að kröfum íslenska ríkisins gagnvart jörðum þeirra verði vísað frá óbyggðanefnd. Því er haldið fram að ríkið hafi ekki uppfyllt skilyrði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 sem skyldi það til að leggja fram þær heimildir og gögn sem það

byggir rétt sinn á og rökstyðja kröfu sína ítarlega. Því er haldið fram að ríkið hafi ekki gert nægilega skýra grein fyrir staðsetningu kröfulínu sinnar og vísað í því sambandi til dóms Hæstaréttar 16. janúar í máli nr. 650/2006 (Skaftártunguafréttur). Byggt er á því að óljós kröfugerð ríkisins geri nefndum gagnaðilum ríkisins mjög erfitt um vik að verjast kröfugerðinni og henni beri að vísa frá óbyggðanefnd með vísan til 3. mgr. 15. gr. Þjóðlendulaga.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda jarðanna Skarðs, Litlagerðis, Pálsgerðis Miðgerðis, Borgargerðis/Ártúns, Grundar, Lómatjarnar, Hléskóga og Kolgerðis, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum var þinglýst. Öll afnot og nýttar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalyking fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldið öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja jarðanna sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnisýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur jarðanna hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá verður að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til fjalla í Grýtubakkahreppi algerlega ósannaðar enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Loks er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

### 6.10.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar þeirra jarða í Grýtubakkahreppi sem liggja í Höfðahverfi og Dalsmynni er rakin í köflum 5.24 til

5.33. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.<sup>681</sup>

Frávísunarkröfur gagnaðila íslenska ríkisins eru einkum byggðar á því að kröfugerð íslenska ríkisins sé hvorki nægilega skýr né nægilega vel rökstudd sbr. 4. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga nr. 58/1998 og dóm Hæstaréttar í máli nr. 650/2006 (Skaftártunguafréttur). Íslenska ríkið hefur fært fram gögn til stuðnings kröfum sínum og staðsett kröfulínuna með vísan til kennileita. Óbyggðanefnd telur málatilbúnað ríkisins nægilega skýran til að unnt sé að taka kröfurnar til efnislegrar meðferðar. Kröfum gagnaðila íslenska ríkisins um frávísun er því hafnað.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum. Athugun þessi tekur til merkja jarðanna, inn til landsins, og innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða að norðanverðu. Þar er kröfusvæði Grýtubakka og „Upprekstrarlands“ milli Höfðagilja. Verður fyrst litið til merkja jarðarinnar Skarðs en síðan jarðanna Litlagerðis, Pálsgerðis, Miðgerðis I og II, Borgargerðis/Ártúns, Grundar og Syðri-Grundar, Lómatjarnar, Hléskóga og loks Kolgerðis. Að fenginni niðurstöðu um landamerki jarðanna með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Jörðin Skarð í Dalsmynni liggur austast framangreindra jarða. Samkvæmt landamerkjabréfi Skarðs, frá 13. mars 1886 og þingl. 8. júní 1886, er merkjum þannig lýst til vesturs, gagnvart Litlagerði, Syðri-Grund og Grund, Lómatjörn, Hléskógum og Kolgerði að lækur sá ráði „er nefndur er Grefilslækur, og sem fellur í svonefndu Grefilsgili, frá Fnjóská á fjall upp. Síðan liggja merkin frá Grefilsgilsbotni, eftir beinni línu út háfjallið, út í skarð það, sem liggur í gegnum fjallið úr Innra-Höfðagilsbotninum, í svonefnda Grýtuskál.“ Merki til norðurs, gagnvart „upprekstrarlandi“ milli Höfðagilja, ráðast af Innri-Höfðagilsá sem rennur í Höfðagili og „liggur gil það þvert fyrir botninum á svonefndum Skarðsdal, allt upp á fjall það, sem er Vestanvert við dalinn, og skilur áin Skarðsland frá Laufáskirkjulandi á fjall upp.“ Bréfið er samþykkt vegna Laufásstaðarlands, Höfðagiljalands og Litlagerðis.

Vestan Skarðs en austan Pálsgerðis er jörðin Litlagerði í Dalsmynni. Merkjum Litlagerðis er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 22. maí 1886 og þingl. 8. júní sama ár. Bréfið er áritað um samþykki vegna Skarðs og Pálsgerðis. Eru merki til austurs og norðausturs, gagnvart Skarði, þannig: „Að austan ræður Grefilslækur frá Fnjóská og upp á háfjall“ og „Að norðan ræður fjallsbrúnin.“

Jörðin Pálsgerði liggur vestan Litlagerðis en austan Miðgerðis. Samkvæmt landamerkjabréfi Pálsgerðis frá 24. maí 19886 og þingl. 8. júní sama ár, er merkjum til norðurs er lýst í „fjallsbrúnina.“ Bréfið er áritað vegna Miðgerðis og Litlagerðis.

Jörðin Miðgerði, sem nú skiptist í Miðgerði I og II, liggur vestan Pálsgerðis og austan Borgargerðis/Ártúns. Henni er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 24. maí 1886 og

<sup>681</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þingl. 8. júní sama ár. Er merkjum til norðausturs lýst svo: „Að norðaustan ræður fjallsbrúnin.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Borgargerðis og Pálsgerðis.

Jörðin Borgargerði/Ártún liggur norðan Miðgerðis og sunnan Syðri-Grundar. Borgargerði er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 24. maí 1886 og þingl. 8. júní sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Grundar og Miðgerðis. Er merkjum til austurs lýst þannig að „fjallsbrúnin ráði.“ Ártún var stofnað árið 1930.

Jörðin Grund, sem nú skiptist í Grund og Syðri-Grund, liggur norðan Borgargerðis/Ártúns, sunnan Lómatjarnar og vestan Skarðs. Merkjum Grundar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 24. maí 1886 og þingl. 8. júní sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Lómatjarnar, Laufáss og Borgargerðis. Í landamerkjabréfi Grundar segir um merki til austurs, gagnvart Skarði: „Að austan ræður fjallsbrúnin.“ Í yngra landamerkjabréfi fyrir Grund, frá árinu 1922, segir: „Að austan ræður fjallseggin.“

Jörðin Lómatjörn liggur norðan Grundar, sunnan Hléskóga og vestan Skarðs. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 22. maí 1886 og þingl. 8. júní sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Grundar og Hléskóga. Samkvæmt landamerkjabréfi eru merki til austurs, gagnvart Skarði, miðuð við fjallsbrúnina. Til suðurs og norðurs er miðuð við stefnu „á fjall upp.“

Jörðin Hléskógar liggur norðan Lómatjarnar, sunnan Kolgerðis og vestan Skarðs. Henni er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 23. apríl 1884 og þingl. 23. maí 1885. Það er áritað um samþykki vegna Kolgerðis, Grýtubakka og Lómatjarnar. Í landamerkjabréfinu er merkjum til austurs lýst „á fjall upp.“

Jörðin Kolgerði liggur sunnan Grýtubakka, norðan Hléskóga og vestan Skarðs. Henni er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 19. maí 1885 og þingl. 23. maí sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Hléskóga og Grýtubakka. Samkvæmt landamerkjabréfinu ná mörk til austurs í Grýtuskál. Þessi merki eru í samræmi við merki Grýtubakka eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 3. desember 1889 og þingl. 17. júní 1890.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan er vísað til er landamerkjum milli jarða lýst „á fjall upp“ eða „að fjallsbrúnin ráði.“ Engar eldri heimildir liggja fyrir sem mæla þeim merkjalýsingum í mót. Óbyggðanefnd telur að orðalag í framangreindum heimildum, gagnkvæmar áritanir og staðhættir bendi til þessi að merki jarða í Dalsmynni og í Höfðahverfi hafi verið talin ná saman, fremur en að þau lægju í ákveðinni hæðarlínu svo sem haldið hefur verið fram af hálfu íslenska ríkisins.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að umræddur hluti af þjóðlendukröfufusvæði íslenska ríkisins í máli þessu falli allur innan merkja jarða. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins.

Verður þá næst fjallað sameiginlega um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá

m.a. yfirlit í kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir þær jarðir sem hér eru til umfjöllunar voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirbyggjandi gögn ekki benda til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf jarðanna eru í flestum tilvikum samþykkt af aðliggjandi jörðum eða öfugt. Bréfin voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skiptir við úrlausn þessa máls. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Þá er og ljóst að eigendur jarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, og þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Ekki eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra.

Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>682</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur Skarðs, Litlagerðis, Pálsgerðis, Miðgerðis I og II, Borgargerðis/Ártúns, Grundar og Syðri-Grundar, Lómatjarnar, Hléskóga og Kolgerðis gera kröfu um eignarrétt að svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

### 6.11 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megji nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagnunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megji sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af álitum umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmönnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

<sup>682</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 7 ÚRSKURÐARORÐ<sup>683</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Upprekstrarland milli Höfðagilja, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Ytri-Höfðagilsá er fylgt þaðan sem hún fellur í Dalsá og þangað til gilið klofnar. Þaðan er tekin bein stefna til háfjallsbrúnar. Síðan er fjallsbrúninni fylgt, og í því sambandi miðað við hreppamörk og sömu afmörkun til vesturs í kröfugerð Prestsetrasjóðs, að Syðri-Höfðagilsbotni og Syðri-Höfðagilsá þangað til hún fellur í Dalsá. Loks er Dalsá fylgt þar til Ytri-Höfðagilsá fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðarinnar Laufáss, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði þar sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Almennigur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Að norðanverðu er Eilífsá fylgt þaðan sem hún fellur í Dalsá og þangað sem Eilífsárgilið beygist í krók suður á við. Þá eftir beinni línu úr gilskróknum upp á háfjallið. Að sunnanverðu er Ytri-Höfðagilsá fylgt þaðan sem hún fellur í Dalsá og þangað til gilið klofnar. Þaðan er tekin bein stefna til háfjallsbrúnar. Til vesturs, á milli framangreindra norður- og suðurmerkja, er háfjallinu fylgt og í því sambandi miðað við hreppamörk og sömu afmörkun til vesturs í kröfugerð Þingeyjarsveitar. Til austurs er miðað við Dalsá, þaðan sem Ytri-Höfðagilsá fellur í hana og þangað sem Eilífsá fellur í hana.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í Hálshreppi, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Eigendur Ártúns, Hvamms, Borgargerðis, Miðgerðis II, Pálsgerðis, Brekku, Gils, Grenivíkur, Grímness, Hóls, Keflavíkur, Kussungsstaða, Láturs, Svinárness, Tindriðastaða, Þönglabakka, Finnastaða I-II, Hjalla, Hléskóga, Hringsdals, Jarlsstaða, Kolgerðis, Litlagerðis, Skarðs, Lómatjarnar, Skers, Steindyra, Prestsetrasjóður vegna Upprekstrarlands milli Höfðagilja og eigendur Þverár, kr. 2.500.000 vegna Ólafs Björnssonar hrl.

<sup>683</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.



Eigendur Brettingsstaða I-II, Jökulsár og Víkur kr. 900.000, vegna Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Þingeyjarsveit vegna Almennings, eigendur Eyvindarár, Heiðarhúsa, Hofs, Vestari-Króka, Þverár og Þúfu, kr. 900.000 vegna Sigurðar Jónssonar hrl.

Eigendur Miðgerðis I, Grundar og Syðri-Grundar, kr. 750.000 vegna Óskars Sigurðssonar hrl.

Eigendur Grýtubakka I-II kr. 750.000 vegna Jóns Höskuldssonar hrl.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Karl Axelsson

---

Benedikt Bogason

---

Hulda Árnadóttir

**VIÐAUKI**

**Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (Uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (Sveitarfélagið Hornafjörður).**

*Sjá bls. 181-245.*



**FYLGISKJÖL****I. Kort****II. Aðilaskrá****III. Skjalaskrá**





**ÖBYGGANEFND**  
**ÞJÓÐLENDUMÁL**  
 Svæði 6 - Mál 4 og 5  
 Kortlegging: 1950 leit með leyfi Landmælinga Íslands (1004000)

- Mörk þjóðlendur skv. úrskurði öbyggjanefndar
- Mörk aðfærðreigar innan þjóðlendur skv. úrskurði öbyggjanefndar
- Aðalkrata ríkisins um þjóðlendumörk
- Kröfur gagnaðla ríkisins

- Skotun á kröfum gagnaðla ríkisins
- Örnefni eða landamerki skv. skrá lögmanna eða mælingum gagnaðla
- Afturkolluð krata ríkisins um þjóðlendumörk
- Mörk sveitarfélaga

Um tölusetta kröfulínurpunkta vísað til kröfulínungja málsaðla.  
 Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.

## II. Aðilaskrá

Þjóðlendur	Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins
Almenningur á Flatey jardalsheiði	Þingeyjarsveit
Ártún	Benedikt Steinar Sveinsson
Ártún	Kristín Björg Sigurðardóttir
Bárðartjörn	Þorsteinn Arnar Jóhannesson
Borgargerði	Benedikt Steinar Sveinsson
Borgargerði	Kristín Björg Sigurðardóttir
Brekka	Grýtubakkahreppur
Brettingsstaðir I	Adda Krístrún Gunnarsdóttir
Brettingsstaðir I	Ingveldur Gunnarsdóttir
Brettingsstaðir I	Óli B. Gunnarsson
Brettingsstaðir I	Tryggvi Gunnarsson
Brettingsstaðir II	Elísa Eydís Gunnarsdóttir
Brettingsstaðir II	Guðmundur Gunnarsson
Brettingsstaðir II	Gunnar Gunnarsson
Brettingsstaðir II	Hafliði Gunnarsson
Brettingsstaðir II	Sigurbjörg Bjarnadóttir
Brettingsstaðir II	Skúli Gunnarsson
Brettingsstaðir II	Svala Björgvinsdóttir
Brettingsstaðir II	Örn Björn Guðmundsson
Eyvindará	Þingeyjarsveit
Finnastaðir I	Bessi Jóhannsson
Finnastaðir I	Guðjón Þórhallsson
Finnastaðir I	Gunnhildur Garðarsdóttir
Finnastaðir I	Gunnlaugur Þórhallsson
Finnastaðir I	Ingunn Jónsdóttir
Finnastaðir I	Jakobína Þórhallsdóttir
Finnastaðir I	Sigríður Crawford Victorsdóttir
Finnastaðir I	Svava Jóhannsdóttir
Finnastaðir I	Svavar Þ. Þórhallsson
Finnastaðir I	Þórhallur Jóhannsson

---

Finnastaðir II	Friðrik Eyfjörð Jónsson
Gil	Grýtubakkahreppur
Grenivík	Grýtubakkahreppur
Grímsnes	Grýtubakkahreppur
Grund	Guðrún Fjóla Helgadóttir
Grýtubakki I	Guðrún Valdís Eyvindsdóttir
Grýtubakki I	Sigurður Jónas Baldursson
Grýtubakki II	Pólarhestar ehf.
Heiðarhús	Þingeyjarsveit
Hjalli	Brynhildur Friðbjörnsdóttir
Hjalli	Erla Friðbjörnsdóttir
Hjalli	Hólmfríður Friðbjörnsdóttir
Hjalli	Jón Friðbjörnsson
Hjalli	Ólína H. Friðbjörnsdóttir
Hléskógar	Birna Kristín Friðriksdóttir
Hléskógar	Guðbergur Egill Eyjólfsson
Hof	Þingeyjarsveit
Hóll	Grýtubakkahreppur
Hringsdalur	Kári Kárason
Hvammur	Grýtubakkahreppur
Jarlsstaðir	Anna Margrét Bjarnadóttir
Jarlsstaðir	Friðrik Gunnar Bjarnason
Jarlsstaðir	Kristinn Bjarnason
Jarlsstaðir	Steinlaug Sigríður Bjarnadóttir
Jökulsá	Elsa Grímsdóttir
Jökulsá	Margrét A. Ingvarsdóttir
Jökulsá	Ólafur Helgi Grímsson
Jökulsá	Sigrún Lovísa Grímsdóttir
Keflavík	Grýtubakkahreppur
Kolgerði	Benedikt Davíðsson
Kolgerði	Finnbjörg Guðmundsdóttir
Kussungsstaðir	Grýtubakkahreppur
Látur	Grýtubakkahreppur
Litlagerði	Skarð Dalsmynni ehf.



Lómatjörn	Guðný Sverrisdóttir
Lómatjörn	Sigríður Sverrisdóttir
Lómatjörn	Valgerður Sverrisdóttir
Miðgerði I	Sævar Magnússon
Miðgerði II	Benedikt Steinar Sveinsson
Miðgerði II	Kristín Björg Sigurðardóttir
Pálsgerði	Benedikt Steinar Sveinsson
Pálsgerði	Kristín Björg Sigurðardóttir
Skarð	Skarð Dalsmynni ehf.
Sker	Aðalbjörg Jóhannesdóttir
Sker	Anna Halla Jóhannesdóttir
Sker	Anna Lísbet Axelsdóttir
Sker	Ásgeir Axelsson
Sker	Ásmundur Halldór Einarsson
Sker	Ósk Hallsdóttir
Sker	Pétur Axelsson
Sker	Sigríður Axelsdóttir
Sker	Sigurlína Axelsdóttir
Sker	Steinunn Axelsdóttir
Steindyr	Kristján Óskarsson
Svínárnes	Grýtubakkahreppur
Svínárnes	Kári Kárason
Syðri-Grund	Sævar Magnússon
Tindriðastaðir	Grýtubakkahreppur
Upprekstrarland milli Höfðagilja	Prestsetrasjóður
Vestari-Krókar	Arnór Erlingsson
Vestari-Krókar	Elín Eydal
Vík	Ásta Pétursdóttir
Þúfa	Arnór Erlingsson
Þúfa	Elín Eydal
Þverá í Hvalvatnsfirði	Elín Þórhallsdóttir
Þverá í Dalsmynni	Arnór Erlingsson
Þverá í Dalsmynni	Elín Eydal
Þönglabakki	Grýtubakkahreppur

### III. Skjalaskrá<sup>1</sup>

#### Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 1.11.2006.
  - 1(1) Skjalaskrá, ódags. en móttekin 7.11.2006.
  - 1(2) Tilvísanaskrá, dags. 1.11.2006.
  - 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 15.6.2006. Tilkyning um meðferð á svæði VI.
  - 1(4) Beiðni lögmans fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um frest til skila á þjóðlendukröfum á svæði VI, austanvert Norðurland, dags. 6.9.2006.
  - 1(5) Bréf óbyggðanefndar til lögmans fjármálaráðuneytisins, frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði VI, dags. 14.9.2006.
  - 1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmans fjármálaráðuneytisins, frekari frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði VI, dags. 12.10.2006.
  - 1(7) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 11.6.2007.
  - 1(8) Hrd. 329/2005. Varðandi mörk Grýtubakka I-II og Grenivíkur á Leirdalsheiði, dags. 21.9.2006.
  - 1(9) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um þjóðlendukröfur á svæði VI, austanvert Norðurland, dags. 1.11.2006.
  - 1(10) Yfirlýsing vegna leiðréttingar á staðsetningu kröfulínupunkts 10A á korti, ásamt a-b korti, dags. 22.1.2008.
  - 1(11) Yfirlýsing vegna leiðréttingar á staðsetningu kröfulínupunkts 19 á korti, ásamt korti sjá skjal 1(10), dags. 22.1.2008.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 16.11.2007.
 

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

  - 2(1) Almennigur á Flateyjarðalsheiði, dags. 6.12.1882. (*Merkt 1*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
  - 2(2) Bárðartjörn í Höfðahverfi, dags. 26.5.1902. (*Merkt 2*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
  - 2(3) Borgargerði, dags. 24.5.1886. (*Merkt 3 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
  - 2(4) Botn í Fjörðum, dags. 17.1.1890. (*Merkt 4 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
  - 2(5) Brekka í Fjörðum, dags. 19.11.1889. (*Merkt 5 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
  - 2(6) Brettingsstaðir í Hálshreppi, dags. 14.4.1885. (*Merkt 6 a-b*).
  - 2(7) Eyvindará (Laufáshagi) á Flateyjarðal, dags. 5.5.1886. (*Merkt 7 a-b*).
  - 2(8) Finnastaðir á Látraströnd, dags. nóv.1883. (*Merkt 8 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
  - 2(9) Garðsvík, vegna lands milli Mógilja. Landamerkjámál milli Garðsvíkur og Miðvíkur, dags. 7.9.1938. (*Merkt 9 a-d*).
  - 2(10) Gil í Fjörðum, dags. 19.5.1885. (*Merkt 10*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
  - 2(11) Dómur milli Grenivíkur og Jarlsstaða annars vegar og Hvamms hins vegar, dags. 21.9.1883. (*Merkt 11 a-k*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
  - 2(12) Grenivík í Höfðahverfi, dags. 14.5.1890. (*Merkt 12 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
  - 2(13) Grímsnes á Látraströnd, dags. 16.6.1884. (*Merkt 13*), ásamt óstaðfestri uppskrift

<sup>1</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í réttari númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- a-b frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(14) Grund, dags. 24.5.1886. (*Merkt 14 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(15) Grund, dags. 3.7.1922. (*Merkt 15*).
- 2(16) Grýtubakki í Höfðahverfi, dags. 3.12.1889. (*Merkt 16*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(17) Heiðarhús á Flateyjarðalsheiði, dags. 5.5.1886. (*Merkt 17*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(18) Hjalli á Látraströnd, dags. jan.1884. (*Merkt 18 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(19) Hléskógur í Höfðahverfi, dags. 23.4.1884. (*Merkt 19 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(20) Hof í Flateyjarðal, dags. 2.1.1884. (*Merkt 20 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(21) Hóll í Fjörðum, dags. 21.9.1889. (*Merkt 21 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(22) Hringisdalur á Látraströnd, dags. 3.1.1890. (*Merkt 22 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(23) Hvammur í Höfðahverfi, dags. 31.5.1884. (*Merkt 23 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(24) Kolgerði í Höfðahverfi, dags. 19.5.1885. (*Merkt 25 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
- 2(25) Höfði í Höfðahverfi, dags. 19.5.1885. (*Merkt 26 a-b*), ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
